

Þjóð til þings

# Stjórnlagaráðstíðindi 1

Fundargerðir, aðdragandi og starfið

—— Stjórnlagaráð 2011 ——



# Stjórnlagaráðstiðindi 1

Fundargerðir, aðdragandi og starfið

Útgefandi: Stjórnlagaráð.  
Umsjón með útgáfu: Þorsteinn Fr. Sigurðsson.  
Ritun fundargerða: Sif Guðjónsdóttir, Agnar Bragi Bragason, Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir,  
Andrés Ingi Jónsson, Valborg Steingrímsdóttir.  
Viðauki: Berghildur Erla Bernharðsdóttir, Finnur Magnússon og Þorsteinn Fr. Sigurðsson.  
Prófarkalestur: Guðrún Björk Kristjánsdóttir.  
Umbrot: Gunnar Kr. Sigurjónsson – G10 ehf | [www.g10.is](#)  
Prentun: Litlaprent ehf., Skemmuvegi 4, Kópavogi.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5	C-nefnd 10. fundur 16.05. 2011 .....	50
1. ráðsfundur 06.04. 2011. ....	5	C-nefnd 11. fundur 17.05. 2011 .....	51
Fundargerð 1. ráðsfundar .....	5	C-nefnd 12. fundur 18.05. 2011 .....	51
2. ráðsfundur 07.04. 2011. ....	6	Fundargerð 9. ráðsfundar .....	52
Fundargerð 2. ráðsfundar .....	6	Áfangaskjalið á 9. ráðsfundi .....	54
3. ráðsfundur 13.4. 2011. ....	7	10. ráðsfundur 26.05. 2011. ....	57
Fundargerð 3. ráðsfundar .....	7	A-nefnd 13. fundur 20.05. 2011 .....	57
4. ráðsfundur 14.04. 2011. ....	9	A-nefnd 14. fundur 23.05. 2011 .....	58
Fundargerð 4. ráðsfundar .....	9	A-nefnd 15. fundur 24.05. 2011 .....	58
Áfangaskjalið á 4. ráðsfundi .....	11	A-nefnd 16. fundur 25.05. 2011 .....	58
5. ráðsfundur 19.04. 2011. ....	12	A-nefnd 17. fundur 26.05. 2011 .....	59
Fundargerð 5. ráðsfundar .....	12	B-nefnd 12. fundur 23.05. 2011 .....	59
Áfangaskjalið á 5. ráðsfundi .....	13	B-nefnd 13. fundur 24.05. 2011 .....	60
6. ráðsfundur 28.04. 2011. ....	14	B-nefnd 14. fundur 25.05. 2011 .....	61
A-nefnd 1. fundur 26.04. 2011 .....	14	C-nefnd 13. fundur 23.05. 2011 .....	63
A-nefnd 2. fundur 27.04. 2011 .....	14	C-nefnd 14. fundur 24.05. 2011 .....	64
B-nefnd 1. fundur 26.04. 2011 .....	15	C-nefnd 15. fundur 25.05. 2011 .....	64
C-nefnd 1. fundur 26.04. 2011 .....	17	C-nefnd 16. fundur 26.05. 2011 .....	65
C-nefnd 2. fundur 27.04. 2011 .....	18	Fundargerð 10. ráðsfundar .....	65
Fundargerð 6. ráðsfundar .....	18	Áfangaskjalið á 10. ráðsfundi .....	67
Áfangaskjalið á 6. ráðsfundi .....	19	11. ráðsfundur 03.06. 2011. ....	72
7. ráðsfundur 05.05. 2011. ....	20	A-nefnd 18. fundur 30.05. 2011 .....	72
A-nefnd 3. fundur 02.05. 2011 .....	20	A-nefnd 19. fundur 31.05. 2011 .....	72
A-nefnd 4. fundur 03.05. 2011 .....	20	A-nefnd 20. fundur 01.06. 2011 .....	73
A-nefnd 5. fundur 04.05. 2011 .....	20	B-nefnd 15. fundur 30.05. 2011 .....	74
B-nefnd 2. fundur 02.05. 2011 .....	21	B-nefnd 16. fundur 31.05. 2011 .....	74
B-nefnd 3. fundur 03.05. 2011 .....	23	B-nefnd 17. fundur 01.06. 2011 .....	75
B-nefnd 4. fundur 04.05. 2011 .....	23	C-nefnd 17. fundur 27.05. 2011 .....	76
C-nefnd 3. fundur 02.05. 2011 .....	26	C-nefnd 18. fundur 30.05. 2011 .....	76
C-nefnd 4. fundur 03.05. 2011 .....	28	C-nefnd 19. fundur 31.05. 2011 .....	77
C-nefnd 5. fundur 04.05. 2011 .....	28	C-nefnd 20. fundur 01.06. 2011 .....	77
Fundargerð 7. ráðsfundar .....	29	C-nefnd 21. fundur 01.06. 2011 .....	78
Áfangaskjalið á 7. ráðsfundi .....	31	Fundargerð 11. ráðsfundar .....	78
8. ráðsfundur 12.05. 2011. ....	34	Áfangaskjalið á 11. ráðsfundi .....	81
A-nefnd 6. fundur 09.05. 2011 .....	34	12. ráðsfundur 09.06. 2011. ....	87
A-nefnd 7. fundur 10.05. 2011 .....	34	A-nefnd 21. fundur 06.06. 2011 .....	87
A-nefnd 8. fundur 11.05. 2011 .....	35	A-nefnd 22. fundur 07.06. 2011 .....	87
B-nefnd 5. fundur 09.05. 2011 .....	35	A-nefnd 23. fundur 08.06. 2011 .....	88
B-nefnd 6. fundur 10.05. 2011 .....	36	B-nefnd 18. fundur 06.06. 2011 .....	88
B-nefnd 7. fundur 11.05. 2011 .....	36	B-nefnd 19. fundur 07.06. 2011 .....	89
B-nefnd 8. fundur 12.05. 2011 .....	38	B-nefnd 20 fundur 08.06. 2011 .....	89
C-nefnd 6. fundur 09.05. 2011 .....	39	B-nefnd 21. fundur 09.06. 2011 .....	90
C-nefnd 7. fundur 10.05. 2011 .....	40	C-nefnd 22. fundur 06.06. 2011 .....	91
C-nefnd 8. fundur 11.05. 2011 .....	41	C-nefnd 23. fundur 07.06. 2011 .....	91
Fundargerð 8. ráðsfundar .....	41	C-nefnd 24. fundur 08.06. 2011 .....	92
Áfangaskjalið á 8. ráðsfundi .....	43	C-nefnd 25. fundur 09.06. 2011 .....	93
9. ráðsfundur 19.05. 2011. ....	45	Fundargerð 12. ráðsfundar .....	93
A-nefnd 9. fundur 16.05. 2011 .....	45	Áfangaskjalið á 12. ráðsfundi .....	95
A-nefnd 10. fundur 17.05. 2011 .....	45	13. ráðsfundur 16.06. 2011. ....	103
A-nefnd 11. fundur 18.05. 2011 .....	46	A-nefnd 24. fundur 14.06. 2011 .....	103
A-nefnd 12. fundur 19.05. 2011 .....	46	A-nefnd 25. fundur 15.06. 2011 .....	103
B-nefnd 9. fundur 16.05. 2011 .....	46	B-nefnd 22. fundur 14.06. 2011 .....	104
B-nefnd 10. fundur 17.05. 2011 .....	48	B-nefnd 23. fundur 15.06. 2011 .....	105
B-nefnd 11. fundur 18.05. 2011 .....	49	C-nefnd 26. fundur 14.06. 2011 .....	106
C-nefnd 9. fundur 13.05. 2011 .....	50	C-nefnd 27. fundur 14.06. 2011 .....	107
		C-nefnd 28. fundur 15.06. 2011 .....	107
		C-nefnd 29. fundur 15.06. 2011 .....	108
		Fundargerð 13. ráðsfundar .....	108
		Áfangaskjalið á 13. ráðsfundi .....	110

14. ráðsfundur 24.06. 2011. ....	118	18. ráðsfundur 26.07. 2011. ....	201
A-nefnd 26. fundur 20.06. 2011 .....	118	A-nefnd 44. fundur 22.07. 2011.....	201
A-nefnd 27. fundur 21.06. 2011.....	118	A-nefnd 45. fundur 25.07. 2011.....	203
A-nefnd 28. fundur 22.06. 2011.....	119	B-nefnd 41. fundur 22.07. 2011 .....	203
A-nefnd 29. fundur 22.06. 2011.....	119	B-nefnd 42. fundur 25.07. 2011.....	205
A-nefnd 30. fundur 23.06. 2011.....	120	C-nefnd 46. fundur 22.07. 2011.....	205
B-nefnd 24. fundur 20.06. 2011.....	120	C-nefnd 47. fundur 25.07. 2011.....	206
B-nefnd 25. fundur 21.06. 2011.....	121	C-nefnd 48. fundur 26.07. 2011.....	206
B-nefnd 26. fundur 22.06. 2011.....	122	Fundargerð 18. ráðsfundar.....	206
B-nefnd 27. fundur 23.06. 2011.....	122	19. ráðsfundur 28.07. 2011. ....	217
C-nefnd 30. fundur 20.06. 2011 .....	123	Fundargerð 19. ráðsfundar.....	217
C-nefnd 31. fundur 21.06. 2011 .....	124	Frumvarp til stjórnarskipunarlags	218
C-nefnd 32. fundur 22.06. 2011.....	124	Stjórnarfundir - fundargerðir .....	227
C-nefnd 33. fundur 23.06. 2011.....	124	1. stjórnarfundur 08.04. 2011 .....	227
Fundargerð 14. ráðsfundar.....	125	2. stjórnarfundur 14.04. 2011.....	227
Áfangaskjalið á 14. ráðsfundi .....	128	3. stjórnarfundur 18.04. 2011.....	228
15. ráðsfundur 01.07. 2011.....	137	4. stjórnarfundur 20.04. 2011 .....	228
A-nefnd 31. fundur 27.06. 2011 .....	137	5. stjórnarfundur 26.04. 2011 .....	230
A-nefnd 32. fundur 28.06. 2011.....	137	6. stjórnarfundur 03.05. 2011 .....	231
A-nefnd 33. fundur 29.06. 2011.....	138	7. stjórnarfundur 10.05. 2011.....	232
A-nefnd 34. fundur 30.06. 2011.....	138	8. stjórnarfundur 17.05. 2011.....	233
B-nefnd 28. fundur 27.06. 2011.....	139	5. Fyrirkomulag 9. ráðsfundar og dagskrá .....	234
B-nefnd 29. fundur 28.06. 2011.....	140	7. Önnur mál .....	234
B-nefnd 30. fundur 29.06. 2011.....	141	9. stjórnarfundur 20.05. 2011 .....	234
B-nefnd 31. fundur 30.06. 2011.....	141	10. stjórnarfundur 24.05. 2011 .....	234
C-nefnd 34. fundur 27.06. 2011.....	142	11. stjórnarfundur 30.05. 2011.....	235
C-nefnd 35. fundur 28.06. 2011.....	142	12. stjórnarfundur 07.06. 2011.....	236
C-nefnd 36. fundur 29.06. 2011.....	142	13. stjórnarfundur 14.06. 2011.....	237
Fundargerð 15. ráðsfundar.....	143	14. stjórnarfundur 16.06. 2011.....	237
Áfangaskjalið á 15. ráðsfundi .....	145	15. stjórnarfundur 21.06. 2011.....	238
16. ráðsfundur 12.07. 2011.....	154	16. stjórnarfundur 23.06. 2011.....	238
A-nefnd 35. fundur 04.07. 2011.....	154	17. stjórnarfundur 28.06. 2011.....	239
A-nefnd 36. fundur 05.07. 2011.....	155	18. stjórnarfundur 04.07. 2011 .....	239
A-nefnd 37. fundur 06.07. 2011.....	156	19. stjórnarfundur 06.07. 2011.....	240
A-nefnd 38. fundur 07.07. 2011.....	156	20. stjórnarfundur 07.07. 2011 .....	241
A-nefnd 39. fundur 07.07. 2011.....	157	21. stjórnarfundur 11.07. 2011 .....	241
A-nefnd 40. fundur 08.07. 2011 .....	157	22. stjórnarfundur 13.07. 2011.....	241
A-nefnd 41. fundur 11.07. 2011 .....	158	23. stjórnarfundur 15.07. 2011.....	242
B-nefnd 32. fundur 02.07. 2011.....	158	24. stjórnarfundur 18.07. 2011.....	243
B-nefnd 33. fundur 04.07. 2011.....	159	25. stjórnarfundur 19.07. 2011.....	243
B-nefnd 34. fundur 05.07. 2011.....	159	26. stjórnarfundur 22.07. 2011 .....	244
B-nefnd 35. fundur 06.07. 2011.....	161	27. stjórnarfundur 27.07. 2011.....	244
B-nefnd 36. fundur 07.07. 2011.....	162	28. stjórnarfundur 27.07. 2011 .....	245
B-nefnd 37. fundur 08.07. 2011.....	163	Viðauki: Stjórnlagaráð, aðdragandi og störf ráðsins .....	246
B-nefnd 38. fundur 11.07. 2011 .....	163	1. Lög um stjórnlagabing nr. 90/2010.....	246
B-nefnd 39. fundur 11.07. 2011 .....	164	2. Skipan tveggja nefnda .....	246
C-nefnd 37. fundur 04.07. 2011.....	165	Undirbúningsnefnd .....	246
C-nefnd 38. fundur 05.07. 2011.....	166	Stjórnlaganefnd .....	246
C-nefnd 39. fundur 06.07. 2011.....	166	3. Þjóðfundurinn 2010 .....	247
C-nefnd 40. fundur 07.07. 2011.....	167	4. Framboð og kosningar til stjórnlagabings	
C-nefnd 41. fundur 08.07. 2011.....	167	– fyrstu skrefin .....	247
C-nefnd 42. fundur 11.07. 2011 .....	167	5. Skipan Stjórnlagaráðs .....	248
C-nefnd 43. fundur 12.07. 2011 .....	168	6. Lýsing á starfsumhverfi Stjórnlagaráðs.....	249
Fundargerð 16. ráðsfundar.....	168	7. Lýsing á tækniumhverfi Stjórnlagaráðs.....	250
Áfangaskjalið á 16. ráðsfundi .....	171	8. Starfshættir Stjórnlagaráð .....	250
17. ráðsfundur 20.07. 2011.....	181	9. Opnir ráðsfundir og samskipti við almenning .....	251
A-nefnd 42. fundur 14.07. 2011.....	181	10. Fjölmiðun .....	252
A-nefnd 43. fundur 18.07. 2011.....	181	11. Starfsfólk Stjórnlagaráðs.....	253
B-nefnd 40. fundur 20.07. 2011.....	181	12. Starfslok Stjórnlagaráðs .....	254
C-nefnd 44. fundur 14.07. 2011 .....	183		
C-nefnd 45. fundur 19.07. 2011 .....	184		
Fundargerð 17. ráðsfundar.....	184		
Frumvarpsdrög stjórnar lögð fyrir 17. ráðsfund.....	193		

# Inngangur

Í starfsreglum Stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir að gefin verði út Stjórnlagaráðstíðindi að loknu starfi ráðsins.

Undirbúningsnefnd Stjórnlagaráðs ákvað á síðasta fundi sínum að staðið yrði við þessa ákvörðun og að efnisinnihald Stjórnlagaráðstíðindanna yrði samantekt á fundargerðum verkefnanefndanna, ráðsfunda og stjórnarfunda Stjórnlagaráðs. Jafnframt var ákveðið að í Stjórnlagaráðstíðindunum yrði stutt samantekt á aðdraganda og störfum Stjórnlagaráðs og er hún sett í sérstakan viðauka aftast í þessu hefti. Tekið yrði tillit til þeirrar verkaðferðar Stjórnlagaráðs að byggja starf sitt upp á lotum þar sem hver áfangalota er ein vika og væru vikulegir ráðsfundir endaáfangi hvernar starfslotu. Því er fundargerðunum ráðað í tímaröð og byggist kaflaskiptingin upp á vikulegu ráðsfundunum. Fundargerðir nefndanna í aðdraganda hvers ráðsfundar eru fremstar (allir fundir hvernar nefndar í þeirri viku eru í röð), þá kemur fundargerð ráðsfundarinnar og í kjölfar hennar er staða áfangaskjalsins í lok þess ráðsfundar. Þannig er unnt að rekja sig áfram eftir því sem starf Stjórnlagaráðs þróaðist og drögin að frumvarpinu til stjórnarskipunarlaganna birtist í áfangaskjalinu smám saman og að lokum verður frumvarpið til í endanlegri mynd. Að lokum eru síðan fundargerðir stjórnarfunda Stjórnlagaráðs sem voru að jafnaði vikulega á starfstíma Stjórnlagaráðs. Jafnframt var ákveðið að í Stjórnlagaráðstíðindunum yrði stutt samantekt á aðdraganda og störfum Stjórnlagaráðs og er hún sett í sérstakan viðauka aftast í þessu hefti. Annað hefti Stjórnlagaráðstíðindanna inniheldur síðan umræður stjórnlagaráðsfulltrúanna á ráðsfundum. Þessar umræður má jafnframt finna á vefsíðu ráðsins í myndupptökum frá hverjum ráðsfundi (nema frá 19. ráðsfundi sem ekki var tekinn upp – hvorki hljóð né mynd).

Gögn Stjórnlagaráðs má síðan finna á vefsíðu ráðsins, [www.stjornlagarad.is](http://www.stjornlagarad.is) (m.a. fylgiskjöl með fundargerðunum), og mun síðunni verða haldið opinni í einhver ár eftir að Stjórnlagaráð lauk störfum.

*Þorsteinn Fr. Sigurðsson,*  
framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

## 1. ráðsfundur 06.04. 2011.

### Fundargerð 1. ráðsfundar

06.04.2011 14:00

#### Dagskrá

1. Ávarp aldursforseta.
2. Kórsöngur.
3. Afhending skýrslu stjórnlaganefndar.
4. Skipan vinnunefndar um starfsreglur.

1. ráðsfundur - haldinn 06. apríl 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn og hann sótti fjöldi gesta, ásamt því sem hann var sýndur í beinni útsendingu á vefnum [stjornlagarad.is](http://stjornlagarad.is).

Til fundarinnar var boðað bréflaga af hálfu undirbúningsnefndar sem starfað hefur samkvæmt lögum um stjórnlagabætur, nr. 90/2010.

Aldursforseti, Ómar Ragnarsson, setti fundinn og stýrði honum.

Fulltrúarnir kynntu sig, með nafni og starfsheiti.

Kór Kársnesskóla, undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, söng tvö lög. Hið fyrra var Vikivaki, við lag Valgeirs Guðjónssonar og texta Jóhannesar úr

Köttlum. Hið síðara var Fylgd, við lag Sigurðar Rúnars Jónssonar og texta Guðmundar Böðvarssonar.

#### 1. Ávarp aldursforseta

Ómar Ragnarsson, aldursforseti, ávarpaði Stjórnlagaráð.

#### 2. Kórsöngur

Kór Kársnesskóla, undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, söng Maístjórnuna, við lag Jóns Ásgeirssonar og texta Halldórs Kiljan Laxness.

#### 3. Skýrsla stjórnlaganefndar

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, gerði grein fyrir og afhenti skýrslu stjórnlaganefndar.

#### 4. Skipan vinnunefndar um starfsreglur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að samkvæmt þingsályktun um Stjórnlagaráð bæri ráðinu að setja sér starfsreglur. Undirbúningur væri þegar hafinn en í sérstaka vinnunefnd um málið hefðu verið tilnefndir eftirtaldir, í stafrófsröð: Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson, sem yrði formaður. Fundarstjóri spurði hvort gerðar væru athugasemdir við þetta. Svo var ekki og skoðaðist þessi nefnd því skipuð.

#### 5. Næsti fundur

Fundarstjóri þakkaði öllum þeim sem unnið hefðu að því að koma þessum fundi á og stjórnlaganefnd sérstaklega.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs yrði haldinn næsta dag, fimmtudaginn 7. apríl, kl. 15.00. Þá færi fram kjör formanns, sbr. þingsályktun um skipun Stjórnlagaráðs, og jafnframt kjör varaformanns.

Fleira var ekki gert og fyrsta fundi Stjórnlagaráðs stíðindi kl. 14.45.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 2. ráðsfundur 07.04. 2011.

### Fundargerð 2. ráðsfundar

07.04.2011 15:00

#### Dagskrá

1. Tillaga að 1. gr. starfsreglna.
2. Kosning formanns Stjórnlagaráðs.
3. Kosning varaformanns Stjórnlagaráðs.

2. ráðsfundur - haldinn 07. apríl 2011, kl. 15.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökullsson, ÍrisLind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar ÞorfinnurRagnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað: Andrés Magnússon.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Aldursforseti boðaði til fundarins með tölvupósti og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Aldursforseti, Ómar Ragnarsson, setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Tillaga að 1. gr. starfsreglna

Ráðsfulltrúum hafði verið send tillaga starfsreglna nefndar að 1. gr. starfsreglna Stjórnlagaráðs og þeim gefinn kostur á að tjá sig. Engar athugasemdir bárust. Meginefni ákvæðisins varðar kosningu formanns og varaformanns.

Aldursforseti las upp tillöguna og bar hana síðan upp. Hún var samþykkt með handauppréttingu, án mótaskvæða.

#### 2. Kosning formanns

Aldursforseti las upp nöfn þeirra ráðsmanna sem fengið höfðu tilnefningu til formannsráðsins, en þau voru: Katrín Fjeldsted, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Aldursforseti var sjálfur meðal tilnefndra og vék úr sæti fundarstjóra. Hann afhenti stjórn fundarins, með leyfi ráðsins, til framkvæmdastjóra Stjórnlagaráðs, Þorsteins Fr. Sigurðssonar, sem stýrði kjöri formanns. Fundarstjóri fór að nýju yfir tilnefningar sem fram voru komnar og óskaði að svo búnu eftir frekari tilnefningum. Engar slíkar komu fram og var gengið til kosninga um framangreinda einstaklinga. Að atkvæðagreiðslu lokinni var gert hlé á fundinum á meðan nefndaritarar og aðallögfræðingur ráðsins fóru í talningaherbergi með kjörkassa og töldu atkvæði.

Að hléi loknu tilkynnti fundarstjóri að kjósa þyrfti í annarri umferð á milli þeirra efstu. Erlingur Sigurðarson gerði athugasemd og vildi að tölur yrðu birtar um

kosninguna. Fundarstjóri bar upp tillögu um að allar tölur yrðu birtar að kosningum loknum. Það var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.

Fundarstjóri tilkynnti að flest atkvæði hefðu fengið Salvör Nordal og Þorvaldur Gylfason. Önnur umferð formannskjörs hófst og að atkvæðagreiðslu lokinni var gert hlé á meðan nefndaritarar og aðallögfræðingur ráðsins fóru í talningaherbergi með kjörkassa og töldu atkvæði.

Að hléi loknu tilkynnti fundarstjóri að Salvör Nordal væri rétt kjörin formaður Stjórnlagaráðsog tók hún við fundarstjórn.

Formaður flutti stutt ávarp, þakkaði traustið og talaði um mikilvægi þátttöku og virkni almennings á opinberum vettvangi.

#### 3. Kosning varaformanns

Formaður stýrði kjöri varaformanns af gagnstæðu kyni, sbr. 1. gr. starfsreglna ráðsins. Dreift var atkvæðaseðlum og lista með nöfnum þeirra ráðsmanna sem höfðu fengið tilnefningu til varaformanns. Þeir voru eftirtaldir: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Þorvaldur Gylfason.

Formaður óskaði að svo búnu eftir frekari tilnefningum og Gísli Tryggvason tilnefndi Ara Teitsson.

Gengið var til kosninga og hlé gert á fundi á meðan nefndaritarar og aðallögfræðingur ráðsins fóru í talningaherbergi með kjörkassa og töldu atkvæði.

Að hléi loknu var tilkynnt að flest atkvæði hefðu fengið Ari Teitsson og Þorvaldur Gylfason. Kjósa þyrfti í annarri umferð á milli þeirra tveggja.

Önnur umferð varaformannskjörs hófst og að atkvæðagreiðslu lokinni var gert fundarhlé á meðan nefndaritarar og aðallögfræðingur ráðsins fóru í talningaherbergi með kjörkassa og töldu atkvæði.

Að hléi loknu tilkynnti fundarstjóri að Ari Teitsson væri rétt kjörinn varaformaður Stjórnlagaráðs. Varaformaður flutti stutt ávarp, þakkaði traustið og hvatti ráðsmenn til samvinnu.

#### 4. Atkvæðatölur

Sif Guðjónsdóttir, aðallögfræðingur Stjórnlagaráðs, gerði grein fyrir niðurstöðum talningar í kosningum til formanns og varaformanns Stjórnlagaráðs.

Atkvæði í fyrri umferð formannskjörs féllu svo: Salvör 7, Þorvaldur 5, Ómar 4, Katrín 2, Vilhjálmur 2, Þorkell 2 og Þórhildur 2.

Atkvæði í seinni umferð formannskjörs féllu svo: Salvör 15 og Þorvaldur 9.

Atkvæði í fyrri umferð varaformannskjörs féllu svo: Þorvaldur 9, Ari 5, Ómar 3, Vilhjálmur 3 og Þorkell 2. Auðir seðlar 2.

Atkvæði í seinni umferð varaformannskjörs féllu svo: Ari 13 og Þorvaldur 10. Auður seðill 1.

#### 5. Næsti fundur

Formaður gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs yrði haldinn í næstu viku og til hans boðað síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.



### 3. ráðsfundur 13.4. 2011.

#### Fundargerð 3. ráðsfundar

13.04.2011 09:30

##### Dagskrá

1. Tillaga að starfsreglum lögð fram til umræðu og afgreiðslu.
2. Skipan nefndar um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda.

3. ráðsfundur - haldinn 13. apríl 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir og Katrín Oddsdóttir.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti þriðjudaginn 12. apríl 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Tillaga að starfsreglum lögð fram til umræðu og afgreiðslu

Tillaga þessi fylgdi fundarboði og er fylgiskjal með fundargerð þessari.

##### 1.1 Framsaga formanns starfsreglanefndar

Fundarstjóri gaf Vilhjálm Þorsteinsyni, formanni starfsreglanefndar, orðið. Í máli hans kom fram að nefndin hefði verið skipuð á 1. ráðsfundi 6. apríl og í henni setið þau Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og hann sjálfur. Nefndin tók við starfi svokallaðs fjórmenn-ingahóps, sem vann að verklagsmálum frá 8. janúar sl. Í þeim hópi hafi verið, auk hans sjálfs, þau Salvör Nordal, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir, og eigi þakkir skildar.

Samkvæmt ályktun Alþingis um skipan Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011 setji Stjórnlagaráð sér sjálft starfsreglur um skipulag og starfshætti sína.

Í máli formanns starfsreglanefndar komu fram eftirfarandi nánari skýringar á einstökum ákvæðum: Tillaga starfsreglanefndar hefst á aðfaraorðum sem eiga að veita leiðbeiningu um þann anda sem starfsreglurnar eru settar í, auk þess að skilgreina almenn viðmið í starfinu.

Ákvæði 1. gr. starfsreglna er þegar samþykkt á ráðsfundi og þarfnast því ekki umfjöllunar hér. Númer greina í tillöggunni taka mið af því og umfjöllun formanns varðar því ákvæði 2.-21. gr. í starfsreglum.

Í ákvæði 2. gr. er átt við að formenn og varaformenn verði kosnir þannig að fyrst verði kosið á milli allra. Fáin enginn hreinan meirihluta í þeirri umferð er kosið á ný í annarri umferð á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Ef jafnt verður með þeim er kosið að nýju og loksráður hlutkesti, ef þá er aftur jafnt.

Þá er áskilið að formaður og varaformaður hverrar nefndar verði af gagnstæðu kyni. Ætlunin er að formenn verði kosnir fyrst, en varaformenn að þeim kosningum loknum. Formanni er gefin heimild til að hlutast til um það eftir á að jafna hlut kynja í formannahópnum, og þar með í stjórn Stjórnlagaráðs, með því að víxla formanni og varaformanni í nefnd eða nefndum. Starfsreglanefnd lítur svo á að þá ætti fyrst að koma til álitu að víxla í þeirri nefnd þar sem minnstur munur hafi verið á atkvæðafjölda formanns og varaformanns.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að hluti nefndarfunda verði tímasettir þannig í vikuskipulagi ráðsins að unnt sé að mæta á fund í fleiri nefndum en þeim sem fulltrúi hefur atkvæðisrétt í. Ákvæði um frumkvæði stjórnar að breyttri skipan nefnda eigi fyrst og fremst við ef of fáir fulltrúarverða í einni nefnd en of margir í annarri, að teknu tilliti til verkefna nefndanna. Ætíð yrði þó að leitast við að virða óskir fulltrúa í því efni. Hlutkestis-ákvæðið kemur í veg fyrir að stjórn séu færð of mikil völd í þessu sambandi, en það geri að verkum að til-laga um flutning á milli nefnda geti ekki snúist með fyrirþáanlegum hætti um einstaklinga.

Með orðalaginu „nægilegur fyrirvari“ í 1. mgr. 6. gr. er átt við eðlilegan fyrirvara sem ekki er of knappur í ljósi kringumstæðna til þess að ákveða dagskrá, undir-búa og boða fund.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. miðar að því að liðka fyrir því að fundargerðir ráðsfunda megi birta á vef ráðsins sem drög, enda þótt þær hafi ekki verið formlega samþykktar á næsta fundi.

Til nánari upplýsingar um ákvæði 9. gr. lætur formaður starfsreglanefndar þess getið að samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að starfsskipulagi er reiknað með opnum nefndafundum einu sinni í viku.

Í 10. gr. er að sjálfsögðu miðað við að erindi séu skrifleg, helst send með rafrænum hætti og gert ráð fyrir slíku á vef ráðsins. Einnig er þó tekið við erindum bréflaga.

Í 1. mgr. 11. gr. er ekki reiknað með að umræður á ráðsfundum séu skrifaðar upp fyrir en frumvarp til stjórnarskipunar-laga er til umfjöllunar. En þegar þar er komið sögu er um að ræða lögskýringargögn sem æskilegt er að eiga í textaformi.

Í 14. gr. er fjallað um undirbúningsferli frumvarps til stjórnarskipunar-laga. Þar er hugmyndin að nota svokallaða ítrunaraðferð, þar sem smám saman verða til drög að frumvarpi, ófullkomin í fyrstu en ítarlegri og betur slípuð eftir því sem starfinu vindur fram. Hver ítrunarhringur er ein vika og eru uppfærslur á svokölluðu áfangaskjali afgreiddar á ráðsfundi einu sinni í

viku, væntanlega á fimmtudögum. Með uppfærslum er átt við að bæta við nýjum texta, fella burt texta, breyta honum eða bæta nýjum valkosti við greinar eða kafla sem fyrirvar.

Áfangaskjalið er birt á vef ráðsins og öllum opið til lestrar og til að rita athugasemdir. Það er þannig síkvíkt og gefur innsýn í stöðu vinnunnar hverju sinni. Jafnframt gefst þjóðinni tækifæri til að fylgjast með og koma athugasemdum og tillögum á framfæri á vef ráðsins jafnóðum í undirbúningsferlinu. Stjórn ráðsins, nefndir og ráðsfulltrúar geta lagt fram tillögurum breytingar á áfangaskjalinu. Reiknað er með að efnislegum tillögum frá fulltrúum sé í flestum tilvikum vísað til umfjöllunar nefndar, en það er vitaskuld ákvörðun ráðsins hverju sinni.

Samkvæmt 15. gr. ákveður stjórn ráðsins hvenær undirbúningsferli lýkur og leggur þá fyrir ráðsfund drög að frumvarpi til fyrri umræðu. Fyrri umræðu er skipt eftir efnisþáttum, en þar er miðað við að breytingartillögum sem fram kunna að koma sé vísað til nefnda til umfjöllunar milli umræðna. Í seinni umræðu er fjallað um hverja grein frumvarpsins fyrir sig og afgreiddar breytingartillögur. Það ber að hafa í huga að texti fyrri og seinni umræðu um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna verður skrifaður upp og mun geta þjónað sem lögskýringargagn að vinnunni lokinni, verði frumvarpið að lögum. Formaður starfsreglanefndar vekur athygli á því að í tillögunni er gert ráð fyrir að minnihluti, þ.e. 8 ráðsfulltrúar, geti með stuðningi sínum orðið til þess að í frumvarpinu verði settur fram valkostur um einstakar greinar eða kafla, sem yrði þá eftir atvikum borinn undir þjóð eða þing og þar með ákveðið hvort valkosturinn skuli koma í stað meginákvæðis, greinar eða kafla.

Með orðalaginu málsmeðferð í 16. gr. er til dæmis átt við að frumvarpið yrði lagt fyrir þjóðina í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, hugsanlega með valkostum, áður en Alþingi tekur það tilefnislegar umfjöllunar.

Að lokinni framsögu lagði formaður starfsreglanefndar tillöguna fyrir ráðið.

## 1.2 Umræður

Formaður Stjórnlagaráðs opnaði fyrir umræður um tillöguna í heild sinni. Vildu fulltrúar gera breytingartillögur væri óskað eftir því að viðkomandi fylgdi henni úr hlaði með nokkrum orðum og legði hana að auki fram skriflega. Kæmu fram breytingartillögur væri gert ráð fyrir að þeim yrði safnað saman og almennum umræðum lokið um reglurnar í heild. Síðan yrðu breytingartillögur teknar fyrir í sömu röð og þær greinar sem tillögunar vörðuðu. Þá yrði orðið gefið laust um viðkomandi breytingartillögu, hún afgreidd og breyttist þá viðkomandi grein eða ekki. Loks yrði skjalið borið upp í heild sinni. Formaður spurði hvort einhver mælti þessari aðferð í mót? Svo var ekki og orðið var gefið laust.

Eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Gísli Tryggvason, Þorkell Helgason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Formaður ítrekaði að breytingartillögur þyrftu að koma fram skriflega.

Eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Katrín Fjeldsted, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Lýður Arnason, Vilhjálmur Þor-

steinsson, Gísli Tryggvason, Silja Bára Ómarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Freyja Haraldsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Erlingur Sigurðarson, Dögg Harðardóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Illugi Jökulsson.

Formaður gerði stutt hlé til að fara yfir fram komnar breytingartillögur og bar þær upp að því loknu.

## 1.3 Breytingartillögur við aðfaraorð

Þrjár tillögur bárust. Þær voru allar bornar upp, orðið gefið laust og loks greidd atkvæði. Umvar að ræða eftirfarandi tillögur:

I. Flutningsmaður: Þórhildur Þorleifsdóttir  
3. mgr. aðfaraorða hljóði svo: „...þar sem jafnréttis er gætt í hvívetna.”

II. Flutningsmaður: Erlingur Sigurðarson  
Orðið „kynja” falli niður í 3. mgr. aðfaraorða.

III. Flutningsmaður: Eiríkur Bergmann Einarsson  
3. mgr. aðfaraorða hljóði svo: „...þar sem jafnréttis kynja og þjóðfélagshópa ergætt í hvívetna.”

Formaður gaf orðið laust um tillögunar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Freyja Haraldsdóttir, Dögg Harðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillögur I og II voru efnislega samhljóða og Erlingur dró því sína tillögu til baka. Tillaga I gekk lengra en tillaga III og því borin undir atkvæði fyrst.

Formaður bar breytingartillögu I upp til atkvæðagreiðslu:

Samþykktir: 12

Á móti: 4

Tillagan var samþykkt og tillaga III féll því niður.

## 1.4 Breytingartillaga við 3. gr. og síðari greinar til samræmis

Ein tillaga barst. Hún var borin upp, orðið gefið laust og loks greidd atkvæði. Um var að ræða eftirfarandi tillögu:

Flutningsmaður: Eiríkur Bergmann Einarsson

Í stað þess að tala um „stjórn Stjórnlagaráðs” verði hér og annars staðar talaðum „verkstjórn Stjórnlagaráðs”.

Formaður gaf orðið laust um tillöguna og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Erlingur Sigurðarson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Örn Bárður Jónsson.

Flutningsmaður dró tillöguna til baka, en lét bóka þá ósk sína að litið yrði svo á að stjórn Stjórnlagaráðs væri í eðli sínu verkstjórn.

## 1.5 Breytingartillaga við 10. gr.

Ein tillaga barst. Hún var borin upp, orðið gefið laust og loks greidd atkvæði. Um var að ræða eftirfarandi tillögu:

Flutningsmaður: Katrín Fjeldsted

- 2. mgr. 10. greinar hljóði svo: „Stjórnin getur sett reglur um þessi atriði.”

Formaður gaf orðið laust um tillöguna og eftirtaldir

fulltrúar tóku til máls: Þorkell Helgason og Dögg Harðardóttir.

Formaður bar breytingartillöguna upp til atkvæðagreiðslu:

Samþykktir: 13

Á móti: 1

Tillagan var því samþykkt.

### 1.6 Breytingartillögur við 15. gr.

Tvær tillögur bárust, þær voru bornar upp, orðið gefið laust og loks greidd atkvæði. Um var að ræða eftirfarandi tillögur:

I. Flutningsmenn: Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Lýður Árnason og Þórhildur Þorleifs-dóttir

- 4. másl. 3. mgr. 15. gr. falli brott.

II. Flutningsmenn: Gísli Tryggvason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson

- 4. másl. 3. mgr. 15. gr. hljóði svo: „Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir um einstaka greinar eða kafla, enda njóti valkostur stuðnings níu ráðsfulltrúa hið minnsta og um sé að ræða afmarkað mál sem raskar ekki samhengi annarra þátta stjórnarskipunarlaganna.”

Formaður gaf orðið laust um tillögurnar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson og Lýður Árnason.

Tillaga I gekk lengra og því borin undir atkvæði fyrst.

Formaður bar breytingartillöguna upp til atkvæðagreiðslu:

Samþykkt: 12

Á móti: 4

Tillagan var samþykkt og því féll tillaga II niður.

### 1.7 Atkvæðagreiðsla um skjalið í heild sinni

Formaður bar skjalið í heild sinni undir atkvæðagreiðslu, nánar tiltekið upphaflega tillögu að starfsreglum með áorðnum breytingum. Skjalið var samþykkt samhljóða.

### 2. Skipan nefndar um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda

Formaður lagði til að eftirfarandi fulltrúar yrðu skipaðir í nefnd um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda, og að undir verkefni hennar félli umfjöllun um svokallað grunnskjal, við vinnslu frumvarps til stjórnarskipunarlaganna:

Arnfríður Guðmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek og Þorkell Helgason

Formaður lýsti eftir tillögum um breytingar eða viðbætur við framangreint. Engar slíkar komu fram. Tillagan var samþykkt.

### 3. Næsti fundur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs yrði haldinn næsta dag, fimmtudaginn 14. apríl, kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 4. ráðsfundur 14.04. 2011.

### Fundargerð 4. ráðsfundar

14.04.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerðir fyrri ráðsfunda lagðar fram.
2. Tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim.

4. ráðsfundur - haldinn 14. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 13. apríl 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Formaður, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir fyrri ráðsfunda lagðar fram

Drög að fundargerðum 1. og 2. ráðsfundar voru sendar fulltrúum í gær með tölvupósti og lagðar fram á fundinum til kynningar einungis.

Þegar innra net Stjórnlagaráðs væri komið upp myndu fundargerðir verða settar þar inn. Fulltrúar myndu fá tilkynningu um þetta hverju sinni og gefinn frestur til athugasemda.

#### 2. Tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim

Á ráðsfundi í gær var skipuð nefnd til að gera tillögur um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim. Niðurstöður nefndarinnar um tvö aðskilin atriði lágu nú fyrir, nánar tiltekið tillaga um niðurröðun verkefna á nefndir og tillaga um svokallað áfangaskjal. Tillögur þessar höfðu verið sendar fulltrúum og lágu fyrir fundinum. Þær eru fylgiskjöl með fundargerð þessari.

Stjórn lagði til að fyrst yrði fjallað um tillögu varðandi áfangaskjal. Tillagan yrði kynnt, um hana rætt og hún væntanlega afgreidd að því loknu. Þessu næst yrði fjallað um fjölda nefnda og málefnaskiptingu. Tillagan yrði kynnt, um hana rætt og hún væntanlega afgreidd að því loknu.

Formaður spurði hvort gerðar væru athugasemdir við þessa málsmeðferð. Svo var ekki og formaður gaf

talsmönnum hópsins, þeim Pawel Bartoszek og Eiríki Bergmann Einarssyni, orðið.

### 2.1 Tillaga um áfangaskjal

Tillagan var send fulltrúum í gær með tölvupósti.

Pawel Bartoszek tók til máls og kynnti tillöguna. Í máli hans kom meðal annars fram að tvær skoðanir hefðu verið í nefndinni um hvernig ætti að hefjast handa. Annars vegar hefði verið það sjónarmið að fyrsta gerð áfangaskjals ætti að vera núverandi stjórnarskrá. Það væri sjónarmið hans sjálfs. Hins vegar hefði verið það sjónarmið að byrja ætti að einhverju leyti frá grunni. Fyrir því hefði Eiríkur Bergmann Einarsson mælt hvað harðast.

Niðurstaðan væri málamiðlun. Tillagan fæli því í sér ákveðna byrjun og gæfi möguleika á því að hefjast handa og taka svo ákvörðun um einstök mál og upp-röðun þeirra þegar að því liði.

Í skjalinu væri gerð tilraun til að sætta þessi tvö sjón-armið með myndrænni framsetningu. Kaflaheiti miðist við núverandi stjórnarskrá en því væri hægt að breyta eins og öðru í skjalinu. Þar á eftir kæmu jafngildir val-kostir, nánar tiltekið A og B. Valkostur A væri texti úr núverandi stjórnarskrá en valkostur B ný ákvæði. Hið síðarnefnda gæfi til kynna að ráðið áskildi sér rétt til að skrifa nýjan texta. Ráðið þyrfti að samþykkja annað hvort texta úr valkosti A eða B. Í lokin væru tveir auðir kaflar sem stæðu fyrir auðlindir og utanríkismál. Þetta væru þeir kaflar sem þingsályktunin reiknaði með að ráðið tæki fyrir og þessir auðu kaflar settir inn til marks um að hægt væri að ákveða að bæta við slíkum köflum og finna þeim stað síðar meir.

Eiríkur Bergmann Einarsson tók til máls og kynnti tillöguna. Hann itrekaði að skjalið fæli í sér mála-miðlun, eftir miklar umræður.

Formaður þakkaði fyrir útskýringar á tillögunni og gaf orðið laust.

Eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson, Arnfríður Guðmundsdóttir og Illugi Jökulsson.

Guðmundur Gunnarsson vék af fundi kl. 13.28.

Formaður lýsti því að mælendaskrá væri tæmd og bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslur á fundinum var skráð niður hvernig hver fulltrúi varði atkvæði sínu.

Samþykkir: 15

Á móti: 1

Sitja hjá: 5

Fjarverandi: 4

Tillagan var því samþykkt.

### 2.2 Tillaga um niðurröðun verkefna á nefndir

Tillagan var send fulltrúum seint í gær með tölvupósti.

Formaður varpaði fram þeirri hugmynd að næstu þrjá vinnudaga skiptu fulltrúar sér upp í þrjá vinnu-hópa (A, B og C) sem dregið yrði um setu í. Fyrir fund-

inum lægi tillaga sem Þorkell Helgason myndi kynna en það væri bráðabirgðatillaga. Í hugmyndinni um vinnuhópana fælist að ekki yrði tekin afstaða til mál-efnaskiptingar nefnda fyrr en á þriðjudag.

Formaður bauð fulltrúum að tjá sig um þetta og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Silja Bára Ómarsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Þorkell Helgason.

Í máli Þorkels komu fram skýringar á tillögu um skiptingu verkefna á milli nefnda. Niðurstaðan hefði verið sú að leggja til að nefndirnar yrðu þrjár. Fyrir lægi að starfsfólk gæti annað 3-4 nefndum. Á milli nefndanna hefði verið skipt átta atriðum. Hópurinn liti svo á að ekki væri fært að fjalla um fleiri atriði en nefnd væru í ályktun Alþingis nema ráðsfundur ákvæði svo. Síðar mætti færa verkefni á milli nefnda og bæta inn efnisatriðum, kæmu fram tillögur um slíkt.

Umræðan hélt áfram og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Vilhjálmur Þorsteinsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Katrín Oddsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Gísli Tryggvason, Þorvaldur Gylfason, formaður, Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pétur Gunnlaugsson, formaður, Pawel Bartoszek, Freyja Haraldsdóttir og Gísli Tryggvason.

### 2.3 Breytingartillögur við tillögu um niðurröðun verkefna á nefndir

Fram komu fjórar breytingartillögur:

I. Flutningsmaður: Silja Bára Ómarsdóttir  
• Ég legg hér með til að afgreiðslu tillögu um fjölda nefnda verði frestað þar til á þriðjudag.

II. Flutningsmaður: Silja Bára Ómarsdóttir  
• Ég legg til að nefndirnar verði fjórar.

III. Flutningsmaður: Gísli Tryggvason  
• „Starfshópur til bráðabirgða” komi í stað „verkefnane-fnd” - sem ákveðnar verða í næstu viku er ný mál-efni og fjöldi nefnda verði ákveðin.

IV. Flutningsmenn: Katrín Oddsdóttir, Katrín Fjeldsted og Þorvaldur Gylfason  
Eftirfarandi efnisleg breyting verði gerð á efnistöku nefnda:

• „Mannréttindi” færast yfir sem efnisatriði í nefnd A.  
• Efnisatriðið „Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunntök hennar” færast frá nefnd A og yfir í nefnd B.

Skipan nefnda og efnistöku verða þá:

Nefnd A:

• Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála  
• Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda  
• Mannréttindi  
Nefnd B:

• Hlutverk og staða forseta lýðveldisins  
• Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra  
• Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar

Nefnd C:

- [Óbreytt]  
Formaður gerði stutt fundarhlé.

#### 2.4 Sáttatillaga stjórnar

Að fundarhléi loknu lagði formaður fram eftirfarandi sáttatillögu:

Skipaðir verða þrír óformlegir starfshópar, sem starfa fram að næsta ráðsfundi. Þeir fjalli um eftirfarandi málefni:

Hópur A:

- Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
- Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda
- Mannréttindi

Hópur B:

- Hlutverk og staða forseta lýðveldisins
- Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra
- Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar

Hópur C:

- Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan
- Lýðræðisleg þátttaka almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag
- Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds

Hlutkesti ráði því hvernig fulltrúar skipist í starfshópa. Á næsta ráðsfundi verður fjallað nánar um skiptingu málefna í fastar verkefnanefndir og stefnt að því að ljúka skipan fólks í nefndir.

Ekki komu fram athugasemdir við þetta en eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Dögg Harðardóttir, formaður, Dögg Harðardóttir, varaformaður, Þorvaldur Gylfason, formaður, Silja Bára Ómarsdóttir, Lýður Árnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorkell Helgason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, Erlingur Sigurðarson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson og Katrín Oddsdóttir.

Sáttatillaga stjórnar var borin undir atkvæðagreiðslu.

Samþykkið: 19

Á móti: 0

Sitja hjá: 2

Fjarverandi: 4.

Tillagan var því samþykkt.

Gísli Tryggvason fékk orðið og tók til máls.

#### 3. Næsti fundur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs yrði haldinn þriðjudaginn 19. apríl, kl. 13.00.

Fjarverandi fulltrúar voru dregnir í starfshópa svo sem hér segir:

- Andrés: Hópur C
- Ástrós: Hópur B
- Guðmundur: Hópur A
- Íris Lind: Hópur A

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Áfangaskjalið á 4. ráðsfundi

Kaflaskiptingin verði eftirfarandi:

### Aðfaraorð

Nýr kafli

### Undirstöður

**Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald**

**Kosningar til Alþingis og alþingismenn**

**Störf Alþingis**

**Dómstólar**

**Trúmál**

**Mannréttindi**

**Sveitarfélög**

**Lokaákvæði**

**Auðlindir**

Nýr kafli

**Utanríkismál**

Nýr kafli

## 5. ráðsfundur 19.04. 2011.

### Fundargerð 5. ráðsfundar

19.04.2011 13:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar bornar upp til samþykktar og fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar lagðar fram til kynningar.
2. Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verka-skiptingu þeirra.
3. Kosning nefndaformanna og varamanna þeirra.
4. Val fulltrúa á verkefnanefndum.
5. Erindi sem hafa borist Stjórnlagaráði.

Skjöl til umfjöllunar á fundinum:

- Tillaga stjórnar að nefndaskipan

5. ráðsfundur - haldinn 19. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Eiríkur Bergmann Einarsson, Guðmundur Gunnarsson og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti mánudaginn 18. apríl 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Formaður, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir fyrri ráðsfunda

Fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar voru bornar upp til samþykktar. Þær voru lagðar fram til kynningar á 3. ráðsfundi. Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

Fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar hafa verið birtar á innra neti Stjórnlagaráðs og verða bornar upp á næsta fundi til samþykktar.

#### 2. Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verka-skiptingu þeirra

Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra var kynnt á óformlegum fundi fulltrúa í gær og send fulltrúum með tölvupósti í morgun.

Þorkell Helgason fékk orðið og dró til baka tillögu frá 4. ráðsfundi, en afgreiðslu hennar var þá frestað.

Formaður gaf orðið laust um tillögu stjórnar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Gísli Tryggvason,

formaður, Örn Bárður Jónsson, Katrín Oddsdóttir, formaður, Silja Bára Ómarsdóttir og formaður.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 3. Kosning nefndaformanna og varamanna þeirra

##### 3.1 Umræður

Formaður lýsti því að í samræmi við 2. gr. starfsreglna og skýringar formanns starfsreglnanefndar í framsögu fyrir reglunum yrði fyrst tekið fyrir að kjósa formenn nefnda, í röðinni A, B og loks C.

Til máls tóku: Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Dögg Harðardóttir, formaður, Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, formaður, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Erlingur Sigurðarson, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður, Illugi Jökulsson, varaformaður, Örn Bárður Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Dögg Harðardóttir.

Þórhildur Þorleifsdóttir lýsti því yfir að hún myndi sitja hjá í öllum atkvæðagreiðslum.

##### 3.2 Kosning formanns í verkefnanefnd A

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til formennsku í verkefnanefnd A.

Katrín Fjeldsted tilnefndi Silju Báru Ómarsdóttur og hún gaf kost á sér. Erlingur Sigurðarson tilnefndi Þorvald Gylfason og hann gaf kost á sér. Dögg Harðardóttir tilnefndi Örn Bárð Jónsson og Arnfríði Guðmundsdóttur. Örn gaf kost á sér en Arnfríður ekki.

Gengið var til leynilegrar atkvæðagreiðslu um formann í verkefnanefnd A.

Atkvæði féllu svo í 1. umferð:

Silja Bára Ómarsdóttir: 10

Þorvaldur Gylfason: 9

Örn Bárður Jónsson: 2

Auður seðill: 1

Samkvæmt ákvæði 2. gr., sbr. 1. gr. starfsreglna, er rétt kjörinn formaður sá sem hlotið hefur hreinan meirihluta atkvæða allra ráðsfulltrúa. Fá enginn tilskilinn fjöldi atkvæða skal kjósa um þá tvo fulltrúa er flest atkvæði fengu.

Kjósa þurfti því í 2. umferð, á milli Silju Báru Ómarsdóttur og Þorvaldar Gylfasonar.

Fundarstjóri lýsti þeim skilningi sínum á framangreindum ákvæðum starfsreglna um kosningar að þar sé vísað til meirihluta viðstaddra ráðsfulltrúa. Vilhjálmur Þorsteinsson, formaður starfsreglnanefndar, fékk orðið og lýsti sig sammála þessum skilningi. Engar athugasemdir komu fram af hálfu annarra ráðsfulltrúa.

Atkvæði féllu svo í 2. umferð:

Silja Bára Ómarsdóttir: 12

Þorvaldur Gylfason: 9

Auður seðill: 1

Silja Bára Ómarsdóttir var þannig rétt kjörin formaður í verkefnanefnd A.

### 3.3 Kosning formanns í verkefnanefnd B

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til formennsku í verkefnanefnd B.

Silja Bára Ómarsdóttir tilnefndi Katrínu Fjeldsted og hún gaf kost á sér.

Vilhjálmur Þorsteinsson bauð sig einnig fram til formennsku.

Gengið var til leynilegrar atkvæðagreiðslu um formann í verkefnanefnd B.

Atkvæði féllu svo í 1. umferð:

Katrín Fjeldsted: 9

Vilhjálmur Þorsteinsson: 9

Auðir seðlar: 4

Í samræmi við ákvæði starfsreglna var kosið að nýju.

Atkvæði féllu svo í 2. umferð:

Katrín Fjeldsted: 11

Vilhjálmur Þorsteinsson: 9

Auðir seðlar: 2

Katrín Fjeldsted var þannig rétt kjörin formaður í verkefnanefnd B.

### 3.4 Kosning formanns í verkefnanefnd C

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til formennsku í verkefnanefnd C.

Þorkell Helgason bauð sig fram.

Gísli Tryggvason stakk upp á Pawel Bartoszek og hann gaf kost á sér.

Gengið var til leynilegrar atkvæðagreiðslu um formann í verkefnanefnd C.

Atkvæði féllu svo í 1. umferð:

Pawel Bartoszek: 10

Þorkell Helgason: 8

Auðir seðlar: 3

Formaður lýsti því að kjósa þyrfti í 2. umferð.

Atkvæði féllu svo í 2. umferð:

Pawel Bartoszek: 10

Þorkell Helgason: 8

Auðir seðlar: 3

Pawel Bartoszek var þannig rétt kjörinn formaður í verkefnanefnd C.

### 3.5 Kosning varaformanna í verkefnanefndum A, B og C

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til varaformennsku í verkefnanefnd A. Þar sem kona hefði verið kosin formaður þyrfti varaformaður að vera karl og öfugt.

Lýður Árnason tilnefndi Þorvald Gylfason en hann afþakkaði. Arnfríður Guðmundsdóttir tilnefndi Örn Bárð Jónsson sem gaf kost á sér. Önnur framboð komu ekki fram og Örn Bárður Jónsson var því sjálfkjörinn.

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til varaformennsku í verkefnanefnd B. Vilhjálmur Þorsteinsson gaf einn kost á sér og var því sjálfkjörinn.

Formaður óskaði eftir framboðum og tilnefningum til varaformennsku í verkefnanefnd C. Íris Lind Sæmundsdóttir gaf ein kost á sér og var því sjálfkjörin.

Formaður vísaði í starfsreglur Stjórnlagaráðs þar sem kveðið er á um að stjórn ráðsins skipi formenn verkefnanefnda, auk formanns og varaformanns Stjórnlagaráðs. Næsti stjórnarfundur verði haldinn á morgun kl. 9.30.

### 4. Val fulltrúa á verkefnanefndum

Formaður lýsti því að fulltrúar hefðu fengið valblað til að koma á framfæri vali sínu á verkefnanefnd.

Óskað var eftir að því yrði skilað á skrifstofu nefndaritarara fyrir kl. 17.00 og niðurstaðna um skipan fulltrúa í verkefnanefndir væri að vænta að loknum fundi stjórnar á morgun. Markmiðið væri að nefndastörf gætu hafist af fullum krafti eftir páskafrí.

Katrín Oddsdóttir og Andrés Magnússon fengu orðið og tóku til máls.

Allir viðstaddir fulltrúar afhentu nefndariturum val sitt í lok fundarins.

### 5. Erindi sem hafa borist Stjórnlagaráði

Formaður lýsti því að Stjórnlagaráði hefðu borist nokkur erindi og las upp lista yfir þau, sbr. fylgiskjal með fundargerð þessari. Umræddur listi var meðal skjala á borðum fulltrúa fyrir fund og erindin aðgengileg fulltrúum á innra neti ráðsins. Á vefsíðu Stjórnlagaráðs væri notendum boðið upp á að senda inn erindi, bæði til ráðsins í heild og tiltekinnar verkefnanefndar. Erindi væru móttekin og flokkuð á skrifstofu nefndaritarara og birt á vef Stjórnlagaráðs fljótlega. Þau yrðu höfð til hliðsjónar við vinnu verkefnanefnda og um þau bókað í fundargerðum verkefnanefnda.

Katrín Oddsdóttir fékk orðið og tók til máls.

### 6. Næsti fundur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs yrði haldinn fimmtudaginn 28. apríl. Dagskrá verði send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.28.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Áfangaskjalið á 5. ráðsfundi

Engin breyting.

### Aðfaraorð

Nýr kafli

### Undirstöður

Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald

Kosningar til Alþingis og alþingismenn

Störf Alþingis

Dómstólar

Trúmál

Mannréttindi

Sveitarfélög

Lokaákvæði

Auðlindir

Nýr kafli

Utánríkismál

Nýr kafli

## 6. ráðsfundur 28.04. 2011.

### A-nefnd 1. fundur 26.04. 2011

26.04.2011 10:30

#### Dagskrá

1. Skipulag á vinnu nefndarinnar
2. Næstu skref
3. Grunnild og upphafsorð stjórnarskrárinnar

#### Fundargerð

1. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2011 kl. 10.30-12.00 og 13.00-15.15.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Auk þess sat Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs fyrri hluta fundarins. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Skipulag á vinnu nefndarinnar

Reiknað er með að í hverri viku verði eitt efnisatrið tekið til umræðu á lokuðum vinnufundum nefndar á mánudögum og þriðjudögum. Þeirri vinnu verði síðan haldið áfram á opnum fundum á miðvikudögum, með það fyrir augum að útbúa tillögu um efnisatrið fyrir ráðsfund á fimmtudegi. Dagskrá næstu vikna gæti skv. þessu lítið svona út:

Vika	Efni	Dags. ráðsfundar
17	Grunngildi, ríkisborgararéttur og þjóðtunga	28. apríl
18	Mannréttindi	5. maí
19	Náttúruauðlindir og umhverfismál	12. maí
20	Uppbygging og kaflaskipan stjórnarskrárinnar	19. maí
21	<i>Þessi hluti krefst nokkurrar samvinnu á milli nefnda. Önnur umferð, þar sem efnið er fínþúsað. Efnisþættir ákvarðaðir eftir þörfum.</i>	26. maí

Framhald vinnunnar skýrist síðar, t.a.m. þegar ljóst verður hvort Stjórnlagaráð muni sækja um framlengingu á störfum sínum um þann mánuð sem heimilað er í þingsályktun um skipun ráðsins.

Hópurinn var sammála um að leggja sem fyrst fram nokkuð vel mótaðar hugmyndir að mannréttindakafla. Annars vegar væri hann með því nýjasta í stjórnarskránni og þyrfti því lítilla breytinga við. Hins vegar væri umræða um kaflann æskilegur upphafspunktur á samræðu Stjórnlagaráðs og þjóðarinnar - sem þyrfti að hefja sem fyrst.

Nefndarmenn munu skipta erindum sem nefndinni hafa borist sín á milli, þannig að þau séu alltaf lesin af a.m.k. tveimur nefndarmönnum. Að því loknu verði ákveðið hvernig bregðast skuli við erindunum; hvort þau séu tekin beint til efnislegrar umræðu í nefndinni, hvort hluti nefndarmanna fundi með þeim sem sendi erindið einn, eða hvort hlutaðeigandi sé boðaður á fund nefndarinnar.

#### 2. Næstu skref

Fyrir næsta ráðsfund, sem haldinn verður 28. apríl, hyggst nefndin leggja tvær tillögur

Að stjórnarskráin hefjist á kafla með grunnildum, annaðhvort í aðfaraorðum eða í upphafsgrein. Sá kafla

verði í upphafi tómur, en hugmyndum að efnisatriðum verði safnað þvert á nefndir.

Að mannréttindum verði gert hærra undir höfði með því að færa þann kafla fremst í stjórnarskrána. Nefndin stefnir að því að leggja tillögur að þeim kafla fyrir þar-næsta ráðsfund, 5. maí.

#### 3. Grunnild og upphafsorð stjórnarskrárinnar

Nefndarmenn voru sammála um að æskilegt væri að hefja stjórnarskrána á því að telja upp ákveðin grunnild, sem væru síðan nánar útfærð í megintexta stjórnarskrárinnar. Ákveða þyrfti hvort væri æskilegra að hafa þá upptalningu sem aðfaraorð fyrir framán 1. grein stjórnarskrárinnar, eða að sá kafla væri gerður að 1. grein. Um kosti hvorrar leiðar og galla greinir lögfræðinga á um, eins og bent er á í skýrslu stjórnlaganefndar. Þá skipti miklu máli að þessi texti sé skýr og greinilegur; líklega væri rétt að bíða með að festa hann á blað, þar sem hann kviknaði af því sem gerist í öðru starfi nefndanna. Þannig mætti sjá fyrir sér að ráðsfulltrúar settust saman undir lok starfstíma Stjórnlagaráðs til að fullvinna upphafsorð stjórnarskrárinnar.

Til að auðvelda vinnu við upphafsorðin þegar þar að kemur leggur nefndin til að haldið verði utan um þau grunnild sem upp kunna að koma í umræðum verkefnanefndanna. Úr þessu yrði lifandi skjal og mikilvæg vinna fyrir ráðið, sem nauðsynleg væri til að halda hugmyndum til haga.

Nefndin steig fyrstu skrefin í átt að slíku skjali, með hugflæði um helstu grunnild sem birtust í niðurstöðu

þjóðfundar haustið 2010. Var formanni falið að skoða hvernig best væri að koma þeirri vinnu áfram, þ.e. með hvaða hætti sé hægt að halda utan um hugmyndir annarra verkefnanefnda og ráðsfulltrúa varðandi grunnild stjórnarskrárinnar.

#### 4. Næsti fundur

Næsti fundur í A-nefnd er boðaður miðvikudaginn 27. apríl kl. 10-12 og 13-15. Fyrir fundinum liggur svo-hljóðandi dagskrá:

Fundargerð síðasta fundar

Vinnuskjal um mannréttindi (Freyja, Katrín og Þorvaldur)

Tillaga um breytingar á áfangaskjali fyrir ráðsfund 28. apríl.

### A-nefnd 2. fundur 27.04. 2011

27.04.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Vinnuskjal um mannréttindi
3. Tillaga um breytingar á áfangaskjali fyrir ráðsfund 28. apríl



## Fundargerð

2. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2011 kl. 10.00-12.00 og 13.00-15.20.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Auk þess sat Gísli Tryggvason fundinn. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.

2. Vinnuskjal um mannréttindi

Freyja, Katrín og Þorvaldur kynntu hugmyndir sem þau hafa unnið að endurbættum mannréttindakafla. Í skjalinu hafa þau reynt að taka tillit til sjónarmiða þjóðfundar og tillagna í skýrslu stjórnlaganefndar - auk þess að gera alþjóðlegum mannréttindasáttmálum hærra undir höfði.

Tillögurnar voru allar kynntar og í framhaldi af því var ákveðið að taka þær til umræðu hverja fyrir sig. Eftirfarandi tillögur að breytingum voru helst ræddar á fundinum, en endanleg afgreiðsla þeirra bíður frekari umræðu:

- Tvö megin sjónarmið voru uppi um jafnræðisregluna (núgildandi 65. grein). Annars vegar að hún verði útvíkuð, þannig að hún nái til fleiri hópa sem ástæða þykir til að njóti sérstakrar verndar. Hins vegar að látið sé nægja að segja að greinin nái til „allra“, þ.e. að sleppa upptalningu á hópum sem greinin nái til.
- Skýrt verði kveðið á um réttindi fatlaðra og barna.
- Hnykkst verði á vernd gegn ofbeldi (71. grein)
- Mógulega mætti endurreiða greinun innan kaflans, til að endurspeglar betur mikilvægi þeirra og þá afstöðu sem fram kom á þjóðfundum.

Nefndin fól Illuga, Katrínu og Þorvaldi að vinna úr umræðum hópsins og koma með nýjar tillögur á næsta fund. Auk þess var þeim falið að bæta inn í vinnuskjalið hugmyndum að greinum sem snúa að tjáningarfrelsi og réttinum til upplýsinga. Stefnt verði að því að í næstu viku sé hægt að kynna drög að mannréttindakafla á opnum nefndarfundum og leggja að því loknu til kynningar á ráðsfundi. Jafnframt því verði opnað fyrir umræður um drögin á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

3. Tillaga um breytingar á áfangaskjali fyrir ráðsfund 28. apríl

A-nefnd leggur fram til kynningar svohljóðandi breytingar á uppbyggingu áfangaskjals Stjórnlagaráðs:

- 1. grein stjórnarskrár verði inngangsorð með þeim gildum sem liggja stjórnarskránni til grundvallar. Verði sérstaklega litið til niðurstöðu þjóðfundar, þar sem áhersla var m.a. lögð á lýðræði, frið, sjálfbærni, jafnrétti, valdreifingu og ábyrgð.
- Mannréttindakafla verði færður fremst í stjórnarskrána, þannig að jafnræðisreglan (65. grein með breytingum) verði 2. grein í

áfangaskjalinu. Þá komi önnur mannréttindaákvæði, sem verði endurskoðuð og innbyrðis röð þeirra hugsanlega breytt.

4. Næsti fundur

Boðað verður til næsta fundar mánudaginn 2. maí. Á þeim fundi verður áfram rætt um hugmyndir að endurbótum á mannréttindakafla, með það fyrir augum að leggja þær til kynningar á ráðsfundi 5. maí.

## B-nefnd 1. fundur 26.04. 2011

26.04.2011 10:30

Dagskrá

1. Verkefni nefndarinnar og afmörkun þess  
Sjá kafla 3, 6, 8, 9 og 14 í skýrslu stjórnlaganefndar.
2. Verklag nefndarinnar, starfs- og tímaáætlun
3. Gildi, markmið
4. Áfangaskjal, óumdeild atriði?
5. Önnur mál

## Fundargerð

1. fundur B-nefndar haldinn 26 apríl 2011, kl. 10.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn og ræddi stuttlega fyrirhugað fundarform á fundum nefndarinnar. Farið var yfir mætingu næstu daga. Formaður Katrín getur ekki setið fundi frá 27. apríl til 30. apríl. Vilhjálmur Þorsteinsson varaformaður verður heldur ekki á fundi á morgun. Gísli Tryggvason hafði boðað forföll til kl. 11.00 og Eiríkur Bergmann situr fund til kl. 14.00. Gengið var til dagskrár eins og hún var birt fyrir páska.

1. Verkefni nefndarinnar og afmörkun þess  
Vilhjálmur fór stuttlega yfir sýn á verkefni nefndarinnar. Mikilvægt væri að setja sér í fyrstu markmið og hugsa síðan leiðir til að ná þeim markmiðum í kjölfarið. Ef breyting verður gerð á kerfisuppbyggingu þarf að passa að tengja slíka breytingu fyrirbyggjandi markmiði.

Nefndarmenn ræddu núverandi uppbyggingu í stjórnarskrá um meðferð opinbers valds. Nefndarmenn voru sammála um að auka þurfi aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdarvalds. Samhljóms gætti um að þingið væri veikt sem löggjafar- og eftirlitsvald og meginspurningin væri sú hvernig farsælast væri að styrkja þingið.

Í fyrstu vék umræða að því hvort viðhalda beri þingræði eða hvort skera eigi kerfið upp og kjósa forsætisráðherra (eða forseta í því hlutverki) beinum kosningum. Ýmsir kostir og gallar voru reifaðir í þeim efnum. Enska heitið á núverandi kerfi er „parliamentary

system“ en „semi-parliamentary system“ er kerfi þar sem forseti hefur talsvert valdahlutverk, þ.e. pólitískur aðili. Hvort sem tekin væri ákvörðun um að hafa pólitískan forseta eður ei sammæltust nefndarmenn um að skýra þurfi hlutverk forseta og störf embættisins enda hefur það tekið grundvallarbreytingum. Fram kom að áður var lítið á forsetann sem de facto þjóðarleiðtoga með ekkert raunveruleg vald.

Þá kom fram sú hugmynd að forsetinn ætti að vera forseti Alþingis með ákveðið dagskrárvald. Fram kom það sjónarmið að hættan yrði sú að forsetinn yrði hlutdrægur og pólitískur í slíkum störfum.

Gísli Tryggvason tók sæti á fundinum kl. 10.55.

Bent var á að til væru blandaðar leiðir á milli þess að hafa þingræði eða kjósa framkvæmdarvaldið beint. Þá kom fram mikilvægi þess að nefndin geri sér grein fyrir því hvernig völdin hafa færst til í sögulegu samhengi. Alþingi er kjarnaald í íslensku stjórnmalasögu og þingið kom langt á undan framkvæmdarvaldinu, fyrir og eftir sjálfstæðisbaráttuna. Árið 1904 kemur fyrsti ráðherrann og svo fjölgar þeim hverjum á eftir öðrum og nú er staðan sú að hver ráðherra er nánast alvaldur í sínum málaflokki. Að auki leiða samsteypustjórnir til þess að leiðtogar stjórnarflokkanna verða mjög valdamiklir.

Atriði sem voru nefnd til að styrkja þingið voru t.a.m.: að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu eða forsætisráðherra sem velur svo með sér aðra ráðherra, ráðherrar taki ekki sæti á þingi – í því tilviki styrkist ríkisstjórn þar sem varmenn taka sæti – en sennilega er hægt að finna lausn á því máli. Önnur tillaga að ráðherrar geti ekki flutt mál á Alþingi, hugsanlega mætti færa það hlutverk til fastanefnda Alþingis. Þá voru rædd kjördæmi, sem og möguleg einmenningskjördæmi, og breyting kjördæma og atkvæðaseðils, í þá átt að blanda listakjöri og persónukjöri saman, gæti verið til þess fallinn að draga úr valdi stjórnmalaflokka og auka bein áhrif kjósenda á samsetningu þingsins.

Í því sambandi var nefndur möguleiki á því að skipta þinginu í tvær deildir. Annars vegar fulltrúadeild með einmenningskjördæmi þar sem tryggð er landfræðileg aðkoma – en það er útfærsluatriði. Hins vegar væri efri deild – eða einhvers konar lögrétta – þar sem landið væri eitt kjördæmi. Nefndarstarf kæmi þar inn á milli. Lögrétta gæti verið með fjárstjórnarvaldið. Gagnrýni á þetta fyrirkomulag væri að kerfið væri of flókið og ákall væri eftir einföldu kerfi sem almenningur kynni skil á.

Megingallar við að kjósa framkvæmdarvaldið er að það sé ólýðræðislegt að samþjappa miklu valdi á hendi eins manns, þ.e. forsætisráðherra/forseta. Vanda þarf til samhengis á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds. Þá geti margar minni breytingar á störfum valdhafanna velt jafnvæginu frá ráðherraræði yfir til þingsins aftur, þær breytingar yrðu ekki jafn róttækar og bein kosning framkvæmdarvaldsins en gætu þjónað sömu markmiðum.

Rætt var hvort og þá hvernig ætti að draga úr valdi stjórnmalaflokka. Stjórnmalaflokkar séu strúktúr milli almennings og þingsins. Þeir eru nauðsynlegar stofn-

anir í lýðræðisþjóðfélagi en e.t.v. of valdamiklir. Aukið persónuval í kosningum væri möguleiki til þess að færa vald nær almenningi.

Það sjónarmið kom fram að fara ekki í of miklar kerfisbreytingar. Mikilvægt er að breytingar á stjórnarskrá séu ekki svo róttækar að fólk gefist upp gagnvart hugmyndinni, en vísa í að bæta það sem fyrir var.

Nefndarmenn voru sammála um að breyta þeirri tilhögun að þingmál dagi upp við lok löggjafarþings, en að breyta því á þann hátt að þingmál haldi gildi sínu til loka hvers kjörtímabils. Núverandi ástand veldur óhagræði fyrir starfsemi þingsins, en úrræðið hefur verið notað pólitískt auk þess sem mál þarf að endurflytja á næsta löggjafarþingi. Skýrsla stjórnlaganefndar leggur til útfærslu í því máli sem hægt er að byggja á.

Að lokum var gert grein fyrir hugmyndum um forsetann sem aðalumboðsmann þjóðarinnar. Hlutverk hans yrðu t.d. eftirfarandi: að undirrita lög hugsanlega með málsskotsrétti sbr. núverandi 26. gr., þá hefði hann yfirumsjón með Umboðsmanni Alþingis, Stjórnlagadómstól/ráði, Ríkisendurskoðun og Hagstofu. Verkefni hans væri að skipa ráðherra skv. tillögu forsætisráðherra, endurupptaka mála, náðanir, dómstólaráð, skipa dómara að fengnu álit, landskjörstjórn og umsjón með þjóðaratkvæðagreiðslum og öðrum kosningum. Þannig er hann enn fremur fulltrúi þjóðarinnar og eins konar neyðarventill á hina valdþættina en embættið ekki séð sem pólitískt.

Mynd var teiknuð upp til hagræðis fyrir nefndarmenn, sem er færð til bókar. Sjá fylgiskjöl að neðan.

## 2. Verklag nefndarinnar, starfs- og tímaáætlun

Ákveðið var að á næsta fundi yrðu teknir fyrir kostir og gallar með forsetaræði andspænis þingræðinu og farið yfir tilhögun á starfsemi valdhafa í öðrum löndum samkvæmt því verkefni sem falið var nefndarritara skv. lið 5.

## 3. Gildi, markmið

Í umræðum komu fram eftirfarandi markmið sem móti undirstöður stjórnskipunarinnar, en meðferð opinbers valds og tilhögun valdhafa skuli á þeim reist.

### Markmið

- Hindra samþjöppun valds, dreifa valdi, jafnvægi valdþátt.
- Efla lýðræðislega stefnumótun.
- Draga úr foringjaræði.
- Ábyrgð valdhafa sé skýr.

Þá var varpað fram spurningu til umhugsunar: Á forseti að vera þjóðhöfðingi, forseti Alþingis, forsætisráðherra, yfirmaður eftirlitsvalds, neyðarventill?

## 4. Áfangaskjal, óumdeild atriði?

Fundi morgundagsins er frestað, því er ekki talið tímabært að skoða breytingar á áfangaskjali fyrir ráðsfund á fimmtudag 28. apríl.

## 5. Önnur mál

Samþykkt að leita til C – nefndar um að skipa starfs- hóp þvert á nefndir um kosningar til Alþingis.

Nefndarritara var falið að gera skjal sem sameinar sambærileg stjórnarskrárákvæði er heyra undir verk- svið nefndarinnar. Lönd sem voru nefnd – Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Þýskaland, Frakkland og Kanada. – Bútan, Suður-Afríka.

Þá var nefndarritara falið að finna til tekjur hins opinbera og skiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Eftirfarandi erindi voru lögð fyrir nefndina og rædd:  
33166 Rene Biasoné. Heildarskipulagning á stjórnarskrá. Valddreifing og ríkisvald í 4. kafla.

33147 Helga Guðrún Erlingsdóttir. Úrsögn þingmanna úr flokkum. Alþingsmenn hætti störfum.

33173 Kristinn Þór Jakobsson. Tekjuskattsprósenta fest í stjórnarskrá.

33174 Ólafur S. Björnsson. Kosningar, forsetakjör, kvóti, hagstjórn og trúmál.

Fylgiskjöl: Mynd 1, Mynd 2 og Mynd 3.

Mynd 1 Uppbygging stjórnskipunnar - valdhafar

## C-nefnd 1. fundur 26.04. 2011

26.04.2011 10:30

### Dagskrá

1. Tillaga formanns um verklag
2. Umræður um dómssvaldið
3. Önnur mál

### Fundargerð

1. fundur C-nefndar, haldinn 26. apríl 2011, kl. 10.30-12.00 og 13.00-16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Guðmundur Gunnarsson boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Tillaga formanns um verklag

Formaður lagði til það verklag að nefndin byrji á að fjalla um kafla stjórnarskrárinnar sem snýr að dómssvaldinu. Í framhaldinu verði svo ákveðið hvað muni verða tekið fyrir næst.

#### 2. Umræður um dómssvaldið

Rætt var um að nálgast viðfangsefnið út frá hugsanlegum vanköntum á stjórnarskránni og tillögum stjórnlaganefndar og lagði formaður fram vinnuskjal sem inniheldur greinar stjórnarskrár um dómssvaldið ásamt valkostum stjórnlaganefndar A og B.

Helstu álitaefnin væru varðandi skipun dómara og staða Hæstaréttar sem æðsta dómstóls gagnvart sérdómstólum.

Um einstakar greinar

2. gr. stjórnarskrár og 2. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um 2. gr. stjórnarskrár og valkosti stjórnlaganefndar. Almenn sátt var um orðalagið í valkostum A og B að því er varðar dómssvaldið.

87. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B  
Rætt var um hvort orðið *dómssvald* geti verið viðtækara en orðið *dómstóll* sbr. mun á valkostum A og B. Mikilvægt að gæta samræmis í textanum.

Almenn samstaða um efnisatriði í valkostum A og B.

88. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um mikilvægi þess að dómstólar sinni aðeins dómstörfum en þó velt upp hugleiðingum um hvernig hægt sé að túlka orðin *samkvæmt venju eða eðli sínu*.

Rætt um orðalagsbreytingu þannig að seinni málsliður hljómi: *Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum*.

Almenn samstaða um efnisatriði í valkostum A og B.

89. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um hvort hægt sé að finna alþýðlega orðalag en *að einkarétti*. Einnig var rætt um hvort í stað orðalagsins að *leysa úr um stjórnskipulegt gildi laga* mætti setja inn meta *hvort lög standist stjórnarskrá*. Ekki útrætt þar sem stjórnskipunarlög geta verið viðtækara hugtak en stjórnarskrá. Möguleiki á að setja útskýringu í greinargerð um að ekki sé efnisleg breyting þótt orðalagi geti verið breytt. Einnig verði að skoða aðkomu mögulegs stjórnlagadómstóls í þessu samhengi.

Umræða um orðalagið *há ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád* í stað *það frestar ekki ákvörðun stjórnvalds* en áfram miðað við orðalag stjórnlaganefndar í bili.

Almenn samstaða um orðalag og efnisatriði í valkosti B.

90. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um stöðu Hæstaréttar Íslands sem æðsta dómstóls. Samstaða var um valkost B.

Hugleiðingar um hvernig hægt sé að tryggja áfram starfsemi Félagsdóms, t.d. með því að tala um lög- bundna gerðardóma eða vísa beint til dómstóls um vinnudeilur. Rætt var um að ekki megi gefa löggjafanum frjálsa heimild til að geta stofnað til nýrra sérdómstóla með almennum lögum, t.a.m. er í stjórnarskrá Danmerkur bannað að stofna til nýrra sérdómstóla með almennum lögum.

Umræða um Landsdóm og hugsanlegan stjórnskipunardómstól sem á eftir að fara fram hafa líka áhrif á þessa grein, hvernig orðalag eða upptalning verður í seinni hluta greinarinnar.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, miðvikudaginn 27. apríl kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu. Þá yrði rætt sérstaklega um stjórnlagadómstól, stjórnlagaráð og skipun dómara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 2. fundur 27.04. 2011

27.04.2011 10:00

### Dagskrá

1. Framhaldsumræða um sjálfstæði dómstóla
2. Önnur mál

### Fundargerð

2. fundur C-nefndar, haldinn 27. apríl 2011, kl. 10.00-12.00 og 13.00-14.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Guðmundur Gunnarsson boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Framhaldsumræða um sjálfstæði dómstóla  
91. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um hve ítarlega ætti að kveða á um skipun dómara í stjórnarskrá, en ítarleg ákvæði um slíkt gengur gegn norrænni lagahefð. Fundarmenn sam-mála um að við ráðningu dómara eigi að ríkja fagleg sjónarmið en ekki pólitísk. Rætt um hvers konar kerfi tryggir slíkt best.

Samstaða var um að miða umræðuna fremur við valkost B í skýrslu stjórnlaganefndar. Rætt um að dómarar geti verið skipaðir ótímabundið eða til ákveðins tíma eins og aðrir embættismenn, t.a.m. til 15 ára í senn. Flestir mátu það svo að ótímabundin skipun tryggði best sjálfstæði dómstóla sem tryggir best rétt borgaranna um óvilhallan dómstól gagnvart stjórnvöldum.

Þá var rætt um hvernig dómarar eru skipaðir í dag, og hvort forseti ætti að geta skipað dómara með eða án tillögu ráðherra. Flestir voru á því að forseti myndi skipa án tillögu ráðherra en tryggja yrði að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði, í formi nefndar sem mæti hæfi og gerði tillögur til forseta.

Einnig var rætt um þá hugmynd að dómarar yrðu kosnir í almennum kosningum af þjóðinni. Lögfræðingar séu of einsleitir hópur til að einoka mat á hæfi og málefnalegum sjónarmiðum. Á móti var spurt hvort það myndi tryggja nægilega réttindi minnihlutahópa. Í þessum efnum væri heppilegra að dreifa valdinu innan stjórnkerfisins í stað almennra kosninga um dómssvaldið.

Þá var rætt að tryggja þyrfti aðkomu Alþingis að skipuninni ef sá sem skipar fer ekki að tillögum hæfnis- eða matsnefndar. Tillögur stjórnlaganefndar virðast ekki tryggja þá framkvæmd heldur.

Einnig var rætt um hvort sú stofnun sem nefnist *Stjórnlagaráð* í skýrslu stjórnlaganefndar væri heppileg til að meta hæfi og málefnaleg sjónarmið við skipun dómara. Einnig var rætt um aðkomu erlendra sérfræðinga en þýðingarkostnaður gæti orðið mikill.

1. másl. 61. gr. stjórnarskrár og 92. gr. valkosta stjórnlaganefndar A og B

Rætt var um hvort skýra þurfi frekar orðalagið með lögum þar sem merkingin sé í víðari merkingu hugtaksins og þýði í raun allar viðurkenndar réttarheimildir.

Ákveðið að nefnd C muni leggja fram til kynningar fyrir ráðsfund 28. apríl breytingar á uppbyggingu áfangaskjals Stjórnlagaráðs um dómssvaldið.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, mánudaginn 2. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.

## Fundargerð 6. ráðsfundar

28.04.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir 3.-5. ráðsfundar bornar upp til samþykktar
2. Yfirlit frá nefndastarfi
3. Tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar
4. Stefnumarkandi umræða fulltrúa: Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason

6. ráðsfundur - haldinn 28. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugs-son, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted og Guðmundur Gunnarsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 28. apríl 2011 og dagskrá í sam-ræmi við fundarboð, með því fráviki sem greinir undir lið 3.

Formaður, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerðir 3.-5. ráðsfundar bornar upp til samþykktar

Fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar voru lagðar fram til kynningar á 5. ráðsfundi og fundargerð þess síðast-nefnda kynnt fulltrúum með tölvupósti 27. apríl.

Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda og verða birtar á vef Stjórnlagaráðs.

## 2. Yfirlit frá nefndastarfi og tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar

Dagskrárliðir 3 og 4, skv. fundarboði, voru sameinadír með leyfi fundarins. Formaður lýsti því að hver nefnd myndi kynna starf sitt hingað til. Jafnframt hafi komið fram tillögur frá nefndum A og C sem nú séu lagðar fram til kynningar. Tillögur þessar voru sendar fulltrúum í gær.

Formaður lýsti því að fyrirvarsmenn nefnda muni kynna umræddar tillögur og að því búnu fara fram almennar umræður um þær. Afgreiðsla muni hins vegar fara fram á næsta ráðsfundi. Að þessu sinni muni nefnd C byrja en að því leyti muni nefndirnar skiptast á.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar.

Formaður gaf orðið laust um tillögu verkefnanefndar C og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Katrín Oddsdóttir, Dögg Harðardóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Í máli Eiríks Bergmanns Einarssonar kom fram áhugi á að leggja fram breytingartillögu og formaður lýsti því að slíkar tillögur færu til umfjöllunar í viðkomandi nefnd áður en þær yrðu teknar fyrir á ráðsfundi.

Pawel Bartoszek formaður fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu nefndarinnar.

Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B, flutti yfirlit yfir verkefni nefndarinnar og þær umræður sem þar hafa farið fram.

Formaður gaf orðið laust um verkefni B-nefndar og eftirtaldir tóku til máls: Eiríkur Bergmann Einarsson og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, fjallaði um verkefni og störf nefndarinnar, auk þess sem hún kynnti fram komna tillögu.

Formaður gaf orðið laust um tillögu verkefnanefndar A og eftirtaldir tóku til máls: Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Dögg Harðardóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Erlingur Sigurðarson og Örn Bárður Jónsson.

Silja Bára Ómarsdóttir formaður fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu nefndarinnar.

Formaður gerði fundarhlé í 15 mínútur.

## 3. Stefnumarkandi umræða fulltrúa

Formaður lýsti því að komið hefðu fram óskir fulltrúa um tækifæri til að koma stefnumálum sínum og áherslum á framfæri við ráðsfund. Send var út fyrirspurn um áhuga fulltrúa í þessu efni og að þessu sinni eru þrjár slíkar framsögur á dagskrá.

Fulltrúar munu raðast á næstu fundi í samræmi við það hvenær þeir hafi komið óskum sínum um þátttöku á framfæri við formann. Fyrirkomulag verði nánar tiltekið þannig að hver og einn fái að hámarki 15 mínútur og ekki verði boðið upp á fyrirspurnir eða umræður að því loknu.

### 3.1 Andrés Magnússon

Andrés Magnússon flutti framsögu sína.

### 3.2 Erlingur Sigurðarson

Erlingur Sigurðarson flutti framsögu sína.

### 3.3 Gísli Tryggvason

Gísli Tryggvason flutti framsögu sína.

## 4. Næsti fundur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs verði haldinn fimmtudaginn 5. maí. Dagskrá verði send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Áfangaskjalið á 6. ráðsfundi

Engin breyting.

### Aðfaraorð

Nýr kaffi

### Undirstöður

### Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald

### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

### Störf Alþingis

### Dómstólar

### Trúmál

### Mannréttindi

### Sveitarfélög

### Lokaákvæði

### Auðlindir

Nýr kaffi

### Utanríkismál

Nýr kaffi

## 7. ráðsfundur 05.05. 2011.

### A-nefnd 3. fundur 02.05. 2011

02.05.2011 10:00

#### Dagskrá

Fundargerð síðasta fundar.

1. Vinnuskjal um mannréttindi.
2. Skipulag næsta fundar.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

3. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 2. maí 2011 kl. 10.00–12.00 og 13.00–15.30.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Samþykkt.

2. Vinnuskjal um mannréttindi

Umræðu um endurbætur á mannréttindakafla var haldið áfram frá síðasta fundi nefndarinnar. Illugi, Katrín og Þorvaldur lögðu fram nýjar tillögur að kafla-  
num, þar sem m.a. var gert ráð fyrir að endurraða efnisgreinum hans, til að endurspegla betur mikilvægi þeirra og þá afstöðu sem kom fram á þjóðfundi.

Tími gafst til að ræða hluta tillagna vinnuhópsins, en umræðum verður framhaldið á næsta fundi nefndarinnar.

3. Skipulag næsta fundar

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 3. maí 2011 og hefst kl. 9.30. Þar verður lögð áhersla á þær greinar mannréttindakaflans, sem snúa að efnahagslegum og félagslegum réttindum. Vinnan miðar að því að ná að vinna sem mest úr mannréttindakaflanum, til að hægt sé að leggja hann til kynningar á ráðsfundi 5. maí nk.

4. Önnur mál

Önnur mál voru ekki rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum:

33159 Lúðvíg Lárusson. Herskylda aldrei lögleidd.

33186 Hagsmunasamtök heimilanna. Erindi til Stjórnlagaráðs varðandi eignarréttarákvæði.

33191 Friðbjörn Níelsson. Réttur til að taka út refsivist í eigin heimalandi.

33195 Lúðvíg Lárusson. Eignarréttur land- og jarðareigenda.

33196 Margrét Guðmundsdóttir. Varðandi ákvæði um að skerpa á eignar- og nýtingarrétti jarða.

33209 Lýðræðisfélagið Alda. Fyrirtæki, félög og stofnanir lúti lýðræðislegri stjórn þeirra sem hjá þeim starfa.

33409 Samtök hernaðarandstæðinga. Friðar- og afvopnunarmál.

## A-nefnd 4. fundur 03.05. 2011

03.05.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Vinnuskjal um mannréttindi.
2. Undirbúningur sameiginlegs nefndafundar og tillagna til ráðsfundar.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

4. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 3. maí 2011 kl. 10.00–12.00 og 13.30–15.30.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi frá kl. 11.00, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi kl. 10.00–11.00, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Illugi Jökulsson hafði boðað forföll. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Vinnuskjal um mannréttindi

Áfram var haldið umræðu frá síðasta fundi nefndarinnar um endurbætur á mannréttindakafla. Þráðurinn var tekinn upp þar sem frá var horfið, þannig að fyrst voru skoðuð ákvæði um félagsleg og efnahagsleg réttindi.

Nefndin náði að ræða greinar sem snúa að fjölmiðla-  
frelsi og réttinum til upplýsinga. Jafnframt var farið yfir greinar um náttúru, umhverfi og auðlindir.

2. Undirbúningur sameiginlegs nefndafundar og tillaga til ráðsfundar

Hugmyndir nefndarinnar verða kynntar fyrir öðrum fulltrúum á sameiginlegum fundi miðvikudaginn 4. maí kl. 10.00–12.00. Samþykkti nefndin að kynna fyrstu 13 greinar mannréttindakaflans á þeim fundi, en að greinar um náttúru, umhverfi og auðlindir kölluðu á frekari úrvinnslu áður en þær væru kynntar öðrum ráðsfulltrúum.

3. Önnur mál

Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum  
33208 Lýðræðisfélagið Alda - Opið lýðræði  
33142 Árni Stefán Árnason - Réttindi dýra

## A-nefnd 5. fundur 04.05. 2011

04.05.2011 10:00

Sameiginlegur opinn fundur.

#### Dagskrá

1. Endurskoðaður mannréttindakafla.
2. Gengið frá tillögum fyrir ráðsfund.

#### Fundargerð

5. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 5. maí 2011 kl. 10.00–12.00 og 14.45–16.30.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dógg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

#### 1. Kynning á vinnuskjali um mannréttindi

Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögum að fyrstu greinum mannréttindakaflans. Yfirferðin var lengri en við var búist, þannig að á auglýstum fundartíma náðist aðeins að ræða fyrstu 6 greinarnar í vinnuskjalinu – en til stóð að ræða 13 greinar á fundinum. Formaður C-nefndar bauð því hluta þess tíma sem þeirri nefnd hafði verið úthlutað, til að hægt væri að ræða efnið frekar. Á þeim viðbótartíma voru ræddar 5 greinar til viðbótar, og því ákveðið að leggja 11 fyrstu greinar vinnuskjalsins fyrir næsta ráðsfund.

Pawel Bartoszek óskaði eftirfarandi athugasemd bókaða: „Ég set fyrirvara við að fara í heildarendurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Þær fáu, hóflegu og yfirveguðu breytingar sem lagðar eru til í skýrslu stjórnlaganefndar gætu vel komið til greina en ítarleg uppstokkun á þessum mjög svo nýlega og góða kafla er ekki aðkallandi.“

#### 2. Gengið frá tillögum fyrir ráðsfund

Að loknum sameiginlegum nefndafundi hélt A-nefnd fundi áfram. Þar var tekið tillit til helstu sjónarmiða sem fram komu á fundinum og breytingar gerðar á tillögum A-nefndar, þannig að framlagt skjal á ráðsfundi endurspeglar að einhverju leyti þær umræður sem áttu sér stað á sameiginlegum fundi fulltrúa.

## B-nefnd 2. fundur 02.05. 2011

02.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerð 1. fundar lögð fram til samþykktar.
2. Framhald á umræðum um viðfangsefni nefndarinnar.
3. Framlagning á fyrirkomulagi forsetaembætta í ýmsum ríkjum – hlutverk og störf.
4. Verk- og tímaáætlun, maí.
5. Önnur mál.

#### Fundargerð

2. fundur B-nefndar haldinn 2. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þór-

hildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Þá hafði Þórhildur Þorleifsdóttir tilkynnt seinkun.

Gengið var til dagskrár eins og hún var birt hinn 29. apríl síðastliðinn.

#### 1. Fundargerð fyrsta fundar

Fundargerð fyrsta fundar var lögð fram og samþykkt.

#### 2. Framhald á umræðum um viðfangsefni nefndarinnar

Nefndarmenn héldu áfram umræðum um viðfangsefni nefndarinnar og m.a. voru ræddir frekar kostir og gallar forsetaþingræðis og þingræðis, sem og kostir og gallar við að kjósa oddvita framkvæmdarvalds beinum kosningum eða viðhafa núverandi þingræðisskipan.

Helsti kosturinn við að kjósa oddvita framkvæmdarvalds sé að rjúfa samþættingu löggjafar- og framkvæmdarvalds. Slíkt leiðir til þess að þingið styrkist og skilið er algjörlega á milli valdþátta. Slíkt fyrirkomulag leiði til minni miðstýringu og aukinnar valddreifingar. Vissulega róttæk breyting en það sé það sem þjóðin kallar eftir.

Helstu ókostirnir endurspeglast í áhyggjum af samþjöppun valds og allt vald hverfist í kringum sterkan leiðtoga. Að kjósa framkvæmdarvaldhafa beint sé róttæk breyting á stjórnarumhverfi hér á landi sem muni ekki ná fylgi þjóðarinnar. Það sé aukinheldur gegn valddreifingu að valdið safnist saman á eins manns hendi. Þá væri algjört skilyrði að þingið væri sterkt mótvægi til að markmiðið um aðskilnað næði fram að ganga, sem sumir nefndarmanna hafi verulegar efasemdir um. Bent er á að setja verði hugmyndir um breytingar í sambandi við vandamál nútíðarinnar.

Aðalvandamál umhverfi stjórnmalanna í dag sé flokksræðið. Flokkarnir ákveða hverjir gegna þingmannsembættum hverju sinni. Þá sé enn fremur vandamál að fólk veit ekki hverja það er að kjósa til að gegna ráðherraembættum þ.e. að flokkar ganga óbundnir til kosninga. Flokkarnir velja jafnframt þá sem gegna ráðherraembættum. Ein helsta gagnrýnin á núverandi fyrirkomulag er að sama fólkið velst til áhrifa eftir styrk sínum innan flokks. Þessi veruleiki leiði til þess að tvöfalt kerfi gæti komið til greina, þ.e. að kjósa framkvæmdarvald og löggjafarvald hvort í sinni kosningu. Bent var á að staðan gæti hins vegar hæglega verið sú að oddviti framkvæmdarvalds væri úr sama flokki og meirihluti þingsins, en þá gæti samþætting orðið sú sama og í dag.

Þórhildur Þorleifsdóttir mætti á fundinn kl. 10.45.

#### 3. Framlagning á fyrirkomulagi hlutverki forseta í ýmsum ríkjum - hlutverk og störf.

Nefndaritari lagði fram minnisblað fyrir fundinn um hlutverk og stöðu forseta í stjórnskipun annarra ríkja.

Nefndarmenn viku umræðum sínum á nýjan leik að

embætti forseta. Eftir umræður nefndarinnar kæmu í meginatriðum þrjár leiðir til greina, með mismunandi áherslum þó. Í fyrsta lagi að forseti gegni embætti þjóðhöfðingja. Forseti gegni hlutverki forseta Alþingis og yfirmanns eftirlitsstofnana þingsins. Forsætisráðherra kjörinn beint eða yfirmaður eftirlitsvalds, umboðsmaður þjóðarinnar.

Í umræðunni var bent á að forsetaembættið væri í núverandi landslagi pólitískt. Forsetinn yrði enn pólitískari sem yfirmaður eftirlitskerfis. Hann bæri ábyrgð á kerfinu sem yrði jafnan háð fjárveitingum Alþingis. Það þyrfti verulega íhugun hvort veita ætti forseta, innan núverandi kerfisins, frekari pólitísk völd og íhlutun.

Nefndin setti upp tvo valkosti varðandi embætti forseta, sjá mynd 1 (fylgiskjal). Bent var á að ýmis atriði sem voru nefnd undir báðum valkostum gætu átt við bæði kerfi. Slík atriði eru tilgreind með plús.

Valkostur A: Forseti kosinn beinni kosningu. Undir þessum valkosti voru eftirfarandi atriði nefnd: Þingið styrkt í stefnumótun og eftirliti. + Skilvirkni þótt togstreita sé á milli valdþátta? + Leggja fram ráðherralista fyrir kosningu? Þarf forseti að undirrita lög eða nægir málskot til þjóðaratkv. og/eða stjórnlagadómstóls? + Vantraust þings á forseta (impeachment). Öflugt nefndarstarf. + Sterkari nærstjórnir. +

Valkostur B: Forseti sem þjóðhöfðingi (eða enginn/róterandi, valdalítill, jafnvel engin völd). Alþingi kys forsætisráðherra (í nokkrum umferðum ef þarf). Þjóðaratkvæði eða þjóðarfrumkvæði (málskot til stjórnlagadómstóls). + Ráðherrar sitja ekki á þingi. + Ráðherrar leggja ekki fram frumvörp. + Auka vægi nefnda. Forseti þingsins með dagskrárvald. Minnihluti þings með aukin völd. + Stofnanir undir Alþingi. Aukin völd til sveitarstjórna +

Nokkur atriði til frekari umhugsunar við valkost A. Möguleiki er á listakjöri í sambandi við kjör ráðherra, ráðherralisti sé lagður fram við kosningar til tiltekinnar embætta. Bandaríkjamenn hafa aðeins kosið sér forseta sem velur ráðherra. Þar í landi hefur skapast sú hefð að valið sé fagfólk í viðkomandi málaflokki eða aðilar úr öðrum flokkum.

Aðalatriðið við báða kosti sé að kerfin nái fram þeim markmiðum sem áður hafa verið rædd, valddreifing, ábyrgð valdhafa og að tryggja lýðræðislega stefnumótun.

Kostur A sé jafnvel líklegri til að ná fram markmiðum um valddreifingu. Þá var bent á að kostur A sé ekki vænlegur til vinnings, þ.e. að þjóð og þing samþykki slíkan kost. Á móti kemur að þjóðin sé tilbúin í verulega uppstokkun og sjái nýtt fyrirkomulag ekki sem slæman hlut. Kostur B sé einfaldlega of daufur og muni ekki virka.

Rædd var uppstokkun á nefndarfyrirkomulagi. Leið A væri sennilega mjög skilvirk til að ná fram markmiðum þess að auka valddreifingu.

Í kjölfar þeirrar umræðu kemur fram það sjónarmið að spurningin sé ekki endilega kerfið, og að önnur kerfi hafi reynst betur en hið norræna þingræðiskerfi. Vandinn sé ekki fólgin í uppbyggingu og kerfið hefði ekki bjargað hruninu. Lausnin sé að taka núverandi kerfi, skera það upp en halda í hinn norræna menningararf. Óklókt sé að gera umfangsmiklar breytingar, taka upp flókin kerfi sem almennur skilur illa sem veldur því að erfitt er að selja það þjóðinni. Að auki fylgi slíku kerfi, að kjósa yfirmann framkvæmdarvaldsins beint, engin trygging fyrir betra lýðræði. Lykilatriði sé fremur að efla lagasetningarhlutverk þingsins sjálfs, frá því sem það er nú, eins konar stimpilstofnun. Í því sambandi er bent á að breyting á leikreglum geti með tíð og tíma leitt til þess að hefðir breytast.

Nefndarmenn ræddu gallann í núverandi kerfi, áður nefnt flokksræðið og að forsætisráðherra hafi tangarhald á þinginu. Sumir nefndarmanna eru sammála því að miklum ávinningi er hægt að ná með breytingum innan núverandi kerfis. Með mörgum breytingum sé hægt að styrkja þingið, t.d. með því að flytja lagasetningarvaldið í miklum mæli yfir til þingsins.

Gísli Tryggvason mætti á fundinn kl. 11.15.

Lykilatriði í aukinni valddreifingu er að auka hlut sveitarfélaga. Hlutfallslega þyrftu tekjur sveitarfélaga að aukast í samræmi við núverandi hlut, sem er um 28% af heildartekjum hins opinbera. Ríkið standi eftir með um 70%. Mikil einföldun er hins vegar að ræða þessa skiptingu á þennan hátt enda á fremur að horfa til hvaða málaflokkar séu hjá ríki og sveitarfélögum. Í því sambandi að færa fjárstjórnarvald í auknum mæli til sveitarfélaga þyrfti enn fremur að koma fram krafa um fækkun og styrkingu núverandi sveitarstjórna.

Nefndarmenn taka saman það sem þeir eru sammála um: Ráðherrar sitji ekki á þingi, ráðherrar leggi ekki fram frumvörp, þjóðaratkvæði/þjóðarfrumkvæði, styrkja þingið í stefnumótun og eftirliti, skilvirkni þótt togstreita sé milli valdþátta, þarf forseti að undirrita lög eða nægir málskot til þjóðaratkvæðis og/eða stjórnlagadómstóls?, valddreifing til héraða/nærsamfélaga.

Nefndarmenn eru auk þess allir sammála um að núverandi staða á forsetaembættinu sé óásættanleg og mikilvægt sé að stjórnarskráin endurspegli rétt fyrirkomulag á valdakerfinu. Þannig sé leppaorðalag óþarft, þó að það sé algengt í lýðveldisríkjum. Hins vegar þurfi nefndin að taka afstöðu til forsetaembættisins.

### 3. Tímaplan og verkáætlun

Samþykkt að Vilhjálmur og Ástrós taki saman blað þar sem mælt er fyrir um markmið og leiðir í nefndarstarfi B.

Nefndarritara falið að kanna með hvaða hætti mælt er fyrir um sveitarfélög í stjórnarskrám.

Nefndarritari lagði drög að minnisblaði um hlutverk forsetans fyrir nefndarmenn, með tölvupósti dags. 30. apríl síðastliðinn.

Ekki tekin afstaða til frekari verkáætlunar að svo stöddu.



Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.  
Fundargerð ritaði Eva H. Baldursdóttir.

Viðhengi: Mynd 1, Valkostur A og B

## B-nefnd 3. fundur 03.05. 2011

03.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Framhald á umræðum frá 2. maí.
2. Önnur mál

### Fundargerð

3. fundur B-nefndar haldinn 3. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

Gengið var til dagskrár.

#### 1. Framhald frá umræðum 2. fundar

Vilhjálmur gerði grein fyrir skjalinu „Markmið, leiðir og gildi“ en þar var tekið fram hvaða gildi væru að leiðarljósi fyrir vinnu nefndar B, hvaða markmið nefndin vildi fá fram með endurskoðun á valdhöfunum þremur og undirstöður og að lokum hvaða leiðir væru færar í þeim efnum.

Nefndarmenn ákváðu að fara yfir þær greinar í stjórnarskrá sem fjalla um forsetaembættið og kanna hvaða greinar væru í lagi og hverjum þyrfti að breyta. Þótt endanleg afstaða liggi ekki fyrir gagnvart hlutverki forseta, töldu nefndarmenn gagnlegt að fara yfir nógildandi ákvæði og setja inn athugasemdir þar sem við á.

Eftir framangreinda yfirferð var bent á að lykilspurning varðandi forsetaembættið væri: Viljum við þing eða þjóðkjörna ríkisstjórn? Í framhaldi af því væri önnur lykilspurning: Hvort valdalaus forseti hafi þýðingu fyrir íslenska stjórnskipun? Ef vilji stendur til þess að vera með pólitískan forsætisráðherra kjörinn sérstaklega í íslensku stjórnarskipulagi, þá er óþarft að vera með pólitískan forseta jafnframt. Þessum tveimur spurningum þarf að svara áður en áfram er haldið. Að sama skapi ef val ráðsfulltrúa verður að breyta stjórnskipun innan núverandi þingræðisfyrirkomulags, þurfi að ákveða hvort forseti eigi að hafa einhver efnisleg völd og hve mikil. Frumforsendan væri þó eftir sem áður hvort það væri samhugur í að halda núverandi þingræðiskerfi.

Þá var reifað að mögulega væru ákveðin sameiginleg gildi í samfélaginu sem forseti mætti halda á lofti t.d. menntakerfinu, menningar- og listastarfsemi hvers konar og hinum íslenska menningararfi. Færi vel á að forsetaembættið væri þess eðlis – sérstakur verndari

ákveðinna „efnislegra“ gilda. Í því samhengi var bent á að of mikil áhersla væri lögð á efnisleg gildi í núverandi umræðu og öll umræða hverfist í kringum efnislega þætti.

Almenn lífsvíska getur haft andleg verðmæti og minnir okkur á að hafa ákveðin gildi að leiðarljósi. Ekki mætti gera lítið úr forseta sem eins konar andlegum leiðtoga og sem menningarforseta ef svo mætti að orði komast. Að vera veislustjóri og sameiningartákn væri að mörgu leyti mikilvægt.

Mikilvægt er að hafa í huga að það að kjósa forsætisráðherra beint útilokar ekki þjóðhöfðingja. Nefndarmenn ákváðu að ræða eftirfarandi atriði á sameiginlegum nefndarfundi á morgun hinn 4. maí: Hlutverk forseta og forsetaembættið. Meginspurningar séu: Hvert á hlutverk forseta að vera, á að hafa embættið og hvert á að vera inntak þess? Leitast verður við að fá skoðun ráðsfulltrúa á ofangreindum spurningum. Áriðandi fyrir áframhaldandi vinnu nefndarinnar að niðurstaða náist um embættið.

#### 2. Önnur mál

Á sameiginlegum fundi nefndarmanna verður ákveðið að leggja fram til umræðu hugmyndir nefndarmanna um stöðu og hlutverk forsetaembættisins. Nefndarritara falið að útbúa mynd með aðstoð nefndarmanna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 4. fundur 04.05. 2011

04.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Hlutverk forseta

### Fundargerð

4. fundur B-nefndar haldinn 4. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Freyja Haraldsdóttir, Ómar Þ. Ragnarsson, Guðmundur Gunnarsson, Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Ari Teitsson, Lýður Árnason, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Fundurinn er sameiginlegur. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Hlutverk forseta

Mynd um hlutverk forseta var dreift til fulltrúa og varpað upp á vegg, sjá fylgiskjal. Myndin varðar mögulegt hlutverk forseta Íslands sem grundvallast á

umræðum nefndar B á síðustu fundum. Þá er dreift til fundarmanna úthendu frá nefndinni: Minnisþuntar um gildi, markmið og leiðir.

Þórhildur gerir grein fyrir myndinni, sem endurspeglar í hnotskurn umræðu nefndarinnar og þau ólíku hlutverk sem forseti getur gegnt innan stjórnskipaninnar.

Vilhjálmur fer stuttlega yfir þau gildi og markmið sem nefnd B er sammála um að stjórnskipanin eigi að endurspegla. Gildin eru lýðræði, valddreifing, gagnsæi, traust, ábyrgð og skilvirkni svo eitthvað sé nefnt, ásamt markmiðum, t.d. að vald og ábyrgð fari saman, stjórnarskráin sé skýr, umræðuhefð sé bætt og rökræða eflað, aðhald og eftirlit þingsins sé styrkt gagnvart ríkisstjórn og stjónsýslu, hlutverk forseta og ábyrgð hans sé skýr og að sama skapi valdmörk og ábyrgð ráðherra aukinheldur að draga úr miðstýringu og samþjöppun valds á fáa einstaklinga.

Eiríkur bendir á að hlutverk forseta sé samofió spurningunni um hvort við viljum viðhalda þingræði, að ríkisstjórn sitji í umboði þingsins eða hvort eigi að kjósa æðsta handhafa framkvæmdarvalds beint, oddvita sem sé þá forseti eða alla ráðherra.

Dögg bendir á að í ljósi þess skamma tíma sem ráðinu sé ætlað að starfa sé óráðlegt að afnema embætti forseta. Þá sé almenn og breið samstaða um embættið.

Þorkell tekur fram að hann sé eindreginn stuðningsmaður þingræðis. Hann er fylgjandi því að forsetaembættið sé einhvers konar fjórða vald eða neyðarventill á athafnir hinna valdhafana. Að því leytinu til sé hann ópólítískur eða óflokksbundinn í þeim skilningi.

Katrín Fjeldsted bendir á að ekkert sé til sem sé ópólískt. Þá sé forseti að einhverju leyti samvíska þjóðarinnar og segist spennit fyrir því að hann yrði enn til staðar með það hlutverk sem hér er nefnt, verndari menningararfsins eða með þeim hætti. Þá eigi embættið þó ekki að auðkennast af persónu og því fylgjandi tímatakmarkunum á embættinu. Katrín lýsir því að hún sé áhugasóm fyrir útfærslu á stöðu forseta þar sem hann gegni ákveðnu eftirlitshlutverki eða einhvers konar samnefnari eftirlits. Forsetinn eigi því að vera sameiningartákn og verndari menningararfleifðar, neyðarventill og mögulegt eftirlitshlutverk og ekkert sé því til fyrirstöðu að hann gegni öllum þeim hlutverkum.

Þorvaldur telur stjórnskipan hér líkari því sem er í Bandaríkjunum og Frakklandi, þ.e. ákveðið form af forsetaþingræði. Bendir Þorvaldur á að það sé fjarlægur möguleiki að ráðast í svo róttæka breytingu á stjórnarskránni að kjósa oddvita framkvæmdarvaldsins beint. Sú niðurstaða sé honum erfið þar sem Alþingi er rúið trausti og því verði ráðið að setta sig við núverandi skipan. Þorvaldi þykir rétt að halda forsetaembættinu og færa því meira hlutverk en það gegnir nú. Lendingin gæti orðið mitt á milli þingræðis og forsetaræðis. Hann tekur undir með hugmynd Erlings um eftirlitshlutverk forsetans að gefinni

nánari útfærslu. Þorvaldur er hlynntur tillögu Ólafs Jóhannessonar frá um 1942 – að forsetinn hafi rétt til að mynda utanþingsstjórn við ákveðnar kringumstæður. Örlítið megi draga úr þingræðinu með því að veita forseta aukin hlutverk. Þá eigi að víkka út málskotsréttinn – en einnig megi taka fyrir frumvörp sem þingið hafnar. Þá hefði forseti eftirlitshlutverk og hafi yfirumsjón með skipun dómara í embætti. Forsetaembættið verði viðameira og yrði stofnun með skrifstofu sér við hlið, hefði ríkara hlutverk en nú en á móti kæmi að það væri hægt að koma forseta frá og ríka áherslu þyrfti að leggja á ábyrgð hans. Takmarka ætti setu hvers manns í embætti við tvö kjörtímabil, í mesta lagi þrjú – til að vega á móti auknu valdi. Þetta er vinnandi vegur innan þröngs ramma og lagt til að lausn yrði fundin á þessu.

Andrés segir að þingræði þýði það sama og flokksræði – sem er oddvitaræði. Þjóðin sé ósátt með núverandi oddvitaræði. Það að ráðherrar víki af þingi muni í því sambandi ekki skipta miklu og það lýsi ákveðinni óskhyggju að þótt valdamesti maðurinn víki, muni hann ekki ráða öllu. Þjóðin sé ósátt við að flokkarnir noti fjármuni til að hygla flokknunum en ekki almenningsi í landinu. Andrés segist fylgjandi því að skrefið sé stigið til fulls og skilið algera á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds með því að kjósa báða valdhafa beint. Heiðarlegra sé að kjósa þá bara 7-9 menn sem við viljum hafa sem ráðherra, sem ætti ekki að vera mikið mál þó að kosningar yrðu aðeins flóknari. Ef færa á pólitísk völd til forsetans verður hann ekki lengur sameiningartákn. Hins vegar þurfi þjóðin slíka persónu. Jafnframt, ef þjóðin getur knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu þá sé óþarft að fara í gegnum forsetann. Andrés segist því fylgjandi að hafa embætti forseta en að það sé sameiningartákn þjóðarinnar – og því verði hann að vera ópólítískur.

Ómar bendir á að við erum lítið þjóðfélag og því þurfi að dreifa valdi. Í raun séu sex valdaþættir – þjóðin, forsetinn, löggjafarvaldið, sem fæðir af sér framkvæmdarvaldið, dómvaldið og svo sjötta valdið sem er fjölmiðlavaldið. Lengi hafi hann verið fylgjandi því að fara franska eða hálf-finnska leið. Lykilatriði sé að nýta í auknum mæli þjóðaratkvæðagreiðslur, sem sé liður í valddreifingu. Skynsamlegast sé að búa til stjórnarskrá þar sem höfð er hliðsjón af hefðum og núverandi stjórnskipan. Bendir Ómar á að það sé vanþroskamerki þjóðar að forseti geti ekki verið sameiningartákn með ákveðnu valdahlutverki, en sú skipan er viðhöfð hjá fjölda þjóða. Ómar nefnir nokkur hlutverk sem mætti færa forseta, t.a.m. að hann hafi skipunarvald fyrir dómara og er samþykktur því að forseti geti verið neyðarventill.

Ari treystir því að áfram sé þingræði. Ari fagnar því að niðurstaða þeirra sem hafa talað á undan sé að halda embætti forsetans. Hann er samþykktur því að forseti gegni menningarhlutverki, sé ákveðinn öryggisventill og auka megi völd hans til að mynda utanþingsríkisstjórn, þá fari vel á að hann sé umboðsmaður þjóðar í kosningum og við val á dómurum. Þannig beri okkur að styrkja forsetaembættið og við eigum ekki að óttast að hann sé pólitískur, reynslan sýnir það. Þá telur hann að við eigum að setja strax að seta í embætti

sé bundin ákveðnu tímahámarki, raunar eiga bæði forsætisráðherra og forseti að hafa takmarkaða tímallengd í embætti.

Lýður telur að núverandi forseti hafi markað þátta-skil. Þá telur hann að þjóðin vilji að forsetinn fái aukið hlutverk en ýmis voru nefnd í kynningunni en hann geti gegnt þeim öllum. Hins vegar ef auka eigi völd hans þá verði að vera tækifæri til að losa sig við hann, og hann gegni ábyrgð. Ef ákveðið verður að búa við núverandi þingræði segist hann hallast að því að auka völd forsetans en ef kjósa á ráðherra beint eða þingið þá sé afstaðan önnur.

Vilhjálmur spyr hvornig fulltrúar myndu sjá fyrir sér útfærslu með auknum völdum við að skipa utanþingsstjórn. Þorvaldur tekur til máls og nefnir að ein leiðin væri sú að í stjórnarskrá væri ákvæði þess efnis að þá fái forseti heimild eftir 60 daga til að mynda utanþingsstjórn. Bent er á að stjórnlaganefnd er með sambærilega tillögu sem tiltekur 12 vikur. Forseti gæti jafnframt haft heimild, nokkurs konar útvíkkaðan málskotsrétt, til að vísa vantrauststillögu á utanþingsstjórn til þjóðaratkvæðis.

Íris Lind minnir á að staða forseta er nú óskýr samkvæmt stjórnskipaninni og óskilgreind. Hún sé ekki tilbúin að leggja embættið alveg af og telur rétt að hann hafi ákveðið vald svo sem eftirlitshlutverk. Þá beri að takmarka kjörtímabil hans og að skýra eigi málskotsréttinn t.d. með þeim hætti að minnihluti þings þyrfti að óska þess, það yrði skilyrði til beitingar. Ekki sé rétt að beita málskotsrétti í því tilviki sem minnihluti þingmanna krefst þess ekki, enda er lög-gjafarvaldið kosið á sama hátt með ákveðnar valdheimildir rétt eins og forseti.

Þorkell telur umræðuna athyglisverða. Samhljóm sé að finna í orðum nefndarmanna og flestir á því að það sé ekki tóm til að breyta þingræðisfyrirkomulaginu. Mikilvægt sé í allri umræðu að hafa í huga að við erum fámenn og aðeins um 300 þúsund. Þá sé niðurstaðan eftir umræður fulltrúa að forsetinn fái aukið hlutverk, eins og hér hafi verið nefnt, menningar-, sameiningar- og eftirlitshlutverk með einhverjum hætti. Forseti verði ekki aðeins leppur ráðherra heldur hafi beint ákvörðunarvald. Eftir situr hlutverk forseta með stjórnarmyndun, myndun utanþingsstjórnar og þar fram eftir götunum. Þorkell telur að hægt sé að sjá fyrir sér skipan þar sem þingið ræður sér ríkisstjórn líkt og menn ráða sér forstjóra. Ríkisstjórn starfar í umboði Alþingis og því er það skekkja að virðingarstaða hins pólitíska ferlis væri að vera ráðherra, heldur ætti það frekar að vera formenn þingnefnda. Stóri gallinn sé hvornig ferill stjórnmalamanna er tilkominn, en það er afleit sýn að menn byrji sem sendlar stjórnmalaflokks og enda að lokum sem forsætisráðherra. Þorkell telur að forsetinn eigi að gegna ákveðnu eftirlitshlutverki með öðrum valdhöfum – en er hikandi hvað önnur hlutverk varðar.

Þórhildur bendir á að viss mótsögn sé fólgin í almennum umræðum er þetta varðar. Sú aðgerð, að færa meira vald til eins manns, stríði gegn grundvallarhugmyndum um valddreifingu. Forsetinn verði pólitískur

með því að leggja til hans auknar skyldur og völd. Þjóðhöfðingi getur verið fyrirmynd þjóðar og sam-viska, telja má ekki síður hlustað á forseta en forsætisráðherra. Þá megi íhuga að hann hafi rétt til að mynda utanþingsstjórn og jafnvel málskotsrétt í neyðartilfellum. Sú heimild gæti verið neyðarréttur fremur en að það sé hægt að grípa til þess auðveldlega. Þá vísar Þórhildur til þess að hér hafi verið sagt að ekki sé hægt að fela forsetanum eftirlitshlutverk án þess að hann sé pólitískur, en það þurfi að fá slíkt atriði á hreint.

Gísli telur rétt að halda þingræðisfyrirkomulaginu en telur rétt að halda forsetaembættinu og jafnframt færa honum aukin hlutverk. Að einhverju leyti getur það hlutverk verið talið pólitískt. Þá telur Gísli það áhugaverða hugmynd að halda í eftirlitshlutverkið t.d. á ákveðnum stofnunum eins og Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Þá bendir Gísli á að áður höfum við haft sterkan forseta. Þeir fimm forsetar sem hafa gegnt embættinu frá lýðveldisstofnun hafa verið mjög vandvirkir í stjórnarmyndun en menningarhlutverk forseta er ekki ósamræmanlegt þótt hann hafi eitt-hvert vald. Forseti hafi þingofsrétt en ekki þingið. Varðandi stjórnarmyndunarhlutverkið sér Gísli ekki fyrir sér rökin að tímabinda í 6 vikur eða 12 vikur, þá telur hann að málskotsréttur eigi enn að vera í höndum forseta, með ákveðnum skýrleika þó, en slíkt sé í þágu valdajafnvægis. 90% af valdinu liggur þar og svo er meirihluti sem ræður og svo verður að fá framkvæmdaraðila.

Andrés bendir á að við kjósum beint ýmsa aðila og jafnvel gæti slembiúrtak komið til skoðunar. Þjóðin er því öryggisventillinn og við eigum að hætta þessari pabbahugsun. Eftirlitshlutverk forsetans sé að mörgu leyti fínt en að eftirlit geti verið í formi beins lýðræðis.

Erlingur er ánægður með að hafa heyrt í þorra nefndarinnar og viðhorf hennar falla honum vel í geð, einkum stuðningur við sáttatillögu um forsetann sem yfirmann eftirlitsstofnana. Varðandi málskotsréttinn þá sé staðan sú að hann einangrast við þjóðaratkvæðagreiðslur um atriði sem varða staðfestingu og samþykkt laga eftir að þau eru orðin til en breyta mætti á þá vegu að rétturinn yrði víðtækari, t.d. frumkvæði. Hins vegar þyrftu háar girðingar að vera til staðar við beitingu málskotsréttar, t.d. að meirihluti samþykki að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslur.

Katrín Oddsdóttir talar um tímatak mörkun á setu forseta, tvö kjörtímabil, 8 eða 10 ár. Vísar Katrín til erindis frá Lýðræðisfélaginu Öldu þess efnis að Alþingi kys forseta í eitt ár. Forseti stýrir ríkisstjórnarfundum, hefur engin völd umfram aðra ráðherra og sinnir þeim störfum samfara því að vera forseti. Erindið er sett fram með valddreifingu að leiðarljósi og tekið upp sama fyrirkomulag og í Sviss. Varðandi úrræði um að þriðjungur þingsins geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslur, hefur reynslan sýnt í þeim löndum sem búa við það fyrirkomulag að það er sjaldan notað.

Arnfríður er á því að forseti sé ópólitískt sameiningartákn. Það sé mjög mikilvægt og þjóðin þurfi á því hlutverki að halda. Það hlutverk þurfi ekki að vera ósamræmanlegt pólitísku valdi en það þurfi að vera

í lágmarki og í formi öryggisventils frekar en beint pólitískt vald.

Silja Bára er mjög efins um kosti þess að kjósa framkvæmdarvaldið beinum kosningum, ekki samræmast okkar skilningi á þingræði, skilningur er frekar að styrkja þingið en framkvæmdarvaldið. Styrkja frumkvæðisrétt þingsins og hallast því fremur að því að málskotsréttur eigi að vera hjá þinginu og tekur því undir með Katrínu Oddsdóttur að þingið hafi möguleika á að skjóta málum til þjóðarinnar. Minnihluti þingmanna beri því ábyrgð á beitingu réttarins sem kæmi í veg fyrir óábyrgan málflutning. Sú leið stuðlar að ábyrgð og valddreifingu. Aðalverkefnið hins vegar sé að styrkja löggjafann. Silja er skotin í þeirri hugmynd að forsetinn verði umboðsmaður þjóðarinnar.

Pétur benti á að það væru röng skilaboð til kjósenda að taka ekki á málum, eins og t.d. að kjósa framkvæmdarvaldið beint, af þeim sökum að tíminn sé naumur. Aðalvandamálið sé framkvæmdarvaldið og samskipti stjórnsýslunnar við viðskiptalíf. Þá sé það óábyrgt að ræða ekki þá hugmynd að almenningur kjósi beint framkvæmdarvaldið. Það eru flokkarnir sem ráða framkvæmdarvaldinu, 80% þingmanna er búið að ákveða í prófkjörum. Síðan koma þingmenn saman og ákveða hverjir fara með framkvæmdarvaldið en almenningur kemur ekki að því. Þingræði sé fyrst og fremst tilfinningalegt orð eða almenningur hafi tilfinningaleg tengsl við orðið. Þjóðin bíði eftir því að það komi róttæk hugmynd og mörg önnur viðfangsefni ráðsins eru tímafrek. Varðandi hlutverk forsetans bendir Pétur á að Ólafur Jóhannesson vildi heimila rétt forseta til að mynda utanþingsstjórn án þingræðis. Mögulega yrði því vísað til þjóðarinnar en þá er líka hægt að hafa nokkurs konar veislustjóra í formi þjóðhöfðingja en lýðræðislega kosningu um forsætisráðherra. Þá benti Pétur á að ráðsfulltrúar skulduðu kjósendum að skoða þennan kost gaumgæfilega.

Lýður nefnir að fulltrúar í ráðinu hafi verið þjóðkjörnir í persónukjöri, lenskan sé að eftir að menn séu komnir inn þá komi upp hræðsla að koma að kosningum. T.a.m. þegar slembiúrtak er nefnt hrýs mönnum hugur við því. Vandamál stjórnsýslunnar er að hún er ein kaffistofa. Kerfið kys sjálft sig. Núna er tækifæri til að breyta þeirri tilhöggun og kjósa beint forsætisráðherra þ.e. sinn framkvæmdastjóra. Þá eigi að kjósa alla ríkisstjórnina og alla ráðherrana og styrkja því valddreifinguna.

Ari bendir á að allir séu sammála grundvallargildum í vinnu nefndarinnar, þá nefnir hann að auka megi lýðræði með kosningakerfinu, þótt margar aðferðir séu til er vænleg leið að gera það með kjörseðlinum, kosningakerfi sem minnkar flokksræði og eykur lýðræði, sem er hluti af þessari umræðu.

Þórhildur segir menn annars vegar gagnrýna foringjaræði en hins vegar tali menn um sterkan forseta. Forseta sem þjóðhöfðingja. Henni fellur illa hvað fólk gerir lítið úr gildishlöðnu verðleikahlutverki þjóðhöfðingja. Þannig forseti hafi það hlutverk að tala um börn og blóm segi menn. Mjög digurbarkalegt karlatal þar sem engin verðmæti eru neins virði nema þau hafi efnis-

gildi. Við eigum ekki að gera lítið úr því að einhver tali um gildi við þjóðina í stað efnishyggju einvörðungu.

Pétur segir að ekki sé komin tillaga um hvernig sé unnt að draga framkvæmdarvaldið til ábyrgðar. Er ekki verið að vísa til ábyrgðarlaganna þ.e. framkvæmdarvaldinu. Menn sögðu að Landsdómur hefði verið fallinn úr gildi fyrir fyrningu. Það þarf að draga framkvæmdarvaldið til ábyrgðar. Þorvaldur telur að ráðið eigi að taka mark á þungum rómi Péturs. Gísli er sammála um að ráðsfulltrúar eigi að hlusta á Pétur um að kjósa eigi framkvæmdarvaldið og að það eigi að draga til ábyrgðar.

Andrés segir að það sé skýr krafa um að almenn- ingur fái meira lýðræði en við erum hrædd við að veita fólki aukna aðkomu. Í löndum sem eru jafnstór og Ísland eru beinar kosningar í meiri mæli en hér á landi. Kerfið er mjög íhaldssamt í að veita fólki þátt í beinu lýðræði.

Ómar bendir á að hann sé ekki svo viss um að það kjósa framkvæmdarvaldið beint muni leysa valdasam- þjöppun og spillingu. Enn yrðu sömu aðilar sem bjóða fram innan flokkanna. Frekar eigi að reyna að dreifa valdi innan núverandi kerfis, sem hefur sögulega þýð- ingu fyrir þjóðina og byggist á langri hefð.

Katrín Fjeldsted segir að við höfum nægan tíma til að taka afstöðu til forsetaembættisins. Finna þurfi samhljóm og sameiginlega niðurstöðu í samtali við þjóðina. Það sé verið að tala um að dreifa valdi, enn fremur að færa valdið nær fólkinu en ekki bara yfir á forseta. Verkefni verði nær fólki, ekki einungis málskotsréttur og beinar kosningar. Enginn annar en þjóðin sem á að ákveða tekjur – og skattlagningu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.

### C-nefnd 3. fundur 02.05. 2011

02.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir 1. og 2. fundar bornar upp til samþykktar
2. Samantekt af umræðum ráðsfundar
3. Umræða um stjórnlagadómstól og stjórnlagar- ráð
4. Inngangsumræða um kosningar og kjör- dæmaskipan
5. Önnur mál

#### Fundargerð

3. fundur C-nefndar, haldinn 2. maí 2011, kl. 10.00–12.00 og 13.00–17.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnars- son, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Þorkell Helgason boðaði forföll til kl. 12.00. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir 1. og 2. fundar bornar upp til samþykktar

Engar athugasemdir bárust og þær því samþykktar.

## 2. Samantekt af umræðum ráðsfundar

Umræða um hvort taka ætti út seinni másl. 60. gr. stjórnarskrár (3. mgr. D6) og hvort það gæti skapað óvissu um upphaf réttaráhrifa stjórnvaldsákvæðana ef leitað sé endurskoðunar á þeim. Einnig rætt að setja inn í ákvæðið heimild stjórnvalda til að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar ef afleiðing sé verulega þyngjandi. Ákvæðið að bera þessar hugleiðingar undir fræðimenn áður en lengra er haldið með þetta atriði.

Rætt um sérdómstóla, hvort það sé rétt að byggja á opnu ákvæði eða hvort það eigi að taka af allan vafa um að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll í öllum málum. Þetta tengist umræðu um Landsdóm, Félagsdóm og mögulegan stjórnlagadómstól. Rætt um hvort setja eigi svipað ákvæði og í Danmörku um bann við nýjum sérdómstólum.

Rætt um hlutverk forseta við skipun dómara. Hugmyndir um stutt rammaákvæði að norrænni hefð eða ítarlegt ákvæði, en í báðum tilvikum er gert ráð fyrir staðfestingu Alþingis ef sá sem skipar fer út fyrir mat hæfnisnefndar. Rætt um hvernig verður skipað í hæfnisnefndina í ljósi þess hve mikil áhrif hún hefur.

Umræða um hvort standa eigi (í D6) *dómdendur* eða *dómarar*, eðlilegt að hafa samræmi milli ákvæða. Einnig rætt um uppröðun ákvæða og hvort setja ætti í stjórnarskrá fjölda dómstiga og hæstaréttardómara.

## 3. Umræða um stjórnlagadómstól og stjórnlagaráð

Dreift var vinnuskjali með tillögum stjórnlaganefndar þar sem lagt er til að komið verði á fót sérstöku álitsefandi stjórnlagaráði, sbr. 44. gr. og 80. gr. valkosta A, og 47. gr. og 71. gr. valkosta B.

Valkostur B gengur lengra og er í samhengi við áframhaldandi málskotsrétt forseta og miðaðist umræðan við valkost B.

Samstaða um að stjórnlagaráð í þeirri mynd sem sett er fram í tillögum stjórnlaganefndar ætti frekar að heita Lögrétta af sögulegum ástæðum.

Spurningar sem nefndin setti fram til umræðu:

1. Eiga eingöngu lögfræðingar að sitja í Lögréttu?
2. Hvernig á að skipa í Lögréttu?
3. Hver á að geta vísað málum til Lögréttu?
4. Mun Lögrétta einungis fjalla um ný lög og frumvörp?
5. Mun Lögrétta vera ráðgefandi eða hafa ákvörðunarvald?
6. Hvað á Lögrétta að meta?

Rætt um að það sitji ekki einungis lögfræðingar í Lögréttu, það sé ekki skilyrði, þó líklegt sé að þeir hafi fremur góða yfirsýn og vald á stjórnlögum.

Rætt um að Alþingi geri tillögu um tvo en ekki einn fulltrúa til setu í Lögréttu, m.a. til að gefa stjórnarandstöðu möguleika á fulltrúa. Aðkoma forseta tryggir lýðræðislegt umboð til að skipa. Einnig var rædd aðkoma almennings að skipun Lögréttu, með kosningu eins fulltrúa.

Rætt um Lögréttu sem ráðgefandi nefnd við laga-setningu sbr. tillögur stjórnlaganefndar, en einnig rætt um hvort Hæstiréttur gæti vísað málum til Lögréttu til ráðgefandi álits í dómsmáli. Einnig rætt að fela Lögréttu að fjalla um kjörgengi og kjörbréf alþingismanna, úrskurða um stjórnskipulegt gildi laga og skera úr um ráðherraábyrgð í stað Landsdóms.

Rætt um hvort heppilegt sé að Lögrétta meti þjóðréttarlegar skuldbindingar, það á að vera í höndum almennra dómstóla, en umræðan er háð hvernig meðferð alþjóðasamninga verður í nýrri stjórnarskrá.

Samþykkt að leggja fyrir ráðsfund tillögu sem gerir ráð fyrir að Lögrétta sé ráðgefandi og starfi til að auka gæði lagasetningar sbr. tillögur stjórnlaganefndar. Hins vegar má halda áfram umræðum um atriði sem leiða til frekari verkefna eins og lýst hefur verið.

## 4. Inngangsumræða um kosningar og kjördæmskipan

Rætt um að taka stefnumarkandi umræðu án þess að fara út í nákvæmar útfærslur fyrst um sinn.

Rædd voru m.a. þau markmið að efla lýðræði og áhrif einstakra kjósenda, að styrkja tengsl alþingismanna og kjósenda, að draga úr flokksræði við val á þingmönnum, að raddir sem flestra svæða heyrast á Alþingi og að nýta gæði landsins og styrkja búsetu.

Rætt um aukið vægi persónukjörs og landið sem eitt kjördæmi, og hvernig einstök landsvæði muni laga sig að breyttu fyrirkomulagi með því að flokkar myndu bjóða fram fleiri lista. Jafn atkvæðaréttur væri mannréttindi. Einnig bent á að jöfnun atkvæða hefði meiri áhrif innan flokka en á þingmannafjölda flokka. Einnig rætt að það væru fleiri þættir en landsvæði sem sam-eina hagsmuni og hugðarefni hópa.

Rætt um blandaða leið til að minnka misvægi atkvæða. Einnig rætt hvernig hægt væri að færa fjárstjórnarvaldið í þessu samhengi í auknum mæli til sveitarfélaga.

Rætt um niðurstöður þjóðfundar um jöfnun atkvæða og vilja ráðsmanna í þá veru en ekki einróma vilji um leiðir.

Rætt um að mikilvægt væri að bjóða upp á valkosti fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið, þannig að fólk hafni ekki heilum kafla vegna eins atriðis.

## 5. Önnur mál Engin önnur mál.

## 6. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, þriðjudaginn 3. maí kl. 9.30 en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

## C-nefnd 4. fundur 03.05. 2011

03.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Framhaldsumræða um dómssvaldið
2. Framhaldsumræða um Lögréttu
3. Framhaldsumræða um kosningaskipan
4. Önnur mál

### Fundargerð

4. fundur C-nefndar, haldinn 3. maí 2011, kl. 9.30–12.00 og 13.00–15.05, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Framhaldsumræða um dómssvaldið

Rætt um að nota fremur orðið skipan dómstóla fremur en skipun dómssvalds í D1.

Rætt um orðalag tillögu til að tryggja óbreytta starfsemi Félagsdóms, með því að færa inn í dómstólakafli í ákvæði D4 um sérstakan dómstól um réttindi tengd vinnuréttarmálum:

Ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til Hæstaréttar. Láta skoða hvort þessi setning raski nokkuð við Félagsdómi. Markmið greinar D4 í heild er skýra lögsögu Hæstaréttar sem æðsta dómstóls og koma í veg fyrir nýja sérdómstóla í almennum lögum.

Rætt um breytta uppröðun ákvæða í dómstólakafli anum en umræða geymd þar til efnisleg niðurstaða liggur fyrir.

2. Framhaldsumræða um Lögréttu

Rætt um hvort skilgreina þurfi Lögréttu betur í texta ákvæðisins, var í raun orðalagsbreyting en kom í stað orðsins stjórnlagaráð.

Nefndin sammála um hverjir geti óskað eftir álitum en náði ekki saman um skipun í ráðið, um hvort einn fulltrúi verði þjóðkjörinn eða ekki.

Einnig þarf að ræða þá stöðu sem upp kann að koma ef forseti óskar álits og Lögrétta kemst að því að nýsamþykkt lög frá Alþingi fari gegn stjórnarskrá. Þá er athugasemjaveit að hann geti vísað lögum til þjóðarinnar. Finna þarf lausn á þessu en þarf að sjá hvað nefnd B gerir varðandi málskotsréttinn.

Rætt um önnur möguleg verkefni Lögrétta sbr. umræðu síðasta nefndarfundar en ákveðið að leggja fyrir ráðsfund til kynningar.

3. Framhaldsumræða um kosningaskipan

Rætt um hver séu markmiðin með breytingu á kosningakerfinu áður en farið er út í leiðirnar, og byggt á þeim markmiðum sem lögð voru fram og rædd á síðasta fundi nefndarinnar.

Rætt um að einnig þurfi að ræða vald peninga og fjölmiðla í samhengi við kosningalög, og hvort þyrfti

að vera ákvæði í stjórnarskrá sem drægi úr misvægi á aðstöðu og peningum en ekki einungis um misvægi atkvæða milli landsvæða.

Rætt um tillögu Lýðræðisfélagsins Öldu um slembi-kosningar.

Nefndin nokkuð sammála um markmiðin sem sett voru í byrjun en ekki einhugur um leiðir til að ná þeim.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

5. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, miðvikudaginn 4. maí kl. 15.00. Hann yrði opinn fyrir alla fulltrúa en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.

## C-nefnd 5. fundur 04.05. 2011

04.05.2011 15:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Kafli um dómstóla
2. Kafli um Lögréttu (stjórnlagaráð)
3. Önnur mál

### Fundargerð

5. fundur C-nefndar, haldinn 4. maí 2011, kl. 16.00–17.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræða um kafla um dómstóla

Rætt um breytta uppröðun dómstólakafli, t.a.m. með því að byrja á D2, svo D6 og svo hin ákvæðin. Ákveðið að geyma þá umræðu þar til kafli er efnislega klár.

Rætt um að varhugavert gæti verið í D1 að fela almenna löggjafanum og stjórnvöldum ákvörðunarvald um fjölda dómara með lagasetningu og bæri að setja inn hámarksfjölda hæstaréttardómara í stjórnarskrá.

Rætt um orðalag hvort dómstólar skeri endanlega úr um sök og viðurlög í D2 hafi áhrif á lok mála með lög-reglustjórásátt.

Rætt um orðalag um hvort lög standist stjórnarskrá feli í raun í sér sama skilning og orðalag um mat á stjórnskipulegu gildi laga. Það sé meira í takt við almenna málvenju.

Rætt um hvort það hrófli við núverandi réttarástandi

varðandi réttaráhrif stjórnvaldsákvæðana að taka út 2. másl. 3 mgr. D3 um að hjá ákvörðun stjórnvalds verði ekki komist í bráð með því að bera lögmati hennar undir dóm.

Rætt um að ákvörðunum sérstaks dómstóls um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvanna gæti verið skotið til æðri dóms í stað dómstóla í 2. mgr. D4.

Rætt um að bæta inn í 2. mgr. D5 að tryggja skuli með lögum hæfni og málefnaleg sjónarmið við veitingu embætta dómara, og ef sá sem skipar fer ekki eftir hæfnisnefnd þá sé skipunin háð aukins meirihluta (2/3) Alþingis í stað einfalds meirihluta.

Rætt um að sameina 3. mgr og 4. mgr. D5 og tryggja að orðalag girði ekki fyrir að dómara verði veitt lausn um stundarsakir eins og gildir í núverandi réttarástandi.

Rætt um að í orðalaginu með lögum í D6 er átt við allar viðurkenndar réttarheimildir.

### 2. Umræða um kafla um Lögrétta

Rætt um orðalagið sérþekkingu á stjórnlögum, hvort það útiloki aðra en lögfræðinga til setu. Almennt talið svo ekki vera en breyta má orðalaginu í *þekkingu*.

Rætt um hvort Lögrétta ætti ekki að hafa fleiri verkefni eins og áður hefur verið rætt um í nefndinni, t.a.m. að ákvarða um kosningar og gefa út kjörbréf, fjalla um ráðherraábyrgð og geti í vissum tilvikum skilað bindandi úrlausnum.

### 3. Önnur mál Engin önnur mál.

### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, mánudaginn 9. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.

## Fundargerð 7. ráðsfundar

05.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla B-nefndar.
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar.  
Tillaga frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu.  
Ný tillaga um breytingar á áfangaskjali lögð fram til kynningar.
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar.  
Tillaga frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu.  
Nýjar tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar.
5. Stefnumarkandi umræða fulltrúa.  
Freyja Haraldsdóttir  
Ómar Þorfinnur Ragnarsson

7. ráðsfundur - haldinn 5. maí 2011, kl. 13.00, í húsnaði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökullsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 4. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 6. ráðsfundar, 28. apríl, var samþykkt án athugasemda og verður birt á vef Stjórnlagaráðs.

### 2. Skýrsla B-nefndar

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar hingað til.

Fundarstjóri gaf orðið laust um starf og skýrslu B-nefndar og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Katrín Fjeldsted, Þorvaldur Gylfason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Katrín Fjeldsted, Andrés Magnússon, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Katrín Fjeldsted, Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Örn Bárður Jónsson, Pétur Gunnlaugsson, Andrés Magnússon, Pawel Bartoszek, Guðmundur Gunnarsson, Þorkell Helgason, fundarstjóri, Illugi Jökullsson og Gísli Tryggvason.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu nefndarinnar.

### 3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, flutti yfirlit yfir störf nefndarinnar og gerði grein fyrir tveimur tillögum frá nefndinni sem liggja fyrir fundinum.

Tillaga nefndarinnar frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali var lögð fram til afgreiðslu, sjá fylgiskjal með fundargerð þessari. Tillagan fjallar um dómstóla. Formaður nefndarinnar fór yfir þær athugasemdir sem fram hefðu komið og breytingar sem nefndin hafði gert á skjalinu síðan þá, í sömu röð og þær koma fyrir í tillögunni.

Ný tillaga nefndarinnar um svokallaða Lögrétta var

lögð fram til kynningar, sjá fylgiskjal með fundargerð. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögunni.

### 3.1 Tillaga frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu (Dómstólar)

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust um tillögur C-nefndar varðandi dómstóla.

Eftirtaldir tóku til máls: Eiríkur Bergmann Einarsson, Guðmundur Gunnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Gísli Tryggvason, fundarstjóri, Katrín Fjeldsted, fundarstjóri, Katrín Oddsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Erlingur Sigurðarson, fundarstjóri, Þorkell Helgason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Lýður Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, fundarstjóri, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir.

Fundarstjóri lýsti því að breytingartillögum fulltrúa við tillögur nefnda yrði vísað til viðkomandi nefndar. Þetta ætti við hvort sem viðkomandi tillaga nefndar væri til kynningar eða afgreiðslu. Texti áfangaskjals fæli ekki í sér endanlega niðurstöðu Stjórnlagaráðs og því gæti hann allur tekið breytingum á síðari stigum. Að því leyti sem tillaga C-nefndar fjallaði um forseta Íslands, og varðaði þannig verkefni B-nefndar, væri hins vegar ástæða til að setja „forseta Íslands“ í hornklofa þ.e. [...].

Lagðar voru fram tvær breytingartillögur við kaflann um dómstóla og var þeim vísað til C-nefndar. Flutningsmenn fyrri tillögunnar voru: Katrín Oddsdóttir, Þorkell Helgason og Vilhjálmur Þorsteinsson. Flutningsmenn síðari tillögunnar voru: Gísli Tryggvason og Þorvaldur Gylfason.

Pawel Bartoszek formaður nefndarinnar fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu nefndarinnar.

Þórhildur Þorleifsdóttir fékk orðið og tók til máls.

Tillagan, (að viðbættum hornklofa) tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjal. Í því felst ekki endanleg afstaða eða niðurstaða Stjórnlagaráðs.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt:

Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson

Á móti: Lýður Árnason

Sátu hjá: Erlingur Sigurðarson

Fjarverandi: Ómar Þorfinnur Ragnarsson

Þorvaldur Gylfason fékk orðið og taldi eðlilegt að atkvæðagreiðslur í ráðinu væru opinberar. Með því móti gæti fólk fengið að vita hvernig hver og einn fulltrúi hefði greitt atkvæði. Fundarstjóri svaraði því til að málið yrði tekið til skoðunar.

Stutt fundarhlé.

### 3.2 Ný tillaga um breytingar á áfangaskjali lögð fram til kynningar (Lögrétta)

Fundarstjóri gaf orðið laust um nýja tillögu C-nefndar sem lögð var fram til kynningar. Tillagan fjallar um Lögréttu og er fylgiskjal með fundargerð.

Eftirtaldir tóku til máls: Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Guðmundur Gunnarsson, Andrés Magnússon, Pawel Bartoszek, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Fjeldsted, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason og Andrés Magnússon.

Pawel Bartoszek formaður nefndarinnar fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

Lögð var fram ein breytingartillaga við kaflann um Lögréttu og var henni vísað til C-nefndar. Flutningsmenn tillögunnar voru: Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason.

Fundarstjóri gerði breytingu á dagskrá með því að fresta dagskrárlið 5, Skýrslu og tillögum A-nefndar, til næsta dags. Engar athugasemdir komu fram við þetta.

## 4. Stefnumætur fulltrúa

### 4.1 Freyja Haraldsdóttir

Freyja Haraldsdóttir flutti ræðu sína.

### 4.2 Ómar Þorfinnur Ragnarsson

Ómar Þorfinnur Ragnarsson flutti ræðu sína.

### Fundi frestað

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundi Stjórnlagaráðs yrði fram haldið föstudaginn 6. maí, kl. 9.30. Þá verður dagskrá fram haldið, nánar tiltekið skýrslu og tillögum A-nefndar, undir lið 4.

## 7. ráðsfundur – fram haldið

6. maí 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað: Ari Teitsson

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.



## 5. Skýrsla og tillögur A-nefndar

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, flutti yfirlit yfir störf nefndarinnar og gerði grein fyrir þremur tillögum frá nefndinni sem liggja fyrir fundinum.

Tvær tillögur nefndarinnar frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali voru lagðar fram til afgreiðslu, sjá fylgiskjal með fundargerð þessari. Önnur tillagan fjallar um að nýrri 1. gr. verði bætt fremst í áfangaskjal. Hin tillagan gerir ráð fyrir að mannréttindakafla stjórnarskrár verði færður fram, sjá fylgiskjal með fundargerð. Formaður nefndarinnar fór yfir þær athugasemdir sem fram hefðu komið og breytingar sem nefndin hafði gert, í sömu röð og þær koma fyrir í tillögunni.

Ný tillaga nefndarinnar um ellefu ákvæði í mannréttindakafla stjórnarskrár var lögð fram til kynningar, sjá fylgiskjal með fundargerð. Formaður nefndarinnar kynnti tillöguna.

### 5.1 Tillögur A-nefndar frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu (Ný 1. gr. og staðsetning mannréttindakafla)

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri fyrst orðið laust um tillögu A-nefndar þess efnis að nýrri 1. gr. verði bætt fremst í áfangaskjal. Eftirtaldir tóku til máls: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason, Silja Bára Ómarsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Lýður Árnason, Freyja Haraldsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson og Þorkell Helgason.

Silja Bára Ómarsdóttir formaður nefndarinnar fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

Tillaga A-nefndar um að nýrri 1. gr. verði bætt fremst í áfangaskjal var tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjalið. Áfangaskjal felur ekki í sér endanlega afstöðu eða niðurstöðu Stjórnlagaráðs.

Samþykkt Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Örn Bárður Jónsson.

Á móti

Sátu hjá Andrés Magnússon, Pawel Bartoszek  
Fjarverandi Ari Teitsson

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu A-nefndar þess efnis að mannréttindakafla stjórnarskrár verði færður.

Eftirtaldir tóku til máls: Íris Lind Sæmundsdóttir, Pawel Bartoszek og Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Silja Bára Ómarsdóttir formaður nefndarinnar fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

Tillagan var tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjalið. Áfangaskjal felur ekki í sér endanlega afstöðu eða niðurstöðu Stjórnlagaráðs.

Samþykkt Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Örn Bárður Jónsson

Á móti  
Sátu hjá Pawel Bartoszek  
Fjarverandi Ari Teitsson

### 5.2 Ný tillaga A-nefndar um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar (mannréttindakafla)

Fundarstjóri gaf orðið laust um nýja tillögu A-nefndar varðandi ellefu ákvæði í mannréttindakafla stjórnarskrár. Eftirtaldir tóku til máls: Dögg Harðardóttir, Ómar Ragnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek, Lýður Árnason, Arnfríður Guðmundsdóttir, Andrés Magnússon, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Lýður Árnason, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Gísli Tryggvason, Örn Bárður Jónsson, Freyja Haraldsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson, Þorkell Helgason og Erlingur Sigurðarson.

Silja Bára Ómarsdóttir formaður nefndarinnar fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

Lögð var fram ein breytingartillaga við kaflann um mannréttindi og var henni vísað til A-nefndar. Flutningsmaður var Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Áfangaskjalið á 7. ráðsfundi

### Aðfaraorð

### Mannréttindi

- Allir eru jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, [aldurs,] arfgerðar, [búsetu,] efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, [stjórn mála,] trúarbragða, uppruna, ættar og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna.
- Öllum skulu tryggð tækifæri til að lifa með mannlegri reisni í samfélaginu. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.

3. Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
4. Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, hvort heldur innan heimilis eða utan. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
5. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, þar á meðal réttur til fjölskyldulífs. Börn eiga rétt til samráðs um ákvarðanir um eigin málefni í samræmi við aldur þeirra og þroska.
6. Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmaeltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.
7. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmaetri handtöku. Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
8. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur[, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera]. Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsisvipting ólög- mæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
9. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngrri en leyfð voru þá í lögum.
10. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. Herskyldu má aldrei í lög leiða.
11. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

**Undirstöður  
Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdar-  
vald  
Kosningar til Alþingis og alþingismenn  
Störf Alþingis**

**Dómstólar**

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.

3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.  
Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá að því marki sem á það reynir í dómsmáli.  
Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji [forseti] ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.  
Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

**Trúmál  
Sveitarfélög  
Lokaákvæði  
Auðlindir  
Utanríkismál**

**Lögrétta**

1. [VALKOSTUR A:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með þekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands.[:A]

[VALKOSTUR B:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, einn að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands og einn þjóðkjörinn.[:B]

Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur

krafist þess að Alþingi óski eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá.

Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, óskað eftir álit Lögréttu um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir.

Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

## 8. ráðsfundur 12.05. 2011.

### A-nefnd 6. fundur 09.05. 2011

09.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar upp.
2. Umræður um mannréttindakafla á ráðsfundi 6. maí.
3. Vinnuskjal um mannréttindi, vinnu haldið áfram.
4. Önnur mál.

#### Fundargerð

6. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 9. maí 2011 kl. 10.00-12.00 og 13.00-16.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir (til kl. 12.00), Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Salvör Nordal sat fundinn kl. 13.30-14.30. Gísli Tryggvason sat fundinn kl. 15.00-16.00.

1. Fundargerðir síðustu funda bornar upp  
Fundargerðir 3., 4. og 5. fundar voru lagðar fram og samþykktar.

2. Umræður um mannréttindakafla á ráðsfundi 6. maí 2011

Nefndin ræddi þau sjónarmið sem fram komu á 7. fundi Stjórnlagaráðs, þar sem fyrstu tillögur að mannréttindakafla voru lagðar fram til kynningar. Töldu nefndarmenn umræðurnar sýna hversu gott það geti verið að fara heilsteypit í gegnum tillögurnar, endurskoða þær og betrumbæta. Var ákveðið að skoða textann með hliðsjón af framkomnum athugasemdum, þannig að ný útgáfa ákvæðanna verði lögð fyrir næsta ráðsfund, til afgreiðslu inn í áfangaskjalið.

3. Vinnuskjal um mannréttindi

Nefndin fór yfir greinarnar sem kynntar voru Stjórnlagaráði á síðasta ráðsfundi. Var tekið tillit til helstu sjónarmiða sem þar komu fram, auk þess sem litið var til umræðu sem varð við kaflann í áfangaskjalinu á vefsíðu ráðsins. Jafnframt voru aðsend erindi skoðuð, en tvö þeirra sneru að svokallaðri barnagrein til-lagnanna.

Uppröðun kaflans var breytt, þannig að í stað 11 greina verða 14 greinar lagðar fram til afgreiðslu inn í áfangaskjalið á næsta fundi ráðsins. Þær greinar verða í grófum dráttum efnislega samhljóða því sem áður var kynnt, skýrist fjölgun greina af því að nefndin tók undir með sjónarmiðum sem fram komu á ráðsfundi, að með þessu næðist skýrari framsetning á efninu.

Undir lok fundar hóf nefndin að vinna með greinar sem ekki voru lagðar fram til kynningar á síðasta ráðsfundi. Verður þeirri vinnu framhaldið á næsta fundi nefndarinnar.

4. Önnur mál  
Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum:  
33335 Þorsteinn V. Baldvinsson. Réttur til samveru og samvista  
33339 Unicef. Réttindi barna, breytingartillaga.

Eftirfarandi breytingartillögur ráðsfulltrúa voru ræddar á fundinum:  
- Íris Lind Sæmundsdóttir: Tillögur við ýmsar greinar kaflans.  
- Ómar Þorfinnur Ragnarsson: Tillaga að viðbót við barnagrein.

### A-nefnd 7. fundur 10.05. 2011

10.05.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Vinnuskjal um mannréttindi.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

7. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 10. maí 2011 kl. 9.30-12.00 og 13.00-15.15.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem var viðstödd og stýrði fundi til kl. 12, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi frá kl. 13, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Vinnuskjal um mannréttindi

Áfram var haldið umræðu frá síðasta fundi nefndarinnar um endurbætur á mannréttindakafla. Þráðurinn var tekinn upp þar sem frá var horfið, þannig að fyrst voru skoðuð ákvæði um eignarrétt. Nefndin náði að klára flestar greinar kaflans, utan frelsi fjölmiðla og upplýsingafrelsi.

2. Önnur mál

Á sameiginlegum nefndarfundi verður allur mannréttindakaflinn lagður fram til umræðu. Fyrstu 14 greinarnar eru efnislega þær sömu og voru ræddar á síðasta ráðsfundi og mun nefndin leggja til að þær verði afgreiddar inn í áfangaskjalið. Næstu 14 greinar eru það sem eftir er af mannréttindakaflanum og mun nefndin leggja þær fram til kynningar í áfangaskjalið, ef tími gefst til.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum:  
33315 Sigurður Jónas Eggertsson. Fræðsla um grunnstoðir samfélagsins.

## A-nefnd 8. fundur 11.05. 2011

11.05.2011 09:30

Sameiginlegur opinn fundur.

Dagskrá

Kynning á mannréttindakafla.

### Fundargerð

8. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 11. maí 2011 kl. 9.30-11.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökullsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Fundurinn var opinn öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þorkell Helgason.

#### 1. Kynning á mannréttindakafla

Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögum að fyrstu 14 greinum mannréttindakaflans, sem tekið höfðu nokkrum breytingum frá því sem kynnt var á síðasta ráðsfundi. Yfirferðin var lengri en við var búist, þannig að á auglýstum fundartíma náðist aðeins að ræða þær greinar sem þegar höfðu verið kynntar. Var því ákveðið að fresta afgreiðslu fleiri greina, kynning á nýjum ákvæðum mannréttindakafla bíði ráðsfundar í næstu viku.

## B-nefnd 5. fundur 09.05. 2011

09.05.2011 10:00

Dagskrá

1. Fundargerð 2 og 3 lagðar fram til samþykktar.
2. Umræður um þingræði og forseta frá mið.
3. Undirstöður 1. og 2. gr.

### Fundargerð

5. fundur B-nefndar haldinn 9. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Fundargerð 2. og 3. fundar

Fundargerð annars og þriðja fundar voru lagðar fram og samþykktar.

2. Framhald á umræðum um þingræðisfyrirkomulagið og forseta.

Nefndarmenn ræddu næstu skref í ljósi umræðna á sameiginlegum fundi hinn 4. maí síðastliðinn og á ráðsfundi 5. maí. Ef marka má þau viðhorf sem fram komu á fundunum aðhyllast ráðsfulltrúar, meira og minna, að breytingar verði gerðar innan núverandi þingræðisfyrirkomulags m.a. til að efla löggjafann. Í grófum dráttum má einnig segja að meirihluti hafi talið að forsetaembættið skyldi vera ópólitískt.

Bent var á að það liggi ljóst fyrir að yfirgnæfandi meirihluti vildi núverandi þingræðiskerfi með mismikilli þátttöku forsetans hverju sinni.

Nefndarmenn ræddu hvort ganga ætti til atkvæðagreiðslu eður ei í sambandi við að fá úr því skorið hvort kjósa eigi framkvæmdarvaldið beint eða viðhalda núverandi fyrirkomulagi. Bent var á að farsælast væri að ræða sig niður á niðurstöðu innan ráðsins án þess að fram færi atkvæðagreiðsla. Á móti því kom fram sú skoðun að ráðsfulltrúar ættu að vera óhræddir við að ganga til atkvæðagreiðslu sem er enda í takt við lýðræðislegar hefðir, að gengið sé til kosninga fyrir opnum tjöldum.

Nefndarmenn ræddu því næst vinnufyrirkomulag næstu daga og samþykkt að fá efnisumræðu upp á sameiginlegum nefndafundi og stefna að því að leggja fram tillögur fyrir næsta ráðsfund. Samþykkt var að einbeita sér að atriðum er varða eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi. Nefndarmenn töldu að eftirtalin atriði væru í meginatriðum með sambærilegum hætti, hvort heldur innan þingræðisfyrirkomulagsins eða að framkvæmdarvaldið yrði kosið beint. Engu að síður er unnið út frá þingræðisfyrirkomulagi og tillögum stjórnlaganefndar:

Efling löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi

1. Skilgreina hlutverk Alþingis m.a um eftirlit þess með framkvæmdarvaldinu
2. Auka vægi þingforseta
3. Skilgreina þingnefndir og hlutverk þeirra – styrkja stefnumótun og samningu frumvarpa
4. Ráðherra víki af þingi
5. Lögrétta/stjórnlagadómstóll
6. Þjóðaratkvæði að tillögu minnihluta þings
7. Þjóðarfrumkvæði að frumvörpum
8. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar (og annarra nefnda)
9. Upplýsingaskylda ráðherra gagnvart þingi
10. Árleg skýrsla ríkisstjórnar til þings; skýrslur ráðherra
11. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd kanni athafnir og ákvarðanir ráðherra
12. Rannsóknarnefndir þings einnig skipaðar utanþingsmönnum
13. Eftirlitsstofnanir þingsins
14. Skýring þingræðisreglu og form vantrausts
15. Skýrari ákvæði um Landsdóm og ráðherraábyrgð
16. Þingrof að ósk þings í stað forsætisráðherra
17. Hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við embættisveitingar

18. Vald til sveitarfélaga/héraða/fjórðunga?
19. Takmarka setutíma ráðherra
20. Þingmál falli ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils
21. Hagsmunaskráning ráðherra/þingmanna; vanhæfi
22. Reglugerðarvald ráðherra afmarkað: Eftirlit þings með beitingu þess.

Öll ofangreind atriði voru rædd efnisleg. Þau sem fulltrúar voru sammála um voru merkt með plús og þau sem lúta að eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu voru merkt með bókstafnum e. Sum voru höfð innan sviga þar sem nokkurs ágreinings gætti.

Þá var samþykkt að Vilhjálmur, Ástrós, Erlingur og nefndarritari, Eva, tækju saman punkta um hvert atriði fyrir fund kl. 9.30 á morgun, 10. maí. Katrín, Gísli, Eiríkur og Pétur myndu ræða eftirlitshlutverk Alþingis nánar á sama tíma og í kjölfarið verður fundað sameiginlega.

Ástrós tók atriði 1-7, Eva atriði 8-14 og Vilhjálmur frá 15-22. Erlingur sá um yfirlestur og yfirferð.

### 3. Önnur mál

Næsti fundur verður á morgun kl. 9.30 og mun nefndin skipta sér í tvo hópa samkvæmt framansögðu. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 6. fundur 10.05. 2011

10.05.2011 13:33

### Dagskrá

1. Vinnufundir
2. Yfirferð yfir 22 efnisatriði.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

6. fundur B-nefndar haldinn 10. maí 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

#### 1. Vinnufundir

Nefnd var skipt upp í tvo hópa. Annar hópurinn; Katrín, Þórhildur, Gísli, Pétur og Eiríkur ræddu eftirlitshlutverk Alþingis af frekari dýpt. Ástrós, Vilhjálmur, Erlingur ásamt nefndarritara héldu áfram vinnu við skjal: Styrking löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í skjalinu er að finna greinargerð um hvert og eitt þeirra 22 atriða sem samþykkt var að skoða nánar á 5. fundi nefndarinnar. Undir hverju atriði er tillaga stjórnlaganefndar útlistuð og nügildandi stjórnarskrárákvæði ef því er til að dreifa.

#### 2. Yfirferð yfir 22 efnisatriði

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn kl. 13.30.

Vilhjálmur gerði grein fyrir þeim 22 atriðum sem hópurinn hafði unnið um morguninn og í gærkvöld. Í lok hvers efnisatriðis var mótuð tillaga að stjórnarskrárákvæði, ef nefndarmenn náðu samstöðu um orðalag. Formaður tilkynnti nefndarmönnum að nefndin fengi lengri tíma til funda á sameiginlegum nefndafundi. Samþykkt að leggja fyrir sameiginlegan nefndafund á morgun tillögur sem miða að eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi og gætu mögulega staðið sjálfstætt óháð því hvort þingræðisfyrirkomulagið verður viðhaft eða framkvæmdarvaldið kosið beint. Þá var samþykkt að leggja fyrir lista yfir þau 22 atriði sem hafa verið nefnd til að styrkja löggjafarvald gagnvart framkvæmdarvaldi.

Tillaga að dagskrá er svohljóðandi:

- Lagt fram skjal til umræðu um leiðir til að styrkja löggjafarvald gagnvart framkvæmdarvaldinu (á rafrænu formi).
- Umræða um þingræðisfyrirkomulagið andspænis því að kjósa framkvæmdarvaldið beint.

### 3. Önnur mál

Nefndarritara gert að taka saman gögnin fyrir fund á morgun, annars vegar blað með 22 atriðum og svo tillögur frá 1-4.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 7. fundur 11.05. 2011

11.05.2011 13:30

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Lagt fram skjal til umræðu um leiðir til að styrkja löggjafarvald gagnvart framkvæmdarvaldinu (á rafrænu formi).
2. Umræður – þingræðisfyrirkomulagið eða kjósa framkvæmdarvaldið beint.

### Fundargerð

7. fundur B-nefndar sameiginlegur fulltrúafundur haldinn 11. maí 2011, kl. 13.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Aðrir mættir fulltrúar voru Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Salvör Nordal, Guðmundur Gunnarsson, Freyja Haraldsdóttir, Dögg Harðardóttir, Örn Bárður Jónsson, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason og Lýður Árnason.

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Efling löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi Vilhjálmur kynnti 22 atriði sem nefndin hefur rætt í sambandi við eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi.

2. Tillögur B-nefndar kynntar til umræðu Eiríkur benti á að nefndin sé að vinna innan ramma þingræðisins að þessum tillögum en það sé ekki búíð að taka afstöðu til þeirrar grundvallarspurningar hvort kjósa eigi framkvæmdarvaldið beint. Flest þessara átta atriða gætu átt heima innan beggja kerfa.

Formaður kynnti fyrstu tillögu nefndarinnar um skilgreiningu á hlutverki Alþingis. Salvör benti á að það þyrfti að tilgreina eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Skilgreina þarf hlutverk Alþingis og leggja áherslu á vald þess að hluta til í formi eftirlits. Síðar má fjalla um ábyrgð framkvæmdarvaldsins en að orðalagið sé ekki skýrt. Þá lagði Þorvaldur til orðalagið „Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar“ en gerð var athugasemd við orðið vald, en orðalagsbreyting samþykkt frá því sem áður var og því sett inn orðalagið „hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu“ í stað „ábyrgt gagnvart“.

Almenn ánægja var með breytingu á kosningu forseta Alþingis þannig að frekari samstaða næðist um forseta þingsins. Spurt var hver ætti að stýra fundum ef ekki næðist samstaða en venjan er að starfsforseti á þingi eigi að stýra kosningu og áfram ef ekki næst að kjósa forseta með auknum meirihluta. Bent var á að forseti sé að yfirgefa þingstörfin og varaþingmaðurinn kemur inn í stað forseta. Með þessu er verið að neyða þingið til samstarfs og kannski er þessi tillaga ein leið til að knýja menn í þá átt að koma sér saman um þingforseta, en að sama skapi minnkar pólitískt hlutverk hans.

Orðalagsbreyting var lögð til þannig að í stað varamanns kæmi „varaþingsæti“ þannig að orðalagið væri skýrt og tekinn af allur vafi um að ekki sé átt við varaforseta. Þá kom fram ábending um að samræma orðalag við ákvæði um að ráðherrar víki af þingi, þannig að varamenn komi inn í staðinn. Þá var rætt hvort ekki væri möguleiki að ráða aðila til að gegna starfi forseta þingsins, mögulega fagmann í framkvæmdastjórn slíks reksturs.

Bent er á að það fyrirkomulag sé talsvert algengt að þingforseti gangi það langt að hann segi af sér pólitískum störfum. Í Bandaríkjunum og Bretlandi er til að mynda samkomulag og eining á bak við þingforseta. Þá ætti ekki að útiloka að utanþingsmaður gegni þessum störfum.

Þá kom enn fremur fram að ef forseti segi af sér þingmennsku sé bæði verið að setja belti og axlabönd á forseta þingsins. Það að hann sé kjörinn með 2/3 hluta atkvæða leiddi til þess að hann hefur mikla ábyrgð gagnvart þingmönnum öllum og það að hann segi af sér þingmennsku sé fulllangt gengið m.t.t. þess að mögulegt sé að sátt náist um embættið með róteringum á kjörtímabilinu. Bent er á að breyta megi ákvæðinu á þá leið að opna fyrir að annar en þingmaður geti gegnt embættinu. T.d. megi breyta orðalagi í „sé hann þingmaður“ enda kemur hann inn á þeim forsendum að vera í pólitík en ekki í stjórnsluframkvæmd og því

verður hann aðeins 2/3 þingmaður ef atkvæðisréttur hans er afnuminn. Þá er vísað til þess að hægt sé að svipta forseta Alþingis málfrelsi, en hann hafi mikilvægum störfum að gegna og líklega yrði framkvæmdin ekki með þeim hætti að forseti þingsins væri að semja tillögur um gæluverkefni sín. Að sama skapi koma fram þau sjónarmið að annaðhvort sé til þess séð að forseti þingsins sé annaðhvort alþingismaður með fullu ígildi eða utanaðkomandi aðili. Hinn utanaðkomandi aðili gæti verið aðili sem nýtur virðingar fyrir störf sín – fyrrverandi þingmaður eða forystuadili innan samfélagsins, sbr. „grand old man or lady“.

Nefndarmenn benda á að mikill munur sé á því að vera með forseta sem nýtur stuðnings og virðingu þingsins og síðan forseta sem nýtur ekki þeirrar virðingar. Með aukinni samstöðu ætti að auka gæði þingstarfsins og ábyrgð þingsins. Það að forseti komi úr röðum þingmanna gerir það að verkum að ábyrgð hans er meiri. Með núverandi breytingum verða þingmannsstörfin svo eftirsóknarverð að það kann að vera svo að býsna margir hafi ekki áhuga á að sleppa þingmennsku fyrir forsetaembættið. Skynsamlegt er að halda orðalagi ákvæðisins opnu þannig að þeir geti rétt eins verið utanþings. Í sjálfu sér sé í lagi að opna á þann möguleika að utanaðkomandi sé valinn utanþings en hins vegar muni raunveruleikinn ekki vera sá og áfram mun þingmaður veljast til þeirra starfa.

### 3. Þingnefndir og hlutverk þeirra

Nefndin gerir grein fyrir því að hin róttæka breyting á núverandi fyrirkomulagi sé að finna í þessu ákvæði þar sem vald er fært í auknum mæli til nefndanna og frumkvæði að lagasmíð. Sá sem mælir fyrir lagafrumvarpinu er því nú formaður þingnefndar, en ekki ráðherra.

Mikilvægt er að hafa í huga að með þessari breytingu þarf að taka afstöðu til þess hvort færa eigi sérfræðipjónustu stjórnslunnar, í sambandi við löggjöf, að einhverju leyti til þingsins eða hvort betra sé að „lána“ þjónustuna til þingsins eða auka aðgengi. Það sé ekki ætlun með breytingunni að búa til tvö sérfræðingateymi varðandi lagasetningu innan hins opinbera kerfis.

Lögð er til orðalagsbreyting þannig að tekið sé út „til að fjalla um þingmál“ og fundið verði nýtt orðalag. Stefnumótun fari hins vegar áfram fram í ráðuneytum en þá er ráðherra sem biður um að frumvarp sé samið, en þingmaður þurfi að flytja frumvarp engu að síður. Viðfangsefni ráðuneyta eigi því fyrst og fremst að vera að reka stofnanir og framfylgja stefnumótun, en þingið skuli hafa aðgang að stjórnarráðinu en þingið hafi frekari úrræði frá því sem nú er, t.a.m. að kalla til sérfræðinga og álitsgjafa á fyrri stigum málsins.

Rök fyrir sterku framkvæmdarvaldi sem enn sjái um frumvarpsgerð frá byrjun sé að fagþekking sé í stjórnarráðinu og að þingmenn hafi ekki tíma né þekkingu til slíkrar vinnu. Hins vegar gæti þetta breyst að einhverju leyti hafi þingmenn aðgang að stjórnarráðinu.

Þá er gerð athugasemd við að telja upp sumar nefndir í ákvæðinu. Heppilegra sé að tilgreina verkefni eða málaflokk heldur en nefnd, þannig sé sumum nefndum

ekki gert hærra undir höfði en öðrum. Á móti er nefnt að þær nefndir sem eru taldar upp þurfi að starfa á vegum þingsins hvort sem er og séu nefndar á öðrum stöðum í stjórnarskránni. Ef færa á aukid vald til þingnefndar er bent á að erfitt sé að fækka þingmönnum, enda erfitt ef Alþingi á að verða meira vinnuþing.

Nefndin telur þetta ákvæði lykilatriði í að auka á samstarf framkvæmdarvalds og þingsins þannig að Alþingi verði sjálfstæðara og frekar í stakk búid til að sinna löggjafarverkefni sínu. Tillagan miði að því að ríkisstjórn sé framkvæmdarstjórn í umboði Alþingis, virðingarstaða að vera formenn þingnefnda en ekki ráðherra. Þingnefndir eiga að vera þungamiðjan og virðingarstaðan að vera formenn þingnefnda, þær láti að mörgu leyti ráðuneytin vinna fyrir sig og það eigi að vera skýrt hvert húsbóndavaldið er þegar kemur að löggjafarsmíð.

Þá var bent á stefnumótunarákvæði eða jafnvel samráðsákvæði í stjórnarskrá milli opinberra aðila. Tryggja samstöðu í hugsun og að hugsa fram á við. Það sé haft jafnt samráð við ólíka hagsmunaaðila, fyrst er haft samband við þá er tengjast atvinnulífi en síðar neytenda og launþega.

#### 4. Ráðherrar víkja af þingi

Formaður gerði grein fyrir tillögunni. Bent var á að finna mætti leið til að styrkja minnihluta þings til mótvægis við þá aukningu í stjórnarmeiri-hluta þegar varamenn taka sæti. Sjónarmið gagnstætt þessu viðhorfi sé að aðeins fjölgi stjórnarliðum en ekki séóð hvernig skapast ætti aukid valdaójafnvægi. Ofgert að það muni halla á valdajafnvægið, en eru jafnmargir þingmenn þó fjölgi mögulega í baklandi þá eiga allir stjórnmalaflokkar sér ákveðið bakland sem hefur áhrif.

Þá gerðu nefndarmenn grein fyrir því að hugmyndin að baki ákvæðinu sé að faglegir ráðherrar veljist í auknum mæli til starfana og forysta framkvæmdarvaldsins einkennist af aukinni þekkingu og fagmennsku í viðkomandi malaflokki. Stór þáttur í aðdraganda hrunsins hafi verið að það skorti á hæfni einstakra aðila og atvinnustjórnmalamenn sáu ekki fyrir í hvað stefndi. Lagt til orðalagið: „fari svo að þingmaður verði ráðherra“ – felur framangreint í sér, hnykkja á því að það eigi að heyra til undantekningar að þingmenn verði ráðherrar.

Rædd var fækkun þingmanna, en raunhæft að breytingar á löggjafarstarfi þingsins muni hafa áhrif þannig að styrkja eigi þingnefndir. Raunar þarf að endurhugsa hvernig þingið og stoðdeildir þess starfa í ljósi tillagna nefndarinnar sem kallar á endurskoðun á stjórnsýslunni og hvernig aðstoð þingsins.

Ef ráðherrar þurfa að segja af sér þá missa þeir styrk sinn á þinginu, þá er það hvati til að fá menn utan frá.

#### 5. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar

Engin fordæmi eru frá öðrum Norðurlöndum, menn almennt hlynntir ákvæðinu. Ein athugasemd var gerð varðandi breytingu nefndarinnar, að heimildin eigi að ná lengra, ekki bara til ráðstöfunar fjárins sem slíks heldur til fjárreiðu manna almennt.

#### 6. Upplýsingaskylda ráðherra

Fulltrúar lýstu yfir almennri ánægju með tillögu

nefndarinnar sem víkkar út upplýsingarétt þingmanna. Hugleiðingar um hvort upplýsingar sem ættu að fara leynt eða almennt undnar trúnaði væru undanskildar. Orðalagið „nema leynt skuli fara samkvæmt lögum“ - en hér er orðið laga túlkað þröngt þannig að lagaáskilnað þarf til að undantekningin eigi við.

#### 7. Árleg skýrsla ríkisstjórnar til þingsins

Á sér fordæmi í finnsku og sænsku stjórnarskránni og er þáttur í að efla eftirlitsvald þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Skylda hvílir á ráðherrum til að standa reikningsskil á sínu starfi yfir árið.

#### 8. Skipun embættismanna

Nefndarmenn gerðu grein fyrir tillögunni. Þá er opnað fyrir að í lögum megi skipa aðra en íslenska ríkisborgara í embætti. Fram komu athugasemdir um að það þyrfti að hafa íslenska ríkisborgara í ákveðnum embættum t.d. dómara og því sé ráð að láta ákvæðið óárett. Hins vegar er löggjafanum í lófa lagið að binda ákveðin embætti við íslenskan ríkisborgararétt, getur gengið í hina áttina þar sem löggjafinn skilgreinir hvað er embætti sem eru örfá. Orðið embætti er ekki nógu gegnsætt, kannski er hægt að útskýra hvað embætti felur í sér. Með orðalaginu „önnur stjórnvöld“ er vísað til þess að lögreglustjórar og tollstjóri skipa embættismenn í störf samkvæmt núverandi fyrirkomulagi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.

## B-nefnd 8. fundur 12.05. 2011

12.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Farið yfir tillögur eftir athugasemdir frá sameiginlegum nefndarfundi B, 11. maí.

#### Fundargerð

8. fundur B-nefndar haldinn 12. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Tillögur B-nefndar lagðar fram til kynningar á ráðsfunni 12. maí - yfirferð athugasemda.

Nefndarmenn fóru yfir athugasemdir við tillögur 1–9 sem fram komu á sameiginlegum fundi nefndarfulltrúa 11. maí. Örfáar orðalagsbreytingar voru gerðar ásamt efnisbreytingu sem nefndarmenn færðu inn í skýringar með tillögum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.



## C-nefnd 6. fundur 09.05. 2011

09.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir 3.–5. fundar bornar upp til samþykktar
2. Erindi
3. Umræða um kafla um dómstóla
4. Umræða um Lögréttu
5. Umræða um kafla um kosningar og alþingismenn
6. Önnur mál

### Fundargerð

6. fundur C-nefndar, haldinn 9. maí 2011, kl. 10.00–12.00 og 13.00–16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir 3.–5. fundar bornar upp til samþykktar

Engar efnislegar athugasemdir bárust og þær því samþykktar.

2. Erindi

Tekin fyrir erindi varðandi dómstóla og Lögréttu (sjá viðauka).

3. Umræða um kafla um dómstóla

Rætt um skriflegar breytingartillögur og munnlegar athugasemdir frá ráðsfundi 5. maí sl.

Rætt um tillögu Katrínar O., Vilhjalms og Þorkels um breytta röðun greina og einstök kaflaheiti um kaflann um dómstóla. Ákveðið að bíða með endurröðun ákvæða og leggja fremur áherslu á efnislega umræðu. Þó var rætt litillega um tillögu Gísla og Þorvaldar um kafla um dómstóla um hvort heiti kaflans eigi að vera dómssvald eða dómstólar. Mikilvægt að halda samræmingu í heildartexta, þó ef til vill betra að nefna valdið í stað handhafa þess á þessum stað.

Rætt um að ákveða fjölda hæstaréttardómara í stjórnarskrá. Hins vegar talið að tillögur sem liggja fyrir um hvernig dómara séu skipaðir tryggi málefnalegar skipanir í embætti. Einnig geta komið upp aðstæður í samfélaginu sem geta kallað á fjölgun dómara a.m.k. tímabundið.

Rætt um að taka út úr D2 samkvæmt venju eða eðli sínu. Nefndin þarf að ráðfæra sig við sérfræðinga í stjórnskipunarrétti til að fá svar við hvaða áhrif þetta getur haft.

Rætt um að tilgreina betur til hvaða dómstóla megi skjóta úrlausnum sérstaks dómstóls sem nú heitir Félagsdómur sbr. 2. mgr. D4. Meginreglan er samt sem áður sú að áfrýjun eða kára fer á æðra dómstig en ekki hliðsett þannig að óþarfi er að taka fram æðri dómstóla eða annarra dómstóla. Einnig rætt um

að of viðtækt sé að fela þessum dómstól öll álitafni vinnumarkaðarins, en ekki sé ætlunin að breyta fyrirkomulagi Félagsdóms heldur tryggja það.

Rætt um að forseti skipi dómara án tillögu ráðherra sbr. 2. mgr. D5 og nefnd sammála um að halda því inni. Hins vegar var ákveðið á ráðsfundinum 5. maí að setja hornklofa um forseta Íslands, þar sem ekki er ljóst enn hvers konar hlutverki hann mun gegna sbr. vinnu nefndar B.

Rætt um að breyta orðalaginu lögskipuð í lögbundin nefnd því ætlunin var að hún verði skipuð eftir lögum en ekki með lögum.

Rætt um einsleitni dómaraastéttarinnar og nauðsyn á að tryggja fjölbreytilegan bakgrunn dómara. Talið að fjölbreytileiki geti rúmast innan orðalags um mál-efnaleg sjónarmið, og óþarfi að telja upp öll markmið í ákvæðinu sem liggja ættu til grundvallar.

Rætt um að það þyrfti aukinn meirihluta Alþingis í stað einfalds til að staðfesta val dómara, ef ekki er farið að tillögum hæfnisnefndar. Ekki talin ástæða til breytingar. Bent á að óþarfi sé að hafa svo ítarlegt ákvæði í stjórnarskrá.

4. Umræða um Lögréttu

Rætt um skriflegar breytingartillögur og munnlegar athugasemdir frá ráðsfundi 5. maí sl.

Rætt um tillögu Silju Báru um skipun Lögréttu. Ekki var talið að tiltekin menntun geti útilokað einstaklinga frá setu í opinberu ráði. Bent á að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er talið að ekki hafi verið leitað til né hlustað nægilega á sérfræðinga á viðkomandi sviðum og það hafi haft neikvæð áhrif á þróunina. Það er mikilvægt að þeir sem veljist til setu í Lögréttu hafi yfir að ráða þekkingu á stjórnlögum. Drög nefndarinnar útiloka þó alls ekki að ólöglerðir geti verið skipaðir. Einnig er gert ráð fyrir að nánar skuli kveðið á um Lögréttu í lögum og er þar hægt að útfæra nánar mat á þessu.

Rætt um að fela Lögréttu fleiri verkefni en gert er ráð fyrir í tillögum stjórnlaganefndar, sbr. hugmyndir Eiríks Tómassonar á bls. 318 í skýrslu stjórnlaganefndar (fyrri bindi), t.a.m. varðandi úrskurð um kosningar og kjörgengi, mat á athöfnum og athafnaleysi stjórnvalda og bindandi álit um mat á stjórnskipulegu gildi frumvarpa við löggjafarstarf Alþingis. Stjórnlaganefndin ákvað í tillögum sínum að ganga skemur en tillaga Eiríks. Var talið nauðsynlegt að hafa frekari umræður um aukið hlutverk Lögréttu. Lagt til að óska eftir upplýsingum frá ritara stjórnlaganefndar fyrir sameiginlegan nefndafund til að heyra hverjar hafi verið meginástæður þess að ekki var gengið lengra með verksvið Lögréttu/stjórnlagaráðs.

5. Umræða um kafla um kosningar og alþingismenn

Kallað eftir umræðum um markmið (sbr. 3. fundargerð nefndar C) áður en farið er í nákvæmar útfærslur. Nefndin tiltölulega sammála um þau markmið. Dreift vinnuskjali með ákvæðum stjórnarskrár og valkostum A og B hjá stjórnlaganefnd um kosningar til Alþingis. Rætt um að nauðsynlegt sé að skoða einnig leiðir og bera þær saman við markmiðin sem sett hafa verið fram.

Rætt um mikilvægi þess að treysta beint samband kjósenda við þingmenn og auka ábyrgð, með því að koma í veg fyrir að þingmenn séu „hálf-sjálfkjörnir“ á þing vegna þess að þeir sitja á lista stjórnmalaflokks. Hins vegar er mikilvægt að hafa flokka en verður að gefa kjósendum meira val á einstökum frambjóðendum. Tryggja verður hæft fólk á Alþingi og að kjósendur hafi meiri aðkomu að því hverjir setjist á þing.

Farið yfir mismunandi hugmyndir um persónukjör, þar sem einstaklingar bjóða sig fram, þar sem persónukjör fer fram innan flokka/lista, og loks blandaða leið þar sem hægt er að kjósa lista en einnig velja einstaka frambjóðendur þvert á lista. Þetta gæti átt við hvort sem landið yrði eitt eða fleiri kjördæmi.

Nefndin almennt hlynnt auknu persónukjöri en ekki sammála um hve langt eigi að ganga, hvort það eigi að vera innan lista eða þvert á lista eða með blönduðu sniði. Einnig rætt um að ekki þyrfti að raða inn á allan listann, heldur einungis tilteknum fjölda í efstu sætin.

Rætt um landið sem eitt kjördæmi og kosti þess að flokkar gætu boðið fram fleiri en einn lista. Einnig rætt um landið sem nokkur kjördæmi með jöfnunarsætum eins og núverandi fyrirkomulag byggist á. Þá var rætt um landið sem blöndu af einmenningskjördæmum og landskjöri sbr. valkost B í skýrslu stjórnlaganefndar. Loks var rætt um hugmyndir um landið sem skilgreind framboðskjördæmi sem hluta af landskjöri þannig að kjördæmin ráða hvaða einstaklingar innan flokka raðast á þing en landsþrósentu flokksins ræður þingmannafjöldi.

Rætt um 5% þröskuldinn og hvort hann sé nauðsynlegur og af hverju 5%. Langflest Vesturlönd hafa þröskuld í sínu kosningakerfi, en 5% er í herra lagi (2% í Danmörku og 4% í Noregi). Spurningin er hve smáir flokkar eiga að ná á þing og er rétt að atkvæði greidd smáframboðum falli niður ná þau ekki þröskuldinum. Gæti orðið erfitt að mynda ríkisstjórn ef margir smáflokkar ná inn og hafa því óeðlilega mikil áhrif. Almennt talið að 5% þröskuldur sé í herra lagi, réttlæt看legt að lækka þröskuldinn í 3-4%.

6. Önnur mál  
Engin önnur mál.

#### 7. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, þriðjudaginn 10. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Innsend erindi:

33422 Bergsveinn Guðmundsson. Gjafsókn fyrir „dauða.“

33175 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Stofnun dómstólaráðs/skipun dómara.

33176 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Skipun öldungaráðs.

33310 Nils Gíslason. Dómsvald.

33268 Friðrik Ólafsson. Dómsvald – HópurC.

33206 Kristinn Már Ársælsson. Reglur um hæfni þeirra sem sækja um dómarastöðu.

## C-nefnd 7. fundur 10.05. 2011

10.05.2011 09:30

Dagskrá

1. Erindi sem borist hafa nefndinni
2. Umræða um kafla um kosningar og alþingismenn
3. Umræða um kafla um utanríkismál
4. Önnur mál

### Fundargerð

7. fundur C-nefndar, haldinn 10. maí 2011, kl. 9.30–12.00 og 13.00–16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Erindi sem borist hafa nefndinni

Rætt um að flokka erindi eftir þeim fimm efnisflokkum sem nefndin fjallar um. Fundarritari heldur saman erindum og leggur reglulega fram í nefnd. Nefndarmenn geta hins vegar svarað erindum persónulega á spjallborði hvers erindis á vefsíðu ráðsins.

#### 2. Umræða um kafla um kosningar og alþingismenn

Talin var almenn sátt frá fyrri umræðu um einhvers konar útfærslu á persónukjöri. Rætt um hvernig koma þurfi að jafnréttissjónarmiðum í slíku kjöri, t.a.m. kynjakvóta.

Rætt um landið sem eitt kjördæmi, og að flokkar geti boðið fram fleiri en einn lista, og að kjósendur geti valið einn lista og einstök nöfn þvert á lista. Þingsætum yrði svo skipt á milli flokka í hlutfalli við landsfylgi og frambjóðendur veljast í þau sæti flokksins eftir fylgi hvers og eins. Ef einungis er valinn listi þá er það efitrlátið þeim sem raða að ráða röðuninni.

Rætt um landið sem fleiri kjördæmi t.d. fimm framboðskjördæmi og eitt landskjördæmi. Þingsætum skipt milli flokka í hlutfalli við landsfylgi en innan hvers flokks skiptast sætin eftir innbyrðis fylgi kjördæmanna og frambjóðenda.

Rætt um að nauðsynlegt sé að hafa fleiri en eitt kjördæmi og bent á að flókið kosningakerfi getur minnkað kosningaþátttöku og fjölgað ógildum seðlum. Bent á að núverandi kerfi sé flókið.

Rætt um hvaða áhrif það gæti haft á kjördæmaskipan og vægi atkvæða ef sett er inn í mannréttindakafla ákvæði um bann við mismunun vegna búsetu.

Rætt um að draga þurfi lærdóm af stjórnlagabingskosningunni, að ekki hafi gefist vel að hafa persónukjör ef landið er eitt kjördæmi.

Rætt um tengsl kosninga við auðvald og fjölmiðla, og hvort það myndi tempra þessi tengsl að hafa mörg og lítil kjördæmi, þar sem væri meiri tenging og samvinna milli mismunandi stjórnsýslustiga, þingmanna og sveitarstjórnarmanna.

Rætt um hve ítarleg ákvæði um kosningar ættu að vera í stjórnarskrá og hverju má skipa með lögum og þá auknum meirihluta.

### 3. Umræða um kafla um utanríkismál

Lagt fram vinnuskjal með grein stjórnarskrár sem fjallar um samninga við önnur ríki ásamt valkostum stjórnlaganefndar A og B um utanríkismál.

Rætt um hvort eigi að vera sér kafla í stjórnarskrá um utanríkismál, og hvort eigi að vera ákvæði um framsal ríkisvalds, um samskipti framkvæmdarvalds við þingið og utanríkismálanefnd, um hvort að Ísland eigi að vera herlaust land friðar og um samband landsréttar og þjóðaréttar.

Almenn sátt um að hafa sérstakan kafla um utanríkismál, þau talin sérstaks eðlis og þurfa skýrari ramma en það eina ákvæði sem er í núgildandi stjórnarskrá.

Rætt um eineðlis- og tvíeðliskenninguna um samband lands- og þjóðaréttar, og hvort mannréttindasamningar fái aðra meðferð en aðrir þjóðréttarsamningar.

Rætt um ákvæði um framsal á fullveldi. Talin vera til óskráð meginregla um takmarkað framsal á ákveðnum sviðum, t.d. varðandi EES-samninginn. Norðmenn settu hins vegar í stjórnarskrá sína ákvæði um framsal en Ísland ekki. Samstaða var í nefndinni um að setja inn ákvæði í stjórnarskrá um framsal en áfram rætt um leiðir í því efni. Rætt um að setja bráðabirgðaákvæði um að þetta ákvæði myndi ekki hafa áhrif á ESB-ferlið sem fer eftir sér ferli og verður kosið sérstaklega um það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákvæðið er ótengt ESB-umræðunni og nær til víðtækari atvika. Rætt um að ráðsmenn vilji almennt forðast óskrifaðar reglur og því heppilegt að setja þetta inn.

4. Önnur mál  
Engin önnur mál.

### 5. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 11. maí kl. 11.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 8. fundur 11.05. 2011

11.05.2011 11:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Umræða um Lögréttu (stjórnlagaráð) og tillögur fyrir ráðsfund
2. Önnur mál

### Fundargerð

8. fundur C-nefndar, haldinn 11. maí 2011, kl. 11.00 - 12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés

Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dógg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökullsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Þorvaldur Gylfason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

### 1. Umræða um Lögréttu

Rætt um tillögur Eiríks Tómassonar um stjórnlagaráð (bls. 320 í skýrslu) ásamt skriflegum breytingartilögum frá ráðsfundi 5. maí.

Starfsmaður stjórnlaganefndar gerði grein fyrir að ætlun nefndarinnar um stjórnlagaráð/Lögréttu hafi verið að auka gæði lagasetningar, en ekki að úrskurða eða vera bindandi.

Rætt um hvort vilji sé fyrir því að fara í róttækari breytingar og útfærslur í átt að sérstöku stjórnlagadómstól. Rætt um að markmiðin ættu að vera að auka gæði laga, hindra ekki þá sem eiga lögvarða hagsmuni að láta reyna á mál (meðalganga), skilvirkni og kostnaðarsjónarmið, réttareiningu og hæfni dómenda. Einnig rætt um að óeðlilegt sé að Alþingi úrskurði sjálft um gildi kosningar.

Rætt um að málið hafi ekki fengið næga umfjöllun í nefnd og eðlilegt að nefndin haldi annan sameiginlegan fund á föstudagsmorgun til að finna þessum hugmyndum farsælan farveg.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði föstudaginn 13. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## Fundargerð 8. ráðsfundar

12.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillaga A-nefndar.  
Tillaga frá 7. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu (Fyrstu fjórtán ákvæði mannréttindakafila).
3. Skýrsla og tillögur B-nefndar.  
Tillögur um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi lagðar fram til kynningar.
4. Skýrsla C-nefndar.

8. ráðsfundur - haldinn 12. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dógg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi

Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað Salvör Nordal og Þorkell Helgason.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti miðvikudaginn 11. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Varaformaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 7. ráðsfundar, 5. maí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á vef Stjórnlagaráðs.

### 2. Skýrsla A-nefndar

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnaneftndar A, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar hingað til og skýrði þá tillögu nefndarinnar sem fyrir fundinum liggur.

Tillaga nefndarinnar um breytingar á áfangaskjali var lögð fram til afgreiðslu, sjá fylgiskjal með fundargerð. Tillagan fjallar um fyrstu greinar í mannréttindakafli og var kynnt á 7. ráðsfundi. Formaður nefndarinnar fór yfir þær athugasemdir sem fram hefðu komið og breytingar sem nefndin hafði gert á skjalinu síðan þá.

Fundarstjóri gaf orðið laust um starf og tillögu A-neftndar og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Örn Bárður Jónsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Dögg Harðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Erlingur Sigurðarson, Dögg Harðardóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Fjeldsted, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Silja Bára Ómarsdóttir vék af fundi, svo sem hún hafði boðað áður en fundur hófst.

Örn Bárður Jónsson, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

Tillagan tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjal.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt:

Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted,

Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn

Sátu hjá: Pawel Bartoszek

Fjarverandi: Andrés Magnússon, Salvör Nordal, Þorkell Helgason.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 21 atkvæði. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Lögð var fram ein breytingartillaga við tillögu A-neftndar og var henni vísað til nefndarinnar. Flutningsmaður var Vilhjálmur Þorsteinsson.

Stutt fundarhlé.

### 3. Skýrsla og tillögur B-neftndar

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnaneftndar B, flutti yfirlit yfir störf nefndarinnar og gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar sem miðar að því að efla löggjafarvald gagnvart framkvæmdarvaldi.

Tillagan var lögð fram til kynningar, sjá fylgiskjal með fundargerð.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Eiríkur Bergmann Einarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Lýður Árnason, Dögg Harðardóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Katrín Oddsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Vilhjálmur Þorsteinsson, Erlingur Sigurðarson, Katrín Fjeldsted.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum. Þær munu koma til athugunar við áframhaldandi vinnu.

### 4. Skýrsla C-neftndar

Pawel Bartoszek, formaður verkefnaneftndar C, flutti yfirlit yfir störf og verkefni nefndarinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu og störf C-neftndar og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason og Dögg Harðardóttir.

Lögð var fram ein breytingartillaga við tillögur C-neftndar um dómstóla og Lögréttu, sjá fundargerð 7. ráðsfundar, og var henni vísað til nefndarinnar. Flutningsmaður var Gísli Tryggvason.

### 5. Breytingartillögum vísað til nefnda

Fundarstjóri fór yfir þær tvær breytingartillögur sem fram komu á fundinum og nánar eru tilgreindar undir viðeigandi dagskrárlið framar í fundargerð. Breytingartillögum þessum var vísað til viðkomandi nefndar.

### 6. Næsti ráðsfundur

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næsti fundur Stjórnlagaráðs verði haldinn fimmtudaginn 19. maí, kl. 13.00. Dagskrá verði send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.47.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir

## Áfangaskjalið á 8. ráðsfundi

### Aðfaraorð

#### Mannréttindi

- Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisni í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
- Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáhrifengsla, trúarbragða, uppruna, ættleysis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
- Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
- Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
- Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.  
Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.  
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
- Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.
- Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnáhrifafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.
- Engan má skylda til aðilar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
- Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
- Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.  
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.  
Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
- Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.  
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
- Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
- Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
- Herskyldu má aldrei í lög leiða.
- Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum

dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

### Undirstöður

## Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald Kosningar til Alþingis og alþingismenn

### Störf Alþingis

1. Skilgreining á hlutverki Alþingis  
Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.
2. Aukið vægi þingforseta  
Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis vikir frá almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
3. Þingnefndir og hlutverk þeirra  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
4. Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
5. Ráðherrar sitji ekki á þingi  
Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.  
Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.  
Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikir hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.
6. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
7. Upplýsingaskylda ráðherra  
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyrar,

nema leynt skuli fara samkvæmt lögum]. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.

8. Árleg skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis  
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.  
Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.
9. Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.  
Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalega sjónarmiða.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eidd eða drengskaparheit við stjórnarskrána.

### Dómstólar

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.  
Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyrar undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.  
Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá að því marki sem á það reynir í dómsmáli.  
Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda.

Velji [forseti] ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.

Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.

6. Sjálfstæði dómara

Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

**Trúmál  
Sveitarfélög  
Lokaákvæði  
Auðlindir  
Utanríkismál**

**Lögrétta**

1. [VALKOSTUR A:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með þekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands.[:A]

[VALKOSTUR B:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, einn að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands og einn þjóðkjörinn.[:B]

Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur krafist þess að Alþingi óski eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá.

Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, óskað eftir álit Lögréttu um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir.

Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

## 9. ráðsfundur 19.05. 2011.

### A-nefnd 9. fundur 16.05. 2011

16.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Vinnuskjal um mannréttindi.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

9. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 16. maí 2011 kl. 10.00-12.00 og 13.30-16.00.

Viðstödd voru Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi, Arnfríður Guðmundsdóttir (til kl. 12.00), Dógg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir (frá kl. 13.30), Illugi Jökulsson og Katrín Oddsdóttir. Fjarvistir höfðu boðað Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Pawel Bartoszek sat fund nefndarinnar að hluta.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 6., 7. og 8. fundar voru lagðar fram og samþykktar.

#### 2. Vinnuskjal um mannréttindi

Áfram var haldið umræðu frá síðasta fundi nefndarinnar um endurbætur á mannréttindakafla.

#### 3. Önnur mál

Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum: 33164 Herdís Þorvaldsdóttir. Rányrkja og lausaganga búfjár.

33230 Sigvaldi Ásgeirsson. Lausaganga - eða vörsluskylda – búfjár.

33228 Guðfinna Guðnadóttir. Lausaganga búfjár, vörsluskylda.

### A-nefnd 10. fundur 17.05. 2011

17.05.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Vinnuskjal um mannréttindi.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

10. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 9.30-12.00; 13.45-15.15.

Viðstödd voru Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi, Arnfríður Guðmundsdóttir (frá kl. 10.30), Dógg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir (til kl.12.00), Illugi Jökulsson (til kl. 12.00) og Katrín Oddsdóttir. Fjarvistir höfðu boðað Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Vinnuskjal um mannréttindi  
Tillögur að seinni helmingi mannréttindakafla voru fullunnar, auk þess sem nefndin skrifaði skýringar við hverja þeirra. Ákveðið var að fresta framlagningu umhverfis- og auðlindaákvæða til næstu viku, þar sem óvíst væri að nægur tími gæfist til að kynna allan kaflann á sameiginlegum nefndarfundi.

2. Önnur mál  
Nefndin söng afmælistönginn fyrir Dögg Harðardóttur.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum:  
- 33458 Friðgeir Haraldsson: Dýravernd

## A-nefnd 11. fundur 18.05. 2011

18.05.2011 09:30

Sameiginlegur opinn fundur.

---

Dagskrá  
Kynning á nýjum greinum í mannréttindakafla.

---

### Fundargerð

11. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 18. maí 2011 kl. 9.30-11.00.

Viðstödd voru Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson og Katrín Oddsdóttir. Forföll höfðu boðað Arnfríður Guðmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Fundurinn var opinn öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þorkell Helgason.

#### 1. Kynning á mannréttindakafla

Varaformaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögum A-nefndar að greinum 15-24 í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Auk athugasemda við orðalag og framsetningu á greinunum gerðu fulltrúar úr öðrum nefndum nokkrar athugasemdir við aukið vægi félagslegra réttinda í kaflanum. Var bent á að slík ákvæði þyrftu að vera mjög skýrt framsett, til að koma í veg fyrir möguleika á því að greinarnar næðu ekki fram tilgangi sínum. Sökum þess hversu miklar umræður voru um greinarnar náðist aðeins að fara yfir greinar 15-19.

Í ljósi umræðnanna ákvað nefndin að fresta því að leggja greinarnar fyrir ráðsfund og boða til aukafundar föstudaginn 20. maí, þar sem reynt yrði að ná viðtækari samstöðu meðal ráðsfulltrúa um efni kaflans.

## A-nefnd 12. fundur 19.05. 2011

19.05.2011 09:30

---

### Dagskrá

1. Athugasemdir við vinnuskjal um mannréttindi.
  2. Önnur mál.
- 

### Fundargerð

12. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 10.00-11.30.

Viðstödd voru Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson og Katrín Oddsdóttir. Fjarvistir höfðu boðað Arnfríður Guðmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Athugasemdir við vinnuskjal um mannréttindi

Í ljósi athugasemda á sameiginlegum nefndarfundi 18. maí sýnist A-nefnd ljóst að kynna þurfi öðrum fulltrúum ráðsins þá grundvallarsýn sem nefndin hefur haft að leiðarljósi í starfi sínu. Ekki hafi virst einhugur um það hversu langt eigi að ganga í að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi í mannréttindakaflanum. Rætt var hvort ekki mætti freista þess að ná sátt um kaflann með því að útskýra hugmyndafræði A-nefndar, þann grunntón sem hún telur þurfa að vera í kaflanum. Verður aukafundur með öðrum fulltrúum, sem haldinn verður 20. maí, tekinn undir þessa umræðu, en frekari athugasemdir við efnisinnihald kaflans beint á reglubundinn fund nefndarinnar með öðrum fulltrúum, sem ráðgerður er 26. maí.

#### 2. Önnur mál

Engin rædd.

## B-nefnd 9. fundur 16.05. 2011

16.05.2011 10:00

---

### Dagskrá

1. Fundargerðir 4.–6. lagðar fram til samþykktar.
  2. Athugasemdir frá ráðsfundi 12. maí.
  3. Efling löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi - 14 atriði áframh.
  4. Framlögð erindi.
- 

### Fundargerð

9. fundur B-nefndar haldinn 16. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð



Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár eins og hún var birt hinn 15. maí.

1. Fundargerðir 4.–6. lagðar fram til samþykktar. Frestað til morgundags.

2. Farið yfir athugasemdir frá ráðsfundi 12. maí  
Nefndarmenn ræddu markmið tillagna sem voru lagðar fram á síðasta ráðsfundi, að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ætlunin er að þingið verði vinnuþing fremur en málstofa og að löggjafarvaldið sé í raun hjá þinginu. Tillögurnar ganga út frá því að undirbúningsvinna löggjafar sé áfram innan stjórnsýslunnar en framlagning sé gerð í gegnum viðeigandi málefnanefnd innan Alþingis. Með því munu þingmenn ósjálfrátt setja sig betur inn í þau mál sem undir nefndina heyra. Áfram myndi tiltekin löggjöf vera unnin af stjórnsýslunni inni í Stjórnarráðinu. Raunar er verið að styrkja stöðu þingsins.

Efnislegar athugasemdir komu fram á ráðsfundi:  
Auka vægi þingforseta – athugasemdir komu fram varðandi breytingu á kosningu forseta með auknum meirihluta þ.e. 2/3 þingmanna. Á forseti Alþingis að vera þingmaður eður ei? Hann víkur sæti en segir ekki af sér þingmennsku. Á að endurorða „víkur frá almennum þingstörfum“? Samræma þarf orðalag ákvæðisins um að ráðherra víki af þingi. Forseti eigi ekki að vera virkur í pólitísku ati og því eðlilegt að það komi varamaður í hans stað.

• Þingnefndir, þarf að tilgreina sumar? - Það sjónarmið kom fram að ekki ætti að gera sumum nefndum hærra undir höfði en öðrum, sem og að þingið geti ekki breytt nefndarfyrirkomulagi vegna stjórnarskrárákvæða. Tillaga um að verkefni séu nefnd, en ekki sjálf nefndin. Hins vegar er gert grein fyrir nefndunum á öðrum stað í stjórnarskránni þar sem þær gegna stjórnskipulegu hlutverki.

• Fleiri nefndir en fjárlaganefnd hafi víðtækan upplýsingarétt - Samkvæmt núverandi tillögum er fjárlaganefnd veittur víðtækur réttur til að leita upplýsinga um ráðstöfun opinbers fjár. Nefndarmenn bentu á að fjárlaganefnd hefði aukid eftirlitsvald með fjárútlátum ríkisins vegna eðli verkefna sinna en þá væri jafnframt verið að veita þinginu almennt aukinn upplýsingarétt gagnvart starfsemi framkvæmdarvaldsins. Ef aðrar nefndir óska upplýsinga um fjárútlát sé rétt að slíkt fari í gegnum fjárlaganefnd.

• Réttur þingsins til upplýsinga - Tekið út orðalagið „allar“ upplýsingar og nú aðeins umbeðnar. Samþykkt að orðalagið „nema leynt skuli fara samkvæmt lögum“ verði tekið úr hornklofum. Löggjafanum (þingmönnum) í lófa lagið að búa til ramma sem skerði ekki aðgang hans að upplýsingum.

• Ath. almennt ákvæði um stefnumótun og samráðs skyldu en þeir punktar eru nú færðir inn í sameiginlega netskjal nefndarinnar „Styrking löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi“.

3. Efling löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi - 13 atriði áframh.

Nefndarmenn héldu áfram að móta ákvæði í samræmi við þau 22 atriði, en síðast voru lögð fram 9 til kynningar.

Eftirfarandi var tekið til skoðunar:

- Meðferð þingmála.
- Þingrof.
- Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd.
- Rannsóknarnefndir þings.

Þá voru mótaðar tillögur að ákvæðum um ofangreind 4 atriði sem lögð verða fram til kynningar á sameiginlegum nefndarfundi hinn 18. maí. Sjá má fullmótaðar skýringar í fylgiskjöllum með áfangaskjali á [www.stjornlagarad.is](http://www.stjornlagarad.is).

4. Framlögð erindi

Nefndarritari lagði fram skjal með neðangreindum erindum:

33474 Birgir Hermannsson. Stjórnarfrumvörp og Alþingi.

33468 Nils Gíslason. Ýmsar athugasemdir um orðalag og hvað það felur í sér, t.d. um forseta þingsins.

33462 Natan Kolbeinsson. Ekki takmarka kjörtímabil kjörinna fulltrúa.

33465 Pétur Jósefsson. Oddviti framkvæmdarvalds kjörinn af þjóðinni.

33447 Guðmundur Á. Sæmundsson. Forseti leiði fram ríkisstjórn með hliðsjón af ábendingum frá Alþingi ofl.

33448 G. Valdimar Valdemarsson. Störf Alþingis – fjárlaganefnd.

33453 Tryggvi Þór Tryggvason. Varhugavert að ráðherrar sitji ekki á þingi – völd ráðherra munu ekki minnka.

33458 Friðgeir Haraldsson. Ráðherrar komi ekki úr hópi þingmanna ofl.

33410 Ágúst L. Sigurðsson. Takmarka kjörtímabil forseta í tvö til þrjú ef auka á völd hans.

33340 Ingólfur Harri Hermannsson. Þjóðkjörið framkvæmdarvald – tveggja turna pólitík.

33324 Ólafur Hlynur Steingrímsson. Aldurstakmark þingmanna.

33312 Gunnar Þór Tómasson. Forsetinn, þjóðhöfðinginn og valdið.

33307 Guðrún Gísladóttir. Vantrauststillögur á sitjandi meirihluta á Alþingi.

33221 Gísli Baldvinsson. Hlutverk forseta – hugleiðingar um breytingar.

33218 Lýðræðisfélagið Alda. Forseti.

33212 Lýðræðisfélagið Alda. Fjármál stjórnmálaflokka.

33207 Lýðræðisfélagið Alda. Almenn kosning ráðherra.

33156 Olgeir Gestsson. Lengd þingsetu. Þingmenn séu ekki ráðherrar.

33166 Rene Bioné. Heildarskipulagning stjórnarskrár. Valddreifing og ríkisvald í 4. kafla.

33147 Helga Guðrún Erlingsdóttir. Úrsögn þingmanna úr flokkum, þingmenn hætti þá störfum.

33174 Ólafur S. Björnsson. Forseti og varforseti þjóðkjörnir - kjörtími takmarkaður ofl.

33173 Kristinn Þór Jakobsson. Tekjuskattsprósenta fest í stjórnarskrá.

## 5. Önnur mál

Samþykkt að halda áfram umræðum þar sem frá var horfið kl. 9.30, 17. maí. Skjalið: Innsend erindi - nefnd B, var sent nefndarmönnum með tölvupósti.

Tengd gögn: Tillögur B-nefndar í áfangaskjal með skýringum, sem lagðar verða fram á ráðsfundi til afgreiðslu fimmtudaginn 19. maí.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 10. fundur 17.05. 2011

17.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykktar.
2. Framh. frá fundi dags. 16. maí 2011.

### Fundargerð

10. fundur B-nefndar haldinn 17. maí 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykktar  
Fundargerðir 4.-6. lagðar fram og samþykktar.

2. Framh. umræðna frá fundi dags. 16. maí 2011

Nefndarmenn ræddu um embætti Umboðsmanns Alþingis. Tillaga stjórnlaganefndar gengur út á að stjórnarskrárbinda embættið og gera stuttlega grein fyrir hlutverki hans. Ekki er mælt fyrir um álit hans eða tilmæli eða hvort þau séu bindandi eður ei. Nefndarmenn rökræddu hvort breyta ætti tillögu stjórnlaganefndar og auka við sjálfstæði Umboðsmanns m.a. hvort veita ætti Umboðsmanni sjálfstæðan málshöfðunarrétt eða sjálfstæðan rétt til að veita einstaklingi gjafsókn ef álit hans hefur leitt í ljós að brotið er á réttindum einstaklinga í meðförum stjórnvalda. Markmið slíkra breytinga yrði að gera embættið virkara og að farið yrði eftir álitum og tilmælum Umboðsmanns. Hugsanlega sé þörf á að tilmæli hans séu bindandi fyrir stjórnvöld til að tryggja að farið sé eftir þeim.

Ýmsar hugleiðingar komu fram, t.d. að stjórnvöld skuli virða álit og tilmæli Umboðsmanns eða notast við sterkara orðalag eins og „hlíta“. Bent var á að ekki sé ljóst hvernig slíkt skuli fara fram, t.d. hvernig stjórnvöld eigi að bregðast við og hvort þau séu þá bindandi af tilmælum Umboðsmanns. Þá var rætt hvaða úrræði stjórnvöld hefðu til að hnekkja úrlausn Umboðsmanns ef þau teldu hana ranga. Reifað var að þá hefði Umboðsmaður eins konar dómssvald.

Ýmis atriði voru rædd eins og aukin álag í dómsskerfi, breyting á eðli embættisins, t.d. að verða stór lög-

mannsstofa, og hvernig skyldi fara með mál þegar einstaklingar gætu átt rétt á bótum, t.a.m. þegar ráðning er talin ólögmat eða brjóta í bága við stjórnsýslurétt. Í slíkum tilvikum þyrftu einstaklingar að höfða mál til að sækja fjárhagslegar bætur í núverandi kerfi, en myndi álit Umboðsmanns leiða til þess?

Bent var á að í sænsku stjórnarskránni er tekið fram að Umboðsmaður megi höfða mál sem er nánar útfært í lögum. Spurning hvort slíkt ákvæði þjónaði ekki því markmiði að stjórnvöld færu frekar eftir álitum hans, ef hann hefði úrræði til málareksturs í sínu nafni eða í umboði viðkomandi einstaklings. Sett var fram tillaga þess efnis.

Þá var jafnframt mótuð tillaga að ákvæði um gjafsókn þannig að Umboðsmaður hefði sjálfstæðan rétt til að veita einstaklingi gjafsókn til að sækja rétt sinn frekar teldi Umboðsmaður stjórnvald hafa brotið lög eða rétt hans að öðru leyti. Hugleiðingar voru um hvort slíkt ákvæði ætti frekar heima í lögum eða greinargerð.

Þá var lögð fram tillaga að eftirfarandi orðalagi í 2. mgr.: „Stjórnvaldi er skylt að bregðast við álit og tilmælum Umboðsmanns Alþingis.“ Með þessu orðalagi sé sett ákveðin þumalskrúfa á stjórnvöld þannig að þau eru skylduð til viðbragða ef þau eru talin hafa brotið af sér, engu að síður eru álitin ekki bindandi. Nefnt var hvort bæta ætti inn í ákvæði um víótækan rétt Umboðsmanns til upplýsinga.

Fram kom það sjónarmið að það að tilmæli hans væru bindandi væri rangt að segja að hann yrði ígildi dómstóls. Bent var á að stjórnvöld taka ítrekað bindandi ákvarðanir um réttindi og skyldur fólks. Önnur tillaga að ákvæði er svohljóðandi: „Tryggt skal í lögum að stjórnvöld virði niðurstöður Umboðsmanns og borgarar hafi virk úrræði til að stjórnvöld bregðist við.“

Fundi var frestað til 13.30.

Nefndarmenn ákváðu að bíða með ákvæði um Umboðsmann Alþingis að svo stöddu og ganga í næsta lið.

Eftirfarandi tillögur að ákvæðum voru samþykktar:

- Ríkisendurskoðun.
- Hagsmunaskráning ráðherra og þingmanna: vanhæfi

Ákveðið var að bæta við tillögu stjórnlaganefndar ákvæði um hæfi ráðherra. Nefnd B leggur til að bætt sé við ákvæði um hæfi ráðherra sem verður flutt í kafla um ráðherra og ríkisstjórn (framkvæmdarvaldið). Almenn orðalag og gengið út frá því að ráðherra geti ekki sinnt launuðum störfum fyrir aðra og einnig í þágu opinberra stofnana.

Umræða um hvort ráðherrar eigi að geta sinnt ólaunuðum störfum svo sem verið í félagsamtökum eins og stjórn íþróttafélaga almenn. Raunar hafi ráðherrar mikil áhrif innan íþróttafélaga og sækja þar fylgi sitt, hins vegar sé álitamál hversu langt skuli ganga í þessum efnun.

Nefndarmenn ræddu jafnframt hvort sömu sjónarmið eigi að gilda um þingmenn þ.e. að þeir segi af sér launuðum störfum fyrir einkarekin fyrirtæki eða aðrar opinberar stofnanir. Nefndi mun því leggja til sex ákvæði til kynningar á

sameiginlegum nefndafundi á morgun og ráðsfundi í kjölfarið.

- Lagasetning og þingmál
- Þingrof
- Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd
- Rannsóknarnefndir
- Ríkisendurskoðandi
- Umboðsmaður Alþingis (orðalagið virða eða bregðast við)
- Hagsmunaskráning þingmanna/ráðherra

### 3. Önnur mál

Rætt um tímaplan og næstu verkefni. Tillögur þurfa að liggja fyrir ráðsfundi ekki síðar en 16. júní næstkomandi. Ákveðið að dagskrá mánudagsfundar verði ákvæði Alþingiskaflans sem út af standa, t.d. um friðhelgi þingmanna og þings og samkomustað Alþingis. Nefndarmenn samþykktu jafnframt að fjalla um sveitarfélög og fjárstjórnarhlutverk Alþingis.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.15.

## B-nefnd 11. fundur 18.05. 2011

18.05.2011 11:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Tillögur B-nefndar um eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu lagðar fram, ákvæði 10-16.

### Fundargerð

11. Fundur B-nefndar sameiginlegur fulltrúafundur haldinn 18. maí 2011, kl. 11.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Aðrir mættir fulltrúar voru Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Salvör Nordal, Guðmundur Gunnarsson, Freyja Haraldsdóttir, Dögg Harðardóttir, Örn Bárður Jónsson, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason og Lýður Árnason.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár eins og hún var birt hinn 17. maí með tölvupósti.

#### 1. Tillögur B-nefndar kynntar til umræðu

Formaður gerði grein fyrir tillögur B-nefndar um eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Framlögð gögn fyrir fundinn: Tillaga B-nefndar að texta í áfangaskjali: Alþingi (Efling löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi) - störf Alþingis.

- Tillaga 10, Meðferð þingmála  
Athugasemd var gerð við annan málslið 1. mgr. þar

sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort þjóðréttarsamningar muni öðlast lagagildi við fullgildingu. Mögulega er ákvörðun ráðsins að taka upp einedli þ.e. bein réttaráhrif þjóðréttarsamninga, en annars er ákvæðið í raun óþarft. Ákvæðið verður samþykkt innan hornklofa þar til tekin verður afstaða til þess hjá nefnd C. Bent er á að nefnd A hefur þegar samþykkt að mannréttindasamningar fái lagagildi við fullgildingu.

Í sama ákvæði er fjallar um meðferð þingmála er bent á hvort hægt sé að breyta orðalagi á þann hátt að orðalag sé jákvætt en ekki neikvætt, í 3. mgr. er jákvætt orðalag.

#### • Tillaga 11, Þingrof

Varðandi ákvæði um þingrof kemur fram að forseti er hafður innan hornklofa þar sem umfjöllun um stöðu embættisins og aðkomu þess að þingrofi er ekki lokið. Breyting nefndarinnar felst í því að setja lágmarkstíma á kosningar m.a. til að koma í veg fyrir að meirihluti misbeiti heimildinni. Með slíkum tímafresti gæfist nýjum framboðum kostur á að undirbúa framboð og kosningabaráttu. Gegn þessu komu fram sjónarmið um að tveggja og hálf mánaðar kosningabarátta væri of löng. Lögð var fram tillaga um að hámark sem gæti liðið til kosninga væri 8 vikur í stað 10. Í því tilviki gæti farið svo að aðeins tveir kosningadagar, þ.e. laugardagar, gætu komið til greina. Þá var bent á að nota orðið „ekki” í stað orðsins „eigi”. Nefndin tekur það til greina að stytta megi hámarkið, en á móti fækkar kjördögum.

Fram kemur sú hugmynd frá Þorkatli Helgasyni og Gísla Tryggvasyni að kjósendur geti í ákveðnum tilvikum krafist þingrofs.

#### • Tillaga 12, Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd

Fram kom það sjónarmið að hugmynd að verkefnum Lögréttu geti skarast við verkefni nefndarinnar. Það þyrfti að skoða með hvaða hætti Lögrétta eigi samkvæmt núverandi tillögu að athuga athafnir ráðherra og hvernig eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, sem hefur það sama hlutverk, skyldi haga sínu starfi. Gjalda eigi varhug við að búa til of margar eftirlitsstofnanir innan kerfisins sem þjóni svipuðu hlutverki. Þó skuli athuga að nefndin verður fastanefnd þingsins skipuð utanþingsmönnum, en Lögrétta sé hópur sérfræðinga, eins konar lagabætur auk þess hlutverks að taka afstöðu til ábyrgðar manna.

#### • Tillaga 13, Rannsóknarnefndir Alþingis

Ábending kom um að skoða orðalagið „krefja þá er máli tengjast”. Fram kom að hér væri þrengt orðalag þannig að mögulega gæti það aðeins átt við þann sem telst aðili að máli, en ekki vitni eða sérfræðinga innan stjórnábylgunnar.

#### • Tillaga 14, Umboðsmaður Alþingis

Tillagan var aðeins kynnt en er ekki fullmótuð. Lagt fyrir gesti að innan nefndarinnar væri umræða um kosti í 2. mgr. frá 1-4.

Fram kom hugmynd sem margir aðhylltust, að embættið skyldi kallast umboðsmaður almennings.

Efnisleg ábending kemur fram um að mæla eigi fyrir um tímapressu á stjórnvald til viðbragða vegna álita umboðsmanns Alþingis.

Þá var jafnframt bent á að ef hann eigi að hafa að fullu sjálfstæði í starfi þá eigi að skipa hann ótíma-

bundið og sambærilegan hátt eigi að hafa á og við skipun dómara. Þá verði að hugsa út í að eigi hann að hafa heimild til að höfða mál, í hvaða tilvikum það sé og með hvaða hætti. Mikilvægt sé að huga að útfærslunni.

Enn fremur er bent á að punktin eigi að hafa mun framar, en heildarstarfslýsing hans þurfi ekki að vera í stjórnarskránni. Stjórnarskráin eigi að vera knöpp og hafa meginreglur, nema ef sérstaklega þurfi að hafa ákvæði ítarleg, en það eigi ekki við í þessu tilviki.

Bent er á að hægt sé að útfæra það að umboðsmaður heyri undir Alþingi í ákvæðinu, en hins vegar getur heiti hans vel verið umboðsmaður almennings, en nefndarmönnum leist almennt vel á að nafninu yrði breytt.

- Tillaga 15, Ríkisendurskoðun  
Engar athugasemdir lagðar fram.

- Tillaga 16, Hagsmunaskráning þingmanna/ráðherra

Bent var á að almennt hæfi ráðherra eigi fremur heima í ríkisstjórnarkafli, en nefndin tók undir það. Ekki hefur verið lögð til endanleg uppröðun.

Nefnt er að taka eigi út öll önnur störf er tengjast embættinu. Þá var tekið fram að hæpið væri að banna ráðherra öll störf utan embættisins, enda gildi félagsfrelsi á landinu, rétturinn til að taka þátt og standa fyrir utan.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.

## C-nefnd 9. fundur 13.05. 2011

13.05.2011 10:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Umræða um Lögréttu
2. Önnur mál

### Fundargerð

9. fundur C-nefndar, haldinn 13. maí 2011, kl. 10.00–11.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason og Þorvaldur Gylfason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræða um Lögréttu

Rætt um þær breytingartillögur sem komu fram eftir ráðsfund 5. maí og á sameiginlegum nefndarfundum í C-nefnd.

Með tilliti til markmiða sem fram komu á síðasta fundi var rætt um útvíkkað hlutverk Hæstaréttar í tilteknum málum. Rætt um hvernig Hæstiréttur yrði skipaður í þessum sérmálum. Rætt um að ef þessi leið yrði farin væri jafnframt hægt að mæla fyrir um lagabætandi nefnd innan þings, en hún yrði þá aðeins ráðgefandi og tilheyrði kafla stjórnarskrár um störf

Alþingis en ekki dómstólakafli.

Farið yfir efnisþætti allra tillagna og sett upp eftirfarandi leiðbeiningar fyrir næsta fund:

Um stjórnskipulegt gildi laga myndi dæma fjölskipaður Hæstiréttur. Um ráðherraábyrgð og lögmæti stjórnarathafna ráðherra myndi dæma fjölskipaður Hæstiréttur. Um gildi kosninga og kjörgengi myndu dómstólar dæma í stað Alþingis. Nefndarmönnum fannst þetta geta orðið grundvöllur að frekari umræðu.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánudaginn 16. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

## C-nefnd 10. fundur 16.05. 2011

16.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Erindi sem borist hafa nefndinni
3. Umræða um kafla um dómstóla og Lögréttu
4. Önnur mál

### Fundargerð

10. fundur C-nefndar, haldinn 16. maí 2011, kl. 10.00–11.40, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður og Lýður Árnason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir  
Frestað.

2. Erindi sem borist hafa nefndinni  
Frestað.

3. Umræða um kafla um dómstóla og Lögréttu

Rætt um þá niðurstöðu og leið sem mörkuð var á síðasta fundi. Kafli um Lögréttu fer út sem sjálfstæður kafli en við bætast greinar í dómstólakafli um útvíkkaðan Hæstarétt í ákveðnum málum.

Rætt um fjölda dómenda í útvíkkuðum Hæstarétti. Tillaga var um 7 dómara Hæstaréttar sbr. þegar mál eru talin sérlega mikilvæg, og 8 menn kjörnir af Alþingi og þingi fært vald til að kveða á um hvernig því vali skuli háttað, bæði um málsmeðferð og val dómara.

4. Önnur mál  
Engin önnur mál.

5. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, þriðjudaginn 17. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.

## C-nefnd 11. fundur 17.05. 2011

17.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Umræða um kafla um dómssvaldið
2. Umræða um kafla um utanríkismál
3. Önnur mál

### Fundargerð

11. fundur C-nefndar, haldinn 17. maí 2011, kl. 9.30–15.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal (til kl. 12.00) og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Umræða um kafla um dómssvaldið

Rætt um mögulega nýja 7. gr. dómstólakafans um sérskipaðan Hæstarétt í ákveðnum málum. Í því skyni yrði að breyta grein D3 og taka út „að því marki sem reynir á í dómsmáli“. Það yrði þó einungis þegar málum er vísað til Hæstaréttar af þingnefnd, þriðjungi þingmanna eða [forseta Íslands].

Rætt um að dómstólar myndu skera endanlega úr um lögmæti kosninga í stað Alþingis sjálfs.

Rætt um að hæfnisnefnd vegna skipunar dómara yrði að vera lögbundin en ekki lögskipuð eins og er í áfangaskjali.

Rætt um að vísa greinum um Lögréttu/stjórnlagaráð til B-nefndar, tilheyrir kafla um störf Alþingis. Einnig ákveðið að vísa ákvæði um ákærvald Alþingis á ráðherrum til B-nefndar og ákvæði um upphaf mála fyrir sérskipuðum Hæstarétti.

#### 2. Umræða um kafla um utanríkismál

Formaður opnaði umræðu með því að vísa á fræðigreinar í gagnasafni ráðsins um utanríkismál, ásamt tillögum í skýrslu stjórnlaganefndar og grein stjórnar um samninga við önnur ríki, sem er eina grein stjórnarskrárinnar um utanríkismál.

Meðferð utanríkismála er að mestu hefðuð í dag varðandi samskipti milli forseta og ráðherra og þings. Samt sem áður er það ekki fyllilega skýrt ef á reynir. Samráð við utanríkismálanefnd er í dönsku stjórnarskránni og nær til ákvarðana en er í þingskaparlögum hér og nær einungis til mála. Rætt um hvað séu meiri háttar mál eða ákvarðanir.

Rætt um hvort tilgreina eigi að forseti Íslands skuli alltaf fylgja íslenskri utanríkisstefnu sem mótuð er af ráðherra.

Rætt um að nú á dögum geti verið erfitt að skilgreina hvað sé utanríkismál, en hægt að líta til reglugerðar um Stjórnarráð Íslands þar sem verkefni utanríkisþjónustunnar eru talin upp. En ekki hægt að skilgreina með tæmandi hætti. Valkostur stjórnlaganefndar B er betri þar sem talað er um ráðherra í stað utanríkisráðherra.

Rætt var um hvað hugtakið stríð þjóðir og samspil þess við mannréttindakafann sem er í nefnd A, og hvort hugtakið vopnuð átök sé heppilegra og eigi alltaf að vera álitid meiri háttar utanríkismál.

Rætt var um grein um gerð þjóðréttarsamninga, sbr. 21. gr. stjórnarskrár. Rætt um að formlega verði það ráðherra sem geri slíka samninga en ekki forseti, enda er það raunin. Einnig talið að orðalagið „samningar við önnur ríki“ sé nær almennri málnotkun í stað þjóðréttarsamninga, þótt á það hafi verið bent að það sé réttara þar sem þjóðréttaraðilar séu fleiri en ríki.

Rætt var um ákvæði um framsal ríkisvalds. Erfitt getur verið að skilgreina orðalagið í þágu friðar í alþjóðlegri samvinnu. Rætt um hvort ekki þurfi að ræða þjóðaratkvæði um samninga um framsal ríkisvalds í samhengi við þjóðaratkvæðagreiðslur almennt.

Rætt var um hvort rétt sé að hafa slíkt ákvæði um heimild til framsals eða ekki. Hins vegar bent á óskrifada reglu um framsal upp að vissu marki ef það er afmarkað, takmarkað og feli ekki í sér íþyngjandi reglur. Rætt um hvort ekki sé rétt að færa a.m.k. óskrifuðu regluna sem talin er gilda í stjórnarskrá.

#### 3. Önnur mál Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði skv. dagskrá, miðvikudaginn 18. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

## C-nefnd 12. fundur 18.05. 2011

18.05.2011 13:30

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Umræða um breytingartillögur á kafla um dómstóla til afgreiðslu á ráðsfundi.
2. Umræða um kafla um kosningar og alþingismenn.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

12. fundur C-nefndar, haldinn 18. maí 2011, kl. 13.30–16.20, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður,

Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Umræða um breytingartillögur á kafla um dómstóla til afgreiðslu á ráðsfundi

Rætt var um hvort tiltaka eigi fjölda dómara Hæstaréttar í stjórnarskrá. Rætt var um hvað þýði orðalagið samkvæmt venju eða eðli sínu. Rætt var um að taka verði fram þjóðaratkvæðagreiðslur auk almennra kosninga. Rætt um að breyta orðinu lögsaga í verksvið dómstóla. Rætt um hvort nægilega sé skýrt út hvert sé valdsvið Félagsdóms.

Rætt var um nýja 7. gr. dómstólakaflans um sérskipaðan Hæstarétt. Gerð var athugasemd við að skeyta þurfi við greinina hverjir geti vísað málum til sérskipaðs Hæstaréttar. Rætt um hverjir skipi dóminn og hvaða sérþekkingu þeir skulu búa yfir.

Rætt var um að Hæstiréttur hafi nóg verkefni fyrir, og rétt sé að stofna nýjan dómstól með þessi sérverkefni. Rætt var um að þrátt fyrir þessa skipun í 7. gr. þarf samt sem áður að athuga hvort ekki sé ástæða til að Alþingi komi sér upp stjórnlagaráði/Lögréttu til að auka gæði lagasetningar. Það gæti hins vegar heyrð undir nefnd B að taka það til umfjöllunar. Einnig var rætt um að nefnd B þurfi að fjalla um ákærvald Alþingis á hendur ráðherrum.

#### 2. Umræða um kosningar og kjördæmaskipan

Nefndin hefur verið sammála um aukið persónukjör en hefur ekki fundið samnefnara í kjördæmamálum. Rætt var um landið sem eitt kjördæmi og kjósendur geti valið flokka og einstaklinga þvert á flokka. Rætt var um mikilvægi þess að raddir flestra landsvæða heyrist og tengsl þingmanna og kjósenda. Rætt var um fjárstjórnarvaldið, að finna leiðir til að færa það nær sveitarfélögunum og fólki, þá minnkar þörfin á áherslu á landsvæði í kjördæmamálum. Rætt um að kjördæmi þurfi ekki endilega að vera landfræðileg.

Þá var rætt um blandað skynsamlegt kerfi landskjörs og framboðskjördæma.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánudaginn 23. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20.

## Fundargerð 9. ráðsfundar

19.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

2. Skýrsla og tillögur C-nefndar. Tillögur um breytingar á áfangaskjali (Dómstólakafla frá 7. ráðsfundi) lagðar fram til afgreiðslu.
3. Skýrsla A-nefndar.
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar. Tillögur um nýjan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar (Þingmál, eftirlitshlutverk Alþingis). Tillögur frá 8. ráðsfundi um texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu (Efling lög-gjafarvalds).
5. Stefnuræður fulltrúa. Dögg Harðardóttir Þorkell Helgason

9. ráðsfundur - haldinn 19. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík. Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson. Forföll höfðu boðað Arnfríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs. Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is. Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 18. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð. Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 8. ráðsfundar, 12. maí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

### 2. Skýrsla og tillögur C-nefndar

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og fjallaði um þá tillögur sem fyrir fundinum lá.

### 2.1 Tillögur um breytingar á áfangaskjali (Dómstólakafla frá 7. ráðsfundi) lagðar fram til afgreiðslu

Tillögurnar varða fyrstu sjö ákvæðin í kafla um dómvald, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru kynntar á 7. ráðsfundi og voru nú lagðar fram til afgreiðslu, nokkuð breyttar.

Varaformaður nefndarinnar fór yfir tillögurnar, athugasemdir og breytingar sem gerðar hefðu verið eftir að skjalið var upphaflega kynnt. Auk þess kom fram að C-nefnd leggur til að B-nefnd taki tiltekin atriði til at-

hugunar í sinni vinnu, í samhengi við tillögu C-nefndar um dómsvald.

Að lokinni framsögu varaformanns C-nefndar lét fundarstjóri þess getið að tillögurnar yrðu ræddar í heild sinni og síðan bornar undir atkvæði. Að svo búnu var orðið gefið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson og Örn Bárður Jónsson.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Lögð var fram ein breytingartillaga við tillögur C-nefndar, nánar tiltekið 7. gr., og var henni vísað til nefndarinnar. Tillagan fjallar um skipan Hæstaréttar í tilteknum málum og hana fluttu þau Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Katrín Oddsdóttir, sjá fylgiskjal með fundargerð. Fyrstnefndur flutningsmaður fékk orðið og gerði nokkra grein fyrir tillögunni.

Tillaga C-nefndar var tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjal.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn

Sátu hjá: Enginn

Fjarverandi: Arnfríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 22 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

### 3. Skýrsla A-nefndar

Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnaneftndar A, flutti yfirlit yfir störf nefndarinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu A-nefndar en enginn fulltrúa óskaði eftir að taka til máls.

### 4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

**4.1 Tillögur um nýjan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar** (Meðferð þingmála, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.)

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnaneftndar B, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar frá síðasta ráðsfundi og fjallaði um þær tillögur nefndarinnar sem fyrir fundinum lágu til kynningar.

Tillögurnar varða meðferð þingmála, þingrof, eftirlitshlutverk Alþingis og fleira, í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Hlutverk og störf Alþingis”, sjá fylgiskjal með fundargerð.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Þorkell Helgason, Illugi Jökulsson, Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Guðmundur Gunnarsson, Andrés Magnússon, Gísli Tryggvason og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Stutt fundarhlé.

### 4.2 Tillögur frá 8. ráðsfundi um texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu

 (Efling löggjafarvalds)

Tillögurnar varða eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru kynntar á 8. ráðsfundi og voru nú lagðar fram til afgreiðslu, nokkuð breyttar.

Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögunum, athugasemdum og breytingum sem gerðar hefðu verið á skjalinu síðan það var kynnt.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Katrín Oddsdóttir, fundarstjóri og Gísli Tryggvason.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillaga B-nefndar var tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjal.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Lýður Árnason

Sátu hjá: Enginn

Fjarverandi: Arnfríður Guðmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Illugi Jökulsson, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

### 5. Stefnuræður fulltrúa

#### 5.1 Dögg Harðardóttir

Dögg Harðardóttir flutti ræðu sína.

#### 5.2 Þorkell Helgason

Þorkell Helgason flutti ræðu sína.

### 6. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar lét fundarstjóri getið um fram komna breytingartillögu frá Ómari Þorfinni Ragnarssyni og

Katrínu Oddsdóttur, sbr. bókun í fundargerð undir lið 2.1 hér að framan. Breytingartillögu þessari var vísað til C- nefndar.

Þá var þess farið á leit í tillögum C-nefndar, sbr. lið 2.1 hér að framan, að B-nefnd taki tiltekin atriði til athugunar.

Næsti reglulegi fundur Stjórnlagaráðs verður haldinn fimmtudaginn 26. maí, kl. 13.00. Dagskrá verður send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.53.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir

#### Fylgiskjöl 9. ráðsfundar:

- 33522 - Nefnd C - Breytingartillögur - Dómstólar
- 33525 - Nefnd B - Tillaga til kynningar - Eftirlit Alþingis og fleira
- 33526 - Nefnd B - Tillaga til afgreiðslu - Efling löggjafarvalds
- 33532 - Stefnumæða Daggar Harðardóttur

### Áfangaskjalið á 9. ráðsfundi

#### Aðfaraorð

#### Mannréttindi

1. Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisni í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
2. Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáætlinga, trúarbragða, uppruna, ætt-ernis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
3. Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
4. Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
5. Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.  
Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.  
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
6. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.
7. Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnáætlun og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
8. Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
9. Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgara- réttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgara- rétti.  
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.  
Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
10. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo



fljótt sem verða má. Reynist frelsisvipting ólög-  
mæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal  
hann eiga rétt til skaðabóta.

- Engum verður gert að sæta refsingu nema hann  
hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð  
þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða  
þyngri en þá voru leyfð í lögum.
- Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.  
Engan má beita pyndingum né annarri ómann-  
úðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.  
Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af  
hendi.
- Herskyldu má aldrei í lög leiða.
- Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín  
og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refs-  
verða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan  
háfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum  
dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði  
nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til  
að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.  
Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða  
háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans  
hefur verið sönnuð.

#### Undirstöður

### Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdar- vald

#### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

#### Störf Alþingis

- Skilgreining á hlutverki Alþingis  
Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer  
með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og  
hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem  
nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og  
öðrum lögum.
- Aukið vægi þingforseta  
Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum at-  
kvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti  
ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við  
kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber  
ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í  
stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar  
og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þing-  
störfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður  
hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir  
embættinu.
- Þingnefndir og hlutverk þeirra  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og  
um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys [fjár-  
laganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utan-  
ríkismálanefnd og aðrar] nefndir til þess að fjalla  
um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir  
í lögum.

- Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frum-  
vörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
- Ráðherrar víki af þingi  
Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt  
í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til  
kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.  
Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.  
Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann  
úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og  
tekur varamaður þá sæti hans.
- Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir  
ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög  
úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráð-  
stöfun þess fjár.
- Upplýsingaskylda ráðherra  
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þing-  
nefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur  
um málefni sem undir hann heyra, nema leynt  
skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt  
á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari  
fyrirmælum í lögum.
- Árleg skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis  
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu  
um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.  
Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem  
undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.
- Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld  
veita þau embætti er lög mæla.  
Við skipun manna í embætti skal einungis líta  
til hæfni og málefnaþegra sjónarmiða.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti  
megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja  
má embættismann um eið eða drengskaparheit  
við stjórnarskrána.
- Meðferð þingmála  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en  
það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.  
[Sama á við um heimild til fullgildingar þjóð-  
réttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum  
eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.]  
Þingsályktunartillögu má ekki samþykkja fyrr  
en hún hefur verið rædd við tvær umræður.  
Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráð-  
herra og tillögur um skipun sjálfstæðra rann-  
sóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina  
umræðu.  
Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu  
falla niður við lok kjörtímabils.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þing-  
mála í lögum.
- Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk  
þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en  
sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi.  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tíu vikum eftir

- þingrof. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
12. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnáslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
  13. Rannsóknarnefndir þings  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
  14. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.  
Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.
  15. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismaðni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
  16. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf  
Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
- ekki komist í bráð með því að bera lögmati hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
  5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.  
Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
  6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.
  7. [...]
 

Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.  
[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

### Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
  2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.  
Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
  3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.  
Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá.  
Dómstólar skera úr um lögmati almennra kosninga.  
Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður
- Trúmál**  
**Sveitarfélög**  
**Lokaákvæði**  
**Auðlindir**  
**Utanríkismál**

**Lögrétta**
1. [VALKOSTUR A:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með þekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands.[:A]  
[VALKOSTUR B:] Forseti Íslands skipar í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, tvo að tillögu Alþingis, einn að tillögu forseta Hæstaréttar Íslands og einn þjóðkjörinn.[:B]  
Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur krafist þess að Alþingi óski eftir álit Lögréttu um

hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá.

Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, óskað eftir álitum Lögréttu um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir.

Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

## 10. ráðsfundur 26.05. 2011.

### A-nefnd 13. fundur 20.05. 2011

20.05.2011 10:00

Sameiginlegur opinn fundur

Dagskrá

1. Vinnuskjal um mannréttindi.

#### Fundargerð

13. fundur A-nefndar, haldinn föstudaginn 20. maí 2011 kl. 10.00-11.20.

Viðstödd voru Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir, formaður. Forföll höfðu boðað Arnfríður Guðmundsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Fundurinn var opinn öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Þorsteinsson.

#### 1. Vinnuskjal um mannréttindi

Fulltrúar í A-nefnd skýrðu frá því vinnulagi sem viðhaft hefur verið í nefndinni. Annars vegar lögju starfinu til grundvallar gildi sem kynnt voru á ráðsfundi 28. apríl. Hins vegar leitaðist nefndin við að styrkja núgildandi ákvæði mannréttindakaflans – t.a.m. sem snúa að efnahagslegum og félagslegum réttindum – með því að bæta við þau atriðum úr alþjóðasáttmálum sem Ísland er þegar aðili að.

Voru gestir nefndarinnar almennt sammála því að styrkja megi efnahagsleg og félagsleg réttindi, en greindi á um leiðir til þess. Sem valkosti við þá leið sem A-nefnd hefur valið, þ.e. að bæta texta við þau ákvæði sem fyrir eru, voru eftirfarandi meginsjónarmið einnig nefnd:

- Halda breytingum í lágmarki, enda hafi dómafrankvæmd sýnt að efnahagsleg og félagsleg réttindi séu varin í núgildandi stjórnarskrá.
- Tiltaka efnahagsleg og félagsleg réttindi, sem og skyldu ríkisins til að tryggja þau, í almennt orðaðri upphafsgrein, frekar en að útfæra þau sérstaklega.
- Færa efnahagsleg og félagslegt réttindi í nokkurs konar réttindaskrá, líkt og þekktist í öðrum löndum.

A-nefnd taldi eftir sem áður að æskilegt væri að útfæra betur réttindi sem til þessa hafa verið knappt orðuð, þannig að þau fái markmiðsgildi. Hins vegar sé full ástæða til að vanda orðalag, þannig að greinarnar líði ekki fyrir að vera óljósar.

Formaður A-nefndar lagði til að í næstu viku yrðu allar greinar mannréttindakaflans kynntar á ráðs-fundi, til að forðast að lenda í frekara tímahraki. Til að nefndin geti tekið tillit til sjónarmiða sem flestra ráðs-fulltrúa verður kaflinn því sendur þeim til umsagnar, en miðað er við að athugasemdir skili sér til A-nefndar ekki seinna en mánudaginn 23. maí.

## A-nefnd 14. fundur 23.05. 2011

23.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda.
2. Athugasemdir frá opnum fundum.
3. Vinna í efnahagslegum og félagslegum réttindum, umhverfisákvæði ef tími gefst.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

14. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 23. maí 2011, kl. 10.00-12.00 og 13.00-16.10.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson og Katrín Oddsdóttir. Auk þess sat Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, fundinn að hluta. Þorvaldur Gylfason og Freyja Haraldsdóttir höfðu boðað forföll. Sif Guðjónsdóttir ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir 9., 10. og 11. fundar í nefndinni lagðar fram og samþykktar án athugasemda.

#### 2. Athugasemdir frá opnum fundum

Haldið var áfram endurbótum á mannréttindakafla, ákvæðum 15.-28. gr., til að bregðast við þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundum sem haldnir voru með öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði 18. og 20. maí. Jafnframt var litið til skriflegra athugasemda sem bárust frá Pawel Bartoszek, Vilhjálmi Þorsteinssyni og Írisi Lind Sæmundsdóttur.

#### 3. Vinna í efnahagslegum og félagslegum réttindum, umhverfisákvæði ef tími gefst

Farið var yfir ákvæði 15.-28. gr. í mannréttindakafla, þau rædd og nokkrar breytingar gerðar. Þó voru ákvæði um náttúruauðlindir, menningarleg verðmæti og náttúru einungis stuttlega rædd og frekari umfjöllun frestað. Ákvæði um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla þarf að skoða í samvinnu við B-nefnd og A-nefnd gerir ráð fyrir að umfjöllun um 77. gr. stjórnarskrár falli einnig undir hina fyrrnefndu. Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, kom á fundinn og tók þátt í umræðum um ákvæði 21.-22. gr., um náttúruauðlindir og menningarleg verðmæti.

#### 4. Önnur mál Engin rædd.

## A-nefnd 15. fundur 24.05. 2011

24.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Umhverfis- og auðlindamál.
2. Mannréttindakafla í heild til kynningar.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

15. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 24. maí 2011 kl. 9.30-12.00 og 13.30-15.45.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir (til kl. 15.00), Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Salvör Nordal sat fund nefndarinnar kl. 9.50-11.30.

#### 1. Umhverfis- og auðlindamál

Haldið var áfram endurbótum á mannréttindakaflanum til að bregðast við þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundum sem haldnir voru með öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði 18. og 20. maí. Jafnframt var litið til skriflegra athugasemda sem bárust frá Írisi Lind Sæmundsdóttur og Pawel Bartoszek.

#### 2. Mannréttindakafla í heild til kynningar

Farið var yfir þær greinar sem nefndin hyggst leggja fram í heild sinni, m.a. til að gæta að því að brugðist hafi verið við helstu gagnrýni sem fram kom á sameiginlegum nefndafundum. Við yfirferðina var ákveðið að fresta framlagningu ákvæða um fjölmiðla og upplýsingafrelsi, en þær greinar þyrfti að skoða sameiginlega með B-nefnd. Hyggst nefndin því leggja 11 greinar fram til kynningar á næsta ráðsfundi.

#### 3. Önnur mál

Engin rædd.

## A-nefnd 16. fundur 25.05. 2011

25.05.2011 09:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Kynning á mannréttindakafla, greinar 15-25.

### Fundargerð

16. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 25. maí 2011 kl. 9.00-12.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Fundurinn var opinn öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson,

Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

#### 1. Kynning á mannréttindakafla, greinar 15-25

Kynntar voru greinar 15-25 í áfangaskjal Stjórnlagaráðs. Fulltrúar úr öðrum nefndum voru almennt ánægðir með þær breytingar sem orðið höfðu á skjalinu frá fyrri viku. Þó kom fram fjöldi athugasemda við textann, sem nefndin taldi sér unnt að taka afstöðu til fyrir næsta ráðsfund. Því þótti nefndinni ljóst að hægt væri að leggja kaflann fram til kynningar á næsta ráðsfundi, en til að bregðast við sem flestum framkomnum athugasemdum yrði aukafundur hjá nefndinni 26. maí.

### A-nefnd 17. fundur 26.05. 2011

26.05.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Frágangur tillagna eftir sameiginlegan nefndarfund 25. maí.

#### Fundargerð

17. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 26. maí 2011 kl. 9.30-12.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Frágangur tillagna eftir sameiginlegan nefndarfund 25. maí

Farið var yfir athugasemdir sem fram komu við kynningu á kaflanum á sameiginlegum nefndarfundum 25. maí, þær ræddar og flestar teknar til greina. Jafnframt voru skrifaðar skýringar sem fylgt gætu textanum á ráðsfundi. Samþykkt skjal verður lagt fram á 10. ráðsfundi.

### B-nefnd 12. fundur 23.05. 2011

23.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Verkáætlun.
2. Kafli um Alþingi - lokayfirferð.
3. Þingræði og vantraust.

#### Fundargerð

12. Fundur B-nefndar haldinn 23. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík. Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Erlingur Sigurðarson. Þórhildur Þorleifsdóttir var forfölluð. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Verkáætlun nefndarinnar

Á næsta ráðsfundi hinn 26. maí stendur til að klára kaflann um Alþingi og hlutverk þess. Farið var yfir starfsáætlun nefndarinnar. Annaðhvort skal halda aukaráðsfund hinn 27. maí þar sem rætt verður forsetaræði og þingræði, eða halda áfram fundi á fimmtudaginn. Lagt var til að fulltrúar sem eru fylgjandi beinni kosningu á framkvæmdarvaldinu leggi fram tillögu þess efnis á fundinum 27. maí næstkomandi.

Í næstu viku er ákveðið að fjalla um hlutverk og stöðu forseta Íslands. Í fyrstu er hægt að útfæra embættið sem ópólitískt sameiningartákn en bæta svo við hann hlutverkum, ef nefndin og ráðið telur það þurfa.

Gísli Tryggvason mætti á fundinn kl. 10.15.

#### 2. Kafli um Alþingi

Ákveðið var að klára kaflann og í fyrstu fjallað almennt um þingmenn.

• Drengskaparheit; Samþykkt að ákvæði um drengskaparheit haldi gildi sínu en orðalagi breytt á þann veg að nota framsöguhátt og beina ræðu, „vinnur“ í stað „skal vinna“.

Tekið var dæmi úr finnsku stjórnarskránni þar sem orðalagið er talsvert hátíðlegra og vísar til þess að fylgja stjórnarskránni. Samþykkt var að setja inn að þingmenn skuli bundnir við stjórnarskrá í sínum störfum.

• Friðhelgi þingmanna; lagðar voru fram breytingar stjórnlaganefndar þar sem skýrt er tekið fram að einungis sé um að ræða sakamál. Nefndin var almennt samþykkt því orðalagi. Rætt var um hvort bæta ætti „eða játi sekt sína“ við ákvæðið. Rætt var um hvort nýting á rannsóknarheimildum gagnvart þingmönnum ætti að nefna jafnframt.

Eiríkur Bergmann Einarsson mætti á fundinn kl. 10.28.

• Kjörgengi; Rætt var um kjörgengi þingmanna og missir kjörgengis - lögð til orðalagsbreyting til einföldunar. Bætt við 2. málslíð að varamaður taki sæti í stað þingmanns sem glatar kjörgengi, þá sé ferlið skýrt og til samræmis við orðalag annarra ákvæða. Nefndarmenn ræddu hvort afnema ætti kjörgengisskýrði um óflekkað mannorð m.a. vegna þess að kjósendur eigi að hafa frelsi til að kjósa þá menn á Alþingi sem þeir vilja.

• Friðhelgi þingsins; á að tákna að Alþingi eigi að búa við ákveðið öryggi. Samþykkt óbreytt þótt lagt væri til að orðið öryggi kæmi í stað orðsins friðar.

• Starfstími Alþingis; samkvæmt þessu verða að vera tvær vikur eftir kosningar sem þarf að gilda um þingrof jafnframt. Hins vegar talið óþarft að hafa fastan dag í stjórnarskránni, en nefnt að meirihluti fari að hringla með daginn og það sé tilgangurinn. Nefndarmönnum finnst þó eðlilegra að starfstími Alþingis sé ákveðinn með þingsköpum.

• Samkomustaður Alþingis; stjórnlaganefnd hefur einfaldað ákvæðið og heimilar Alþingi að funda annars staðar. Í Svíþjóð er það þingið eða forseti þingsins sem tekur ákvörðun um að halda fund annars staðar. Samþykkt orðalagið að forseti þings geti jafnframt tekið ákvörðun í þeim efnum – þá er orðalagið að „koma saman annars staðar á Íslandi.“

• Ein málstofa og opnir fundir; ákvæði um eina málstofu. Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Ef breytingar verða gerðar á kosningakerfi kann það þó að leiða til þess að þingið verði deildaskipt. Samþykkt að ein málstofa verði innan hornklofa.

• Ályktunarbærni - þ.e. að helmingur þurfi að sitja til að álykta um mál. Nóg að 31 sé viðstaddur og meirihluti samþykki það, samþykkt að slíkt sé óbreytt

Þá var rætt hvort sameina ætti einhver ákvæði til að fækka þeim.

### 3. Þingræði og vantraust

Rætt var um hvort þingið eigi að taka ákvörðun sína um ráðherra með kosningum eins og gert er í Svíþjóð. Myndun ríkisstjórnar eigi að fara fram í skjóli forsætisráðherra, en þingið geti rekið forsætisráðherra og einstaka ráðherra. Forsætisráðherra er kjörinn af þingi og svo leggur hann til lista um hvaða ráðherrar veljast í ríkisstjórn. Forsætisráðherra ber því ábyrgð á ríkisstjórn í heild og getur sett af einstaka ráðherra en þingið getur sett fram vantraust á einstaka ráðherra. Því geti þing og forsætisráðherra rekið ráðherra.

Í Þýskalandi er ákvæði um jákvætt vantraust, í því felst að sérhver tillaga verður að fela í sér kjör nýs forsætisráðherra. Nefndarmönnum líst almennt vel á það, enda þarf minnihluti að vera ábyrgur í sínum málflutningi með því að leggja til eftirmann.

Tímaás:

- Kosningar - þing kemur saman (2 vikur)
- Prófun kjörbréfa (dómstóll) sem prófa kjörbréf (landskjörstjórn/hefst strax)?
- Kosning forseta 2/3
- Stjórnarmyndun
- Ný ríkisstjórn, þingstörf

Nefnt var að þingið ætti ekki að ákveða hvernig skipta ætti verkefnum ráðuneytanna. Nú er staðan sú að ákveðið er með forsetaúrskurði (reglugerð), að frumkvæði forsætisráðherra, hvernig verkefnum er skipt á milli ráðuneyta sem og tala þeirra. Í lögum um Stjórnarráð Íslands er tala ráðuneyta enn fremur útfærð.

Ákveðið var að ráðherrar ákveði skipan ráðuneyta. Gert er ráð fyrir því að það sé án atbeina þingsins þannig að slíkt sé ekki ákveðið í lögum. Framkvæmdastjóri eigi að ákveða sjálfur sín verkefni og hvernig verkefni skiptast þar á milli.

Vantraust sé lagt fram án þingrofs á forsætisráðherra, en mælt með arftaka um leið. Starfsstjórn þarf að sitja varðandi þingrofið.

Nefndur er sá kostur breytinganna að í kosningabaráttu myndi strax vera ljóst hver sé forsætisráðherraefni á hverjum tíma.

• Takmörkun á setutíma ráðherra.

Við mat á starfstíma forsætisráðherra komi fyrri reynsla ekki til skoðunar. Takmarka setutíma forsætisráðherra, ekki lengur en þrjú kjörtímabil.

Rætt var um hvort setja ætti takmörk á tímasetu þingmanna. Ekki var almennur vilji til þess.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 13. fundur 24.05. 2011

24.05.2011 09:30

Dagskrá

1. Tillögur C-nefndar til umfjöllunar í B-nefnd.
2. Málefni sveitarfélaga.
3. Ráðherraábyrgð.
4. Verkáætlun fram undan.
5. Önnur mál.

### Fundargerð

13. fundur B-nefndar haldinn 24. maí 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason.

Þórhildur Þorleifsdóttir var forfölluð. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár eins og hún var samþykkt hinn 23. maí.

#### 1. Tillögur C-nefndar

Nefndarmenn fóru yfir tillögur C-nefndar sem vísað var til B-nefndar til athugasemda. Tillögur C-nefndar voru samþykktar á síðasta ráðsfundi hinn 19. maí, og vísað til nefndarinnar með tölvupósti hinn 20. maí, sjá fylgiskjal.

Atriðin eru þrjú:

#### 1. Tillaga C-nefndar til B-nefndar:

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða [forseti Íslands], getur vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög eða stjórnarathafnir samrýmist stjórnarskrá.

#### 2. Tillaga C-nefndar til B-nefndar:

Alþingi kýs fimm menn í Lögréttu til fimm ára. Þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða [forseti Íslands] getur óskað eftir álit Lögréttu hvort frumvarp til laga standist stjórnarskrá.

#### 3. Tillaga C-nefndar til B-nefndar:

B-nefnd er falið að skoða hvort og hvernig ákærum á hendur ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skuli fyrirkomið í stjórnarskránni.

Nefndarmenn fóru yfir liðina þrjá og sendi athugasemdir með tölvupósti til C-nefndar, sjá fylgiskjal.

#### 2. Málefni sveitarfélaga

Nefndarmenn gerðu grein fyrir sjónarmiðum varðandi skiptingu fjár hins opinbera milli ríkisins og sveitarfélaga. Bent var á að nóg væri að orða ákvæði í stjórnarskrá á þá leið að Alþingi og sveitarfélög færu með fjárfstjórnarvaldið til að áréttta fjárhagslegt sjálfsstöði þeirra.

Þá kom fram sjónarmið um ákvæði í stjórnarskrá sem kveði á um tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga t.d. til helminga og árétttaðir yrðu lágmarksburðir sveitarfélaga til að sinna grunnþjónustu, þannig að þrýst væri á sveitarfélög til frekari sameiningar.

Nefndarmenn töldu að erfitt væri að leggja fram hugmyndir um beina tekjuskiptingu í stjórnarskrá, þ.e. hlutfall, og jafnvel hefði ráðið ekki umboð til þess. Réttara væri að færa ákvarðanatökur í auknum mæli til sveitarfélaga og slíku ákvæði gæti fylgt að sveitarstjórnir skyldu vera að ákveðinni stærð til að hafa burði til að reka lágmarksgrunnþjónustu. Orðalagið þyrfti að vera almennara, en á móti því komi inn svokölluð nálægðarregla.

Nálægðarregla - principle of subsidiarity - þýðir að ákvarðanir skuli teknar þar sem best á við eða sem næst fólkinu. Á sama hátt er hægt að tala um nærsamfélag. Sveitarfélög kvartu yfir því að peningar fylgi ekki verkefnum, sem er eitt stærsta vandamál sveitarfélaga. Ríkinu sé hins vegar tryggt fjármagn til að veita sveitarfélögunum nægilega burði til að sinna verkefnum sínum.

Bent er á að öll lántaka er á vegum ríkisins og enn fremur að ríkið borgar vexti af öllum lánunum.

Tillaga lögð fram af Gísla Tryggvasyni, Alþingi og sveitarfélög fari saman með fjárstjórnarvaldið:

„Alþingi og sveitarstjórnir fara saman með fjárstjórnarvaldið. Skattar og (gjöld) skulu ákveðin með lögum og skiptast tekjur af þeim til helminga milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Innbyrðis tekjuskipting milli sveitarfélaga skal ákveðin með lögum.”

Í dag skammtar löggjafinn sveitarfélögum verkefni með lögum, en ef slíkt ákvæði gengi í gegn yrðu samningaviðræður í auknum mæli milli sveitarfélaga og löggjafans. Líklegt þykir að fleiri verkefni færðust til sveitarfélaga t.d. framhaldsskólinn.

Rætt var um að með slíkum breytingum gæti verið stigið skref í átt til sambandsríkja fremur en sveitarfélaga. Þá var bent á að mögulega væri hægt að veita sveitarfélögum einhvers konar málshöfðunarrett gagnvart ríkinu ef ríkið sinnir ekki skyldum sínum gagnvart þeim.

Nefndarmenn sammæltust um að smíða orðalag um nálægðarreglu, sem var samþykkt með því fororði að í ákvæðinu sé mótað orðalag sem miði að því að fjármagn skuli tryggt svo að sveitarfélög hafi burði til að sinna sínum verkefnum.

### 3. Ráðherraábyrgð

Nefndarmenn ræddu því næst ákvæði um ráðherraábyrgð. Á það var bent að réttast væri að hafa ákvæðið sem skýrast, og jafnvel ítarlegt, enda þungt mál og pólitískt viðkvæmt. Í þessum efnunum ætti ekki að eftirláta löggjafanum stór efnisatriði til útfærslu í lögum. Ráðherraábyrgð er enda sérstök innan núverandi kerfis þar sem um er að ræða pólitískt refsímál að mörgu leyti, þótt um sé að ræða lagalega ábyrgð.

Nefndarmenn ræddu mótun ákvæðisins og að tryggja faglegru aðkomu að málinu en nú er. A.m.k. væri þörf á að skýra ferlið betur. Talið var að eftirlits- og stjórnskipunarnefnd gæti að minnsta kosti verið sá aðili eða stofnun innan þingsins sem á frumkvæði að málarekstri og svo sé það í hendi fagaðila að rannsaka málið og að taka ákvörðun um ákæru.

Rætt var um hver eigi að rannsaka mál og mögulegt embættisbrot. Í því sambandi var nefndur sérstakur saksóknari þ.e. þingsins. Vankantar á slíku fyrirkomulagi er að sá aðili er fenginn til tiltekens verks en

mætir í raun ekki „hlutlaus“ að borði til að leita sannleikans heldur starfar í umboði aðila, hér Alþingis, sem getur haft áhrif á rannsókn mála. Því var nefnt að það færi betur á að embætti ríkissaksóknara sæi um rannsókn slíkra mála og ákvörðun um saksókn á grundvelli þeirra gagna sem eru fram komin. Nefndin eigi eftir sem áður að axla ábyrgð um að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu sbr. Alþingi.

Í því sambandi var bent á mun á ákæruréttarfari, svo sem er við lýði hér á landi, og hins vegar rannsóknar- réttarfari, sem gætir t.d. í Suður-Evrópu. Huga þarf að því í málum líkt og um ráðherraábyrgð að réttindi sakbornings eða ákærða séu að fullu tryggð og ekki sé veitt lakari réttarvernd en krafist er t.d. samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ríkissaksóknari rannsaki þessi mál og sækji þau en ákvörðun um að hefja málarekstur er tekin hjá nefndinni. Ætla má að einhver rannsókn fari því fram fyrir henni. Í tillögum stjórnlaganefndar liggur fyrir að ríkissaksóknara verður veitt stjórnskipuleg vernd í stjórnarskránni. Kostur við að hafa ríkissaksóknara er að hann er þegar starfandi og hefur stjórnskipulega vernd og með því tryggt ákveðið sjálfstæði. Hann er ekki skipaður í tilteknu máli, sem eykur á hlutleysi. Betra en að þetta komi aftur til nefndarinnar sem á að meta sjálfstætt hvort kæra eigi, sem er flókið og þungt verkefni t.d. ef um er að ræða pólitíska samstarfsaðila.

### 4. Verkáætlun

Samþykkt var að leggja fyrir ráðsfund tillögur frá fundi gærdagsins varðandi alþingismenn og störf Alþingis, sem og ákvæði um stjórnarmyndun og vantraust. Nefndarritari vinnur skjöl til framlagningar fyrir morgundag á sameiginlegum fundi og fyrir ráðsfund hinn 26. maí.

### 5. Önnur mál

Sjá fylgiskjöl, kafla um Alþingi og kafla um ríkisstjórn og störf ráðherra. Sjá enn fremur tölvupóst dags. 20. maí og sendan tölvupóst frá nefnd B til nefndar C, dags. 24. maí.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 14. fundur 25.05. 2011

25.05.2011 15:00

### Dagskrá

1. Tillögur B – nefndar til kynningar á ráðsfunni 26. Maí (greinar 15 – 27)
2. Tillögur B – nefndar til afgreiðslu á ráðsfunni 26. Maí ( greinar 10 – 14)

### Fundargerð

14. fundur B-nefndar haldinn 25. maí 2011, kl. 11.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík. Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Eiríkur Bergmann Einarsson. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Aðrir mættir fulltrúar voru Guðmundur Gunnars-

son, Salvör Nordal, Ari Teitsson, Örn Bárður Jónsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Illugi Jökullsson og Dögg Harðardóttir.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Tillögur B-nefndar að texta í áfangaskjal, ákvæði 15-27.

Formaður kynnir tillögur.

Athugasemdir frá ráðsfulltrúum.

- Tillaga 17 – Drengskaparheit að stjórnarskrá.

Gerð var athugasemd við orðið drengskaparheit. Tillaga gerð um að orðið verði „heitir hollustu“ eða heit.

- Tillaga 18 – Sjálfstæði í starfi

Gerð var athugasemd við orðið reglur og lagt til að það komi annað orð – „fyrirmæli“. Þá er gerð athugasemd við að tiltaka sérstaklega hópinn kjósendur. Vel sé hægt að segja „frá öðrum“.

- Tillaga 19 – Friðhelgi þingmanna

Gerð var athugasemd við orðalagið „að hann játar skýlaust sekt sína“. Hvað felur sú orðnotkun í sér, hvert er inntak þess, „hafi verið staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína“? Það þarf a.m.k að koma fram í greinargerð.

Athugasemd að taka hornklofa út og virðist það almennur skilningur ráðsfulltrúa að málfrelsi þingmanna skuli verja, þótt athugasemdir séu um að slíkt sé óþarfi enda misbeiti þingmenn friðhelgi sinni. Athugasemd hvort að þingmenn eigi að glata kjörgengi verði þeir ráðherrar. Hugleiðingar um hvort friðhelgi alþingismanna nái til ráðherra fari þeir í ræðustól þingsins. Fram komu sjónarmið um að öryggi ætti að vera í staðinn fyrir frið en nefnt að dómaframkvæmd hefur núna staðfest að þetta er í þrengri merkingu.

- Tillaga 20 – Samkomutími Alþingis

Tillaga, en eigi síðar en fyrsta virka dag. Ýmis sjónarmið komu fram um að þetta gæti verið útfært í lögum og ekki þyrfti að taka fram ákveðinn dag. Þingið ákveði það sjálf.

- Tillaga 21 – Samkomustaður Alþingis

Bent á að nota skuli orðið „er að jafnaði“ fremur en jafnaðarlega. Þá var bent á að rétt væri að þingið sjálft gæti ákveðið ef það vildi koma saman annars staðar, en óþarft að tiltaka að það þurfi að vera á Íslandi.

- Tillaga 22 – Opnir fundir

Ábending um öryggi þingmanna og að setja þurfi öryggisgler á þingpalla.

Lagt var til að sleppa að Alþingi starfi í einni málstofu – það sé söguleg arfleifð.

Lagt var til að aðeins séu „fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði“ og svo síðasta málsgreinin. Þá falli brott það sem er innan hornklofa sem og 2. mgr. Fundir Alþingis eigi alltaf að vera í heyranda hljóði.

- Tillaga 23 – Setutími ráðherra

Ábending þess eðlis að enginn ráðherra geti setið lengur en tiltekinn tíma: „Enginn ráðherra getur setið í embætti lengur en XX tímabil“. Þá eigi þeir jafnframt að segja af sér þingmennsku. Ráðherrar eigi að

sækja sér umboð aftur í kosningum eftir að þeir láta af ráðherradómi innan kjörtímabils.

Athugasemd gerð við það að þó að liði jafnvel 20 ár gæti viðkomandi ekki orðið aftur forsætisráðherra, frekar væri hægt að segja samfleytt heldur en samtals. Hugmynd um að takmarka aðeins við tvö kjörtímabil samfleytt, þrjú kjörtímabil samtals, en aðeins tvö kjörtímabil í einu. Ráðherrar hafa yfirleitt verið ráðherrar áður.

Fram kemur í framsögu nefndarfulltrúa nefndar B að það sé mjög skýrt í tillögunum að Alþingi eigi að vera vinnuþing – og það er ágætt að það komi fram í greinargerð.

Nota orðið „engum er heimilt“.

Erlingur Sigurðarson bókar sérstaklega undir þessum lið að hann er andvígur takmörkun setutíma ráðherra. Lýðræðið sé takmörkun.

Ábending um að hafa inni a.m.k. 10 eða 12 ár sem sé þá í samfloti við kjörtímabil forseta.

Umræða kom upp um takmörkun á setutíma þingmanna, nefnt að persónukjör er tekið upp í auknum mæli, þá sé minni þörf á að takmarka setutíma þingmanna. Umhugsunarefni, þar sem ráðherrar hafa ekki lýðræðislegt umboð þá þurfi að vera takmörkun á setutíma þeirra fremur en þingmanna.

- Tillaga 24 – Stjórnarmyndun

Ábending um að erfitt verði að kjósa forseta þingsins, en það gæti orðið verkefni aldursforseta að stýra kosningu. Tímarammi er mjög stuttur frá kosningum, þarf að lengja hann. Endurskoða eða endurhugsa þurfi því kosningu með 2/3 þingheims á forseta þingsins.

Bent var á að forseti þingsins gæti orðið mjög valdamikill, en bent er á það sem mótvægi að þótt hann skipi sé það aðeins formlegs eðlis þar sem þingið kys.

Tímamörk – fer saman við að útgáfa kjörbréfa er ekki lengi hjá þinginu.

Bent var á að umboð og ábyrgð ráðherra er mun skýrara en áður hefur verið – ekki þessi milliliður heldur algjörlega skýrt að það er þingið sem ber ábyrgð á forsetanum og forsætisráðherra sem ber ábyrgð á öðrum ráðherrum. Gefi upp afstöðu til stjórnarmyndunar fyrir kosningar, krafa almennings verði sterkari og skýrari. Raunin verði að það liggja fyrir strax á kosningadag/kosninganótt hver verður forsætisráðherra.

Bent var á að mikilvægt er að sjá hvernig tillögurnar virka í heild, skoða heildarsamhengið. Leysa þær allar vandamál sem nú blasa við? Þarf að skoða hvernig þetta hangir saman við aðra þætti.

Nefndarfulltrúi skýrir að ákvæðið sé að fyrirmynd annarra Norðurlanda um stjórnarmyndanir, sbr. Finnland og Svíþjóð. Lykilatriði sé að þingræðisfyrirkomulag geti gengið upp með það heildarmarkmið í huga að skilja á milli valdþáttanna, þannig á stjórnarmyndun að vera verkefni þingsins sjálfs ef ríkisstjórn á að sitja í skjóli þingsins. Þannig sé raunar verið að takmarka þingræðið með millilið sem gegnir engri ábyrgð. Helsti kostur þessa ákvæðis er tenging við vantraustsákvæði að ríkisstjórn sitji í skjóli þingsins. Eitt af síðustu þúslunum í heildarmyndina og annars vegar fullkomnar ákvæði myndina af starfsemi þingsins og hins vegar er þetta kerfi sem er í löndunum í kringum okkur að ógleymdu því að fyrirkomulagið styrkir stöðu þingsins



beint. Auðveldar að krefja stjórnmalaflokka að segja með hverjum þeir vilja vinna af því að við vitum ekki hverjir fá stjórnarumboðið.

Bent er á að enn þá sé besta lausnin að kjósa framkvæmdarvaldið beint, að tillagan leysi ekki núverandi vanda.

Rætt var um stöðu forseta og núverandi hlutverk hans um að stýra stjórnarmyndun – tillögur um að rétt eins væri hægt að færa verkefnið til þjóðarinnar. Gæti komið upp sú staða að það gengi illa að ná kjöri forseta Alþingis þ.e. 2/3 – allt er samið um í bakherbergjum. Því eigi að halda stjórnarmyndun í núverandi formi. Tekið undir það sjónarmið, það er eldfimara að forseti Alþingis geri það heldur en forsetinn.

Tengist auðvitað stöðu forseta og umræðu um hlutverk hans.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.

## C-nefnd 13. fundur 23.05. 2011

23.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Erindi
3. Kafli um kosningar og alþingismenn
4. Önnur mál

### Fundargerð

13. fundur C-nefndar, haldinn 23. maí 2011, kl. 10.00 - 16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Þorkell Helgason var í síma. Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Rætt um að fundargerðir verði almennt sendar sem allra fyrst til nefndarmanna eftir hvern fund. Nokkrar bíða staðfestingar. Teknar fyrir á næsta fundi.

#### 2. Erindi

Farið yfir lista með erindum sem borist hafa ráðinu og tengjast kosningum og kjördæmaskipan (sjá viðauka). Rætt um hvort nefndin eigi að bjóða gestum á fund.

#### 3. Kafli um kosningar og alþingismenn

Farið yfir vinnuþagg formanns um tillögu að greinum um kosningar til Alþingis sem hægt er að vinna með. Tillagan gefur flokkum val á bundnum eða óröðuðum lista, og hvort boðið sé fram í landskjöri eða kjördæmum, og stefnuyfirlýsing um jöfnun atkvæða.

Rætt um tillögu Ara um 8 kjördæmi, opið hvernig kosningum sé hagað í Reykjavík og á Reykjanesi.

Rætt um tillögu Ómars um kjördæmaskipan. Landsbyggð verði tryggðir fulltrúar á Alþingi en landið eitt kjördæmi.

Rætt um að kominn sé tími til að ákveða leiðir. Það er búin að fara fram löng almenn umræða, verður að taka afstöðu til framkominna tillagna og búa til valkosti ef menn eru ekki sammála, og leggja fyrir sameiginlegan fund á miðvikudag. Verði að ákveða hvort það eigi að vera eitt kjördæmi eða mörg, hvort það eigi að vera jafnt atkvæðavægi eða ekki, og hvort það eigi að vera persónukjör og fjöldi þingmanna. Málsmeðferðin verður að leggja áherslu á texta og tillögur sem frá nefndinni mun koma í stað almennrar umræðu. Í nefnd liggja í raun fyrir tillögur frá Ómari, frá Pawel, frá Ara, og loks frá Þorkeli. Best væri að málsmeðferðin gengi út frá stjórnarskrá og breytingu á henni. Nefndin verður að leggja fram þessar tillögur á sameiginlegum nefndafundi og fá viðbrögð þaðan.

Rætt var um fjölda þingmanna. Það eru hugmyndir um að fækka þeim en á sama tíma á að fela þinginu og nefndum þess fleiri verkefni. Samstaða um óbreytta tölu, 63 þingmenn.

Rætt var um persónukjör, hvort listar bjóði fram bundinn eða óbundinn/óraðaðan lista, og hvernig verður kosið. Nefnd almennt sammála um að flokkarnir eigi að hafa þann möguleika að bjóða fram óraðaðan lista en ekki að það sé skylda. Ákveðið að leggja fram komnar tillögur undir ráðið í tölvupósti.

Rætt um jöfnun atkvæða, hvort það skuli vera alveg jafnt í einu kjördæmi eða hvort það beri að jafna það eins og hægt er í fleiri kjördæmum, og setja hámark á misvægið. Einnig rætt um aðra hluti eins og fjárstjórnarvald og sjálfstjórn í samhengi við breytingar á vægi atkvæða. Nefnd sammála um að stefna beri að frekari jöfnun atkvæðavægis en viðbúið að það verði aldrei 100% jafnt þar sem tryggja ber lágmarksfjölda þingmanna í hverju kjördæmi. Misvægi má þó aldrei fara yfir ákveðna tölu sem er á bilinu 1 á móti 1,2-1,5 í stað 1 á móti 2 eins og er í dag.

Rætt um hvernig kjördæmaskipan nefndin vilji sjá, en einnig rætt um hve ítarlegt ákvæði á að vera í stjórnarskrá, opið eða ítarlegt. Nefndarmenn hvattir til að skrifa upp valkosti og bera þá undir sameiginlegan fund.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 5. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 24. maí kl. 09.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

#### Innsend erindi

33516 Pétur Jósefsson. Kosningar tuil Alþingis.

33457 Magnús Ragnar. Hugmynd að framtíðarstjórnarskrá Íslands.

33470 Sigurður Ingólfsson. Kjördæmaskipan.

33180 Einar Örn Ólason. Forsetaræði/aðskilnaður lögjafar- og framkvæmdavalds ofl.

33156 Olgeir Gestsson. Lengd þingsetu. Þingmenn séu ekki ráðherrar.

33169 Páll Bragason. Hugmynd að kjördæmaskipan, kosningafyrirkomulagi og þingmannafjölda.

33174 Ólafur S. Björnsson. Kosningar, forsetakjör, kvóti, hagstjórn og trúmál.  
33324 Ólafur Hlynur Steingrímsson. Aldurstakmark þingmanna.  
33212 Kristinn Már Ársælsson. Fjármál stjórnmalaflokka.  
33210 Kristinn Már Ársælsson. Breytt kosningakerfi.  
33214 Kristinn Már Ársælsson. Kjördæmi.  
33216 Kristinn Már Ársælsson. Aðgengi að fjölmiðlum.

## C-nefnd 14. fundur 24.05. 2011

24.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Kafli um kosningar og alþingismenn
3. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings
4. Önnur mál

### Fundargerð

14. fundur C-nefndar, haldinn 24. maí 2011, kl. 13.00–15.15, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir frá fundum 6-10 bornar upp án at-  
hugasemda og töldust því samþykktar.

#### 2. Kosningar og kjördæmaskipan

Rætt var um hvað skuli vera kynnt og tekið á dag-  
skrá á sameiginlegum nefndarfundum daginn eftir.

#### 3. Þjóðaratkvæðagreiðslur

Rætt var um hverjir geti og hverjir eigi að geta óskað  
þjóðaratkvæðagreiðslu, hluti þings, hluti þjóðar og for-  
seti, og hvaða mál skulu undanskilin.

Rætt var um kosti þjóðaratkvæðis en einnig hætt-  
urnar við þjóðaratkvæði, um niðurstöðu án ábyrgðar og  
hættu á að gengið geti verið á réttindi minnihlutahópa.

Rætt var um hve stór hluti þjóðar þarf til að krefjast  
þjóðaratkvæðis, þátttökumörk og önnur skilyrði. Rætt  
um að málskotsréttur forseta verði jafnvel óþarfur ef  
þjóðin fær aukinn rétt til frumkvæðis. Hins vegar bent  
á eftirlitshlutverk forseta.

Rætt var um stjórnarskrárbreytingar, um óbreytta  
skipan eða hvort þær fari í þjóðaratkvæði.

Rætt var um gildistöku nýrrar stjórnarskrár, hvort  
það sé afbrigðilegt eða fari að núverandi stjórnarskrá.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 5. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðviku-  
daginn 25. maí kl. 13.00, en til hans yrði boðað með  
tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.

## C-nefnd 15. fundur 25.05. 2011

25.05.2011 13:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Umræða um kafla um kosningar og alþingis-  
menn
2. Önnur mál

### Fundargerð

15. fundur C-nefndar, haldinn 25. maí 2011, kl.  
13.00 - 15.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2,  
Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magn-  
ússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós  
Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann  
Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Íris  
Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Fjeldsted,  
Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson,  
Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helga-  
son, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn  
Bárður Jónsson. Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður gerði grein fyrir tillögum nefndar um  
fjölda alþingismanna. Fram kom óánægja með að  
þingmönnum sé ekki fækkað, enda hafi komið fram  
skýr krafa frá þjóðfundi þar um. Bent var á málefnaleg  
rök fyrir fjöldanum en hugmyndafræði nefndarinnar  
væri að stórauka vinnu þingsins. Þá kom einnig fram  
tillaga um að fjölga eigi þingmönnum til að tryggja  
gæði þingstarfsins. Niðurstaðan um óbreytt ástand sé  
ásættanleg að því gefnu að þær breytingar sem unnið  
er að í B-nefnd leiði til þess að starfið breytist að formi  
til hjá þinginu.

Formaður gerði grein fyrir mögulegri 2. gr. um pers-  
ónukjör. Fjórar mismunandi tillögur eru lagðar fram  
frá 0-3 og lagðar fyrir fundinn til umræðu. Fram kom  
að aukið yrði persónukjör, þannig að menn sitji ekki  
í skjóli flokka heldur í skjóli kjósenda. Óásættanlegt  
ef kjósendur gætu ekki raðað, eða átt við uppröðun.  
Flokkarnir geta gefið fyrirfram röðun en kjósendur  
gætu samþykkt listann í heild sinni ef það er ósk þeirra,  
svo fremi sem valkosturinn er fyrir hendi að raða  
á listann. Aukinn möguleiki að draga þingmenn til  
ábyrgðar hjá kjósendum en ekki aðeins innan flokka.

Bent var á að tillögur væru of listabundnar en að  
tilgangurinn væri að menn gætu boðið sig fram án þess  
að vera háðir stjórnmalaflokki en jafnframt í flokki við  
aðra menn. Menn þurfi að geta boðið sig fram einir og  
óstuddir.

Ábending kom fram að ráða þyrfti úr kjördæmamáli  
samhliða því að ákveða hvernig kosið væri til þings. Þá  
var bent á að ekki væri hægt að tala fyrir persónukjöri  
sem og að landið yrði eitt kjördæmi. Í þessu verður að  
athuga að kosningar mega ekki vera of flóknar.

Nefnd C þarf að vita hvort vægi atkvæða eigi að vera  
jafnt, vita hvort það eigi að vera virkt persónukjör,  
hvort velja eigi þversum á flokka sem og hvort óháð  
framboð eigi að vera til staðar, gott væri að klára þessi  
atriði og svo yrðu kjördæmi rædd að lokum.

Porkell Helgason gerði grein fyrir sínum tillögum um landskjör og framboðskjör.

Ari Teitsson gerði grein fyrir sinni tillögu. Kosningakerfið þarf að binda að einhverju leyti niður, útilokað að hægt sé að teikna upp kosningakerfið án þess að fá utanaðkomandi aðstoð. Á að útfæra kosningakerfi sem byggist á kjördæmi? Eðlilegt að það sé landsbyggðartenging í kjördæmaskipaninni.

Hann er sammála því meginviðhorfi nefndarinnar að fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skuli vera í sem fyllstu samræmi við fjölda kjósenda. Kosningarannsóknir sýna fram á að einmenningskjördæmin leiða til einsleitni og minni möguleika kvenna. Með stærri kjördæmum eru fleiri sæti til útdeilingar og skapar því meiri fjölbreytni. Nú er það svo að landið sé sex kjördæmi og að ekki eigi að fjölga þeim meira og fara til baka. Landslisti til hliðar við kjördæmi skapi aukinn fjölbreytileika, meira rými fyrir ný framboð, þröskuldur inn á þingið lækkar eftir því sem potturinn er stærri.

Fram komu hugmyndir um að í grunninn yrði fylgjandi jöfnu atkvæðamagni en óttast að eitt kjördæmi geti leitt af sér að landsbyggðin verði undir. Ef landið væri eitt kjördæmi, að það fæði ekki af sér meira flokksræði, við gerum það með mörgum þáttum, með auknu persónukjöri, með aukinni valddreifingu og með auknu aðhaldi og stjórnlagaðómstól. Síðan eru færð raunveruleg völd sveitarfélaga.

Það verður að vera persónukjör ef landið á að vera eitt kjördæmi en það kemur í veg fyrir flokksræðið. Tillagan sem Þorkell er með til að koma til móts við landsbyggðarsjónarmið er innan grundvallarramma sem landið sem eitt kjördæmi er, en að kjördæmi eigi tiltekinn lágmarksfjölda þingmanna. Virkar vel með uppleggi Ara og Ómars að hægt sé að steypa þessu saman.

Skýr ósk þjóðfundar að 300 þús. manns sé eitt kjördæmi og kosið sé í persónukjöri. Flokkakerfi eru bún til af kjördæmum, og það munu verða tveir stórir flokkar með þessum hugmyndum. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylking munu skipta með sér atkvæðum í meginatriðum og því ekkert vit í öðru en að hafa stór kjördæmi áfram eða fækka þeim. Annars er valdinu enn frekar þjappað saman. Þar sem er einmenningskjördæmi verður um að ræða tveggja flokka kerfi.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði fimmtudaginn 26. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

## C-nefnd 16. fundur 26.05. 2011

26.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Farið yfir athugasemdir um kafla um kosningar og alþingismenn

2. Önnur mál

### Fundargerð

16. fundur C-nefndar, haldinn 26. maí 2011, kl. 09.30–10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður fór yfir umræðu á sameiginlegum fundi gærdagsins og lagði til að ekki yrðu lagðar fyrir ráðsfund tillögur að svo stöddu en halda skal áfram umræðunni um kosningar og kjördæmaskipan. Þrátt fyrir allt þokuðust málin í gær og menn færðust nær hver öðrum en þó þarf meiri umræðu og vinnu áður en hægt er að leggja fram tillögur frá nefndinni sem sátt væri um.

Hægt yrði að funda á morgun, föstudag, skipta nefnd í hópa og vinna áfram tillögur, mögulega hægt að ná lendingu með landskjör en landshlutum tryggður lágmarksfjöldi þingsæta.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði föstudaginn 27. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00.

## Fundargerð 10. ráðsfundar

26.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillögur B-nefndar.  
Tillögur frá 9. ráðsfundi um breytingar á áfangaskjali (Eftirlit Alþingis o.fl.) lagðar fram til afgreiðslu.  
Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Um alþingismenn og störf Alþingis) lagðar fram til kynningar.  
Umræður um forsetaræði og þingræði.
3. Skýrsla C-nefndar.
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar.  
Tillögur að síðari hluta mannréttindakafla lagðar fram til kynningar í áfangaskjal.

10. ráðsfundur - haldinn 26. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi

Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað Pétur Gunnlaugsson og Þorkell Helgason.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjórnlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 25. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð að öðru leyti en því að tillaga A-nefndar, undir lið 4, er til kynningar en ekki afgreiðslu.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

## **1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar**

Fundargerð 9. ráðsfundar, 19. maí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

## **2. Skýrsla og tillögur B-nefndar**

### **2.1 Tillögur frá 9. ráðsfundi um breytingar á áfangaskjali (Eftirlit Alþingis o.fl.) lagðar fram til afgreiðslu**

Tillögurnar varða sjö ákvæði (nr. 10-16) um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru kynntar á 9. ráðsfundi og nú lagðar fram til afgreiðslu, lítillaga breyttar.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, kynnti skjalið og að því loknu gaf fundarstjóri orðið laust. Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður nefndarinnar, tók til máls.

Tillaga B-nefndar var tekin til afgreiðslu og greidd um það atkvæði hvort hún færi svo inn í áfangaskjal.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Enginn.

Fjarverandi: Pétur Gunnlaugsson og Þorkell Helgason.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 23 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

### **2.2 Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar (Um alþingismenn og störf Alþingis)**

Tillögurnar varða alls þrettán ákvæði (nr. 17-29) um alþingismenn og störf Alþingis, stjórnarmyndun

og vantraust, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru lagðar fram til kynningar.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir ellefu fyrstu ákvæðum tillögunnar (nr. 17-27). Þau fjalla um alþingismenn og störf Alþingis.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Erlingur Sigurðarson, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason, Þorvaldur Gylfason, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Dögg Harðardóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Örn Bárður Jónsson, Erlingur Sigurðarson, Illugi Jökulsson og Katrín Fjeldsted.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

### **2.3 Umræður um forsetaræði og þingræði**

Tvö síðustu ákvæðin í tillögu B-nefndar, sem til kynningar var á fundinum og fjallað var um að hluta undir lið 2.2, varða stjórnarmyndun og vantraust (ákvæði nr. 28-29).

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir ákvæðunum og hóf með því umræður um forsetaræði og þingræði.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Þorvaldur Gylfason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Erlingur Sigurðarson.

Stutt fundarhlé.

Umræðum var haldið áfram að loknu hléi og eftirtaldir tóku til máls: Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Andrés Magnússon, Lýður Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson og Þórhildur Þorleifsdóttir. Mælendaskrá var lokað þegar Þorvaldur Gylfason lauk máli sínu.

Ómar Þorfinnur Ragnarsson vék af fundi kl. 15.53.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Á fundinum kom fram breytingartillaga frá Ómari Ragnarssyni og Þorvaldi Gylfasyni við 28. gr. í tillögu B-nefndar um stjórnarmyndun. Tillögunni var vísað til B-nefndar.

## **3. Skýrsla C-nefndar**

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, flutti yfirlit yfir störf nefndarinnar.

Í máli hans kom meðal annars fram sú útskýring að tillaga nefndarinnar um svokallaða Lögrétta, sem kynnt var á 7. ráðsfundi, stæði enn inni í áfangaskjali á vef Stjórnlagaráðs. Nefndin teldi hins vegar rétt að fella hana þaðan, sbr. samþykkt tillögu C-nefndar á 9. ráðsfundi. Engar athugasemdir komu fram við þetta.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu C-nefndar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Gísli Tryggvason, Silja Bára Ómarsdóttir, Ari Teitsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Katrín Fjeldsted, Guðmundur Gunnarsson, Dögg Harðardóttir og Arnfríður Guðmundsdóttir.

Mælendaskrá var lokað þegar Vilhjálmur Þorsteinsson lauk máli sínu.

Þorvaldur Gylfason vék af fundi kl. 17.02.

Freyja Haraldsdóttir vék af fundi kl. 17.08.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið og fjallaði meðal annars um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

#### Fundi frestað

Fundarstjóri gerði grein fyrir því kl. 17.30 að fundi Stjórnlagaráðs væri frestað til föstudagsins 27. maí, kl. 9.30. Þá verður dagskrá framhaldið, nánar tiltekið skýrslu og tillögum A-nefndar, undir lið 4.

#### 10. ráðsfunði fram haldið

27. maí 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað: Ari Teitsson, Freyja Haraldsdóttir og Pétur Gunnlaugsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

#### 4. Skýrsla og tillögur A-nefndar

##### 4.1 Tillögur að síðari hluta mannréttinda-kafla lagðar fram til kynningar í áfangaskjal

Tillögurnar varða ellefu ákvæði (nr. 15-25) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Mannréttindi“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru lagðar fram til kynningar.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir tillögnum.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorvaldur Gylfason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted og Þorkell Helgason. Stutt fundarhlé.

Að loknu fundarhléi var umræðum haldið áfram og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Andrés Magnússon, Pawel Bartoszek, Arnfríður Guðmundsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson, Lýður Árnason og Erlingur Sigurðarson.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Á fundinum kom fram breytingartillaga Pawel Bartoszek við 15., 16., 18. og 19. gr. í tillögu A-nefndar. Tillögunni var vísað til A-nefndar.

#### 5. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær breytingartilögur sem fram höfðu komið á fundinum, sbr. bókanir undir liðnum 4.1 hér að framan.

Næsti fundur Stjórnlagaráðs verður haldinn föstudaginn 3. júní, kl. 10.00. Dagskrá verður send út síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.30. Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

#### Fylgiskjöl 10. ráðsfundar:

33586 - Tillögur B til afgreiðslu - Eftirlit Alþingis  
33587 - Tillögur B til kynningar - alþingismenn og störf Alþingis

33589 - Tillögur A til kynningar - mannréttindi 15 til 25

33592 - Breytingartillaga til B-nefndar - Stjórnarmyndun - ÓPR, ÞG

33638 - Breytingartillaga til B-nefndar - Mannréttindakafla - PB

### Áfangaskjalið á 10. ráðsfunði

#### Aðfaraorð

#### Mannréttindi

- Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
- Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, uppruna, ætt-ernis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
- Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
- Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, simtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
- Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.  
Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.  
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða

- mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
6. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.

Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.
  7. Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
  8. Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
  9. Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
  10. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólög- mæt skal hann þegar látinn laus.
  11. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngrri en þá voru leyfð í lögum.
  12. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
  13. Herskyldu má aldrei í lög leiða.
  14. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
  15. Heilbrigðisþjónusta  
Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.
  16. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.

Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.

Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur.

Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar.
  17. Atvinna  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.

Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
  18. Félagslegt öryggi  
Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.

Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
  19. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenning- þörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.

20. Menningarleg verðmæti  
Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfri, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
21. Náttúruauðlindir  
Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærán hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.  
Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.  
Auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.
22. Náttúra Íslands  
Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.  
Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum.  
Almenningi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.
23. Upplýsingaskylda og samráð  
Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það.  
Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.  
Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.
24. Dýravernd  
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.  
Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.
25. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum  
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið.

Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrárverndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.

## **Undirstöður Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald Kosningar til Alþingis og alþingismenn**

### **Störf Alþingis**

1. Skilgreining á hlutverki Alþingis  
Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.
2. Aukið vægi þingforseta  
Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
3. Þingnefndir og hlutverk þeirra  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys [fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar] nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
4. Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
5. Ráðherrar víki af þingi  
Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.  
Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.  
Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.
6. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
7. Upplýsingaskylda ráðherra  
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirsmælum í lögum.

8. Árleg skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis  
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins. Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.
9. Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.  
Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.
10. Meðferð þingmála  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. [Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.]  
Þingsályktunartillögum má ekki samþykkja fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður.  
Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra og tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.  
Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
11. Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
12. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
13. Rannsóknarnefndir þings  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
14. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.  
Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.
15. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
16. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf  
Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
17. Heit að stjórnarskránni  
Sérhver nýr þingmaður vinnur [drengskapar] heit að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.
18. Sjálfstæði í starfi  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og stjórnarskrá þessa [en ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum].
19. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi [skýlaust] sekt sína.  
[Alþingismaður verður ekki krafinn reikningskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.]
20. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varmaður tekur þá sæti hans á þingi.
21. Friðhelgi Alþingis  
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.
22. Starfstími Alþingis  
Alþingi kemur saman eigi síðar en [tveimur] vikum eftir hverjar alþingiskosningar.  
[Alþingi kemur saman ár hvert á reglulegu lög-gjafarþingi sem hefst fyrsta virkan dag októbermánaðar og stendur fram að næsta löggjafarþingi, hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.]  
Nánar skal kveðið á um starfstíma Alþingis í lögum.
23. Samkomustaður Alþingis  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en þingið eða forseti þess getur ákveðið að það komi saman á öðrum stað á Íslandi.
24. Opnir fundir Alþingis  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.



[Ef ríkar ástæður eru til, getur þingforseti eða þingmaður þó lagt til að öllum utanþingsmönnum verði vísað á braut. Sker þingið þá úr um hvort umræða fari fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.]

Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi.

25. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
26. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
27. Setutími ráðherra  
Enginn getur setið í embætti forsætisráðherra lengur en 10 ár samtals.
28. Stjórnarmyndun  
Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Alþingis fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra virkra daga.  
Verði tillagan ekki samþykkt leggur þingforseti fram tillögu að nýju og atkvæðagreiðsla er endurtekin skv. 1. mgr. Hafi tillögum þingforseta verið hafnað fjórum sinnum rýfur hann þing og boðar til alþingiskosninga.  
Þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu um forsætisráðherra ákveður [hann/hún] skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefnir [hann/hún] ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má.  
Þingforseti skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir [honum/henni] lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.
29. Vantraust  
Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar].  
Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

## Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og

skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.

Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá.

Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.  
Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.
7. [...]  
Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.  
[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

**Trúmál  
Sveitarfélög  
Auðlindir  
Utanríkismál  
Lokaákvæði**

## 11. ráðsfundur 03.06. 2011.

### A-nefnd 18. fundur 30.05. 2011

30.05.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir fyrri funda.
2. Meðferð ákvæða um fjölmiðla og upplýsingafrelsi.
3. Kirkjuskipan og trúfrelsi.
4. Önnur mál.

#### Fundargerð

18. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 30. maí 2011, kl. 10.00-12.00 og 13.00-16.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Freyja Haraldsdóttir hafði boðað fjarvistir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir fyrri funda  
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Meðferð ákvæða um fjölmiðla og upplýsingafrelsi  
Ákveðið að taka afgreiðslu ákvæða um kirkjuskipan og trúfrelsi fram fyrir fjölmiðla og upplýsingafrelsi. Með því móti gefst nefndinni betra tóm til að fara yfir þær athugasemdir og erindi sem borist hafa um upplýsinga- og fjölmiðlamál.

3. Kirkjuskipan og trúfrelsi  
Meðal nefndarfólks voru mjög skiptar skoðanir um það hvort kveða eigi um ákveðna þjóðkirkju í stjórnarskrá. Nefndin var þó sammála um að umboð Stjórnlagaráðs næði ekki til þess að ákveða hvort skilið yrði á milli ríkis og kirkju. Sú ákvörðun væri í raun óháð stöðu stjórnarskrárákvæðis um þjóðkirkjuna, þar sem kirkjuskipanin á rætur í almennum lögum og sérstökum samningum á milli ríkis og kirkju. Væri slíkur aðskilnaður viðamikil aðgerð, enda veiti kirkjan grunnþjónustu sem ýmsir telja mikilvægt að verja. Þrátt fyrir þennan skilning á umboði nefndarinnar þótti þörf á að hreyfa nokkuð við ákvæðum um trúfrelsi og þjóðkirkju. Voru þar helst þrjú sjónarmið á lofti.

Í fyrsta lagi hafa skoðanakannanir lengi bent til þess að þjóðin vilji skilja að ríki og kirkju. Því sjónarmiði var jafnframt haldið á lofti að stór hluti þjóðarinnar nýtir sér þjónustu kirkjunnar á stórum stundum á lífsleiðinni. Þótt nefndin telji umboð Stjórnlagaráðs ekki ná til aðskilnaðar, auk þess sem óljóst kunni að vera hvað nákvæmlega búi að baki svörum í slíkum skoðanakönnunum, þá taldi nefndin ástæðu til að bregðast við þessu ákalli með því að bæta ákvæðin eins langt og umboð Stjórnlagaráðs leyfi.

Í öðru lagi er lagt til í skýrslu stjórnlaganefndar að talað sé um rétt fólks til að iðka „trú og lífsskoðun“ og í fjölda innsendra erinda hefur Stjórnlagaráð verið hvatt til að jafna stöðu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Til að

bregðast við þessu, og þróun Íslands í átt til fjölmenningsamfélags, telur A-nefnd ástæðu til að styrkja trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og tryggja lífsskoðunarfélögum vernd innan þess.

Í þriðja lagi telur nefndin þörf á að efla trúfrelsisákvæðið með því að taka inn í það ítarlegri texta úr alþjóðasáttmálum, sem Ísland er þegar aðili að. Að loknum umræðum um þau sjónarmið sem nefndarfólk hafði um greinarnar var ákveðið að leggjast í breytingar á tveimur meginlínnum. Annars vegar verði vernd trúfrelsis eflað og lífsskoðunarfélögum bætt inn í trúfrelsisgrein stjórnarskrárinnar. Hins vegar verði ákvæði um þjóðkirkjuna stytta og einfaldað, þannig að það kveði eingöngu á um stöðu þjóðkirkjunnar. Þetta sé gert með það að markmiði, að hægt sé að vísa þjóðkirkjuákvæðinu í þjóðaratkvæði, svo þjóðin sjálf geti skorið úr um það hvort ákvæðið eigi heima í stjórnarskrá eða ekki – enda telji Stjórnlagaráð sig ekki hafa umboð til að taka slíka ákvörðun.

4. Önnur mál  
Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum:  
33622 Valgarður Guðjónsson. Jafnræði lífsskoðana.  
33619 Nils Gíslason. Það er aðskilnaður milli ríkis og kirkju.

33618 Sigurður Viktor Úlfarsson. Mörg trú- og lífsskoðunarfélög geti verið „þjóðkirkjur“.

33617 Björgvin S. Guðmundsson. Þjóð og kirkja.

33616 Egill Óskarsson. Þjóðkirkjufyrirkomulagið og deilumál.

33595 Einar G. Jónasson. Á Íslandi er kristin þjóð.

33500 Einar Gíslason. Vernda kristna arfleifð.

33458 Friðgeir Haraldsson. Alþingi, dýravernd, beint lýðræði ofl.

33408 SARK c/o Friðrik Þór Guðmundsson. Aðskilnaður ríkis og kirkju.

33337 Sigurlaug G. I. Gísladóttir. Trúfrelsi og jafnrétti kynja.

33165 Bjarni Jónsson. Afnáam ríkiskirkju og vernd lífsskoðana.

33158 Hjalti Hugason. Endurskoðun á trúmalakafli.

### A-nefnd 19. fundur 31.05. 2011

31.05.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda.
2. Innsend erindi um trúfrelsi rædd.
3. Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga.
4. Frelsi fjölmiðla og upplýsingaréttur.
5. Íslensk tunga og önnur gildi.
6. Önnur mál.

#### Fundargerð

19. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 31. maí, kl. 9.35-12.00 og 13.10-16.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson (til kl. 14.30), Katrín

Oddsóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Salvör Nordal sat fundinn kl. 13.50-14.30 og Pawel Bartoszek kl. 13.50-14.10.

1. Fundargerðir fyrri funda

Fundargerðir 15., 16. og 17. fundar A-nefndar voru samþykktar með breytingum.

2. Innsend erindi um trúfrelsi rædd

Nefndin ræddi tólf innsend erindi sem kynnt voru á síðasta fundi nefndarinnar, auk eins sem barst Stjórnlagaráði í millitíðinni.

3. Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga

Áfram var haldið umræðu um ákvæði sem snerta trúfrelsi og stöðu þjóðkirkjunnar. Nefndarfolk hafði fengið óformlegt álit höfunda skýrslu stjórnlaganefndar, sem voru sammála álitni nefndarinnar, að Stjórnlagaráð hefði ekki umboð til að skera úr um kirkjuskipan ríkisins. Sérfræðingarnir voru hins vegar ekki sammála um nákvæma útfærslu. Taldi Ágúst Þór Árnason að hvers konar breyting á 62. grein núgildandi stjórnarskrár fæli sjálfkrafa í sér breytingu á kirkjuskipaninni, sem jafnvel þyrfti að kjósa sérstaklega um, sbr. 79. grein stjórnarskrárinnar.

Björg Thorarensen taldi hins vegar að svo rækilega væri kveðið á um samband ríkis og kirkju í almennum lögum, að jafnvel þótt 62. grein væri felld úr gildi myndi það eitt og sér ekki valda aðskilnaði ríkis og kirkju. Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, taldi hins vegar að með brottfalli 62. greinar væru gefin skilaboð um aðskilnað. Án greinarinnar væri jafnframt óljóst hvaða skyldur ríkið gæti sett á herðar kirkjunni.

Nefndinni þótti rök enn hníga til fyrri niðurstöðu; að senda einfaldað þjóðkirkjuákvæði í þjóðaratkvæði. Með því væri brugðist við flestum athugasemdum sem fram hefðu komið, en jafnframt gæti það tryggt að umræða um stjórnarskrárfrumvarp Stjórnlagaráðs þyrfti ekki að snúast í of miklum mæli um þjóðkirkjuákvæðið.

Dögg Harðardóttir lagðist gegn því að senda þjóðkirkjuákvæðið í þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem brottfall ákvæðisins væru skilaboð um aðskilnað þjóðarinnar við kristni.

Þá ræddi nefndin skilgreiningar á lífsskoðunarfélögum, sem nauðsynlegt væri að hafa sem bestar í greinargerð með frumvarpi Stjórnlagaráðs.

4. Frelsi fjölmiðla og upplýsingaréttur

Nefndinni hafði borist erindi frá Páli Þórhallssyni, þar sem hann gerði athugasemdir við fyrstu drög að ákvæðum um frelsi fjölmiðla og upplýsingarétt. Farið var yfir athugasemdirnar og tekið tillit til þeirra að mestu, þannig að hægt verði að leggja kaflann fram til kynningar á næsta ráðsfundi.

5. Íslensk tunga og önnur gildi

Nefndin ræddi kynjað orðfæri stjórnarskrárinnar og vill kynna öðrum fulltrúum í Stjórnlagaráði tillögu að orðalagsbreytingu. Felst breytingin í því að breyta t.d. „Allir eru jafnir fyrir lögum...“ í „Öll erum við jöfn fyrir lögum“.

6. Önnur mál  
Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum: 33633 Ólafur Jón Jónsson: Um samband ríkis og kirkju

## A-nefnd 20. fundur 01.06. 2011

01.06.2011 13:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Trúfrelsi og þjóðkirkja.
2. Tjáningarfrelsi, upplýsingar og fjölmiðlar.
3. Breytt málfræðilegt kyn.

### Fundargerð

20. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 1. júní, kl. 13.00-14.40.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Ari Teitsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. Trúfrelsi og þjóðkirkja

Nefndin kynnti hugmyndir að ákvæðum um trúfrelsi og þjóðkirkju, auk hugmynda sinna um að um þjóðkirkjuákvæðið væru sérstaklega greidd atkvæði. Líkt og í A-nefndinni sjálfri voru deildar skoðanir um þjóðkirkjuákvæðið, sem sumir vildu persónulega fella brott, en aðrir halda inni. Töldu ýmsir viðstaddir að æskilegt væri að Stjórnlagaráð stefndi að því að leggja fram einar og óskiptar tillögur, þannig að valkostir sem bera ætti undir þjóðina væru nokkuð sem mætti forðast. Silja Bára benti á að stjórnlaganefnd hefði lagt til bráðabirgðaákvæði um endurskoðun kirkjuskipanarinnar, sem væri möguleg leið til að ná sáttatillögu, sem ekki leiddi til valkosta. Nefndin myndi skoða það, en leggja ákvæðið fram með valkostum fyrst um sinn. Þá lýsti Eiríkur Bergmann þeirri skoðun, að 79. grein stjórnarskrárinnar kæmi ekki til skoðunar þegar verið væri að breyta stjórnarskránni í heild sinni, heldur aðeins þegar Alþingi væri að breyta 62. greininni sérstaklega með lögum.

2. Tjáningarfrelsi, upplýsingar og fjölmiðlar

Ekki gafst tími til umræðna um greinarnar og var framlagningu þeirra því frestað.

3. Breytt málfræðilegt kyn

Nefndin dreifði sýnishorni af fyrstu tíu greinum mannréttindakaflans, þar sem horfið hefur verið frá málfræðilegu karlkyni eins og auðið er.

## B-nefnd 15. fundur 30.05. 2011

30.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir 9-10 lagðar fram til samþykktar.
2. Forseti Íslands og framkvæmdarvald.
3. Athugasemdir við tillögur ráðsins frá ráðsfundi 26. maí síðastliðinn.
4. Röðun ákvæða í áfangaskjali.

### Fundargerð

15. fundur B-nefndar haldinn 30. maí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Salvör Nordal. Gísli Tryggvason boðaði forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 9-10  
Lagðar fram og samþykktar.

2. Embætti forseta Íslands

Vilhjálmur og Ástrós lögðu fram vinnuskjal um hlutverk forseta Íslands. Nefndarmenn rifjuðu upp fyrri umræður nefndarinnar um stöðu og hlutverk forsetans í stjórnskipun Íslands.

Nefndarmenn ræddu um hlutverk forseta við stjórnarmyndun og þær umræður sem fram hafa komið innan ráðsins um að forseti komi við sögu ef talið sé fullreynt að ríkisstjórn verði ekki kosin af þinginu sjálfu. M.a. er vísað til þess að forseti hafi lýðræðislegt umboð enda þjóðkjörinn. Stjórnarmið koma fram með og á móti þeirri skipan, m.a. að menningarlegt hlutverk forseta krefjist þess að hann sé ekki bundinn í dægurþras þjóðfélagsumræðna.

Erlingur Sigurðarson mætti á fundinn kl. 10.45. Nefndarmenn viku umræðum að málskotsrétti forseta en með væntanlegum tillögum að lýðræðislegri þátttöku almennings í auknum mæli með þjóðaratkvæðagreiðslum, var bent á að þörfin fyrir málskotsrétt forseta í núverandi mynd breytist.

Lögð var fram tillaga um ákvæði um skilgreiningu á hlutverki forseta. Slíkt ákvæði yrði í byrjun kafla um forseta Íslands. Sérstaklega yrði vikið að menningarlegu hlutverki hans.

Nefndarmenn ræddu aldurskilyrði forseta. Stjórnlaganefnd leggur til nýmæli um fjölda meðmælenda. Þá var rætt hvort kjósa ætti forseta með tveggja umferða kosningu eða STV-aðferð þ.e. hlutfallskosningu. Nefndarmenn ræddu hvort lágmark meðmælenda ætti að vera um 1% eða 2% og hámark um 3%. Í dag er 1% 2.300 kjósendur og fjöldinn myndi aukast með fjölgun kjósenda.

Þá var rætt um takmörkun á kjörtímabili forseta.

Breyting á stjórnarmyndunarákvæði

- Kjörtímabil
- Þingrof
- Fráfall forseta
- Ríkisráð
- Setning Alþingis
- Falli brott.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## B-nefnd 16. fundur 31.05. 2011

31.05.2011 09:30

### Dagskrá

1. Framhald á umræðum frá fundi nefndarinnar 30. maí.

### Fundargerð

16. fundur B-nefndar haldinn 31. maí 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson og Salvör Nordal. Gísli Tryggvason boðaði forföll og Pétur Gunnlaugsson hafði boðað seinkun. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Framhald á umræðum frá fundi nefndarinnar 30. maí, framkvæmdarvaldið.

Ástrós gerði grein fyrir tillögum um starfsemi og fundi ríkisstjórnarinnar.

Nefndarmenn ræddu framlagðar tillögur. Í núverandi stjórnskipun ber hver ráðherra ábyrgð á sínum málaflokki og tekur sjálfstæðar ákvarðanir í samræmi við þá ábyrgðarröðun.

Pétur Gunnlaugsson mætti á fundinn kl. 10.15.

Rædd voru ákvæði finnsku, þýsku og sænsku stjórnarskránnar um ríkisstjórn. Í þýsku stjórnarskránni kemur m.a. fram að forsætisráðherra beri ábyrgð á heildarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Eiríkur Bergmann Einarsson mætti á fundinn kl. 10.30.

Nefndarmenn ræddu markmið með breytingum og skilgreiningu á starfsemi ríkisstjórnar. M.a. voru eftirfarandi atriði nefnd:

- Samræmd stefna
- Sameiginleg ábyrgð
- Ábyrgð leiðtoga stjórnarmálaflokka
- Ábyrgð og hlutverk forsætisráðherra
- Pólítísk vs. lagaleg ábyrgð - hvernig fer hún saman?
- Upplýsingaskilyrði innan ríkisstjórnar

Þá voru ræddir kostir og gallar þess að ríkisstjórn yrði gerð að fjölskipuðu stjórnvaldi. Mikilvægt að ríkisstjórn beri í heild sinni ábyrgð á mikilvægum málafnum og haft sé samráð um einstaka mikilvæg málafni sem ríkisstjórn beri öll ábyrgð á. Breytingar á orðalagi ákvæðis lagðar til, að fyrirmynd þýsku stjórnarskránnar að forsætisráðherra sé ábyrgur fyrir meginatriðum stjórnarstefnunnar.

Breytt var orðalagi í 3. mgr. þannig að fram komi að ráðherrar beri sameiginlega ábyrgð á þeim ákvörðunum þar sem um er að ræða mikilvæg eða stefnumarkandi málefni sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Þá þurfi meirihluti ráðherra að vera viðstaddur þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Við meðferð lagafrumvarpa ber ráðherra að leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórnarfundi ef það varðar mikilvæg málefni. Ef forsætisráðherra telur frumvarpið varða við meginatriði ríkisstjórnarstefnunnar þá á hann að krefjast þess að sameiginleg ákvörðun sé tekin um málið sem heyrir því undir 3. mgr. tillögunnar. Nefndin telur að fá mál muni heyrna undir sameiginlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þar sem stór hluti mála fer í gegnum þingið án verulegs ágreinings.

Rætt var um frekari útfærslu á meðferð frumvarpa. Þá var lagt til að breyta eigi núverandi ákvæði, þannig að frumvörp fari beint í nefnd og umræðum fækkað niður í tvær umræður - það styrki markvisst, skilvirkt og málefnalegt þingstarf innan nefnda.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

## B-nefnd 17. fundur 01.06. 2011

01.06.2011 09:00

Sameiginlegur opin fundur.

### Dagskrá

1. Tillögur að ákvæðum um hlutverk og stöðu forseta Íslands lagðar fram til kynningar.

### Fundargerð

17. sameiginlegur fundur B-nefndar haldinn 1. júní 2011, kl. 9.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, formaður, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Gísli Tryggvason, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Eiríkur Bergmann Einarsson. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Aðrir mættir fulltrúar voru: Guðmundur Gunnarsson, Salvör Nordal, Ari Teitsson, Örn Bárður Jónsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Pawel Bartoczek, Lýður Árnason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Illugi Jökulsson, Silja Bára Ómarsdóttir og Dögg Harðardóttir.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Tillögur að ákvæðum um hlutverk og stöðu forseta Íslands lagðar fram til kynningar.

Formaður gerði grein fyrir tillögum og lagði fram til umræðu.

Gerð var athugasemd við 2. gr. þess efnis að óþarft sé að tiltaka lágmarksaldur en almennt tekið undir takmörkun á setutíma, hvort heldur tvö eða þrjú kjörtímabil. Gerð var tillaga um að kjörtímabil sé 5 ár. Bent á að ýmis rök mæli með því að forseti skuli vera minnst 35 ára þegar hann tekur við embætti, t.d.

þroski og lífsvíska. Þá dugi tvö kjörtímabil, hins vegar séu þrjú kjörtímabil ágætis málamiðlun.

Athugasemdir voru gerðar við að forsetinn sé gerður nánast valdalaus samkvæmt framliggjandi tillögum um leið og ekki er tekin upp bein kosning framkvæmdarvalds. Í því felist ekki nægileg valddreifing. Því er tilsvarað að atriði í tengslum við málskotsrétt forseta séu óákveðin. Þá liggja fyrir í tillögunum ýmsar athafnir sem telja megi til valdhlutverka t.a.m. til að náða og veita sakaruppgjöf samkvæmt tillögunum.

Þá var bent á að forsetinn eigi ekki að vera ábyrgðarlaus af sínum embættisverkum.

Varðandi handhöfn forsetavalds og lausn forseta var bent á að skipta út orðinu „sjúkileiki“ og nota þess í stað orðið „veikindi“. Þá eigi að taka til athugunar hvort ákvæðið fari alveg út.

Samþykkt að athuga orðalag vegna starfskjara forseta.

Ráðsfulltrúar lýstu almennt ánægju yfir því að ákvæði séu felld brott sem hafi ekki efnislega þýðingu, frekar sé um að ræða lepphlutverk. Nú sé skýrt hvað forseti gerir og hvað ekki.

Varðandi eið forseta í 8. gr. tillagna sé óþarft að tilgreina tvö afrit í stjórnarskrá. Nóg að það komi fram að eiður hans skuli vera skriflegur.

Almennt var lýst yfir stuðningi með því að forseti Alþingis dugi sem staðgengill forseta. Nefndin lagði til tvo valkosti við lausn forseta frá embætti. Almenn umræða fór fram um þessa valkosti. Meginþorri lýsti þeirri skoðun að valkostur 2 komi fremur til greina enda sé forseti þjóðkjörinn og þjóðin eigi að staðfesta lausn hans, fremur en að þingið eigi að leysa hann frá störfum.

Þá var spurt af hverju beri að fella niður ríkisráð. Því er svarað að það sé í samhengi við að nú liggur fyrir að skýra ríkisstjórnarfundi.

Almennar umræður um forseta Íslands:

Athugasemd var gerð varðandi stjórnarmyndun. Bent var á að réttara sé að forseti hafi möguleika til að grípa inn í þegar neyð ríkir við stjórnarmyndun t.d. með því að mynda utanþingsstjórn. Þá var enn fremur bent á að ef forseti eigi að gegna hlutverki neyðarhemils eigi forseti að sæta takmörkun á honum sem og öðrum valdhöfum.

Sumir ráðsfulltrúar lýstu þeim skoðunum að forseti eigi fyrst og fremst að vera sameiningartákn og menningarlegur fulltrúi þjóðarinnar. Þá megi hann hugsanlega vera með eftirlitshlutverk. Mikilvægt að halda inni takmörkun á setutíma og þrjú kjörtímabil eigi að vera hámark og helst væri gott að hafa aldursákveði forseta inni. Kostur að það sé sett inn að það þurfi að vera meirihluti fyrir kosningu í embætti.

Grundvallarhugmynd er að skýra ábyrgðarhlutföll, þannig að aðilar séu ekki að fara með völd sem þeir bera ekki ábyrgð á. Þá var rætt hvernig sé hægt að fela honum pólitísk hlutverk ef hann eigi á sama tíma að tala rómi ríkisstjórnar t.d. í utanríkismálum. Í þeim tilvikum sé nauðsynlegt að hann beri sjálfstæða ábyrgð þ.e. þegar hann fer með opinbert vald.

Menningarlegt hlutverk forsetans er mjög virðingavert og mikilvægt og í samfélagi sem hefur tilhneigingu til að mæla öll verðmæti frá efnahagslegum sjónarhóli er mikil þörf á að halda uppi umræðu um gildi, verðmæti og menningu – andleg gildi sem eiga að vera jafnréttá og ekki síður verðmæt en hin.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.

## C-nefnd 17. fundur 27.05. 2011

27.05.2011 13:00

### Dagskrá

1. Kaffi um kosningar og alþingismenn
2. Önnur mál

### Fundargerð

17. fundur C-nefndar, haldinn 27. maí 2011, kl. 13.10-13.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Örn Bárður Jónsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kaffi um kosningar og alþingismenn

Formaður lagði fram tillögu sína um stuttan formlegan fund og að myndaður yrði starfshópur til að útfæra tillögur sem hann telur að sátt geti náðst um sbr. umræðu 10. ráðsfundar. Það er blanda þess að landið sé eitt kjördæmi en landsvæðum skulu tryggð ákveðin sæti. Í starfshópnum verða þeir sem kjósa og sitja fram eftir degi.

Einnig lagt til að halda áfram almennri umræðu um stöðu landsbyggðar og þéttbýlis og grundvallaratriði.

Rætt um að andi ráðsfundar hefði verið að sjá útfærslu á þessari hugmynd formanns, að gera tillögur um landið eitt kjördæmi og tryggja landsvæðum þingmönnum og persónukjör.

Tillaga formanns var samþykkt og mælt til að þeir sitji áfram sem vilja taka þátt í starfshópnum og vinnu að sameiginlegri tillögu.

#### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánu- daginn 30. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

## C-nefnd 18. fundur 30.05. 2011

30.05.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Erindi.

3. Kosningar og kjördæmaskipan.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

18. fundur C-nefndar, haldinn 30. maí 2011, kl. 10.00-14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 11-17 voru lagðar fram til samþykktar. Þær voru samþykktar án athugasemda nema 12. fundargerð, sem var látin bíða til annars fundar.

#### 2. Erindi

Lögð voru fram ný erindi sem borist hafa um kosningar og kjördæmaskipan og þau tekin til umræðu (sjá viðauka).

#### 3. Kosningar og kjördæmaskipan.

Formaður fór yfir greinar um kosningar og kjördæmaskipan í nágrannalöndunum. Einfalt ákvæði er í Danmörku. Noregur er með kjördæmaskiptinguna skrifaða inn í stjórnarskrána (eins og var hjá okkur til 1999). Holland er með stutt ákvæði eins og Þýskaland.

Formaður fór yfir umboð frá síðasta fundi og starfshóps um að útfæra kerfi þar sem verður heildarkosning á landsvísu en ákveðnum kjördæmum eða svæðum séu tryggð ákveðin þingsæti. Formaður lagði fram spurningar til að vinna málið fram á veg.

Rætt var um hvenær aðkoma sérfræðinga og hverra ætti að vera í þessu máli, en mikilvægt að svara grunnspurningum fyrst.

Munur er á því hvort við lítum á landið sem eitt kjördæmi en landsvæðum tryggð sæti, eða hvort þetta séu raunveruleg kjördæmi með lágmarks fjölda grunnsæta. Ekki skýr niðurstaða um þetta.

Rætt var um að ekki eigi að ákveða nákvæmlega fjölda kjördæma í stjórnarskrá.

Rætt var um 18 til 26 þingmenn sem tryggða í kjördæmum. Einnig rætt um að nota orðalagið að þriðjungur eða fjórðungur eða fimmtungur þingmanna skuli vera tryggðir kjördæmum fremur en ákveðna tölu. Verður að tryggja kynjajöfnuð og ákveðnum landsvæðum sæti ef það verður persónukjör.

Rætt var um að flokkarnir ráði hvort þeir hafi ráðaða eða óráðaða lista. Ræðning hvort atkvæði við lista sé samþykki við röðun listans eða gefur það einungis listanum vægi og þeim sem ráða eftirlátið röðunin. Kjarni málsins er að leyfa ráðaða lista en annað er útfærsluatriði. Almenn samstaða um að flokkar geti valið hvort þeir bjóði fram ráðaða eða óráðaða lista. Rætt var um að boðið verði upp á kjördæmislista að meginstefnu, og tryggja jafnt vægi milli kjördæma og flokka.

Mikilvægt að atkvæðavægi væri alls staðar það sama en kjósandi getur kosið fólk í öðru kjördæmi, en til viðbótar eru tryggð grunnsæti.

Rætt um kjördæmavarið landskjör. Að baki hverju þingsæti sé að minnsta kosti sama atkvæðamagn og að

meðaltali á landinu. Boðnir fram listar í kjördæmum og landslista. Flokkarnir ráða því hvernig þeir dreifa sínum frambjóðendum, á kjördæmalista eða landslista. Kjósendur velja í persónukjöri ýmist af lands- eða kjördæmalista. Þeir ná kjöri sem fá mest fylgi í heild, sama hvaðan þau atkvæði koma, nema það er hlaupið yfir menn til að tryggja grunnsætin. Boðið upp á raðaða eða óraðaða lista.

Rætt var um að erfitt geti verið að koma flóknu eða nýju kosningakerfi í gegn, og hugmynd um að hafa einfalt ákvæði þar sem ekki sé tekið á kjördæmamálum í stjórnarskrá.

Formaður ræddi þær tillögur sem fram eru komnar, að farið verði í vinnu í starfshópi að útfæra það hvernig hægt er að samræma skoðanir manna, eða að leggja minni áherslu á kjördæmamálin, halda því hjá Alþingi og einblína á persónukjör og jöfnun atkvæða.

Pawel, Þorkell, Ómar og Ari ætla að setjast niður og vinna að leið að sáttum, vinna að tillögu eða tillögum og hún eða þær síðan bornar undir fund.

4. Önnur mál  
Engin önnur mál.

5. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 31. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.

Innsend erindi.  
33559 Guðmundur Hörður Guðmundsson. Persónukjör til efri deildar Alþingis.

33556 Jóhannes Ágústsson og Jórunn Jóhannesdóttir. Flokksframboð og persónuframboð.

33540 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Kosningar.

33536 Guðmundur H. Bjarnason. Lýðræði eða flokksræði.

33531 Júlíus B. Kristinsson. Áhrif fjármálavalds á lýðræði takmörkuð.

## C-nefnd 19. fundur 31.05. 2011

31.05.2011 09:30

Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Utanríkismál.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

19. fundur C-nefndar, haldinn 31. maí 2011, kl. 09.30-14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, sem stýrði fundi, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson og Lýður Árnason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir  
Frestað.

## 2. Kafli um utanríkismál

Rætt um ákvæði um framsal ríkisvalds. Farið yfir valkosti stjórnlaganefndar A og B og óskrifada reglu um takmarkað framsal sem talin er gilda, m.a. ef það er afmarkað, vel skilgreint, ekki þyngjandi fyrir íslenska borgara og afturkræft. Rætt um hvort setja eigi þessa óskrifuðu reglu í stjórnarskrá eða fylgja valkostum A eða B.

Spurningar lagðar fram til umræðu:

Hvaða vald er heimilt að framselja? Takmörkun á framsali tilgreindar sérstaklega? Afmörkun valdheimilda? Móttakandi valdheimilda? Tilgangur? Málsmeðferð – samþykki þings/þjóðar?

Í tillögum stjórnlaganefndar er talað um móttakanda framsals, í hvaða tilgangi á að framselja, hvernig málsmeðferðin skuli vera. Vantar bara skýrar takmarkanir ef svo á að vera.

Rætt var um að tillaga stjórnlaganefndar A sé góður útgangspunktur til að vinna með. Hins vegar rætt um að bæta inn dönsku reglunni um að ef t.d. 5/6 þings samþykkir fullgildingu þá yrði þjóðaratkvæðagreiðslan ekki haldin. Einnig að ef framsal er minni háttar og byggt á fyrirliggjandi samvinnu sem er fyrirjáanleg þá fylgir það hefðbundinni málsmeðferð í 21. gr. um einfalt samþykki þings.

Skoða þarf orðalag um þjóðréttarsamninga eða samninga við önnur ríki til að gæta samræmis við aðrar greinar.

Efasemdir um að gera þurfi kröfu um mætingu á kjörstað vegna kröfu um 30% verði að hafna tillögu svo hún sé felld. Rætt um hinn þögla meirihluta á móti háværum minnihluta sem getur komið í veg fyrir mál.

Rætt var um ákvæði um forgang þjóðaréttar. Almenn samstaða í nefndinni að Ísland byggi áfram á tvíeðli/dualisma. Rök á bls. 167 í skýrslunni eru ítrekuð.

Rætt var um stöðu forseta í utanríkismálakaflanum.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 1. júní kl. 10.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.

## C-nefnd 20. fundur 01.06. 2011

01.06.2011 10:30

Sameiginlegur opinn fundur.

Dagskrá

1. Kafli um utanríkismál.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

20. fundur C-nefndar, haldinn 1. júní 2011, kl. 10.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um utanríkismál

Varaformaður nefndarinnar, Íris Lind, stýrði fundi og fór yfir tillögur nefndarinnar um utanríkismál, aðallega um hvort ætti að vera sérkafli um málaflokkinn, hvort færa ætti inn óskráðar reglur og skýra betur aðkomu þingsins að utanríkismálum.

Rætt var um grein um meðferð utanríkismála, um hvort halda ætti inni formlegu hlutverki forseta sem þjóðhöfðingja í kaflanum. Rætt um orðalag eins og fyrirvar og ráðherra í ríkisstjórn. Rætt um hvort ríkisstjórn ætti að starfa sem fjölskipað stjórnvald í sumum málum, m.a. í utanríkismálum.

Fram komu hugmyndir um að vald og upplýsingaréttur utanríkismálanefndar þyrfti enn betri skýringu og samræma þyrfti orðalag milli meiriháttar og mikilvægs utanríkismáls. Taka þarf af allan vafa um að nefndin ætti að starfa allt árið, og það varði ráðherraábyrgð ef farið er fram hjá nefndinni.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að setja inn grein um að ákvörðun um stríð yrði að vera samþykkt á Alþingi. Hins vegar kom fram að óheppilegt væri að gefa Alþingi sérstakt leyfi til að lýsa yfir stríði þar sem fram kemur á öðrum stað í stjórnarskrádrögunum að landið ætti að vera herlaust land friðar.

Rætt var um grein um samninga við önnur ríki. Rætt um að þjóðréttarsamningar væri meira lýsandi orðalag.

Rætt var um grein um framsal ríkisvalds. Ekki nógu skýrt að þjóðaratkvæðið sé bindandi.

Þá var rætt um samband lands- og þjóðaréttar og tekið undir tvíeðliskennninguna, en fyrir liggur þó tillaga nefndar A um eineðli mannréttindasamninga.

#### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði síðar um daginn, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

### C-nefnd 21. fundur 01.06. 2011

01.06.2011 14:30

#### Dagskrá

1. Kosningar og kjördæmaskipan.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

21. fundur C-nefndar, haldinn 1. júní 2011, kl. 14.30-16.05, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Örn Bárður Jónsson. Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður lagði fram vinnuskjal sem hann telur að sátt geti náðst um. Í því er fjallað um stutt einfalt ákvæði þar sem kemur fram að kosið skuli með leynilegum kosningum 63 þingmenn með persónukjöri til fjögurra ára. Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vegi jafnt, heimilt að binda í lög að tiltekin þingsæti allt að 25 séu bundin kjördæmum. Kjördæmi verði fæst eitt en flest sjö og að breytingar á kosningalögum þurfi samþykki 2/3 hluta Alþingis.

Rætt var um útfærslu á kosningalögum sbr. tillöguna í stjórnarskrá, um kjördæmi, kjörseðla, athöfn kjósenda, uppgjör atkvæða og úthlutun þingsæta. Kerfið bindur fimm þingsæti á kjördæmi, má velja þvert á lista, passar upp á kynjasjónarmið og öll atkvæði jöfn á landinu. Almenn ánægja var með tillögu formanns sem hefur unnið að málamiðlun.

Þorkell gerði grein fyrir sinni tillögu sem er byggð á sömu samhæfingarvinnu. Aðalmunurinn er hvernig kjósendinn ber sig að, hann merkir með 1, 2 eða 3 í stað krossa, hægt að velja einungis lista og úthlutun þingsæta með STV aðferð.

Farið var yfir drög Ara að nýju ákvæði í stjórnarskrá sem byggist á hefðbundnum kjördæmum.

Rætt var um að láta fylgja greinargerð meginatriði nýs kosningakerfis eða setja bráðabirgðaákvæði.

Þá var rætt um að halda áfram þessu starfi næstu vikuna.

#### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánudaginn 6. júní kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.05.

### Fundargerð 11. ráðsfundar

03.06.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Tillaga stjórnar að starfsáætlun fram til júliloka lögð fram til afgreiðslu.
3. Skýrsla og tillögur A-nefndar.  
- Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Fræðafrelsi, trúfrelsi og þjóðkirkja) lagðar fram til kynningar.
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar.  
- Tillögur frá 10. ráðsfundi um texta í áfangaskjal lagðar fram til afgreiðslu (Alþingi og alþingismenn, stjórnarmyndun og vantraust).  
- Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Forseti Íslands) lagðar fram til kynningar.



- Breytingartillaga um röðun ákvæða í áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu.
5. Skýrsla og tillögur C-nefndar.  
- Tillaga um nýjan texta í áfangaskjali lögð fram til kynningar (Utanríkismál).

11. ráðsfundur - haldinn 3. júní 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað Gísli Tryggvason.

Pá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 1. júní 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 10. ráðsfundar, 26. maí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

### 2. Tillaga stjórnar að starfsáætlun fram til júliloka lögð fram til afgreiðslu

Stjórn Stjórnlagaráðs óskaði eftir því við forseta Alþingis og forsætisnefnd að starfstími ráðsins yrði framlengdur um einn mánuð (júli), sbr. þingsályktun um skipun Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011. Í bréfi Alþingis, dags. 26. maí 2011, kemur fram að samþykkt hafi verið að verða við þessari beiðni. Tillaga stjórnar að starfsáætlun miðar því við að starfstími standi til júliloka, sbr. fylgiskjal með fundargerð.

Að lokinni lýsingu á framangreindum aðdraganda gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Andrés Magnússon, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, formaður, Erlingur Sigurðarson og Þorkell Helgason.

Tillaga stjórnar um starfsáætlun fram til júliloka var tekin til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Andrés Magnússon.

Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir og Gísli Tryggvason.

Tillagan var því samþykkt, með 22 atkvæðum.

### 3. Skýrsla og tillögur A-nefndar

#### 3.1 Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Fræðafrelsi, trúfrelsi og þjóðkirkja) lagðar fram til kynningar

Tillögurnar varða þrjú ákvæði (nr. 7-9) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Mannréttindi“, og að auki röð ákvæða og kaflaskipan í áfangaskjali, sjá fylgiskjal með fundargerð. Tillögurnar voru lagðar fram til kynningar.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir tillögunum.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Dögg Harðardóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Eiríksson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Illugi Jökulsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Andrés Magnússon, Katrín Fjeldsted, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Lýður Árnason, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Katrín Oddsdóttir, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson, Vilhjálmur Þorsteinsson, fundarstjóri lokar mælendaskrá, Andrés Magnússon, Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Örn Bárður Jónsson, Pawel Bartoszek, Lýður Árnason og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Á fundinum komu fram eftirtaldir breytingartillögur við tillögu A-nefndar og var þeim vísað til nefndarinnar í lok fundarins:

Frá Pawel Bartoszek við 9. gr. um þjóðkirkju.

Frá Andrés Magnússyni við 8. og 9. gr. um trúfrelsi og þjóðkirkju.

Frá Eiríki Bergmanni Einarssyni við 9. gr. um þjóðkirkju. Fundarhlé.

### 4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

#### 4.1 Tillögur frá 10. ráðsfundi um texta í áfangaskjal lagðar fram til afgreiðslu (Alþingi og alþingismenn, stjórnarmyndun og vantraust)

Tillögurnar varða alls þrettán ákvæði (nr. 17-29) um alþingismenn og störf Alþingis, stjórnarmyndun og vantraust, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru kynntar á 10. ráðsfundi en nú lagðar fram til afgreiðslu, með áorðnum breytingum.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir ákvæðum tillögunnar.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Freyja Haraldsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Katrín Odds-

dóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, fundarstjóri, Lýður Árnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Andrés Magnússon, fundarstjóri lokar mælendaskrá, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Guðmundur Gunnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fundarhlé.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillaga B-nefndar var tekin til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Andrés Magnússon, Lýður Árnason og Pétur Gunnlaugsson.

Fjarverandi: Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason og Illugi Jökulsson.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 18 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

#### 4.2 Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar (Forseti Íslands)

Tillögurnar varða alls sextán ákvæði (nr. 1-16) um forseta Íslands, ríkisráð, framlagningu stjórnarfrumvarpa, setningu Alþingis, náðun, sakaruppgjöf og birtingu laga, sjá fylgiskjal með fundargerð. Þær voru lagðar fram til kynningar.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir ákvæðum tillögunnar.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Þorkell Helgason og Lýður Árnason.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

#### 4.3 Breytingartillaga um röðun ákvæða í áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu

Tillagan fjallar um röðun fyrirliggjandi ákvæða á verksviði B-nefndar innan kafla í áfangaskjali, sjá fylgiskjal með fundargerð. Hún var lögð fram til afgreiðslu.

Erlingur Sigurðarson, fulltrúi í verkefnanefnd B, gerði grein fyrir tillögunni.

Að lokinni framsögu fulltrúa nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður nefndarinnar, tók til máls. Í máli hans kom fram að fyrir mistök er að finna í tillögunni ákvæði um ríks-saksóknara (nr. E4) sem ekki hefur verið lagt fram áður.

Tillaga B-nefndar var tekin til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Enginn.

Fjarverandi: Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillagan var því samþykkt inn í áfangaskjal, með 20 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

### 5. Skýrsla og tillögur C-nefndar

#### 5.1 Tillaga um nýjan texta í áfangaskjal lögð fram til kynningar (Utanríkismál)

Tillagan varðar þrjú ákvæði (nr. 1-3) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Utanríkismál”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Hún var lögð fram til kynningar.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir tillögunni.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu C-nefndar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Silja Bára Ómarsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ari Teitsson tók við fundarstjórn, Silja Bára Ómarsdóttir, Pawel Bartoszek og Katrín Oddsdóttir.

Á fundinum kom fram breytingartillaga Silju Báru Ómarsdóttur við 1.-3. gr. í tillögu C-nefndar og var henni vísað til nefndarinnar í lok fundarins.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið og fjallaði meðal annars um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

### 6. Næsti fundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær breytingartillögur sem fram höfðu komið á fundinum, alls fjórar talsins, sbr. bókanir undir liðum 3.1 og 5.1 hér að framan.

Næsti fundur Stjórnlagaráðs verður haldinn fimmtudaginn 9. júní, kl. 13.00. Dagskrá verður send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.43.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

#### Fylgiskjöl 11. ráðsfundar:

33674 - Starfsáætlun - Tillaga stjórnar

33676 - Tillögur nefndar A til kynningar - trúfrelsi, þjóðkirkja og fræðafrelsi

33680 - Tillögur nefndar B til kynningar - forseti

33679 - Tillögur nefndar B til afgreiðslu - alþingismenn og störf Alþingis

33677 - Tillaga nefndar B - endurröðun greina

33675 - Tillögur nefndar C til kynningar - utanríkismál

- 33683 - Breytingartillaga PB til A-nefndar um þjóðkirkjuna  
33685 - Breytingartillaga AM til A-nefndar um þjóðkirkjuna  
33687 - Breytingartillaga EBE til A-nefndar um þjóðkirkju  
33691 - Breytingartillögur SBÓ til C-nefndar um utanríkismál

## Áfangaskjalið á 11. ráðsfundi

### Aðfaraorð

#### Mannréttindi

- Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisu í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
  - Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnmaatengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
  - Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
  - Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
  - Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.
  - Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.  
Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.  
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
- Fræðafrelsi**  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða, lista og menntunar.
  - Trúfrelsi**  
Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.  
Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.  
Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.
  - Þjóðkirkja**  
**Valkostur 1:**  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
**Valkostur 2:**  
[Ákvæðið falli brott.]
  - Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmaatlafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
  - Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
  - Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.  
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.  
Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
  - Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann

- skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.
- Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólög-mæt skal hann þegar látinn laus.
- Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
14. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
15. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómann-úðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
16. Herskyldu má aldrei í lög leiða.
17. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.
- Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
18. Heilbrigðisþjónusta  
Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.
19. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.  
Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.  
Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur.
20. Atvinna  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.  
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
21. Félagslegt öryggi  
Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
22. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
23. Menningarleg verðmæti  
Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
24. Náttúruauðlindir  
Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærann hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.  
Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.  
Auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einka-eigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.
25. Náttúra Íslands  
Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.  
Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum.  
Almenningi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.
26. Upplýsingaskylda og samráð  
Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það.  
Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.  
Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.
27. Dýravernd  
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.  
Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.

28. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttinda-samningum  
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið.

Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrár-verndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.

## Undirstöður

### Störf Alþingis

1. Hlutverk  
Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.
2. Friðhelgi  
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.
3. Starfstími  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.  
Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.
4. Samkomustaður  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.
5. Eiður alþingismanna  
Sérhver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.
6. Sjálfstæði alþingismanna  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.
7. Þingforseti  
Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
8. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
9. Þingnefndir  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og

um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys [fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar] nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.

10. Opnir fundir  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.
11. Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
12. Meðferð þingmála  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. [Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.]  
Þingsályktunartillögu má ekki samþykkja fyrir en hún hefur verið rædd við tvær umræður.  
Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra og tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.  
Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
13. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
14. Staðfesting laga  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
15. Birting laga laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrir en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
16. Skipan skattamála  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
17. Skattlagningarvald  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
18. Frumvarp til fjárlaga  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
19. Greiðsluheimildir fjáráukalög  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
20. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir

ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.

21. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
22. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnáslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
23. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
24. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína.  
Alþingismaður verður ekki krafinn reiknings- skapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.
25. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varmaður tekur þá sæti hans á þingi.
26. Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.

#### **Forseti Íslands, ráðherrar og framkvæmdarvald**

1. Embættisheiti og þjóðkjör  
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.
2. Kjörgengi til forseta  
Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.
3. Forsetakjör  
Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst [eins] af hundraði

kosningarbærra manna og mest [tveggja] af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangs röð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

4. Kjörtímabil forseta  
Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. [Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.]
5. Eiður forseta  
Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.
6. Starfskjör forseta  
Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.
7. Staðgengill forseta  
Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.
8. Fráfall forseta  
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.
9. Ábyrgð forseta  
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

#### **Valkostur 1:**

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.

#### **Valkostur 2:**

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

10. Setning Alþingis

Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.

11. Náðun og sakaruppgjöf  
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.
12. Ráðherrar  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
13. Ríkisstjórn  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
14. Stjórnarmyndun  
Alþingi kýs forsætisráðherra. [Forseti Íslands/þingforseti] skipar [hann/hana] í embætti fyrir hönd Alþingis og veitir [honum/henni] lausn. Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefni [hann/hún] ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.
15. Setutími ráðherra  
Valkostur 1:  
Ekkert ákvæði um hámarkssetutíma ráðherra.  
Valkostur 2:  
Enginn getur gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals.  
Valkostur 3:  
Enginn getur gegnt ráðherraembætti lengur en 8 ár samtals. Sé um að ræða embætti forsætisráðherra má lengja setutíma í 12 ár.
16. Ráðherrar og Alþingi  
Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.
17. Upplýsingaskylda ráðherra  
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.
18. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis  
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins. Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.
19. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf  
Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
20. Vantraust  
Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar]. Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.
21. Starfsstjórn  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
22. Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.
23. Umboðsmaður Alþingis  
[Texti þessarar greinar hefur ekki verið lagður fram]
24. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

## Kosningar til Alþingis og alþingismenn

### Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdbætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni. Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá. Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

4. Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.

Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.

5. Skipun dómara

Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.

[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.

Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.

6. Sjálfstæði dómara

Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

7. [...]

Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.

[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

## Sveitarfélög

### Utanríkismál

1. Meðferð utanríkismála

Utanríkisstefna og almennt fyrirsvor ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.

Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.

2. Samningar við önnur ríki

Ráðherra gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af

öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.

3. Framsal ríkisvalds

Heimilt er að gera samninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu.

Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst.

Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðar- atkvæði til samþykktar eða synjunar.

## Lokaákvæði



## 12. ráðsfundur 09.06. 2011.

### A-nefnd 21. fundur 06.06. 2011

06.06.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla.
2. Athugasemdir við mannréttindakafla.
3. Innsend erindi.
4. Önnur mál.

#### Fundargerð

21. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 6. júní 2011, kl. 10.20 og 13.00-16.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir (frá kl. 10.40) og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla  
Nefndin hélt áfram að vinna með ákvæði um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, með hliðsjón af innsendum erindum og sérfræðialitum, með það fyrir augum að leggja kaflann fram á næsta ráðsfundi.

2. Athugasemdir við mannréttindakafla  
Frestað.

3. Innsend erindi  
Frestað.

4. Önnur mál  
Borist hafa erindi þar sem Stjórnlagaráð er hvatt til að gera íslensku að þjóðtöngu. Nefndarfolk var ekki sannfært um nauðsyn þessa, sérstaklega þar sem það gæti opnað meiri vanda en það leysir. Ef til þess kæmi að þjóðtunga væri tilgreind í stjórnarskrá þyrfti að tryggja jafna stöðu íslenska táknamálsins á við íslenskuna, skilgreina þyrfti ákveðin tungumál sem minnihlutamál og tryggja þyrfti vörn við mismunun á grundvelli tungumáls í jafnræðisreglunni. Nefndin frestaði því að taka endanlega ákvörðun í málinu.

Erindi var lagt fram og rætt á fundinum  
33693 Matthías Ásgeirsson: Bönnum þjóðkirkjuna.

### A-nefnd 22. fundur 07.06. 2011

07.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Innsend erindi.
2. Endurskoðun kafla.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

22. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 7. júní, kl. 9.30-12.00 og 13.15-15.15.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður (frá kl. 11.30), Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Innsend erindi  
Farið var yfir öll innsend erindi sem nefndinni höfðu borist, sem ekki var búið að taka fyrir á fyrri fundum.

2. Endurskoðun kafla  
Heildarendurskoðun hófst á mannréttindakaflanum, þar sem tekið verður tillit til innsendra erinda, athugasemda við áfangaskjalið og umræðna á ráðsfundi.

3. Önnur mál  
Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum  
33166 René Biasone. Hugleiðingar um nýja stjórnarskrá.

33167 Guðmundur R. Guðmundsson. Opin gögn og frjáls hugbúnaður.

33174 Ólafur S. Björnsson. Kosningar, forsetakjör, kvóti, hagstjórn og trúmál.

33184 Hans T. Björnsson. Mismunun á grundvelli arfgerðar.

33192 Samtök hernaðarandstæðinga. Friðar og afvopnunarmál.

33224 Valdimar Samúelsson. Jafnrétti þegna.

33269 Lúðvíg Lárusson. Eignarréttur og umráðaréttur einstaklinga yfir persónugreinanlegum upplýsingum.

33314 Sigurður Jónas Eggertsson. Gegnsætt eignarhald.

33318 Þór Vigfússon. Hernaður.

33334 Þorsteinn V. Baldvinsson. Jafnrétti.

33336 Jón Þór Ólafsson. Mengun og önnur ytri áhrif.

33346 Þórlaug Ágústsdóttir. Gildi gilda.

33373 Menningar- og friðarsamtök MFÍK. Friðarmál.

33415 Gísli Baldvinsson. Skilgreining á þjóðareign.

33416 Nils Gíslason. Mannréttindi.

33438 Ragnar Örn Eiríksson. Réttindi forsjarlausra foreldra og barna.

33452 Gunnar Freyr Valdimarsson. Form og innihald stjórnarskrár.

33457 Magnús Ragnar. Hugmynd að framtíðarstjórnarskrá Íslands.

33491 Sigurður R. Þórðarson. Verndun og nýting vatnsverndarsvæða.

33498 Edda Geirsdóttir. Málefni andlegra sjúkra.

33499 Nils Gíslason. Myndun ríkisstjórnar.

33533 Örn Leó Guðmundsson. Lýðræði þjóðar eða sérhagsmunahópa.

33535 María S. Helgadóttir. Sanngirnismál og fleira.

33555 Þorgils Völundarson. Upplýsingar og upplýsingatækni.

- 33563 Jóhannes Ágústsson og Jörunn Jóhannsdóttir. Félagafrelsi.
- 33567 Anna Benkovic Mikaelisdóttir. Íslenskan.
- 33585 Arnar jensson. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar m.t.t. upptöku ólögmeats ávinnings.
- 33598 Margrét Rósa Sigurðardóttir. Lágmarkskrafa einstaklinga til velferðar.
- 33606 Kristján Sverrisson. Réttindi og skyldur.
- 33612 Smári McCarthy. Réttur lögreglu til að vera við almennar samkomur.
- 33613 Anna Benkovic Mikaelisdóttir. Íslenskan.
- 33614 Jóhannes Laxdal. Auðlindir og þjóðareign.
- 33615 Hrönn Guðmundsdóttir. Þjóðareign.
- 33626 Baldur Kristjánsson. Þriðja skýrsla ECRÍ um Ísland.
- 33628 Guðrún Jónsdóttir. Þrælahald.
- 33631 Ólafur Kjartansson. Eignarréttur, samfélagslegt samkomulag um huglægt verkfæri.
- 33632 Þorbergur Þórsson. Þjóðareign.
- 33641 Sif Traustadóttir. Um dýravelferð.
- 33648 Steinþór I. Þórisson. Endurheimt og stjórnarskrá.
- 33668 Hafliði Nielsen Skúlason. Líknarmorð?
- 33669 Guðmundur H. Guðmundsson. Umsögn um umhverfisverndarákvæði í mannréttindarkafla.
- 33670 Gunnar Pálsson. Stjórnarskrá í bundnu máli.
- 33692 Kristján Sig. Kristjánsson. Mannréttindi/Framkvæmdarvald.
- 33694 Ingibjörg Sigfúsdóttir. Standa vörð um rétt til grasalækninga á Íslandi.
- 33701 Árni B. Helgason. Þjóðaratkvæði um eignarétt.

## A-nefnd 23. fundur 08.06. 2011

08.06.2011 09:00

Sameiginlegur opin fundur.

### Dagskrá

1. Ákvæði um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla.
2. Breytt málfræðilegt kyn

### Fundargerð

23. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 8. júní 2011, kl. 9.00-10.00 og 12.45-13.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Freyja Haraldsdóttir hafði boðað forföll. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þorkell Helgason.

1. Ákvæði um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla  
Kynnt voru drög að ákvæðum um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, sem nefndin hyggst leggja fram á næsta ráðsfundi.

Inntak ákvæðanna þótti almennt til bóta. Þær athugasemdir sem komu fram sneru annars vegar að því hvort skilgreiningar og upptalningar á hugtökum sem notuð væru í ákvæðunum væru nægjanlega skýr og næðu yfir þau gögn sem til væri ætlast. Hins vegar lýstu sumir ráðsfulltrúa áhyggjum af því að ítrasta túlkun á ákvæðunum gæti reynst íþyngjandi fyrir stjórnvöld, þar sem frumkvæðisskylda þeirra myndi aukast mjög með innleiðingu ákvæðanna í stjórnarskrá.

Ákvæð nefndin að leggja kaflann fram til kynningar, svo textinn komist í opinbera birtingu og almenningur geti gert við hann athugasemdir.

### 2. Breytt málfræðilegt kyn

Þorvaldur Gylfason sýndi hugmynd að breyttu málfræðilegu kyni á fyrstu greinum mannréttindakaflans, sem kynna mætti á næsta ráðsfundi. Í tillögnum byrjaði jafnræðisreglan á orðunum „öll erum við“ í stað „allir eru“. Þótti ráðsfulltrúum hið nýja orðfæri á köflum til bóta – skemmtilegt væri að þjóðin talaði við sjálfa sig í gegnum stjórnarskrána – en að varlega þyrfti að fara í breytingar af þessu tagi. Mögulega væri hægt að byrja hvern kafla á upphafsgrein í þessum stíl, eða einskorða breytinguna við mannréttindakaflann. Nefndin ákvæð að leggja jafnræðisregluna svo breytta fram til kynningar á ráðsfundi, til að koma hugmyndinni í opinbera umræðu.

## B-nefnd 18. fundur 06.06. 2011

06.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Ráðherrar og ríkisstjórn
2. Önnur mál

### Fundargerð

18. Fundur B-nefndar haldinn 6. Júní 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Gísli Tryggvason. Guðbjörg Eva Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

### 1. Efni: ráðherrar og ríkisstjórn

Nefndarmenn ræddu nýjar greinar til kynningar í áfangaskjal og mótuðu tillögur að þeim.

#### • Undirstöður stjórnskipunar

Tillögur að tveimur ákvæðum í kafla er ber heitið Undirstöður - annars vegar um handhafa ríkisvalds og hins vegar um yfirráðasvæði, hið síðarnefnda að stofni til frá stjórnlaganefnd.

• Ríkisstjórn, ráðherrar og ráðherraábyrgð, starfsstjórn, bráðabirgðalög o.fl.

Nefndarmenn mótuðu ákvæði til framlagningar um störf og verkefni ríkisstjórnar og ráðherra, byggðar á þingræðisstjórnarforminu. Vinnan fulltrúa í þeim efnum tekur m.a. mið af fjölmörgum skýrslum sem hafa verið unnar á undanförunum árum þar sem lagðar eru fram tillögur um úrbætur á bæði lögum og stjórnarskrá, er lúta að störfum ráðherra og ríkisstjórna. Má í því sambandi nefna Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem og skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar: Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, sem og nýrri skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands frá desember 2010. Þá er litið til stjórnskipun annarra ríkja, einkum á Norðurlöndum, og tilhögun í Svíþjóð og Finnlandi.

Ákveðið að leggja fram til kynningar ákvæði um ráðherra og sérstakt ákvæði um ríkisstjórn þar sem ríkisstjórn verður fjölskipað stjórnvald við ákveðnar ákvarðanatökur.

Rætt um bráðabirgðalög - Samþykkt að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga falli brott.

Ráðherraábyrgð - rætt um nýtt ákvæði um ráðherra-ábyrgð er tengist m.a. nýjum ákvæðum um verkefni ráðherra annars vegar og ríkisstjórnar hins vegar.

Vísast til skýringa með skjölum lögð fyrir ráðsfund næstkomandi 9. júní.

## 2. Önnur mál.

Á næsta fundi nefndarinnar verður farið yfir þau ákvæði er út af standa í Alþingiskafli.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

## B-nefnd 19. fundur 07.06. 2011

07.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerðir 11-13 lagðar fram til samþykktar.
2. Framh. frá umræðum 6. júní.
3. Sveitarstjórnir
4. Önnur mál

### Fundargerð

19. Fundur B-nefndar - haldinn 7. Júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Erlingur Sigurðarsson, Pétur Gunnlaugsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Gísli Tryggvason. Salvör Nordal kom sem gestur á fund nefndarinnar. Guðbjörg Eva Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Fundargerðir 11-13. Fundargerðir 11-13 lagðar fram og samþykktar.
2. Áfram. umræður frá 6. júní. Nefndarmenn ræddu ítarlega frekara efni til að leggja fyrir ráðsfund þann 9. júní næstkomandi.

Ákveðið að leggja fram ný ákvæði um ríkissaksóknara og ákærvaldið.

Nefndarmenn ræddu ákvæði í núverandi stjórnarskrá sem tengjast fjárfstjórnarvaldinu, meðferð fjárlaga og ríkisfjármálum. Samþykkt að leggja fram ákvæði að mestu óbreytt til bráðabirgða.

Ákveðið var að skipta nefndinni upp í tvo starfshópa. Annar hópur fjallar um sveitarstjórnarmál og hinn gerir breytingartillögur fyrir næsta ráðsfund tilbúnar.

## 3. Sveitastjórnarmál

Fundur í vinnuhópi um sveitarstjórnarmál settur kl. 13.

- Farið yfir tillögur um sveitastjórnarmál.
- Einhugur er um að tryggja betur stöðu sveitarfélaga gagnvart ríki. Og að verkefnum fylgi fjármunir.
- Skiptar skoðanir voru um fjárfstjórnarvaldið og hversu langt nálægðarreglan skuli ganga.
- Gengið frá tillögum að fjórum greinum.

## 4. Önnur mál

Nefndarritara falið að útbúa skjöl til kynningar fyrir sameiginlegan fund með fulltrúum á morgun þann 8. júní, sem ennfremur verður lagt fyrir ráðsfund 9. júní næstkomandi. Nefndarritara einnig falið að útbúa skjal með áorðnum breytingum sem lagt verður til afgreiðslu fyrir ráðsfund, ákvæði um forseta Íslands.

Samþykkt að fá sérfræðing með þekkingu á meðferð fjárlaga fyrir nefndina.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

## B-nefnd 20 fundur 08.06. 2011

08.06.2011 14:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Tillögur B-nefndar til kynningar á ráðsfundi 9. júní.

### Fundargerð

20. sameiginlegur nefndafundur B-nefndar haldinn 8. júní 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinson, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Gísli Tryggvason, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Eiríkur Bergmann Einarsson.

Aðrir mættir fulltrúar voru Guðmundur Gunnarsson, Salvör Nordal, Ari Teitsson, Örn Bárður Jónsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Pawel Bartoczek, Lýður Árnason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Illugi Jökullsson, Silja Bára Ómarsdóttir og Dögg Harðardóttir. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Tillögur B-nefndar að texta í áfangaskjal, samkvæmt ráðsfundi 9. júní. Formaður gerði grein fyrir tillögum B-nefndar sem lagðar verða fram til kynningar á ráðsfundi 9. júní.

## Undirstöður

### Tillaga 1: Handhafar ríkisvalds.

Gerð var athugasemd við að forseta Íslands vanti í upptalningu ákvæðisins. Því var til svarað að forseti eigi ekki heima í upptalningu löggjafarvalds frekar en framkvæmdarvalds. Að sama skapi var bent á að ekki gangi að þjóðhöfðingi landsins sé ekki talinn upp sem handhafi ríkisvalds. Nefndarmenn tóku undir að skilgreina forseta sem handhafa ríkisvalds. Athugasemd var gerð við að forsetakafli sé ekki fullunninn og skilgreining á hlutverki hans taki mið af endanlegri hlutverkaskiptingu hans.

### Tillaga 2: Yfirráðasvæði.

Tillaga kom fram um að nota orðalagið auðlindalögsaga. Nefndin samþykkti að athuga hvert sé efnislegt inntak hugtaksins auðlindalögsaga, m.a. hvort það nái til orða eins og efnahagslögsögu.

## Ráðherrar og ríkisstjórn

Formaður gerði grein fyrir tillögum B-nefndar að ákvæðum um ráðherra og ríkisstjórn.

• Tillaga 1: Ráðherrar, ríkisstjórn og ráðherraábyrgð. Gerð var athugasemd við 2. mgr. 1. gr., það eigi að skylda ráðherra til að víkja sé hann vanhæfur, ekki að orða það sem skyldu. Tillaga um að taka orðið heimilt út og setja inn skyldu.

Fram kom að farin verði millileið í að ráðherrar beri ábyrgð á sínum eigin málaflökki en hins vegar sé ákvarðanir sem ber að taka sameiginlega sem varða mikilvæg málefni skv. orðalagi í stjórnarskrá, sjá ákvæði um ráðherraábyrgð. Hins vegar ber ráðherra hvers málefna sviðs ábyrgð á þeim ákvörðunum sem ekki séu taldar mikilvægar og gert er ráð fyrir því að það verði frekar útfært í lögum.

Fram kom að nefndin hafi rætt, í tengslum við ráðherraábyrgð, hvernig saksókn skuli háttað og samkomulag hafi tekist um að fremur skuli skipa sérstakan saksóknara fremur en ríkissaksóknara. Tekið undir að ekki ætti að vera minna sjálfstæði hjá sérskipuðum saksóknara heldur en ríkissaksóknara.

Athugasemd var gerð við að samræma þurfi hugtökin embættisbrot og embættisfærslur, sem fram koma í öðrum ákvæðum. Nota eigi sama orðalag í öðrum ákvæðum.

Lagt var til að bráðabirgðalög falli brott m.a. í ljósi þess að um grundvallarinnngrip í störf löggjafans er að ræða sem og að nú starfi þingið allt árið. Gerð var athugasemd við að ef heimild til útgáfu bráðabirgðalaga eigi að standa í stjórnarskrá eigi að taka út úr texta að þau megi ekki brjóta í bága við stjórnarskrá, enda segir það sig sjálft að lagasetning má aldrei brjóta í bága við stjórnarskrá.

## Kafli um Alþingi - Lögrétta og fjárstjórnarvald þingsins

Gerð var athugasemd við orðalagið þjóðréttarlegar skuldbindingar. Mögulega sé betra að nota orðalagið alþjóðasamningar.

Vakin var athygli á erindi Arnars Jenssonar um að kyrrsetja eignir þrátt fyrir fyrningu. Því er til svarað að í 69. gr. stjórnarskrár er sett fram bann við afturvirkni refsilaga.

Athugasemd var gerð varðandi Lögréttu, tillaga kom fram að vísa megi bráðabirgðalögum afturvirkni til Lögréttu eða að einhver möguleiki sé til þess að vísa þeim þangað.

Þá voru gerðar athugasemdir við fjárstjórnarvald þingsins. Fasteignir séu þröngt eignarréttarhugtök. Þá er spurning hvort ríkisfyrirtæki falla þar undir en bent á að nýtt ákvæði kemur inn er tekur til annarra eigna. Athuga þurfi eignarréttarlega fyrirvara þar um. Athugasemd var gerð við orðalagið: „ekkert gjald má reiða af hendi“.

Tillaga kom fram um að girða fyrir fjáraukalög. Því megi aðeins ráðstafa greiðslum úr ríkissjóði með fjárlögum, því sé punktur settur eftir fjárlög. Mögulega mætti útfæra stutt ákvæði um heimild til greiðslu úr ríkissjóði með fjáraukalögum, í brýnustu neyðartilvikum.

Bent var á að almenningur geti ekki nægilega vel fylgst með útgjaldahlíð ríkissjóðs. Spurningin væri sú með hvaða orðalagi hægt væri að girða fyrir núverandi fyrirkomulag og lausung í meðferð fjárlaga og fjárstjórnar. Bent er á að ef fjáraukalögin eru skrifuð út leiðir það til þess að ríkisstjórnin býr til liðinn ófyrirséð. Samþykkt var að fá sérfræðing til að fjalla um raunverulegan vanda í þessum efnium.

Athugasemdir voru gerðar við skipan ríkissaksóknara. Bent var á að ráðherra verði að bera ábyrgð og það bindi hendur hans og þannig sé það í höndum aukins meirihluta Alþingis. Alveg jafn mikilvægt að óháður aðili skipi ríkissaksóknara, líkt og hæstaréttardómara.

Þá var bent á að forseti muni þurfa að bera ábyrgð á sínum stjórnarathöfnum líkt og ráðherra. Völdum fylgi ábyrgð. Umræður um embætti forseta Íslands.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

## B-nefnd 21. fundur 09.06. 2011

09.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Athugasemdir sem komu fram á sameiginlegum fundi 8. júní.

### Fundargerð

21. Fundur B-nefndar haldinn 9. júní 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson og Salvör Nordal. Gísli Tryggvason boðaði forföll og Pétur Gunnlaugsson hafði boðað seinkun. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Athugasemdir sem komu fram á sameiginlegum fundi 8. júní.

Nefndarmenn fóru yfir athugasemdir ráðsfulltrúa sem fram komu á sameiginlegum fundi ráðsfulltrúa þann 8. júní.

Pétur Gunnlaugsson mætti á fundinn kl. 10:15. Örfáar orðalagsbreytingar voru gerðar. Veigamestu breytingar á tillögum B-nefndar eftir athugasemdir ráðsfulltrúa voru eftirfarandi:

Forseti Íslands skilgreindur sem handhafi ríkisvalds í 2. gr. er fjallar um handhafa ríkisvalds. Heimild til útgáfu bráðabirgðalaga felld niður.

Þá var ákveðið að leggja eftirfarandi skjöl til kynningar á ráðsfundi þann 9. júní.

- Kafla um undirstöður
- Fleiri ákvæði í kafla um ráðherra og ríkisstjórn þ.m.t. ráðherraábyrgð.
- Fleiri ákvæði í kafla um Alþingi, þ.m.t. um fjárstjórnarvald og Lögréttu.
- Þá var jafnframt lagt fram ákvæði um ríkissaksóknara sem er nú staðsett í kafla um stjórnslu og eftirlit.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

## C-nefnd 22. fundur 06.06. 2011

06.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

22. fundur C-nefndar, haldinn 6. júní 2011, kl. 10.00-16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður fór yfir skjal sem hann lagði fram á síðasta fundi ásamt breytingum sem á því hafa verið gerðar.

Rætt var um hvort rétt sé að binda niður í stjórnarskrá nákvæmar reglur eða leiðbeinandi reglur sem nánar eru útfærðar í lögum.

Rætt var um hvort rétt sé að taka út orðalag um hlutbundna kosningu, því það sé óskýrt hvað það þýði, einnig sem óvíst er hvort STV kosningaaðferð uppfylli slíkt skilyrði.

Rætt var um vægi atkvæða og hvað þýði að það sé jafnt, það getur aldrei verið alveg jafnt eftir að leiðrétt sé fyrir kyn og bundna þingmenn. Rætt um að tala um *sem jafnast* í stað *jafnt* atkvæðavægi.

Formaður sagði að það umboð sem nefndin sé að vinna eftir sé að atkvæðavægi sé jafnt. Atkvæðin eiga að telja jafnt en settar ákveðnar reglur á úrslitin að þingmenn komi frá öllum svæðum og af báðum kynjum. Túlka eigi þröngt allt misvægi sem myndast. Sumir segja að það sé ekki aðalatriðið og þeir sætti sig við ákveðið misvægi. Rætt var um að þjóðfundur hafi viljað að atkvæðavægi verði jafnt.

Rætt var um tillögu fjölda bundinna þingsæta, hvort þau ættu að vera færri eða fleiri en 2/5. Einnig rætt um að taka fram að að baki bundnum þingsætum séu ekki færri kjósendur en að meðaltali að baki allra þingsæta.

Rætt var um að setja í textann ákvæði um að það eigi að vera hægt að kjósa þvert á lista í ljósi þess að samin

hafa verið frumvörp um persónukjör sem eru í raun bara innan lista.

Rætt var um fjölda kjördæma, um hvort þau eigi að vera eitt til sjö. Kom fram tillaga um átta kjördæmi í samræmi við landshluta sveitarfélaga og jafnvel níu ef Reykjavík fær að skipta sér í tvennt.

Nokkur samstaða er í nefndinni um kaflann í heild. Þó var rætt um að það þyrfti að festa inn að þeir sem ekki raða eftirláta þeim sem raða að raða röðuninni.

Rætt var um jafnréttissjónarmið og leiðir í þeim efnunum eftir þeim reglum sem verið er að fjalla um. Nokkrar leiðir í boði, t.d. ef frambjóðendur af sama kyni hafa fengið fleiri en 42 þingsæti af 63 þá verður litið fram hjá frambjóðendum þess kyns við frekari úthlutun þingsæta, að framboð geti ákveðið að þingsætum þess sé úthlutað með þeim hætti að hlutfall hvors kyns fari ekki undir 40 af hundraði, eða að landssætum verði úthlutað með hliðsjón og til jafns við úrslit persónukjörs. Sett inn grein um heimild um lágmarkshlutfall kynjanna.

Rætt var um grein um kosningarétt, hvort það eigi að rýmka hann frá því sem nú er og binda hann við dvöl eða önnur skilyrði en ríkisborgararétt.

Rætt var um ákvæði um fjármál stjórnmalaflokka og vildi nefndin fylgja tillögu stjórnlaganefndar um að hafa ákvæði um þetta í stjórnarskrá.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði hinn 7. júní kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 23. fundur 07.06. 2011

07.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

23. fundur C-nefndar, haldinn 7. júní 2011, kl. 9.30-15.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Almennar umræður voru um tillögu frá síðasta fundi. Rætt var um tillögu um styrki til stjórnmalasamtaka. Rætt um hvort skerpa eigi tillögu stjórnlaganefndar og bæta inn svo fljótt sem auðið er og gegnsæi.

2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings  
Rætt var almennt um lýðræðislega þátttöku almenn-

ings og þær greinar sem viðkoma þjóðaratkvæðagreiðslum í stjórnarskrá.

Rætt var um ákvæði um frávikningu forseta, nefnd B hefur einnig fjallað um þetta atriði.

Rætt var um hvort þjóðarfrumkvæði eigi ekki að ná einnig til stjórnarskrárbreytinga, um merkingu mállefna sem varða almannahag og hvort takmarka þurfi þjóðarfrumkvæði við lög og málefni sem eru til meðferðar þings.

Formaður rak á töflu hvern og einn möguleika stjórnlaganefndar, um málskot og þjóðarfrumkvæði:

Málskot: 1/3 þingmanna eða 15% þjóðar – þjóðaratkvæði – samþykkt eða fellt ef a.m.k. 30% þjóðar fellir.

Þjóðarfrumkvæði: 15% þjóðar – þjóðaratkvæði um lög eða málefni – ef samþykkt þá fer það til þings og er bindandi um lög.

Rætt var um hvort hægt sé að tryggja það að mál fái umfjöllun á Alþingi, er það ekki háð vilja einstakra þingmanna hvaða mál séu tekin fyrir. Rætt um í hvernig búning beri að klæða slíkt þjóðarfrumkvæði og hver myndi aðstoða við framlagningu þess, því ekki er hægt að binda þingmenn til þess ef það fer gegn þeirra sannfæringu. Rætt var um úrræði til að tryggja að mál sem koma frá þjóðarfrumkvæði fái afgreiðslu á þingi. Virðist vera meirihluti fyrir því í nefndinni að það sé ákveðinn frumkvæðisréttur hjá þjóðinni og slíku máli sé tryggð ákveðin þingleg meðferð, en ekki hægt að þvinga það í gegn í andstöðu við vilja þingmanna. Rætt var um að endurhugsa þetta frá grunni og ef 15% þjóðarinnar vilja sjá frumvarp í þjóðaratkvæði þá fari það beint í þjóðaratkvæði án viðkomu í þinginu (svissneska leiðin).

Rætt var um stjórnarskrárbreytingar og hvort það eigi að vera þjóðaratkvæði um breytingar eða þingrof eða hvort tveggja. Einnig rætt um hvort markmiðið sé að gera stjórnarskrárbreytingar erfiðari eða auðveldari í framkvæmd.

Rætt var um að hafa inni í tillögunum málskot þings, málskot þjóðar og svo þjóðarfrumkvæði um tiltekið málefni. Einnig rætt um að hafa ekki þröskulda í þjóðaratkvæðagreiðslu. Meirihluti er fyrir því að stjórnarskrárbreytingar fari í þjóðaratkvæði en spurning um hvort það þurfi einnig þingrof.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði hinn 8. júní kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

## C-nefnd 24. fundur 08.06. 2011

08.06.2011 10:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.

## Fundargerð

24. fundur C-nefndar, haldinn 8. júní 2011, kl. 10.00-14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður kynnti hugmyndir sínar og nefndarinnar um kosningakerfi sem fellur að tillögu að nýju stjórnarskrárákvæði um kosningar til Alþingis, í ljósi umboðs frá síðasta sameiginlega fundi. Kosningakerfið þó einungis til viðmiðunar og löggjafanum falið að setja reglur byggðar á nýju stjórnarskrárákvæði. Rætt var um fjölda alþingismanna, til fækkunar eða fjölgunar.

Rætt var um fjölda kjördæma, hvort of opið sé að tala um eitt til átta kjördæmi.

Rætt var um fjölda bundinna þingmanna í hverju kjördæmi, til fækkunar eða fjölgunar.

Einnig rætt um ákvæðið um kynjahlutföll, að því gæti verið ofaukið en einnig að það þurfi að ganga lengra.

### 2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings

Formaður fór yfir tillögur nefndarinnar. Ákveðið að leggja ekki fram 1. gr. fyrri tillögu um frávikningu forseta þar sem nefnd B hefur fjallað um það.

Rætt var um möguleika rafrænna undirskrifta.

Rætt um ábyrgð þingmanna og þeirra sem fara fram á þjóðaratkvæði. Forsenda að taka málskot af forseta að tiltölulega auðvelt sé fyrir almenning að nýta sér málskot.

Rætt var um styrki til stjórnsmálaflokka og annarra pólitískra hreyfinga.

Rætt var um hver prósentu kjósenda á að vera sem getur farið fram á þjóðaratkvæði, 10-15%.

Rætt var um að hægt verði að vísa málum sem afgreidd hafa verið á Alþingi en ekki bara þau sem hafa verið samþykkt, það eigi að vera hægt að endurvekja mál sem hafa verið felld eða dagað uppi.

Rætt um grein um þjóðarfrumkvæði. Gagnrýnt var að þetta sé í raun ekki þjóðarfrumkvæði heldur svokallað bænaskjal og of hátt hlutfall kjósenda.

Rætt var um að þingmenn séu fyrst og fremst bundnir við sannfæringu sína og ekki hægt að leggja fyrir þá að gera eitthvað gegn sinni sannfæringu eins og að flytja eða tala fyrir máli sem er ekki frá þeim komið. Verður að finna lausn á því hver mælir fyrir slíkum frumkvæðismálum á þingi.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði fimmtu-

daginn 9. júní kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

## C-nefnd 25. fundur 09.06. 2011

09.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.

### Fundargerð

25. fundur C-nefndar, haldinn 9. júní 2011, kl. 9.30-11.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Rætt var um breytingartillögu Gísla Tryggvasonar um fjármál stjórnmalasamtaka. Rætt var um að láta regluna í stjórnarskrá tiltaka einnig almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur og einnig til stjórnmalamanna en ekki einungis samtaka.

#### 2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings

Rætt var um að leggja tvær greinar fyrir ráðsfund, um málskot til þjóðarinnar og frumkvæðisrétt þjóðarinnar. Ákveðið var að geyma umfjöllun um stjórnarskrárbreytingar og kynna það síðar.

#### 3. Önnur mál Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði hinn 14. júní kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.

## Fundargerð 12. ráðsfundar

09.06.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillögur C-nefndar, fyrri hluti.
  - Kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.
3. Skýrsla og tillögur A-nefndar.
  - Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.
  - Breytt málfræðilegt kyn, tillögur um breyttan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar.
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar.
  - Undirstöður stjórnskipunar, ráðherrar, ríkisstjórn og ráðherraábyrgð, ríkissaksóknari, lögrétta, fjárfstjórnarvald. Alþingis o.fl., tillögur um nýjan

texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.

- Forseti Íslands, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu.

#### 5. Skýrsla og tillögur C-nefndar, síðari hluti.

- Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.

12. ráðsfundur - haldinn 9. júní 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 8. júní 2011 en fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á þeirri dagskrá sem þar var boðuð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

Tillaga að breyttri dagskrá var borin upp og samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 11. ráðsfundar, 3. júní, var samþykkt án athugasemda og verður birt á vef Stjórnlagaráðs.

### 2. Skýrsla og tillögur C-nefndar, fyrri hluti

#### 2.1 Kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar

Tillögurnar varða fimm ákvæði (nr. 1-5) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Kosningar til Alþingis og alþingismenn”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnaneftdar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Þorkell Helgason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Katrín Oddsdóttir, Dögg Harðardóttir, Guðmundur Gunnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Andrés Magnússon, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Ari Teitsson, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Lýður Árnason, Katrín Fjeldsted, Guðmundur Gunnarsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Erlingur Sigurðarson, Ari Teitsson og Gísli Tryggvason.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Við 1. mgr. 1. gr. um fyrirkomulag kosninga til Alþingis. Flutningsmaður: Þorkell Helgason.
- Við 4. mgr. 1. gr. um fyrirkomulag kosninga til Alþingis. Flutningsmenn: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Breytingartillögum þessum var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

Fundarhlé.

### 3. Skýrsla og tillögur A-nefndar

#### 3.1 Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar

Tillögurnar varðar tvö ákvæði (nr. 7-8) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina Mannréttindi, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Þórhildur Þorleifsdóttir, Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Illugi Jökulsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Gísli Tryggvason, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

#### 3.2 Breytt málfræðilegt kyn, tillögur um breyttan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar

Meginefni tillögunnar varðar ákvæði 2 gr. mannréttindakafla (jafnræðisreglu), sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Pawel Bartoszek, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson og Lýður Árnason.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

#### Fundi frestað

Fundarstjóri gerði grein fyrir því kl. 16.40 að fundi Stjórnlagaráðs væri frestað til föstudagsins 10. júní, kl. 9.30. Þá verður dagskrá fram haldið, nánar tiltekið skýrslu og tillögum B-nefndar, undir lið 4.

### 12. ráðsfundur – fram haldið

10. júní 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað: Pétur Gunnlaugsson og Gísli Tryggvason (fyrir hádegi einungis).

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

### 4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

#### 4.1 Undirstöður stjórnskipunar, ráðherrar, ríkisstjórn og ráðherraábyrgð, ríkissaksóknari, lögrétta, fjárfstjórnarvald Alþingis o.fl., tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar

Tillögurnar varða ákvæði í fjórum köflum áfangaskjals, nánar tiltekið nr. 2-3 í kaflanum „Undirstöður”, nr. 1-2, 9-10 og 12 í kaflanum „Ráðherrar og ríkisstjórn”, nr. 15, 17-20 í kaflanum „Störf Alþingis” og nr. 4 í kaflanum „Stjórnsýsla og eftirlit”.

Skjalið var lagt fram til kynningar og fylgir fundargerð þessari.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust um tillögur B-nefndar og eftirtaldir fulltrúar tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þorvaldur Gylfason og Þorkell Helgason. Fundarhlé.

Umræður hófust aftur að loknu hléi og til máls tóku: Erlingur Sigurðarson, Andrés Magnússon, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Katrín Oddsdóttir.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Fundarhlé.

#### 4.2 Forseti Íslands, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu

Tillögurnar varða ákvæði nr. 1-10, 12-16 í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Forseti Íslands”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu, lítilliga breytt frá því það var kynnt á 11. ráðsfundi.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Ari Teitsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Illugi



Jökulsson, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Andrés Magnússon, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Katrín Oddsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Erlingur Sigurðarson, Lýður Árnason, Gísli Tryggvason, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið og fjallaði meðal annars um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur B-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Erlingur Sigurðarson og Lýður Árnason.

Fjarverandi: Ari Teitsson og Pétur Gunnlaugsson.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 21 atkvæði. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fundarhlé.

## 5. Skýrsla og tillögur C-nefndar, síðari hluti

### 5.1 Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar

Tillögurnar varða tvö ákvæði (nr. 1-2) í kaflanum „Lýðræðisleg þátttaka almennings“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns nefndarinnar gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Illugi Jökulsson, Lýður Árnason, Dögg Harðardóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Katrín Fjeldsted, Gísli Tryggvason, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Þorvaldur Gylfason, Andrés Magnússon, Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason og Guðmundur Gunnarsson.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

### 6. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær tvær breytingartillögur sem fram höfðu komið á fundinum, sbr. bókun undir lið 3.1 hér að framan.

Næsti fundur Stjórnlagaráðs verður haldinn fimmtudaginn 16. júní, kl. 10.00. Dagskrá verður send út síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### Fylgiskjöl 12. ráðsfundar:

33834 - Tillögur A-nefndar til kynningar - Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla

33835 - Tillögur A-nefndar til kynningar - Breytt málfræðilegt kyn

33836 - Tillögur B-nefndar til kynningar - Undirstöður stjórnskipunar og fleira

33837 - Tillögur B-nefndar til afgreiðslu - Forseti Íslands

33838 - Tillaga C-nefndar til kynningar - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33840 - Tillaga C nefndar til kynningar - Kosningar og alþingismenn

33841 - Breytingartillaga um kosningar - ÞH

33844 - Breytingartillaga um kynjaákvæði og kosningar - fimmtán fulltrúar

## Áfangaskjalið á 12. ráðsfundi

### Aðfaraorð

### Mannréttindi

- Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
- Jafnræðisregla  
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manggreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáttengsla, trúarbragða, uppruna, ættar og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
- Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
- Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
- Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.

6. Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.  
Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.  
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
7. Upplýsingafrelsi  
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.  
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.  
Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.  
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera öllum tiltæk án undandrátta, nema brýnar og rökstuddar ástæður knýi á um leynd þeirra samkvæmt lögum, svo sem við á um sjúkra-skýrslur.  
Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.
8. Frelsi fjölmiðla  
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.  
Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.
9. Fræðafrelsi  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða, lista og menntunar.
10. Trúfrelsi  
Sérhver maður á rétt á að vera frjálss hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.  
Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.  
Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.
11. Þjóðkirkja  
Valkostur 1:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
Valkostur 2:  
[Ákvæðið falli brott.]
12. Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
13. Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
14. Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.  
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.  
Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.
15. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.  
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
16. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
17. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

18. Herskyldu má aldrei í lög leiða.
19. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómsþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.
- Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
20. Heilbrigðisþjónusta
- Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.
21. Menntun
- Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.
- Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.
- Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur.
22. Atvinna
- Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.
- Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
23. Félagslegt öryggi
- Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.
- Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fótlnar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
24. Eignarréttur
- Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.
- Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
25. Menningarleg verðmæti
- Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfri, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
26. Náttúruauðlindir
- Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærnan hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.
- Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.
- Auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.
27. Náttúra Íslands
- Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.
- Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.
- Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum.
- Almenningi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.
28. Upplýsingaskylda og samráð
- Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það.
- Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.
- Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.
29. Dýravernd
- Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.
- Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.
30. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum
- Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið.
- Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrárverndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.

## Undirstöður

1. Handhafar ríkisvalds
- Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.
- Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.
- Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.
- Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.

2. Yfirráðasvæði  
Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

1. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis  
Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu með persónukjöri til fjögurra ára.  
Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu veða jafnt.  
Í lögum má þó mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra sé bundinn ákveðnum kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.  
Jafnframt má setja í lög ákvæði um lágmarks-hlutfall karla og kvenna.  
Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.  
Í lögum skal tryggja að hver kjósandi geti valið frambjóðendur af einum eða fleiri listum jafnt í sínu kjördæmi sem utan þess.  
Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.
2. Styrkir til stjórnmalasamtaka  
Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.
3. Kosningaréttur  
Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.  
Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.
4. Kjörgengi  
Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.  
Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.
5. Alþingiskosningar  
Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.  
Kjörtímabil er fjögur ár.  
Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

### Störf Alþingis

1. Hlutverk  
Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og

hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

2. Friðhelgi  
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.
3. Starfstími  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.  
Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í lög-gjafarþing.
4. Samkomustaður  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.
5. Eiður alþingismanna  
Sérhver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.
6. Sjálfstæði alþingismanna  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.
7. Þingforseti  
Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
8. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
9. Þingnefndir  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kýs [fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar] nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
10. Opnir fundir  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi.
11. Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
12. Meðferð þingmála  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

- [Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.]
- Þingsályktunartillögu má ekki samþykkja fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður.
- Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra og tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.
- Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.
- Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
13. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
  14. Lögrétta  
Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.  
Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.
  15. Birting laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
  16. Skipan skattamála  
Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.  
Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
  17. Skattlagningarvald  
Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.  
Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.  
Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.
  18. Frumvarp til fjárlaga  
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.
  19. Greiðsluheimildir og fjáraulög  
[Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraulögum. Fjármálaráðherra getur þó innt greiðslu af hendi án heimildar í fjárlögum til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almanna-
- hagsmunir krefjast þess. Skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni, fyrirfram ef þess er nokkur kostur,] og leita heimildar í fjáraulögum.]
20. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
  21. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
  22. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
  23. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismaðni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
  24. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismaðni í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína.  
Alþingismaður verður ekki krafinn reikningskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.
  25. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varmaður tekur þá sæti hans á þingi.
  26. Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
- ### Ráðherrar og ríkisstjórn
1. Ráðherrar  
Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir, innan marka stjórnarstefnunnar.  
Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsæt-

- isráðherra það öðrum ráðherra eða staðgengli sínum úr þeirra hópi.
- Ríkisstjórn  
Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar og stýrir þeim. Hann er ábyrgur fyrir meginatriðum stjórnarstefnunnar og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.  
Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvarpsdrög og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.  
Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.  
Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.
  - Stjórnarmyndun  
Alþingi kýs forsætisráðherra. [Forseti Íslands/þingforseti] skipar [hann/hana] í embætti fyrir hönd Alþingis og veitir [honum/henni] lausn.  
Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefni [hann/hún] ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má.  
Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.
  - Setutími ráðherra  
Valkostur 1:  
Ekkert ákvæði um hámarkssetutíma ráðherra.  
Valkostur 2:  
Enginn getur gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals.  
Valkostur 3:  
Enginn getur gegnt ráðherraembætti lengur en 8 ár samtals. Sé um að ræða embætti forsætisráðherra má lengja setutíma í 12 ár.
  - Ráðherrar og Alþingi  
Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.  
Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.  
Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.
  - Upplýsingaskylda ráðherra  
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyrir, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.
  - Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis  
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.  
Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.
  - Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf  
Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
  - Vantraust  
Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar].  
Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.
  - Ráðherraábyrgð  
Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir Hæstarétti. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.
  - Starfsstjórn  
Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

## Stjórnsýsla og eftirlit

- Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.  
Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnaþegra sjónarmiða.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.
- Umboðsmaður Alþingis  
Alþingi kýs umboðsmann [almennings] til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitar-

félaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórn-sýsluhætti.

[Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns nema dómstóll kveði á um annað.

Að öðru leyti skal kveðið á um störf umboðsmanns í lögum.

### 3. Ríkisendurskoðun

Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.

Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

### 4. Ákærvald og ríkissaksóknari

Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.

Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis ríkissaksóknara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji ráðherra ekki í embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða.

Ríkissaksóknari nýtur sömu verndar í starfi og dómara.

## Forseti Íslands

### 1. Embættisheiti og þjóðkjör

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

### 2. Kjörgengi til forseta

Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.

### 3. Forsetakjör

Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst [eins] af hundraði kosningarbærra manna og mest [tveggja] af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

### 4. Kjörtímabil forseta

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer

fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. [Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.]

### 5. Eiður forseta

Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.

### 6. Starfskjör forseta

Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

### 7. Staðgengill forseta

Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.

### 8. Fráfall forseta

Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

### 9. Ábyrgð forseta

Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

#### Valkostur 1:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.

#### Valkostur 2:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

### 10. Setning Alþingis

Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.

### 11. Náðun og sakaruppgjöf

Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

## Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða víðurlög við henni. Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá. Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga. Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum. [Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.
7. [...] Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherra-ábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir

af Alþingi.

[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

## Lýðræðisleg þátttaka almennings

1. Málskot til þjóðarinnar  
Nú hefur Alþingi samþykkt lög og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að bera þau undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Alþingi getur þá samþykkt með meirihluta atkvæða að lögin verði felld niður. Alþingi skal einnig bera undir þjóðaratkvæði lög ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.
2. Þjóðarfrumkvæði  
Tíu af hundraði kjósenda getur lagt frumvarp um tiltekið málefni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Þriðjungur þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi. Nánari reglur um málsmeðferð skulu settar með lögum.

## Sveitarfélög

### Utanríkismál

1. Meðferð utanríkismála  
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.
2. Samningar við önnur ríki  
Ráðherra gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.
3. Framsal ríkisvalds  
Heimilt er að gera samninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst.



---

Þegar tillaga um fullgildingu sammings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

### Lokaákvæði

## 13. ráðsfundur 16.06. 2011.

### A-nefnd 24. fundur 14.06. 2011

14.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Endurskoðun mannréttindakafla.
2. Aðfaraorð og uppbygging stjórnarskrár.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

24. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 14. júní, kl. 9.30-12.00 og 13.25-16.45.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi kl. 9.30-12.00 og kl. 14.10-16.45, Örn Bárður Jónsson, varaformaður sem stýrði fundi kl. 13.25-14.10, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirfarandi fulltrúar höfðu tímabundnar fjarvistir: Arnfríður Guðmundsdóttir (kl. 10.40-11.20), Þorvaldur Gylfason (kl. 10.30-11.05) og Örn Bárður Jónsson (kl. 10.40-11.20).

Gísli Tryggvason sat fund nefndarinnar kl. 15.00-15.15.

#### 1. Endurskoðun mannréttindakafla

Nefndin hóf heildarendurskoðun á mannréttindakaflanum, þar sem hliðsjón verður höfð af umræðum á ráðsfundum, innsendum erindum og álitgerðum sérfræðinga. Ýmsar lagfæringar voru gerðar, með það að markmiði að leggja endurskoðaðan kafla fyrir ráðsfund í næstu viku.

Ákveðið var að bæta orðinu „kynþáttur“ aftur inn í jafnræðisregluna, eftir fjölda ábendinga þess efnis. Illugi Jökulsson bókaði einarða andstöðu sína við að orðinu væri bætt aftur inn. Katrín Oddsdóttir og Örn Bárður Jónsson bókuðu andstöðu sína við orðið, en að þau sætti sig við að bæta því aftur inn með vísan í álit sérfræðinga.

#### 2. Aðfaraorð og uppbygging stjórnarskrár

Rætt var að hefja undirbúning aðfaraorða, sem standa muni fremst í stjórnarskránni.

#### 3. Önnur mál

Engin rædd.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum 33875 Ingólfur Harri Hermannsson. Sáttartillaga um bætt trúfrelsi.

33864 Nils Gíslason. verum sjálfum okkur samkvæm.

### A-nefnd 25. fundur 15.06. 2011

15.06.2011 09:00

#### Dagskrá

1. Endurskoðun mannréttindakafla.
  2. Önnur mál.
-

## Fundargerð

25. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 20. júní 2011, kl. 9.10-12.00 og 13.00-14.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

### 1. Endurskoðun mannréttindakafla

Haldið áfram lagfæringum á ákvæðum mannréttindakafla, með hliðsjón af umræðum á ráðsfundum, innsendum erindum og álitsgerðum sérfræðinga.

### 2. Önnur mál

Engin rædd.

## B-nefnd 22. fundur 14.06. 2011

14.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerð 14 til samþykktar.
2. Sveitarfélög - vinnuskjal lagt fram.
3. Erindi
4. Umboðsmaður Alþingis
5. Staðfesting laga
6. Önnur mál

## Fundargerð

22. fundur B-nefndar haldinn 14. júní 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson og Salvör Nordal.

Gísli Tryggvason hafði boðað seinkun. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

### 1. Fundargerð 14.

14. fundargerð lögð fram og samþykkt.

### 2. Sveitarfélög - vinnuskjal lagt fram.

Nefndarmenn ræddu framkomnar tillögur að ákvæði um málefni sveitarfélaga, sem unnið var í sérstökum vinnuhóp á vegum nefndarinnar, þann 7. júní síðastliðinn.

Breytingartillögur voru lagðar fram. Nefndarmenn lögðu áherslu á að orða nálægðarreglu og hlutverk sveitarfélaga skýrt. Bent var á að nálægðarregla er þekkt, skilgreint hugtak sem hefur víðfema skírskotun.

Gísli Tryggvason mætti á fundinn kl. 10.30.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga haft til hliðsjónar við að móta frekar tillögur nefndarinnar.

Ákveðið að fjögur ákvæði verði í nýjum kafla um sveitarfélög.

Hlé gert á fundi nefndarinnar kl. 12.00 vegna sam- eiginlegs fundar nefndar C um hlutfall kynja í kosningarlögum.

Vilhjálmur Þorsteinsson vék af fundi kl. 14.05.

### 3. Erindi

Eftirfarandi erindi voru tekin fyrir og rædd af nefndarmönnum:

33453 Tryggvi Þór Tryggvason.

33519 Kári Allansson.

33560 Einar Svavarsson.

Öll erindin varða að ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn, annað hvort að þeir segi af sér eða víki komi til þess að þeir verði ráðherra. Nefndin hefur þegar lagt fram tillögu þessa efnis þó ekki hafi orðið einhugur um hvort þeir víki eða hreinlega segi af sér þingmennsku. Í báðum tilvikum er ljóst að varamaður taki sæti.

33863 Úlfur Nathanaelsson.

33886 Hjörtur Hjartarsson.

Erindin varða bæði fjármál, annars vegar að bera þurfi upp fjárlög með auknum útgjöldum samfara því að kveðið sé á um hvernig þau verði fjármögnuð og hins vegar fjármál stjórnmalaflokka. Efnið var tekið upp á fundi og rætt. Nefndarmenn eru meðvitaðir um þessa umræðu. Þegar hafa verið afgreiddar tillögur um hagsmunaskráningu þingmanna sem og ráðherra og þá á enn eftir að taka endanlega afstöðu til ákvæða er varða fjárstjórn ríkisins.

33848 Finnbjörn Gíslason. Erindið fjallar um vanhæfi þingmanna til að fjalla um mál á þingi er varða þeirra hagsmuni m.a. vegna styrkveitinga til þeirra. Í tillögum B-nefndar er nú búið að setja ákvæði um hæfi þingmanna og eftir atvikum vanhæfi við einstakar afgreiðslur, sem og þingmenn eru nú skyldugir til að skrásetja fjárhagsleg tengsl sín. Nefndin telur þessar tillögur eiga að stefna að sama marki.

33871 Svanbjörg Helga Haraldsdóttir.

33858 Jón Sigurjónsson.

Fyrri erindið varðar bann við að þingmenn skipti um flokk á kjörtímabili eða segi sig úr flokk. Hið síðara að varaþingmenn taki sæti ef þingmenn skipta um flokk. Nefndarmenn telja þetta góðar ábendingar, en eftir ítarlega umræður í nefndinni á sínum tíma um málefnið var talið vega þyngra á metunum að þingmenn yrðu áfram bundnir af sannfæringu sinni eins og núverandi stjórnarskrá áskilur.

33848 Heiðrún Sveinsdóttir. Samkvæmt erindinu telur höfundur að betra sé að forseti sjái um embættisveitingar, sem komi í veg fyrir pólitískar ráðningar af hálfu þings eða ráðherra. - Embættisveitingar eru í umræðu innan ráðsins og sjónarmið eru í báðar áttir um hvort markmiðinu að faglega verði skipað í embætti muni frekar nást með slíkri breytingu. Þetta verður rætt í öllu ráðinu.

### 4. Umboðsmaður Alþingis

Ákvæði um Umboðsmann Alþingis rætt eins og það stendur í núverandi útgáfu í áfangaskjali. Bent er á að stjórnvöld eigi að hlíta úrskurði Umboðsmann Alþingis á sambærilegan hátt og borgarar eigi að hlýða úrskurði stjórnvalds sbr. 60. gr. stjórnarskrár. Því sé því snúið við að stjórnvöld geti ekki komið sér hjá að hlýða álit Umboðsmanns í bráð með því að skjóta málinu til

dóms. Lagt til nýtt orðalag í stað hinna fjóru valkosta sem liggja fyrir frá fyrri tillögu.

Tilkynnt að beiðni um umsögn við ákvæði Umboðsmanns Alþingis hafi verið send út þann 9. júní síðastliðinn.

Eiríkur Bergmann Einarsson bókar athugasemd við framangreint verklag, að send sé af stað umsögn til Umboðsmanns Alþingis án staðfestingu nefndar. Nefndin eigi í heild sinni að samþykkja umsagnir.

5. Staðfesting laga sbr. núverandi 26. gr.

Nefndarmenn ræddu stuttlega viðhorf sín til málskotsréttar forsetans. Ólíkir valkostir í þessum efnum ræddir.

6. Önnur mál

Ákvæði um aukafjárlög og greiðsluheimildir. Samþykkt að fá gest á fund nefndarinnar mánudaginn 27. júní.

Samþykkt að sameiginlegur fundur B og C nefndar verði haldinn þann 15. júní kl. 13.00 um staðfestingu laga/málskotsrétt forseta.

Samþykkt að leggja fram breytingartillögu um stjórnarmyndun miðað við "finnsku leiðina". Ræða þarf fleiri breytingar sem hafa komið fram við ákvæðið, svo sem um að meirihluti ráðherra skuli vera utan þings, að þingmenn sem verði ráðherrar segi af sér og að hámarksfjöldi ráðherra verði tíu.

Ræða þarf fram komnar breytingartillögur einstaka nefndarmanna. Þórhildur Þorleifsdóttir óskar sérstaklega eftir því að þær fari á dagskrá næstu funda. Þá er samþykkt að ræða þurfi önnur mál t.d. um góða stjórnsýsluhætti, skilgreiningu á hlutverki forseta og mögulegt hlutverk forseta við skipan embættismanna o.fl.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.

## B-nefnd 23. fundur 15.06. 2011

15.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Nefnd B - Umræða um óafgreidd mál, sem liggur fyrir að þurfi að koma inn í áfangaskjal 16. júní.
2. Sameiginlegur fundur
  - a. Sveitarfélög
  - b. Umboðsmaður Alþingis

### Fundargerð

23. fundur B-nefndar haldinn 15. júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Salvör Nordal.

1. Umræða um óafgreidd mál sem liggur fyrir að þurfi að koma inn í áfangaskjal 16. júní.

Samþykkt að þau ákvæði er út af standa, og hafa ekki verið lagt fram til kynningar, komi til umræðu á næsta ráðsfundi þann 24. júní.

Rætt almennt um stöðu á vinnu nefndarinnar, framlögðum tillögum og vinnuna framundan.

2. Sameiginlegur fundur haldinn kl. 14:00.

Allir B-nefndar fulltrúar mættir. Aðrir mættir fulltrúar eru Dögg Harðardóttir, Salvör Nordal, Katrín Oddsdóttir, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson, Andrés Magnússon, Freyja Haraldsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Lýður Árnason.

Gísli Tryggvason boðaði forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður B-nefndar Katrín setti fundinn. Gengið var til dagskrár eins og hún var birt samdægurs.

a. Sveitarfélög

- 1. gr. Sjálfstjórn Sveitarfélaga

Bent var á að 2. mgr. gæti veitt sveitarfélögum rétt til að höfða mál fengi hún ekki nægilegt fjármagn með verkefnum. Þá sé ekki ljóst hvort að orðalagið hvetji eða leiði til skyldu á sveitarfélög til sameiningar. Þá var gerð athugasemd við orðalagið „lög ákveða“. Segja ætti svo sem mælt fyrir er um í lögum eða kveðið á um í lögum.

Tillaga um orðalagsbreytingu sem væri skýr og samþærileg orðalag í 3. gr. um kosningar og íbúalýðræði: „Sveitarstjórnir fara með stjórn sveitarfélags“.

- 2. gr. Nálægðarregla

Í nálægðarreglu ætti að kveða á um skyldu þ.e að sveitarfélög skulu annast en ekki aðeins að sveitarfélög annist.

Athugasemd um að orðalagið sé ekki nægilega skýrt en ánægja með markmið ákvæðisins.

Áhyggjur komu fram að skipulagsvaldið geti verið misbeitt þannig að það komi niður á þeim sem síst skyldi sbr. flugvöllur. Á það að heima í stjórnarskrá að skipulagsvaldið geti þurft að vera á almennum og félagslegum notum í stað þess að vera alfarið hjá viðkomandi sveitarfélagi?

- 3. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði

Bent á að ekki sé kveðið á um persónukjör til sveitarstjórna. Hins vegar bent á að lög um Alþingiskosningar eigi að taka við þegar ákvæði um kosningu til sveitarstjórna sleppir og eftir því sem við á.

- 4. gr. Samráðsskylda

Bent á að eðlilegra sé að hafa almenna samráðsreglu sem næði ennfremur til þess ákvæðis.

b. Umboðsmaður Alþingis.

Athugasemdir gerðar við að breyta nafninu, þá séu ekki komin fram efnisleg rök fyrir nafnabreytingu en hafa verið í huga að Umboðsmaður starfi í umboði Alþingis en ekki almennings. Bent á að ákvæðið hafi í för með sér eðlisbreytingu á embættinu. Þá liggi ekki ljóst fyrir hvað breytist í núverandi störfum Umboðsmanns.

Fleiri taka undir að ekki eigi að fela Umboðsmanni úrskurðarvald. Hafi í för með sér að krafa verður um formlegri málsmeðferð og farið sé að ákveðnum form-

kröfum. Kanna þurfi áhrif þess að hann kveði upp binandi úrskurði og hvort þar með verði embættið ekki að eins konar stjórnsludómstól.

Hugmynd um nafnabreytingu í ármaður Alþingis og Umboðsmaður þings og þjóðar.

Fram koma sjónarmið að tilvist embættisins sé almenningi ekki ljós en nafnabreyting gæti haft í för með sér aukna vitund borgara á tilvist og starfsemi embættisins.

Fram kemur athugasemd um að nóg sé að tilmæli Umboðsmanns séu bindandi en ekki sjálf álitin. Bent á að stytta megi ákvæðið til muna en of mikil starflýsing sé innan þess. Betra ef ákvæðið er með knappasta móti.

Athugasemd gerð við að hægt sé að leita ásjár dómstóla ef stjórnvald vill hnekka úrskurði. Mögulega séu erfiðleikar við það fyrirkomulag sem ekki er búið að sjá fyrir.

Fram kemur að markmiðið sé að binda stjórnvöld til að fara eftir tilmælum Umboðsmanns. Þá séu nefndir innan stjórnslunnar sem hafi endanlegt úrskurðarvald er bindi borgarana, og eigi að leysa úr ágreiningi sem er bindandi. Sama hugsun og því óljóst af hverju það er gagnrýnt á þeim grundvelli.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.

## C-nefnd 26. fundur 14.06. 2011

14.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Erindi sem borist hafa nefndinni.
3. Kaffi um utanríkismál.
4. Kaffi um lýðræðislega þátttöku almennings.
5. Kaffi um kosningar og alþingismenn.
6. Önnur mál.

### Fundargerð

26. fundur C-nefndar, haldinn 14. júní 2011, kl. 9.30-12.00 og 14.00-17.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Ari Teitsson boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 12. fundar og funda 18-21 bornar upp til samþykktar án athugasemda og teljast samþykktar.

#### 2. Erindi sem borist hafa nefndinni

Farið var yfir erindi sem hafa borist nefndinni og þau rædd (sjá viðauka).

#### 3. Kaffi um utanríkismál

Rætt var um afstöðu til orðalags um stríð eða hernaðaraðgerðir í 1. gr. og áhrif veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu og þær skyldur sem landið hefur gengist undir.

Rætt var um að nota orðið alþjóðasamningar fyrir hönd ríkisins í stað samningar við önnur ríki.

#### 4. Kaffi um lýðræðislega þátttöku almennings

Rætt var um málskotsrétt forseta, hann verður að haldast í hendur við hvort hann muni skrifa undir lög í tillögum B-nefndar. Velt var upp hversu mikil þörf er á málskotsrétti forseta þegar almenningur og minnihluti þings hafa slíkan rétt.

Rætt var um hvort rétt sé að veita þriðjungi þingmanna heimild til að skjóta málum til þjóðarinnar, og hvort þetta verði notað með ábyrgum hætti eða misnotað. Rætt var um að ef rétturinn er tekinn af minnihluta þings þá verði að lækka hlutfall kjósenda í 10% og hafa málskotsrétt forseta inni. Einnig var rætt um að þriðjungur þingmanna gæti beðið forseta að beita málskoti. Ákveðið að málskot þings sé úti, málskot forseta inni og hlutfall kjósenda 10% auk formkrafna.

Rætt var um þjóðarfrumkvæði. Tillaga var um að greinin falli brott þar sem sumir vilja ekki bindandi þjóðaratkvæði í þessum málum og aðrir telja þetta ákvæði ekki ganga nógu langt.

Rætt var um tillögu PG um bindandi þjóðarfrumkvæði um tiltekið málefni ef 15% kosningabærra manna krefjast þess, og svipaða tillögu LÁ nema hlutfallið sé 10%.

Rætt um að 10-15% þjóðar geti útbúið frumvarp, opinber aðili stimpli það tækt og það sé lagt fyrir þjóð í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Tillaga um að nota valkost A frá stjórnlaganefnd, nema að tala ekki um tiltekin lög heldur bara málefni og hafa hlutfallið 10%.

Ákveðið var að breyta þjóðarfrumkvæði í þjóðaratkvæði um tiltekin mál, að Alþingi geti látið fara fram þjóðaratkvæði sem er bindandi eða ráðgefandi. Rætt var um stjórnarskrárbreytingar. Ekki voru lagðar til breytingar á tillögum frá síðasta uppkasti.

Rætt var um breytingar á kirkjuskipan. Ekki voru lagðar til breytingar, en beðið eftir niðurstöðum A-nefndar um kirkjuskipanina.

Rætt var um gildistökuákvæði. Er það barn síns tíma eða á það að hafa vægi áfram? Verður að taka upp á sameiginlegum vettvangi eða í stjórn ráðsins.

#### 5. Kaffi um kosningar og alþingismenn

Farið var yfir tillögu ÞH um að taka út orðalag um hlutbundna kosningu. Rætt var um að orðið persónukjör þurfi ekki að vera inni því það er nánar kveðið á um þetta í greininni, eða færa það neðar. Rætt um að bæta inn orðalaginu af landslista. Rætt var um þröskuld eða lágmarksstærð framboða, t.a.m. lágmark tveir sem bjóða fram fyrir hvern lista.

Rætt var um tillögu SBÓ o.fl. um að tryggja beri sem jafnast hlutfall karla og kvenna á þingi, um að ekki sé um heimild heldur skyldu að ræða, og hvaða þýðingu slíkt hafi varðandi vikmörk.

#### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 7. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd

yrði hinn 15. júní kl. 9.30, en til hans verði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

Innsend erindi:

- 33784 Einar V. Tryggvason. Friðhelgi heimilis og afsal fullveldis.
- 33552 Ákærendafélagið. Sjálfstæði ákærvalds gagnvart pólitísku valdi tryggt í stjórnarskrá.
- 33541 Magdalena Sigurðardóttir. Um hæfi dómara.
- 33860 Friðrik Erlingsson. Um auða kjörseðilinn.
- 33627 Heiðrún Sveinsdóttir. Kosningar – framboðsfrestur.
- 33625 Björn Einarsson. Rökræðulýðræði og ópólitísk stjórnsýsla.
- 33539 Hinrik Ólafsson. Fjöldi þingmanna - skipting löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.
- 33465 Pétur Jósefsson. Framkvæmdarvaldið (kosning dómara).
- 33529 Menningar- og friðarsamtökin MFÍK. Friðarmál II - um hernaðarbandalög.
- 33409 Samtök hernaðarandstæðinga. Friðar- og afvopnunarmál.
- 33318 Þór Vigfússon. Hernaður.
- 33373 Menningar- og friðarsamtökin MFÍK. Friðarmál.
- 33744 Þorbergur Þórsson. Þjóðaratkvæðagreiðslur og ráðgefandi þing.
- 33732 Guðlaugur Kr. Jörundsson. Val um beint lýðræði eða fulltrúalýðræði.
- 33847 Eva G. Þorvaldsdóttir. Þjóðaratkvæðagreiðsla – auglýsingar.
- 33421 Guðmundur Ágúst Sæmundsson. Leið að eflingu lýðræðissamfélags.
- 33597 Frosti Sigurjónsson. 10 ábendingar um úrbætur á umgjörð þjóðaratkvæðagreiðslna.
- 33533 Örn Leó Guðmundsson. Lýðræði þjóðar eða sérhagsmunahópanna.
- 33458 Friðgeir Haraldsson. Alþingi, dýravernd, beint lýðræði, ráðherrar, dómara, sýslumenn, ofl.
- 33471 Þórður Björn Sigurðsson. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá.
- 33469 Hjörtur Hjartarson. Athugasemdir við tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur.
- 33148 Örn Sigurðsson. Þjóðaratkvæðagreiðslur.
- 33209 Lýðræðisfélagið Alda. Fyrirtæki, félög og stofnanir lúti lýðræðislegri stjórn.
- 33213 Lýðræðisfélagið Alda. Þjóðaratkvæðagreiðslur.
- 33208 Lýðræðisfélagið Alda. Opið lýðræði.
- 33217 Lýðræðisfélagið Alda. Borgarþing.
- 33219 Lýðræðisfélagið Alda. Regluleg stjórnlagabing.
- 33166 René Biasone. Hugleiðingar um nýja stjórnarskrá.
- 33621 Lýðræðisfélagið Alda. Umsögn um fram komnar tillögur Stjórnlagaráðs.
- 33626 Baldur Kristjánsson. Þriðja skýrsla ECRI um Ísland.
- 33625 Björn Einarsson. Rökræðulýðræði og ópólitísk stjórnsýsla

## C-nefnd 27. fundur 14.06. 2011

14.06.2011 12:30

Sameiginlegur opinn fundur.

Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Önnur mál.

## Fundargerð

27. fundur C-nefndar, haldinn 14. júní 2011, kl. 12.30-13.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Formaður setti fund og fór yfir breytingartillögu Silju Báru um 1. gr. varðandi kosningar til Alþingis. Áhyggjur formanns lúta að orðalagi í skýringum sem gera ráð fyrir bundnum listakosningum og það samrýmist ekki grunnhugsun persónukjörs. Rætt var um hvort ráðið vilji skoða aðra möguleika en persónukjör. Rætt var um að breytingartillagan sé ekki ósamrýmanleg grunnhugsuninni um persónukjör, þetta geti farið saman og finna þurfi lausn sem málamiðlun. Rætt var um ánægju með grunnhugsun persónukjörs en leita verður leiða til að tryggja kynjasjónarmið. Rætt var um mun á breytingartillögunni og skýringum hennar. Almenn er litið svo á að þeir sem styðji tillögu styðji einnig skýringarnar við henni. Vilji er til að vinna áfram með tillögu nefndarinnar.

### 2. Önnur mál Engin önnur mál.

### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði hinn 15. júní kl. 9.30, en til hans verði boðað með tilkynningu. 26. fundur heldur áfram kl. 14.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

## C-nefnd 28. fundur 15.06. 2011

15.06.2011 09:30

Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Önnur mál.

## Fundargerð

28. fundur C-nefndar, haldinn 15. júní 2011, kl. 9.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Ari Teitsson boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

## 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Rætt var áfram um 1.gr. tillöggunnar um kosningar til Alþingis. Rætt um kynjasjónarmið og hvort það eigi að vera þröskuldur í persónukjörskerfi. Ákveðið var að hafa þröskuldur upp á tvo þingmenn. Rætt um að í orðunum jafnt hlutfall felist í raun skv. hefðum í lögum og alþjóðasamningum hlutfallið 40/60. Spurt var af hverju alls staðar séu heimildar-ákvæði í greininni nema varðandi kynjasjónarmið sem skal vera skylda.

Rætt var um að setningin sé markmiðssetning og skal það vera í kosningalögum að listar verði að þjóða fram jafna lista en það á ekki að binda hendur kjósenda í persónukjöri. Þá er spurning um að orða greinina þannig að „á framboðslistum skal ná sem jöfnustu hlutfalli“.

Ákveðið var að samþykkja breytingartillögu, um skyldu en ekki heimild fyrir lögjafann, inn í aðaltillöguna en það þarf að endurskrifa skýringarnar sem með fylgdu. Þó eru skiptar skoðanir um þetta.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði hinn 15. júní kl. 14.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## C-nefnd 29. fundur 15.06. 2011

15.06.2011 14:00

Sameiginlegur opinn fundur.

### Dagskrá

1. Kafli um utanríkismál.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
3. Önnur mál.

## Fundargerð

29. fundur C-nefndar, haldinn 15. júní 2011, kl. 14.00-16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Arnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

### 1. Kafli um utanríkismál

Rætt var um hvort taka eigi fram í utanríkismálakafli að forseti komi fram sem þjóðhöfðingi. Rætt var um ákvæði um að Alþingi verði að samþykkja stuðning Íslands við hernaðaraðgerðir, en velt upp

hvort það ætti að áskilja aukinn meirihluta við slíkar ákvarðanir.

Rætt var um að nafngreina ekki einstakar nefndir Alþingis í stjórnarskrá eins og utanríkismálanefnd, ræða frekar um þá nefnd sem fer með utanríkismál. Rætt var um orðið fyrirvar og hvort sé hægt að finna betra orðalag.

Rætt var um að orðið þjóðréttarsamningar séu betri en alþjóðasamningar. Verður að gæta samræmis Rætt var um að nota frekar orðið Ef í stað Þegar í 2. mgr. 3. gr.

### 2. kafli um lýðræðislega þátttöku almennings

Formaður fór yfir breytingartillögur frá síðasta ráðsfundi.

Rætt var um áhyggjur af því að forseti hafi málskotsrétt, og ef einungis 10% kosningabærra manna geti farið fram á þjóðaratkvæði, þá muni ríkisstjórn og Alþingi geta forðast óvinsælar ákvarðanir. Lagt var til að þetta hlutfall fari í allt að 30%. Einnig rætt um að það sé alltof hátt hlutfall.

Rætt var um skýrara orðalag í 1 gr. og samræmi þegar orðin frumvarp og lög eru notuð.

Rætt var um að það skapi ábyrgð að láta minnihluta þings fá rétt til að senda nýsamþykkt lög í þjóðaratkvæði.

Rætt var um að forseti geti bæði skotið til þjóðar samþykktum lögum og frumvörpum sem var hafnað af Alþingi.

Rætt var um að tímaramminn innans árs sé of langur tími.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti sameiginlegi fundur í C-nefnd yrði hinn 20. júní kl. 9.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## Fundargerð 13. ráðsfundar

16.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillögur B-nefndar.
  - Sveitarfélög, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.
  - Umboðsmaður, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar.
  - Utanríkismál, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lögð fram til kynningar tillaga um nýjan texta í sama kafla.
4. Skýrsla A-nefndar.

13. ráðsfundur - haldinn 16. júní 2011, kl. 10.00, í húsnaði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 15. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### **1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar**

Fundargerð 12. ráðsfundar, 9. júní, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

### **2. Skýrsla og tillögur B-nefndar**

#### **2.1 Sveitarfélög, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar**

Tillögurnar varða fjögur ákvæði (nr. 1-4) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Sveitarfélög“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar (í því er einnig að finna tillögu undir lið 2.2 hér á eftir).

„Stjórnsýsla og eftirlit“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar (í því er einnig að finna tillögu undir lið 2.1 hér að framan).

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanevndar B, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Eiríkur Bergmann Einarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Þorvaldur Gylfason, Vilhjálmur Þorsteinsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Íris Lind Sæmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason og Pawel Bartoszek.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Fundarhlé.

### **3. Skýrsla og tillögur C-nefndar**

#### **3.1 Utanríkismál, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal**

Tillögurnar varða þrjú ákvæði (nr. 1-3) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina Utanríkismál, sjá fylgiskjal með fundargerð. Tillögurnar voru lagðar fram til afgreiðslu.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanevndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu varaformanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Pétur Gunnlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Ari Teitsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Silja Bára Ómarsdóttir, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Andrés Magnússon og Lýður Árnason.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Pétur Gunnlaugsson.

Fjarverandi: Enginn.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 24 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram komu fjórar breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál. Flutningsmaður: Gísli Tryggvason.
- Breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 1. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál. Flutningsmenn: Katrín Oddsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir.
- Breytingartillaga við ákvæði 3. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál. Flutningsmenn: Katrín Oddsdóttir og Lýður Árnason.
- Breytingartillaga við ákvæði 3. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál. Flutningsmenn: Lýður Árnason og Pétur Gunnlaugsson.

Breytingartillögum þessum var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

#### **3.2 Lýðræðisleg þátttaka almennings,**

tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lögð fram til kynningar tillaga um nýjan texta í sama kafla.

Tillögurnar varða tvö ákvæði (nr. 1-2) til afgreiðslu og tvö ákvæði til kynningar (nr. 3 og ónúmerað undir fyrirsögninni „Málskot forseta“) í kaflanum „Lýðræðisleg þátttaka almennings“, sjá fylgiskjal með fundargerð.

Pawel Barotszek, formaður verkefnanevndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Þorkell Helgason, Erlingur Sigurðarson og Vilhjálmur Þorsteinsson.

## Fundarhlé.

Umræður héldu áfram að loknu fundarhléi og eftirtaldir tóku til máls: Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir, Ari Teitsson og Lýður Árnason.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Eiríkur Bergmann Einarsson.

Fjarverandi: Guðmundur Gunnarsson, Katrín Fjeldsted, Erlingur Sigurðarson.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 21 atkvæði. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram komu sjö breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Þorkell Helgason.
- Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmenn: Gísli Tryggvason og Eiríkur Bergmann Einarsson.
- Breytingartillaga við við ákvæði 1.-2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Eiríkur Bergmann Einarsson.
- Breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Þorkell Helgason.
- Breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Katrín Oddsdóttir.
- Breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmenn: Andrés Magnússon og Lýður Árnason.
- Breytingartillaga við 3. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmenn: Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Breytingartillögum þessum var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

## 4. Skýrsla A-nefndar

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnaneftar A, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust en hinn fulltrúi óskaði eftir að taka til máls.

## 5. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær tvær breytingartillögur sem fram höfðu komið á fundinum, alls ellefu talsins, sbr. bókun undir liðum 3.1 og 3.2 hér að framan.

Boðað verður til næsta ráðsfundar með dags fyrirvara, í samræmi við starfsreglur ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Fylgiskjöl 13. ráðsfundar:

33930 - Tillögur B - nefndar - Sveitarfélög og umboðsmaður

33928 - Tillögur C nefndar - Utanríkismál

33929 - Tillögur C-nefndar Lýðræðisleg þátttaka almennings

33932 - Br.till. EBE - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33933 - Br.till. KO LÁ - Utanríkismál

33936 - Br.till. KO SBO - Utanríkismál

33938 - Br.till. LÁ PG - Utanríkismál

33939 - Br.till. AM LÁ - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33940 - Br.till. 2 ÞH - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33942 - Br.till. GT ofl. - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33944 - Br.till. KO - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33948 - Br.till. ÞH - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33949 - Br.till. GT EBE - Lýðræðisleg þátttaka almennings

33953 - Br.till GT - Utanríkismál

## Áfangaskjalið á 13. ráðsfundi

### Aðfaraorð

### Mannréttindi

1. Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með manngretri reisu í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
2. Jafnræðisregla  
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáttengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
3. Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
4. Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni,



- leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
5. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.
 

Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þess og þroska.
  6. Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.
 

Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
  7. Upplýsingafrelsi
 

Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. Stjórnsýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.

Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.

Upplýsingar og gögn í forum stjórnvalda skulu vera öllum tiltæk án undandrátta, nema brýnar og rökstuddar ástæður knýi á um leynd þeirra samkvæmt lögum, svo sem við á um sjúkra-skýrslur.

Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.
  8. Frelsi fjölmiðla
 

Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.

Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.
  9. Fræðafrelsi
 

Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða, lista og menntunar.
  10. Trúfrelsi
 

Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.

Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.

Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.
  11. Þjóðkirkja
 

Valkostur 1:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.

Valkostur 2:  
[Ákvæðið falli brott.]
  12. Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
  13. Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
  14. Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgaréttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgarétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

  15. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.
 

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við.

- Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.
- Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.
- Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
16. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
17. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
18. Herskyldu má aldrei í lög leiða.
19. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.
- Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
20. Heilbrigðisþjónusta  
Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.
21. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.  
Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.  
Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur.
22. Atvinna  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.  
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
23. Félagslegt öryggi  
Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
24. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
25. Menningarleg verðmæti  
Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
26. Náttúruauðlindir  
Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.  
Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.  
Auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.
27. Náttúra Íslands  
Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.  
Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum.  
Almenningi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.
28. Upplýsingaskylda og samráð  
Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það.  
Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.  
Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.
29. Dýravernd  
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.  
Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.

30. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttinda-samningum

Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið.

Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrár-verndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.

### Undirstöður

1. Handhafar ríkisvalds

Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.

Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.

2. Yfirráðasvæði

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

1. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu með persónukjöri til fjögurra ára.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.

Í lögum má þó mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra sé bundinn ákveðnum kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.

Jafnframt má setja í lög ákvæði um lágmarks-hlutfall karla og kvenna.

Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.

Í lögum skal tryggja að hver kjósandi geti valið frambjóðendur af einum eða fleiri listum jafnt í sínu kjördæmi sem utan þess.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

2. Styrkir til stjórnmalasamtaka

Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.

3. Kosningaréttur

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá

þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

4. Kjörgengi

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

5. Alþingiskosningar

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.

Kjörtímabil er fjögur ár.

Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

### Störf Alþingis

1. Hlutverk

Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

2. Friðhelgi

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

3. Starfstími

Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.

Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.

4. Samkomustaður

Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.

5. Eiður alþingismanna

Sérhver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.

6. Sjálfstæði alþingismanna

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.

7. Þingforseti

Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.

Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.

Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.

8. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
9. Þingnefndir  
Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kýs [fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar] nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
10. Opnir fundir  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.
11. Frumkvæðisréttur  
Alþingsmenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
12. Meðferð þingmála  
Ekkert lagafrumvarp má samþykka fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. [Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.] Þingsályktunartillögu má ekki samþykka fyrir en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra og tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu. Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
13. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
14. Lögrétta  
Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrir en álit Lögréttu liggur fyrir. Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.
15. Birting laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrir en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
16. Skipan skattamála  
Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
17. Skattlagningarvald  
Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum. Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.
18. Frumvarp til fjárlaga  
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.
19. Greiðsluheimildir og fjárlagalög  
[Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárlagalögum. Fjármálaráðherra getur þó innt greiðslu af hendi án heimildar í fjárlögum til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni[, fyrirfram ef þess er nokkur kostur,] og leita heimildar í fjárlagalögum.]
20. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
21. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
22. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
23. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominn. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
24. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína. Alþingismaður verður ekki krafinn reikningskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

25. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.

26. Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.

### Ráðherrar og ríkisstjórn

#### 1. Ráðherrar

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir, innan marka stjórnarstefnunnar.

Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra eða staðgengli sínum úr þeirra hópi.

#### 2. Ríkisstjórn

Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er ábyrgur fyrir meginatriðum stjórnarstefnunnar og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvarpsdrög og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

#### 3. Stjórnarmyndun

Alþingi kýs forsætisráðherra. [Forseti Íslands/þingforseti] skipar [hann/hana] í embætti fyrir hönd Alþingis og veitir [honum/henni] lausn.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefnir [hann/hún] ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má.

Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

#### 4. Setutími ráðherra

Valkostur 1:  
Ekkert ákvæði um hámarkssetutíma ráðherra.

Valkostur 2:  
Enginn getur gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals.

Valkostur 3:  
Enginn getur gegnt ráðherraembætti lengur en

8 ár samtals. Sé um að ræða embætti forsætisráðherra má lengja setutíma í 12 ár.

#### 5. Ráðherrar og Alþingi

Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.

#### 6. Upplýsingaskylda ráðherra

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.

#### 7. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

#### 8. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

#### 9. Vantraust

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar].

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

#### 10. Ráðherraábyrgð

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir Hæstarétti. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum

#### 11. Starfsstjórn

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

## Stjórnsýsla og eftirlit

1. Skipun embættismanna  
[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.  
Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnskrána.
2. Umboðsmaður Alþingis  
Alþingi kýs umboðsmann [almennings] til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.  
[Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns nema dómstóll kveði á um annað.  
Að öðru leyti skal kveðið á um störf umboðsmanns í lögum.
3. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.  
Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.
4. Ákærvald og ríkissaksóknari  
Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.  
Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis ríkissaksóknara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji ráðherra ekki í embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða.  
Ríkissaksóknari nýtur sömu verndar í starfi og dómarar.

## Forseti Íslands

1. Embættisheiti og þjóðkjör  
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.
2. Kjörgengi til forseta  
Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.
3. Forsetakjör  
Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst [eins] af hundraði

kosningarbærra manna og mest [tveggja] af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

4. Kjörtímabil forseta  
Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. [Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.]
5. Eiður forseta  
Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnskránni er hann tekur við störfum.
6. Starfskjör forseta  
Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.
7. Staðgengill forseta  
Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.
8. Fráfall forseta  
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.
9. Ábyrgð forseta  
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

### Valkostur 1:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.

### Valkostur 2:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

10. Setning Alþingis

Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.

11. Náðun og sakaruppgjöf  
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

### Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni. Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá. Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga. Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmæti hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum. [Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

7. [...] Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi. [Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

### Lýðræðisleg þátttaka almennings

1. Málskot til þjóðarinnar  
Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.
2. Þjóðaratkvæði um tiltekin mál  
Alþingi er heimilt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi eða ráðgefandi, um tiltekin mál. Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni sem varða almanna-hag ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 1. gr.
3. Stjórnarskrárbreytingar  
Til þess að frumvarp til breytinga á stjórnarskrá nái fram að ganga á Alþingi þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hljóti það samþykkt skal það borið undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.  
Málskot forseta  
Tillaga C nefndar liggur ekki fyrir að svo stöddu.

### Sveitarfélög

1. Sjálfstjórn sveitarfélaga  
Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.
2. Nálægðarregla  
Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.
3. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði

Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnunum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

4. Samráðsskylda  
Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

### Utanríkismál

1. Meðferð utanríkismála  
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.  
Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.  
Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.
2. Samningar við önnur ríki  
Ráðherra gerir alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.
3. Framsal ríkisvalds  
Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt alþjóðasamningi felst.  
Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðar-atkvæði til samþykktar eða synjunar.

### Lokaákvæði

## 14. ráðsfundur 24.06. 2011.

### A-nefnd 26. fundur 20.06. 2011

20.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Endurskoðun mannréttindakafla.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

26. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 20. júní 2011, kl. 9.30-12.10.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun mannréttindakafla  
Haldið áfram lagfæringum á ákvæðum mannréttindakafla, með hliðsjón af umræðum á ráðsfundum, innsendum erindum og álitsgerðum sérfræðinga.

2. Önnur mál  
Engin rædd.

### A-nefnd 27. fundur 21.06. 2011

21.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Endurskoðun mannréttindakafla.
2. Gestur Ragnhildur Helgadóttir
3. Greinargerðin
4. Önnur mál.

#### Fundargerð

27. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 21. júní 2011, kl. 9.30-12.15 og 13.30-15.40.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi frá kl. 10.00, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, sem stýrði fundi til kl. 10.00, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Fjarvistir hafði boðað Illugi Jökulsson. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð. Ragnhildur Helgadóttir var gestur á fundinum kl. 10.00-12.15. Salvör Nordal og Sif Guðjónsdóttir sátu fundinn kl. 10.00-11.00.

1. Endurskoðun mannréttindakafla

Haldið áfram lagfæringum á ákvæðum mannréttindakafla, með hliðsjón af umræðum á ráðsfundum, innsendum erindum og álitsgerðum sérfræðinga.

2. Gestur: Ragnhildur Helgadóttir

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, mætti á fundinn til að svara spurningum nefndarmanna. Hún hafði fengið náttúru- og auðlindaákvæði mannréttindakafans til umsagnar og hafði skilað um hann minnisblaði dags. 14. júní 2011.



Auk þeirra atriða sem fram komu í minnisblaði Ragnhildar lagði hún helst áherslu á eftirfarandi atriði:

- Ljóst þarf að vera að ákvæði um tjáningarfrelsi sé ekki það opið, að það komi t.d. í veg fyrir möguleika stjórnvalda til að loka barnaklámsíðum á netinu. Til þess þurfi að lagfæra skerðingarákvæði greinarinnar. Í því skyni færi líklega best á því að taka orðið „siðgæði“ aftur inn í skerðingarákvæðið.
- Í grein um upplýsingafrelsi eru talin upp mörg smáatriði, en slíkar upptalningar er einnig að finna í tillögum C-nefndar, þannig að upptalningin kann að vera í takt við heildarskjalið. Önnur leið væri að hafa ákvæðið stutt og einfalt, en færa útfærsluna í almenn lög.
- Fundafrelsi er breytt, þannig að felld er brott heimild lögreglu til að leysa upp samkomur ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. Benti Ragnhildur á að þetta væri oft eitt mildasta úrræði lögreglunnar, sem gæti verið óheppilegt að taka af henni.
- Af þeim atriðum sem alþjóðlegir sáttmálar tengja við atvinnufrelsi, þá vantar helst að nefna rétt til hvíldar og orlofs í tillögum A-nefndar – þ.e. einhvers konar samspil einkalífs og vinnu.
- Ragnhildi fannst óskýrt af tillögum A-nefndar hvort skylt sé að nýta allar náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt, eða bara þær sem eru í einkaeigu. Sé vilji nefndarinnar að allar náttúruauðlindir séu nýttar á sjálfbæran hátt, þá þyrfti a.m.k. að taka það fram í greinargerð.
- Taldi Ragnhildur að „fullt gjald,“ sem ber að greiða fyrir nýtingu auðlinda, væri óljósara í tengslum við náttúruauðlindir, en það er í eignarréttarákvæðinu. Annars vegar væri hægt að túlka þetta þannig að allur virðisauki viðkomandi greinar þurfi að renna til ríkisins. Hins vegar væri eignarréttarákvæðið í eðli sínu ólíkt, þ.s. það snýst um bætur af hendi ríkisins fyrir eignarnám – með því að hafa sama orðalag í auðlindakaflanum gæti dregið úr réttarvernd eignarréttarákvæðisins.
- Tillögur A-nefndar um stjórnarskrárígildi alþjóðlegra mannréttindasamninga, sem byggja á hugmyndum stjórnlaganefndar, fela í sér ákvæðið framsal á stjórnarskrárvaldi. Þetta er eitthvað sem Ragnhildur telur að þurfi að skoða vel og fara varlega í allar breytingar.
- Ákvæði um trúfrelsi skortir heimild til skerðingar á trúariðkun. Kemur þetta til af því að nefndin hefur sett í sömu setningu rétt einstaklings til trúar, sem eðlilegt sé að hafa óskoraðan, og réttinn til að iðka trú, sem eðlilegt sé að setja einhverjar skorður.

Að loknum fundi með Ragnhildi fór nefndin yfir at-  
hugasemdir hennar og gerði nokkrar breytingar á kafl-  
anum, til samræmis við það sem fram kom á fundinum  
og í minnisblaði hennar.

### 3. Greinargerðin

Formaður ræddi það verklag að nefndarfólk semji  
nokkurs konar markmiðsgreinargerð við hverja  
grein, sem lögfræðingar gætu svo bætt við fræðilegum  
rökstuðningi. Varaformaður bryddaði upp á þeirri  
hugmynd að vinna greinargerðirnar með opnu  
„crowdsourc“, sem væri í anda þess verklags sem

Stjórnlagaráð hefur tamið sér. Hugmyndin þótti  
góðra gjalda verð, en greinargerðirnar þyrftu að  
endurspegla umræðu innan nefndar og ráðs, þannig  
að erfitt væri að hleypta utanaðkomandi að samningu  
þeirra.

### 4. Önnur mál

Engin rædd.

Fundi slitið kl. 15.30.

## A-nefnd 28. fundur 22.06. 2011

22.06.2011 09:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Lokayfirferð mannréttindakafla.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

28. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 22.  
júni 2011, kl. 9.00-12.11 og 14.40-15.50.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem  
stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arn-  
fríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja  
Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir  
og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði  
fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 14 og 19-23 samþykktar án breytinga.  
Fundargerð 18. fundar samþykkt með breytingum.

#### 2. Lokayfirferð mannréttindakafla

Nefndin fór yfir allar greinar kaflans, með innkomin  
sérfræðiálit til hliðsjónar. Úr því urðu nokkrar breyt-  
ingar á texta ákvæðanna, sem lagðar verða fyrir næsta  
ráðsfund.

#### 3. Önnur mál

##### a. Greinargerðir

Ákvæðið var að skipta greinargerðarvinnu þannig á  
milli nefndarfólks að tveir taki hverja grein að sér.  
Þannig verði farnar tvær umferðir yfir allan texta.  
Formaður og nefndarritari úthluta verkefnum á  
nefndarfólk.

Eftirtalin erindi voru lögð fram og rædd á fundinum  
33921 Sesselja María Mortensen. 2. liður stjórnar-  
skrárinnar.  
33986 Þórlaug Ágústsdóttir. Athugasemdir við áfanga-  
skjal.

## A-nefnd 29. fundur 22.06. 2011

22.06.2011 13:00

### Dagskrá

1. Sameiginlegir kaflar nefndanna
2. Önnur mál

## Fundargerð

29. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 22. júní 2011, kl. 13.00-14.10..

Fundurinn var haldinn sameiginlega með B-nefnd.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Frá B-nefnd voru: Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður B-nefndar, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Þórhildur Þorleifsdóttir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

### 1. Sameiginlegir kaflar nefndanna

Ræddir voru þeir kaflar, þar sem málefna svið A- og B-nefnda skarast. Sérstaklega er þar um að ræða undirstöðukaflann, sem B-nefnd kynnti á 12. ráðsfundi. Inn í þann kafla þarf að bæta ákveðnum atriðum frá A-nefnd, auk þess sem undirstöðukaflinn kemur til með að spila með aðfaraorðum stjórnarskrárinnar. Nefndafólki þóttu hugmyndir þessa efnis enn of ómótaðar til að halda sérstakan sameiginlegan fund um þær. Katrín Fjeldsted lagði því til að nefndirnar skipuðu vinnuhóp sín á milli til að fara yfir málið, sem myndi skila niðurstöðum eftir u.þ.b. vikutíma.

2. Önnur mál  
Engin rædd.

## A-nefnd 30. fundur 23.06. 2011

23.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Mannréttindakafli.
2. Gestur: Aðalheiður Jóhannsdóttir.
3. Önnur mál.

## Fundargerð

30. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 23. júní 2011, kl. 9.15-12.00 og 13.15-15.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Aðalheiður Jóhannsdóttir var gestur á fundinum kl. 10.30-12.00. Salvör Nordal og Sif Guðjónsdóttir sátu fundinn kl. 10.30-12.00.

### 1. Mannréttindakafli

Haldið áfram lagfæringum á ákvæðum mannréttindakafla, með hliðsjón af umræðum á ráðsfundum, innsendum erindum og álitserðum sérfræðinga.

### 2. Gestur: Aðalheiður Jóhannsdóttir

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindarétti við Háskóla Íslands, mætti á fundinn til

að svara spurningum nefndarmanna. Hún hafði fengið náttúru- og auðlindaákvæði mannréttindakafans til umsagnar og hafði skilað um hann minnisblaði dags. 18. júní 2011.

Auk þeirra atriða sem fram komu í minnisblaði Aðalheiðar lagði hún helst áherslu á eftirfarandi atriði:

- Í meginatriðum skipti mestu máli að ákvæði stjórnarskrárinnar væru almenns eðlis, en að skýrt væri hver merking helstu hugtaka sé. Margt sem nú stæði í texta ákvæðanna sjálfra mætti falla út, án þess þó að glatast, og því þyrfti að vanda vel til athugasemda og greinargerðar.

- Vanda þyrfti valið á þeim náttúruauðlindum sem taldar eru upp í stjórnarskrárákvæði. Annars vegar væri hægt að gagnálykta af langri upptalningu að ákvæðið næði ekki yfir auðlindir sem ekki væru taldar upp. Hins vegar orkaði tvímælis að telja viss atriði til auðlinda, t.a.m. nýtingarrétt, sem A-nefnd hefur bætt inn í upptalninguna. Mælti Aðalheiður með því að upptalningin væri frekar styttri en lengri – nánari skilgreiningar ætti að setja í greinargerð.

- Aðalheiður benti á að ekki nægði að einblína á ábyrgð hins opinbera þegar kemur að vernd náttúru og auðlinda, heldur þyrfti líka að nefna einstaklinga og lögaðila. Með því að telja lögaðila meðal þeirra sem beri ábyrgð yrði auðveldara fyrir þá að réttlæta ábyrga fjárfestingarstefnu, sem byggist ekki bara á hámarks-hagnaði.

- Mikilvægt væri að skylda stjórnvöld (og aðra eftir tilvikum) til að upplýsa almenning um aðsteðjandi náttúruvá. Benti hún á mál Guerra gegn Ítalíu, þar sem mannréttindadómstóll Evrópu taldi stjórnvöld hafa brotið gegn 8. grein mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, með því að upplýsa ekki um hættulega starfsemi. Komst dómstóllinn m.a. að því að upplýsingamiðlun hefði gert íbúunum auðveldara að meta hvort þeir vildu búa í námunda við hættulega starfsemi.

Að loknum fundi með Aðalheiði ræddi nefndin athugasemdir hennar og þær breytingar sem gera þyrfti til að bregðast við þeim. Þar sem ljóst þótti að gera þyrfti nokkuð viðamiklar breytingar á ákvæðum um náttúru og auðlindir var samþykkt að leggja þau ákvæði ekki fram á næsta ráðsfundi.

3. Önnur mál  
Engin rædd.

## B-nefnd 24. fundur 20.06. 2011

20.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir 15-16.
2. Hlutverk forseta - málskotsréttur/staðfesting laga.

## Fundargerð

24. fundur B-nefndar - haldinn 20. júní 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.  
Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir 15-16.

Fundargerðir 15-16 lagðar fram og samþykktar með örfáum breytingum.

2. Hlutverk forseta - málskotsréttur/staðfesting laga. Vilhjálmur lagði fram vinnuskjal um hlutverk forseta Íslands með valkostum um staðfestingu laga eða málskotsréttar. Efni minnisblaðsins var kynnt. Lagt var fram á nýjan leik minnisblað um hlutverk og stöðu forseta innan ólíkra ríkja dags. 5. maí 2011.

Nefndarmenn ræddu valkosti ítarlega.

Ráðsfulltrúar hafa samþykkt að halda sameiginlegan fund A, B og C nefndar kl. 13.00-16:00 í dag. Efni fundarins er embætti forseta Íslands. Ákveðið að fram fari opin, sameiginleg umræða um hlutverk forseta. Nefnd B leiðir inn málið, og þeir sem þess óska (innan eða utan nefndar) geta að því búnu flutt stutta fram-sögu. Síðan verða almennar umræður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

## B-nefnd 25. fundur 21.06. 2011

21.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Framlögð erindi.
2. Hlutverk forseta.
3. Breytingartillögur – áfangaskjalið.

## Fundargerð

25. fundur B-nefndar - haldinn 21. júní 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.  
Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll.  
Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

### 1. Framlögð erindi

Erindalisti lagður fram.

Erlingur Sigurðarson mætti á fundinn kl. 9:50.

2. Hlutverk forseta - málskotsréttur/staðfesting laga. Nefndarmenn fóru yfir niðurstöðu sameiginlegs fundar í gær. Á fundi voru tveir valkostir ákveðnir sameiginlega.

### 3. Breytingartillögur - Áfangaskjal, forseti Íslands.

Nokkrar breytingartillögur verða lagðar fram. Hornklofar teknir út víðsvegar.

Farið yfir kafla um forseta Íslands:

3. gr. um forsetakjör - Hornklofi felldur brot. Ákveðið að hafa hlutfallstölu í stað fastrar tölu varðandi fjölda meðmælenda til forsetakjörs.

4. gr. um kjörtímabil forseta - Hornklofi felldur brott. Ákveðið að hafa takmörkun á setu forseta við þrjú kjörtímabil samtals 12 ár.

Athugasemd gerð við að ekki standi lengur í tillögum nefndar að forseti geti ekki verið alþingismaður. Fallist á að það sé fólgið í hlutarins eðli að bann við öðrum störfum feli í sér bann við þingmennsku. Í greinargerð kemur fram að það falli undir orðalagið önnur störf að forseti geti ekki gegnt þingmennsku.

Ákveðið að 5. gr. um eiðstafur forseta verði færður í 1. gr. um forseta.

9. gr. um ábyrgð forseta - Nefndarmenn ræddu í þau ólík sjónarmið um ábyrgð forseta - sem helst í hendur við hvaða persónulegt vald hann hefur með höndum í lokaútgáfu frumvarpsins. Samþykkt að halda inni óbreyttu ákvæði um frávikningu forseta með þjóðaratkvæðagreiðslu sbr. núgildandi 11. gr.

11. gr. um náðun og sakaruppgjöf - Bætt við að náðun sé að tillögu ráðherra, sbr. núverandi skipan með þeim rökum að óeðlilegt sé að forseti taki sjálfstæðar ákvarðanir í þeim efnum, hætt sé við spillingu og hægt sé að efast um málefnalegt heit slíkra aðgerða án málsmeðferðar og undanfara í samræmi við góða stjórnsýsluhætt.

Samþykkt að 18. og 19. gr. falli brott.

Nefndarmenn benda á að skilgreina þurfi ábyrgð forseta stjórnarathöfnum ef til þess kemur að hann skipi án atbeina dómara og aðra embættismenn. Sama eigi við um ráðherra. Þá er bent á að auknum völdum forseta fylgir aukin ábyrgð. Þurfi að fylgja þinglegt eftirlit og lagalegt eftirlit með starfsemi og stjórnarathöfnum forseta. Ljóst sé að forseti geti ekki lotið öðrum lög-málum en ráðherra, hins vegar séu sérsjónarmið sem gildi um stöðu forseta. Þingið eigi enn að hafa úrræði til að setja hann af og hann verði að lúta aðhaldi dómstóla eins og allir aðrir.

Spurningar sem ákveðið er að leggja fyrir óformlega skoðanakönnun meðal ráðsfulltrúa þann 24. júní: Aldurstakmörk forseta - halda aldurskilyrði við 35 ára eður ei?

Málskotsréttur forseta - lagðir fyrir tveir mismunandi valkostir.

Ráðherrar gegni ekki þingmennsku- þrífætt spurning;

1. Óbreyttur texti - þingmenn víki af þingi meðan þeir gegna ráðherraembætti.

2. Meirihluti ráðherra utan þings - þingmenn víki sæti meðan ráðherra.
3. Alþingismenn segi af sér þingmennsku séu þeir skipaðir ráðherrar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

## B-nefnd 26. fundur 22.06. 2011

22.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Málskotsréttur - samþykkt ákvæðis.
2. Breytingartillögur - stjórnarmyndun o.s.frv.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

26. fundur B-nefndar haldinn 22. júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson og Erlingur Sigurðarsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll og Gísli Tryggvason tilkynnt um seinkun. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Málskotsréttur/tillaga kláruð.

Tillaga að 14. gr. um staðfestingu laga/málskotsrétt forseta lögð fram.

Þórhildur Þorleifsdóttir mætti á fundinn kl. 10.00.

Eiríkur Bergmann Einarsson mætti á fundinn kl. 10.15.

Eiríkur Bergmann Einarsson bókar andstöðu við tillöguna.

2. Breytingartillögur.

Rætt um tilvist ríkissráðs og hvort fella eigi stofnuna niður. Nefndarmenn fengu senda skýrslu um meðferð mála hjá Ríkissráði frá árinu 1993.

• Stjórnarmyndun þ.m.t. að forseti skipi forsætisráðherra. Breytingartillaga lögð fram á ákvæði um stjórnarmyndun. Forseti settur inn sem skipunaraðili forsætisráðherra í stað forseta Alþingis.

Fundi frestað fram yfir sameiginlegan fund A og B nefndar sem fjallar um dómstóla, tilvist Landsdóms og eins konar stjórnlagadómstóls.

Fundur hélt áfram frá kl. 14:15.

Ástrós Gunnlaugsdóttir og Gísli Tryggvason mættu á fundi kl. 14.15.

Áfram var rætt um stjórnarmyndunarákvæðið. Nefndarmenn ræddu hvort bæta ætti inn í grein þess efnis að ráðuneyti skuli vera flest 10. Rætt voru rök með og á móti talsvert ítarlega.

- Ráðherrar og Alþingi

Nefndarmenn ræddu hvort ráðherrar ættu að víkja af þingi, og varamenn tækju sæti eða hvort ráðherrar ættu að segja af sér þingmennsku alfarið og þyrftu að sækja sér umboð í nýjum alþingiskosningum að fjórum árum

liðnum hefðu þeir hug á að taka við þingmennsku. Þá ræddu nefndarmenn hvort gera ætti kröfu um að meirihluti ráðherra í ríkisstjórn sé ekki úr röðum alþingismanna.

Nefndarmenn fóru aðra yfirferð yfir spurningar sem ætti að leggja fyrir óformlega skoðanakönnun en hún verður þrjúþætt:

Spurningar sem á að leggja fyrir:

1. Óbreyttur texti - þingmenn víki af þingi meðan þeir gegna ráðherraembætti.

2. Meirihluti ráðherra utan þings - þingmenn víki sæti meðan ráðherra.

3. Alþingismenn segi af sér þingmennsku séu þeir skipaðir ráðherrar.

- Setutími ráðherra.

Farið yfir valkosti í núverandi áfangaskjali fyrir hámarkssetutíma ráðherra. Samþykkt að taka út valkosti og halda inni að enginn geti seti lengur en 8 ára í sama ráðherraembættinu.

- Þingnefndir.

Breytingartillögur hafa verið lagðar fram. Þá hafði nefndin ákveðið að leggja spurningar vegna upptalningu nefnda en fallið er frá þeirri tillögu og samþykkt að fella brott upptalningu.

3. Önnur mál

Rætt um verkáætlun fram undan. Samþykkt að nefndarritari taki saman þau atriði sem út af standa.

Eftirfarandi atriði þarf að ræða og taka afstöðu til: Meðferð þingmála, endurskoðun á 2. gr í kjölfarið af samþykktu hlutverki forseta, breytingartillögur einstaka nefndarmanna, almennt ákvæði um stefnumótun og samráð og hvort skilgreina eigi frekar hlutverk forseta.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

## B-nefnd 27. fundur 23.06. 2011

23.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Breytingartillögur.
2. Greinargerð.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

27. fundur B-nefndar - haldinn 23. júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Erlingur Sigurðarsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll og Gísli Tryggvason tilkynnt um seinkun. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

## 1. Breytingartillögur

### • Meðferð þingmála

Gísli Tryggvason mætti á fundinn kl. 10:30.

Orðalag bætt þar sem tekið er af allan vafa að frumvörp eru tekin til umræðu í nefndum áður en þau eru lögð fyrir þingið. Nefndarmenn voru almennt sammála um að sú breyting leiði til þess að umræður á Alþingi verði málefnalegri og markvissari þannig að þingmenn hafi fengið dýpri skilning á málum áður en fyrst umræða fer fram, aðallega þeir er sitja í viðkomandi nefnd.

Ábending kom fram um að skipta ákvæðinu upp og fjalla sérstaklega um meðferð þingsályktunartillagna og annara ákvæða sér. Ekki var fallist á það að svo stöddu.

### • Þingnefndir

Samþykkt af nefndarmönnum að ákvæði yrði breytt á þá að ekki séu taldar upp tilteknar fastanefndir. Aðeins er nefnt í ákvæðinu nú að Alþingi kjósi sér fasta-nefndir.

### • Málskotsréttur

Nefndarmenn samþykktu að setja inn valkost I og II. Í þeim fyrri er málskotsrétturinn lítið eitt breyttur frá núverandi mynd og að meginstefnu samhljóða tillögu stjórnlaganefndar. Í hinum síðari hefur forsetinn rétt til að synja undirskrift laga með þeim hætti að lögunum er vísað aftur til annarrar umræðu hjá þinginu.

### • Þingforseti

Minniháttarbreyting á ákvæði um þingforseta í samhengi við að hann fari með handhöfn forsetavalds. Nauðsynlegt er að kveða á um varmenn þingforseta séu staðgenglar hans og því er tekin af allur vafi um að varaforsetar þingsins taki við þegar undirrita þarf samþykkt lög áður en þau eru lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar og forseti Alþingis er fjarstaddur eða forfallaður af öðrum ástæðum.

## 2. Greinargerð

Rætt um skipulag vinnu á greinargerðum. Ákveðið að fulltrúar fái hver um sig úthlutað ákveðnum verkefnum og hluta af greinargerðarvinnunni.

## 3. Önnur mál

Samþykkt var að hitta Björgu Thorarensen prófessor í lögum til að ræða einstaka atriði við framkomnar tillögur B-nefndar mánudaginn 27. júní kl. 9:30.

Minnisblað frá Ragnhildi Helgadóttur prófessor frá lagadeild Háskóla Íslands er væntanlegt fljótlega samkvæmt upplýsingum frá nefndarritara.

Tilkynnt að Sigurður Rúnar Sigurjónsson komi á fund nefndarinnar kl. 13.00 þann 27. júní jafnframt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 30. fundur 20.06. 2011

20.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um dómssvaldið.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

30. fundur C-nefndar, haldinn 20. júní 2011, kl. 09.30 - 12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um dómssvaldið

Rætt um tillögu VP, KO ofl. um uppröðun ákvæða. Rætt um 7. gr. og lagt til nafnið sérskipaður Hæstiréttur. Rætt um tillögu ÓPR og KO um fjölda dómara. Rætt um tillögu um að setja inn í ákvæðið hverjir geti vísað til lögspurningum til sérskipaðs Hæstaréttar. Rætt um tillögu ÞG um að setja í ákvæði að dæma beri einnig eftir anda laganna. Rætt um tillögu LÁ um skipunartíma dómara. Rætt um hverjir eigi að skipa dómara og hvort rétt sé að forseti komi að því með hæfnisnefnd.

#### 2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings

Rætt um áhyggjur vegna beins lýðræðis af réttindum minnihlutahópa, að stjórnvöld geti ekki tekið óvinsælar ákvarðanir og að stjórnmalamenn geti skotið sér undan ábyrgð. Kostir beins lýðræðis eru réttindi meirihluta, síður teknar rangar ákvarðanir og sjálfsábyrgð þjóðar. Rætt um möguleika að undanskilja mannréttindamál þjóðaratkvæðagreiðslum. Rætt um mögulegan umsagnaraðila sem hefur milligöngu um hvaða mál skulu sett í þjóðaratkvæði til að verja minnihlutahópa. Rætt um nýja grein um tillögurétt þjóðar til Alþingis, að 2% kjósenda gætu lagt fram mál á Alþingi.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 21. júní kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## C-nefnd 31. fundur 21.06. 2011

21.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

31. fundur C-nefndar, haldinn 21. júní 2011, kl. 10.00-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings  
Þorkell fór yfir niðurstöður vinnuhóps um þjóðaratkvæðagreiðslur og þær breytingar sem starfshópurinn leggur til á áfangaskjalinu frá 13. ráðsfundi. Rætt var um breytt orðalag varðandi málskot nýsamþykkt laga. Rætt var um nýja grein um tillögurétt 2% almennings til þings. Rætt var um breytingar á þjóðarfrumkvæði, um bindandi þjóðarfrumkvæði. Ákveðið að vinna málið áfram í starfshópi.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 22. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## C-nefnd 32. fundur 22.06. 2011

22.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

32. fundur C-nefndar, haldinn 22. júní 2011, kl. 09.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Pawel Bartoszek, formaður, og Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, boðuðu förföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Kafli um kosningar og alþingismenn  
Ómar var kosinn fundarstjóri í förföllum formanns og varaformanns. Rætt var um skriflegar athugasemdir Ragnhildar

Helgadóttur prófessors við kaflann.

Rætt var um tillögu formanns um úrbætur á kaflanum til móts við fram komnar athugasemdir.

2. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings  
Farið var yfir skriflegar athugasemdir Ragnhildar Helgadóttur um kaflann.

Rætt var um málskot hluta almennings, þingmanna og forseta.

Rætt var um þingmál að frumkvæði kjósenda.

Rætt var um framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslna.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði fimmtudaginn 23. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

## C-nefnd 33. fundur 23.06. 2011

23.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Heimsókn Bjargar Thorarensen lagaprófessors.
3. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings
4. Önnur mál.

### Fundargerð

33. fundur C-nefndar, haldinn 23. júní 2011, kl. 9.30-15.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal og Þorkell Helgason. Gestur fundarins var Björg Thorarensen. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Kafli um kosningar og alþingismenn  
Formaður taldi brýnt að klára breytingartillögur við kafla um kosningar til afgreiðslu á föstudag. Rætt var um orðalag fyrir ráðsfund. Samþykkt til framlagningar.

2. Heimsókn Bjargar Thorarensen lagaprófessors  
Björg Thorarensen prófessor fór yfir skriflegar athugasemdir sínar við kafla nefndarinnar og þær spurningar sem til hennar var beint í framhaldinu.

3. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings  
Rætt um mögulegar breytingar á kaflanum í áfangaskjal.

4. Önnur mál  
Engin önnur mál.

5. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánudaginn 27. maí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

## Fundargerð 14. ráðsfundar

24.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillögur A-nefndar.  
- Mannréttindi, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lagðar fram til kynningar tillögur um nýjan texta í sama kafla.
3. Skýrsla og tillögur B-nefndar.  
- Staðfesting laga/málskotsréttur, vald forseta, forstöðumenn sjálfstæðra stofnana. Valkostir I og II. Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.  
- Stjórnarmyndun, setutími ráðherra, þingforseti, þingnefndir, meðferð þingmála, náðun og sakaruppgjöf. Tillögur um breytingar á texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu.
4. Skýrsla og tillögur C-nefndar.  
- Kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu.  
- Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

14. ráðsfundur - haldinn 24. júní 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Íris Lind Sæmundsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-

pósti fimmtudaginn 23. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 13. ráðsfundar, 16. júní, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

### 2. Skýrsla og tillögur A-nefndar

#### 2.1 Mannréttindi,

tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lagðar fram til kynningar tillögur um nýjan texta í sama kafla.

Tillögurnar varða 28 ákvæði (nr. 1-27 og 32) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Mannréttindi“, sjá fylgiskjal með fundargerð þar sem tilgreint er hvað er lagt fram til afgreiðslu og hvað er til kynningar.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ari Teitsson, Þorkell Helgason, Arnfríður Guðmundsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Andrés Magnússon, Pawel Bartoszek, fundarstjóri lokaði mælendaskrá þegar Pawel lauk máli sínu.

Fundarhlé.

Að loknu hléi var fundi haldið áfram og til máls tóku eftirtaldir fulltrúar: Katrín Oddsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Katrín Fjeldsted, Gísli Tryggvason, Dögg Harðardóttir og Þorvaldur Gylfason.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur A-nefndar voru teknar til afgreiðslu, að undanskildum ákvæðum 3. og 12. gr. sem einungis voru lagðar fram til kynningar og því ekki greidd atkvæði um þau.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Pawel Bartoszek, Fjarverandi: Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Lýður Árnason.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram kom ein breytingartillaga, nánar tiltekið þessi:

- Breytingartillaga við ákvæði 5, 11 og 12 í tillögu A-nefndar um mannréttindi. Flutningsmaður: Katrín Fjeldsted.

Breytingartillögum þessum var vísað til A-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

Fundarhlé.

Að loknu fundarhléi tók Andrés Ingi Jónsson við ritun fundargerðar.

### 3. Skýrsla og tillögur B-nefndar.

#### 3.1 Staðfesting laga/málskotsréttur, vald forseta, forstöðumenn sjálfstæðra stofnana.

Valkostir I og II. Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.

Tillögurnar varða málskotsrétt forseta (nr. 14 í þeim kafla áfangaskjalsins sem ber yfirskriftina „Störf Alþingis“), brottfall þriggja ákvæða um vald forseta (13., 18. og 19. gr. í nágildandi stjórnarskrá) og eitt ákvæði (nr. 5) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Stjórnsýsla og eftirlit“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til kynningar.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteins-son, varaformaður B-nefndar, Pétur Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Andrés Magnússon, Gísli Tryggvason, Dögg Harðardóttir, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Silja Bára Ómarsdóttir, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Örn Bárður Jónsson og Þorkell Helgason.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við ákvæði 14 í tillögu B-nefndar um störf Alþingis. Flutningsmaður: Dögg Harðardóttir.
- Breytingartillaga við ákvæði 14 í tillögu B-nefndar um störf Alþingis (staðfesting laga/málskotsréttur).

Flutningsmenn: Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Þorvaldur Gylfason.

Breytingartillögum þessum var vísað til B-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

#### 3.2 Stjórnarmyndun, setutími ráðherra, þingforseti, þingnefndir, meðferð þingmála, náðun og sakaruppgjöf.

Tillögur um breytingar á texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu.

Tillögurnar varða sex ákvæði í þremur köflum áfangaskjals og voru lagðar fram til afgreiðslu, sjá fylgiskjal með fundargerð. Nánar tiltekið var um að ræða tvö ákvæði (nr. 3-4) til afgreiðslu í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Ráðherrar og ríkisstjórn“, þriju ákvæði (nr. 7, 9 og 12) í kaflanum „Störf Alþingis“ og eitt ákvæði í kaflanum „Forseti Íslands“ (nr. 9).

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteins-son, varaformaður nefndarinnar, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Lýður Árnason.

Fundarhlé.

Umræður héldu áfram að loknu fundarhléi og eftirtaldir tóku til máls: Andrés Magnússon, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Erlingur Sigurðarson.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur B-nefndar voru teknar til afgreiðslu. Þórhildur Þorleifsdóttir gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteins-son, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Örn Bárður Jónsson. Á móti: Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sátu hjá: Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Lýður Árnason.

Fjarverandi: Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 17 atkvæðum gegn einu. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram kom ein breytingartillaga, nánar tiltekið þessi:

- Breytingartillaga við ákvæði 3 í tillögu B-nefndar um stjórnarmyndun. Flutningsmenn: Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorvaldur Gylfason.

Breytingartillögum þessum var vísað til B-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

Fundi var frestað kl. 15.48 og verður haldið áfram mánudaginn 27. júní 2011, kl. 14.00.

#### Fundi var fram haldið.

Mánudaginn 27. júní 2011, kl. 14.00.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteins-son, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.



Forföll höfðu boðað: Andrés Magnússon og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

#### 4. Skýrsla og tillögur C-nefndar

**4.1 Kosningar til Alþingis og alþingismenn,** tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu.

Tillögurnar varða fimm ákvæði (nr. 1-5) í kaflanum „Kosningar til Alþingis og alþingismenn”, sjá fylgiskjal með fundargerð, og voru lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Við upphaf fundar mánudaginn 27. júní var búið að dreifa nýju skjali til frekari skýringar á þeirri tillögu sem fyrir fundinum lá og fylgdi fundarboði. Nánar tiltekið var þar um að ræða drög að inngangi að greinargerð.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason og Þorkell Helgason.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Arnfríður Guðmundsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir. Fjarverandi: Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram kom ein breytingartillaga, nánar tiltekið þessi:

- Breytingartillaga við ákvæði 1 í tillögu C-nefndar um kosningar til Alþingis og alþingismenn. Flutningsmaður: Lýður Árnason.

Breytingartillögu þessari var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

Fundarhlé.

#### 4.2 Lýðræðisleg þátttaka almennings,

tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða fjögur ákvæði (nr. 1-4) í kaflanum „Lýðræðisleg þátttaka almennings”, sjá fylgiskjal með fundargerð, og voru lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Þorkell Helgason, nefndarmaður í verkefnanefnd C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson, Dögg Harðardóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Pawel Bartoszek, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Erlingur Sigurðarson og Lýður Árnason.

Þorkell Helgason, nefndarmaður í C-nefnd, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Gísli Tryggvason fékk orðið og tók til máls. Hann vísaði til breytingartillögu frá 13. ráðsfundi, sem flutt var af fimm ráðsfulltrúum, nánar tiltekið Freyju Haraldsdóttur, Gísla Tryggvasyni, Katrínu Oddsdóttur, Silju Báru Ómarsdóttur og Vilhjálmum Þorsteinssyni. Tillagan varðar ákvæði um reglulegt stjórnlagabing. Gísli fór fram á að tillagan yrði tekin inn í áfangaskjal sem valkostur, sbr. 14. gr. starfsreglna. Vilhjálmur Þorsteinsson dró sig út úr tillögunni og þar með var skilyrði starfsreglna um fimm ráðsfulltrúa ekki lengur uppfyllt.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson. Sátu hjá: Dögg Harðardóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason.

Fjarverandi: Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Andrés Magnússon.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 15 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Katrín Oddsdóttir.
- Breytingartillaga við ákvæði 1, 2 og 3 í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Flutningsmaður: Lýður Árnason.

Breytingartillögum þessum var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 5 hér á eftir.

## 5. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær breytingar-tillögur sem fram höfðu komið á fundinum, alls sjö talsins, sbr. bókun undir liðum 2.1, 3.1, 3.2, 4.1 og 4.2 hér að framan.

Næsti ráðsfundur verður haldinn föstudaginn 1. júlí, kl. 9.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.05.

Fundargerð rituðu Sif Guðjónsdóttir (dagskrárliðir 1, 2, 4 og 5) og Andrés Ingi Jónsson (dagskrárliður 3).

### Fylgiskjöl 14. ráðsfundar:

- 34754 - Tillögur A-nefndar til afgreiðslu
- 34037 - Tillögur B - nefndar - Staðfesting laga og skipan í embætti forstöðumanna
- 34039 - Breytingartillögur B - nefndar - stjórnar-myndun, setutími ráherra, meðferð þingmála o.s.frv.
- 34034 - Tillögur C til afgreiðslu - kosningar og alþingismenn
- 34036 - Breytingartillögur C - Lýðræðisleg þátttaka almennings
- 34066 - Br.till. LÁ - Kosningar
- 34067 - Br.till. KO - Lýðræðisleg þátttaka almennings
- 34068 - Br.till. LÁ - Lýðræðisleg þátttaka almennings
- 34072 - Br.till. DH - A nefnd
- 34073 - Br.till. KF - A nefnd
- 34086 - Breytingartillaga GT, PG og ÞG til B-nefndar
- 34087 - Breytingartillaga ÞG og ÓÞR til B-nefndar

## Áfangaskjalið á 14. ráðsfundi

### Aðfaraorð

#### Mannréttindi

1. Mannleg reisn  
Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.
2. Jafnræðisregla  
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efna-hags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnáátengsla, trúarbragða, tungu-máls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
3. Vernd réttinda  
Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda. Öllum skulu jafnframt tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum.  
Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða, að almannahagsmunir krefjist þess, enda sé gætt meðalhófs og ekki vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir.
4. Mannhelgi  
Öll skulum við njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
5. Friðhelgi einkalífs  
Öll skulum við njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
6. Réttur barna  
Börn eiga rétt á að njóta bernsku sinnar. Þeim skal tryggð í lögum sú vernd, virðing og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns skulu þjóna hagsmunum þess.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar og vilja í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.
7. Tjáningarfrelsi  
Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfær-ingar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.  
Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni.  
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.  
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.
8. Upplýsingafrelsi  
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.  
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.  
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.  
Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.

9. Frelsi fjölmiðla  
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.
10. Frelsi menningar og mennta  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.
11. Trúfrelsi  
Öll eigum við rétt til trúar og lífsskoðunar. Í því felst rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.
12. Þjóðkirkja  
Leið A - Tímabundið ákvæði:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka innan fimm ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.  
Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða fyrsta málsgrein stendur ein eftir.  
Leið B - Valkostir:  
Valkostur 1:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
Valkostur 2:  
[Ákvæðið falli brott.]
13. Félagafrelsi  
Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
14. Fundafrelsi  
Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.
15. Ríkisborgararéttur  
Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.  
Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.
16. Ferðafrelsi  
Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.
17. Frelsisvipting  
Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsisvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.  
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
18. Bann við afturvirkni refsingar  
Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
19. Bann við ómannúðlegri meðferð  
Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.  
Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
20. Bann við herskyldu  
Herskyldu má aldrei í lög leiða.
21. Réttlát málsmeðferð  
Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði

- nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.
- Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
22. Heilbrigðisþjónusta  
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.
23. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.  
Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.  
Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.
24. Atvinnufrelsi  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem við kjósum. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.  
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
25. Félagsleg réttindi  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífs- viðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
26. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
27. Menningarleg verðmæti  
Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
28. Náttúruauðlindir  
Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærann hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.  
Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.  
Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og namaréttindi.
29. Náttúra Íslands  
Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.  
Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum.  
Almenningi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.
30. Upplýsingaskylda og samráð  
Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það.  
Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.  
Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.
31. Dýravernd  
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.  
Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.
32. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum  
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.  
Löggjafanum er heimilt að veita alþjóðlegum mannréttinasáttmálum og reglum stjórnarskrárvernd, með fullgildingu og samþykki aukins meirihluta.

## Undirstöður

1. Handhafar ríkisvalds  
Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.  
Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.  
Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.  
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.

## 2. Yfirráðasvæði

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

## Kosningar til Alþingis og alþingismenn

### 1. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu veða jafnt.

Kjósendur geta annað hvort valið með persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá greiða öllum frambjóðendum listans atkvæði sitt. Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur hvert á landinu öllu.

Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra, sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.

Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

### 2. Styrkir til stjórnmalasamtaka

Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.

### 3. Kosningaréttur

Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

### 4. Kjörgengi

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

### 5. Alþingiskosningar

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.

Kjörtímabil er fjögur ár.

Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

## Störf Alþingis

### 1. Hlutverk

Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

### 2. Friðhelgi

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

### 3. Starfstími

Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.

Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.

### 4. Samkomustaður

Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.

### 5. Eiður alþingismanna

Sérhver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.

### 6. Sjálfstæði alþingismanna

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.

### 7. Þingforseti

Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.

Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd.

Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.

### 8. Þingsköp Alþingis

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

### 9. Þingnefndir

Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál og sérnefndir eftir því sem við á.

Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.

### 10. Opnir fundir

Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.

### 11. Frumkvæðisréttur

Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.

12. Meðferð þingmála  
Frumvörp og tillögur alþingismanna, skýrslur til Alþingis og frumvarpsdrög og tillögur frá ríkisstjórn eru tekin til umfjöllunar og meðferðar í þingnefndurm áður en þau eru flutt og rædd á Alþingi.  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.  
Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.  
Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
13. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
14. Staðfesting laga / málskotsréttur  
Valkostur 1:  
Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.  
Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skál sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram ef Alþingi fellir lögin áður úr gildi. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.  
Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárlaganefnd og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.  
Valkostur 2:  
Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar. Forseti getur innan viku frá móttöku frumvarpsins ákveðið að láta það ganga til Alþingis á ný með rökstuddu álit. Að öðrum kosti staðfestir forseti frumvarpið og fær það þá lagagildi.  
Gangi frumvarp á ný til Alþingis skal það, eftir umfjöllun í þingnefnd, rætt og afgreitt við eina umræðu. Verði frumvarpið samþykkt án efnisbreytinga fær það lagagildi við undirritun forseta Alþingis án staðfestingar forseta Íslands, en fellur niður ella.
15. Birting laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
16. Skipan skattamála  
Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.  
Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
17. Skattlagningarvald  
Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.  
Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.  
Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.
18. Frumvarp til fjárlaga  
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.
19. Greiðsluheimildir og fjárlaganefnd  
[Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárlaganefndum. Fjárlágaráðherra getur þó innt greiðslu af hendi án heimildar í fjárlögum til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almanna-hagsmunir krefjast þess. Skál hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni, fyrirfram ef þess er nokkur kostur,] og leita heimildar í fjárlaganefndum.]
20. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
21. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
22. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skytt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
23. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.

Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

24. Friðhelgi þingmanna

Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína.

Alþingismaður verður ekki krafinn reiknings-skapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

25. Missir kjörgengis

Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.

26. Þingrof

[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.

27. Lögrétta

Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.

Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

### Ráðherrar og ríkisstjórn

1. Ráðherrar

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málafnum ráðuneyta og stjórnarsýslu sem undir þá heyrir, innan marka stjórnarstefnunnar.

Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra eða staðgengli sínum úr þeirra hópi.

2. Ríkisstjórn

Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar og stýrir þeim. Hann er ábyrgur fyrir meginatriðum stjórnarstefnunnar og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.

Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvarpsdrög og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

3. Stjórnarmyndun

Alþingi kys forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar hann í embætti.

Til undirbúnings kosningunni fara fram viðræður í þinginu um stjórnarsáttmála og skipan ríkisstjórnar. Á grundvelli þeirra viðræðna, og eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn, gerir forseti Alþingis tillögu um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir þingforseti nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu. Þá tilnefni forsætisráðherra ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má.

Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Ráðherrar vinna eið að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.

4. Setutími ráðherra

Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.

5. Ráðherrar og Alþingi

Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.

6. Upplýsingaskylda ráðherra

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyrir, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirætlum í lögum.

7. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

8. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

9. Vantraust

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar].

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um

vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

10. Ráðherraábyrgð

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframbæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir Hæstarétti. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.

11. Starfsstjórn

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

### Stjórnsýsla og eftirlit

1. Skipun embættismanna

[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.

Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.

Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.

2. Umboðsmaður Alþingis

Alþingi kýs umboðsmann [almennings] til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

[Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns nema dómstóll kveði á um annað.

Að öðru leyti skal kveðið á um störf umboðsmanns í lögum.

3. Ríkisendurskoðun

Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.

Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

4. Ákærvald og ríkissaksóknari

Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.

Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis ríkissaksóknara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji ráðherra ekki í embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða.

Ríkissaksóknari nýtur sömu verndar í starfi og dómara.

5. Forstöðumenn sjálfstæðra stofnana

Valkostur 1:

Forseti skipar að fengnum niðurstöðum hæfnisnefnda í embætti forstöðumanna þeirra stofnana sem lög mæla að skuli vera sjálfstæðar. Samþykki forseta þarf til þess að leggja niður stofnanir sem eru sjálfstæðar lögum samkvæmt.

Valkostur 2:

[Ekki verði sérstök grein þessa efnis í stjórnarskránni enda falli málið undir almenna grein um skipun embættismanna.]

### Forseti Íslands

1. Embættisheiti og þjóðkjör

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

2. Kjörgengi til forseta

Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.

3. Forsetakjör

Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst [eins] af hundraði kosningarbærra manna og mest [tveggja] af hundraði. Kjósendur skulu raða framþjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangs röð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

4. Kjörtímabil forseta

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. [Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.]

5. Eiður forseta

Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.

6. Starfskjör forseta

Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisé til



forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

7. Staðgengill forseta  
Getu forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.
8. Fráfall forseta  
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.
9. Ábyrgð forseta  
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

#### Valkostur 1:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.

#### Valkostur 2:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

10. Setning Alþingis  
Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.
11. Náðun og sakaruppgjöf  
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

### Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.  
Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá.

Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal að með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.  
Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.
7. [...]  
Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.  
[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]

### Lýðræðisleg þátttaka almennings

1. Málskot til þjóðarinnar  
Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.  
Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.  
Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.

Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Löginn falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella löginn úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.

2. Þingmál að frumkvæði kjósenda  
Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.  
Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.  
Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.
3. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu  
Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almanna-hag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukaulög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttar-skuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.  
Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.  
Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.
4. Stjórnarskrárbreytingar  
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.  
Hafi fimm sjöttu hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

### Sveitarfélög

1. Sjálfstjórn sveitarfélaga  
Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.  
Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.  
Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

2. Nálægðarregla  
Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.
3. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði  
Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.  
Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.
4. Samráðsskylda  
Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

### Utánríkismál

1. Meðferð utánríkismála  
Utánríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.  
Ráðherrum er skylt að veita utánríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utánríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utánríkismál.  
Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.
2. Samningar við önnur ríki  
Ráðherra gerir alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fylgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.
3. Framsal ríkisvalds  
Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt alþjóðasamningi felst.  
Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

### Lokaákvæði

## 15. ráðsfundur 01.07. 2011.

### A-nefnd 31. fundur 27.06. 2011

27.06.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Ákvæði um náttúru og auðlindir.
2. Undirbúningur fyrir fund með Björgu Thorarensen.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

31. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 27. júní 2011, kl. 9.00-12.05 og 12.55-13.25.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Björg Thorarensen var gestur á fundinum kl. 10.00-12.00. Pawel Bartoszek sat fundinn kl. 11.30-12.00.

#### 1. Ákvæði um náttúru og auðlindir

Smávægilegar breytingar voru gerðar á orðalagi ákvæða um náttúru og auðlindir, í ljósi framkominna athugasemda. Sérstaklega var ákveðið að hverfa frá orðalaginu „náttúra Íslands er friðhelg“, þar sem það gæti vakið óþarfar deilur.

#### 2. Undirbúningur fyrir fund með Björgu Thorarensen

Nefndin ræddi óformlegar athugasemdir sem Björg Thorarensen gerði við nokkur atriði í tillögum að breyttum mannréttindakafli. Björg verður gestur á næsta fundi nefndarinnar og mun þá gefast tækifæri til að spyrja hana formlega út í þau atriði sem betur mættu fara.

#### 3. Önnur mál

Afmælissöngurinn var sunginn fyrir Freyju Haraldsdóttur.

### A-nefnd 32. fundur 28.06. 2011

28.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Upplýsingar um lífeyrisréttindi.
2. Ákvæði um dýravernd.
3. Gestur: Björg Thorarensen (kl. 10-12).

#### Fundargerð

32. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 28. júní 2011, kl. 9.30-12.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir

og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Björg Thorarensen var gestur á fundinum kl. 10.00-12.00. Pawel Bartoszek sat fundinn kl. 11.30-12.00.

#### 1. Upplýsingar um lífeyrisréttindi

Þorvaldur fór fram á að ritari nefndarinnar myndi kalla eftir nöfnum á þeim aðilum sem mestra lífeyrisréttinda njóta skv. svari sem barst frá LSR. Nefndin ákvað að biðja ekki um frekari upplýsingar.

#### 2. Ákvæði um dýravernd

Ákveðið var að bíða eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum, áður en ráðist er í breytingar á ákvæðinu.

#### 3. Gestur: Björg Thorarensen

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, kom á fund nefndarinnar, eftir að hafa verið beðin um að gefa álit á hugmyndum um nýjan mannréttindakafli. Hún taldi sér ekki fært að bregðast við með formlegum hætti, en svaraði spurningum nefndarfólks um nokkur lyklatríði.

Brottfall orðanna „siðgæði“, „allsherjarregla“ og „velsæmi“.

Nefndin hefur lagt til að nokkur orð séu felld úr stjórnarskránni, þar sem merking þeirra sé of matskennd og jafnvel sé hægt að misnota þau. Björg telur að slíkar orðalagsbreytingar beri að nálgast með varúð, þar sem orð hafi oft fengið mjög skýra og afmarkaða merkingu í dómaframkvæmd. Það verði að liggja skýrt fyrir hvert markmið textabreytinga er og nefndin þurfi að leggja mat á hugsanlegar afleiðingar þeirra. Nefndi hún sem dæmi að undir allsherjarreglu falli ýmislegt sem tengist réttarvörslukerfinu, og úrræðum til að stemma stigu við afbrotum, heimildir til að skerða frelsi manna með lögmætri handtöku, svo og ýmsar rannsóknaraðgerðir lögreglu sem viðurkennt er að þurfi við uppljóstrun sakamála. Undir takmarkanir sem hvíla á siðgæði er einna helst tekið sem dæmi dreifing og birting á klámi. Öll orðin þrjú sækja beina fyrirmynd í mannréttindasáttmála Evrópu. Þau standi í ákveðnu samhengi við önnur atriði sem eru heimill grundvöllur takmarkana á mannréttindum og löng hefð sé fyrir því hvernig þessar takmarkanir eru túlkadar eða þeim beitt. Ekki verði séð að þau hafi valdið sérstökum vandkvæðum eða misnotkun og A-nefnd hafi engin efnisleg rök fært fyrir þörf á að fella þau niður.

Afleiðingar þess að taka út heimild til skylduaðildar að félögum.

Nefndin hefur lagt til að heimild til skylduaðildar að félögum sé felld brott úr ákvæði um félagafrelsi. Taldi Björg slíka breytingu geta haft talsverðar afleiðingar á nokkrar tegundir félaga, sem þjóni almannahagsmunum. Dæmi um slíkt eru félög fagstétta, sem sinna ákveðnu eftirliti með viðkomandi stétt, t.d. lögmönnum, læknum og fasteignasölum. Þá byggja veiðifélög og húsfélög á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar sem nefndin hafi ekki sýnt fram á skýra þörf á að fella

málsliðinn brott lagði Björg til að hann fengi að standa óbreyttur.

Þó væri ljóst að hluti ákvæða um félaga- og fundafrelsi sé nokkuð fornfálegur. T.d. sé ákvæði um að banna megi um sinn starfsemi félags sem talið sé hafa ólöglegan tilgang sennilega úrelt, enda hafi því aldrei verið beitt.

Brottfall réttar lögreglu til að vera við almennar samkomur.

Björg taldi ekki sýnt fram á þörf fyrir brottfalli heimildarinnar, enda leiði hún af almennum sjónarmiðum um þörf á að halda uppi allsherjarreglu – sem hingað til hafi verið talin óumdeild.

#### Þjóðkirkjuákvæði

Nefndin bað um álit á mögulegum breytingum eða brottfalli á sérstöku ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá. Björg sagðist vera þeirra skoðunar að ekki sé rétt að svipta þjóðina rétti til að fá að taka beina afstöðu til kirkjuskipunar ríkisins í þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og núna er tryggt í 2. mgr. 79. gr. Þrátt fyrir þetta telji hún að nægilegt sé að fjalla um kirkjuskipan í almennum lögum. Þannig sé hægt að taka yfirlýsingu um þjóðkirkju og samband ríkis og kirkju úr stjórnarskrá án þess að kirkjuskipan ríkisins breytist, svo lengi sem 1. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 stendur óbreytt. Þessi skoðun sé hins vegar ekki óumdeild.

Önnur leið sem hægt væri að fara en þær sem nefndin hefur þegar kynnt sé að halda inni ákvæði í stjórnarskránni að setja skuli lög um skipan og starfshætti evangalísku lútersku kirkjunnar. Til að viðhalda reglunni sem nú er í 2. mgr. 79. gr. mætti halda inni í stjórnarskránni ákvæði um að breytingar á þeim lögum sem fela í sér breytingar á skipan kirkjunnar skuli fara í þjóðaratkvæði.

Innleiðing alþjóðlegra mannréttindasamninga  
Innleiðing alþjóðlegra mannréttindasamninga eins og hún birtist í tillögum nefndarinnar gengur of langt að mati Bjargar – framselur í raun hluta stjórnarskrárvaldsins til alþjóðastofnana. Líta megi til Noregs, þar sem sambærilegt ákvæði gefur mannréttindasamningum stöðu yfir almennum lögum, þó ekki jafnstöðu með stjórnarskrá.

#### Almennt um kaflann

Taldi Björg nauðsynlegt að skoða innbyrðis samræmi í kaflanum og uppröðun ákvæða. T.d. geti orkað tvímælis að ákvæði um frelsi fjölmiðla og upplýsingafrelsi standi framar ákvæði um vernd gegn pyndingum. Vel færi á því að byrja kaflann á jafnræðisreglu, en „manngreinarálit“ sem nefndin hefur bætt inn í jafnræðisregluna, þykir ekki nógu lipur þýðing á „discrimination“. Betra væri að tala um „mismunun“.

### A-nefnd 33. fundur 29.06. 2011

29.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Lokafrágangur kafla.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

33. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 29. júní 2011, kl. 9.30-12.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Illugi Jökulsson hafði boðað fjarvistir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Lokafrágangur kafla

Nefndin fór yfir þær greinar kaflans sem enn þarf að slípa til, m.a. með tilliti til athugasemda sem komu fram á fundi með Björgu Thorarensen. Ákveðið var að senda nokkrar þeirra sérstaklega í frekari yfirllestur hjá sérfræðingum.

#### 2. Önnur mál

Engin rædd.

### A-nefnd 34. fundur 30.06. 2011

30.06.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Útistandandi greinar.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

34. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 30. júlí 2011, kl. 9.30-12.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Illugi Jökulsson hafði boðað fjarvistir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Útistandandi greinar

Áfram unnið í fínþússun á mannréttindakaflanum. Ýmsar smávægilegar breytingar gerðar, til framlagnings á næsta ráðsfundi.

1. Orðalag: Nefndin breytti orðalagi nokkurra greina á þann veg, að horfið var frá 1. persónu fleirtölu. Þó var sjaldnast horfið aftur til fyrra orðalags, heldur reynt að halda inni orðalagi beggja kynja, líkt og til hafði staðið.
2. Þjóðkirkja: Ákveðið var að gera skoðanakönnun meðal ráðsfulltrúa, til að sjá hver þeirra hugmynda sem upp eru komnar varðandi þjóðkirkjuákvæði nýtur mesta stuðningsins. Núverandi framsetning áfangaskjals þykir ruglandi, þannig að til bóta væri að finna eina útfærslu sem einhugur geti ríkt um. Silja Bára tók að sér að setja valkosti á blað og finna tíma þar sem allir ráðsfulltrúar gætu mætt á fund A-nefndar.

#### 2. Önnur mál

Engin rædd.

## B-nefnd 28. fundur 27.06. 2011

27.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundur með Björgu Thorarensen.
2. Fundur með Sigurði Rúnari Sigurjónssyni.

### Fundargerð

28. fundur B-nefndar haldinn 27. júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Gísli Tryggvason, Salvör Nordal.

Þá sat fundinn Sif Guðjónsdóttir. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð

Gestir fundarins voru Björg Thorarensen prófessor í lögum við Háskóla Íslands og Sigurður Rúnar Sigurjónsson nefndarritari fjárlaganefndar Alþingis (kl. 13:00).

Katrín Fjeldsted setti fundinn kl. 9:30. Björg Thorarensen hafði skilað minnisblaði með punktum.

#### 1. Fundur með Björgu Thorarensen

##### 1. Stjórnarmyndun

Björg gerði grein fyrir sinni afstöðu um myndun ríkisstjórnar. Telur hún að ekki sé sýnt fram á sérstök rök fyrir því að að umbylta núverandi kerfi um stjórnarmyndanir og svipta forseta Íslands því hlutverki að veita stjórnarmyndunarumboð. Óumdeilt er að forseti er bundin af þingræðisreglunni en hún telur að forseti geti haft mikilvægu hlutverki að gegna þegar mikið liggur við t.d. að enginn meirihluti sé til staðar í þinginu fyrir neins konar stjórnarmynstri. Þá hafi hann möguleika á að skipa utanþingsstjórn og um leið sé girt fyrir að pattstaða myndist. Lagði Björg til að sem viðlagaákvæði gæti komið til heimild forseta til að skipa utanþingsstjórn, en það skortir á í tillögunni að hvað gerist t.d. ef ekki næst samkomulag um að kjósa forsætisráðherra. Þá sé ekki séð að þessi útfærsla sé betri en núgildandi stjórnskipunarréttur kveður á um, betra sé að þroska okkar kerfi sem hefur þróast undanfarna áratugi.

Björg gerir athugasemdir að stjórnarskrárbinda fjölda ráðherra. Slíkt sé talsverð mikil íhlutun í verkefni og svigrúm ríkisstjórna. Óþarflega mikill ósveigjanleiki í samræmi við stjórnarskrár annarra ríkja. Athugasemdir gerðar við stjórnarmyndun, og betra sé að þroska viðkomandi kerfi sem við höfum verið með undanfarna áratugi.

Athugasemd gerð við að vanti á að skýrara ábyrgð að forseta, honum beri að kanna vilja þingsins og veita umboðið. Slíkt þarf að koma fram í ákvæðinu. Vinnur gegn því sem nefndin er að vinna að að forseti sé í fororði við stjórnarmyndun.

##### 2. Ráðherraábyrgð

Björg gerði grein fyrir mikilvægi þess að þegar rætt væri um ábyrgð ráðherra í núgildandi stjórnarskrá sé

vísað til lagalegrar ábyrgðar á embættisbrotum. Björg telur að tilvísunin „innan marka stjórnarstefnunnar“ sé óljós hvað varðar lagalega refsíábyrgð og vekur upp margar spurningar. T.d. mætti gagnálykta á þá leið að forsætisráðherra beri ekki ábyrgð ef eitthvað fer út fyrir stjórnarstefnuna. Að lokum er það matsatriði og almennt pólitískt atriði hvað fellur innan marka stjórnarstefnunnar eður ei. Ef átt er við pólitíska ábyrgð þarf það að vera alveg ljóst enda grundvallaratriði. Þingræðisreglan á ennfremur að tryggja að fari forsætisráðherra út fyrir stjórnarstefnuna þannig að hann missi traust þingsins, á þingið einfaldlega að samþykkja vantraust á hann og sama gildir um einstaka ráðherra, að forsætisráðherra á að skipa þeim út farið þeir út fyrir stjórnarstefnuna en þetta eru pólitískt lögmál sem ber ekki að fjölýrða um í stjórnarskrá.

Spurning vaknar hvort að forsætisráðherra sem yfirmensjónarmaður geti borið refsíábyrgð á því að stjórnarstefnan nær ekki fram að ganga eða farið í bága við hana? Spurning að breyta orðalaginu ábyrgð, og því fremur að ræða um hlutverk forsætisráðherra þar sem hann eigi að gegna ákveðnu verkstjórahlutverki. Þá telur Björg ekki nógu ljóst af lestri heildartillagana um ráðherra og ríkisstjórnir hvort verið er að tala um pólitíska og lagalega ábyrgð. Slíkt þarf að taka fram með skýrum hætti í greinargerð.

Björg telur nýtt ákvæði um ráðherraábyrgð til bótar. Gæti leitt til þess að löggjafinn þurfi að breyta lögum um ráðherraábyrgð.

##### 3. Ríkisstjórn sem fjölskipað stjórnvald

Björg telur að ekki hafi komið fram sterk rök fyrir því að ríkisstjórn sé fjölskipað stjórnvald og hún eigi að taka sameiginlega ábyrgð í ákveðnum tilvikum. Spyrja þarf hvað næst fram með slíkum breytingum? Þá sé mikilvægt að hugsa til enda hvernig lagalegri ábyrgð verður komið fram gegn ríkisstjórninni í heild eftir að hún hefur tekið sameiginlega ákvörðun í tilteknu máli. Rætt var um hvað eru mikilvæg og stefnumarkandi málefni þar sem ríkisstjórn kemur fram líkt og fjölskipað stjórnvald.

Þent á að breytingin kallar á talsvert ítarlega löggjöf um málsmeðferð á slíkum ákvörðunum. Fjölskipað stjórnvald er meginbreyting á meðferð mála. Í sumum tilvikum gæti ábyrgð orðið óljósari þegar enginn ber ábyrgð öðrum fremur.

##### 4. Forseti Íslands

Björg bendir á að ávallt hafi verið óráðin gáta þegar forseti ákveður að synja lögum staðfestingar þ.e. óljóst er af hverju forseti beitir heimild sinni þ.e. beiting heimildarinnar er tilviljunarkennd. Hún bendir á að margskonar útgáfur af möguleikum til þjóðaratkvæðis. Verður að hafa skynsamleg mörk á því og krefjast ákveðinna fomrskilyrða ella gæti slíkar heimildir verið ávísun á algeran glundroða.

Hlutfall kjósenda geti skilað bænaskjali til forsetans t.d. tiltekin fjöldi kjósenda krefjist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri tilraun til sameiningar á þeim þremur leiðum sem kjósendum gefst nú til að skjóta málum til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Heppilegast að þetta færi í gegnum þingið - í gegnum minnihluta þingmanna sem endurspeglar vilja þjóðarinnar. Stjórnarandstaða og minnihluti þingmanna

þyrfti að taka ábyrgð á beitingu málskotsréttar. Samþærileg heimild í Danmörku sem kom inn árið 1953 og hefur ekki verið misnotuð í framkvæmd.

#### 5. Bráðabirgðalög

Björg telur ekki aðkallandi að afnema heimild til útgáfu bráðabirgðalaga enda hefði útgáfa þeirra dregist saman frá því að heimildin var þrengd með stjórnarskárþrengingum árið 1991.

Þannig geti komið upp mistök í lagasetningu eða sérstakar og knýjandi aðstæður sem leiða til þess að bregðast þurfi skjótt við.

#### 6. Forseti skipi dómara

Björg bendir á að spyrja eigi hvort það bæti núverandi stjórnskipan hvort að forseti hafi aukin völd í ríkara mæli sem hann hefur persónulega. Við skipun í ædstu embætti þarf að huga að umbúnaði og málsmeðferð sem fylgi ákvæðnum reglum. Mikilvægt við veitingu embættis að til sé sérstaklega vandaður ferill sem tryggir það að pólitískur geðþótti ráði ekki för. Ef forseti á að hafa persónulegt vald við að skipa embættismenn þá kallar það á skýrar reglur um ábyrgð í þeim efnum. Forseti hefur ábyrgð sem hvergi er fjallað um í stjórnarskránni. Þá myndi slík breyting líklega leiða til þess að forsetaembættið þyrfti að verða einhvers konar stofnun, a.m.k. myndi stjórnarsýsla embættisins aukast talsvert.

Björg segir forseta ekki hafa svigrúm til að neita að skipa embættismenn skv. núverandi 20. gr., vald hans sé formlegs eðlis þar sem hann undirriti bara skipunarbréf. Hann hefur ekkert persónulegt vald við skipun embættismanna í dag. Það þyrfti að koma til lagaleg og pólitísk ábyrgð í þeim tilfellum þegar forseti hefur persónulegt skipunarvald. Þá þyrfti að setja inn ákvæði um ábyrgð forseta sem og sérstök lög um ábyrgð forseta, stjórnarathafnir. Vandamálið við skipun Hæstaréttardómara að það var ekki til neitt skýrt faglegt ferli. Umsögn nefndar þ.e. Hæstaréttar var ekki talin bindandi og því gat ráðherra skýlt sér á bak við það að ráðningin væri matsatriði. Í dag er búið að lögbinda ákvæðið ferli.

#### 7. Ríkisráð

Björg segir Ríkisráð sögulega stofnun sem hefur ákvæðið formlegt hlutverk í dag. Hins vegar sé efnislegt hlutverk þess ekkert. Ríkisráð sé ein elsta stofninunin í íslenskri stjórnskipun og fyrrum sú valdamesta. Það hefur frá upphafi verið vettvangur ákvarðana ædstu stjórnar ríkisins, þ.e. handhafa framkvæmdarvaldsins, áður ráðherra og konungs og nú ráðherra og forseta.

Björg segir að hlutverk ríkisráðsins hér á landi sé einvörðungu að vera vettvangur fyrir staðfestingu forseta á ýmsum ákvörðunum ráðherra, en skv. 19. gr. stjórnarskrárinnar þarf meðundirritun forseta til þess að stjórnarákvörðun taki gildi. Þá kemur ríkisráð saman þegar forseti skipar ríkisstjórn eða ráðherra, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar og hugsanlega við hátiðleg tækifæri en fastir fundir þess eru tvisvar á ári. Þar endurstaðfestir forseti m.a. stjórnarákvarðanir sem hann hefur í raun undirritað áður til að þær gætu tekið gildi. Ákvörðun um hvernig starfi ríkisráðs verður hagað hlýtur að ráðast af því hvernig vald forseta verður skilgreint í stjórnarskránni. Ef fallið er frá þeirri skipan að

forseti meðundirriti ákvarðanir ráðherra eða afnumið verður vald hans til að skipa ráðherra er í raun búið að afnema hlutverk ríkisráðs og ekki þörf á því, nema því verði fengið eitthvað nýtt hlutverk vilji menn viðhalda þessari sögulegu stofnun.

Spurt er hvaða vettvangur sé til að taka til umræðu um utanríkismál milli framkvæmdarvaldshafa þ.e. forseta og ríkisstjórnar? Vilji B nefndar er að forseti sé bundinn af utanríkisstefnu ríkisstjórnar og beri að tala hennar máli en C nefnd hefur lagt fram tillögu þess efnis.

Fram kemur að ef málskotsrétti er beitt þá á forseti að bera það upp í ríkisráði. Hins vegar bent á að tilkynning eigi að berast Alþingi en ekki ríkisráði enda er það í grunninn vettvangur framkvæmdarvaldsins, en beiting málskotsréttar íhlutun í löggjafarvaldið.

#### 2. Fundur með Sigurði Rúnari Sigurjónssyni nefndarritara fjárlaganefndar Alþingis

Greiðsluheimildir og fjárukalög  
Sigurður Rúnar Sigurjónsson kom á fund nefndarinnar kl. 13.00. Sigurður kynnti fjárlagaferlið fyrir nefndarmönnum og fjallaði um þinglega hluta fjárlagaferlisins. Lögð voru fram gögn. 1. Glærur 2. Útdráttur úr ritgerð SRS 3. Umfjöllun um starf fjárlaganefndar hjá danska þinginu 4. AGS og þinglegi hluti fjárlagaferlisins 5. Lög um fjárreiður ríkisins og þingskóp Alþingis.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

### B-nefnd 29. fundur 28.06. 2011

28.06.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Fundur með Páli Þórhallssyni - framlagning minnisblaðs.

#### Fundargerð

29. fundur B-nefndar haldinn 28. júní 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Erlingur Sigurðarsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Salvör Nordal.

Gísli Tryggvason boðaði forföll. Þá sat fundinn Sif Guðjónsdóttir. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Páll Þórhallsson sérfræðingur við Háskóla Reykjavíkur og skrifstofustjóri löggjafarmála hjá forsætisráðuneytinu var gestur fundarins.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Fundur með Páli Þórhallssyni.

Lagt fram minnisblað um frumkvæði að lagasetningu, sjá álit nr. 34724.

Bókað að Páll hafi ekki haft með höndum nýjustu tillögu nefndarinnar um flutning og meðferð þingmála

við gerð minnisblaðsins. Tillagan hefur tekið einhverjum breytingum sbr. Samþykkt breytingartillaga þar um þann 24. júní síðastliðinn.

Nefndarmenn ræddu við Pál um inntak minnisblaðsins.

Að lokum benti Páll á að til að bæta gæði lagasetningar og aðkomu þingsins sjálfs væri hægt að gefa óháðum aðila, líkt og Lögrétta sem nú er getið í tillögum Stjórnlagaráðs, viðtækara hlutverk. Lögrétta gæti eftir atvikum, gefið álit á lagafrumvörpum, hvort til þeirra hafi verið vandað, hvort samráð við aðila hafi verið haft og áhættumat eða mat á áhrifum fylgdi frumvörpunum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

## **B-nefnd 30. fundur 29.06. 2011**

29.06.2011 13:00

### Dagskrá

1. Breytingartillögur og yfirferð.

### **Fundargerð**

30. fundur B-nefndar haldinn 29. júní 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pétur Gunnlaugsson og Erlingur Sigurðarsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll og Gísli Tryggvason tilkynnti veikindi. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður, Katrín Fjeldsted, setti fundinn.

1. Skipan starfshóps um forseta Íslands.  
Samþykkt að skipa starfshóp þvert á nefndir um hlutverk forseta Íslands.
2. Breytingartillögur eftir umsagnir sérfræðinga.  
Farið var yfir athugasemdir sérfræðinga við tillögur nefndarinnar:

1) Tillögu Bjargar Thorarensen, prófessors í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, frá mánudeginum 27. júní. Breytingar voru gerðar í samræmi við ýmsar athugasemdir Bjargar, m.a. í tengslum við ákvæði um ráðherraábyrgð.

2) Tillögu Páls Þórhallssonar, sérfræðings við forsætisráðuneytið, um frumkvæði að lagasetningu og löggjafarferlið. Ákveðið var að skýrt yrði tekið fram að ráðuneyti kæmu enn að samningu frumvarpa en ráðherrar þyrftu fyrst að leggja þau fram í þingnefndum og afla þar brautargengis m.a. með hliðsjón af því að samráð sé haft um lagasetningu. Breytt var ákvæði um meðferð þingmála.

Þórhildur Þorleifsdóttir mætti á fundinn kl. 11.00.

3) Tillögu Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, ritara fjárlaganefndar Alþingis, um meðferð fjárlaga, fjár-

stjórn og fjárukalög. Ákveðið var að takmarka eða þrengja heimild til fjárukalaga.

3. Skipun í starfshóp um forseta Íslands.

Ákveðið að Vilhjálmur Þorsteinsson og Þórhildur Þorleifsdóttir fari úr nefnd B að vinna að málefnum forseta Íslands. Eiríkur Bergmann Einarsson vék af fundi.

Bókað: Erlingur Sigurðarson telur að fundurinn sé ólögmaður þegar aðeins þrjú nefndarmenn eru viðstaddir samkvæmt starfsvenju. Þá mótmælti hann aðferð formanns við skipun starfshóps þ.e. að tilkynna einhliða skipun strax í upphafi fundar eftir hádegi. Formaður hafi sagt fyrir fundarhlé að tilnefnt yrði í hópinn á fundi nefndarinnar en ekki yrði skipað einhliða af formanni eða stjórn.

4. Breytingar á meðferð fjárlaga og fjárukalaga.

Gerð var tillaga að breytingu á ákvæði um greiðsluheimildir og fjárukalög.

Gerð var tillaga að breytingu á ákvæði um gerð fjárlaga, m.a. að fordæmi stjórnlaganefndar um fjárstjórn ríkisins.

Gerðvar tillaga að breytingu á ákvæði um meðferð fjárlaga.

5. Sveitarstjórnir.

Gerð var tillaga að breytingum á skýringartexta með grenndarreglu, sem og rætt hvaða hugtak væri best til fallið fyrir regluna. Bent á að grenndarréttur er hugtak í lögfræði og ekki megi rugla þessu saman.

Fleira var ekki gert og fundið slitið kl. 15.30.

## **B-nefnd 31. fundur 30.06. 2011**

30.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Tillögur starfshóps um forseta Íslands.
2. Breytingar á tillögum um fjárstjórn og fjárlög.

### **Fundargerð**

31. fundur B-nefndar haldinn 30. júní 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson og Erlingur Sigurðarsson. Þá sat fundinn Salvör Nordal, Ari Teitsson, Þorvaldur Gylfason, Katrín Oddsdóttir og Sif Guðjónsdóttir.

Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

1. Starfshópur um forseta Íslands - niðurstöður kynntar.

Starfshópurinn hafði gert breytingar á ákvæði um stjórnarmyndun. Samkvæmt tillögu hópsins veiti forseti Íslands umboð til stjórnarmyndunar en Alþingi

kjósi eftir sem áður forsætisráðherra. Í kjölfar kosninga skipi forseti forsætisráðherra en forsætisráðherra skipi aðra ráðherra. Sjá má tillöguna í heild sinni í fundargerð starfshópsins.

Starfshópurinn lagði til að valkostur tvö í núverandi tillögum B-nefndar falli brott. Verður málskotsréttur með sambærilegu sniði og núverandi stjórnskipan mælir fyrir um þ.e. 26. gr. með breytingum til nútímahorfs. Starfshópurinn tekur að sér að endurskoða orðalag tillögunnar.

Sátt náðist um að forseti komi að skipun dómara og mögulega aðra ædstu embættismenn. Ekki er komin loka niðurstaða frá vinnu hópsins. Salvör Nordal, Þorvaldur Gylfason, Ari Teitsson, Katrín Oddsdóttir og Sif Guðjónsdóttir viku af fundi.

Nefndarmenn ræddu niðurstöður vinnuhópsins.

Rætt var hvort að starfshópurinn ætti ekki að klára orðalagsbreytingar á einstaka ákvæðum tillögunnar kæmi til lokayfirferðar B-nefndar.

Eiríkur Bergmann Einarsson bókaði andstöðu við það verklag.

2. Breytingartillögur frá undirnefnd lagðar fram.

Breytingartillögur á framlögðum ákvæðum varðandi meðferð fjárlaga.

Fundi frestað til kl. 15:00.

Fundi fram haldið frá 15:00. Vilhjálmur Þorsteinson og Þórhildur Þorleifsdóttur gáfu skýrslu frá fundi vinnuhópsins.

Ákveðið að leggja aðeins fram skýrslu yfir störf B-nefndar á næsta ráðsfundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.

## C-nefnd 34. fundur 27.06. 2011

27.06.2011 10:00

### Dagskrá

1. Heimsókn Ragnhildar Helgadóttur prófessors.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

34. fundur C-nefndar, haldinn 27. júní 2011, kl. 10.00-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Gestur fundarins var Ragnhildur Helgadóttir. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Heimsókn Ragnhildar Helgadóttur lagaprófessors Ragnhildur Helgadóttir prófessor fór yfir skriflegar athugasemdir sínar við kafla nefndarinnar og þær spurningar sem til hennar var beint í framhaldinu.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 28. maí kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## C-nefnd 35. fundur 28.06. 2011

28.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um dómssvaldið.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

35. fundur C-nefndar, haldinn 28. júní 2011, kl. 9.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Guðmundur Gunnarsson boðaði forföll. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Kafli um dómssvaldið

Rætt var um hvort rétt sé að fylgja texta stjórnlaganefndar í 2. gr. varðandi sjálfstæði dómstóla.

Rætt var um lögsögu dómstóla og að taka út setningu um að dómstólar skeri úr um lögmæti almennra kosninga. Það sé við lýði nú þegar, en spurning um vald Alþingis varðandi kjörgengi og kjörbréf.

Rætt var um ákvæði um skipan dómara og hve ítarlegt það eigi að vera í stjórnarskrá, hvort það sé ráðherra eða forseti sem eigi að skipa þá, hvort það sé hæfnisnefnd sem tryggji best hæfni og málefnaleg sjónarmið og hvort það þurfi meirihluta eða aukinn meirihluta þings til að samþykkja ef ekki er farið að ráðum hæfnisnefndar. Rætt um uppröðun kaflans í ljósi breytingartillögu KO og ÞH.

2. Önnur mál

Rætt um starfið fram undan og vinnslu greinargerða við ákvæði einstakra kafla.

3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 29. júní kl. 9.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## C-nefnd 36. fundur 29.06. 2011

29.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Kafli um utanríkismál.
2. Kafli um dómssvaldið.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

36. fundur C-nefndar, haldinn 29. júní 2011, kl.



9.30 -12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um utanríkismál

Rætt var um hvort setja beri í 1. gr. að utanríkis-málanefnd starfi allt árið, á þingtíma sem í þinghléum eða hvort nægilegt sé að það komi fram í greinargerð. Rætt var um tímabilið áður en kosið er í nefndir eftir kosningar til Alþingis, hverjir sitji þá í utanríkis-málanefnd og beri ábyrgð á eftirliti með framkvæmda-valdinu.

Rætt var um hvort nefndin eigi að vera kölluð utan-ríkismálanefnd í stjórnarskrá eða sú nefnd sem fer með utanríkismál.

Rætt var um að skerpa á skyldu ráðherra til að hafa samráð við utanríkismálanefnd. Tengist dómsvald-skaflanum varðandi möguleg mál gegn ráðherra vegna athafnaleysis, ef hann hefur ekki réttmætt samráð við nefndina.

Rætt var um orðalag um forseta í 1. gr. um hvort beri að setja inn að hann komi fram sem þjóðhöfðingi og hvort að taka þurfi fram að honum beri að fylgja stefnu stjórnvalda.

Rætt var um orðalag í 1. gr. um hernaðaraðgerðir og athugasemdir Bjargar Thorarensen um að það sé of óljóst og víðtækt. Athuga frekar orðalagið vopnuð árás eða stríð eða jafnvel sleppa setningunni. Rætt var um hvort aukinn meirihluti þings eigi að þurfa að vera á bak við slíkan stuðning.

Rætt var um hugtakið samningar við önnur ríki og alþjóðasamningar. Verður að taka fram í greinargerð ef notað er alþjóðasamningur að átt sé við þjóðréttar-samninga án einkaréttarlegs yfirbragðs. Rætt var um þýðingu orðalagsins mikilvægir af öðrum ástæðum. Rætt var um orðalagið í þágu friðar og efnahagssam-vinnu og hversu víðtækt það sé í alþjóðlegri samvinnu. Rætt var um framsal ríkisvalds og hvernig það skuli samþykkt, á Alþingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu í sam-ræmi við stjórnarskrárbreytingar.

#### 2. Kafli um dómsvaldið

Rætt var um skipun dómara og hve ítarlega á að fjalla um það í stjórnarskrá hvernig tryggja skuli mál-efnaleg sjónarmið.

Rætt var um að fella út fyrirkomulag um Landsdóm eða sérskipaðan Hæstarétt en halda inni grein um að Hæstiréttur meti stjórnskipulegt gildi laga og stjórn-arathafna sem lögspeurningar ef þingnefnd, þriðjungur þings eða forseti Íslands þess óska.

#### 3. Önnur mál

Rætt var um hvort þurfi að setja inn í kaflann um kosningar til Alþingis og alþingismenn hvaða aðili eigi að úrskurða um gildi kosninga á fyrsta stigi og þá helst Landskjörstjórn.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánu-

daginn 4. júlí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

## Fundargerð 15. ráðsfundar

01.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Starfsáætlun, breytingartillaga stjórnar.
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar.
  - Utanríkismál, tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Dómsvald, tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar.
  - Mannréttindi, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum áður kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
5. Skýrsla B-nefndar.

15. ráðsfundur - haldinn 1. júlí 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteins-son, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Illugi Jökulsson.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti fimmtudaginn 30. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 14. ráðsfundar, 24. júní, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórn-lagaráðs.

### 2. Starfsáætlun, breytingartillaga stjórnar

Tillagan felur í sér endurskoðun á starfsáætlun sem samþykkt var á 11. ráðsfundi.

Greidd voru atkvæði um endurskoðaða starfsáætlun. Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifs-dóttir, Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Enginn.

Fjarverandi: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugs-dóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson.

Tillagan var því samþykkt með 18 atkvæðum.

### 3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

#### 3.1 Utanríkismál,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða þrjú ákvæði (nr. 1-3) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Utanríkismál”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefna-nefndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu varaformanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Erlingur Sigurðarson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Pétur Gunnlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Dögg Harðardóttir, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Pawel Bartoszek og Gísli Tryggvason.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifs-dóttir, Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson. Satu hjá: Enginn.

Fjarverandi: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugs-dóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fundarhlé. Að loknu hléi tók varaformaður ráðsins við fundarstjórn.

#### 3.2 Dómsvald,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða sjö ákvæði (nr. 1-7) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Dómsvald”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanevndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, formaður Stjórn-lagaráðs tók aftur við fundarstjórn, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Pétur Gunnlaugsson, Katrín Oddsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Lýður Árnason, Þorvaldur Gylfason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifs-dóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Eiríkur Bergmann Einarsson.

Sátu hjá: Enginn.

Fjarverandi: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugs-dóttir, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við ákvæði 5. gr. í tillögu C-nefndar um dómsvald. Flutningsmaður: Eiríkur Bergmann Einarsson.
- Breytingartillaga við ákvæði 7. gr. í tillögu C-nefndar um dómsvald. Flutningsmaður: Þorvaldur Gylfason.

Breytingartillögum þessum var vísað til C-nefndar, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

Fundarhlé.

### 4. Skýrsla og tillögur A-nefndar

#### 4.1 Mannréttindi,

tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum áður kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða sextán ákvæði (nr. 1-2, 4-5, 11, 13-14, 17-18, 21, 24, 28-32) í þeim kafla áfangaskjalsins sem ber yfirskriftina „Mannréttindi”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu varaformanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Ari Teitsson, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Pawel Bartoszek, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Freyja Haraldsdóttir, Þorkell Helgason, Andrés Magnússon, Þorvaldur Gylfason og Gísli Tryggvason.

Fundarhlé.

Varaformaður tók við fundarstjórn eftir hlé og formaður Stjórnlagaráðs vék af fundi.

Að loknu hléi var fundi fram haldið og umræður hófust að nýju. Til máls tók Lýður Árnason.

Örn Bárður Jónsson, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingum frá fulltrúum.

Tillögur A-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson.

Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Salvör Nordal.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum. Vinnu við áfangaskjal lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

- Breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 29. gr. í tillögu A-nefndar um mannréttindi. Flutningsmenn: Ari Teitsson og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.
- Breytingartillaga við ákvæði 14. og 29. gr. í tillögu A-nefndar um mannréttindi. Flutningsmaður: Andrés Magnússon.

Breytingartillögum þessum var vísað til A-nefndar, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

## 5. Skýrsla B-nefndar

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust en enginn fulltrúa kvaddi sér hljóðs.

## 6. Næsti ráðsfundur

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær breytingartillögur sem fram höfðu komið á fundinum, alls fjórar talsins, sbr. bókanir undir liðum 3.2 og 4.1 hér að framan.

Boðað verður til næsta ráðsfundar með dags fyrirvara, í samræmi við starfsreglur ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.20.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Fylgiskjöl 15. ráðsfundar:

34262 - Endurskoðuð starfsáætlun

34268 - Breytingartillögur C nefndar á kafla um utanríkismál

34267 - Breytingartillögur C nefndar á dómstóla-kafla

34263 - Breytingartillögur á mannréttindaákvæðum

34269 - Br.till. EBE - Dómsvaldið

34275 - Br.till. ÞG - Dómsvaldið

34288 - Br.till. AT og ÓÐR - Mannréttindi

34289 - Br.till. AM - Mannréttindi

## Áfangaskjalið á 15. ráðsfundi

### Aðfaraorð

### Mannréttindi

1. Jafnræðisregla  
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnáátengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.
2. Vernd réttinda  
Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda. Öllum skulu jafnframt tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum.  
Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða, að almannahagsmunir krefjist þess, enda sé gætt meðalhófs og ekki vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir.
3. Mannhelgi  
Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
4. Friðhelgi einkalífs  
Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

5. Réttur barna  
Börn eiga rétt á að njóta bernsku sinnar. Þeim skal tryggð í lögum sú vernd, virðing og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns skulu þjóna hagsmunum þess.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar og vilja í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.
6. Tjáningarfrelsi  
Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.  
Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni.  
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.  
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.
7. Upplýsingafrelsi  
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.  
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.  
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.  
Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.
8. Frelsi fjölmiðla  
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.  
Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.
9. Frelsi menningar og mennta  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.
10. Trúfrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.  
Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.  
Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.
11. Þjóðkirkja  
Leið A - Tímabundið ákvæði:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka innan fimm ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.  
Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða fyrsta málsgrein stendur ein eftir.  
Leið B - Valkostir:  
Valkostur 1:  
Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.  
Valkostur 2:  
[Ákvæðið falli brott.]
12. Félagafrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórn málafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
13. Fundafrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundarhalds og mótmæla. Með lögum má þó takmarka þennan rétt, enda teljist takmarkanirnar nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.
14. Ríkisborgararéttur  
Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.  
Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.  
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.
15. Ferðafrelsi  
Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

16. Frelsisvipting  
Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsisvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.  
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
17. Bann við afturvirkni refsingar  
Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
18. Bann við ómannúðlegri meðferð  
Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.  
Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.  
Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
19. Bann við herskyldu  
Herskyldu má aldrei í lög leiða.
20. Réttlát málsmeðferð  
Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.  
Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
21. Heilbrigðisþjónusta  
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.
22. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.  
Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.  
Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.
23. Atvinnufrelsi  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.  
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
24. Félagsleg réttindi  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífs- viðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
25. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
26. Menningarleg verðmæti  
Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
27. Náttúra Íslands og umhverfi  
Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.  
Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.  
Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.
28. Náttúruauðlindir  
Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.  
Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og

hafsbots innan íslenskrar lögsögu, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

#### 29. Upplýsingar um umhverfi

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

Með lögum skal tryggja almenningi aðgang undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og aðild að tengdum dómsmálum.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á lögbundnum meginreglum umhverfisréttar.

#### 30. Dýravernd

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.

Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lífandi verum.

#### 31. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum

Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.

Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttinasáttmála og ganga þeir þá framur almennum lögum.

### Undirstöður

#### 1. Handhafar ríkisvalds

Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.

Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.

#### 2. Yfirráðasvæði

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

#### 1. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.

Kjósendur geta annað hvort valið með persónu- kjöri hvaða framboðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá greiða öllum framboðendum listans atkvæði sitt. Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 framboðendur hvert á landinu öllu.

Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra, sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.

Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

#### 2. Styrkir til stjórnmalasamtaka

Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og framboðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.

#### 3. Kosningaréttur

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

#### 4. Kjörgengi

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkad mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

#### 5. Alþingiskosningar

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.

Kjörtímabil er fjögur ár.

Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

### Störf Alþingis

#### 1. Hlutverk

Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

#### 2. Friðhelgi

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

3. Starfstími  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.  
Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í lög-gjafarþing.
4. Samkomustaður  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.
5. Eiður alþingismanna  
Sérhver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnar-skránni er kosning hans hefur verið tekin gild.
6. Sjálfstæði alþingismanna  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sann-færingu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.
7. Þingforseti  
Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum at-kvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varafor-setar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þing-störfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
8. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
9. Þingnefndir  
Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál og sérnefndir eftir því sem við á.  
Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
10. Opnir fundir  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.  
Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi.
11. Frumkvæðisréttur  
Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frum-vörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.
12. Meðferð þingmála  
Frumvörp og tillögur alþingismanna, skýrslur til Alþingis og frumvarpsdrög og tillögur frá ríkis-stjórn eru tekin til umfjöllunar og meðferðar í þingnefndurm áður en þau eru flutt og rædd á Alþingi.  
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóð-réttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur.  
Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.  
Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þing-mála í lögum.
13. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
14. Staðfesting laga / málskotsréttur  
Valkostur 1:  
Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undir-ritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.  
Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður laga-gildi, en bera skal löginn innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort löginn halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram ef Alþingi fellir löginn áður úr gildi. Um framkvæmd þjóðaratkvæða-greiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.  
Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjár-aukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkis-borgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.  
Valkostur 2:  
Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undir-ritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar. For-seti getur innan viku frá móttöku frumvarpsins ákveðið að láta það ganga til Alþingis á ný með rökstuddu álit. Að öðrum kosti staðfestir forseti frumvarpið og fær það þá lagagildi.  
Gangi frumvarp á ný til Alþingis skal það, eftir umfjöllun í þingnefnd, rætt og afgreitt við eina umræðu. Verði frumvarpið samþykkt án efnis-breytinga fær það lagagildi við undirritun forseta Alþingis án staðfestingar forseta Íslands, en fellur niður ella.
15. Birting laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóð-réttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
16. Skipan skattamála  
Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.  
Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
17. Skattlagningarvald  
Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.

- Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.
- Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.
18. Frumvarp til fjárlaga  
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.
  19. Greiðsluheimildir og fjárukalög  
[Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum. Fjármálaráðherra getur þó innt greiðslu af hendi án heimildar í fjárlögum til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni, fyrirfram ef þess er nokkur kostur,] og leita heimildar í fjárukalögum.]
  20. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
  21. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
  22. Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd  
Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna.
  23. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
  24. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína.  
Alþingismaður verður ekki krafinn reiknings- skapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.
  25. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.
  26. Þingrof  
[Forseti Íslands] getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
  27. Lögrétta  
Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.  
Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.
- ### Ráðherrar og ríkisstjórn
1. Ráðherrar  
Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnýslu sem undir þá heyrir, innan marka stjórnarstefnunnar.  
Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra eða staðgengli sínum úr þeirra hópi.
  2. Ríkisstjórn  
Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er ábyrgur fyrir meginatriðum stjórnarstefnunnar og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.  
Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvarpsdrög og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.  
Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.  
Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.
  3. Stjórnarmyndun  
Alþingi kys forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar hann í embætti.  
Til undirbúnings kosningunni fara fram viðræður í þinginu um stjórnarsáttmála og skipan ríkisstjórnar. Á grundvelli þeirra viðræðna, og eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn, gerir forseti Alþingis tillögu um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir þingforseti nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir. Sá



er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu. Þá tilnefni forsætisráðherra ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má.

Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Ráðherrar vinna eið að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.

4. Setutími ráðherra

Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.

5. Ráðherrar og Alþingi

Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.

6. Upplýsingaskylda ráðherra

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirætlum í lögum.

7. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

8. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

9. Vantraust

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann [hans/hennar].

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á [hann/hana] er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

10. Ráðherraábyrgð

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum

ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir Hæstarétti. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum

11. Starfsstjórn

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

### Stjórnsýsla og eftirlit

1. Skipun embættismanna

[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.

Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.

Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.

2. Umboðsmaður Alþingis

Alþingi kys umboðsmann [almennings] til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Hann gætir þess að jafnræði sé í heidri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

[Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns nema dómstóll kveði á um annað.

Að öðru leyti skal kveðið á um störf umboðsmanns í lögum.

3. Ríkisendurskoðun

Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.

Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

4. Ákærvald og ríkissaksóknari

Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.

Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis ríkissaksóknara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji ráðherra ekki í embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða.

Ríkissaksóknari nýtur sömu verndar í starfi og dómara.

## 5. Forstöðumenn sjálfstæðra stofnana

### Valkostur 1:

Forseti skipar að fengnum niðurstöðum hæfnisnefnda í embætti forstöðumanna þeirra stofnana sem lög mæla að skuli vera sjálfstæðar. Samþykki forseta þarf til þess að leggja niður stofnanir sem eru sjálfstæðar lögum samkvæmt.

### Valkostur 2:

[Ekki verði sérstök grein þessa efnis í stjórnarskránni enda falli málið undir almenna grein um skipun embættismanna.]

## Forseti Íslands

### 1. Embættisheiti og þjóðkjör

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

### 2. Kjörgengi til forseta

Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.

### 3. Forsetakjör

Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst [eins] af hundraði kosningarbærra manna og mest [tveggja] af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

### 4. Kjörtímabil forseta

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. [Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.]

### 5. Eiður forseta

Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.

### 6. Starfskjör forseta

Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

### 7. Staðgengill forseta

Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.

### 8. Fráfall forseta

Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

## 9. Ábyrgð forseta

Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

### Valkostur 1:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.

### Valkostur 2:

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

## 10. Setning Alþingis

Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.

## 11. Náðun og sakaruppgjöf

Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

## Dómsvald

### 1. Skipan dómstóla

Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.

### 2. Sjálfstæði dómstóla

Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.

### 3. Lögsaga dómstóla

Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.

Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

### 4. Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.

Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörð-

unum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.

5. Skipun dómara

Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.

Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis dómara.

Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.

6. Sjálfstæði dómara

Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

7. Stjórnarskrársamræmi

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða forseti Íslands, geta vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá.

### Lýðræðisleg þátttaka almennings

1. Málskot til þjóðarinnar

Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.

Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.

Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.

2. Þingmál að frumkvæði kjósenda

Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.

Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gantillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.

Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.

3. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðar-atkvæðagreiðslu

Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almanna-hag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttar-skuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.

Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.

Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

4. Stjórnarskrárbreytingar

Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Hafi fimm sjötu hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

### Sveitarfélög

1. Sjálfstjórn sveitarfélaga

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

2. Nálægðarregla

Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.

3. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði

Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

4. Samráðsskylda

Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

## Utanríkismál

1. Meðferð utanríkismála  
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og fylgir þeirri stefnu.  
Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.  
Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.
2. Þjóðréttarsamningar  
Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd ríkisins. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fölgð afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.
3. Framsal ríkisvalds  
Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.  
Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem við eiga um breytingu á stjórnarskrá þessari.

## Lokaákvæði

## 16. ráðsfundur 12.07. 2011.

### A-nefnd 35. fundur 04.07. 2011

04.07.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Viðbrögð við athugasemdum.
2. Innsend erindi.

#### Fundargerð

35. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 5. júlí 2011, kl. 10.00-12.00 og 13.10-14.30.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson og Örn Bárður Jónsson voru fjarverandi eftir hádegishlé. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Viðbrögð við athugasemdum

Nefndin fór yfir athugasemdir sem komu fram á síðasta ráðsfundi, við endanlegar tillögur að mannréttindakafli. Í ljósi þess voru breytingar gerðar á nokkrum ákvæðum, til framlagningar á næsta ráðsfundi.

#### 2. Innsend erindi

Eftir hádegishlé fór nefndin yfir þau erindi sem ekki höfðu verið tekin til formlegrar afgreiðslu. Nefndin tók tillit til þeirra þar sem við átti.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum

33740 Helgi Briem. Höfnum mismunun á grundvelli trúar.

33784 Einar V. Tryggvason. Friðhelgi heimilis og afsal fullveldis.

33785 Ómar Antonsson. Eignarréttur sjávarjarða.

33846 Haukur Már Helgason. Ríkisborgarar í stað þjóðar.

33849 Elín Þóra Friðfinnsdóttir. Námslán.

33853 Nils Gíslason. Hvað eru auðlindir?

33856 Guðrún Jóhannsdóttir. Dánarbúi.

33857 Gylfi Garðarsson. Samfélagseignarréttur.

33859 Reynir Harðarson. Sumir eru jafnari en aðrir.

33864 Nils Gíslason. Verum sjálfum okkur samkvæm.

33865 Þórir Baldursson. Hin almenna umræða.

33874 Michael-Paul Gionfriddo. Democratic-Republicanism an American Perspective.

33875 Ingólfur Harri Hermannsson. Sáttartillaga um bætt trúfrelsi.

33887 Mike Gionfriddo. Bill of Rights.

33888 Jónas Þórir Þórisson. Þjóðkirkja.

33893 Mike Gionfriddo. Religious Freedom.

33897 Þorbergur Þórsson. Hver á sök sem vill.

33900 Gunnar Grímsson. Athugasemdir við áfangaskjal að stjórnarskrá Íslands.

33905 Guðrún Ægisdóttir. Einfaldlega hrós.

33921 Sesselja María Mortensen. 2. liður stjórnarskrárinnar.

33934 Haukur Arnþórsson. Regla óásættanlegra samfélagsáhrifa.

33935 Kristbjörn Árnason. Lýðræðistillaga.

33946 Gunnar Skúli Ármannsson. Peningar og stjórnarskrá.  
33947 Jón Guðmundsson. Félagafrelsi.  
33956 Nils Gíslason. Um menningararf og fleira.  
33957 Jórunn Edda Helgadóttir. Tryggjum öllum jöfn réttindi óháð kynþætti.  
33958 Lúðvíg Lárusson. Trúarlegar hefðir aldrei réttærri landslögum.  
33959 Lúðvíg Lárusson. Bann við hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.  
33960 Lúðvíg Lárusson. Íslenska sem ríkismál á Íslandi.  
33974 Kristinn Halldór Einarsson. Jafnt aðgengi að upplýsingum fyrir alla.  
33977 Þórir Baldursson. Þátttaka.  
33979 Óskar H. Valtýsson. Réttarstaða dýra á Íslandi - ákvæði í stjórnarskrá.  
33986 Þórlaug Ágústsdóttir. Athugasemdir við áfangaskjal.  
33988 Tryggvi Hjörvar. Bann við leynilegum samningum.  
33990 Þórný Perrot. Þjóðkirkjan.  
33991 Arinbjörn Sigurgeirsson. Lagaskilyrði - lög á leikmannamáli.  
33993 Richard Stallman. Right of reverse engineering.  
33995 Don Bacon. Food for Thought: The Re-Constitution of the United States of America.  
34006 Davíð Steinn Geirsson. Nánari skýringar á verndun trúfélaga.  
34008 Davíð Steinn Geirsson. Nánari skýringar á skerðingu atvinnufrelsis.  
34009 Davíð Steinn Geirsson. Takmarkanir á friðhelgi einkalífs.  
34012 Ragnar Björnsson. Aðskilnaður ríkis og rirkju.  
34013 Valgarður Guðjónsson. Kosningar um þjóðkirkju.  
34021 Helgi Jóhann Hauksson. Raunhæf og réttlát leið til að leggja mál sitt fyrir dóm.  
34024 Guðmundur Ármannsson. Skorður í stjórnarskrá.  
34042 Svavar Kjarrval Lúthersson. Tillögur að bættum mannréttindakafla.  
34043 Arnar Guðmundsson. Staða trúfélaga í stjórnarskrá.  
34048 Kristinn Már Ársælsson. Opið lýðræði - líka hjá Stjórnlagaráði.  
34053 Jón Grétar Borgþórsson. Aðhald að ríkisleyndarmálum.  
34055 Jón Grétar Borgþórsson. Réttindi til að skoða eigin persónuupplýsingar.  
34089 Úlfur Kolka. Breyting á trú málskafla.  
34101 Ingólfur Harri Hermannsson. Þjóðaratkvæðagreiðslur um mannréttindi.  
34112 Margrét Guðmundsdóttir. Bann við þegn-skylduvinnu.  
34143 Nils Gíslason. Áfangaskjal um mannréttindi.  
34260 Sigurður Hr. Sigurðsson. Þónokkrar síðbúnar athugasemdir og tillögur.  
34270 Markús Guðmundsson. Náttúra og umhverfi.  
34272 Björn Baldursson. Þjóðveldisstjórnarskrá Íslandinga 2013 - í vonum.  
34280 Björn Einarsson. Ríkistrúfélög í stað þjóðkirkju.  
34311 Margrét Steinarsdóttir. Um þjóðbundnar mannréttindastofnanir.

## A-nefnd 36. fundur 05.07. 2011

05.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Frágangur nokkurra greina.
  - o Ríkisborgararéttur.
  - o Persónuvernd í upplýsingagrein.
  - o Gildagrein.
  - o Athugasemdir Aðalheiðar Jóhannsdóttur.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

36. fundur A-nefndar, haldinn þriðjudaginn 5. júlí 2011, kl. 9.30-11.00.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir og Freyja Haraldsdóttir. Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason höfðu boðað fjarvistir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Frágangur nokkurra greina

##### a. Ríkisborgararéttur

Nefndin ræddi gagnrýni sem fram hefur komið, að með því að tiltaka eina tegund veitingar ríkisborgaréttar væri sú leið gerð „æðri“ öðrum leiðum. Þótti flestum nauðsynlegt að kveða á einhvern hátt á um tilurð ríkisborgararéttarins. Samþykkt var að halda ákvæðinu óbreyttu.

##### b. Persónuvernd í upplýsingagrein

Samþykkt var að bæta inn í ákvæðið heimild til leyndar í þágu persónuverndar.

##### c. Gildagrein

Freyja kynnti tillögu að gildagrein sem gæti staðið fremst í stjórnarskránni. Silja Bára tók að sér að fara næstu umferð um textann og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.

##### d. Athugasemdir Aðalheiðar Jóhannsdóttur

Nýjasta útgáfa náttúru- og auðlindaákvæða var send Aðalheiði Jóhannsdóttur til athugasemda. Hún var stödd á ráðstefnu í útlöndum og gat aðeins rennt yfir greinarnar og gefið munnlegar athugasemdir í símtali við ritara A-nefndar. Meginathugasemdir hennar voru:

Upplýsingar um umhverfi: Fyrirsögnin orkar tvímælis, þar sem greinin tekur í raun til þriggja atriða (aðsteðjandi hætta, aðgangur að upplýsingum og ákvarðanatöku). Aðalheiður lagði til eitthvað í takt við „upplýsingar og ákvarðanatöku“, nefndin samþykkti „upplýsingar um umhverfi og málsaðild“.

Upplýsingar um umhverfi: Spurð hvort „lögbundn- um“ ætti heima með meginreglum umhverfisréttar benti Aðalheiður á að merking orðsins væri önnur en „í samræmi við lög“ líkt og hún lagði til í z. grein minnisblaðs síns. Í þessu samhengi tók hún undir með

nefndinni að orðið „lögbundnum“ félli brott. Nefndin samþykkti það.

**Náttúra Íslands og umhverfi:** Aðalheiður leggur til að orðinu „spjöll“ sé skipt út fyrir eitthvað annað, þar sem orðið hafi fullþrönga merkingu. Spjöll nái yfir utanvega-akstur og námagröft, en síður skemmdir á vistkerfum, auk ýmissa atriða sem rýra afköst lífrænna kerfa. Umræðu um þetta var frestað til næsta fundar nefndar.

**Náttúruauðlindir:** Aðalheiður ítrekaði athugasemdir sínar við að réttindi væru talin til auðlinda.

2. Önnur mál
- Engin rædd.

## A-nefnd 37. fundur 06.07. 2011

06.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Gildagrein.
2. Félagafrelsi.
3. Umhverfi og auðlindir.
4. Skoðanakönnun um þjóðkirkjuákvæði.
5. Önnur mál.

### Fundargerð

37. fundur A-nefndar, haldinn miðvikudaginn 6. júlí 2011, kl. 9.30-11.40.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Arnfríður Guðmundsdóttir hafði boðað fjarvistir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Gildagrein

Silja Bára hafði unnið áfram með drög að gildagrein, sem Freyja kynnti á síðasta fundi. Taldi nefndin flest nauðsynleg efnisatriði farin að sjást í drögunum, en enn vantaði þá skáldlegu upphafningu sem þyrfti í þessar upphafssetningar stjórnarskrár. Var Illuga og Erni Bárði falið að vinna áfram með textann.

#### 2. Félagafrelsi

Til skoðunar var erindi 33935 um að félag sem almenningur er skuldbundinn til að vera í (s.s. stéttarfélag og lífeyrissjóðir) skyldu lúta lýðræðislegri stjórn. Hugmyndin þótti hljóma vel, en óljóst væri hvaða vandamál væri verið að leysa, auk þess sem erfitt væri að koma orðum að þessu í stjórnarskrá.

Samþykkt að láta ákvæðið standa óbreytt.

#### 3. Umhverfi og auðlindir

Silja Bára minnti á ábendingu Aðalheiðar Jóhannsdóttur, um að orðið „spjöll“ væri óþarflega þröngt til að ná yfir það sem æskilegt væri í ákvæði um náttúru Íslands og umhverfi. Við umræður þótti flestum nefndarmönnum að orðið hefði nokkuð skýra skírskotun til umhverfis.

Samþykkt að láta ákvæðið standa óbreytt, en skilgreina vel í greinargerð hvað átt sé við með „spjöll“.

#### 4. Skoðanakönnun um þjóðkirkjuákvæði

Silja Bára hafði ásamt nefndarritara lagt drög að skoðanakönnun, þar sem ráðsfulltrúar verða spurðir álit á fimm hugmyndum um þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá. Skoðanakönnunin mun fara fram á nefndarfundum 7. júlí. Nefndin samþykkti könnunina og verður hún send með fundarboði.

#### 5. Önnur mál

- Menningarverðmæti. Farið var yfir álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins á ákvæði um vernd menningarverðmæta, þar sem ráðuneytið telur ákvæðið vera óþarft. Nefndin samþykkti að halda ákvæðinu óbreyttu í áfangaskjalinu.
- Tjáningarfrelsi. Nefndin ræddi breytingartillögu Andrésar Magnússonar, um að bætt verði við ákvæðið málsliðnum „Ríkisfjölmiðlar skulu stuðla að jafnvægi í upplýsingamiðlun.“ Þótti nefndinni geta virst undarlegt að nefna allt í einu ríkisfjölmiðla í stjórnarskránni og að „opin og upplýst umræða“ myndi væntanlega ná yfir þessi sjónarmið. Breytingartillögu AM var því hafnað. Nefndin samþykkti að breyta fyrirsögn ákvæðisins í „skoðana- og tjáningarfrelsi“, enda væri það nær inntaki þess.

## A-nefnd 38. fundur 07.07. 2011

07.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Greinargerðir.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

38. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 7. júlí 2011, kl. 9.30-10.50.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Greinargerðir

Nefndin fór yfir það hvernig vinna við greinargerðaskrif stæði. Ljóst þótti að mikil vinna væri fram undan, sérstaklega miðað við þann skamma tíma sem til stefnu væri. Gott væri að nefndin gæti tekið heilan starfsdag í að vinna saman í greinargerðunum.

#### 2. Önnur mál

- Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum: Samþykkt að láta ákvæðið ná yfir samninga á sviði umhverfismála, auk mannréttindasamninga.
- Þjóðkirkjuákvæði: Nefndin ræddi skoðanakönnun um þjóðkirkjuákvæði, sem framkvæmd verður meðal ráðsliða að loknum þessum fundi nefndarinnar. Hún var sam-

mála um að almennt væri hún hrifnust af málamiðluninni sem birtist í leið C, þ.e. að kirkjuskipan ríkisins færðist í almenn lög.

Eftirtalin erindi voru kynnt og rædd á fundinum

- 34338 Guðmundur Helgason - Tillaga um að tilgreina bæði kynhneigð og kynvitund í mannréttinda-kafla/jafnræðisreglu stjórnarskrár

## A-nefnd 39. fundur 07.07. 2011

07.07.2011 11:00

Sameiginlegur opinn fundur.

Dagskrá

1. Þjóðkirkjuákvæði.

### Fundargerð

39. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 7. júlí 2011, kl. 11.00-12.00.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirtaldir fulltrúar úr öðrum nefndum tóku þátt í fundinum: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

#### 1. Þjóðkirkjuákvæði

Silja Bára gerði grein fyrir umræðum innan A-nefndar um þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar. Nefndin bað sem flesta ráðsfulltrúa að mæta á fundinn, til að kanna hug þeirra til fimm leiða sem nefndin sér færar með ákvæðið.

Leiðirnar eru:

- A: Valkostir í þjóðaratkvæði
- o Valkostur 1: Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.
- o Valkostur 2: [Ákvæðið falli brott.]
- B: Bráðabirgðaákvæði
- o Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.
- o Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka innan fimm ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.
- o Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða fyrsta málsgrein stendur ein eftir.
- C: Kirkjuskipan færð í almenn lög
- o Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins.
- o Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

- D: Ekkert ákvæði
- o [Ákvæðið falli brott.]
- E: Þjóðkirkjuákvæði
- o Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.

Leiðir D og E eru það sem nefndin sér sem ítrustu kröfu andstæðra sjónarmiða; annars vegar að Stjórnlagaráð ákveði að fella ákvæði um þjóðkirkjuna á brott, hins vegar að ráðið ákveði að halda slíku ákvæði í stjórnarskrá. Hinar þrjár leiðirnar eru málamiðlanir sem A-nefnd hefur gert á milli ólíkra sjónarmiða. Leið A var upphaflega kynnt á 11. ráðsfundi og felur í sér að þjóðin taki ákvörðun um þjóðkirkjuákvæði á sama eða svipuðum tíma og þjóðaratkvæði um stjórnarskrártillögu Stjórnlagaráðs færi fram. Leið B var kynnt á 14. ráðsfundi og byggist á tillögu í skýrslu stjórnlaganefndar. Líkt og leið A gerir B ráð fyrir því að þjóðin skeri úr um þjóðkirkjuákvæðið, en í þessu tilviki er gefinn 5 ára tími til að hægt sé að endurskoða tengsl ríkis og kirkju og tryggja að nægjanleg umræða fari fram um mögulegar afleiðingar breytinga. Leið C er tilraun A-nefndar til að setta sjónarmið sem komu fram hjá ýmsum öðrum ráðsfulltrúum á 11. ráðsfundi.

Eftir stuttar umræður um leiðirnar fimm var gengið til atkvæða. Beitt var STV-aðferðinni, þar sem hægt var að forgangsraða allt að þremur valkostum, að tillögu Vilhjálmss Þorsteinssonar.

Leið C varð hlutskörpust og mun A-nefnd því gera hana að tillögu sinni á ráðsfundi. Leið D naut næstmests stuðnings. Greinargerð með nánari sundurliðun kosninganna fylgir í fylgiskjali.

Fylgiskjöl

Skóðanakönnun um þjóðkirkju: niðurstöður STV-kosningar

## A-nefnd 40. fundur 08.07. 2011

08.07.2011 14:30

Dagskrá

1. Barnagrein.
2. Greinargerðir.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

40. fundur A-nefndar, haldinn föstudaginn 8. júlí 2011, kl. 14.00-14.45.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Fjarvistir hafði boðað Freyja Haraldsdóttir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Barnagrein

Nefndin fór yfir athugasemdir sem bárust frá Hrefnu Friðriksdóttur við grein um réttindi barna. Taldi nefndin tillögur Hrefnu mjög til bóta og mun leggja

til breytingar í samræmi við athugasemdir hennar á næsta ráðsfundi.

#### 2. Greinargerðir

Nefndarfólki var úthlutað greinargerðum til að vinna í yfir helgina, svo hægt verði að leggja drög að frumvarpi Stjórnlagaráðs undir lok næstu viku.

#### 3. Önnur mál

##### a. Breytingar á næsta ráðsfundi:

Samþykktar voru lítils háttar breytingar á ákvæðum í mannréttindakafla, sem nefndin vill koma til afgreiðslu á næsta ráðsfundi.

## A-nefnd 41. fundur 11.07. 2011

11.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Greinargerðir.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

41. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 11. júlí 2011, kl. 10.00-12.15.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Fjarvistir hafði boðað Freyja Haraldsdóttir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 32. til 39. fundu voru samþykktar. Fundargerð 32. fundar verður send Björgu Thorarensen til samþykktar, þar sem hún var gestur nefndarinnar á þeim fundi. Fundargerð 36. fundar verður send Aðalheiði Jóhannsdóttur til samþykktar, þar sem unnið var með athugasemdir sem bárust frá henni símleiðis á þeim fundi.

#### 2. Greinargerðir

Rætt var um stöðu vinnu við greinargerðir. Verkið er umfangsmikið, en gengur vel.

#### 3. Önnur mál

##### a. Breytingar á næsta ráðsfundi:

Samþykktar voru lítils háttar breytingar á ákvæðum í mannréttindakafla, sem nefndin vill koma til afgreiðslu á næsta ráðsfundi. Sá fundur verður sá síðasti áður en stjórn setur saman drög að frumvarpi, þannig að mikilvægt er að koma sem flestum breytingum inn á þennan fund. Ákvæði um þjóðkirkjuna verður breytt til samræmis við niðurstöðu skoðanakönnunar á 39. fundi nefndarinnar. Þá hyggst nefndin bæta aftur inn grein um mannlega reisn, með orðalagsbreytingu í takt við breytingartillögu Vilhjálms Þorsteinssonar.

##### b. Gildagrein

Illugi og Örn Bárður hafa lagt til hvor sín drög að innangstexta í upphafsákvæði stjórnarskrárinnar. Eftir

stuttar umræður í nefndinni var Erni falið að kalla fulltrúa úr fleiri nefndum að vinnunni, mynda óformlegan starfshóp sem vinni áfram með textann.

#### c. Uppbygging

Rædd var nauðsyn þess að breyta uppröðun ýmissa ákvæða innan kafla, sem og röðun kafla innan áfangaskjalsins. Nefndin hyggst skoða uppröðun nánar þegar allar nefndir hafa skilað endanlegum ákvæðum sinna kafla inn í áfangaskjalið. Á næsta ráðsfundi mun A-nefnd hins vegar leggja til að flytja ákvæði um frelsi fjölmiðla og þjóðkirkjuákvæði í undirstöðukaflann, enda eigi þau ákvæði síður heima í mannréttindakafla. Með því verður heiti undirstöðukaflans e.t.v. ekki nógu gegnsætt, en sjálfstæðar eftirlitsstofnanir, sem nú eru í sérkafla í áfangaskjalinu, gætu síðar meir bæst í kaflann.

## B-nefnd 32. fundur 02.07. 2011

02.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Umsagnir fræðimanna – yfirferð.

### Fundargerð

32. fundur B-nefndar haldinn 2. júlí 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson og Ástrós Gunnlaugsdóttir. Þá sat fundinn Salvör Nordal og Pawel Bartoczek. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Umsagnir fræðimanna - yfirferð.

Nefndarmenn fóru yfir minnisblað Ragnhildar Helgadóttur, dags. 30. júní 2011. og gerðu eftirfarandi breytingar á fram komnum tillögum:

#### Kafla - Undirstöður

- 2. gr. handhafar. Spurning að orða þingræðisregluna skýrt í ákvæðinu. Athugasemd um að segja berum orðum að forseti fari fram framkvæmdarvaldið. Lokaákvörðun frestað.

- 3. gr. yfirráðasvæði. Athugasemd um orðalagið efna-hagslögsaga en ákvæðið er að fyrirmynd stjórnlaganeftir. Óbreytt.

#### Kafla um Alþingi

Eiríkur Bergmann Einarsson mætti á fundinn kl. 10:30.

- 1. gr. hlutverk Alþingis. Breytt orðalag.

- 11. gr. um frumkvæðisrétt og meðferð þingmála. Vikið að frumkvæðisrétti til lagasetningar og ferli lagasetningarvaldsins, vegna fenginna viðbragða frá sérfræðingum. Skýr vilji nefndarinnar að styrkja Alþingi og aðkomu þingmanna að löggjafarstörfum. Samþykkt að ráðherrar geti flutt frumvörp eftir því sem þeir eru tilkvaddir og gerð breyting þess efnis í 11.



gr. um meðferð þingmála. Hugsanlegt að ofangreint markmið náist með því að ráðherrar víki af þingi, og samráð milli löggjafans og stjórnarráðsins aukist jafnframt við undirbúning löggjafar, sem kann að auka gæði lagasetningar og meðvitund þingmanna um tiltekna lagasetningu. Meginatriðið er að lagafrumvörp fari fyrst inn í nefnd til umræðu, sem er sama fyrirkomulag og í Svíþjóð og Finnlandi.

Sameining á 11. og 12. gr. flutningur og meðferð þingmála.

Mikilvægt að greinargerð sé vel úr garði gerð í þessum efnum og skýri það ferli sem nefndarmenn sjá fyrir sér.

Til samræmis við störf C-nefndar er bætt við í upp-  
talningu 1. mgr. 12. gr. að þingmál að tillögu kjósenda fari sömu leið þ.e. fyrst til nefnda.

#### - 3. gr. starfstími

Samkvæmt athugasemdum Ragnhildar Helgadóttur gæti það, að tilgreina ekki samkomudag og skiptingu starfstíma Alþingis í stjórnarskrá, valdið ofríki minnihlutans. Í því sambandi væri bráðnauðsynlegt að fella niður heimild til útgáfu bráðabirgðalaga.

Ákveðið að breyta ákvæði um setningu Alþingis sem nú er staðsett í kafla um forseta, nú getur þriðjungur þingmanna krafist að þingið verði sett.

#### - 5. gr. Eiður þingmanna

Orðalagi haldið óbreyttu þrátt fyrir athugasemd um að hugtakið „eiður“ hafi fasta merkingu í lagamáli. Drengskaparheiti þótti full karllægt og ekki er talið að hagsmunir þess að halda orðalagi óbreyttu vegi þyngra en að gæta að karllægni tungumálsins.

#### - 15. gr. Birting laga

Sett inn í ákvæðið orðalag sem girðir ekki fyrir að beita megi ívilnandi ákvæðum til hagsbóta fyrir almenning.

- 16 og 17. gr. Skipan skattmála og skattlagningarvald

Spurning hvort það eigi að sameina þessi ákvæði, tvítekning að ákveðnu marki eins og Ragnhildur Helgadóttir bendir á. Frestað.

Vilhjálmur Þorsteinsson og Katrín Fjeldsted ákváðu að vinna að breytingartillögum eftir að fundi var slitið, en þær breytingar verða bornar upp á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

## **B-nefnd 33. fundur 04.07. 2011**

04.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Yfirferð yfir athugasemdir fræðimanna.

### Fundargerð

33. fundur B-nefndar haldinn 4. júlí 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Erlingur Sigurðarson og Eiríkur Bergmann Einarsson. Þá sat fundinn Salvör Nordal, Ari

Teitsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Ástrós Gunnlaugsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson höfðu boðað forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Athugasemdir fræðimanna/niðurstöður fundar 2. júlí.

Umræður um meðferð þingmála. Markmið er að auka samráð löggjafar- og framkvæmdarvalds á frumstigi.

Bent á að skýra þurfi betur í hverju breytingin felst að lagafrumvörp fari fyrst inn í nefnd áður en þau fara til fyrstu umræðu. Íris Lind bendir á að kanna þurfi hver kerfisbreytingin hafi orðið og hvaða kostir eru fólgnir í því að frumvörp fari fyrst í nefnd fremur en við fyrstu umræðu.

Samþykkt að skipa starfshóp sem mótar tillögu að ákvæði og skýringu um meðferð þingmála. Í honum sitja Gísli Tryggvason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Pétur Gunnlaugsson.

Fundi frestað kl. 14:00.

Fundi fram haldið kl. 14.00.

Farið yfir breytingar á kaflanum um ráðherra og ríkisstjórn frá 32. fundi þann 2. júlí, sem Vilhjálmur og Katrín höfðu tekið að sér að gera breytingar á í kjölfar minnisblaðs frá Ragnhildi Helgadóttur.

#### 2. Önnur mál.

Gert var grein fyrir að óskað hefði verið umsagnar frá Birgi Hermannssyni, stjórnmalafraeðingi. Samþykkt að Birgir komi á fund nefndarinnar í kjölfarið. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði yfirfarið vinnuskjöl þann 3. júlí um undirstöður, ráðherra og ríkisstjórn, kafla um forseta Íslands og sveitarfélög og samræmt greinargerðir við það sem hafði verið lagt fram á ráðsfundum.

Rætt var fyrirkomulag á greinargerðarskrifum og skiptingu verkefna milli nefndarmanna.

Þá tekur Eiríkur Bergmann Einarsson við sæti Vilhjálms Þorsteinssonar í starfshóp um embætti forseta Íslands.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.

## **B-nefnd 34. fundur 05.07. 2011**

05.07.2011 09:00

### Dagskrá

1. Minnisblað frá Birgi Hermannssyni.
2. Framlögð erindi.
3. Fundur með Birgi Hermannssyni kl. 11:00.
4. Fundur með Eiríki Tómassyni kl. 13.15.
5. Farið yfir athugasemdir dagsins.

### Fundargerð

34. fundur B-nefndar haldinn 5. júlí 2011, kl. 09:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Erlingur Sigurðarson og Eiríkur Bergmann Einarsson. Þá sat fundinn Salvör Nordal, Ari Teitsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Vilhjálmur Þorsteinsson hafði boðað forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Birgir Hermannsson stjórn-málafræðingur og Eiríkur Tómasson hæstaréttardóm-ari og prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

#### 1. Minnisblað Birgis Hermannssonar

Minnisblaði Birgis Hermannssonar, dags. 5. júlí var dreift til nefndarmanna. Nefndarmenn fóru yfir og ræddu inntak minnisblaðsins.

2. Framlögð erindi - tekin voru fyrir eftirfarandi erindi og rædd.

34309 Svavar Kjarval Lúthersson. Tillögur að bættum kafla um störf Alþingis.

34088 Helga Björk magnúsdóttir Grétudóttir. Ráð-herraábyrgð gegn einelti og kynferðisofbeldi.

34047 Adam Cronkright. Specialization and Taking Turns Governing.

33994 Erlendur Örn Fjeldsted. Aðskilnaður þings og framkvæmdarvalds.

33975 Flóki Ásgeirsson. Aðhald og eftirlit með stjórn-völdum.

33970 Gauti kristmannsson. Titlar ráðherra.

#### 3. Fundur með Birgi Hermannsyni kl. 11.00.

Ráðsfulltrúum var boðið á fund Birgis, sem ræðir um meðferð þingmála og lögjafarvaldið, sem og almennt um þingræðið. Talsvert af fulltrúum mættu á fundinn.

Birgir gerði grein fyrir efni minnisblaðsins, álit nr. 34786.

Nefndarmenn spurðu Birgi út í stjórnkerfisbreyt-ingar sem B-nefnd hefur lagt fram til þessa. Þá hafði jafnframt verið óskað eftir því með stuttum fyrirvara að Birgir gerði grein fyrir meðferð lagafrumvarpa á Norðurlöndunum eftir bestu getu vegna tímaskorts.

Birgir fjallaði aukinheldur um feril lögjafarmáls og fjölda umræðna í Svíþjóð og Finnlandi. Mál eru þingtekin í þingsal sjálfum og fara beint til nefndar án umræðu. Í Svíþjóð eru greidd atkvæði um í hvaða nefnd máli eigi að fara sé um það ágreiningur, almennt veldur það ekki vandkvæðum og stundum eru mál sendi til fleiri en einnar nefndar. Umræða fer fram hvert eigi að vísa því en engin efnisleg umræða um málið á því stigi.

Birgir telur að segja eigi berum orðum og skýrt í stjórnarskrá að ráðherrar hafi rétt til að flytja frum-vörp til laga. Sú sé tilhöggun í okkar nágrannaríkjum og öðrum þingræðisríkjum.

Birgir bendir á að ef skoðaður er samanburður á þingsköpum og meðferð lögjafarmála á Norðurlönd-um, þá aðallega í Svíþjóð og Finnlandi, sé mest sláandi hvernig mál eru rædd á þinginu þegar þau koma út úr nefnd. Ræðutími er takmarkaður og hver flokkur velur sé talsmanna að meginstefnu. Þá séu flestir sem tali um tiltekið mál í nefndinni sem hefur verið með málið til umræðu. Í Svíþjóð gerir forseti þingsins t.a.m. tillögu um lengd umræðunnar eftir samtal við þing-nefnd, en sú tillaga um ræðutíma er lögð fyrir þingið til samþykktar eða synjunar. Þá þarf flutningsmaður ekki alltaf að vera ráðherra, þótt um stjórnarfrumvarp sé að ræða, í sumum tilfellum getur það verið formaður þingnefndar.

Birgir bendir á að breyta beri hefðum og venjum við meðferð þingmála þarf að setja slíkt inn í ákvæðið þ.e. veigamiklar breytingar. Að öðrum kosti kunna breyt-ingarnar ekki að ná fram að ganga.

Að lokum gerir Birgir þá tillögu að fjalla eigi um fjármál stjórnmalaflokka eða umgjörð á annan hátt, að minnsta kosti að gera kröfu um lagaáskilnað í þeim efnunum.

Birgir bendir auk þess á að mögulega þurfi forseti þingsins að endurnýja kosningu sína á hverju lög-gjafarþingi.

#### 4. Fundur með Eiríki Tómassyni kl. 13:15.

Allir ráðsfulltrúar voru boðaðir á fundinn en auk B-nefndar og ofangreindra mættu meðlimir starfshóps um forseta Íslands og talsvert af fulltrúum.

Ástrós Gunnlaugsdóttir mætti á fundinn kl. 13:15.

Nefndarmenn spurðu Eirík Tómasson almennt út í stjórnkerfisbreytingar sem B-nefnd hefur lagt fram til þessa.

Eftirfarandi atriði voru rædd sérstaklega;

- Stjórnlagadómstóll - Eiríkur bendir á að um sér að ræða flókna og viðamikla stofnun sem að hans mati henti ekki litlu samfélagi. Mætti hugsa sér að Hæstiréttur fengið það hlutverk, en það breytir eðli Hæstaréttar talsvert. Ef sú leið er farin, er hún ekki einföld, þar sem kveða þarf á um sérstaka málsmeð-ferð sem er nýmæli. Eiríkur gerði grein fyrir að hug-myndin um Lögrétta (Stjórnlagaráð) sé að sjálfstæður úrskurðaraðili geti skorið úr um ýmis atriði svo sem stjórnskipulegt gildi laga og hann sé endanlegur gagn-vart handhöfum ríkisvalds. Lögrétta hafi aðeins bind-andi áhrif fyrir handhafa ríkisvalds. Þá var hugmynd Eiríks víðtækari þ.e. að Lögrétta hefði fleiri verkefni með höndum, þá helst að skera úr um valdmörk æstu handhafa ríkisvalds samkvæmt stjórnarskrá. Bendir hann á að handhafar ríkisvalds njóta ekki verndar Mannréttindasáttmálans. Úrlausnir Lögrétta geta því verið bindandi að lögum fyrir valdhafa. Varðandi setu í Lögrétta bendir Eiríkur á að þeir geta verið sérfræðingar á öðrum sviðum. Getur komið til álitu að 2 af 5 væru fræðimenn á öðrum sviðum. Hins vegar sé Lögrétta lögfræðilegur úrskurðaraðili.

- Landsdómur - Eiríkur telur að ekki sé þvi stjórnskipulega til fyrirstöðu að mál sem höfðuð eru

vegna gruns um brot á lögum um ráðherraábyrgð fari fyrir almenna dómstóla.

- Bráðabirgðalög - hægt er að vera með mjög þrönga tímafresti á útgáfu bráðabirgðalaga. Eiríkur telur ekki flókið að afnema heimild til útgáfu bráðabirgðalaga. Ekki stórar áhyggjur af þessu.

- Forseti Íslands - Óumflýjanlegt að skilgreina hann sem handhafa framkvæmdarvalds. Tillögur miða að því að forseti sé handhafi framkvæmdarvalds ef þær eru skoðaðar í heild sinni. Á hann að vera handhafi löggjafarvalds? Það er spurning, en umdeilanlegt.

- Staðfesting laga - þarf að koma skýrt fram að forseti Alþingis hefur ekki heimild að synja að undirrita lög samþykkt á Alþingi. Hann sé skyldugur til þess. Skýra í greinargerð hvað þýðir „undirritar“ ef það er skylda hans.

Þá þurfi að setja Alþingi tímafrest við að fella lög úr gildi. Þingið á að fá stuttan tíma - jafnvel viku. Annars er hætt á að Alþingi misnoti þá heimild fljótlega fyrir þjóðaratkvæði. Eiríkur bendir á að það sé réttlætanlegt að undanskilja ákvæðna málaflökka. Það er spurning um það hvaða málaflökka það eigi að vera. Gæti komið til greina að takmarka fjárukalög með sama hætti og fjárlög.

- Ráðherraábyrgð - Eiríkur telur að meginreglan eigi að vera að hver og einn ráðherra beri ábyrgð á sínum málefnaviðum. Betra að einn maður hafi það vald og beri ábyrgð á því.

Eiríkur telur heppilegra að sérstakur saksóknari fremur en ríkissaksóknari fari mál sem kunna að varða við ráðherraábyrgð. Hætt sé á að styr verði um embætti ríkissaksóknara öðrum kosti og hann dragist inn í pólitískt dægurþras. Eiríkur bendir á að það kunnir að vera skynsamlegra að Alþingi taki ákvörðun í heild sinni um hvort hefja eigi rannsókn á grundvelli gagna frá nefndinni í stað þess að nefndin þ.e. stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd taki sjálfstæða ákvörðun þar um.

- Rætt um ákvæði er varðar vantraust á forsætisráðherra og þingrof. Eiríkur bendir á orðalagsbreytingar.

- Stjórnarmyndun - Eiríkur veltir því upp hvort forseti eigi að hafa heimild til að skipa utanþingsstjórn. Þá sé heppilegra að skipa forsætisráðherra þegar fullskipuð ríkisstjórn liggur fyrir.

- Eiríkur bendir á að það kunnir að vera óheppilegt að tilmæli Umboðsmanns verði bindandi enda um eðlisbreytingu embættisins að ræða. Kann að vera lausn að leggja í hendur Umboðsmanns að hann geti hafi ákvörðunarvald um hvort að stjórnvöld skuli hlíta sinni niðurstöðu og í þeim tilvikum hvíli skylda á stjórnvaldi að hlýta tilmælum hans. Eiríkur bendir á að mál höfðu á grundvelli álitu Umboðsmanns fái nú skjóta leið hjá dómstólum sökum heimild til flýtimeðferðar í lögum. Eiríkur telur að framfylgni mála sé ekki stórt vandamál innan hins opinbera kerfis, þó sé eðlilegt að Umboðsmaður sjálfur tjái sig um þessu atriði.

- Ráðherrar telur hreinlega að ef ráðherrar eigi að víkja af þingi skuli þeir segja af sér þingmennsku. Við-

vera þeirra á þingi er það með takmörkuð, þ.e. eftir því sem þeir eru til þess kvaddir.

Rædd ný tillaga um skipun embættismanna.

Lög fram tillaga um sérstakar stjórnarsýslunefndir sem fái stjórnskipulegt hlutverk við skipun æstu embættismanna.

Eiríkur bendir á að mikilvægt sé að koma á ferli þar sem skipun dómara er óumdeild. Sjálfstæði dómara sé mikilvægt í lýðræðis- og réttarríki svo almenningur geti borið fullt traust til starfa þeirra. Eiríkur bendir á að hugsanlega sé betri leið að skilja í sundur annars vegar skipun dómara og hins vegar skipun annarra embættismanna sem gegna ákveðnu stjórnarsýslulegu hlutverki þ.e. innan framkvæmdarvaldsins.

## 5. Farið yfir athugasemdir dagsins

Meðferð þingmála - orðalagsbreytingar m.a. skýrt út ferli þingmála. Mikilvægt er að rekja það í greinargerð hvað er átt við með orðalaginu „mat á áhrifum“.

Skýra í greinargerð hvað er átt við með að frumvörp séu rædd „án efnislegrar umræðu“. Þar sé átt við að mál séu þingfest og umræða eigi sér stað í hvaða nefnd mál eigi að fara, ef einhver er, sbr. sænsku leiðina. Hugmynd að skilja ákvæði um meðferð þingmála að og setja inn sérstakt ákvæði er varðar meðferð þings-ályktunartillagna og annarra mála.

Rætt um ákvæði um greiðsluheimildir og fjárukalög.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

## B-nefnd 35. fundur 06.07. 2011

06.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Ráðherrar og ríkisstjórn.
2. Fundur með Róberti R. Spanó.
3. Áframh. ráðherrar og ríkisstjórn stjórnarmyndun.

### Fundargerð

35. fundur B-nefndar haldinn 6. júlí 2011, kl. 09:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Erlingur Sigurðarson og Eiríkur Bergmann Einarsson. Vilhjálmur Þorsteinsson og Ástrós Gunnlaugsdóttir höfðu boðað forföll. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Róbert R. Spanó prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og fyrrum settur Umboðsmaður Alþingis var gestur fundarins.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

### 1. Ráðherrar og ríkisstjórn

Rætt stuttlega um stöðu á tillögum nefndarinnar í sambandi við ráðherra og ríkisstjórn.

2. Fundur með Róbert R. Spanó  
Salvör Nordal og Sif Guðjónsdóttir mættu á fundinn kl. 10.00.

Minnisblaði Róberts var dreift á fundi, sbr. álit nr. 35006

Í fyrsta lagi bendir Róbert á nýlega lagabreytingu varðandi embætti Umboðsmanns. Nú ber Umboðsmanni að fylgja því eftir að að síðareglum sé fylgt innan stjórnarráðsins en engin reynsla er komin á þá framkvæmd.

Róbert gerir athugasemd við nafnabreytingu á embættinu í Umboðsmann Almennings. Umboðsmaður er trúnaðarmaður þingsins. Hann er ekki umboðsmaður almennings í öllum tilvikum enda er honum ætlað að koma að niðurstöðu um lög og inntak þeirra þrátt fyrir að þau feli, í ljósi almannahagsmuna, skerðingu á réttindum einstaklinga. Umboðsmaður er úrlausnaraðili milli einstaklinga og stjórnvalda, það er rangnefni að kalla hann umboðsmann Almennings bæði formlega og efnislega og hugtakið er ekki mjög gegnsætt. Þá er ljóst að almennt er Umboðsmaður kenndur við þjóðþing erlendis.

Róbert er sammála því að kjörtímabil eigi að vera 5 ár, með efnislega sömu rökum og nefnd B hefur fært fram.

Róbert telur að forsendan sem 2. mgr. núverandi til laga byggir á sé röng. Hann bendir á heimasíðu umboðsmanns Alþingis þar sem finna megi tölfræði um afdrif fyrstu 2000 málanna. Telur Róbert að stjórnvöld fylgi málum Umboðsmanns í um 98% tilvika. Ef tilmæli Umboðsmanns eiga að hafa bindandi réttaráhrif þá verður það eðlisbreyting á embættinu. Embættið verður eins konar stjórnáskilgæmsmál í ákveðnum málaflokki þótt réttaráhrif séu tímabundin. Það breytir verklagi umboðsmanns að öllu leyti, enda sjálfkrafa áskilnaður að kvörtun sé með ákveðnum formlegri hætti og öll málsmeðferð jafnframt. Tæknileg vandamál tillögunnar kunna því að vera fjölmörg. Í dag er kostur embættisins fölginn í því að málsmeðferð er opin, gegnsæ og auðveld.

Tillögu Róberts má sjá í minnisblaðinu. Tillagan mælir fyrir um að Umboðsmaður skuli tilkynna forseta þingsins ef stjórnvöld fari ekki eftir tilmælum hans, þá sé frekar mælt fyrir um þinglega málsmeðferð í lögum um þingsköp Alþingis.

Tillaga RS að nýrri 2. mgr:  
Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal það tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina [innan þriggja mánaða frá því að hún var tekin eða birt aðila máls.]

Tillaga RS að nýrri 3. mgr:  
Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þ.á.m. um þingmeðferð tilkynningar og ráðherra eða annars stjórnvalds skv. 2. mgr.

Rætt er um ákvæði þess efnis að Umboðsmaður hafi sjálfstætt og persónulegt vald til að veita gjafsókn. Ákveðið að setja slíka umfjöllun í greinargerð.

Róbert R. Spanó, Salvör Nordal og Sif Guðjónsdóttir viku af fundi kl. 11.15.

Nefndarmenn samþykktu að fallast á tillögur Róberts Spanó í meginatriðum.

Fundi frestað til 15:00 vegna sameiginlegs fundar með Ólafi Þ. Harðarssyni prófessor.

3. Ráðherrar og ríkisstjórn - stjórnarmyndun  
Nefndarmenn ræddu nýja tillögu að stjórnarmyndun.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.10.

## B-nefnd 36. fundur 07.07. 2011

07.07.2011 09:00

### Dagskrá

1. Heildaryfirferð tillagna B.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

36. fundur B-nefndar haldinn 7. júlí 2011, kl. 09:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Ástrós Gunnlaugsdóttir hafði boðað forföll.

Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

1. Heildaryfirferð yfir ákvæði B-nefndar

1. Ráðherrar og ríkisstjórn

Rætt um þær breytingar sem hafa verið gerðar. Eiríkur Bergmann mætti á fundinn kl. 9.30.

Nefndarmenn ræddu áfram um ákvæði er varðar stjórnarmyndun.

Ákveðið var að nefndarritari uppfærði skjal um stöðu á heildartillögu nefndarinnar. Dreift til nefndarmanna.

Erlingur Sigurðarsson mætti á fundinn kl. 10.30.

2. Alþingi

Ákveðið var að samþykkja valkost í núverandi ákvæði nr. 19 um greiðsluheimildir og fjárukaalög.

Þá var samþykkt ákvæði um meðferð þingmála að hluta.

Nefndin fór yfir öll ákvæði sem þörfuðust efnislegar yfirferðar.

Teknar voru ákvarðanir á grundvelli fyrirbyggjandi umræðu og fræðilegra álita, bæði einstaka orðalagsbreytingar og valkostum var fækkað, sem og önnur efnisatriði felld brott.

Eftir yfirferð voru tillögurnar í heild sinni sendar Eiríki Tómassyni, fyrrv. prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og væntanlegum dómara við Hæstarétt, til yfirlestrar. Nefndarritara falið að útbúa tvenns konar spurningar til Eiríks að auki.

2. Önnur mál

Nefndinni barst stöðurit frá framkvæmdarstjóra. Nefndarritara falið að fylla út.

Tillaga að ákvæði um skipun embættismanna barst nefndinni til meðferðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.

## B-nefnd 37. fundur 08.07. 2011

08.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Greinargerð - verkáætlun.
2. Ákvæði um skipun embættismanna.
3. Greinargerð - úthlutun verkefna.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

37. fundur B-nefndar haldinn 8. júlí 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson og Erlingur Sigurðarsson. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

Heildartillögum nefndarinnar, í lok dags 7. júlí, var dreift til nefndarmanna.

#### 1. Greinargerð - verkáætlun.

Samþykkt að nefndarmenn myndu skipta með sér verkum og skrifa um markmið með breytingum á einstaka greinum og í almennum athugasemdum. Samræming fer fram á nefndarsviði, Sif Guðjónsdóttir yfirlögfræðingur heldur fund kl. 12:45.

Dreift var skjali meðal nefndarmanna þar sem er að finna megináherslur við greinargerðarskrif sbr: Óbreytt frá núgildandi stjórnarskrá (samt tekið inn í heildarskjalið)?

Ef breytt - í hverju er breytingin fólgin (í samhengi við núgildandi stjórnarskrá/rétt):

- Nýtt ákvæði (þó talið gildandi réttur nú þegar - eða alveg nýtt)?
- Eldra ákvæði breytt (einungis „orðalagi“ og/eða efnislegu inntaki)?
- Forsaga, bakgrunnur (þ. á m. samspil við skýrslu og núgildandi stjórnarskrá).
- Nauðsyn (hvaða almannahagsmunir kalla á) - áhersla á mat/umræður í ráði.
- Markmið (til framtíðar) - áhersla á mat/umræður í ráði.

Aðrar leiðir sem hefðu verið færar og hvers vegna þær urðu ekki fyrir valinu - áhersla á mat/umræður í ráði. Hvernig ber að skilja einstök atriði. Nefna dæmi þar sem það á við - áhersla á mat/umræður í ráði.

#### 2. Ákvæði um skipun embættismanna

Til umræðu var tekið tillaga að ákvæði um stjórn-sýslunefnd embættisveitinga sem send var öllum ráðsfulltrúum þann 7. júlí, frá Þorvaldi Gylfasyni og Katrínu Oddsdóttur. Ákvæðið á að gilda, samkvæmt tillögunni, almennt um veitingu embætta á vegum ríkisins.

Lögð var fram önnur tillaga af Eiríki Bergmann Einar-syni og Vilhjálm Þorsteinssyni um skipan embætta. Tillögurnar voru ræddar.

Afgreitt var ákvæði frá nefnd B um skipun embæt-tismanna, sjá vinnuskjal nefndarinnar. Erlingur Sigurðarsson bókar mótmæli við fram-

liggjandi tillögu um skipun embættismanna. Erlingur leggur til að atkvæðið verði stytst verulega.

#### 3. Greinargerð - úthlutun verkefna

Formaður óskaði eftir séróskum nefndarmanna í sambandi við greinargerðarskrif.

Skjal útbúið um stöðu á greinargerðarvinnu „Greinar-gerð - stöðurit“. Nefndarmenn skiptu með sér verkum um skrif á greinargerð eftir ákvæðum. Nefndarritari ásamt formanni og varaformanni halda utan um greinargerðarskrif.

Vilhjálmur bjó til rafræn skjöl fyrir greinargerðarskrif einstaka kafla.

#### 4. Önnur mál

Samþykkt að nefndarritari sendi Björgu Thoraren-sen nýjustu tillögum B-nefndar til yfirlstrar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.

## B-nefnd 38. fundur 11.07. 2011

11.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Greinargerð - notkun skjala.
2. Spurningar fyrir opinn fund – skoðana-könnun.
  - Aldur forseta (35 ára).
  - Greiðsluheimildir/fjárukalög
  - Ráðherrar og Alþingi.
3. Breytingartillögur fyrir 16. ráðsfund.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

38. fundur B-nefndar haldinn 11. júlí 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir var forföllud. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

#### 1. Greinargerð

Farið yfir stöðu á vinnu við greinargerð. Gísli Tryggvason mætti á fundinn kl. 10:15.

#### 2. Spurningar fyrir opinn nefndarfund - skoðana-könnun

Rætt um framsetningu á spurningum til nefndar-manna. Samþykkt var að leggja fram þrjá valkosti sem eftir standa undir atkvæðagreiðslu þ.e. um aldurskil-yrði forseta sem liður í kjörgengi, um greiðsluheimildir og fjárukalög og um setu ráðherra á þingi. Vilhjálmur hafði lagt fyrir glærur sem útskýrðu þrjá valkosti um ráðherra og Alþingi.

Nefndarritari sendi út dagskrá fyrir opin fund þar sem fram færi skoðanakönnun. Greiða ber atkvæði um neðangreind atriði:

1. Kjörgengisskilyrði forseta - 35 ára eður ei.
2. Fjáráukalög/greiðsluheimildir
3. Seta ráðherra á Alþingi

Eiríkur Bergmann mætti á fundinn kl. 10:30.

Fundi frestað til kl. 16:45 vegna opins fundar um stöðu B-nefndar.  
Fundi fram haldið frá 16:45.

3. Breytingartillögur fyrir 16. ráðsfund  
Samþykkt að leggja fram breytingartillögur fyrir 16. ráðsfund þann 12. júlí:

Breyting á ákvæði um handhafa ríkisvalds - Nýr 2. máls. 2. mgr. er nýr þar sem áréttað er að ráðherrar og ríkisstjórn starfi í umboði Alþingis. 4. mgr. fellur brott og forseti Íslands skilgreindur sem framkvæmdarvaldshafi.

Breyting á ákvæði um hlutverk Alþingis - 1. mgr fellur brott.

Breyting á ákvæði um eið þingmanna - þar sem eiðstafur kemur í stað eiðs.

Ákvæði um flutning þingmála sett aftur inn í frumvarpið.

Nýtt ákvæði um meðferð lagafrumvarpa lagt fram með umfangsmiklum breytingum.

Nýtt ákvæði um meðferð þingsályktunartillagna lagt fram.

Valkostur II í ákvæði um setningu laga felldur brott og smávægilegar

orðalagsbreytingar gerðar sem og settur tímarammi á heimild Alþingis til að fella lög in úr gildi eftir synjun. Birting laga - orðalagsbreytingar.

Ákvæði um skipan skattmála - sameinað að hluta til við 1. mgr. ákvæðis um eignir og skuldbindingar ríkisins.

Ákvæði um eignir og skuldbindingar íslenska ríkisins - ný 2. mgr. sem áréttir meginregluna að stjórnvöldum sé óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila.

Ákvæði um fjáráukalög og greiðsluheimildir - 2. mgr. breytt og valkostir og hornklofar felldir brott.

Breyting á nafni eftirlits- og stjórnskipunarnefndar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Breyting á ákvæði um friðhelgi þingmanna, sbr. ný 3. mgr.

Lögrétta - í stað orðsins þriðjungur þingmanna kemur fimmtungur þingmanna.

Ákvæði um ríkisstjórn - fært til og fellt á brott ákvæði um meginatriði stjórnarstefnunnar.

Ákvæði um ráðherra - innan marka stjórnarstefnunnar tekið út.

Ákvæði um stjórnarmyndun - ýmsar orðalagsbreytingar og viðlagaákvæði bætt við í 3. mgr.

Í samræmi við niðurstöðu skoðanakönnunar og ákvörðun stjórnar er breyting á ákvæði þess efnis að ráðherrar skuli víkja af Alþingi.

Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra - breytingar á fyrirsögn, bætt við sannleiksskyldu.

Ráðherraábyrgð - nú segir dómstólum þar sem áður var Hæstiréttur.

Vantraust - orðalagsbreytingar þannig í 1. mgr. komi orðið ráðherrar í stað forsætisráðherra eða aðra ráðherra.

Kjörgengi ráðherra - hornklofi felldur brott og orðalagsbreytingar.

Setning Alþingis - annar máls. er nýr. Þar sem þriðjungur þingmanna hefur heimilt til að bera upp tillögu við forseta að stefna Alþingi saman.

Skipun embættismanna - nýtt ákvæði að meginstefnu, einkum 3. mgr.

Umboðsmaður Alþingis - nafnabreyting, haldið núverandi heiti. Ný 2. og 3. mgr.

Ríkisendurskoðun - Nýr 2. málsliður um sjálfstæði í störfum ríkisendurskoðanda.

#### 4. Önnur mál

Eiríkur Tómasson skilaði svari við tveimur spurningum nefndarritara, sem sendar voru með tölvupósti dags. 7. júlí.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

## B-nefnd 39. fundur 11.07. 2011

11.07.2011 13:00

Sameiginlegur opinn fundur.

#### Dagskrá

1. Heildartillögur B-nefndar
2. Skoðanakönnun
3. Ákvæði um embættismenn

#### Fundargerð

39. opinn fundur B-nefndar haldinn 11. júlí 2011, kl. 13:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Guðmundur Gunnarsson, Þorvaldur Gylfason, Ómar Þ. Ragnarsson, Eiríkur Bergmann, Pawel Bartoczek, Þórhildur Þorleifsdóttir, Andrés Magnússon, Lýður Árnason, Þorkell Helgason, Erlingur Sigurðarson, Illugi Jökulsson, Örn Bárður Jónsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Katrín Oddsdóttir, Gísli Tryggvason, Ari Teitsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Stjórnlagaráðs Salvör Nordal setti fundinn og vísaði fundarstjórn til Katrínar Fjeldsted formanns B-nefndar.

Atkvæðaseðlum var dreift á fundinum ásamt blaði með röksemdum með og á móti valkosti er varðar þingsetu ráðherra.

#### 1. Heildartillögur B-nefndar

Katrín Fjeldsted reifaði stöðu á verkefnum B-nefndar. Eiríkur Bergmann Einarsson fór í hnotskurn yfir hvernig stjórnskipan samkvæmt tillögum B lítur út í heild sinni.

## 2. Skoðanakönnun

Aldursskilyrði forseta. Reifuð voru með og á móti sjónarmið við að halda kjörgengisskilyrði. Gengið var til kosninga.

Greiðsluheimildir og fjárukalög. Reifuð voru sjónarmið með og á móti einstökum valkostum. Gengið var til kosninga.

Tilkynnt var um úrslit fyrri atkvæðagreiðslu þ.e. aldursskilyrði forseta. Fjórtnán (14) merktu við valkost A þ.e. að aldursskilyrði væru á embætti forseta. Átta (8) merktu við valkost B, ekkert aldursskilyrði. Eitt atkvæði var skilað auðu. Alls höfðu 23 greitt atkvæði.

Seta ráðherra á þingi. Reifuð voru með og á móti sjónarmið við þremur valkostum. Gengið var til kosninga.

Tilkynnt voru úrslit atkvæðagreiðslu um greiðsluheimildir og fjárlög. Sextán (16) merktu við valkost A, fjórir (4) merktu við valkost B og þrír (3) við valkost C. Alls höfðu 23 greitt atkvæði.

Tilkynnt voru úrslit atkvæðagreiðslu um setu ráðherra á þingi. Í 2. umferð kom í ljós að 11 höfðu merkt við C, en B var með 10 atkvæði. Alls höfðu 23 fulltrúar greitt atkvæði, en einn seðill var auður.

## 3. Ákvæði um embættismenn

Ráðsfulltrúar ræddu ítarlega tillögur um skipun embættismanna.

4. Almennar umræður um tillögur B nefndar Ráðsfulltrúar ræddu almennt framkomnar tillögur B-nefndar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.

## C-nefnd 37. fundur 04.07. 2011

01.07.2011 15:48

### Dagskrá

1. Fundargerðir 22.-25. fundar bornar upp til samþykktar.
2. Erindi sem borist hafa nefnd frá síðustu yfirferð.
3. Umræða um næstu störf nefndarinnar og umsagnir.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

37. fundur C-nefndar, haldinn 4. júlí 2011, kl. 10.00-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir 22.-25. fundar bornar upp til samþykktar

Fundargerðirnar voru bornar upp án athugasemda og teljast því samþykktar.

2. Erindi sem borist hafa nefnd frá síðustu yfirferð Farið yfir erindi sem borist hafa nefndinni og þau rædd (sjá viðauka).

3. Umræða um næstu störf nefndarinnar og umsagnir Rætt um almennar athugasemdir sem borist hafa um kafla nefndarinnar, frá lagaprófessorunum Björgu Thorarensen og Ragnhildi Helgadóttur.

Rætt um athugasemdir um kosningakaflann sem Ágúst Þór Árnason tók saman. Einnig hefur kaflinn verið sendur Ólafi Þ. Harðarsyni, prófessor í stjórnmálafræði, og samtökunum ACE og innanríkisráðuneyti. Aðrir kaflar hafa verið sendir viðkomandi ráðuneytum.

4. Önnur mál  
náð „skuli“ í 4. mgr. 1. gr.

5. Næsti fundur C-nefndar  
Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 5. júlí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

Innsend erindi:

34273 G. Valdimar Valdemarsson. Fjármál stjórn-málaflókka.

34272 Björn Baldursson. Þjóðveldisstjórnarskrá Ís- lendinga 2013 - í vonum.

34271 Þórður Björn Sigurðsson. Lýðræðisleg þátt- taka almennings.

34107 Ólafur Hlynsson. Réttlátara kosningakerfi.  
34260 Sigurður Hr. Sigurðsson. Þónokkrar síðbúnar athugasemdir og tillögur.

34251 Hrönn Guðmundsdóttir. Svona til gamans.  
34247 Jakob Björnsson. Stjórnarskrárhugmyndir.  
33892 Ingólfur Eiríksson. Ísland og stríð.

33874 Michael-Paul Gionfriddo. Democratic-Rep- ublicanism an American Perspective.

33865 Þórir Baldursson. Hin almenna umræða.  
33995 Don Bacon. Food for Thought: The Re-Con- stitution of the United States of America.

34107 Ólafur Hlynsson. Réttlátara kosningakerfi.  
34102 Þórður Mar Sigurðsson. Kosningar til þings.  
34047 Adam Cronkright. Specialization and Taking Turns Governing.

34048 Kristinn Már Ársælsson. Opið lýðræði - líka hjá Stjórnlagaráði.

34021 Helgi Jóhann Hauksson. Raunhæf og réttlát leið til að leggja mál sitt fyrir dóm.

34017 Einar Þorbergsson. Varðandi hlutleysi Íslands.  
33988 Tryggvi Hjörvar. Bann við leynilegum samn- ingum.

34016 Einar Þorbergsson. Um kosningar til Alþingis.  
34022 Helgi Jóhann Hauksson. Raunhæf og réttlát leið til að leggja mál sitt fyrir dóm.

33991 Arinbjörn Sigurgeirsson. Lagaskilyrði - lög á leikmannamáli.

33946 Gunnar Skúli Ármannsson. Peningar og stjórnarskrá.

34004 Héðinn Björnsson. Áheyrnarfulltrúar íbúa án kosningarréttar.

33987 Þórlaug Ágústsdóttir. Áfangaskjal Stjórnlagaráðs aths. 2.

33977 Þórir Baldursson. Þátttaka.

33961 Lúdvíg Lárússon. Rafrænar kosningar.

33954 Þorsteinn Sigurður Þorsteinsson. Fjöldi þingmanna og vinnulag.

33952 Gísli Baldvinsson. Nokkur orð um „kjörseðla“.

33900 Gunnar Grímsson. Athugasemdir við áfangaskjal að stjórnarskrá Íslands.

33905 Guðrún Ægisdóttir. Einfaldlega hrós.

## C-nefnd 38. fundur 05.07. 2011

05.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Fundargerðir 26.-36. fundar bornar upp til samþykktar.
2. Erindi sem borist hafa nefndinni.
3. Umræða um næstu störf nefndar og umsagnir.
4. Önnur mál.

### Fundargerð

38. fundur C-nefndar, haldinn 5. júlí 2011, kl. 10.00-11.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir 26.-36. fundar bornar upp til samþykktar

Fundargerðir 26.-36. fundar voru bornar upp án athugasemda og teljast samþykktar.

2. Erindi sem borist hafa nefndinni

Farið yfir erindi sem borist hafa nefndinni (sjá viðauka).

3. Umræða um næstu störf nefndar og umsagnir

Ólafur Þ. Harðarson prófessor kemur á fund nefndarinnar á morgun, miðvikudag, kl. 13.15.

Rætt um að senda utanríkiskaflann á stjórnmalamenn, en það fékk ekki undirtektir í stjórn ráðsins. Rætt um að fá umsagnir þeirra sem hafa unnið með málaflokka en ekki bara fræðimenn.

Rætt um samningu greinargerða og uppbyggingu: Meginmarkmið og umræða, meginákvæði, sögulegt yfirlit, fræðilegur samantektur, umsögn um einstakar greinar og viðauki og útfærslur.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

5. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 6. júlí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.

## C-nefnd 39. fundur 06.07. 2011

06.07.2011 10:00

### Dagskrá

1. Umræður um störf nefndarinnar og umsagnir.
2. Heimsókn Ólafs Þ. Harðarsonar.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

39. fundur nefndar C, haldinn 6. júlí 2011, kl. 10.00-17.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræður um störf nefndarinnar og umsagnir

Rætt um vinnslu greinargerða og skiptingu kafla á einstaka nefndarmenn.

Rætt um ákvæðið um kynjajöfnun í kosningakaflanum.

Rætt um tillögu frá 15. ráðsfundi um viðurlög við stjórnarskrárbrotum. Talið að slík tillaga uppfylli ekki skilyrði um skýrleika og fyrirsjáanleika refsheimilda.

Rætt um tillögu um regluleg stjórnlagabing frá 13. ráðsfundi.

Rætt um umsögn Eiríks Tómassonar um stjórnlagadómstól og stjórnlagaráð frá fundi B-nefndar, sem vill sjá þetta fyrirkomulag hjá stofnun þingsins sem er bindandi fyrir þingið en ekki almenning. Ef farin verði leið dómstóls þá verður að þrengja valdsvið hans varðandi athafnir æðstu stjórnenda ríkisins.

Fundarhlé til kl. 13.00.

2. Heimsókn Ólafs Þ. Harðarsonar

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, ræðir almennt um verkefni Stjórnlagaráðs og þann tíma sem ráðinu er úthlutað til að ljúka störfum sínum. Ráð Ólafs til ráðsins eru m.a. að:

- Endurskoða hugmyndina um kjör þvert á lista, það mun ekki ná markmiðum sínum að draga úr spillingu. Leggja fremur áherslu á að jafna atkvæðavægi og setja nánari reglur um fjármál stjórnmálaflokka og framþjóðenda.

- Leggja áherslu á kerfi færri en fleiri heillegra flokka á þingi, þannig að það leiði til skýrra málefnalegra valkosta, þ.e.a.s. viðhafa þröskuld í kosningakerfinu.

Ef áhugi á persónuvali:

- Halda því þá innan flokka og það útfært nánar í kosningalögum.

3. Önnur mál

Almennar umræður meðal nefndarmanna eftir heimsókn Ólafs Þ. Harðarsonar.



#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði fimmtudaginn 7. júlí kl. 09.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

### C-nefnd 40. fundur 07.07. 2011

07.07.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

40. fundur C-nefndar, haldinn 7. júlí 2011, kl. 09.30-15.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Rætt um fund gærdagsins með Ólafi Þ. Harðarsyni en einnig athugasemdir frá öðrum.

Rætt um hvort og hvernig nefndin getur endurskoðað tillögur sínar í samræmi við gagnrýni fræðimanna og þá helst að persónukjör verði innan lista en ekki þvert á lista og takmarkaðan þröskuld. Gæti reynst erfitt að takast á fræðilega vegna skorts á tíma ráðsins til að framkvæma mat á áhrifum allra tillagna.

Rætt um að nefndin hafi unnið vel í sínum tillögum. Hins vegar verður að taka mark á gagnrýni fræðimanna. Ef til vill þyrfti meiri rannsóknarvinnu fyrir þeim tillögum er ganga lengst. Rætt um að fallast á tillögur um persónukjör innan lista, en hins vegar að gefa löggjafanum heimild til að ákveða kjör þvert á lista. Einnig að viðhafa takmarkaðan þröskuld í kosningakerfinu. Þarf að færa mjög góð rök fyrir þeim tillögum sem ætlunin er að leggja fram í ráðinu.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði föstudaginn 8. júlí kl. 09.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

### C-nefnd 41. fundur 08.07. 2011

08.07.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings.
2. Kafli um kosningar og alþingismenn.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

41. fundur C-nefndar, haldinn 8. júlí 2011, kl. 09.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um lýðræðislega þátttöku almennings

Rætt um stöðu og vinnu greinargerðar með kafla-anum.

Rætt enn fremur um rétt minnihluta þings að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, og áhyggjur af því að meirihlutinn gæti notað þetta tæki til að varpa frá sér ábyrgð. Rætt um að aðeins þeir sem hafi greitt atkvæði gegn frumvarpi geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Rætt um prósentuhlutfall í málskotsrétti þjóðar í tillögnum. 10% til 15%.

#### 2. Kafli um kosningar og alþingismenn

Farið yfir tillögur nefndar frá í gær til að koma til móts við athugasemdir við kaflanum frá fræðimönnum. Rætt um orðalagsbreytingar á einstökum ákvæðum 1.gr.

#### 2. Önnur mál

Rætt um stöðu greinargerða allra kafla.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði mánudaginn 11. júlí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

### C-nefnd 42. fundur 11.07. 2011

11.07.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Kafli um utanríkismál.
2. Kafli um kosningar og alþingismenn.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

42. fundur C-nefndar, haldinn 11. júlí 2011, kl. 10.00-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um utanríkismál

Farið yfir athugasemdir sem borist hafa frá utanríkisráðuneyti og nefndasviði, og ákveðið að gera orðalagsbreytingar á tillögu nefndar:  
3. mgr. 1. gr orðist svo: „Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóða-

rétti, skal háð samþykki Alþingis.“

2. gr. orðist svo: „Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.“

Rætt um hvort ástæða sé til að setja í 3. gr. muninn á minni háttar og meiri háttar framsali eins og þekkest í Danmörku. Ekki ástæða til breytinga með hliðsjón af því að túlka 2. og 3. gr. saman.

Rætt um stöðu forseta í utanríkismálakaflanum, um hvort hann fylgi stefnu ráðherra eða hvort hann hegði sér í samræmi við þá stefnu.

#### 2. Kafli um kosningar og alþingismenn

Rætt um tillögur Þorkell Helgasonar og Ara Teitssonar um orðalagsbreytingar á tillögum nefndarinnar, sbr. umræðu síðustu fundar nefndarinnar.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 4. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði þriðjudaginn 12. júlí kl. 10.00, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

### C-nefnd 43. fundur 12.07. 2011

12.07.2011 09:30

#### Dagskrá

1. Kafli um kosningar og alþingismenn.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

43. fundur C-nefndar, haldinn 12. júlí 2011, kl. 10.00-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

#### 1. Kafli um kosningar og alþingismenn

Rætt um texta í áfangaskjali í kafla um kosningar, um tillögur sem formaður hefur lagt fram og tillögur sem Þorkell Helgason og Ari Teitsson hafa lagt fram. Rætt um að efnisbreytingar um þröskuld í kosningakerfinu, um fjölda bundinna þingsæta og hve löng greinin á að vera.

Rætt um nýtt ákvæði um landskjörstjórn og gildi kosninga. Ákveðið að setja inn til kynningar og leita álita þar um. Rætt um bráðabirgðaákvæði um breytingu á kosningalögum í fyrsta skipti eftir gildistöku stjórnarskipunarlaganna.

#### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### 3. Næsti fundur C-nefndar

Ákveðið var að næsti fundur í C-nefnd yrði miðvikudaginn 13. júlí kl. 09.30, en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

### Fundargerð 16. ráðsfundar

12.07.2011 13:00

#### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Skýrsla og tillögur A-nefndar.
  - Mannréttindi, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Undirstöður, tillögur um breytingar á áður samþykktum eða kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal (Frelsi fjölmiðla - breytt staðsetning. Þjóðkirkja - breytt staðsetning og efni).
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar.
  - Kosningar og alþingismenn, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Utanríkismál, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar.
  - Störf Alþingis, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Ráðherrar og ríkisstjórn, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Stjórnsýsla og eftirlit, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Forseti Íslands, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Sveitarstjórnir, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

16. ráðsfundur - haldinn 12. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll höfðu boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir og Freyja Haraldsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti þriðjudaginn 11. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum. Fram kom að vinnu við áfangaskjal væri að ljúka og þær breytingartillögur fulltrúa sem fram kynnu að koma á fundinum myndu því koma til umfjöllunar síðar, með sama hætti og breytingartillögur við frumvarpsdrög.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 15. ráðsfundar, 1. júlí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs.

## 2. Skýrsla og tillögur A-nefndar

### 2.1 Mannréttindi og undirstöður,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða annars vegar fjórtán ákvæði (nr. 1, 3, 6, 7, 8, 12, 14, 16, 25, 26, 27, 28, 29 og 30) í þeim kafla áfangaskjalsins sem ber yfirskriftina „Mannréttindi“ og hins vegar tvö ákvæði í kaflanum „Undirstöður“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Pétur Gunnlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek, Íris Lind Sæmundsdóttir, Gísli Tryggvason, Katrín Fjeldsted, Andrés Magnússon, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Þorkell Helgason, Arnfríður Guðmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson, Ari Teitsson tók við fundarstjórn, Salvör Nordal, Lýður Árnason og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Íris Lind gerði það að tillögu sinni að gerð yrði breyting á málsmeðferð, nánar tiltekið þannig að 25. gr. yrði afgreidd aðskilin frá öðrum greinum.

Fundarhlé.

Að loknu hléi var fundi fram haldið og umræður hófust að nýju. Til máls tók Íris Lind Sæmundsdóttir og dró til baka tillögu sína um breytta málsmeðferð.

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur A-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykk: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur

Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Pétur Gunnlaugsson.

Sátu hjá: Þorkell Helgason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Pawel Bartoszek. Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Freyja Haraldsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 18 atkvæðum.

Fram komu tvær breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

1. Breytingartillaga við ákvæði 25. gr. í kafla um mannréttindi (menningarleg verðmæti). Flutningsmaður: Katrín Fjeldsted.
2. Breytingartillaga við ákvæði 7. gr. í kafla um mannréttindi (skoðana- og tjáningarfrelsi). Flutningsmaður: Gísli Tryggvason.

Breytingartillögum þessum var vísað til umfjöllunar með frumvarpsdrögum, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

## 3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

### 3.1 Kosningar og alþingismenn,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal

Tillögurnar varða sex ákvæði (nr. 1-6) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirskriftina „Kosningar og alþingismenn“, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Dögg Harðardóttir, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Þorkell Helgason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Pétur Gunnlaugsson, Andrés Magnússon og Þorvaldur Gylfason.

Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykk: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson. Sátu hjá: Lýður Árnason, Vilhjálmur Þorsteinsson. Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 18 atkvæðum.

Fram komu fimm breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

1. Breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn (styrkir til stjórnmalasamtaka). Flutningsmenn: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Þorvaldur Gylfason.
2. Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn (fjöldi alþingismanna). Flutningsmenn: Erlingur Sigurðarson, Illugi Jökulsson, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Katrín Oddsdóttir, Örn Bárður Jónsson.
3. Breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn (slembiúrtak og auðir kjörseðlar). Flutningsmenn: Andrés Magnússon og Lýður Árnason.
4. Breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn (auðir kjörseðlar). Flutningsmaður: Dögg Harðardóttir.
5. Breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn (fjöldi alþingismanna). Flutningsmenn: Þorkell Helgason og Þorvaldur Gylfason.

Breytingartillögum þessum var vísað til umfjöllunar með frumvarpsdrögum, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

Fundarhlé.

### 3.2 Utanríkismál,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Tillögurnar varða þrjú ákvæði (nr. 1-3) í þeim kafla áfangaskjals sem ber yfirkriftina „Utanríkismál”, sjá fylgiskjal með fundargerð. Skjalið var lagt fram til afgreiðslu.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanevndar C, gerði grein fyrir málinu.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Pétur Gunnlaugsson, Andrés Magnússon og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Tillögur C-nevndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson. Fjarverandi: Freyja Haraldsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 21 atkvæði.

Fundi var frestað kl. 17.25 og fram haldið miðvikudaginn 13. júlí kl. 9.30.

### 16. ráðsfundi fram haldið

Miðvikudaginn 13. júlí kl. 9.30.

Þá voru mættir eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll höfðu boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir og Freyja Haraldsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

### 4. Skýrsla og tillögur B-nevndar

#### 4.1 Störf Alþingis, ráðherrar og ríkisstjórn, stjórnarsýsla og eftirlit, forseti Íslands, sveitarstjórnir,

tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanevndar B, gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar og fór yfir tillögurnar í heild sinni, enda yrðu ekki gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag.

Pawel Bartoszek lagði fram dagskrártillögu um að kosningu á milli tveggja valkosta í grein um ráðherra og Alþingi yrði látin falla niður. Dagskrártillögu frestað.

Að lokinni framsögu formanns gaf fundarstjóri orðið laust og eftirtaldir tóku til máls: Vilhjálmur Þorsteinsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pétur Gunnlaugsson og Lýður Árnason.

Fundarhlé.

Að loknu fundarhléi var umræðum fram haldið og til máls tóku eftirtaldir: Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorkell Helgason, Katrín Fjeldsted, Dögg Harðardóttir, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Ari Teitsson, Katrín Oddsdóttir, fundarstjóri lokað mælendaskrá, Andrés Magnússon, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason og Þorvaldur Gylfason.

Fundarhlé.

Ari Teitsson tók við fundarstjórn.

Að loknu hléi var fundi fram haldið og til máls tóku eftirtaldir: Íris Lind Sæmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Salvör Nordal.

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, fékk orðið um fram komnar athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum.

Atkvæðaseðill, sem B-nefnd hafði útbúið vegna fyrirhugaðrar atkvæðagreiðslu á milli tveggja valkosta í grein um ráðherra og Alþingi var dreginn til baka.

Pawel Bartoszek dró þá einnig til baka framangreinda dagskráartillögu sína.

Tillögur B-nefndar voru teknar til afgreiðslu.

Atkvæði féllu svo:

Samþykkt: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Iris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson.

Á móti: Enginn.

Sátu hjá: Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Salvör Nordal.

Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillögurnar voru því samþykktar inn í áfangaskjal, með 19 atkvæðum.

Fram komu fimm breytingartillögur, nánar tiltekið þessar:

1. Breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 3. gr. í kafla um ráðherra og ríkisstjórn (fjöldi ráðherra). Flutningsmenn: Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason.
2. Breytingartillaga við ákvæði 2. mgr. 12. gr. í kafla um störf Alþingis (jafnræðis sé gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar). Flutningsmaður: Gísli Tryggvason.
3. Breytingartillaga við ákvæði um eignir og skuldbindingar ríkisins í kafla um störf Alþingis (hert ákvæði um ríkisábyrgð). Flutningsmenn: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Þorvaldur Gylfason.
4. Breytingartillaga við ákvæði 16. og 17. gr. í kafla um störf Alþingis (skipan skattamála og eignir og skuldbindingar ríkisins), 3. gr. í kafla um ráðherra og ríkisstjórn (stjórnarmyndun) og 1. gr. í kafla um Stjórnsýslu og eftirlit (skipun embættismanna). Flutningsmaður: Andrés Magnússon.
5. Breytingartillaga við ákvæði 14. gr. í kafla um störf Alþingis (málskotsréttur forseta). Flutningsmenn: Katrín Oddsdóttir og Pétur Gunnlaugsson.

Breytingartillögum þessum var vísað til umfjöllunar með frumvarpsdrögum, sjá bókun undir lið 6 hér á eftir.

##### 5. Drög að formála stjórnarskrárinnar.

Fundarstjóri skýrði frá því að umfjöllun A-nefndar hefði ekki verið að fullu lokið í gær og gaf Erni Bárði Jónssyni orðið.

Örn Bárður Jónsson kynnti tillögu um aðfaraorð að stjórnarskrá og vinnu nokkurra fulltrúa við hana. Fundarstjóri óskaði eftir því að texti tillögunnar yrði sendur fulltrúum.

##### 6. Næsti ráðsfundur

Fundarstjóri lýsti því að stjórn tæki nú fyrirleggjandi

drög að áfangaskjali til umfjöllunar og ynni drög að frumvarpi.

Í lok fundar fór fundarstjóri yfir þær breytingartillögur sem fram höfðu komið á fundinum, alls tólf talsins, sbr. bókanir undir liðum 2.1, 3.1 og 4.1 hér að framan.

Fram kom, sbr. einnig fundarboð, að vinnu við áfangaskjal er að ljúka og þær breytingartillögur fulltrúa sem fram kunna að koma á fundinum munu því koma til umfjöllunar síðar, með sama hætti og breytingartillögur við frumvarpsdrög (sjá 15. gr. starfsreglna). Frágangur breytingartillagna þarf þá að vera formlegri og rökstuðningur ítarlegri en áður.

Lýður Árnason fékk orðið og tók til máls.

Boðað verður til næsta ráðsfundar með dags fyrirvara, í samræmi við starfsreglur ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25.

Fundargerð rituðu Sif Guðjónsdóttir og Guðbjörg Eva Baldursdóttir.

##### Fylgiskjöl 16. ráðsfundar:

34406 - Tillögur A-nefndar varðandi mannréttindi og undirstöður

34419 - Tillögur C-nefndar varðandi kosningar og alþingismenn

34411 - Tillögur C-nefndar um utanríkismál

34424 - Tillögur B-nefndar varðandi undirstöður, Alþingi, ráðherra og ríkisstjórn, forseta Íslands, stjórn-sýslu og eftirlit

34421 - Breytingartillaga til A-nefndar um menningarleg verðmæti, KF

34420 - Breytingartillaga til A-nefndar um skoðana- og tjáningarfrelsi, GT

34427 - Breytingartillaga til C-nefndar varðandi fjölda alþingismanna, sex fulltrúar

34445 - Breytingartillaga til C-nefndar um fjölda alþingismanna, ÞH, ÞG

34438 - Breytingartillaga til C-nefndar um slembival, AM, LÁ

34444 - Breytingartillaga til C-nefndar um auða kjörseðla, DH

34447 - Breytingartillaga til C-nefndar um styrki til stjórnmalasamtaka, níu fulltrúar

34439 - Breytingartillaga til B-nefndar um skipan skattamála og fleira, AM

34442 - Breytingartillaga til B-nefndar um jafnræði við samráð í löggjafarferli, GT

34446 - Breytingartillaga til B-nefndar um ríkisábyrgð, níu fulltrúar

34455 - Breytingartillaga til B-nefndar um fjölgun ráðherra - EBE, GT, ÍLS

34461 - Breytingartillaga til B-nefndar um málskotsrétt forseta, KO, PG

## Áfangaskjalið á 16. ráðsfundi

### Aðfaraorð

### Mannréttindi

1. Mannleg reisn  
Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.

2. Jafnræðisregla  
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnáttatengsla, trúarbragða, tungu- máls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.  
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hví- vetna.
3. Vernd réttinda  
Yfirvöldum ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra.
4. Mannhelgi  
Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.
5. Friðhelgi einkalífs  
Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.  
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema sam- kvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póst- sendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt frið- helgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
6. Réttur barna  
Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.  
Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.
7. Skoðana- og tjáningarfrelsi  
Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfær- ingar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.  
Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður.  
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.  
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoð- ana sinna.
8. Upplýsingafrelsi  
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.  
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif.
9. Frelsi menningar og mennta  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.
10. Trúfrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoð- unar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.  
Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í sam- félagi með öðrum, opinberlega eða á einkavett- vang. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trú- félög og lífsskoðunarfélög.  
Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal ein- ungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.
11. Félagafrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnála- félög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
12. Fundafrelsi  
Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.
13. Ríkisborgararéttur  
Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.  
Engan má svipta íslenskum ríkisborgarétti. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.
- Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.  
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.  
Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónu- verndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. Ákvarðanir um leynd skulu reglu- lega endurskoðaðar af óháðum aðila.

14. Dvalarréttur og ferðafrelsi  
Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.  
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.  
Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar.
15. Frelsisvipting  
Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.  
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.  
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.  
Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsisvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.  
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.
16. Bann við afturvirkni refsingar  
Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.
17. Bann við ómannúðlegri meðferð  
Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.  
Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.  
Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.
18. Bann við herskyldu  
Herskyldu má aldrei í lög leiða.
19. Réttlát málsmeðferð  
Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.  
Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.
20. Heilbrigðisþjónusta  
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.
21. Menntun  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.  
Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.  
Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.
22. Atvinnufrelsi  
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.  
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.
23. Félagsleg réttindi  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.
24. Eignarréttur  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.
25. Menningarverðmæti  
Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.
26. Náttúra Íslands og umhverfi  
Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.  
Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.  
Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

## 27. Náttúruauðlindir

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

## 28. Upplýsingar um umhverfi og málsaðild

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðstedjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.

## 29. Dýravernd

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.

## 30. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum

Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.

Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum.

## Undirstöður

### 1. Handhafar ríkisvalds

Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld, í umboði Alþingis, fara með framkvæmdarvaldið ásamt forseta Íslands.

Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.

### 2. Yfirráðasvæði

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

## 3. Frelsi fjölmiðla

Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.

Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómurskurði.

## 4. Þjóðkirkja

Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

## Kosningar til Alþingis og alþingismenn

### 1. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.

Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.

Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.

Kjósandi velur frambjóðendur af kjördæmislista eða landslista sömu samtaka, eða af þeim báðum. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við annan listann og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að kjósandi geti valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka.

Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. Þau samtök koma ein til álitu við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll þingsætin.

Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

### 2. Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra

Upplýsingar um framlög til frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum svo og samtaka þeirra skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.



3. Kosningaréttur  
Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.  
Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.
4. Kjörgengi  
Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.
5. Alþingiskosningar  
Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.  
Kjörtímabil er fjögur ár.  
Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.
6. Gildi kosninga  
Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.  
Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og þingmanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.  
Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.
7. Þingforseti  
Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.  
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.  
Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.
8. Þingsköp Alþingis  
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
9. Þingnefndir  
Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál og sérnefndir eftir því sem við á.  
Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.
10. Opnir fundir  
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.  
Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi.
11. Flutningur þingmála  
Alþingsmenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.
12. Meðferð lagafrumvarpa  
Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.  
Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.  
Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.  
Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.
13. Meðferð þingsályktunartillagana  
Tillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.  
Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur.  
Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.  
Tillögur um þingrof og vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.  
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.
14. Ályktunarbærni  
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál

### Störf Alþingis

1. Hlutverk  
Alþingi fer með löggjafarvald og fjárfstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.
2. Friðhelgi  
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.
3. Starfstími  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.  
Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.
4. Samkomustaður  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.
5. Eiður alþingismanna  
Sérhver nýr þingmaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.
6. Sjálfstæði alþingismanna  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.

- að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.
15. Staðfesting laga  
Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.  
Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.  
Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárlög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.
  16. Birting laga  
Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.
  17. Skipan skattamála  
Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.  
Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.  
Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
  18. Eignir og skuldbindingar ríkisins  
Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.  
Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almanna-hagsmuna.  
Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.
  19. Frumvarp til fjárlaga  
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.
  20. Fjárlög og greiðsluheimildir  
Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.  
Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almanna-hagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárlögum.
  21. Upplýsingaréttur fjárlaganefndar  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.
  22. Rannsóknarnefndir  
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.  
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.
  23. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnábyrgð þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna.
  24. Hagsmunaskráning og vanhæfi þingmanna  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominn. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.  
Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
  25. Friðhelgi þingmanna  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.  
Alþingismaður verður ekki krafinn reiknings-skapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.  
Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi.
  26. Missir kjörgengis  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varmaður tekur þá sæti hans á þingi.
  27. Þingrof  
Forseti Íslands getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
  28. Lögrétta  
Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða fimmtungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.  
Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

## Ráðherrar og ríkisstjórn

### 1. Ríkisstjórn

Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.

Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmál-efni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.

Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

### 2. Ráðherrar

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.

Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.

### 3. Stjórnarmyndun

Alþingi kýs forsætisráðherra.

Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.

Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti og veitir honum lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.

### 4. Setutími ráðherra

Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.

### 5. Ráðherrar og Alþingi

Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Valkostur 1

Sé alþingismaður skipaður ráðherra vísur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.

Valkostur 2

Sé alþingismaður skipaður ráðherra segir hann af sér þingmennsku og tekur varamaður þá sæti hans.

### 6. Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.

Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.

Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, víðeigandi og fullnægjandi.

### 7. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

### 8. Hagsmunaskráning ráðherra og opinber störf

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

### 9. Ráðherraábyrgð

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum

### 10. Vantraust

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á hann er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

### 11. Starfsstjórn

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

## Stjórnsýsla og eftirlit

1. Skipun embættismanna  
Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.  
Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.  
Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykka skipunina með 2/3 atkvæða til að hún taki gildi. Ákveða má með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti.  
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.
2. Umboðsmaður Alþingis  
Alþingi kys umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.  
Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.  
Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð slíkrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds.
3. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.  
Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.
4. Ákærvald og ríkissaksóknari  
Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.  
Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómara.

## Forseti Íslands

1. Embættisheiti og þjóðkjör  
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.
2. Kjörgengi til forseta  
Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.
3. Forsetakjör  
Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningarbærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.
4. Kjörtímabil forseta  
Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.
5. Eiður forseta  
Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.
6. Starfskjör forseta  
Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.
7. Staðgengill forseta  
Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.
8. Fráfall forseta  
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.
9. Ábyrgð forseta  
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.  
Valkostur 1:  
Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.  
Valkostur 2:  
Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.
10. Setning Alþingis  
Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og

setur Alþingi að tillögu forseta þess eða þriðjungs þingmanna.

11. Náðun og sakaruppgjöf  
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

### Dómsvald

1. Skipan dómstóla  
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.
2. Sjálfstæði dómstóla  
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.
3. Lögsaga dómstóla  
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.  
Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.  
Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmæti hennar undir dóm.
4. Hæstiréttur Íslands  
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.  
Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.
5. Skipun dómara  
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.  
Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis dómara.  
Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.
6. Sjálfstæði dómara  
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.
7. Stjórnarskrársamræmi  
Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða forseti Íslands, geta vísað til Hæstaréttar að dæma hvort

lög, stjórnarathafnir eða athafnaleyfi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá.

### Lýðræðisleg þátttaka almennings

1. Málskot til þjóðarinnar  
Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.  
Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.  
Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.  
Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.
2. Þingmál að frumkvæði kjósenda  
Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.  
Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagna tillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.  
Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.
3. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu  
Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almanna-hag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárákálög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttar-skuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.  
Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.  
Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímallengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.
4. Stjórnarskrárbreytingar  
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til

breytinga á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Hafi fimm sjöttu hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

### Sveitarfélög

1. Sjálfstjórn sveitarfélaga  
Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.  
Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.  
Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.
2. Nálægðarregla  
Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.
3. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði  
Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.  
Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.
4. Samráðsskylda  
Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

### Utanríkismál

1. Meðferð utanríkismála  
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu.  
Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.  
Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.
2. Þjóðréttarsamningar  
Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.

### 3. Framsal ríkisvalds

Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.

Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem við eiga um breytingu á stjórnarskrá þessari.

### Lokaákvæði

## 17. ráðsfundur 20.07. 2011.

### A-nefnd 42. fundur 14.07. 2011

14.07.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Greinargerðir.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

42. fundur A-nefndar, haldinn fimmtudaginn 14. júlí 2011, kl. 10.00-10.10.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Fjarvistir hafði boðað Freyja Haraldsdóttir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Greinargerðir

Farið var yfir stöðu greinargerðarvinnu, sem ljúka þarf fyrir hádegi föstudaginn 15. júlí. Með því móti verði mögulegt að leggja fyrir helgi fram drög að frumvarpi, sem grundvöll umræðu ráðsins í næstu viku. Nefndarfolk skipti lokafrágangi greinargerða á milli sín, en Katrín leggur B-nefnd lið við greinargerðir þeirrar nefndar.

#### 2. Önnur mál

Engin rædd.

### A-nefnd 43. fundur 18.07. 2011

18.07.2011 11:00

#### Dagskrá

1. Fundargerðir.
2. Breytingartillögur frá nefnd.
3. Önnur mál.

#### Fundargerð

43. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 18. júlí 2011, kl. 13.00-13.20.

Mætt voru: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson og Katrín Oddsdóttir. Andrés Ingi Jónsson ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir eftirtalinna funda nefndarinnar voru bornar upp og samþykktar:

- Fundir 24-31.
- Fundir 40-42.

#### 2. Breytingartillögur frá nefnd

Í ljósi athugasemda sem borist hafa undanfarna daga, t.a.m. frá Páli Þórhallssyni og mennta- og menningarmálaráðuneytinu, hyggst nefndin gera tillögur að breytingum á nokkrum ákvæðum mannréttindakaflans. Verður því haldinn vinnufundur nefndarfólks

að loknum nefndarfundi, svo hægt sé að koma breytingum inn áður en frestur til þess rennur út.

#### 3. Önnur mál

Þorvaldur hafði gagnrýnt ákvörðun stjórnar um að gera náttúru- og auðlindagreinar að sjálfstæðum kafla, frekar en hluta af mannréttindakafla. Silja Bára gerði grein fyrir umræðum um málið á stjórnarfundi fyrir um daginn, þar sem ákveðið var að halda þessu skipulagi óbreyttu. Því þyrfti nefndarfolk að gera sjálfstæðar breytingartillögur til að færa ákvæðin aftur inn í mannréttindakaflann.

Fundargerð þessa fundar var lesin upp og samþykkt.

### B-nefnd 40. fundur 20.07. 2011

20.07.2011 09:00

#### Dagskrá

1. Breytingartillögur B-nefndar við frumvarpið lagðar fram á ráðsfundi.
2. Umsögn forsætisráðuneytis.
3. Erindi.

#### Fundargerð

40. fundur B-nefndar haldinn 19. júlí 2011, kl. 09:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason voru forfölluð. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Breytingartillögur B-nefndar við frumvarpið lagðar fram á ráðsfundi 20. júlí.

Gerðar voru breytingartillögur á tillögum B-nefndar fyrir ráðsfund þann 20. júlí. Formaður mun gera grein fyrir þeim breytingum, sumpart til að laga ákvæði sem þegar hafa verið gerðar breytingar á sem eftir atvikum hafa ekki ratað í áfangaskjalið eins og það nú liggur fyrir.

Nefndarritara auk Vilhjálms var falið að skrá breytingartillögurnar nefndarinnar á innra netið.

#### 2. Umsögn forsætisráðuneytis.

Í kjölfar umsagnar forsætisráðuneytisins töldu nefndarmenn að gera þyrfti breytingar í samræmi við ýmsar athugasemdir.

Breytingartillögur voru gerðar sameiginlega í nafni B-nefndar og um formaður Katrín gera grein fyrir þeim breytingum á ráðsfundi þann 20. júlí.

#### 3. Erindi, lögð fram og rædd.

Eftirfarandi listi yfir framkomin erindi er varða mál-efni B-nefndar var lagður fram. Einhver erindi höfðu

verið rædd ítarlega á fyrri stigum og ratað inn í einstakar tillögur.

33465 Pétur Józefsson. Oddviti framkvæmdarvalds kjörinn af þjóðinni.

33447 Guðmundur Ágúst Sæmundsson. Forseti leiði fram ríkisstjórn með hliðsjón af ábendingum frá Alþingi.

33453 Tryggvi Þór Tryggvason. Varhugavert að ráðherrar sitji ekki á þingi.

33458 Friðgeir Haraldsson. M.a. að ráðherrar komi ekki úr hópi þingmanna.

33340 Ingólfur Harri Hermannsson. Þjóðkjörið framkvæmdarvald - tveggja turna pólitík.

33307 Guðrún Gísladóttir. Vantrauststillögur á sitjandi meirihluta á Alþingi.

33212 Lýðræðisfélagið Alda. Fjármál stjórnmalaflokka

33207 Lýðræðisfélagið Alda. Almenn kosning ráðherra.

33166 Rene Bíasóné. Heildarskipulagning stjórnarskrár. Valddreifing og ríkisvald í 4. kafla.

34433 Agnar H. Johnson. Fjöldi ráðherra.

34336 Margrét Hermanns Auðardóttir. Er þjóðinni ekki treystandi til að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu?

34308 Svavar Kjarrval Lúthersson. Tillögur að bættum kafla um stjórnslu og eftirlit.

34307 Svavar Kjarrval Lúthersson. Tillögur að bættum kafla um ráðherra og ríkisstjórn.

34091 Nils Gíslason. Myndun ríkisstjórnar.

34088 Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir. Ráðherraábyrgð gegn einelti og kynferðisofbeldi.

33994 Erlendur Örn Fjeldsted. Aðskilnaður þings og framkvæmdarvalds.

33982 Ásgeir Sigurvaldason. Stjórnslu/sýslumenn.

33970 Gauti Kristmannsson. Titlar ráðherra.

33599 Bergur Hauksson. Hvers vegna treystir Stjórnlagaráð þjóðinni ekki til að kjósa framkvæmdarvald?

33596 Pétur Józefsson. Framkvæmdarvaldið III

33566 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Val á ráðherrum.

33543 Gunnar Hómsteinn Guðmundsson. Tvíræðni.

33530 Hannes Richardsson. Takmarkanir við myndun ríkisstjórnar.

33519 Kári Allansson. Þingmenn komi ekki til greina sem ráðherrar.

33499 Nils Gíslason. Myndun ríkisstjórnar.

33497 Pétur Józefsson. Framkvæmdarvaldið II.

33465 Pétur Józefsson. Framkvæmdarvaldið.

33453 Tryggvi Þór Tryggvason. Ráðherrar og þingmennska.

33443 Aðalsteinn Aðalsteinsson. Höfuðborg.

33307 Guðrún Gísladóttir. Vantrauststillögur á sitjandi meirihluta á Alþingi /konstruktívt veto.

33207 Lýðræðisfélagið Alda. Almenn kosning ráðherra.

Alþingi.

33147 Helga Guðrún Erlingsdóttir. Úrsögn þingmanna úr flokkum, þingmenn hætti þá störfum.

33156 Olgeir Gestsson. Lengd þingsetu. Þingmenn séu ekki ráðherrar.

33207 Lýðræðisfélagið Alda - Kristinn Már. Almenn kosning ráðherra.

33180 Einar Örn Ólason. Forsetaræði/aðskilnaður lögjafar- og framkvæmdarvalds.

34448 Magnús Ragnar Magnússon. Af hverju fá alþingismenn og forseti Íslands „friðhelgi“?

34353 Kristján Steinsson. Tillaga til Stjórnlagaráðs.

34324 Methúsalem Þórisson. Takmarka þarf auðvaldið.

34309 Svavar Kjarrval Lúthersson. Tillögur að bættum kafla um störf Alþingis.

34049 Magnús Jón. Heiðarleiki.

33975 Flóki Ásgeirsson. Aðhald og eftirlit með stjórnvöldum.

33961 Lúðvíg Lárusson. Rafrænar kosningar.

33954 Þorsteinn Sigurður Þorsteinsson. Fjöldi þingmanna og vinnulag.

33871 Svanbjörg Helga Haraldsdóttir. Þegar þingmenn verða ósammála flokki sínum.

33863 Úlfar Nathanaelsson. Ábyrgð í fjármálum.

33858 Jón Sigurjónsson. Varaþingmenn.

33848 Finnbjörn Gíslason. Hæfi alþingismanna.

33678 Sveinn Þorsteinsson. Þegar þingmenn skipta um flokk.

33649 Ingibjörg Rebekka Guðjónsdóttir. Ábyrgð vegna setu fólks á Alþingi.

33559 Guðmundur Hörður Guðmundsson. Persónukjör til efri deildar Alþingis.

33537 Nils Gíslason. Um þingrof.

33535 María S. Helgadóttir. Sanngirnismál og fleira.

33533 Örn Leó Guðmundsson. Lýðræði þjóðar eða sérhagsmunahópanna.

33516 Pétur Józefsson. Kosningar til Alþingis.

33468 Nils Gíslason. Skýrsla og tillögur B-nefndar.

33448 G. Valdimar Valdemarsson. Störf Alþingis - fjárlaganefnd.

33222 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Fyrirkomulag atkvæðagreiðslna á Alþingi

Forseti.

33218 Lýðræðisfélagið Alda - Kristinn Már. Forseti.

33221 Gísli Baldvinsson. Hlutverk forseta.

34382 Margrét Hermanns Auðardóttir. Varðar svar við ummæli.

34303 Svavar Kjarrval Lúthersson. Tillögur að bættum kafla um forseta Íslands.

34281 Björn Einarsson. Réttargæslukerfið allt undir forseta Íslands, ekki bara dómstólar.

33854 Heiðrún Sveinsdóttir. Hlutverk forseta.

33686 Jón Frímann Jónsson. Setutími forseta Íslands, málskotsréttur og fleira.

33646 Guðmundur Ágúst Sæmundsson. Leið að eflingu lýðræðissamfélags II - Forsetarnir í stjórnskipuninni.

33561 Guðmundur Guðbjarnason. Hvers vegna varaforseta?

33410 Ágúst L. Sigurðsson. Kjörtímabil forseta.

33312 Gunnar Þór Tómasson. Forsetinn, þjóðhöfðinginn og valdið.

33221 Gísli Baldvinsson. Hlutverk forseta.

33218 Lýðræðisfélagið Alda. Forseti.

33174 Ólafur S. Björnsson. Kosningar, forsetakjör, kvóti, hagstjórn og trúmál.

Sveitarfélög

33955 Þorsteinn Sigurður Þorsteinsson. Tekjuöflun sveitarfélaga.

33924 Árni Björn Guðjónsson. Lýðræði er mannréttindi.



33608 Guðjón Bragason. Endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Annað

33338 Nils Gíslason. Ábyrgð í stað valds.  
34367 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Stjórnarskrá.  
34357 Bertrand Téchené. Hello people of Iceland.  
34341 Ingólfur Harri Hermannsson. Falið forsetaræði.  
34325 Daði Ingólfsson. Greinargerð eftir 15. ráðsfund.  
34321 Hjörtu Hjartarson. Örfáar athugasemdir við áfangaskjal.  
34312 Finnbjörn Gíslason. Sjálfstæði íslenskra stjórnvalda og þjóðarinnar.  
34283 Björn Einarsson. Umboðsmaður almennings (áður Alþingis) ópólitískur.  
34282 Björn Einarsson. Almennigur á að geta komið frá valdhöfum, hvenær sem er.  
34279 Björn Einarsson. Réttlætning pólitískra ákvarðana eykur lýðræðið.  
34272 Björn Baldursson. Þjóðveldisstjórnarskrá Íslandinga 2013 - í vonum.  
34260 Sigurður Hr. Sigurðsson. Þónokkrar síðbúnar athugasemdir og tillögur.  
34247 Jakob Björnsson. Stjórnarskrárhugmyndir.  
34144 Jon S. Powers of the executive and legislative branches of government.  
34048 Kristinn Már Ársælsson. Opið lýðræði - líka hjá Stjórnlagaráði.  
34047 Adam Cronkright. Specialization and Taking Turns Governing.  
34046 Jón Þór Ólafsson. Seðlabanki Íslands  
33995 Don Bacon. Food for Thought: The Re-Constitution of the United States of America  
33991 Arinbjörn Sigurgeirsson. Lagaskilyrði - lög á leikmannamáli.  
33988 Tryggvi Hjörvar. Bann við leynilegum samningum.  
33987 Þórlaug Ágústsdóttir. Áfangaskjal Stjórnlagaráðs aths. 2.  
33977 Þórir Baldursson. Þátttaka.  
33946 Gunnar Skúli Ármannsson. Peningar og stjórnarskrá.  
33905 Guðrún Ægisdóttir. Einfaldlega hrós.  
33900 Gunnar Grímsson. Athugasemdir við áfangaskjal að stjórnarskrá Íslands.  
33886 Hjörtur Hjartarson. Auðræði eða lýðræði - Fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda.  
33874 Michael-Paul Gionfriddo. Democratic-Republicanism an American Perspective.  
33861 Nils Gíslason. Framsal á ábyrgð.  
33846 Haukur Már Helgason. Ríkisborgarar í stað þjóðar.  
33732 Guðlaugur Kr. Jörundsson. Val um beint lýðræði eða fulltrúalýðræði.  
33730 Guðlaugur Kr. Jörundsson. Nýja hugtakanotkun, gegn valdapólitíkinni.  
33647 Loftur Altice Þorsteinsson. Stjórnarskráin og peningastefna á Íslandi.  
33625 Björn Einarsson. Rökræðulýðræði og ópólitísk stjórnsýsla.  
33621 Kristinn Már Ársælsson. Umsögn um framkomnar tillögur Stjórnlagaráðs.  
33605 Jón Þór Ólafsson. Lögeyrisvaldið.  
33560 Einar Svavarsson. Þingmenn verði ekki ráðherrar.

33490 Nils Gíslason. Seðlabanki.

33474 Birgir Hermannsson. Stjórnarfrumvörp og Alþingi.

33462 Natan Kolbeinsson. Kjörnir fulltrúar.

33458 Friðgeir Haraldsson. Alþingi, dýravernd, beint lýðræði, ráðherrar, dómara, sýslumenn, ofl.

33457 Magnús Ragnar. Hugmynd að framtíðarstjórnarskrá Íslands.

33452 Gunnar Freyr Valdimarsson. Form og inntak stjórnarskrár.

33421 Guðmundur Ágúst Sæmundsson. Leið að eflingu lýðræðissamfélags.

33409 Samtök hernaðarandstæðinga. Friðar- og afvopnunarmál.

33173 Kristinn Þór Jakobsson. Tekjuskattspræsentastífest í stjórnarskrá.

33166 René Biasone. Hugleiðingar um nýja stjórnarskrá

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

## C-nefnd 44. fundur 14.07. 2011

14.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Erindi sem borist hafa nefndinni.
2. Staða greinargerða og verklag.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

44. fundur C-nefndar, haldinn 13. júlí 2011, kl. 09.30-12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Erindi sem borist hafa nefndinni  
Farið yfir þau erindi sem borist hafa nefndinni (sjá viðauka).

#### 2. Staða greinargerða og verklag

Formaður gerir grein fyrir stöðu mála í greinargerðarvinnu, skjal um kosningar og alþingismenn var sent nefndasviði í gær, vonast til að hin þrjú geti farið þangað í dag. Stjórn hefur ákveðið sbr. samþykkt á ráðsfundi að það falli út 2. mgr. 5. gr. dómsvaldskafla um skipun dómara því B-nefnd hefur lagt fram ákvæði í aðra veru á eftir tillögu C-nefndar, og var það samþykkt á ráðsfundi.

Formaður segir að hann og varaformaður vinni að því að koma hinum þremur köflunum til nefndasviðs sem fyrst. Rætt um að skýringar verði að berast nefndasviði í hádegina á morgun og fari í yfirllestur. Drög að frumvarpinu verða svo send út fyrir miðnætti þann dag og hafa ráðsfulltrúar þá helgina til að kynna sér frumvarpið og móta breytingartillögur ef svo ber við.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur C-nefndar

Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur yrði í C-nefnd en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

Innsend erindi:

- 34403 Sigurður P Hauksson. Svar við tillögum.  
34382 Margrét Hermanns Auðardóttir. Varðar svar við ummæli.  
34422 Helga Björk Magnúsd. Grétudóttir. GJAFSÓKN fyrir „dauða“?  
34353 Kristján Steinsson. Tillaga til Stjórnlagaráðs.  
34358 Sigurður Pétur Hauksson. 65. gr. stjórnarskrár okkar er meingölluð!!  
34357 Bertrand Téchené. Hello people of Iceland.  
34272 Björn Baldursson. Þjóðveldisstjórnarskrá Ís-  
lendinga 2013 - í vonum.  
34325 Daði Ingólfsson. Greinargerð eftir 15. Ráðsfund.  
34346 Einar Kr. Jónsson. Um lýðræðislega þátttöku almennings - athugasemdir við 10. Kafla.  
34312 Finnbjörn Gíslason. Sjálfstæði íslenskra stjórn-  
valda og þjóðarinnar.  
34022 Helgi Jóhann Hauksson. Raunhæf og réttlát leið til að leggja mál sitt fyrir dóm.  
34340 Linda Kristjánsdóttir. Ákvæði um landráð.  
34321 Hjörtur Hjartarson. Örfáar athugasemdir við áfangaskjal.  
34318 Sigurður Flosason. Tillögur um hlutleysi og mannréttindi.  
34330 Margrét H. Júlíusdóttir. Almennigur með litla menntun.  
34316 Kristín Ólafsdóttir. Kjörnir fulltrúar.

### C-nefnd 45. fundur 19.07. 2011

19.07.2011 09:00

Dagskrá

1. Umræða um umsögn forsætisráðuneytis.
2. Önnur mál.

#### Fundargerð

45. fundur C-nefndar, haldinn 19. júlí 2011, kl. 09.00-10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Pawel Bartoszek, formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræða um umsögn forsætisráðuneytis

Formaður fer yfir umsögn forsætisráðuneytisins sem barst 19. júlí um drög að frumvarpi Stjórnlagaráðs. Rætt um tillögu að viðbrögðum. Samþykkt að taka fram í greinargerð með 41. gr. frumvarpsins það sem nefndin taldi sjálfsagt, að úrskurðir landskjörstjórnar yrðu kæránlegir til dómstóla.

Samþykkt að breyta 65.gr.:

„Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almannahag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar úr.

Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.“

Rætt um 101. gr. um hvort það þurfi að taka fram í grein að hún geti einnig átt við athafnaleysi Alþingis rétt eins og athafnaleysi stjórnvalda. Þetta er efnisbreyting og fulltrúar taka þetta til umhugsunar.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur C-nefndar  
Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur yrði í C-nefnd en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00.

### Fundargerð 17. ráðsfundar

20.07.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Starfsreglur, breytingartillaga stjórnar.
3. Fyrri umræða um frumvarpsdrög.

17. ráðsfundur - haldinn 20. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-  
pósti þriðjudaginn 19. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum ásamt Ara Teitssyni varaformanni.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð 16. ráðsfundar, 12. júlí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á vef Stjórnlagaráðs.

### 2. Starfsreglur, breytingartillaga stjórnar

Formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar um breytingu á starfsreglum, sjá fylgiskjal með fundargerð.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna.

Gengið var til atkvæða og féllu þau svo:

*Kosning 1*

Samþykkt: 24

Hafnað: 0

Setið hjá: 0

Niðurstaða: Samþykkt.

Atkvæði Ómars Þorfinns Ragnarssonar var lagfært í kosningakerfi að hans ósk, þar sem hann fyrir mistök ýtti á grænan hnapp en ekki gulan.

### 3. Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga ásamt breytingartillögum, fyrri umræða og atkvæðagreiðslur

Ari Teitsson tók við fundarstjórn og gaf formanni Stjórnlagaráðs, Salvöru Nordal, orðið.

Formaður ávarpaði ráðið, gerði grein fyrir þeim frumvarpsdrögum sem fyrir fundinum lágu og lagði það fram til fyrri umræðu, sbr. 15. gr. starfsreglna ráðsins. Endanleg og heildstæð greinargerð er í vinnslu, enda umræðum og atkvæðagreiðslum ekki lokið.

Salvör tók aftur við fundarstjórn. Framsögumenn gera grein fyrir breytingartillögum sínum, síðan umræður og svo atkvæðagreiðsla.

### 3.1 Ákvæði 1. gr. frv. og breytingartillögur nr. 81, 105, 112 og 114

Framlagning og kynning.

Nr. 81, Katrín Fjeldsted.

Nr. 105, Erlingur Sigurðarson.

Nr. 114, Arnfríður Guðmundsdóttir.

Nr. 112, Silja Bára Ómarsdóttir.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Vilhjálmur Þorsteinsson, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pétur Gunnlaugsson, Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, Katrín Fjeldsted.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning 2*

Breytingartillaga nr. 81 - 1

Samþykkt 21

Hafnað 2

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning 3*

Breytingartillaga nr. 81 - 2

Samþykkt 17

Hafnað 6

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning 4*

Breytingartillaga nr. 105

Samþykkt 6

Hafnað 15

Setið hjá 3

Niðurstaða: Felld.

Atkvæði Pawel Bartoszek lagfært í kosningakerfi vegna sambandsleysis í kosningatæki hans sem skilaði ekki atkvæði.

*Kosning 5*

Breytingartillaga nr. 114

Samþykkt 9

Hafnað 11

Setið hjá 4

Niðurstaða: Felld.

Atkvæði Pawel Bartoszek og Erlings Sigurðssonar lagfærð í kosningakerfi vegna sambandsleysis í kosningatæki þeirra sem skiluðu ekki atkvæðum.

*Kosning nr. 6* var prufukosning.

*Kosning 7*

Breytingartillaga nr. 112

Samþykkt 16

Hafnað 4

Setið hjá 4

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 8* var prufukosning.

*Kosning nr. 9* var prufukosning.

### 3.2 Mannréttindakafli frv. og breytingartillögur nr. 12, 18, 29, 9 og 49

Framlagning og kynning.

Nr. 12, Silja Bára Ómarsdóttir.

Nr. 18, Eiríkur Bergmann Einarsson.

Nr. 29, Silja Bára Ómarsdóttir.

Nr. 9, Lýður Árnason.

Nr. 49, Pawel Bartoszek.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Andrés Magnússon, Illugi Jökulsson, Gísli Tryggvason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 10*

Breytingartillaga nr. 18

Samþykkt 7

Hafnað 16

Setið hjá 1

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 11*

Breytingartillaga nr. 29

Samþykkt 10

Hafnað 11

Setið hjá 3

Niðurstaða: Felld.

Atkvæði Írisar Lindar Sæmundsdóttur lagfært í kosningakerfi að hennar ósk.

*Kosning nr. 12*

Breytingartillaga nr. 12

Samþykkt 20

Hafnað 2

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 13*

Breytingartillaga nr. 9  
Samþykkt 6  
Hafnað 13  
Setið hjá 5  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 14*  
Breytingartillaga nr. 49  
Samþykkt 8  
Hafnað 15  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.

### **3.3 Ákvæði 11.- 14. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 33, 35 og 76**

Framlagning og kynning.  
Nr. 35 og 33, Silja Bára Ómarsdóttir.  
Nr. 76, Andrés Magnússon.  
Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Vil-  
hjálmur Þorsteinsson, Andrés Magnússon.  
Nr. 76 vísað til nefndar.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 15*  
Breytingartillaga nr. 35  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 16*  
Breytingartillaga nr. 33  
Samþykkt 20  
Hafnað 2  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.4 Ákvæði 15.-19. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 8, 103 og 110**

Framlagning og kynning.  
Nr. 8, Lýður Árnason.  
Nr. 103, Katrín Fjeldsted.  
Nr. 110, Pavel Bartoszek.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Arn-  
fríður Guðmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Gísli  
Tryggvason, Örn Bárður Jónsson, Dögg Harðardóttir,  
Vilhjálmur Þorsteinsson, Katrín Oddsdóttir, Þorkell  
Helgason, Örn Bárður Jónsson, Lýður Árnason, Pawel  
Bartoszek, Silja Bára Ómarsdóttir, Lýður Árnason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 17*  
Breytingartillaga nr. 8  
Samþykkt 11  
Hafnað 10  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

Athugasemd: Tölvukerfi reiknar kosningu 17 tvisvar  
en það kemur ekki að sök. Eru tvær mismunandi  
kosningar, annars vegar um br.till. nr. 8 og hins vegar  
um br.till. nr. 103.

*Kosning nr. 18*  
Breytingartillaga nr. 103  
Samþykkt 5  
Hafnað 15

Setið hjá 4  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 19*  
Breytingartillaga nr. 110  
Samþykkt 6  
Hafnað 14  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Felld.  
Fundarhlé í 15 mínútur.

### **3.5 Ákvæði 20.-28. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 36, 94, 11 og 10**

Framlagning og kynning.  
Nr. 36 og 94, Silja Bára Ómarsdóttir.  
Nr. 10 og 11, Lýður Árnason.  
Valborg Steingrimsdóttir tók við ritun fundargerðar.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku um þetta  
efni: Freyja Haraldsdóttir, Dögg Harðardóttir, Silja  
Bára Ómarsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ómar  
Þorfinnur Ragnarsson, Freyja Haraldsdóttir, Pawel  
Bartoszek.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 20*  
Breytingartillaga nr. 11  
Samþykkt 9  
Hafnað 11  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 21*  
Breytingartillaga nr. 36  
Samþykkt 19  
Hafnað 4  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 22*  
Breytingartillaga nr. 94  
Samþykkt 16  
Hafnað 7  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 23*  
Breytingartillaga nr. 10  
Samþykkt 6  
Hafnað 17  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Felld.

### **3.6 Ákvæði 29.-30. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 109, 87 og 79**

Framlagning og kynning.  
Nr. 109, Katrín Fjeldsted.  
Nr. 87, Ómar Þorfinnur Ragnarsson.  
Nr. 79, Ari Teitsson.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Freyja  
Haraldsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Illugi  
Jökulsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þorkell Helgason,  
Þorvaldur Gylfason.

Nr. 109 og 79 vísað til nefndar.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 24*  
Breytingartillaga nr. 87

Samþykkt 9  
Hafnað 11  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.

### **3.7 Ákvæði 31. gr. frv. og breytingartillögur nr. 17, 44 og 107**

Framlagning og kynning.  
Nr. 17 og 44, Lýður Árnason.  
Nr. 107, Þorkell Helgason (ekki mflm. nr. 44).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Þorvaldur Gylfason, Pawel Bartoszek, Lýður Árnason, Örn Bárður Jónsson.

Nr. 107 vísað í nefnd.  
Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 25*  
Breytingartillaga nr. 17  
Samþykkt 18  
Hafnað 4  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 26*  
Breytingartillaga nr. 44  
Samþykkt 18  
Hafnað 3  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.8 Ný grein og breytingartillögur. nr. 30, 115 og 111**

Framlagning og kynning.  
Sif Guðjónsdóttir tók við ritun fundargerðar.  
Nr. 30, Silja Bára Ómarsdóttir.  
Nr. 115, Freyja Haraldsdóttir.  
Nr. 111, Þórhildur Þorleifsdóttir (Segist hafa átt að vera flm.).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason, Þorkell Helgason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Freyja Haraldsdóttir.

Nr. 30 og nr. 111 vísað til nefndar.  
Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 27*  
Breytingartillaga nr. 115  
Samþykkt 15  
Hafnað 5  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

Agnar Bragason tók við ritun fundargerðar.

### **3.9 Heiti og fjöldi kafla í frv.**

Formaður gerði grein fyrir því að heildarskjal frumvarpsins hefði farið út í tveimur útgáfum. Stjórn hafði samþykkt á fundi sínum að hafa annars vegar mannréttindi og hins vegar umhverfis- og auðlindamál hvort í sínum kaflanum. Skjalið var þó ekki birt svo á vef ráðsins heldur voru umrædd atriði saman í einum kafla undir yfirskriftinni mannréttindi. Sú birting var á grundvelli ákvörðunar stjórnar utan fundar. Með vísan

til framangreinds lagði formaður fyrir fundinn tillögu stjórnar þess efnis að umhverfis- og auðlindakaflinn yrði sérkafla undir tiltekinni fyfirsögn.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Örn Bárður Jónsson, Katrín Fjeldsted, Pawel Bartoszek, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 28*  
Samþykkt 9  
Hafnað 12  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.

### **3.10 Ákvæði 36. gr. frv. og breytingartillögur nr. 6, 19, 22, 26, 60, 59, 61 og 65**

Framlagning og kynning.  
Nr. 6, Andrés Magnússon.  
Nr. 19, Katrín Oddsdóttir.  
Nr. 22, Lýður Árnason dró tillöguna til baka.  
Nr. 26 og 60, Silja Bára Ómarsdóttir.  
Nr. 59, Þorvaldur Gylfason. Tillaga tekin fyrir eftir br.till. nr. 87.  
Nr. 61, Dögg Harðardóttir.  
Nr. 65, Vilhjálmur Þorsteinsson (sagðist ekki vera mflm. tillögu nr. 59).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Lýður Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 29*  
Breytingartillaga nr. 60  
Samþykkt 5  
Hafnað 17  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 30*  
Breytingartillaga nr. 6  
Samþykkt 5  
Hafnað 17  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 31*  
Breytingartillaga nr. 61  
Samþykkt 8  
Hafnað 15  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 32*  
Breytingartillaga nr. 26 -1  
Samþykkt 6  
Hafnað 13  
Setið hjá 5  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 33*  
Breytingartillaga nr. 26-2  
Samþykkt 19  
Hafnað 4  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 34*  
Breytingartillaga nr. 65  
Samþykkt 13  
Hafnað 9  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 35*  
Breytingartillaga nr. 19  
Samþykkt 13  
Hafnað 10  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

**3.11 Ákvæði 39. - 48. gr. frv. og breytingartil-  
lögur nr. 96, 78, 98 og 47**

Framlagning og kynning  
Nr. 96, Silja Bára Ómarsdóttir.  
Nr. 78, Pawel Bartoszek.  
Nr. 98, Silja Bára Ómarsdóttir dró tillöguna til baka.  
Nr. 47, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Vil-  
hjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 36*  
Breytingartillaga nr. 96  
Samþykkt 9  
Hafnað 8  
Setið hjá 7  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosningakerfi hljóp yfir kosningu 37.*

*Kosning nr. 38*  
Breytingartillaga nr. 78  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt

*Kosning nr. 39*  
Breytingartillaga nr. 47  
Samþykkt 7  
Hafnað 16  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld

**3.12 Ákvæði 49. - 53. gr. frv. og breytingartil-  
lögur nr. 7, 23, 55 og 95**

Framlagning og kynning.  
Nr. 7, Katrín Oddsdóttir.  
Nr. 23, Lýður Árnason.  
Nr. 55, Katrín Oddsdóttir.  
Nr. 95, Katrín Fjeldsted.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Þorkell  
Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann  
Einarsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Katrín  
Oddsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur  
Þorsteinsson.

Nr. 7 sent í nefnd.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 40*  
Breytingartillaga nr. 55  
Samþykkt 2  
Hafnað 21

Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 41*  
Breytingartillaga nr. 95  
Samþykkt 12  
Hafnað 8  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 42*  
Breytingartillaga nr. 23  
Samþykkt 2  
Hafnað 19  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.

Fundi frestað kl. 21.05 til 9.00 næsta dag.  
Andrés Ingi Jónsson tók við fundarritun.

**17. ráðsfunði fram haldið**  
Fimmtudaginn 21. júlí kl. 9.00.

**3.13 Ákvæði 54-56. gr. frv. og breytingartil-  
lögur nr. 86, 100, 72, 43, 102 og 89**

Framlagning og kynning.  
Nr. 86 og 89, Katrín Fjeldsted.  
Nr. 100 og 102, Erlingur Sigurðarson.  
Nr. 72, Íris Lind Sæmundsdóttir.  
Sif Guðjónsdóttir tók við ritun fundargerðar.  
Nr. 43, Gísli Tryggvason.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Vilhjálm-  
ur Þorsteinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Silja Bára  
Ómarsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Þorkell Helgason, Katrín  
Fjeldsted, Pawel Bartoszek, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Nr. 72 vísað til nefndar.

Nr. 102 ekki tekin til afgreiðslu. Tengd annarri felldri  
tillögu frá sama flm.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem  
hér segir:

*Kosning nr. 43*  
Breytingartillaga nr. 86  
Samþykkt 22  
Hafnað 1  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 44*  
Breytingartillaga nr. 100  
Samþykkt 4  
Hafnað 19  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 45*  
Breytingartillaga nr. 43  
Samþykkt 10  
Hafnað 13  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 46*  
Breytingartillaga nr. 89  
Samþykkt 21  
Hafnað 1  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.14 Ákvæði 57. - 62. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 101, 25, 3 og 90**

Framlagning og kynning.

Nr. 25 og 101, Silja Bára Ómarsdóttir.

Nr. 3, Pétur Gunnlaugsson.

Nr. 90, Katrín Oddsdóttir, sem óskaði eftir að br.till. yrði frestað aftur fyrir br.till. nr. 82.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Katrín Fjeldsted, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek sem mótmælti því að tillaga nr. 90 yrði færð aftar, Ari Teitsson, Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir vill br.till. nr. 90 í nefnd, Vilhjálmur Þorsteinsson, Lýður Árnason, Þorvaldur Gylfason.

Nr. 90 var vísað í nefnd.

Guðbjörg Eva Baldursdóttir tók við ritun fundargerðar.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 47*

Breytingartillaga nr. 101

Samþykkt 3

Hafnað 21

Setið hjá 0

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 48*

Breytingartillaga nr. 25

Samþykkt 5

Hafnað 17

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 49*

Breytingartillaga nr. 3

Samþykkt 6

Hafnað 16

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

### **3.15 Ákvæði 63.- 65. gr. og breytingartillögur nr. 20, 27, 4, 40, 92 og 82**

Framlagning og kynning.

Nr. 20, Illugi Jökulsson.

Nr. 4, 27 og 40, Lýður Árnason.

Nr. 92, Pawel Bartoszek.

Nr. 82, Katrín Oddsdóttir.

Nr. 82 var vísað í nefnd.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, Lýður Árnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þorkell Helgason, Íris Lind Sæmundsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 50*

Breytingartillaga nr. 20

Samþykkt 12

Hafnað 8

Setið hjá 4

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 51*

Breytingartillaga nr. 27

Samþykkt 13

Hafnað 11

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 52*

Breytingartillaga nr. 4

Samþykkt 13

Hafnað 11

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 53*

Breytingartillaga nr. 40

Samþykkt 14

Hafnað 10

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 54*

Breytingartillaga nr. 92

Samþykkt 20

Hafnað 2

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.16 Ákvæði 66. - 73. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 13, 5, 80, 39, 66 og 91**

Framlagning og kynning.

Nr. 5 og 13, Gísli Tryggvason.

Nr. 66 og 80, Andrés Magnússon.

Nr. 39, Vilhjálmur Þorsteinsson.

Nr. 91, Katrín Fjeldsted.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pétur Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason, Lýður Árnason, Andrés Magnússon, Eiríkur Bergmann Einarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason.

Nr. 13, 66 og 80 vísað til nefndar.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 55*

Breytingartillaga nr. 39

Samþykkt 10

Hafnað 11

Setið hjá 3

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 56*

Breytingartillaga nr. 5

Samþykkt 10

Hafnað 12

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 57*

Breytingartillaga nr. 91

Samþykkt 22

Hafnað 1

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

Valborg Steingrímsdóttir tók við ritun fundargerðar.

### **3.17 Ákvæði 74. - 83. gr. frv. og breytingartil- lögur nr. 70, 28, 71, 31 og 21**

Framlagning og kynning.

Nr. 70 og 71, Erlingur Sigurðarson.

Nr. 28, Lýður Árnason.

Nr. 31, Katrín Oddsdóttir, óskaði eftir að tillagan færi í nefnd.

Nr. 21, Gísli Tryggvason, óskaði eftir að tillagan færi í nefnd.

Nr. 21 vísað til nefndar.

Nr. 71 ekki tekin til afgreiðslu þar sem nr. 70 var felld.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Ari Teitsson, Dögg Harðardóttir, Ómar Ragnarsson, Katrín Oddsdóttir, Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Erlingur Sigurðarson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 58*

Breytingartillaga nr. 70

Samþykkt 4

Hafnað 18

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 59*

Breytingartillaga nr. 28

Samþykkt 8

Hafnað 15

Setið hjá 1

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 60*

Breytingartillaga nr. 31

Samþykkt 7

Hafnað 14

Setið hjá 3

Niðurstaða: Felld.

### **3.18 Ákvæði 84. - 87. gr. frv. og breytingartillögur nr. 14, 16 og 37**

Framlagning og kynning.

Nr. 14 og 16, Gísli Tryggvason.

Nr. 37, Lýður Árnason dró tillögu sína til baka.

Nr. 14 frestað þar til nr. 15 verður tekin fyrir.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Ómar Ragnarsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 61*

Breytingartillaga nr. 16

Samþykkt 5

Hafnað 17

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

### **3.19 Ákvæði 88. - 92. gr. frv. og breytingartillögur nr. 34, 56, 64, 83, 108 og 97**

Framlagning og kynning.

Nr. 34, Vilhjálmur Þorsteinsson.

Nr. 64, Andrés Magnússon.

Nr. 56, Eiríkur Bergmann Einarsson.

Nr. 108, Erlingur Sigurðarson.

Nr. 83 og 97, Katrín Fjeldsted.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Andrés Magnússon, Eiríkur Bergmann

Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ari Teitsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Katrín Fjeldsted, Þorvaldur Gylfason.

Andrés Magnússon dregur br.till. nr. 64 til baka.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 62*

Breytingartillaga nr. 108

Samþykkt 8

Hafnað 14

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 63*

Breytingartillaga nr. 34

Samþykkt 6

Hafnað 16

Setið hjá 2

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 64*

Breytingartillaga nr. 56

Samþykkt 5

Hafnað 19

Setið hjá 0

Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 65*

Breytingartillaga nr. 83

Samþykkt 21

Hafnað 3

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 66*

Breytingartillaga nr. 97

Samþykkt 21

Hafnað 2

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.20 Umræða um breytingartillögu nr. 59 um fjölda þingmanna**

Fundarstjóri vakti athygli á að atkvæðagreiðsla um fjölda þingmanna fari fram síðar.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorvaldur Gylfason, Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Ari Teitsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Katrín Oddsdóttir, Salvör Nordal, Pawel Bartoszek, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ari Teitsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Salvör Nordal, Þorvaldur Gylfason, Guðmundur Gunnarsson, Þorkell Helgason, Andrés Magnússon.

Nr. 59, atkvæðagreiðslu frestað (sjá kosningu 71-77).

### **3.21 Ákvæði 93.- 94. gr. frv. og breytingartillögur nr. 15, 48 og 50**

Framlagning og kynning.

Nr. 15, Gísli Tryggvason.

Nr. 48, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nr. 50, Þorvaldur Gylfason.

Einnig er br.till. nr. 14 rædd vegna beinnar tengingar við br.till. nr. 15.



Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Dögg Harðardóttir, Pawel Bartoszek, Katrín Fjeldsted, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Andrés Magnússon, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Örn Bárður Jónsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nr. 14, 15, 48, 50 vísað til nefndar.

Ari Teitsson fjallaði um atkvæðagreiðslu um fjölda þingmanna. Kosið um mismunandi tölur, eftir að næsti kafli frumvarpsins hefur verið afgreiddur, og niðurstöður verða leiðbeinandi fyrir nefnd.

### **3.22 Ákvæði 95. - 102. gr. frv. og breytingartillögur nr. 62, 53, 52, 63 og 24**

Framlagning og kynning.

Nr. 52, Pawel Bartoszek.

Nr. 62, 53, 63, 24, Gísli Tryggvason.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pawel Bartoszek, Íris Lind Sæmundsdóttir, Gísli Tryggvason.

Nr. 53 vísað til nefndar.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 67*

Breytingartillaga nr. 52

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstæða: Samþykkt.

*Kosning nr. 68*

Breytingartillaga nr. 62

Samþykkt 9

Hafnað 8

Setið hjá 7

Niðurstæða: Samþykkt.

*Kosning nr. 69*

Breytingartillaga nr. 63

Samþykkt 11

Hafnað 10

Setið hjá 3

Niðurstæða: Samþykkt.

*Kosning nr. 70*

Breytingartillaga nr. 24

Samþykkt 9

Hafnað 12

Setið hjá 3

Niðurstæða: Felld.

### **3.23 Ákvæði 36. gr. frv. og breytingartillaga nr. 59**

Framlagning og kynning.

Nr. 59, Þorvaldur Gylfason.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Örn Bárður Jónsson, Guðmundur Gunnarsson.

Gengið var til atkvæða (óformleg skoðanakönnun) og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 71*

Breytingartillaga nr. 59: 37 þingmenn

Samþykkt 1

Hafnað 21

Setið hjá 2

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 72*

Breytingartillaga nr. 59: 43 þingmenn

Samþykkt 1

Hafnað 21

Setið hjá 2

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 73*

Breytingartillaga nr. 59: 49 þingmenn

Samþykkt 4

Hafnað 19

Setið hjá 1

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 74*

Breytingartillaga nr. 59: 53 þingmenn

Samþykkt 6

Hafnað 17

Setið hjá 1

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 75*

Breytingartillaga nr. 59: 57 þingmenn

Samþykkt 7

Hafnað 14

Setið hjá 3

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 76*

Breytingartillaga nr. 59: 60 þingmenn

Samþykkt 9

Hafnað 13

Setið hjá 2

Niðurstæða: Felld.

*Kosning nr. 77*

Breytingartillaga nr. 59: 63 þingmenn

Samþykkt 18

Hafnað 4

Setið hjá 2

Niðurstæða: Samþykkt.

### **3.24 Ákvæði 103. - 110. gr. frv. og breytingartillögur nr. 93, 51, 57 og 2**

Framlagning og kynning.

Nr. 93, Katrín Fjeldsted.

Nr. 51, Andrés Magnússon.

Nr. 57, Ómar Ragnarsson.

Nr. 2, Katrín Oddsdóttir.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek, Andrés Magnússon, Gísli Tryggvason.

Sif Guðjónsdóttir tók við ritun fundargerðar.

Matarhlé til 19.15.

Lýður Árnason, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson, Katrín Oddsdóttir, Ari Teitsson, Pétur Gunnlaugsson.

Nr. 2 tekin fyrir síðar (sjá kosningu 85).

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 78*

Breytingartillaga nr. 93

Samþykkt 18

Hafnað 4  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 79*  
Breytingartillaga nr. 51  
Samþykkt 11  
Hafnað 12  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 80*  
Breytingartillaga nr. 57  
Samþykkt 15  
Hafnað 8  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **3.25 Ákvæði 111. gr. frv. og breytingartillögur nr. 32, 58, 113 og 2 (þegar kynnt).**

Framlagning og kynning.  
Nr. 32, Gísli Tryggvason.  
Nr. 113, Vilhjálmur Þorsteinsson.  
Nr. 58, Eiríkur Bergmann Einarsson.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Ari Teitsson, Pétur Gunnlaugsson, Katrín Oddsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Andrés Magnússon, Dögg Harðardóttir, Pétur Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 81*  
Breytingartillaga nr. 113  
Samþykkt 6  
Hafnað 14  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 82*  
Breytingartillaga nr. 32  
Samþykkt 7  
Hafnað 16  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.

Endurtekin atkvæðagreiðsla um br.till. 113 (sjá kosningu nr. 81).

*Kosning nr. 83*  
Breytingartillaga nr. 113  
Samþykkt 7  
Hafnað 16  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 84*  
Breytingartillaga nr. 58  
Samþykkt 3  
Hafnað 17  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 85*  
Breytingartillaga nr. 2  
Samþykkt 13  
Hafnað 8  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.

### **3.26 Nýjar greinar og breytingartillögur nr. 77, 88, 104, 67 og 45**

Framlagning og kynning.  
Nr. 77, Þorkell Helgason.  
Nr. 88, Lýður Árnason.  
Nr. 104, Andrés Magnússon.  
Nr. 67, Þorvaldur Gylfason.  
Nr. 45, Gísli Tryggvason.  
Nr. 88, dregin til baka.  
Nr. 77 og 45 vísað til nefndar.  
Freyja Haraldsdóttir yfirgaf fund.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Þórhildur Þorleifsdóttir, Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Andrés Magnússon.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 86*  
Breytingartillaga nr. 104  
Samþykkt 6  
Hafnað 14  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Felld.  
*Kosning nr. 87*  
Breytingartillaga nr. 67  
Samþykkt 9  
Hafnað 14  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Felld.

### **3.27 Aðfaraorð og breytingartillaga nr. 68**

Framlagning og kynning.  
Nr. 68, Lýður Árnason.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Örn Bárður Jónsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Lýður Árnason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 88*  
Breytingartillaga nr. 68  
Samþykkt 7  
Hafnað 10  
Setið hjá 6  
Niðurstaða: Felld

Ekki kosið um aðfaraorðin, því frestað fram á næsta dag.

Fyrri umræðu um frumvarpið lokið.  
Fundu slitið kl. 20.50.  
Fundargerð rituðu Sif Guðjónsdóttir, Agnar Bragi Bragason, Andrés Ingi Jónsson, Valborg Steingrimsdóttir og Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir.

### **Yfirlit yfir breytingartillögur 17. ráðsfundar:**

Eftirtaldar breytingartillögur voru samþykktar: 81(1 og 2), 112, 12, 35, 33, 8, 36, 94, 17, 44, 115, 26(2), 65, 19, 96, 78, 95, 86, 89, 20, 27, 4, 40, 92, 91, 83, 97, 52, 62, 63, 93, 57, 2.

Eftirtaldar breytingartillögur voru felldar: 105, 114, 18, 29, 9, 49, 103, 110, 11, 10, 87, 60, 6, 61, 26(1), 55,

23, 47, 100, 43, 101, 25, 3, 39, 5, 70, 28, 31, 16, 108, 34, 56, 24, 51, 113, 32, 58, 104, 67, 68.

Eftirtöldum breytingartillögum var vísað til viðkomandi nefndar: 109, 79, 107, 30, 111, 7, 90, 82, 80, 66, 13, 21, 59, 14, 15, 48, 50, 53, 77, 45, 72, 76.

Eftirtaldar breytingartillögur voru dregnar til baka/teknar af dagskrá: 22, 98, 102, 71, 37, 88.

#### **Fylgiskjöl 17. ráðsfundar:**

35455 - Tillaga stjórnar um breytingu á starfsreglum  
35457 - Verkferli við afgreiðslu á frumvarpsdrögum  
35458 - Sundurliðun á atkvæðagreiðslum  
35471 - Ákvæði frumvarps fyrir 17. ráðsfund  
35474 - Allar breytingartillögur  
35475 - Starfsreglur með breytingum

## **Frumvarpsdrög stjórnar lögð fyrir 17. ráðsfund**

### **AÐFARAORÐ**

Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt þjóðfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman eigum við og berum ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi, náttúru, sögu, tungu og menningu.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti og lýðræði að hornsteinum.

Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.

Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.

Með þessa hugsjón að leiðarljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.

### **I. KAFLI. UNDIRSTÖÐUR**

#### **1. gr. Handhafar ríkisvalds**

Alþingi fer með lögjafarvaldið í umboði þjóðarinnar. Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld, í umboði Alþingis, fara með framkvæmdarvaldið ásamt forseta Íslands.

Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.

#### **2. gr. Yfirráðasvæði**

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

#### **3. gr. Ríkisborgararéttur**

Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

### **II. KAFLI. MANNRÉTTINDI**

#### **4. gr. Mannleg reisn**

Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.

#### **5. gr. Jafnræði**

Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórn mála-tengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

#### **6. gr. Vernd réttinda**

Yfirvöldum ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra.

#### **7. gr. Mannhelgi**

Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.

#### **8. gr. Friðhelgi einkalífs**

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símötolum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

#### **9. gr. Réttur barna**

Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

#### **10. gr. Eignarréttur**

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.

#### **11. gr. Skoðana- og tjáningarfrelsi**

Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.

Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður.

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningar-frelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu,

réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.  
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.

#### 12. gr. Upplýsingaréttur

Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum. Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. Ákvarðanir um leynd skulu reglulega endurskoðaðar af óháðum aðila.

#### 13. gr. Frelsi fjölmiðla

Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.

#### 14. gr. Frelsi menningar og mennta

Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.

#### 15. gr. Trúfrelsi

Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

#### 16. gr. Kirkjuskipan

Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

#### 17. gr. Félagafrelsi

Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Engan má skylda til aðilar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almanna-hagsmuna eða réttinda annarra.

#### 18. gr. Fundafrelsi

Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

#### 19. gr. Félagsleg réttindi

Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almennatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.

#### 20. gr. Heilbrigðisþjónusta

Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.

#### 21. gr. Menntun

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar. Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds. Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.

#### 22. gr. Atvinnufrelsi

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnu-skilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnna launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.

#### 23. gr. Dvalarréttur og ferðafrelsi

Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar.

#### 24. gr. Frelsissvipting

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði

á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

25. gr. Réttlát málsmeðferð

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

26. gr. Bann við ómannúðlegri meðferð

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

27. gr. Bann við afturvirkni refsingar

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.

28. gr. Bann við herskyldu

Herskyldu má aldrei í lög leiða.

29. gr. Menningarverðmæti

Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.

30. gr. Náttúra Íslands og umhverfi

Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda. Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum. Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur. Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

31. gr. Náttúruauðlindir

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja. Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

32. gr. Upplýsingar um umhverfi og málsaðild

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.

33. gr. Dýravernd

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.

### III. KAFLI. ALÞINGI

34. gr. Hlutverk

Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

35. gr. Friðhelgi

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

36. gr. Alþingiskosningar

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára. Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta. Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. Kjósandi velur frambjóðendur af kjördæmislista eða landslista sömu samtaka, eða af þeim báðum. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við annan listann og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að kjósandi geti valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka. Þingsætur skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. Þau samtök koma ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætur skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra. Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll þingsætin. Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

37. gr. Kjörtímabil

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.

Kjörtímabil er fjögur ár.

Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

38. gr. Kosningaréttur

Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

39. gr. Kjörgengi

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

40. gr. Missir kjörgengis

Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.

41. gr. Gildi kosninga

Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.

Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og þingmanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrir-mælum í lögum.

42. gr. Starfstími

Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.

Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.

43. gr. Samkomustaður

Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað.

44. gr. Þingsetning

Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða þriðjungs þingmanna.

45. gr. Eiðstafur

Sérhver nýr þingmaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.

46. gr. Sjálfstæði alþingismanna

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.

47. gr. Friðhelgi alþingismanna

Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi.

48. gr. Hagsmunaskráning og vanhæfi

Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.

Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

49. gr. Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra

Upplýsingar um framlög til frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum svo og samtaka þeirra skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er.

50. gr. Þingforseti

Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.

Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnáslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir um í lögum.

Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.

51. gr. Þingsköp

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

52. gr. Þingnefndir

Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál og sérnefndir eftir því sem við á.

Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.

53. gr. Opnir fundir

Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.

Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.

54. gr. Flutningur þingmála

Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.

55. gr. Meðferð lagafrumvarpa

Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.

Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.

Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.

Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.

56. gr. Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála

Tillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi. Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings. Tillögur um þingrof eða vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.

57. gr. Ályktunarbærni

Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

58. gr. Staðfesting laga

Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal löginn innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort löginn halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram fellt Alþingi löginn úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárákallög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.

59. gr. Birting laga

Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með þyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.

60. gr. Lögrétta

Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða fimmtungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir. Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

61. gr. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnáskulu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna.

62. gr. Rannsóknarnefndir

Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.

Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.

63. gr. Málskot til þjóðarinnar

Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi. Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Löginn falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella löginn úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.

64. gr. Þingmál að frumkvæði kjósenda

Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.

65. gr. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu

Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almannahag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárákallög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt. Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti. Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

66. gr. Frumvarp til fjárlaga

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

67. gr. Greiðsluheimildir

Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.

Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum.

68. gr. Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga  
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.

69. gr. Skattar  
Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

70. gr. Eignir og skuldbindingar ríkisins  
Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum. Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna. Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.

71. gr. Þingrof  
Forseti Íslands getur rofið Alþingi að ósk þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.

72. gr. Ríkisendurskoðun  
Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjáreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

73. gr. Umboðsmaður Alþingis  
Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti. Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina. Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð slíkrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds.

#### IV. KAFLI. FORSETI ÍSLANDS

74. gr. Embættisheiti og þjóðkjör  
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

75. gr. Kjörgengi  
Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.

76. gr. Forsetakjör  
Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningarbærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangs röð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.

77. gr. Kjörtímabil  
Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.

78. gr. Eiðstafur  
Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.

79. gr. Starfskjör  
Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

80. gr. Staðgengill  
Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.

81. gr. Fráfall  
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

82. gr. Ábyrgð  
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

83. gr. Náðun og sakaruppgjöf  
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.



## V. KAFLI. RÁÐHERRAR OG RÍKISSTJÓRN

### 84. gr. Ráðherrar

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á mál-efnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir. Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.

Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.

### 85. gr. Ríkisstjórn

Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess. Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

### 86. gr. Hagsmunaskráning og opinber störf

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

### 87. gr. Ráðherrar og Alþingi

Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki kjörðisrétt á Alþingi.

Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.

### 88. gr. Stjórnarmyndun

Alþingi kýs forsætisráðherra.

Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.

Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga. Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti og veitir honum lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.

### 89. gr. Vantraust

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á hann er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt.

### 90. gr. Starfsstjórn

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

### 91. gr. Upplýsinga- og sannleiksskylda

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirsmælum í lögum. Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, víðeigandi og fullnægjandi.

### 92. gr. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

### 93. gr. Ráðherraábyrgð

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.

### 94. gr. Skipun embættismanna

Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.

Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti. Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 atkvæða til að hún taki gildi. Ákveða má með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti.

Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.

## VI. KAFLI. DÓMSVALD

95. gr. Skipan dómstóla

Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.

96. gr. Sjálfstæði dómstóla

Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.

97. gr. Lögsaga dómstóla

Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.

Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmati hennar undir dóm.

98. gr. Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.

Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.

99. gr. Skipun dómara

Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.

Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki víkið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað hæfi til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.

100. gr. Sjálfstæði dómara

Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

101. gr. Lögspurning til Hæstaréttar

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða forseti Íslands, geta vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá.

102. gr. Ákærvald og ríkissaksóknari

Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins.

Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómara.

## VII. KAFLI. SVEITARFÉLÖG

103. gr. Sjálfstæði sveitarfélaga

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

104. gr. Nálægðarregla

Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.

105. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði

Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

106. gr. Samráðsskylda

Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

## VIII. KAFLI. UTANRÍKISMÁL

107. gr. Meðferð utanríkismála

Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu.

Ráðherra er skylt að veita utanríkismálanefnd

Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.

Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.

108. gr. Þjóðréttarsamningar

Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands.

Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.

109. gr. Framsal ríkisvalds

Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.

Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.

Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem við eiga um breytingu á stjórnarskrá þessari.

110. gr. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum

Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum.

111. gr. Stjórnarskrárbreytingar  
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Hafi fimm sjöttu hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðar-atkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

## 18. ráðsfundur 26.07. 2011.

### A-nefnd 44. fundur 22.07. 2011

22.07.2011 10:00

#### Dagskrá

1. Samþykktar breytingatillögur.
2. Breytingartillögur sem var vísað til nefndar.
3. Innsend erindi.
4. Ný erindi, tillögur um breytingar fyrir næsta ráðsfund.
5. Önnur mál.

#### Fundargerð

44. fundur A-nefndar, haldinn föstudaginn 22. júlí 2011, kl. 10.00-12.15.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Valborg Steingrímsdóttir ritaði fundargerð.

1. Samþykktar breytingartillögur.

Á nefndin að taka að sér að finna stað fyrir nýja grein Freyju um réttinn til lífs?

Réttur til lífs

*Allir hafa meðfæddan rétt til lífs.*

Sérgrein. Jafnræðisreglan fer fremst í mannréttinda-kaflann og þessi nýja sérgrein fer á eftir jafnræðisreglu og undan mannlegri reisn. Gera þarf breytingartillögu um þessa uppröðun fyrir mánudaginn.

2. Breytingartillögur sem var vísað til nefndar.

Menningarverðmæti

- Breytingartillaga 109:
- o Orðin „eða afnota“ falli út.  
*Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.*

Nefndin hafnar tillögu. Fjalla um afnotarétt í greinargerð.

Náttúra Íslands og umhverfi

- Breytingartillaga 79:
- o Í lokamálsgrein verði bætt inn „og hagsmunum landeigenda.“  
*Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru, og umhverfi og hagsmunum landeigenda.*

Nefndin leggur til að sleppa „og hagsmunum landeigenda“ og fjalla frekar um það í greinargerð. Orðalagið „í lögætum tilgangi“ vísar til hagsmuna landeigenda.

## Náttúruauðlindir

- Breytingartillaga 107:
    - o 1. mgr., 2. málsli.: „þær“ verði „auðlindirnar“.
  - o Orðið „því“ falli brott.
  - o 4. mgr.: „markaðsverð“ í stað „fullt gjald“, o.fl.:
- § Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almanna-gæða, gegn markaðsverði og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

1. mgr. *Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því aldrei má aðrei selja þær eða veðsetja, beint eða óbeint.*

4. mgr. *Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra auðlinda eða annarra takmarkaðra almanna-gæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.*

Nefndin leggur til að um hvað teljist vera „fullt gjald“ verði frekar fjallað í greinargerð.

## Nýjar greinar

- Breytingartillaga 30: Ný grein um innlenda mannréttindaskrifstofu bætist við í lok mannréttindakafla.
  - Stjórnvöld skulu starfrækja innlenda mannréttindastofnun, sem skal starfa samkvæmt lögum og vera sjálfstæð í störfum sínum.

Nefndin telur rétt að fjalla um þetta í greinargerð – athuga umfjöllun greinargerðar um jákvæðar skyldur á ríkinu.

- 111: Ísland skal vera kjarnorkuvopnalaust.
  - Niðurstaða nefndarinnar er að umfjöllun um að ekki skuli vera geryðingarvopn á Ísland eigi heima í almennum athugasemdum við mannréttindakaflann þar sem fjallað er um réttinn til friðar.

Breytingartillaga nr. 76 við 11. gr. – athugasemd frá Andrésí Magnússyni

Nefndin telur nægja að tekið sé á þessu í greinargerð.

Kaflaheiti. Tekið fyrir á sameiginlegum vettvangi.

## 3. Innsend erindi.

### a) Aagot Vigdís Óskarsdóttir.

Dýravernd. Aagot leggur til að:

*Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn í útrýmingu- hættu.*

Nefndin tekur upp framangreinda tillögu.

Náttúruauðlindir. Tillaga nefndar til að koma til móts við aðsendar athugasemdir frá Aagot Vigdís Óskarsdóttur og Aðalheiði Jóhannsdóttur:

*Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafis og hafsbots innan íslenskrar lögsögu; og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, øg jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.*

Nefndin vill nota athugasemdir Aagot í greinargerð.

Náttúra Íslands og umhverfi. Tillaga nefndarinnar til að koma til móts við athugasemdir Aagot og Hilmar Malmquist.

*Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.*

*Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.*

*Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.*

Fjalla um jarðmyndanir í greinargerð og að Stjórnlagaráð líti svo á að það felist í fjölbreytni lands.

Upplýsingar um umhverfi og málsaðild

Nefndin leggur til, að fengnum athugasemdum frá Aagot:

*Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.*

-Fjalla í greinargerð nánar um hvað átt er við með framkvæmdum, að inni í því felist starfsemi, aðrar mannlegar athafnir og röskun umhverfis og náttúru. Vísa í Aagot.

*Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.*

-Ákveðnar og fyrirhugaðar ákvarðanir: setja í greinargerð.

*Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.*

b) Önnur innsend erindi yfirfarin og afgreidd:

34374 Björn Baldursson. Innlegg í 15. kafla þjóðveldisstjórnarskrár Íslendinga.

34373 Þorsteinn Sverrisson. Um auðlindaákvæðið.

34371 Andri Sævar. Sannleikur.

34370 Einar Steingrímsson. Eftirlit með starfsemi leynilögreglu.

34367 Hafsteinn Sigurbjörnsson. Stjórnarskrá.

34358 Sigurður Pétur Hauksson. 65. gr. stjórnarskrár okkar er meingölluð.

34357 Bertrand Téchené. Hello people of Iceland.

34338 Guðmundur Helgason. Tillaga um að tilgreina bæði kynhneigð og kynvitund.

34329 Jakob Björnsson. Athugasemdir við samþykkt ráðsins 1. júlí.

34328 David R. Boyd. Comments on Environmental Provisions.

34326 Júlíus Júlíusson. Kjörflækning sem frjálst val.

34325 Daði Ingólfsson. Greinargerð eftir 15. ráðsfund.

34323 Guðrún Jóhannsdóttir. Réttur almennings til að fara um landið.

34321 Hjörtur Hjartarson. Örfáar athugasemdir við áfangaskjal.

34320 Aaron Bergmann Magnússon. Jafnrétti foreldra gagnvart börnum sínum.

34319 Björn Guðmundsson. Eignarrétturinn.

34318 Sigurður Flosason. Tillögur um hlutleysi og mannréttindi.

4. Ný erindi, tillögur um breytingar fyrir næsta ráðsfund.

Eignarréttarákvæðið. Tillaga um að:

*Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.*

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15.10.

## A-nefnd 45. fundur 25.07. 2011

25.07.2011 13:25

Dagskrá

2. mgr. 34. gr. Náttúruauðlindir.
- Kaflaheiti.
- Jafnræðisreglan.
- Trúfrelsi.
- Önnur mál.

### Fundargerð

45. fundur A-nefndar, haldinn mánudaginn 25. júlí 2011, kl. 13.25.

Viðstödd voru Silja Bára Ómarsdóttir, formaður, sem stýrði fundi, Örn Bárður Jónsson, varaformaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur Gylfason. Valborg Steingrimsdóttir ritaði fundargerð.

1. 2. másl. 1. mgr. 34. gr. Náttúruauðlindir

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja, beint eða óbeint á nokkurn hátt.

Katrín tekur fram að hún telji ekki æskilegt að kveða á um það í greinargerð hvaða þýðingu þetta orðalag

skuli hafa nema að eining sé um það í Stjórnlagaráði. Greinargerð getur þó endurspeglad umræðuna í ráðinu.

2. Kaflaheiti mannréttinda, náttúru, umhverfis og auðlinda

Kaflinn heitir nú *Mannréttindi*, tillaga nefndarinnar er að það verði *Mannréttindi og náttúra*.

Til að koma til móts við umræðu í ráðinu í síðustu viku – til að marka þau þáttaskil að umhverfisvernd sé komin inn í stjórnarskrá Íslands.

3. Jafnræðisreglan

Rætt hefur verið um kynbundið orðalag.

Öll erum við jöfn fyrir lögum...

*Öll erum við* þykir af sumum vísa til okkar Íslendinga og að jafnræðisreglan eigi ekki að mismuna á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að efni ákvæðisins komi í veg fyrir þann misskilninginn.

Rétt þykir þó að ítreka í greinargerð að ekki sé um efnislegan mun að ræða, þ.e. milli þess þegar sagt er annars vegar *öll erum við jöfn* og hins vegar *allir eru jafnir*.

4. Trúfrelsi

Nefndin ræddi brottfall ákvæðis um vernd allra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga. Breytingartillaga þess efnis að ákvæðið yrði felld brott var samþykkt með eins atkvæðis mun. Arnfríður lýsti yfir miklum vonbrigðum með það og tók Örn Bárður undir með henni.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14.35.

## B-nefnd 41. fundur 22.07. 2011

22.07.2011 10:00

Dagskrá

- Breytingartillögum vísað til nefndar á 17. ráðsfundi.

### Fundargerð

41. fundur B-nefndar haldinn 22. júlí 2011, kl. 10:00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Pétur Gunnlaugsson, Erlingur Sigurðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason voru forfölluð. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Breytingartillögum vísað til nefndar á 17. ráðsfundi.

Eftir yfirferð breytingartillagna sem sendar voru í nefnd B á 17. ráðsfundi eru eftirfarandi tillögur gerðar:

1. Breytingartillaga #72

Nefnd B gerir tillögu um að breyta 3. mgr. 57. gr. þannig að við bætist orðið minnst. Málsgreinin orðist

þá svo: Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.

Með þessu er Alþingi gefinn sá valkostur að fækka umræðum um lagafrumvörp niður í tvær, að m.a. sænskri og finnskri fyrirmynd. Nánar verði kveðið á um fjölda umræðna og meðferð lagafrumvarpa í þingsköpum.

2. Breytingartillaga # 90 við 58. gr., Staðfesting laga. Brottfall undanþágu um lög um ríkisborgararétt. Nefndin telur ekki ástæðu til að taka afstöðu eða aðhafast vegna þessarar tillögu enda hafði verið kosið um breytingartillögu er gekk lengra. Ath. að gæta þarf samræmis við aðrar greinar um úrlausn ágreinings um hvaða mál eru undanþegin og hver ekki.

3. Breytingartillaga #13 við 67. gr. - greiðsluheimildir  
Tillagan er um að breyta orðalaginu “leita skal heimildir” í “skal slík heimild staðfest”. Nefndin telur að orðalag breytingartillögunnar megi skilja svo að það feli í sér fyrirskipun til Alþingis um hvernig það skuli afgreiða fjáráukalögin. Þá sé notað orðalagið “leita heimildar” í gildandi lögum um fjárreiður ríkisins og í tillögum stjórnlaganefndar og ekki sé rökstudd ástæða til að víkja frá því. Nefndin leggur til að tillögunni verði hafnað.

4. Breytingartillaga #80 við 69. gr. skattar  
Nefndin telur tillöguna efnislega ótæka. Hún geti opnað möguleika fyrir afturvirka skattheimtu sem verulegur vafi er á að standist skv. meginreglum um bann við afturvirkni íþyngjandi laga. Nefndin leggur til að tillögunni verði hafnað.

5. Breytingartillaga # 66 við 70. gr. Eignir og skuldbindingar ríkisins.  
Nefndin ræddi um breytingartillöguna sem fjallar um að ríkisfyrirtæki verði aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á opnum markaði. Nefndarmenn töldu markmið ákvæðisins gott en að orðalagið væri óljóst, svo sem um hvað teldist ríkisfyrirtæki, hvað væri einkavæðing, hvort alltaf væri um hlutabréf að ræða o.s.frv. Í vinnslu er tillaga um að 3. mgr. 72. gr. um eignir og skuldbindingar ríkisins orðist svo: Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Fyrirtæki í eigu ríkisins verða aðeins seld á opnum markaði. Um sölu eða aðra ráðstöfun eigna ríkisins fer að lögum.  
Hér þyrfti helst að leita lögfræðialits um hvort orðalagið “á opnum markaði” sé nógu skýrt til að vera í stjórnarskrá. Þá þarf að vera skýrt hvort átt sé við t.d. öll hlutabréf sem ríkinu kunna að áskotnast, hvaða áhrif þetta hefur á stofnun á borð við Byggingastofnun o.s.frv.

6. Breytingartillaga #21 við 83. gr.  
Nefndin er ekki fylgjandi því að forseti geti að tillögu ráðherra fellt niður saksókn enda sé það andstætt sjálfstæði ríkissaksóknara. Það sé ekki eðlilegt að unnt sé að grípa inn í ferli sakamála með þessum hætti. Þá bjóði það heim spillingu ef tveir menn, ráðherra og forseti, geti sammælt um að fella niður saksókn. Texti greinarinnar er að tillögu stjórnlaganefndar. Nefndin leggur til að breytingartillögunni verði hafnað.

7. Breytingartillaga # 15 við 93. gr.  
Nefndin gerir tillögu um að færa málslið úr grein um ríkisstjórn yfir í grein um um ráðherraábyrgð. 3. málsliður 3. málsgreinar 87. gr. um ríkisstjórn falli brott. Er það í samræmi við breytingartillögur m.a. #15. Í staðinn orðist 1. mgr. 95. gr. um ráðherraábyrgð svo: Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota ráðherra skal ákveðin með lögum.

8. Breytingartillaga # 48 við 94. gr. Skipun embættismanna.  
Nefndin telur að breytingartillögunni sé í ýmsu áfátta hvað varðar orðalag og efnislegt inntak. Nefndarmenn kynntu sér kafla um mannaúðsmál Stjórnarráðsins í skýrslu um Samhenta stjórnarsýslu. Þá barst nefndarmönnum í tölvupósti grein Ómars H. Kristmundssonar, “Eru ráðninganefndir gagnleg leið við skipanir æðstu embættismanna”? Samþykkt var að kalla til hluta af flutningsmönnum breytingartillögunnar á fund til að ræða hugsanlega tillögu nefndarinnar um útfærslu á ákvæðinu. Eftir fundi með nefndarmönnum og flutningsmönnum breytingartillögunnar er eftirfarandi málamiðlun samþykkt. Tillagan orðist nú svo: Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun manna í embætti. Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með  $\frac{2}{3}$  atkvæða til að hún taki gildi. Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar stjórnarsýslunefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með  $\frac{2}{3}$  atkvæða. Forseti Íslands skipar formann stjórnarsýslunefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum. Í lögum má kveða á um að í tiltekinn embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.

9. Breytingartillaga # 50. Sjálfstæðar stofnanir.  
Nefndin hafði ekki lagt til ákvæði í þessum efnunum, en kynntu sér efni breytingartillögunar en liðir a-e virtust allir tengjast stofnunum er varða efnahagsmál og hagstjórn. Ekki var séð hvernig skylda ætti stofnanir sem teldust sjálfstæðar til að fara alfarið að stefnu ríkisstjórnar í efnahagsmálum, sbr. A - lið.

Nefndarmenn hittu fulltrúa breytingartillögunnar og eftirfarandi málamiðlun var gerð: Í lögum má kveða á um að tiltekna stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

## B-nefnd 42. fundur 25.07. 2011

25.07.2011 13:30

### Dagskrá

1. Breytingartillögur B-nefndar fyrir 18. ráðs-fund (2. umræða).
2. Umsögn Eiríks Tómassonar, 25. júlí.  
- Breytingartillögur.
3. Fundargerðir 18-42.

### Fundargerð

42. fundur B-nefndar haldinn 25. júlí 2011, kl. 13:30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarsson, Gísli Tryggvason og Vilhjálmur Þorsteinsson. Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Formaður Katrín Fjeldsted setti fundinn.

1. Breytingartillögur B-nefndar fyrir 18. ráðsfund (2. umræða)

Niðurstöður nefndar um ákvæði er varðar skipun embættismanna og sjálfstæði stofnana. Tvær tillögur kynntar:

#### a. Skipun embættismanna:

Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.

Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.

Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkis-saksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykka skipunina með  $\frac{2}{3}$  atkvæða til að hún taki gildi.

Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með  $\frac{2}{3}$  atkvæða.

Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættis-mann um eiðstaf að stjórnarskránni.

Tillagan er samþykkt með naumum meirihluta B-nefndar ásamt breytingu á orðalagi frá stjórnsýslu-nefnd yfir í nefnd. Samþykkt að greinargerð með breytingartillögu verði unnin af flutningsmönnum breytingartillögunnar.

Bókun: Vilhjálmur Þorsteinsson og Eiríkur Bergmann Einarsson bóka andstöðu við tillöguna.

#### b. Sjálfstæðar stofnanir:

Í lögum má kveða á um að tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum

stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi.

4 atkvæði með, 2 hjásetur og einn á móti.

Bókun: Vilhjálmur Þorsteinsson bókar andstöðu við tillöguna.

#### c. Sala á ríkisfyrirtækjum á opnum markaði.

B-nefnd telur að falla verði frá tillögunni, þrátt fyrir að markmið tillögunar sé til eftirbreytni. Hins vegar er óljóst hvaða orðalagið nær best utan um markmiðið til að útfærslan verði með þeim hætti sem hugsun stendur til. Óljóst hvað orðið „einkavædd“ vísar til. Óljóst hvað er sala á „opnum markaði“ og ekki er tími til að fá lögfræðileg álit á umræddum texta og mat á áhrifum hans.

Samþykkt var að setja texta í almennum athuga-semddum að mikil umræða hefði verið um þessi atriði í ráðinu að fyrirtæki væru seld í opnum sölufurli og gætt væri jafnræðis.

2. Umsögn Eiríks Tómassonar, 25. júlí.  
Nefndarmenn ræddu athugasemdir Eiríks Tómassonar.

3. Fundargerðir 18-42.  
Fundargerðir 18-42 lagðar fram og samþykktar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

## C-nefnd 46. fundur 22.07. 2011

22.07.2011 11:00

### Dagskrá

1. Breytingartillögum vísað til nefndarinnar.
2. Viðbrögð nefndarinnar við samþykktum breytingartillögum.
3. Önnur mál.

### Fundargerð

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Gestir voru Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Vilhjálmur Þorsteinsson. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Breytingartillögum vísað til nefndarinnar  
Tillaga 53 borin upp. Vísað frá nefndinni þar sem hún var seint fram komin og enginn tími til álitsum-leitunar og mats á áhrifum.

Tillaga 82 borin upp. Samþykkt tillaga formanns að gagnafræðingum að færa inn í 65. gr. frv. (nú 67. gr.): „Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá“.

Tillaga 7 borin upp. Ákveðið að taka 1. mgr. út og 2. mgr og 3. mgr víxlist. Breyta orðalagi um „stjórn-málaflökka“ í „stjórn-málasamtök“.

2. Viðbrögð nefndarinnar við samþykktum breytingartillögum

Tillaga 26-2: Ákveðið að mæla með tillögunni varðandi 6 mánaða tímamörkin, en með orðalagsbreytingum.

Tillaga 62: Ákveðið að leggja til að seinni málsliðurinn fari út.

Tillaga 63: Ákveðið að leggja til tvær breytingartillögur, að færa ákvæðið til fyrra horfs og að tiltaka heildarsamtök sveitarfélaga í stað ríkisstjórnar og sveitarfélaga.

Tillaga 40: Rætt um að leggja til breytingar á upphafsgreinum þannig að þjóðin sé einnig handhafi lögjafarvalds. Þó einnig lagt til að færa til fyrra horfs og láta kjósa aftur um málið.

3. Önnur mál  
Engin önnur mál.

4. Næsti fundur nefndar C  
Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur yrði í nefnd C yrði en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 47. fundur 25.07. 2011

25.07.2011 13:30

### Dagskrá

1. Umræður um umsögn Eiríks Tómassonar.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Lýður Árnason og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræður um umsögn Eiríks Tómassonar  
Rætt um misræmi í frumvarpinu, að bæta þyrfti inn í 2. gr. frumvarpsins að þjóðin hafi lögjafarvald, eða fella ákvæði 66. gr. frumvarpsins út um bindandi þjóðaratkvæði. Rætt um að halda opnu að tiltekin fjöldi almennings gæti lagt fram frumvarp á Alþingi, eða einskoðra slíkt við þingsályktunartillögur, sem mætti eftir atvikum setja í þjóðaratkvæði. Samþykkt tillaga um að færa ákvæði 66. gr. til þess horfs sem það var fyrir 17. ráðsfund með orðalagsbreytingum. Í stað „Þjóðaratkvæðagreiðslan skal vera bindandi“ kemur „Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi“.

Samþykkt tillaga um að fella niður 103. gr. frumvarpsins um lögspurningu til Hæstaréttar, í ljósi umsagna fræðimanna og að markmiðum greinarinnar er náð með 62. gr. og 63. gr. frumvarpsins. Samþykkt að tiltaka „63“ þingsæti í 8. mgr. 39. gr. Rætt um prósentuhlutfall varðandi málskot til þjóðarinnar og þjóðarfrumkvæði. Rætt um 5. mgr. 39. gr. frumvarpsins um alþingiskosningar. Rætt um að hverfa aftur til þess að kjör þvert á lista sé heimilt en ekki skylda í stjórnarskrá, þó

þannig að orðið persónukjör komi fram. Rætt um 4% þröskuld í kosningakerfinu og hvort eigi að gera tillögu um að hann komi aftur inn í frumvarpið, en sem heimildarákvæði.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur nefndar C  
Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur yrði í nefnd C yrði en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

## C-nefnd 48. fundur 26.07. 2011

26.07.2011 10:30

### Dagskrá

1. Umræða um breytingartillögur fyrir 18. ráðsfund.
2. Önnur mál.

### Fundargerð

Mætt voru: Pawel Bartoszek formaður, Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir og Þorkell Helgason. Agnar Bragason ritaði fundargerð.

1. Umræða um breytingartillögur fyrir 18. ráðsfund  
Rætt um 5. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Samþykkt eftirfarandi orðalag: „Kjósandi velur með persónukjöri framþjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla framþjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.“

Rætt um að gera ekki tillögu um þröskuld í kosningaákvæði.

Rætt um afgreiðslu nefndarinnar daginn áður um 103. gr. frumvarpsins um lögspurningu til Hæstaréttar.

Rætt um ákvæðið um sjálfstæði dómstóla.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

3. Næsti fundur nefndar C  
Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur yrði í nefnd C yrði en til hans yrði boðað með tilkynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

## Fundargerð 18. ráðsfundar

26.07.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna ásamt breytingartillögum, síðari umræða og atkvæðagreiðslur.



18. ráðsfundur - haldinn 26. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti mánudaginn 25. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum ásamt Ara Teitssyni varaformanni.

### **1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar**

Fundargerð 17. ráðsfundar, sem stóð dagana 20.-21. júlí, var samþykkt án athugasemda og verður birt á vef Stjórnlagaráðs.

### **2. Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga ásamt breytingartillögum, síðari umræða og atkvæðagreiðslur**

Fundarstjóri hóf síðari umræðu um drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og lýsti fyrirkomulagi fundarins, sbr. 15. gr. starfsreglna og samþykkt stjórnar um verkferli við afgreiðslu á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Síðarnefnda skjalið var lagt fram á 17. ráðsfundi.

Fyrirkomulag fundarins var með þeim hætti að tiltekna greinar voru teknar til umfjöllunar hverju sinni ásamt breytingartillögum við þær. Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir afstöðu nefnda til þeirra breytingartillagna frá fulltrúum sem vísað var þangað á 17. ráðsfundi og öðrum breytingum á einstökum greinum. Flutningsmenn breytingartillagna gátu endurflutt tillögur sínar, þætti þeim afgreiðsla nefndar óviðunandi. Að loknum umræðum var gengið til atkvæða, fyrst um breytingartillögur og síðan um viðkomandi grein að teknu tilliti til samþykktra breytinga. Loks voru greidd atkvæði um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum.

Um sundurliðun á niðurstöðum atkvæðagreiðslna, þ.e. hvernig hver og einn fulltrúi greiddi atkvæði hverju sinni, vísast til fylgiskjals með fundargerð.

Fundarstjóri las upp ákvæði viðkomandi greinar eða tillögu áður en atkvæðagreiðsla hófst, sbr. fylgiskjöl með fundargerð.

#### **2.1 Ákvæði 1.-4. gr. í I. kafla**

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 1*

Grein 1. gr. Stjórnarform.

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 2*

Grein 2. gr. Handhafar ríkisvalds.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 3*

Grein 3. gr. Yfirráðasvæði.

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 4*

Grein 4. gr. Ríkisborgararéttur.

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

#### **2.2 Ákvæði 5. gr. í I. kafla**

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 5*

Grein 5. gr. Skyldur borgaranna.

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

#### **2.3 Ákvæði 6.-13. gr. í II. kafla og breytingartillögur nr. 116 og 118 auk tveggja breytingartillagna án númera**

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður A-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 116 og 118 auk breytingartillagna um kaflaheiti II. kafla frumvarpsins (sjá fylgiskjal fundarins um breytingartillögur sem eru ekki við tiltekna greinar) og röðun 6.- 8. gr. (sbr. breytingartillögu nr. 116).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pawel Bartoszek, Katrín Fjeldsted, Ómar Ragnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Pawel Bartoszek, Gísli Tryggvason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 6*

Breytingartillaga (ónr. - ekki við tiltekna grein) Kaflaheiti II. kafla verði svo: Mannréttindi og náttúra.

Samþykkt 20

Hafnað 0

Setið hjá 3

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 7*

Breytingartillaga nr. 116, við 6. gr.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 8*  
Breytingartillaga um uppröðun greina (sbr. br.till. nr. 116) 6. gr. verði Jafnræði, 7. gr. Réttur til lífs og 8. gr. Mannleg reisn.

Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 9*  
Grein 6. gr. Jafnræði.  
Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 10*  
Grein 7. gr. Réttur til lífs.  
Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 11*  
Grein 8. gr. Mannleg reisn.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 12*  
Grein 9. gr. Vernd réttinda.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 13*  
Grein 10. gr. Mannhelgi.  
Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 14*  
Grein 11. gr. Friðhelgi einkalífs.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 15*  
Grein 12. gr. Réttur barna.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

Illugi Jökulsson kom á fund.  
*Kosning nr. 16*  
Breytingartillaga nr. 118, við 13. gr.  
Samþykkt 19

Hafnað 2  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 17*  
Grein 13. gr. Eignarréttur.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

## **2.4 Ákvæði 14.-31. gr. í II. kafla og breytingartillaga nr. 76 frá 17. ráðsfundi (hafnað af nefnd, sbr. nr. 142 á 18. ráðsfundi)**

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Arnfríður Guðmundsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Andrés Magnússon, Katrín Fjeldsted, Pawel Bartoszek, Freyja Haraldsdóttir, Ómar Ragnarson, Gísli Tryggvason, Andrés Magnússon.

Gengið var til atkvæða og orðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 18*  
Grein 14. gr. Skoðana- og tjáningarfrelsi.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 19*  
Grein 15. gr. Upplýsingaréttur.  
Samþykkt 21

Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 20*  
Grein 16. gr. Frelsi fjölmiðla.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 21*  
Grein 17. gr. Frelsi menningar og mennta.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 22*  
Grein 18. gr. Trúfrelsi.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 23*  
Grein 19. gr. Kirkjuskipan.  
Samþykkt 19

Hafnað 1  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 24*  
Grein 20. gr. Félagafrelsi.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 25*  
Grein 21. gr. Fundafrelsi.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 26*  
Grein 22. gr. Félagsleg réttindi.  
Samþykkt 22

Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 27*  
Grein 23. gr. Heilbrigðisþjónusta.  
Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 28*  
Grein 24. gr. Menntun.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 29*  
Grein 25. gr. Atvinnufrelsi.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 30*  
Grein 26. gr. Dvalarréttur og ferðafrelsi.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 31*  
Grein 27. gr. Frelsisvipting.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 32*  
Grein 28. gr. Réttlát málsmeðferð.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 33*  
Grein 29. gr. Bann við ómannúðlegri meðferð.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 34*  
Grein 30. gr. Bann við afturvirkni refsingar.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 35*  
Grein 31. gr. Bann við herskyldu.  
Samþykkt 19  
Hafnað 0  
Setið hjá 5  
Niðurstaða: Samþykkt.

**2.5 Ákvæði 32.-34. gr. í II. kafla og breytingartillögur nr. 121, 143, 144, 145, 109 og 79, sbr. nr. 119 og 120**

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður A-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 121, 143 (sbr. 107 grá 17. ráðsfundi), 144 og 145. Nefndin hafnaði breytingartillögum nr. 109 og 79 frá 17. ráðsfundi, (sbr. nr. 119 og 120 á 18. ráðsfundi).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Katrín Oddsdóttir, Þorkell Helgason, Pawel Bartoszek, Ari Teitsson, Lýður Árnason, Silja Bára Ómarsdóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Þorvaldur Gylfason, Silja Bára Ómarsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 36*  
Grein 32. gr. Menningarverðmæti.  
Samþykkt 16  
Hafnað 0  
Setið hjá 8  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosningakerfi fundarins hljóp yfir númerið 37.*  
*Kosning nr. 38*  
Breytingartillaga nr. 121, við 33. gr.  
Samþykkt 23  
Hafnað 1  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 39*  
Grein 33. gr. Náttúra Íslands og umhverfi.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 40*  
Breytingartillaga nr. 143, við 34. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 41*  
Breytingartillaga nr. 144, við 34. gr.  
Samþykkt 17  
Hafnað 1  
Setið hjá 6  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 42*  
Breytingartillaga nr. 145, við 34. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða Samþykkt.  
*Kosning nr.: 43*  
Grein 34. gr. Náttúruauðlindir.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

**2.6 Ákvæði 35.-36. gr. í II. kafla og breytingartillögur nr. 146, 147, 30 og 111**

Silja Bára Ómarsdóttir, formaður A-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 146 og 147.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Illugi Jökulsson, Þorkell Helgason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Pawel Bartoszek.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 44*  
Breytingartillaga nr. 146, við 35. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 45*  
Grein 35. gr. Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 46*  
Breytingartillaga nr. 147, við 36. gr.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 47*  
Grein 36. gr. Dýravernd.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

Íris Lind Sæmundsdóttir gerði grein fyrir atkvæði sínu varðandi 34. gr.

Silja Bára Ómarsdóttir gerði grein fyrir afgreiðslu A-nefndar á breytingartillögum nr. 30 og 111 sem fjalla um ný ákvæði og vísað var til nefndarinnar á 17. ráðsfundi. Nefndin ákvað að hafna þessum tillögum (sbr. fylgiskjal fundarins um breytingartillögur sem eru ekki við tiltekna greinar).

Þórhildur Þorleifsdóttir fékk orðið og tók til máls.

### **2.7 Ákvæði 37.-46. gr. í III. kafla og breytingartillögur nr. 139, 140 og 141**

Pawel Bartoszek, formaður C-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 139, 140 og 141.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir, Ómar Ragnarsson, Þorvaldur Gylfason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 48*  
Grein 37. gr. Hlutverk.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

Sif Guðjónsdóttir tók við ritun fundargerðar af Valborgu Steingrímsdóttur.

*Kosning nr. 49*  
Grein 38. gr. Friðhelgi.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 50*  
Breytingartillaga nr. 139, við 39. gr.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 51*  
Breytingartillaga nr. 140, við 39. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 52*  
Breytingartillaga nr. 141, við 39. gr.  
Samþykkt 19  
Hafnað 3  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.  
Fundarhlé.

*Kosning nr. 53*  
Grein 39. gr. Alþingiskosningar.  
Samþykkt 21  
Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 54*  
Grein 40. gr. Kjörtímabil.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 55*  
Grein 41. gr. Kosningaréttur.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 56*  
Grein 42. gr. Kjörgengi.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 57*  
Grein 43. gr. Gildi kosninga.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 58*  
Grein 44. gr. Starfstími.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 59*  
Grein 45. gr. Samkomustaður.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 60*  
Grein 46. gr. Þingsetning.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

**2.8 Ákvæði 47.-55. gr. í III. kafla og breytingartillaga nr. 7, sbr. nr. 132**

Pawel Bartoszek, formaður C-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögu nr. 7 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 132 á 18. ráðsfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Katrín Oddsóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsóttir, Pawel Bartoszek.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 61*

Grein 47. gr. Eiðstafur.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 62*

Grein 48. gr. Sjálfstæði alþingismanna.

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 63*

Grein 49. gr. Friðhelgi alþingismanna.

Samþykkt 22

Hafnað 1

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 64*

Grein 50. gr. Hagsmunaskráning og vanhæfi.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 65*

Breytingartillaga nr. 132, við 51. gr.

Samþykkt 22

Hafnað 1

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 66*

Grein 51. gr.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 67*

Grein 52. gr. Þingforseti.

Samþykkt 20

Hafnað 1

Setið hjá 3

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 68*

Grein 53. gr. Þingsköp.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 69*

Grein 54. gr. Þingnefndir.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 70*

Grein 55. gr. Opnir fundir

Samþykkt 23

Hafnað 0

Setið hjá 1

Niðurstaða: Samþykkt.

Fundarhlé.

**2.9 Ákvæði 56.-64. gr. í III. kafla og breytingartillögur nr. 124, 123 og 122**

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 124, 123 (sbr. nr. 72 á 17. ráðsfundi) og 122 (sbr. nr. 90 á 17. ráðsfundi).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Pawel Bartoszek, Ari Teitsson, Erlingur Sigurðarson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 71*

Breytingartillaga nr. 124, við 56. gr.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 72*

Grein 56. gr. Flutningur þingmála.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 73*

Breytingartillaga nr. 123, við 57. gr.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 74*

Grein 57. gr. Meðferð lagafrumvarpa.

Samþykkt 21

Hafnað 0

Setið hjá 3

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 75*

Grein 58. gr. Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.

Samþykkt 22

Hafnað 0

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 76*

Grein 59. gr. Ályktunarbaerni.

Samþykkt 24

Hafnað 0

Setið hjá 0

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 77*

Breytingartillaga nr. 122, við 60. gr.

Samþykkt 19

Hafnað 3

Setið hjá 2

Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 78*  
Grein 60. gr. Staðfesting laga.  
Samþykkt 19  
Hafnað 3  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 79*  
Grein 61. gr. Birting laga.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 80*  
Grein 62. gr. Lögrétta.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 81*  
Grein 63. gr. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 82*  
Grein 64. gr. Rannsóknarnefndir.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

Agnar Bragason tók við ritun fundargerðar.

#### **2.10 Ákvæði 65.-67. gr. í III. kafla og breytingartillögur nr. 138, 82, sbr. nr. 134, og 135**

Pawel Bartoszek, formaður C-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 138, nr. 82 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 134 á 18. ráðsfundi, og 135.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Silja Bára Ómarsdóttir, Þorkell Helgason, Pawel Bartoszek.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 83*  
Grein 65. gr. Málskot til þjóðarinnar.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 84*  
Breytingartillaga nr. 138, við 66. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 85*  
Grein 66. gr. Þingmál að frumkvæði kjósenda.  
Samþykkt 20  
Hafnað 0  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 86*  
Breytingartillaga nr. 134, við 67. gr.  
Samþykkt 24

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 87*  
Breytingartillaga nr. 135, við 67. gr.  
Samþykkt 22

Hafnað 2  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 88*  
Grein 67. gr. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.  
Samþykkt 21

Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

#### **2.11 Ákvæði 68.-75. gr í III. kafla og breytingartillögur nr. 13, 80 og 66, sbr. nr. 128, 129 og 130**

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. 13 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 128 á 18. ráðsfundi, nr. 80 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 129 á 18. ráðsfundi, nr. 66 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 130 á 18. ráðsfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason (dró til baka breytingartillögu sína nr. 13 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 128), Andrés Magnússon (dró til baka breytingartillögu sína nr. 80 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 129), Vilhjálmur Þorsteinsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 89*  
Grein 68. gr. Frumvarp til fjárlaga.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 90*  
Grein 69. gr. Greiðsluheimildir.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 91*  
Grein 70. gr. Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 92*  
Grein 71. gr. Skattar.  
Samþykkt 23  
Hafnað 1  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

Flutningsmaður, Andrés Magnússon, óskaði eftir að greidd yrðu atkvæði um breytingartillögu nr. 66 frá 17. ráðsfundi (sbr. nr. 130 á 18. ráðsfundi).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Eiríkur Bergmann Einarsson, Andrés Magnússon, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Katrín Fjeldsted, Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Silja Bára

Ómarsdóttir, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson, Pétur Gunnlaugsson.

*Kosning nr. 93*  
Breytingartillaga nr. 66, sbr. nr. 130, við 72. gr.  
Samþykkt 10  
Hafnað 12  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Felld.

*Kosning nr. 94*  
Grein 72. gr. Eignir og skuldbindingar ríkisins.  
Samþykkt 19  
Hafnað 1  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 95*  
Grein 73. gr. Þingrof.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 96*  
Grein 74. gr. Ríkisendurskoðun.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 97*  
Grein 75. gr. Umboðsmaður Alþingis.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

Pawel Bartoszek fékk orðið og tók til máls.

Fundarstjóri lýsti því að gert yrði hlé á fundinum til næsta dags, miðvikudagsins 27. júlí, kl. 10.00. Sama dag, kl. 9.00, verði haldinn fundur í stjórn Stjórnlagaráðs.

### 18. ráðsfundi fram haldið

Miðvikudaginn 27. júlí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum ásamt Ara Teitssyni varaformanni.

Fundarstjóri lét þess getið að um breytingartillögur nr. 44 og 77 frá 17. ráðsfundi yrði fjallað í lok fundar.

### 2.12 Ákvæði 76.-85. gr. í IV. kafla og breytingartillaga nr. 21, sbr. nr. 131

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögu nr. 21 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 131 á 18. ráðsfundi, sem nefndin féllst ekki á.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pawel Bartoszek, Katrín Fjeldsted, Gísli Tryggvason, Vilhjálmur Þorsteinsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 1*  
Grein 76. gr. Embættisheiti og þjóðkjör.  
Samþykkt 25

Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 2*  
Grein 77. gr. Kjörgengi.  
Samþykkt 23  
Hafnað 1  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 3*  
Grein 78. gr. Forsetakjör.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 4*  
Grein 79. gr. Kjörtímabil.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 5*  
Grein 80. gr. Eiðstafur.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 6*  
Grein 81. gr. Starfskjör.  
Samþykkt 23  
Hafnað 0  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 7*  
Grein 82. gr. Staðgengill.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 8*  
Grein 83. gr. Fráfall.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 9*  
Grein 84. gr. Ábyrgð.  
Samþykkt 24  
Hafnað 1

Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 10*

Grein 85. gr. Náðun og sakaruppgjöf.  
Samþykkt 24  
Hafnað 1  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.13 Ákvæði 86.-90. gr. í V. kafla og breytingartillaga nr. 125**

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögu nr. 125 (sbr. nr. 14 og 15 frá 17. ráðsfundi).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Andrés Magnússon, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Þorkell Helgason, Ari Teitsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Ragnarsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 11*

Grein 86. gr. Ráðherrar.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 12*

Breytingartillaga nr. 125, við 87. gr.  
Samþykkt 22  
Hafnað 2  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 13*

Grein 87. gr. Ríkisstjórn.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 14*

Grein 88. gr. Hagsmunaskráning og opinber störf.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 15*

Grein 89. gr. Ráðherrar og Alþingi.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 16*

Grein 90. gr. Stjórnarmyndun.  
Samþykkt 20  
Hafnað 1  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.14 Ákvæði 91.-96. gr. í V. kafla og breytingartillaga nr. 126, sbr. nr. 48**

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögu nr. 126, sbr. breytingartillögu nr. 48 frá 17. ráðsfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Íris

Lind Sæmundsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Katrín Oddsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Pawel Bartoszek, Lýður Árnason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 17*

Grein 91. gr. Vantraust.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 18*

Grein 92. gr. Starfsstjórn.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 19*

Grein 93. gr. Upplýsinga- og sannleiksskylda.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 20*

Grein 94. gr. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis.  
Samþykkt 23  
Hafnað 2  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 21*

Grein 95. gr. Ráðherraábyrgð.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 22*

Breytingartillaga nr. 126, við 96. gr.  
Samþykkt 21  
Hafnað 2  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 23*

Grein 96. gr. Skipun embættismanna.  
Samþykkt 21  
Hafnað 1  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.15 Ákvæði 97. gr. í V. kafla og ein breytingartillaga (ný grein)**

Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögu nefndarinnar sem kveður á um nýja grein (sbr. fylgiskjal fundarins um breytingartillögur sem eru ekki við tilteknar greinar, sjá einnig br.till. nr. 50 frá 17. ráðsfundi).

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Örn Bárður Jónsson, Þorvaldur Gylfason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek, Ómar Ragnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Silja Bára Ómarsdóttir.



Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 24*  
Grein Sjálfstæðar ríkisstofnanir (verður 97. gr.).  
Samþykkt 20  
Hafnað 1  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

Vegna nýrrar 97. gr. breytast númer greina hér eftir, með því að þau hækka um einn.

**2.16 Ákvæði 98.-105. gr. (upphaflega 97.-104. gr.) í VI. kafla og breytingartillögur nr. 136, 137 og 53, sbr. nr. 133**

Pawel Bartoszek, formaður C-nefndar, fékk orðið og gerði grein fyrir breytingartillögum nr. nr. 136 og 137. Nefndin hafnaði breytingartillögu nr. 53 frá 17. ráðsfundi, sbr. nr. 133 á 18. ráðsfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Pawel Bartoszek, Ómar Ragnarsson, Gísli Tryggvason, Ari Teitsson, Íris Lind Sæmundsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 25*  
Grein 97. gr. Skipan dómstóla (nú 98. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.  
*Kosning nr. 26*  
Breytingartillaga nr. 136, við 98. gr. (nú 99. gr.)  
Samþykkt 22  
Hafnað 1  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 27*  
Grein 98. gr. Sjálfstæði dómstóla (nú 99. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 28*  
Grein 99. gr. Lögsaga dómstóla (nú 100. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 29*  
Grein 100. gr. Hæstiréttur Íslands (nú 101. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 30*  
Grein 101. gr. Skipun dómara (nú 102. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 31*  
Grein 102. gr. Sjálfstæði dómara (nú 103. gr.).  
Samþykkt 24  
Hafnað 0

Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 32*  
Breytingartillaga nr. 137 (um að fella 103. gr. niður), við 103. gr. (nú 104. gr.)  
Samþykkt 19  
Hafnað 3  
Setið hjá 2  
Niðurstaða: Samþykkt.

Með því að tillagan var samþykkt breytist númeraröð og færast aftur til baka.

*Kosning nr. 33*  
Grein 104. gr. Ákærvald og ríkissaksóknari.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

**2.17 Ákvæði 105.-108. gr. í VII. kafla**

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Katrín Fjeldsted, Ari Teitsson.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 34*  
Grein 105. gr. Sjálfstæði sveitarfélaga.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 35*  
Grein 106. gr. Nálægðarregla.  
Samþykkt 24  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 36*  
Grein 107. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

Kosningakerfi fundarins hljóp yfir númerið 37.  
*Kosning nr. 38*  
Grein 108. gr. Samráðsskylda.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

**2.18 Ákvæði 109.- 112. gr. í VIII. kafla**

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Pawel Bartoszek, Silja Bára Ómarsdóttir, Dögg Harðardóttir, Lýður Árnason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 39*  
Grein 109. gr. Meðferð utanríkismála.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 40*  
Grein 110. gr. Þjóðréttarsamningar.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

*Kosning nr. 41*  
Grein 111. gr. Framsal ríkisvalds.  
Samþykkt 23  
Hafnað 1  
Setið hjá 1  
Niðurstaða Samþykkt.

*Kosning nr.: 42*  
Grein 112. gr. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum.  
Samþykkt 25  
Hafnað 0  
Setið hjá 0  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.19 Ákvæði 113. gr. í IX. kafla**

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tók: Gísli Tryggvason.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:  
*Kosning nr. 43*  
Grein 113. gr. Stjórnarskrárbreytingar.  
Samþykkt 22  
Hafnað 0  
Setið hjá 3  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.20 Breytingartillögur nr. 45 og 77 frá 17. ráðsfundi og tillaga stjórnar að ákvæðum um gildistöku og til bráðabirgða**

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um gildistöku og ákvæði til bráðabirgða, sbr. breytingartillögu nr. 77 frá 17. ráðsfundi. Flutningsmaður þeirrar tillögu, Þorkell Helgason, hafði samþykkt þá málsmeðferð. Stjórn samþykkti að mæla með tillögunni í nokkuð breyttri mynd, meðal annars varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp Stjórnlagaráðs. Um það atriði yrði fjallað í bréfi sem fylgja myndi frumvarpinu til Alþingis. Fram kom að frágangur bréfsins kæmi til sameiginlegrar umfjöllunar fulltrúa á öðrum fundi, sem haldinn yrði næsta dag.

Breytingartillaga nr. 45 kom einnig til stjórnar með sambærilegum hætti en því var hafnað að mæla með henni. Flutningsmaður þeirrar tillögu var Gísli Tryggvason.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Lýður Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, fundarstjóri lokaði mælendaskrá, Silja Bára Ómarsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Andrés Magnússon, Þorvaldur Gylfason, Ómar Ragnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Katrín Oddsdóttir.

Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir tók við ritun fundargerðar.

Flutningsmaður, Þorkell Helgason, dró til baka breytingartillögu nr. 77.

Gengið var til atkvæða og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 44*  
Breytingartillaga Tillaga stjórnar að ákvæðum um gildistöku og til bráðabirgða  
Samþykkt 23  
Hafnað 1  
Setið hjá 1  
Niðurstaða: Samþykkt.

### **2.21 Aðfaraorð**

Fundarstjóri lýsti því að lengi hefði verið rætt um möguleika á að hafa aðfaraorð að stjórnarskránni og að fulltrúar kæmu þar öll að með einhverjum hætti. Nú lægi fyrir tillaga að texta, sem fulltrúar í A-nefnd hefðu tekið að sér að vinna. Ekki hefði verið mikið svigrúm til að ræða þá tillögu og komið hefðu fram nokkrar efasemdir um málið. Því hefði verið gerð óformleg skoðanakönnun á meðal ráðsfulltrúa um þetta atriði.

Formaður kynnti eftirfarandi niðurstöður umræddrar skoðanakönnunar:

Ég styð aðfaraorð í núverandi mynd: 13  
Ég mun sitja hjá ef aðfaraorð eru afgreidd í núverandi mynd: 1  
Ég styð ekki aðfaraorð í núverandi mynd en er tilbúin/n að vinna í þeim: 4  
Ég styð ekki aðfaraorð við stjórnarskrána: 5  
Auður seðill: 1  
Skilaði ekki inn: 1  
Samtals: 25

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tóku: Örn Bárður Jónsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Örn Bárður Jónsson, Pawel Bartoszek, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gísli Tryggvason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir.

Fundarstjóri bar upp dagskrártillögu Silju Báru Ómarsdóttur um að afgreiðsla aðfaraorða færi fram næsta dag.

Umræður héldu áfram og til máls tóku: Gísli Tryggvason, Örn Bárður Jónsson, Þorkell Helgason, Gísli Tryggvason, Þorkell Helgason, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Gengið var til atkvæða um dagskrártillögu og urðu niðurstöður svo sem hér segir:

*Kosning nr. 45*  
Tillaga Dagskrártillaga Silju Báru Ómarsdóttur.  
Samþykkt 15  
Hafnað 6  
Setið hjá 4  
Niðurstaða: Samþykkt.

Sif Guðjónsdóttir tók við ritun fundargerðar.

### **2.22 Atkvæðagreiðsla um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum**

Fundarstjóri lýsti því að loks yrðu greidd atkvæði um frumvarpið í heild sinni, með áorðnum breytingum, sbr. 3. mgr. 15. gr. starfsreglna.

Vilhjálmur Þorsteinsson óskaði eftir nafnakalli við atkvæðagreiðslu og fundarstjóri samþykkti þá beiðni.

Jafnframt bauð fundarstjóri fulltrúum að gera grein fyrir atkvæði sínu.

Eftirtaldir fulltrúar í Stjórnlagaráði tóku til máls og gerðu grein fyrir atkvæði sínu: Pawel Bartoszek, Ari Teitsson tók við fundarstjórn, Salvör Nordal, Salvör Nordal tók aftur við fundarstjórn, Eiríkur Bergmann Einarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Gísli Tryggvason, Örn Bárður Jónsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Erlingur Sigurðarson, Lýður Árnason, Katrín Fjeldsted, Þorkell Helgason, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Dögg Harðardóttir, Illugi Jökulsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Andrés Magnússon, Guðmundur Gunnarsson, Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Atkvæðagreiðsla um frumvarp Stjórnlagaráðs til stjórnarskipunarlaganna fór fram með því að fundarstjóri kallaði eftir afstöðu hvers og eins fulltrúa, í stafrófsröð. Allir fulltrúar greiddu frumvarpinu atkvæði sitt og var það því samþykkt einróma.

Fundarstjóri, Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, ávarpaði ráðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.

Fundargerð rituðu Valborg Steingrimsdóttir, Sif Guðjónsdóttir, Agnar Bragi Bragason og Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir.

#### **Fylgiskjöl 18. ráðsfundar:**

35462 - Breytingartillögur sem eru ekki við tiltekna greinar

35463 - Drög að frumvarpi og breytingartillögur nefnda við einstakar greinar

35465 - Sundurliðun á atkvæðagreiðslum

35466 - Tillaga stjórnar um gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða

## **19. ráðsfundur 28.07. 2011.**

### **Fundargerð 19. ráðsfundar**

28.07.2011 14:00

#### **Dagskrá**

1. Aðfaraorð.
2. Bréf Stjórnlagaráðs til Alþingis.

19. ráðsfundur - haldinn 28. júlí 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var haldinn í sal Stjórnlagaráðs á 5. hæð, þar sem búnaður í fundarsal á 2. hæð hafði verið tekinn niður vegna undirbúnings fyrir starfslok ráðsins og skil á húsnæði þess. Upphaflega var fyrirhugað að fundurinn væri óformlegur en fulltrúar ákváðu að um formlegan ráðsfund væri að ræða, þar sem ákvörðun um aðfaraorð var frestað á 18. ráðsfundi.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti 27. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, setti fundinn og stýrði honum.

#### **1. Aðfaraorð**

Í framhaldi af óformlegum fundi sama dag kynnti Ari Teitsson sáttahugmynd, í formi eftirfarandi bókunar um afgreiðslu aðfaraorða:

“Á 7. ráðsfundi, sem fór fram dagana 5.-6. maí 2011, var samþykkt tillaga um að nýrri 1. gr. skyldi bætt fremst í áfangaskjal. Myndi stjórnarskráin þá hefjast á inngangsorðum, þar sem tilgreind væru helstu gildi sem liggja stjórnarskránni til grundvallar. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að sérstaklega skyldi litið til niðurstöðu þjóðfundar þar sem áhersla var m.a. lögð á lýðræði, frið, frelsi, sjálfbærni, jafnrétti, menningu, valddreifingu og ábyrgð. Segir jafnframt í greinargerð að texti greinarinnar skyldi unninn sameiginlega af öllum fulltrúum Stjórnlagaráðs, eftir því sem starfinu yndi fram.

Síðar var tekin ákvörðun um að aðfaraorðin skyldu ekki vera í 1. gr. frumvarpsins heldur skyldu þau vera inngangsorð og tóku nokkrir ráðsfulltrúar að sér að leiða málið til lykta í samráði við aðra fulltrúa.

Ljóst var frá upphafi að ekki voru allir fulltrúar á eitt sáttir um að aðfaraorð ættu yfirhöfuð að prýða nýja stjórnarskrá. Bent var á að slík inngangsorð væru ekki í stjórnarskrám annarra norrænna ríkja. Hins vegar var vísað til nýrrar tillögu að stjórnarskrá Færeyja þar

sem snörpum lagatexta er fylgt úr hlaði með stuttum inngangi af sama tagi og hér er lagt til. Eins og eðlilegt er getur sitt sýnst hverjum í hópi ráðsfulltrúa um eðli og stíl aðfaraorða, þótt samhugur ríki um þau markmið sem aðfaraorðin sem hér eru lögð fram lýsa.

Ekki vannst tími til að ganga frá aðfaraorðunum með þeim hætti sem lagt var upp með. Fyrir vikið gafst ekki ráðrúm til sömu málsmeðferðar á tillögu um aðfaraorð og var viðhöfð um frumvarpið að öðru leyti. Að framansögðu má ljóst vera að ferill og staða aðfaraorðanna er veikari en frumvarpsins í heild.”

Miklar umræður urðu um framangreindan texta og óskaði meirihluti fundarmanna eftir því að ljúka málinu fremur með atkvæðagreiðslu um aðfaraorðin.

Atkvæði féllu svo:

Já: Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Sit hjá: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason.

Nei: Enginn.

Fjarverandi: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Samtals 25

Tillaga að aðfaraorðum var því samþykkt með þrettán atkvæðum en ellefu sátu hjá. Einn var fjarverandi.

## 2. Bréf Stjórnlagaráðs til Alþingis

Lögð voru fram drög stjórnar að bréfi Stjórnlagaráðs, sem fylgja mun frumvarpi ráðsins þegar það verður afhent forseta Alþingis.

Fram fóru almennar umræður um bréfið og voru gerðar á því nokkrar breytingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

### Aðfaraorð

Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.

Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.

Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.

Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.

## I. KAFLI Undirstöður.

### 1. gr. Stjórnarform.

Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn.

### 2. gr. Handhafar ríkisvalds.

Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.

Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið.

### 3. gr. Yfirráðasvæði.

Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.

### 4. gr. Ríkisborgararéttur.

Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

### 5. gr. Skyldur borgaranna.

Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.

Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða.

## II. KAFLI Mannréttindi og náttúra.

### 6. gr. Jafnræði.

Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmalatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

### 7. gr. Réttur til lífs.

Allir hafa meðfæddan rétt til lífs.

### 8. gr. Mannleg reisn.

Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.

### 9. gr. Vernd réttinda.

Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra.

### 10. gr. Mannhelgi.

Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.

11. gr. *Friðhelgi einkalífs.*  
Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

12. gr. *Réttur barna.*  
Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.  
Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.  
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

13. gr. *Eignarréttur.*  
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.  
Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög.

14. gr. *Skoðana- og tjáningarfrelsi.*  
Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.  
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.  
Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.  
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi.

15. gr. *Upplýsingaréttur.*  
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.  
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.  
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.  
Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda.

Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.

16. gr. *Frelsi fjölmiðla.*  
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.  
Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.

17. gr. *Frelsi menningar og mennta.*  
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.

18. gr. *Trúfrelsi.*  
Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.  
Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.  
Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

19. gr. *Kirkjuskipan.*  
Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins.  
Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

20. gr. *Félagafrelsi.*  
Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.  
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almanna-hagsmuna eða réttinda annarra.

21. gr. *Fundafrelsi.*  
Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

22. gr. *Félagsleg réttindi.*  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.  
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.

23. gr. *Heilbrigðisþjónusta.*  
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.  
Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengi-legrar, víðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.

24. gr. *Menntun.*  
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar

menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.

Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur.

#### 25. gr. *Atvinnufrelsi.*

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.

Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.

#### 26. gr. *Dvalarréttur og ferðafrelsi.*

Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögumatri handtöku.

Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar.

#### 27. gr. *Frelsis svipting.*

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögumatri þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsis svipting ólögumatri skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

#### 28. gr. *Réttlát málsmeðferð.*

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

#### 29. gr. *Bann við ómannúðlegri meðferð.*

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

#### 30. gr. *Bann við afturvirkni refsingar.*

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.

#### 31. gr. *Bann við herskyldu.*

Herskyldu má aldrei í lög leiða.

#### 32. gr. *Menningarverðmæti.*

Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslensku menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.

#### 33. gr. *Náttúra Íslands og umhverfi.*

Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.

Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengdu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.

Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.

Með lögum skal tryggja rétt almenninga til að fara um landið í lögumatri tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

#### 34. gr. *Náttúruauðlindir.*

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og namaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

#### 35. gr. *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.*

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.

36. gr. *Dýravernd*.  
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu.

### III. KAFLI Alþingi.

37. gr. *Hlutverk*.  
Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.

38. gr. *Friðhelgi*.  
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

39. gr. *Alþingiskosningar*.  
Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leyningu til fjögurra ára.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.

Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.

Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.

Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.

Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.

Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.

Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra.

40. gr. *Kjörtímabil*.  
Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.  
Kjörtímabil er fjögur ár.  
Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

41. gr. *Kosningaréttur*.  
Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa

íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum.

42. gr. *Kjörgengi*.  
Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.  
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.

43. gr. *Gildi kosninga*.  
Alþingi kys landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.

Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrir-mælum í lögum.

Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla.

44. gr. *Starfstími*.  
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.

Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.

45. gr. *Samkomustaður*.  
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað.

46. gr. *Þingsetning*.  
Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.  
Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að til-lögu forseta þess eða  $\frac{1}{3}$  hluta þingmanna.

47. gr. *Eiðstafur alþingismanna*.  
Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild.

48. gr. *Sjálftæði alþingismanna*.  
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfær-ingu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.

49. gr. *Friðhelgi alþingismanna*.  
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi.

50. gr. *Hagsmunaskráning og vanhæfi*.  
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominn. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.

Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

51. gr. *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra.*

Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmalasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.

Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrir-mælum í lögum.

52. gr. *Þingforseti.*

Alþingi kys sér forseta með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.

Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.

Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.

53. gr. *Þingskóp.*

Þingskóp Alþingis skulu sett með lögum.

54. gr. *Þingnefndir.*

Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.

55. gr. *Opnir fundir.*

Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.

56. gr. *Flutningur þingmála.*

Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.

Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt.

57. gr. *Meðferð lagafrumvarpa.*

Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.

Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.

Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrir en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.

Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.

58. gr. *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*

Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.

Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrir en eftir tvær umræður á Alþingi.

Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.

Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.

Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.

59. gr. *Ályktunarbærni.*

Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

60. gr. *Staðfesting laga.*

Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til laga undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.

Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.

61. gr. *Birting laga.*

Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrir en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum.

62. gr. *Lögrétta.*

Alþingi kys í Lögréttu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða  $\frac{1}{5}$  hluti alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrým-ist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrir en álit Lögréttu liggur fyrir.

Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.

63. gr. *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.*

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna.

64. gr. *Rannsóknarnefndir.*

Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.

Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.

65. gr. *Málskot til þjóðarinnar.*

Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram.



66. gr. *Þingmál að frumkvæði kjósenda.*

Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.

Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnaþingmál í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði, svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.

Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.

67. gr. *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.*

Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáruaikalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.

Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímallengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis, svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

68. gr. *Frumvarp til fjárlaga.*

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu vera fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

69. gr. *Greiðsluheimildir.*

Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.

Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáruaikalögum.

70. gr. *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga.*

Fjárlaganefnd Alþingis getur krafð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.

71. gr. *Skattar.*

Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.

Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

72. gr. *Eignir og skuldbindingar ríkisins.*

Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.

Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.

Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.

73. gr. *Þingrof.*

Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrir en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.

74. gr. *Ríkisendurskoðun.*

Alþingi kys ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.

Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

75. gr. *Umboðsmaður Alþingis.*

Alþingi kys umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti.

Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.

Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds.

#### IV. KAFLI Forseti Íslands.

76. gr. *Embættisheiti og þjóðkjör.*

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

77. gr. *Kjörgengi.*

Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.

78. gr. *Forsetakjör.*

Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósundur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með lögum um framboð og kosningu forseta Íslands.

79. gr. *Kjörtímabil.*

Kjörtímabil forseta Íslands hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.

80. gr. *Eiðstafur.*

Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum.

81. gr. *Starfskjör.*

Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur.

82. gr. *Staðgengill.*

Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.

83. gr. *Fráfall.*

Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans.

84. gr. *Ábyrgð.*

Forseti Íslands verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi  $\frac{3}{4}$  hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi og gegnir forseti ekki störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

85. gr. *Náðun og sakaruppgjöf.*

Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.

## V. KAFLI Ráðherrar og ríkisstjórn.

86. gr. *Ráðherrar.*

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á mál-efnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.

Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.

Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár.

87. gr. *Ríkisstjórn.*

Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.

Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.

Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

88. gr. *Hagsmunaskráning og opinber störf.*

Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.

Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

89. gr. *Ráðherrar og Alþingi.*

Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.

Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.

90. gr. *Stjórnarmyndun.*

Alþingi kys forsætisráðherra.

Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögunu. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.

Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti.

91. gr. *Vantraust.*

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.

Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra.

92. gr. *Starfsstjórn.*

Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið.

Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.

93. gr. *Upplýsinga- og sannleiksskylda.*

Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.

Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.

Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi.

94. gr. *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis.*

Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.

95. gr. *Ráðherraábyrgð.*

Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni.

Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.

96. gr. *Skipun embættismanna.*

Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.

Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.

Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða til að hún taki gildi.

Ráðherra skipar í önnur ædstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða.

Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.

Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.

97. gr. *Sjálfstæðar ríkisstofnanir.*

Í lögum má kveða á um að tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða á Alþingi.

## VI. KAFLI Dómsvald.

98. gr. *Skipan dómstóla.*

Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.

99. gr. *Sjálfstæði dómstóla.*

Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.

100. gr. *Lögsaga dómstóla.*

Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.

Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.

Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

101. gr. *Hæstiréttur Íslands.*

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.

Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.

102. gr. *Skipun dómara.*

Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.

Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast.

103. gr. *Sjálfstæði dómara.*

Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

104. gr. *Ákærvald og ríkissaksóknari.*

Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar.

## VII. KAFLI Sveitarfélög.

105. gr. *Sjálfstæði sveitarfélaga.*

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

106. gr. *Nálægðarregla.*  
Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.

107. gr. *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.*  
Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leyningum kosningum.  
Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

108. gr. *Samráðsskylda.*  
Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

### VIII. KAFLI Utanríkismál.

109. gr. *Meðferð utanríkismála.*  
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.  
Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.  
Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.

110. gr. *Þjóðréttarsamningar.*  
Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til.

111. gr. *Framsal ríkisvalds.*  
Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.

Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.  
Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.

112. gr. *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum.*  
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.

Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum.

### IX. KAFLI Lokaákvæði.

113. gr. *Stjórnarskrárbreytingar.*  
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.  
Hafi  $\frac{5}{6}$  hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

114. gr. *Gildistaka.*  
Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaganna nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.

Við gildistöku stjórnarskipunarlaganna þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.

Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.

## Stjórnarfundir - fundargerðir

### 1. stjórnarfundur 08.04. 2011

Haldinn 8. apríl 2011, kl. 14.40, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal formaður og Ari Teitsson varaformaður. Auk þeirra sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

#### 1. Setning fundar

Salvör Nordal var kosin formaður Stjórnlagaráðs og Ari Teitsson varaformaður á fundi ráðsins í gær, 7. apríl. Formaður setti fundinn.

#### 2. Verkaskipting - stjórn - starfsfólk - undirbúningsnefnd

Rætt var um að hafa fasta vikulega stjórnarfundir, meðal annars til að ákvarða dagskrá næsta ráðsfundar. Í þeirri undirbúningsvinnu fyrir starfsreglur Stjórnlagaráðs sem fram hefði farið væri gert ráð fyrir að í stjórn sætu einnig formenn nefnda. Mikilvægt væri að þeirri vinnu lyki sem fyrst og stjórn yrði fullmönnuð í samræmi við þau ákvæði starfsreglna sem samþykkt hlytu.

Framkvæmdastjóri og aðallögfræðingur væru starfsmenn stjórnar.

Á morgun yrði haldinn sameiginlegur fundur starfsmanna og fulltrúa, þar sem farið yrði yfir verkaskiptingu og ýmis hagnýt atriði.

#### 3. Fundir ráðsins á næstunni

Farið var yfir skipulagið fram undan og starfsmönnum um stjórnar falið að útbúa á þeim grundvelli dagskrá fyrir næstu tvær vinnuvikur, þ.e. dagana 11.-15. apríl og 18.-20. apríl. Í dagskránni fælist áhersla stjórnar á að ljúka umfjöllun um og afgreiðslu á eftirtöldum atriðum fyrir páskafrí:

- Starfsreglur.
- Nefndir (fjöldi, málefnaþing, formennska, varaformennska, önnur skipan fulltrúa).
- Starfsáætlun (vinnuskipulag nefnda).

Til viðbótar við afgreiðslu á framangreindum atriðum yrði á sama tímabili hafin efnisleg umfjöllun um skýrslu stjórnlaganefndar.

#### 4. Önnur mál

Formaður fól nefndasviði (SG) eftirfarandi verkefni:

- Hugmyndir um skiptingu málefna á milli þriggja nefnda.
- Tillögur um fyrirkomulag við umfjöllun fulltrúa um skýrslu stjórnlaganefndar, svo sem með fyrirlesurum eða starfshópum.
- Utanumhald um þær tillögur sem gert er ráð fyrir í starfsáætlun, útsending, dreifing á fundi og svo framvegis.

#### 5. Næsti fundur

Gert ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 18. apríl en nánari tímasetning ákveðin síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.40.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 2. stjórnarfundur 14.04. 2011

Haldinn 14. apríl 2011, kl. 16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal formaður og Ari Teitsson varaformaður. Auk þeirra sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

#### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn.

#### 2. Skipulag næstu þrjá vinnudaga

Á ráðsfundi fyrir í dag var dregið í þrjá óformlega starfshópa (A, B og C) sem starfa munu næstu þrjá vinnudaga, nánar tiltekið föstudaginn 15. apríl, mánudaginn 18. apríl og þriðjudaginn 19. apríl, fyrir hádegi alla dagana. Starfshóparnir skipti með sér þeim málefnum sem talin væru upp í ályktun Alþingis um skipun Stjórnlagaráðs, frá 24. mars 2011, að viðbættum mannréttindum.

Fulltrúum yrði strax sendur tölvupóstur um fyrirkomulagið og í því sambandi vakin sérstök athygli á þeim köflum í skýrslu stjórnlaganefndar sem fjalla um málefni viðkomandi starfshóps. Nefndasviði (SG) falið að sjá um þetta.

Starfsmenn Stjórnlagaráðs sjái um að rita fundargerðir fyrir starfshópana.

#### 3. Skipulag næstu viku

Stjórn taldi æskilegt að á ráðsfundi næstkomandi þriðjudag yrði tekin ákvörðun um fjölda nefnda og skiptingu málefna þeirra á milli. Á fundinum yrði hægt að bæta inn málefnum, svo sem úr skýrslu stjórnlaganefndar. Á ráðsfundi í dag hafi komið fram tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim en tillögunni verið frestað til þriðjudagsins.

Á þriðjudag yrðu jafnframt kosnir formenn og varaformenn og að því búnu ákveðið hvaða fulltrúar sætu í hverri nefnd. Óskað yrði eftir framboðum og tilnefningum.

Dagskrá ráðsfundar á þriðjudag verði send út fyrir hádegi á mánudag. Nefndasvið sjái um það.

Stjórn taldi heppilegt að sett yrði upp yfirlit yfir þær tillögur að fjölda nefnda og skiptingu málefna sem uppi hafa verið. Verkinu var vísað til nefndasviðs.

Þá óskaði stjórn eftir því að ræðutími fulltrúa verði tímamældur, enda fundist heppileg tæknilausn á því atriði.

Markmiðið væri að stjórn yrði fullmönnuð á þriðjudag og á miðvikudag haldinn stjórnarfundur. Þar yrði gerð starfsáætlun fyrir fyrstu vikuna eftir páska.

#### 4. Skipulag eftir páskafrí

Æskilegt væri að efnisleg umfjöllun gæti hafist af fullum krafti eftir páska. Hver nefnd fjallaði um málefna svið sitt, gerði vinnumat og forgangsráði. Fimmfundur eða föstudagur í þeirri viku gæti hver nefnd talað fyrir einu máli á ráðsfundi, á grundvelli undirbúnings á þriðjudag og miðvikudag. Skýrsla stjórnlaganefndar kæmi öll til umfjöllunar með þessum hætti. Nefndasviði falið að undirbúa tillögu í þessa veru, til að leggja fyrir fullskipaða stjórn.

Nefndasviði falið að athuga útfærslu á skoðanakönnun, til að undirbúa verkaskiptingu nefnda.

#### 5. Næsti fundur

Næsti fundur boðaður mánudaginn 18. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 3. stjórnarfundur 18.04. 2011

Haldinn 18. apríl 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal formaður og Ari Teitsson varaformaður. Auk þeirra sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

#### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn.

#### 2. Fundargerðir 1. og 2. stjórnarfundar

Fundargerðir 1. og 2. stjórnarfundar lagðar fram og samþykktar.

#### 3. Dagskrá 5. ráðsfundar

Næsti ráðsfundur yrði haldinn á morgun, kl. 13.00, og samþykkt að dagskrá hans yrði svo sem hér segir:

1. Fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar bornar upp til samþykktar og fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar lagðar fram til kynningar.
2. Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra, sbr. 2. gr. starfsreglna.
3. Kosning nefndaformanna og varamanna þeirra.
4. Val fulltrúa á verkefnanefndum.
5. Erindi sem hafa borist Stjórnlagaráði.
6. Næsti fundur.

Niðurstöður kosninga yrðu birtar jafnóðum.

#### 4. Önnur mál

Rætt um vinnuskipulag næstu tvær vikur og almennt séð.

Næsti ráðsfundur yrði haldinn fimmtudaginn 28. apríl. Hugsanlega gæfist þá tækifæri til umræðna fulltrúa um skýrslu stjórnlaganefndar.

#### 5. Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur stjórnar yrði haldinn miðvikudaginn 20. apríl, kl. 9.30. Þá yrði nefndasvið búið að vinna yfirlit yfir óskir fulltrúa um setu í tilteknum nefndum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 4. stjórnarfundur 20.04. 2011

Haldinn 20. apríl 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir,

formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þeirra sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson (A), Vilhjálmur Þorsteinnsson (B) og Íris Lind Sæmundsdóttir (C). Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Formaður boðaði til fundarins í lok ráðsfundar í gær og sú fundarboðun var ítrekuð með tölvupósti síðar sama dag.

#### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn, þann fyrsta með fullskipaðri stjórn.

Á 5. fundi Stjórnlagaráðs, í gær 19. apríl, var samþykkt tillaga stjórnar um þrjár verkefnanefndir og tiltekna verkaskiptingu þeirra á milli. Auk þess voru kosnir formenn og varaformenn umræddra nefnda. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. starfsreglna Stjórnlagaráðs sitja formenn verkefnanefnda í stjórn ráðsins ásamt formanni þess og varaformanni. Varaformenn verkefnanefnda eru staðgenglar formanna í stjórn. Formaður Stjórnlagaráðs er formaður stjórnar.

Til viðbótar við framangreint lýsti stjórnarfolk þeirri afstöðu sinni að heppilegt væri að varaformenn verkefnanefnda sætu mikilvæga fundi stjórnar og fengju fundargerðir þeirra allra.

Meginverkefni stjórnar eru eftirtalin, sbr. starfsreglur Stjórnlagaráðs:

- i. Skipuleggja og stýra starfinu, skv. þingsályktun og starfsreglum (2. mgr. 3. gr.)
- ii. Leggja fyrir ráðsfund:
  - Starfsáætlun - endurskoða hana reglulega eftir því sem verkinu vindur fram (2. mgr. 3. gr.)
  - Tillögu um upphafsmeðferð skýrslu stjórnlaganefndar á ráðsfundi (13. gr.)
  - Tillögur um hvort og hvernig unnt sé að leita enn frekar eftir afstöðu þjóðarinnar til valkosta að því er varðar einstök ákvæði/kafla frumvarps til stjórnarskipunarlagar (4. mgr. 14. gr.)
  - Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlagar á grundvelli áfangaskjals þegar undirbúningi þess er lokið (1. mgr. 15. gr.)
- iii. Skipta verkum:
  - Getur skipað starfshópa til tiltekinna verka (3. mgr. 4. gr.)
  - Hefur hlutverk varðandi (breytta) skipan nefnda (2. mgr. 5. gr.)
- iv. Setja reglur/viðmiðanir um:
  - Fundarskóp (4. mgr. 6. gr.)
  - Aðgang almennings að fundum (9. gr.)
  - Erindi, umsagnir og fundargesti (10. gr.)

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 3. stjórnarfundar lögð fram.

Engar athugasemdir komu fram og taldist hún samþykkt.

#### 3. Niðurstæða um skiptingu fulltrúa á milli nefnda

Fulltrúar hafa valið sér verkefnanefndir til að starfa í og fyrir liggur að jafn margir sitja í hverri nefnd. Skipan verkefnanefnda var svo sem hér segir:

Nefnd A	Nefnd B	Nefnd C
Silja Bára Ómarsdóttir, formaður	Katrín Fjeldsted, formaður	Pawel Bartoszek, formaður
Örn Bárður Jónsson, varaformaður	Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður	Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður
Arnfríður Guðmundsdóttir	Ástrós Gunnlaugsdóttir	Andrés Magnússon
Dögg Harðardóttir	Eiríkur Bergmann Einarsson	Ari Teitsson
Freyja Haraldsdóttir	Erlingur Sigurðarson	Guðmundur Gunnarsson
Illugi Jökulsson	Gísli Tryggvason	Lýður Árnason
Katrín Oddsdóttir	Pétur Gunnlaugsson	Ómar Þorfinnur Ragnarsson
Þorvaldur Gylfason	Þórhildur Þorleifsdóttir	Þorkell Helgason

Nefndarritarar verði Andrés Ingi Jónsson (A), Eva Baldursdóttir (B) og Agnar Bragi Bragason (C).

Samþykkt að fulltrúum yrði gerð grein fyrir niðurstöðu um skiptingu fulltrúa á milli verkefnanefnda.

#### 4. Starfsáætlun næstu viku

Rætt var um skipulag 17. viku, að loknu páskafríi, nánar tiltekið vinnudagana 26.-29. apríl.

Ákveðið að þriðjudaginn 26. apríl og miðvikudaginn 27. apríl verði fundir í verkefnanefndum A, B og C. Fimmtudaginn 28. apríl verði sameiginlegur nefndarfundur fyrir hádegi og ráðsfundur eftir hádegi, sá sjötti í röðinni. Ráðsfundi verði hugsanlega fram haldið föstudaginn 29. apríl. Sjá nánar í dagskráráætlun vikunnar.

Rætt var um efnistöð á fundum verkefnanefnda í næstu viku. Formaður vísaði til 13. gr. starfsreglna í þessu sambandi. Þar er kveðið á um að stjórn skuli leggja fram tillögu um upphafsmeðferð skýrslu stjórnlaganefndar á ráðsfundi. Samþykkt síðasta ráðsfundar á tillögu stjórnar um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda hafi falið í sér þátt í þeirri upphafsmeðferð sem 13. gr. kveði á um. Fullskipuð stjórn þurfi síðan að klára verkið.

Fundarmenn voru sammála um þessa nálgun gagnvart 13. gr. og að nefndir muni í næstu viku leggja áherslu á efnislega umfjöllun um skýrslu stjórnlaganefndar. Einstökum köflum skýrslunnar hafi með þessum hætti verið vísað til nefnda. Þar verði unnið með efni úr skýrslunni, afstaða tekin til þess og henni haldið til haga í gögnum nefnda. Þannig verði hægt að rekja skýra samræðu Stjórnlagaráðs við skýrsluna og þjóðfund. Jafnframt verði til dæmis mögulegt að taka síðar sérstaka umræðu í ráðinu um skýrslu stjórnlaganefndar.

Til hægðarauka munu nefndarritarar setja upp yfirlit yfir þá kafla skýrslunnar og niðurstöður þjóðfundar sem heyrja undir hverju nefnd fyrir sig.

Á grundvelli framangreinds muni formenn nefnda ákveða nánar dagskrá fyrir fundi nefnda í næstu viku.

#### 5. Starfsáætlun hefðbundinnar viku

Rætt var um skipulag hefðbundinnar vinnuviku Stjórnlagaráðs og samþykkt að gera ráð fyrir eftirfarandi vinnutilhögun:

Á mánudögum og þriðjudögum verði fundir í nefndum A, B og C haldnir samtímis. Þannig er gert ráð fyrir því að fulltrúar sækji fund þeirrar nefndar sem þeir eiga sæti í. Vikulegur stjórnarfundur verði einnig haldinn á þriðjudögum, að loknum nefndarfundum.

Á miðvikudögum verði fundir í nefndum A, B og C haldnir hver á eftir öðrum og því mögulegt að fulltrúar sækji einnig fundi í öðrum nefndum en þeir eiga sæti í.

Á fimmtudögum verði sameiginlegur nefndarfundur fyrir hádegi og vikulegur ráðsfundur eftir hádegi.

Á föstudögum verði unnt að fram halda ráðsfundi frá því deginum áður, gerist þess þörf. Einnig gæfist þá ráðrúm fyrir málstofur eða fundi af öðru tagi.

Hvern framangreindra vinnudaga er einnig gert ráð fyrir svokölluðum fulltrúatíma, þ.e. tíma til undirbúnings og frágangs. Sjá nánar í dagskráráætlun hefðbundinnar vinnuviku Stjórnlagaráðs.

Framkvæmdastjóri vekur athygli á föstum vinnutíma starfsmanna Stjórnlagaráðs, frá 9.00 til 17.00. Ekki sé greitt fyrir yfirvinnu og því takmörk fyrir vinnu starfsmanna á kvöldin og um helgar.

#### 6. Fyrirkomulag komandi ráðsfunda

Rætt var um nauðsyn þess að formenn eða aðrir fulltrúar nefnda geri grein fyrir umræðum um skýrslu stjórnlaganefndar. Í fundarboði komi fram hvaða atriði það eru sem hver nefnd hefur lagt áherslu á. Hver nefnd fái að minnsta kosti klukkustund og í lokin verði gefinn kostur á almennum umræðum. Heppilegt sé að á þessu stigi reyni menn að einbeita sér að gildum. Í framhaldi af því, á síðari stigum, verði fjallað um markmið og loks leiðir að þeim.

Með þessu móti muni ráðsfundir á næstunni annars vegar fjalla um einstök málefni nefnda og hins vegar gefa fulltrúum tækifæri til að gera grein fyrir áhersluatriðum sínum á víðari grundvelli. Tímans vegna verði að skipta hinu síðarnefnda niður á næstu fundi, í lok fundar hverju sinni. Fulltrúar þurfa að setja fram óskir sínar um að komast á mælendaskrá við slíkt tækifæri með góðum fyrirvara.

Rætt var um fyrirkomulag og sætauppröðun á ráðsfundum. Fram kemur að í næstu viku verði kannaðir möguleikar á að koma til móts við gagnrýni sem fram hefur komið á uppröðun sæta. Jafnframt verði hugað að möguleikum á að nýta skjá salarins til að varpa upp fleiru en mælendaskrá, svo sem mynd af ræðumanni hverju sinni. Þá þurfi ræðumenn að hafa í huga að þeir sem fylgjast með vefútsendingu kunna að þurfa frekari útskýringar en fulltrúar í sal.

Samþykkt að setja þurfi upp drög að reglum um móttöku gesta, svo sem erindreka samtaka af ýmsu tagi sem sóst hafa eftir slíkum fundum. SG falið að vinna slík drög.

#### 7. Dagskrá næsta ráðsfundar

Gert ráð fyrir að dagskrá 6. ráðsfundar gæti verið svo sem hér segir:

1. Fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar bornar upp til samþykktar og fundargerð 5. ráðsfundar lögð fram til kynningar

2. Fulltrúar nefnda gera grein fyrir áhersluatriðum
3. Tillögur um breytingar á áfangaskjali
4. Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna fulltrúa
5. Næsti fundur Stjórnlagaráðs

Dagskrá verður endanlega ákveðin á næsta fundi stjórnar, þriðjudaginn 26. apríl.

#### 8. Tækniumgjörð

Finnur Pálmi Magnússon, tæknistjóri Stjórnlagaráðs, gerði grein fyrir innra neti, vinnslu áfangaskjals og fleiri tæknilegum atriðum. Sett verða upp drög að reglum fyrir umræður á vefnum í þessu sambandi, bæði varðandi erindi til ráðsins og svokallað áfangaskjal.

Fundarmenn sammála um að sífellt þurfi að leitast við að efla umræðu, virkja sem flesta og hafa jákvæðni að leiðarljósi. Nefndarritarar vinni úr athugasemdum fyrir þá fulltrúa sem eftir slíku óska.

#### 9. Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl, kl. 16.00, eða að loknum fundum nefnda. Varaformenn velkomnir en meti sjálfir hvort þeir telji þörf á að mæta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.35.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 5. stjórnarfundur 26.04. 2011

Haldinn 26. apríl 2011, kl. 16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Forföll hafði boðað Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B.

Auk stjórnarfólks sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Formaður boðaði til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar fyrir páskafrí, nánar tiltekið 20. apríl, og sú fundarboðun var ítrekuð með tölvupósti 26. apríl.

#### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 4. stjórnarfundar lögð fram til kynningar.

#### 3. Nefndarfundir dagsins

##### 3.1 Vinna dagsins

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum og vinnu sem farið hefði þar fram og skipulagi áfram-

haldandi vinnu. Fram kom að nefnd A undirbýr nú þegar tillögu um breytingu á áfangaskjali að því er varðar aðfaraorð og staðsetningu mannréttindakafla.

##### 3.2 Áætlun - áfangaáætlun út maí - mat á heildartíma

Rætt var um nauðsyn þess að setja upp verkefnaáætlun fyrir maí og júní, enda ráðinu naumt skammtaður tími. Hver nefnd þurfi að meta hvaða áföngum verði unnt að ná á a.m.k. næstu fjórum ráðsfundum. Drög að áætlun hverrar nefndar liggja fyrir á næsta stjórnarfundum.

##### 3.3 Fundargerðir

Um fundargerðir er fjallað í 7. gr. starfsreglna. Því til viðbótar talin þörf á að fundargerðir nefnda séu samræmdar að efni og formi. Þar þurfi einnig að vera hægt að finna reifun á meginatriðum umræðna. Slíkar bókanir verði nokkuð almennar og einungis tengdar nafni fulltrúa þegar eftir því er óskað. Með þessu móti geti fulltrúar kynnt sér umfjöllun í þeim nefndum sem þeir eiga ekki sæti í.

##### 3.4 Opnir fundir - sbr. 9. gr. starfsreglna - sameiginlegur skilningur

Stjórn hvatti almennt til þess að fundir nefnda væru opnir almenningi á sama hátt og ráðsfundir. Allir fundir nefnda eru opnir öllum fulltrúum, einnig þeim sem sæti eiga í öðrum nefndum.

Fjallað var sérstaklega um ákvæði starfsreglna og svokallaða „plenum“ nefndafundi á miðvikudögum. Þessir fundir eru opnir almenningi þegar viðkomandi nefnd hefur tekið um það ákvörðun fyrir hádegi á þriðjudegi. Fundarboð og dagskrá skal birta á vef ráðsins, eigi síðar en daginn fyrir fund, sbr. 9. gr. starfsreglna. Sé nefndarfundur opinn almenningi er hann tekinn upp og hljóðritun gerð aðgengileg á vef ráðsins.

##### 4. Undirbúningur ráðsfunda á fimmtudögum

Rætt var um hefðbundna vikudagskrá, svo sem hún hefur verið fyrirhuguð, nánar tiltekið svokallaðan sameiginlegan nefndarfund fyrir hádegi á fimmtudögum. Ákveðið að miða þar fremur við óformlegan fund í kaffistofu á milli 9.00 og 9.30. Með því móti gæfist fulltrúum betra ráðrúm til að undirbúa sig fyrir ráðsfund eftir hádegi sama dag.

##### 5. Fyrirkomulag næsta ráðsfundar og dagskrá hans

###### 5.1 Yfirlit frá hverri nefnd og umræður

Ákveðið var að á næsta ráðsfundi verði gerð grein fyrir verksviði hvorrar nefndar og helstu áhersluatriðum. Með þessu móti komi skýrt fram hvernig efnisleg umfjöllun hafi farið af stað í öllum þremur nefndum Stjórnlagaráðs.

###### 5.2 Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna fulltrúa

Formaður mun kanna áhuga fulltrúa á að kynna áhersluatriði sín og stefnumörkun undir sérstökum lið í lok ráðsfunda. Ræðutími yrði u.þ.b. 10-15 mínútur.

###### 5.3 Tillögur um breytingar á áfangaskjali.

Samþykkt var að tillögur um breytingar á áfangaskjali, þegar þær liggja fyrir, þurfi að fylgja fundarboði ef þær eiga að geta fengið afgreiðslu á fundinum.



Í þeim tilvikum að tillaga fær samþykkt meirihluta fulltrúa á ráðsfundi leiðir hún til breytinga á áfangaskjali. Komi fram við hana efnislegar breytingartilögur sé eðlilegt að þeim verði vísað til viðkomandi nefndar og komi síðan aftur til umfjöllunar á ráðsfundi að fenginni umsögn þaðan.

Samþykkt var að kannaðir verði tæknilegir möguleikar á að varpa upp annars vegar texta til umfjöllunar og hins vegar ræðumanni á ráðsfundi. Þær tillögur sem til umfjöllunar eru á ráðsfundi hverju sinni eru aðgengilegar á vef ráðsins en hagræði væri að því að geta séð þær á skjánum ásamt ræðumanni.

## 6. Önnur mál

### 6.1 Erindi sem hafa borist stjórn

Stjórnlagaráði hafi borist erindi og búið að vísa þeim til viðeigandi nefnda að því marki sem efni erinda fellur undir málefnasvið nefnda A, B og C. Nokkur erindi heyra þeim ekki til og þarfnast nánari skoðunar. Formaður mun huga nánar að þeim, í samvinnu við starfsmenn.

Þá hafi stjórn borist fyrirspurn um möguleika Stjórnlagaráðs á að taka þátt í kostnaði við hugsanlegar ferðir fulltrúa á fundi sem þeim kann að verða boðið að taka þátt í. Óhjákvæmilegt talið að svara slíkum erindum á þá leið að Stjórnlagaráð hafi ekki möguleika á að taka þátt í slíkum kostnaði.

### 6.2 Samskiptasáttmáli

Lögð voru fram drög tæknistjóra að svokölluðum samskiptasáttmála fyrir vef Stjórnlagaráðs, sbr. fylgiskjal með fundargerð. Farið var yfir textann og gerðar nokkrar breytingar.

### 7. Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þriðjudaginn 3. maí, kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 6. stjórnarfundur 03.05. 2011

Haldinn 3. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Ari Teitsson varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Forföll hafði boðað Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs. Auk stjórnarfólks sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Formaður boðaði til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar, nánar tiltekið 26. apríl, og sú fundarboðun var ítrekuð með tölvupósti 2. maí.

Varaformaður setti fundinn og stýrði honum. Dagskrá var samkvæmt fundarboði.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir 4. og 5. stjórnarfundar samþykktar án athugasemda.

### 2. Staða nefndastarfa

#### 2.1 Stutt yfirlit hvers formanns

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum og vinnu sem farið hefði þar fram og skipulagi áframhaldandi vinnu. Fram kom að nefndir A og C geri ráð fyrir að leggja fram nýjar tillögur til kynningar á næsta ráðsfundi. Auk þess munu þá koma til afgreiðslu þær tillögur sömu nefnda sem lagðar voru fram til kynningar á síðasta ráðsfundi. Nefnd B telur nauðsynlegt að tiltekin atriði verði rædd í stærra hópi en á nefndarfundum áður en sett verði fram tillaga.

### 3. Starfs- og framvinduáætlanir

#### 3.1 Hugsanlegt form áætlana

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir formi fyrir starfs- og framvinduáætlanir nefnda. Farið var yfir þau og gerðar nokkrar athugasemdir. Samþykkt að drögin verði send til umfjöllunar í nefndum og komi að því loknu aftur til stjórnar. Í þessu sambandi þurfi að hafa í huga tvískiptingu starfstímans, þ.e. annars vegar undirbúningsvinnu og hins vegar vinnu við eiginlegt frumvarp til stjórnarskipunarlagar.

### 4. „Opnir“ nefndafundir á miðvikudögum

#### 4.1 Staðsetning

Samkvæmt vikuskipulagi Stjórnlagaráðs hafa nefndafundir á miðvikudögum þá sérstöðu að þeir fara ekki fram samtímis, líkt og á mánudögum og þriðjudögum. Tilgangurinn með miðvikudagsfundunum er að opna starf hverrar nefndar fyrir öðrum fulltrúum en þeim sem þar eiga sæti.

Að því er varðar staðsetningu þessara funda á morgun var samþykkt að miða við sömu sali og nefndir hafa fundað í hingað til, enda verði þar rúm fyrir alla fundarmenn. Fundir morgundagsins verða opnir öllum ráðsfulltrúum en ekki almenningi.

#### 4.2 Fundarformið (almenn umræða um rædd mál-efni – helstu álitamál)

Gerð verður grein fyrir stöðu mála í hverri nefnd fyrir sig. Þar á meðal verður fjallað um afstöðu til athugasemda við áður kynntar tillögur og meginrök fyrir nýjum tillögum. Formaður hverrar nefndar fyrir sig ákveður nánari dagskrá.

### 5. Áfangaskjalið – tæknileg útfærsla

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tæknilegri útfærslu við birtingu áfangaskjals. Gerðar voru nokkrar athugasemdir sem komið verður á framfæri við tæknistjóra.

### 6. Fyrirkomulag 7. ráðsfundar og dagskrá

#### 6.1 Framsetning mála á fundinum

Farið var yfir fyrirkomulag næsta ráðsfundar. Hver

nefnd mun gera grein fyrir málum sínum, bæði nýjum og eldri tillögum. Róð nefnda mun að þessu sinni verða B, C, A. Hugsanlegt er að fundinum verði fram haldið á föstudag.

6.2 Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna fulltrúa  
Tveir ráðsfulltrúar hafa gert formanni viðvart um áhuga sinn á því að ávarpa Stjórnlagaráð undir þessum dagskrárlíð.

## 7. Önnur mál

### 7.1 Birting skjala

Samþykkt var að dagskrá stjórnarfundar verði birt á innra neti Stjórnlagaráðs um leið og hún liggur fyrir, að morgni fundardags eða daginn áður.

Sama máli gegni um dagskrár nefndafunda. Þegar nefndafundir eru opnir almenningi fer um birtingu dagskrár eftir 9. gr. starfsreglna. Fundarboð og dagskrá skal þá birta á vef ráðsins eigi síðar en daginn fyrir fund.

Um birtingu á dagskrá ráðsfunda er fjallað í starfsreglum, sbr. 6. gr. Svo sem þar segir skal boða til ráðsfundar með dagskrá í tölvupósti eigi síðar en daginn fyrir fund og dagskrá skal vera aðgengileg á vef Stjórnlagaráðs.

Fundargerðir stjórnarfundar verði fyrst sendar fundarmönnum og frestur gefinn til athugasemda. Miðað verði við tvo daga í því sambandi. Að svo búnu verði fundargerðir birtar á innra neti, sem drög. Birting á ytra neti fylgi síðan strax í kjölfarið á því að fundargerð hafi fengið samþykki næsta fundar.

Sama máli gegni um fundargerðir nefndafunda. Birting á ytra neti fylgi síðan strax í kjölfarið á því að fundargerð hafi fengið samþykki næsta fundar.

Um fundargerðir ráðsfunda fari með sama hætti, en í 2. mgr. 6. gr. starfsreglna er heimild til að birta drög þeirra á ytra vef, eftir að fulltrúar hafa haft ráðrúm til að gera athugasemdir.

Samþykkt að erindi verði birt á ytra vef um leið og unnt er og ekki nauðsynlegt að það hafi verið lagt formlega fram á fundi áður.

### 7.2 Erindi um aðild starfsmanna að stéttarfélögum og gerð ráðningarsamninga

Erindi til stjórnar frá Andrésí Inga Jónssyni nefndarritara, dagsett og móttakið 3. maí 2011, lagt fram. Erindið varðar aðild starfsmanna að stéttarfélögum og gerð ráðningarsamninga. Samþykkt að afgreiðsla þess bíði komu formanns. Að því er varðar drátt á gerð ráðningarsamninga við starfsmenn Stjórnlagaráðs kom fram sú skýring framkvæmdastjóra að borist hefðu ráðningarsamningar sem starfsfólk Alþingis hefði útbúið. Þá hefði þurft að endursenda til að gerðar yrðu á þeim tilteknar lagfæringar. Viðkomandi starfsmaður Alþingis væri erlendis og af því stafaði sú töf sem orðið hefði á málinu.

### 7.3 Aðgengi fatlaðra

Rætt um aðgengi fatlaðra að áheyrendapöllum, þar á meðal rampa fyrir hjólastóla. Slíkir rampar eru til og umsjónarmenn annast þá. Jafnframt var rætt um táknaðstúlkun fyrir ráðsfundi og fram kom að unnið er að því máli.

## 8. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar en gert er ráð fyrir að hann verði haldinn þriðjudaginn 10. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 7. stjórnarfundur 10.05. 2011

Haldinn 10. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk stjórnarfélks sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar og með tölvupósti 9. maí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Dagskrá var samkvæmt fundarboði.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 6. stjórnarfundar samþykkt án athugasemda.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum og vinnu sem farið hefði þar fram og skipulagi áframhaldandi vinnu. Fram kom að nefnd A gerir ráð fyrir að leggja fram til afgreiðslu á næsta ráðsfundi mannréttindaákvæði sem kynnt voru á síðasta ráðsfundi. Ekki liggur fyrir hvort nefndir B og C leggi fram tillögur á næsta ráðsfundi.

#### 3. Starfshættir nefnda

##### 3.1 Innsend erindi

Almenningur á greiða leið til að tjá sig við fulltrúa og taka þannig þátt í verkefni Stjórnlagaráðs, sbr. stefnu ráðsins um samráð við þjóðina. Hægt er að senda inn erindi í gegnum heimasíðu Stjórnlagaráðs og að auki með tölvupósti eða bréfi.

Farið var yfir verklag varðandi innsend erindi. Þau eru birt á heimasíðu Stjórnlagaráðs að lokinni flokkun og prófarkalestri. Á heimasíðunni geta fulltrúar og aðrir tjáð sig um hvert og eitt erindi með opinberum hætti. Að auki eru erindi lögð formlega fram á fundi nefnda(r) sem efni þeirra heyrir undir og rædd á þeim vettvangi.

Afstaða Stjórnlagaráðs til efnislegra atriða í stjórnarskrá mun koma fram í væntanlegu frumvarpi og því er ekki gert ráð fyrir að hverju og einu erindi verði svarað sérstaklega að því leyti. Svör einstakra fulltrúa, svo sem umsagnir við erindi á heimasíðu Stjórnlagaráðs, endurspeglu því persónulegar skoðanir þeirra en ekki niðurstöðu Stjórnlagaráðs.

3.2 Verklag og efnistöð við umfjöllun um skýrslu stjórnlaganefndar

Rætt var um verklag og efnistöð nefnda í tengslum við skýrslu stjórnlaganefndar. Stjórnlagaráð er ekki bundið af efni skýrslunnar en stjórn hefur lagt á það áherslu að hægt verði að rekja skýra samræðu Stjórnlagaráðs við skýrsluna og þjóðfund, sbr. m.a. bókun í fundargerð 4. stjórnarfundar. Tekin verði afstaða til þess sem fram kemur í skýrslunni og henni haldið til haga í gögnum nefnda.

Talið var nauðsynlegt að leita til sérfræðinga, bæði höfunda skýrslunnar og annarra, um tiltekna efnisþætti. Með því móti verði annars vegar hægt að dýpka skilning á sjónarmiðum höfunda og hins vegar bregðast við rökstuddri gagnrýni annarra sérfræðinga. Umfjöllun um efni utan skýrslunnar þurfi að byggjast á sambærilegum, faglegum grundvelli og standast sömu skoðun.

Skýrt var frá tillögu Þorkels Helgasonar um að bjóða til fundar við ráðið fulltrúa Færeyinga, í þeim tilgangi að upplýsa um ferli stjórnarskrárbreytinga þar í landi sem nú er að ljúka.

Samþykkt að ræða þessi mál nánar á síðari fundi stjórnar.

#### 4. Starfsáætlun

Fjallað var um starfs- og framvinduáætlanir nefnda og formaður gerði grein fyrir hugmyndum sínum í því sambandi. Þar er gert ráð fyrir því að nefndir tímasetji annars vegar kynningu og hins vegar afgreiðslu tiltekinnar efnisþátta í hverri viku. Áætlanir hvernar nefndar verði tilbúna fyrir næsta stjórnarfund.

#### 5. Nefndafundur nk. miðvikudag

Á sameiginlegum nefndafundum næstkomandi miðvikudag verður gerð grein fyrir stöðu mála í hverri nefnd fyrir sig. Þar á meðal verður fjallað um afstöðu til athugasemda við áður kynntar tillögur og meginrök fyrir nýjum tillögum. Formaður hvernar nefndar fyrir sig ákveður nánari dagskrá.

Ákveðið var að fundir í nefndum A og C verði fyrir hádegi en nefnd B verði eftir hádegi og fái rýmri fundartíma.

#### 6. Fyrirkomulag 8. ráðsfundar og dagskrá

##### 6.1 Málefni fundarins

Farið var yfir fyrirkomulag næsta ráðsfundar. Hver nefnd mun gera grein fyrir málum sínum, bæði fyrirbyggjandi tillögum og nýjum tillögum, ef einhverjar verða. Röð nefnda mun að þessu sinni verða A, B, C. Hugsanlegt er að fundinum verði fram haldið á föstudag.

##### 6.2 Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna fulltrúa

Enginn ráðsfulltrúi hefur enn sem komið er gert formanni viðvart um áhuga sinn á því að ávarpa Stjórnlagaráð undir þessum dagskrárlið á næsta ráðsfundi.

#### 7. Önnur mál

##### 7.1 Umræða frá síðasta stjórnarfundum um tilhögun á fundum Stjórnlagaráðs

Rætt var um endurbætur sem gerðar hafa verið á

uppröðun í fundarsal ráðsins og möguleika á að gera frekari lagfæringar.

7.2 Erindi frá síðasta stjórnarfundum um aðild starfsmanna að stéttarfélögum og gerð ráðningarsamninga  
Framkvæmdastjóri vísaði til þess að erindinu hefði verið svarað með tölvupósti til starfsmanna 9. maí.

##### 7.3 Umræða frá síðasta stjórnarfundum um tákn máls- túlkun

Rætt var um möguleika á að tákn máls- túlkun útsendingar ráðsfunda. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kostnaði sem að því hlytist. Samþykkt var að fara að dæmi Alþingis í þessu efni og skrá jafnóðum alla fram- sögn á ráðsfundum. Sá texti yrði aðgengilegur á vef ráðsins. Kostnaður af þessu tagi hafi verið ráðgerður í kostnaðaráætlun og ræðuritari verði ráðinn hið fyrsta.

Silja Bára Ómarsdóttir lét færa til bókar þá afstöðu sína að tákn máls- túlkun væri heppilegra fyrirkomulag.

#### 8. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar en gert er ráð fyrir að hann verði haldinn kl. 12.30 þriðjudaginn 17. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.53.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 8. stjórnarfundur 17.05. 2011

Haldinn 17. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórn- lagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson varaformaður, Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Forföll hafði boðað Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A. Auk stjórnarfélks sátu fundinn varaformenn verkefna- nefnda B og C, nánar tiltekið Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar og með tölvupósti 16. maí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Dagskrá var samkvæmt fundarboði.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 7. stjórnarfundar var samþykkt án at- hugasemda.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum og vinnu sem farið hefði þar fram og skipulagi áfram- haldandi vinnu.

#### 3. Starfsáætlunin

Formaður ítrekaði þörf á að nefndir skili inn áæt- l unum sínum sem fyrst, sbr. bókun undir lið 9 varðandi

sérstakan stjórnarfund um það efni. Heildaráætlun fyrir starfstímann þarf að liggja fyrir ekki síðar en í lok þessarar viku, sbr. 3. gr. starfsreglna. Forgangsraða þurfi verkefnum og gera ráð fyrir að 16. júní verði síðast unnið með áfangaskjal á ráðsfundi.

#### 4. Nefndafundir nk. miðvikudag

Fyrirkomulag fundanna verður með hefðbundnum hætti. Ákveðið var að fundir í A- og B-nefndum verði fyrir hádegi en C-nefnd eftir hádegi og fái rýmri fundartíma.

#### 5. Fyrirkomulag 9. ráðsfundar og dagskrá

Farið var yfir fyrirkomulag næsta ráðsfundar. Hver nefnd mun gera grein fyrir málum sínum og fram kom að A-nefnd gerir ráð fyrir að kynna tillögur að nýjum ákvæðum í mannréttindakafla. Þá mun B-nefnd kynna nýjar tillögur um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi. Loks gerir C-nefnd ráð fyrir að leggja fram til afgreiðslu tillögur um dómstóla, nokkuð breyttar frá kynningu. Röd nefnda að þessu sinni verður C, A, B.

Hugsanlegt er að fundinum verði fram haldið á föstudag.

Tveir fulltrúar hafa gert formanni viðvart um áhuga sinn á að ávarpa ráðsfund og lýsa stefnu sinni og áherslum. Þetta eru þau Dögg Harðardóttir og Þorkell Helgason.

#### 6. Akoma sérfræðinga

Rætt var um þörf á aðkomu sérfræðinga og tíma-  
setningu í því sambandi. Nefndaritarar halda saman þeim atriðum sem kanna þarf nánar.

#### 7. Önnur mál

Rætt var um breytingartillögur og meðferð þeirra á ráðsfundum. Vakin var athygli á ákvæði 2. mgr. 14. gr. starfsreglna í því sambandi. Jafnframt verður leitast við að bæta merkingar breytingartillagna og annarra skjala í þeim tilgangi að auðvelda yfirsýn.

Í tilefni af umræðum um skipulag í fundarsal var samþykkt að á næsta ráðsfundi verði sætaskipan breytt með því að menn flytjist til réttisælis um eitt sæti.

Almannatengslahópur hefur varpað fram þeirri hugmynd að Stjórnlagaráð taki þátt í hátíðarhöldum 17. júní. Samþykkt að ekki sé ráðrúm til þess vegna anna við nefndastörf.

#### 8. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 20. maí, kl. 12.00. Gert er ráð fyrir að þar verði fjallað um starfsáætlanir nefnda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 9. stjórnarfundur 20.05. 2011

Haldinn 20. maí 2011, kl. 12.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og

Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og C, nánar tiltekið Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Forföll hafði boðað Ari Teitsson varaformaður. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar og áréttað með tölvupósti 19. maí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 8. stjórnarfundar var samþykkt án athugasemda.

#### 2. Starfsáætlun

Drög formanns að starfsskipulagi fyrir vikurnar fram undan lögð fram og rædd. Formenn nefnda gerðu grein fyrir einstökum þáttum í verkáætlun.

Í meginatriðum er áætlað að vinnu við áfangaskjal ljúki um miðjan júní og drög að frumvarpi liggja fyrir um miðjan júlí. Yfirferð og frágangi verði lokið fyrir 1. ágúst.

Starfsáætlun samþykkt og jafnframt samþykkt að óska eftir því við forseta Alþingis og forsætisnefnd að starfstími ráðsins verði framlengdur til loka júlímánaðar.

Starfsáætlun stjórnar verður lögð fyrir ráðsfund, sbr. 2. mgr. 3. gr. starfsreglna, að fenginni niðurstöðu um starfstíma ráðsins.

#### 3. Nefndafundir nk. miðvikudag

Sameiginlegir fundir nefnda næstkomandi miðvikudag, 25. maí, verði skipulagðir þannig að A-nefnd byrji kl. 9.00 og fundi til hádegis. Eftir hádegi fái C- og B-nefnd tvo tíma hvor.

#### 4. Önnur mál

Rætt var um skipulag í fundarsal. Katrín Fjeldsted kom á framfæri athugasemdum í því efni. Pawel Bartoszek lagði til að beiðni um breytingar yrði hafnað. Frekari umfjöllun frestað.

#### 5. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þriðjudaginn 24. maí, kl. 12.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 10. stjórnarfundur 24.05. 2011

Haldinn 24. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og C, nánar tiltekið Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt

sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar og áréttað með tölvupósti 23. maí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Fundargerð 9. stjórnarfundar var lögð fram til kynningar.

2. Staða nefndarstarfa  
Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu þar fram og skipulagi áframhaldandi vinnu.

3. Nefndafundir næstkomandi miðvikudag  
Fundur A-nefndar verður kl. 9.00-12.00.  
Fundur C-nefndar verður kl. 13.00-15.00.  
Fundur B-nefndar verður kl. 15.00-17.00.

4. Fyrirkomulag 10. ráðsfundar og dagskrá  
Nefndir munu gera grein fyrir málefnum sínum í röðinni B, C, A. B-nefnd mun leggja fram tillögur bæði til kynningar og afgreiðslu. C-nefnd mun gefa skýrslu en ekki mæla fyrir tillögum. A-nefnd gerir ráð fyrir að leggja fram tillögur til kynningar.

Ekki var gert ráð fyrir dagskrárliðnum „Stefnuræður fulltrúa“, enda hafa formanni ekki borist beiðnir þar um.

5. Önnur mál

Rætt var um skipulag í fundarsal og Katrín Fjeldsted ítrekaði athugasemdir í því efni. Framkvæmdastjóri lýsti því að gerðar hefðu verið lagfæringar, fulltrúum til hægðarauka. Frekari breytingar væru kostnaðarsamar og tæknilegum erfiðleikum háðar.

Pawel Bartoszek lagði til að umfjöllun um fyrirkomulag í fundarsal yrði lokið og var tillaga hans samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Katrín Fjeldsted sat hjá.

Vilhjálmur Þorsteinsson lagði til að dregin yrði til baka samþykkt frá 8. fundi stjórnar um að breyta sætaskipan fulltrúa. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og fyrri sætaskipan tekur því aftur gildi. Ari Teitsson sat hjá.

6. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 30. maí, kl. 16.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.05.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 11. stjórnarfundur 30.05. 2011

Haldinn 30. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Vilhjálmur Þorsteinsson,

varaformaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar og áréttað með tölvupósti 29. maí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykktar  
Fundargerðir 9. og 10. stjórnarfundar voru lagðar fram til samþykktar. Afgreiðslu frestað.

2. Fyrirkomulag vikunnar, þ.m.t. nefndafundir nk. miðvikudag  
Rætt um fyrirkomulag vikunnar og ákveðið að nefndafundir nk. miðvikudag verði svo:  
Fundur B-nefndar verður kl. 9.00-10.30.  
Fundur C-nefndar verður kl. 10.30-12.00.  
Fundur A-nefndar verður kl. 13.00-14.30.

3. Staða nefndarstarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu þar fram og skipulagi áframhaldandi vinnu.

Rætt var sérstaklega um samvinnu nefnda, nánar tiltekið skörun og snertifleti málefna. Samþykkt að heppilegt sé, almennt séð, að afgreiða slík mál á nefndafundum frekar en ráðsfundum.

Fjallað var um tillögur nefnda og samspil við áfangaskjal, nánar tiltekið þá kaflaskiptingu skjalsins sem ráðsfundur hefur samþykkt. Samþykkt að nefndir þurfi að huga að þessari kaflaskiptingu þegar gengið er frá tillögum. Annað hvort þá verði staðsetning einstakra ákvæða miðuð við fyrirliggjandi kaflaskiptingu eða gerðar tillögur um breytingar á henni.

4. Fyrirkomulag 11. ráðsfundar og dagskrá

Nefndir munu gera grein fyrir málefnum sínum í röðinni A, B, C. A-nefnd mun leggja fram tillögur til kynningar. B-nefnd mun leggja fram tillögur bæði til kynningar og afgreiðslu. C-nefnd gerir ráð fyrir að leggja fram tillögur til kynningar.

Ekki var gert ráð fyrir dagskrárliðnum „Stefnuræður fulltrúa“, enda hafa formanni ekki borist beiðnir þar um.

Rætt um framsetningu áfangaskjals á heimasíðu Stjórnlagaráðs. Málið varð ekki útrætt og var því frestað.

Fundi frestað til kl. 12.30 næsta dag, 31. maí 2011.

---

11. stjórnarfundur – fram haldið 31. maí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og C, nánar tiltekið Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt

sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykktar  
Fundargerðir 9. og 10. stjórnarfundar samþykktar án athugasemda.

#### 5. Önnur mál

Stjórn Stjórnlagaráðs óskaði eftir því við forseta Alþingis og forsætisnefnd að starfstími ráðsins yrði framlengdur um einn mánuð (júli), sbr. þingsályktun um skipun Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011. Í bréfi Alþingis, dags. 26. maí 2001, kemur fram að samþykkt hafi verið að verða við þessari beiðni.

Tillaga formanns að starfsáætlun var rædd og samþykkt að leggja hana fram á næsta ráðsfundi. Þar er miðað við að starfstími standi til júliloka, sbr. fylgiskjal með fundargerð.

Rætt var um aðkomu sérfræðinga á síðari stigum verkefnis Stjórnlagaráðs.

#### 6. Næsti fundur

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 12. stjórnarfundur 07.06. 2011

Haldinn 7. júní 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefnar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefnar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefnar C. Þá sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 6. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Fyrri hluti fundarins stóð frá kl. 12.30 til kl. 13.00 og fjallað var um dagskrárliði 1, 3.1 og 6.1. Síðari hluti hans stóð frá kl. 15.15 til kl. 16.20 og þá var fjallað um aðra dagskrárliði. Sömu fulltrúar sóttu fundinn eftir hlé, aðrir en Örn Bárður Jónsson.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 11. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. Áfangaskjalið, form þess og framsetning  
Vefstjóra falið að finna hentugar lausnir á tæknilegum atriðum við framsetningu áfangaskjals.

#### 3. Staða nefndastarfa

#### 3.1 Stutt yfirlit hvers formanns

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu þar fram og skipulagi áframhaldandi vinnu.

#### 3.2 Samvinna nefnda (skörun og snertifletir málefna)

Rætt var um samvinnu nefnda, nánar tiltekið skörun og snertifleti málefna. Samþykkt að beina sérstakri athygli að slíkum þáttum í kjölfar 13. ráðsfundar.

#### 4. Fyrirkomulag fundar þessa viku

Rætt um fyrirkomulag vikunnar og ákveðið að nefndafundur nk. miðvikudag verði svo:

Fundur A-nefndar verður kl. 9.00-10.00.

Fundur C-nefndar verður kl. 10.00-14.00.

Fundur B-nefndar verður kl. 14.00-16.00.

#### 5. Fyrirkomulag 11. ráðsfundar og dagskrá

##### 5.1 Málefni fundarins

Gert var ráð fyrir að ráðsfundur myndi ná yfir á föstudag, nánar tiltekið hefjast kl. 13.00 fimmtudaginn 9. júní og kl. 9.30 föstudaginn 10. júní.

Nefndir munu gera grein fyrir málefnum sínum í röðinni C, A, B. Allar nefndirnar gera ráð fyrir að leggja fram tillögur til kynningar.

Formaður greindi frá því að í hádegishléi ráðsfundar föstudaginn 10. júní myndi Ungmennaráð UNICEF afhenda Stjórnlagaráði niðurstöður úr „Stjórnlögum unga fólksins“, sem er samstarfsverkefni UNICEF á Íslandi, umboðsmanns barna og Reykjavíkurborgar, á Austurvelli.

##### 5.2 Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna fulltrúa

EKKI var gert ráð fyrir liðnum „Stefnuræður fulltrúa“ á dagskrá næsta ráðsfundar, enda hafa formanni ekki borist beiðnir þar um.

#### 6. Önnur mál

##### 6.1 Hagsmunaskráning fulltrúa

Samþykkt var að stjórn fari þess á leit við fulltrúa að þau taki þátt í formlegri skráningu hagsmuna sinna. Ljóst er að margir fulltrúar hafa þegar sett fram slíkar upplýsingar opinberlega, þar á meðal í fjölmiðlum. Með tilmælum sínum til fulltrúa leitast stjórn við að samræma slíka upplýsingagjöf. Skráningin verður gerð aðgengileg á vef Stjórnlagaráðs og miðuð við reglur Alþingis um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings.

Um forsögu málsins skal þess getið að á 5. fundi Stjórnlagaráðs var meðal annars lagt fram erindi Kristbjargar Þórisdóttur um hagsmunaskráningu fulltrúa í Stjórnlagaráði. Jafnframt hefur Stjórnlagaráð fjallað um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.

##### 6.2 Starfskjör fulltrúa

Rætt var um orlof og fleiri atriði varðandi starfskjör fulltrúa.

#### 7. Næsti fundur

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 13. stjórnarfundur 14.06. 2011

Haldinn 14. júní 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórn-  
lagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs,  
Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar  
A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og  
Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Jafn-  
framt sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og  
C, nánar tiltekið Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind  
Sæmundsdóttir.

Forföll höfðu boðað Ari Teitsson, varaformaður, og  
Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A.  
Jafnframt sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson fram-  
kvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 13. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 12. stjórnarfundar var lögð fram til  
kynningar.

#### 2. Staða nefndastarfa

##### 2.1 Stutt yfirlit hvers formanns

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum  
sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi  
vinnu.

#### 3. Fyrirkomulag funda í þessari viku

Rætt var um fyrirkomulag vikunnar og ákveðið að  
nefndafundir nk. miðvikudag verði svo:

Fyrir hádegi verða vinnufundir í hverri nefnd fyrir  
sig.

Sameiginlegur fundur B- og C-nefndar verður kl.  
13.00-14.00.

Fundur B-nefndar með öðrum ráðsfulltrúum verður  
kl. 14.00-15.00.

Fundur C-nefndar með öðrum ráðsfulltrúum verður  
kl. 15.00-16.00.

Hugsanlegt er að A-nefnd verði með stuttan fund í  
lok dagsins.

#### 4. Fyrirkomulag 13. ráðsfundar og dagskrá

Næsti ráðsfundur verður haldinn fimmtudaginn 16.  
júní og hefst kl. 10.00. Nefndir munu gera grein fyrir  
málefnum sínum í röðinni B, C, A.

##### 4.1 Málefni fundarins

Gert er ráð fyrir að á dagskrá fundarins verði eftir-  
talin atriði:

Frá B-nefnd: Sveitarfélög. Stjórnarmyndun (með  
fyrirvara).

Frá C-nefnd: Utanríkismál, kosningar til Alþingis og  
alþingismenn, lýðræðisleg þátttaka almennings.

Frá A-nefnd: Skýrsla um störf nefndarinnar. Ákvæði  
1. gr. um gildi (með fyrirvara).

4.2 Áhersluatriði og stefnumörkun tiltekinna full-  
trúa

EKKI var gert ráð fyrir liðnum „Stefnuræður fulltrúa“  
á dagskrá næsta ráðsfundar, enda hafa formanni ekki  
borist beiðnir þar um.

#### 5. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

#### 6. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur verður að loknum ráðsfundi  
næstkomandi fimmtudag, að því tilskildu að ráðsfundi  
ljúki nægilega snemma, en að öðrum kosti mánudag-  
inn 20. júní, kl. 11.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.47.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 14. stjórnarfundur 16.06. 2011

Haldinn 16. júní 2011, kl. 16.30, í húsnæði Stjórn-  
lagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs,  
Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir,  
formaður verkefnanefndar A, Vilhjálmur Þorsteinsson,  
varaformaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek,  
formaður verkefnanefndar C. Jafnframt sátu fundinn  
varaformenn verkefnanefnda A og C, nánar tiltekið  
Örn Bárður Jónsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. For-  
föll hafði boðað Katrín Fjeldsted, formaður verkefna-  
nefndar B. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson  
framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræð-  
ingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 15. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir síðustu funda lagðar fram til sam-  
þykktar

Fundargerðir 12. og 13. stjórnarfundar voru lagðar  
fram til kynningar.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum  
sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi  
vinnu, þar á meðal forgangsröðun.

3. Fyrirkomulag og dagskrá næstu viku (20.-24.  
júní)

Rætt var um fyrirkomulag funda í næstu viku.  
Nefndafundir verði fyrir hádegi, opnir fundir eftir  
hádegi og ráðsfundur á föstudegi, kl. 9.30. Enginn  
kaffifundur verður haldinn á undan ráðsfundi. Farið  
var yfir dagskráráætlun og hún samþykkt.

#### 4. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

#### 5. Næsti fundur

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.35.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 15. stjórnarfundur 21.06. 2011

Haldinn 21. júní 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórn-  
lagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Jafnframt sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A og B, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson og Vilhjálmur Þorsteinsson. Forföll hafði boðað Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 20. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir fyrir 12. og 13. fund stjórnar voru kynntar á fyrri fundum og engar athugasemdir bárust. Þær töldust því samþykktar.

Framlagningu fundargerðar fyrir 14. fund stjórnar var frestað.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi vinnu. Fram undan er úrvinnsla á athugasemdum eftir yfirllestur sérfræðinga og vinna við skýringar, með áherslu á markmið ráðsins.

#### 3. Fyrirkomulag og dagskrá vikunnar

Rætt var um fyrirkomulag funda í næstu viku, álitaefni hjá hverri nefnd og skörun gagnvart málefna-  
sviðum annarra nefnda. Haldnir verða sameiginlegir fundir nefnda til að ræða málefni sem skarast.

Farið var yfir drög að dagskráráætlun næstu viku.

Næsti ráðsfundur verður haldinn föstudaginn 24. júní og hefst kl. 9.30. Nefndir munu gera grein fyrir málefnum sínum í röðinni A, B, C.

Gert er ráð fyrir að á dagskrá fundarins verði eftirtalin atriði:

Frá A-nefnd: Mannréttindi.

Frá B-nefnd: Stjórnarmyndun, meðferð þingmála og fleira (með fyrirvara).

Frá C-nefnd: Kosningar til Alþingis og alþingismenn, lýðræðisleg þátttaka almennings.

#### 4. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

#### 5. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.24.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 16. stjórnarfundur 23.06. 2011

Haldinn 23. júní 2011, kl. 16.00, í húsnæði Stjórn-  
lagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður og nefndarmaður í verkefnanefnd C, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A og Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B. Forföll höfðu boðað Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C og Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður sömu nefndar. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 22. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda lagðar fram til kynningar

Fundargerðir 14. og 15. fundar stjórnar voru lagðar fram til kynningar.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi vinnu. Fram undan er úrvinnsla á athugasemdum, m.a. eftir yfirllestur sérfræðinga, og vinna við skýringar, með áherslu á markmið ráðsins.

Á 14. ráðsfundi á morgun, 24. júní, munu allar nefndir leggja fram tillögur, ýmist til kynningar eða afgreiðslu.

#### 3. Fyrirkomulag og dagskrá næstu viku

Fjallað var um skipulag næstu viku og ákveðið að fyrir hádegi verði hefðbundnir nefndafundir, þar á meðal fundir með sérfræðingum. Eftir hádegi verði hins vegar sameiginlegir fundir þar sem fjallað verði um tiltekin lykilatriði og skörun þeirra á milli nefnda. Farið verður yfir þær meginbreytingar sem ráðið hefur gert og innbyrðis samhengi þeirra. Með þessu móti verði hægt að fá skýra yfirsýn yfir heildaráherslur hingað til.

Þau málefni sem þannig verða rædd sérstaklega eru eftirtalin: Eftirlit Alþingis; dómsvald, Alþingi; ráðherrar; forsetaembættið; lýðræðisleg þátttaka almennings.

Föstudaginn í næstu viku, 1. júlí, verður haldinn ráðsfundur, sá fimmtándi í röðinni. Nefndir munu gera grein fyrir málefnum sínum í röðinni C, A, B.

#### 4. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

#### 5. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.50.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.



## 17. stjórnarfundur 28.06. 2011

Haldinn 28. júní 2011, kl. 16.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, og Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B. Forföll höfðu boðað Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A, og Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður verkefnanefndar C. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 27. júní.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir 14. og 15. fundar stjórnar voru lagðar fram til kynningar á síðasta fundi. Engar athugasemdir höfðu komið fram og skoðuðust þær því samþykktar.

Fundargerð 16. fundar var lögð fram til kynningar.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu stuttlega grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram, þar á meðal fundum með sérfræðingum, og skipulagi áframhaldandi vinnu.

#### 3. Fyrirkomulag og dagskrá vikunnar

Fjallað var um skipulag næstu viku, sbr. fylgiskjal.

Á 15. ráðsfundi á föstudaginn, 1. júlí, munu A og C-nefndir leggja fram tillögur og B-nefnd gefa skýrslu.

#### 4. Starfsáætlun fyrir júlímánuð

Rætt var um þörf á að endurskoða starfsáætlun ráðsins, sem samþykkt var á 11. ráðsfundi. Tillögur formanns um breytingar í því efni voru samþykktar og verða lagðar fyrir næsta ráðsfund, fylgiskjal með fundargerð.

Katrín Fjeldsted vék af fundi.

#### 5. Önnur mál

##### 5.1 Birting umsagna sérfræðinga

Borist hafa umsagnir um tillögudrög nefnda frá nokkrum sérfræðingum og jafnframt hafa gestir komið á fundi nefnda. Samkvæmt starfsreglum ráðsins skal birta slíkar umsagnir og í flestum tilvikum hafa sérfræðingar samþykkt birtingu. Útbúa þarf farveg á ytra neti fyrir opinbera birtingu skjala af þessu tagi.

Ljóst er þó að sá tímarammi sem ráðið hefur sett sérfræðingum hefur verið mjög þröngur og tillögur sem veita á umsögn um ekki fullunnar. Að því leyti hafa komið fram fyrirvarar, athugasemdir og þess eru dæmi að fólk hafi ekki séð sér fært að taka þátt af þessum sökum. Jafnframt eru margir í sumarleyfum á þessum árstíma.

Nefndasvið hefur því ekki talið fært að gera ófrávíkjanlega kröfu um birtingu en lagt áherslu á að fá umsagnir, til að nýta tíma ráðsins sem best. Þannig hefur Björg Thorarensen prófessor t.d. jafnan tekið fram að

minnisblöð hennar séu aðeins sett fram til umhugsunar og umræðu og ekki ætlast til að þeim verði „dreift víða eða þau birt sem einhvers konar rökstutt álit“. Þessi minnisblöð verða því ekki birt á ytri vef ráðsins, enda þótt þeim hafi verið dreift til allra ráðsfulltrúa og verði haldið til haga á innra neti ráðsins. Minnisblöðunum var fylgt eftir með fundum Bjargar og viðkomandi nefndar og þar voru haldnar fundargerðir, svo sem endranær. Þar hafa því verið færðar til bókar efnislegar umræður, auk þess sem minnisblöðin eru fylgiskjal með fundargerðinni.

Samþykkt var að senda tillögudrög nefnda til umsagnar hjá ráðuneytum og leita samráðs sem víðast, eftir því sem möguleikar eru á. Þar á meðal var samþykkt að kanna möguleika á að senda tillögur C-nefndar um kosningar til umsagnar hjá „ACE, The Electoral Knowledge Network“, sjá fylgiskjal með fundargerð.

#### 5.2. Bréf frá formanni Vantrúar

Borist hefur tölvupóstur frá Reyni Harðarsyni, formanni Vantrúar, dags. 22. júní 2011, þar sem hann gerir athugasemdir við skrif Daggar Harðardóttur í Fréttablaðinu 21. júní. Greinin ber yfirskriftina „Borgarráð, börnin og trúin“ og við nafn höfundar segir „fulltrúi í stjórnlagaráði“.

Dögg hefur fengið afrit af erindi þessu og komið á framfæri þeirri skýringu að Fréttablaðið hafi sett inn þennan texta, hún hafi sjálf titlað sig hjúkrunardeildarstjóra. Annað mál sé að ýmsir fulltrúar hafi skrifað greinar undir sama titli án þess að komið hafi fram athugasemdir hagsmunasamtaka við það.

Samþykkt var að stjórn geri ekki athugasemdir við að Dögg Harðardóttir sé titluð fulltrúi í Stjórnlagaráði á opinberum vettvangi. Því starfi gegni hún nú, í eigin nafni og taki þar afstöðu til mála á eigin forsendum. Í því felist ekki að hún mæli fyrir hönd ráðsins í opinberri umræðu enda hafi einstakir ráðsfulltrúar ekki heimild til þess.

#### 6. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 18. stjórnarfundur 04.07. 2011

Haldinn 4. júlí 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður og nefndarmaður í verkefnanefnd C, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C, og Íris Lind Sæmundsdóttir, varaformaður sömu nefndar. Forföll höfðu boðað Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A, og Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti 1. júlí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerð 16. fundar stjórnar var lögð fram til kynningar á 17. fundi og nú samþykkt án athugasemda.

Fundargerð 17. fundar stjórnar var frestað.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi vinnu, þar á meðal fundum með sérfræðingum á sviði stjórnskipunarréttar og stjórnmálafræði. Lögð hefur verið á það áhersla að fá sérfræðinga í stjórnskipunar-rétti til að lesa yfir og þar til viðbótar sérfræðinga á nokkrum tilteknum sviðum, þar á meðal stjórnmálafræði, að því leyti sem talin hefur verið sérstök þörf á og tillögur nefnda komnar nægilega langt.

Stjórnlagaráð hefur ekki talið sig bundið af skýrslu stjórnlaganefndar en stjórn hefur lagt á það áherslu að hægt verði að rekja skýra samræðu Stjórnlagaráðs við skýrsluna og þjóðfund. Tekin verði afstaða til þess sem fram kemur í skýrslunni og henni haldið til haga í gögnum nefnda, sbr. bókun í 4. fundargerð stjórnar. Umfjöllun um efni utan skýrslunnar þurfi að byggjast á sambærilegum, faglegum grundvelli og standast sömu skoðun, sbr. bókun í fundargerð 7. stjórnarfundar.

Rætt var um þann skamma tíma sem Alþingi útlutaði Stjórnlagaráði til að vinna þau verkefni sem því voru falin og þau vandkvæði sem það hefur haft í för með sér. Fram kom að þetta á meðal annars við um sérfræðivinnu og sérstaklega í þeim tilvikum að fjallað hefur verið um efni utan skýrslu stjórnlaganefndar. Nefndasvið hefur lagt á þetta áherslu og leitast við að fá slíka umfjöllun.

#### 3. Fyrirkomulag og dagskrá vikunnar

Fjallað var um fyrirkomulag og dagskrá vikunnar, sbr. fylgiskjal. Stefnt að því að halda ráðsfund á föstudag.

#### 4. Starfsáætlunin út júlí

Formaður lagði áherslu á að nefndir þurfi að skipuleggja tíma sinn vel og forgangsraða. Jafnframt þurfi að vanda vel rökstuðning fyrir tillögum enda mun sú vinna skila sér í greinargerð.

#### 5. Önnur mál

Rætt um möguleika nefnda á að taka erindi til umfjöllunar á fundi. Tími nefnda fer minnkandi og því ástæða til að huga að því hvenær því verði hætt, enda þótt áfram verði hægt að taka þátt í opinberri umræðu.

#### 6. Næsti fundur

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn miðvikudaginn 6. júlí, kl. 17.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.28.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 19. stjórnarfundur 06.07. 2011

Haldinn 6. júlí 2011, kl. 17.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A og C, þau Örn Bárður Jónsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Forföll hafði boðað Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður verkefnanefndar B. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins í lok síðasta stjórnarfundar, 4. júlí, og með tölvupósti síðar þann sama dag.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðum 17. og 18. fundar frestað.

#### 2. Staða nefndastarfa

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram og skipulagi áframhaldandi vinnu. Nefndir leggja nú áherslu á undirbúning greinargerða, þar á meðal að bregðast við athugasemdum sérfræðinga og annarra, að því marki sem þær liggja nú fyrir.

Rætt var um muninn á því annars vegar að vinna drög að heildarfrumvarpi og hins vegar einstakar breytingartillögur við núgildandi stjórnarskrá. Fram kom að með samþykkt fyrstu útgáfu áfangaskjals á 4. ráðsfundi hefði verið tekin sú stefna að vinna heildarfrumvarp.

Rætt var um mismunandi stöðu vinnu við einstaka þætti í tillögum og hugmyndum nefnda. Formaður lýsti áhyggjum sínum af því að rökstuðning skorti fyrir mikilvægum þáttum í tillögum B-nefndar.

Formaður lagði áherslu á að nefndir forgangsraði og hafi þar til viðmiðunar þau atriði sem ráðinu hafi verið falin af Alþingi, sbr. ályktun þingsins frá 24. mars 2011. Ljóst sé að starfi ráðsins muni ljúka um næstu mánaðamót.

Við atkvæðagreiðslur um ákvæði í áfangaskjali mun reyna á efnislega afstöðu hvers og eins fulltrúa, enda hafa ráðsfulltrúar hingað til lagt sameiginlega áherslu á að afgreiða texta inn í áfangaskjal.

#### 3. Fyrirkomulag starfsins fram undan

Fjallað var um skipulag starfsins fram undan og ákveðið að halda ekki ráðsfund næsta föstudag, 8. júlí.

#### 4. Önnur mál

Þar sem vinnu nefnda við áfangaskjal mun ljúka innan skamms var ákveðið að í næstu viku verði ný erindi ekki tekin fyrir á fundum nefnda svo sem verið hefur. Upplýsingum um þetta verði komið á framfæri á ytri vef ráðsins. Eftir sem áður geti fólk komið sjónarmiðum sínum þar á framfæri, enda áframhaldandi vinna fulltrúa fram undan.

#### 5. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði haldinn á morgun, fimmtudaginn 7. júlí, kl. 12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.06.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 20. stjórnarfundur 07.07. 2011

Haldinn 7. júlí 2011, kl. 12.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn Bárður Jónsson Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins á síðasta fundi stjórnar, nánar tiltekið í gær 6. júlí.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir 17., 18. og 19. fundar. Tvær hinar fyrstnefndu voru samþykktar en athugasemd gerð við þá síðastnefndu og samþykkt hennar því frestað.

#### 2. Staða nefndastarfa

Formaður ítrekaði áherslu sína á forgangsröðun verkefna, með áherslu á ályktun Alþingis frá 24. mars 2011, og lagði fram minnisblað þessa efnis.

Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir umræðum sem farið hefðu fram, mati á forgangsröðun og skipulagi áframhaldandi vinnu. Nefndir muni áfram leggja áherslu á undirbúning greinargerða, þar á meðal taka afstöðu til athugasemda sérfræðinga og annarra, að því marki sem þær liggja fyrir.

Rætt var um mismunandi stöðu á vinnu við einstaka þætti í tillögum og hugmyndum nefnda og þörf á því að gæta innra samræmis.

#### 3. Fyrirkomulag starfsins fram undan

Fjallað var um skipulag næstu viku og ákveðið að næsti ráðsfundur verði haldinn þriðjudaginn 12. júlí kl. 13.00. Daginn áður mun B-nefnd kynna tillögur sínar á opnum fundi með öllum ráðsfulltrúum.

#### 4. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

#### 5. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.05.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 21. stjórnarfundur 11.07. 2011

Haldinn 11. júlí 2011, kl. 16.37, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins munnlega og með skömmum fyrirvara.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað.

#### 2. Fyrirkomulag og dagskrá 16. ráðsfundar

Rætt var um dagskrá fundarins á morgun, sem búast má við að geti dregist fram á miðvikudag.

Ákveðið að röð nefnda verði A, C, B.

Vinnu við áfangaskjal er að ljúka og þær breytingartillögur fulltrúa sem fram kunna að koma á fundinum munu því koma til umfjöllunar síðar, með sama hætti og breytingartillögur við frumvarpsdrög (sjá 15. gr. starfsreglna). Frágangur breytingartillagna þarf þá að vera formlegri og rökstuðningur ítarlegri en áður. Um þetta verði getið í fundarboði ráðsfundarins.

#### 3. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.05.  
Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

### 22. stjórnarfundur 13.07. 2011

Haldinn 13. júlí 2011, kl. 16.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

#### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti framkvæmdarstjóra 12. júlí, í umboði formanns.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Fundargerðir síðustu funda Frestað.

#### 2. Vinnan fram undan

Formaður lýsti því að á nýafstöðnum 16. ráðsfundi hefði lokið umfjöllun um áfangaskjal og við tæki vinna við drög að frumvarpi, sbr. ákvæði starfsreglna þar að lútandi og hlutverk stjórnar í því sambandi.

Rætt var um verkefnið framundan og forgangsörðun í því sambandi. Samþykkt var að leggja fyrst áherslu á ákvæði frumvarpsins og að því loknu texta skýringa við þau. Leiðbeiningum um greinargerðaskrif var dreift til fulltrúa fyrir nokkru og haldinn kynningarfundur um sama efni. Tilgangurinn er að stuðla að samræmdum og vönduðum vinnubrögðum. Ljóst er þó að ekki er ráðrúm til að gera ítrustu kröfur um samræmi í stíl og lengd skýringa frá einstökum nefndum og fulltrúum, enda getur orðalag verið mjög vandmeðfarið. Formaður og aðallögfræðingur geta þó tekið brýnustu, ritstjórnarlegar ákvarðanir í því sambandi.

Fram kom að ekki hafa borist svör eða umsagnir allra þeirra sem leitað hefur verið til eftir slíku.

Samþykkt var að texta frumvarps og drögum að skýringum með því verði dreift til ráðsfulltrúa föstudaginn 15. júlí. Markmiðið er að fulltrúar geti undirbúið og lagt fram breytingartillögur sínar með nægum fyrirvara fyrir 17. ráðsfund.

Í starfsreglum Stjórnlagaráðs er ekki fjallað um frest til að skila breytingartillögum. Ljóst er hins vegar að slíkar tillögur þurfa að berast öðrum ráðsfulltrúum með hæfilegum fyrirvara. Samþykkt var að gera ráð fyrir að fulltrúar verði að skila breytingartillögum sínum fyrir kl. 14.00 mánudaginn 18. júlí og að 17. ráðsfundur munu hefjast þriðjudaginn 19. júlí.

#### 3. Önnur mál

##### 3.1 Ákvæði um skipan dómara og ríkissaksóknara

Í 5. gr. þess kafla áfangaskjals sem fjallar um dómsvald er kveðið á um skipan dómara. Fyrir stjórn lá að taka afstöðu til þess hvort færa ætti þessa grein til samræmis við ákvæði um ríkissaksóknara. Gengið var til atkvæða og fjórir samþykktu en einn sat hjá (SBÓ).

##### 3.2 Valkostir varðandi þingsetu ráðherra

Í þeim kafla áfangaskjals sem fjallar um ráðherra og ríkisstjórn, nánar tiltekið 5. gr. eru tveir valkostir sem B-nefnd hefur vísað til stjórnar að taka afstöðu til.

Nánar tiltekið eru valkostir þessir:

„Valkostur 1: Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.“

„Valkostur 2: Sé alþingismaður skipaður ráðherra segir hann af sér þingmennsku og tekur varamaður þá sæti hans.“

Rætt var um málið og ákveðið að fara skyldi fram atkvæðagreiðsla.

Fyrst voru greidd atkvæði um valkost 1 og féllu þau svo: Tveir sögðu já (AT og PB). Þrír sátu hjá (KF, SBÓ, SN).

Þessu næst voru greidd atkvæði um valkost 2 og féllu þau svo: Einn sagði já (KF) en aðrir sátu hjá.

Niðurstaðan var því sú að valkostur 1 naut meiri stuðnings í stjórn.

##### 3.3 Umfjöllun formanns um tillögur B-nefndar

Vilhjálmur Þorsteinsson, varaformaður B-nefndar, vísaði til þess að á nýafstöðnum 16. ráðsfundi hefði Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, tekið til máls undir dagskrárliðnum „Skýrsla og tillögur B-nefndar.“ Þar hefði komið fram nokkuð alvarleg gagnrýni hennar á tillögur nefndarinnar. Ástæða væri til að fá nánari útskýringar á þeirri gagnrýni og afstöðu formanns í framhaldinu. Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar, tók undir þetta.

Salvör Nordal lýsti þeirri afstöðu sinni að um væri að ræða flóknar og efnismiklar tillögur en þeim fylgdi takmarkaður rökstuðningur. Hún hafi ítrekað kallað eftir frekari skýringum, bæði á stjórnarfundum, fundum með B-nefnd, tölvupósti til formanns nefndarinnar og með því að beita sér fyrir sérstökum fundi ráðsfulltrúa um málið. Jafnframt hafi komið fram miklar athugasemdir frá sérfræðingum. Hún hefði því ekki getað stutt tillögurnar eins og þær hefðu verið kynntar, heldur myndi taka afstöðu til þeirrar þegar rökstuðningur lægi fyrir. Þá taldi hún þessa afstöðu ekki hafa áhrif á störf hennar sem formanns ráðsins.

#### 4. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 15. júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.37.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 23. stjórnarfundur 15.07. 2011

Haldinn 15. júlí 2011, kl. 12.30 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti formanns samdægurs.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda Frestað.

#### 2. Vinnan framundan

Farið var yfir stöðu mála og verkefnin framundan.

#### 3. Önnur mál

##### 3.1 Drög að frumvarpi

Farið var yfir drög að uppröðun og skipulagi kafla og ákvæða í drögum að frumvarpi og nokkrar breytingar samþykktar.

Komið hafa fram hugmyndir um að halda blaðamannafund í tengslum við upphaf umræðu um frumvarpsdrög. Samþykkt að það væri ekki tímabært og jafnvel villandi, enda textinn enn í vinnslu og breytingum undirorpin. Jafnframt væri hætt við að áhugi yrði þá minni þegar komið verður að lokum starfsins og boðað til blaðamannafundar á þeim tímamótum.

Rætt var um aðfaraorð og Erni Bárði Jónssyni falið að gera breytingar á textanum í þeim tilgangi að náðst geti um hann sátt.

Samþykkt að frumvarpsdrög verði birt kl. 14.00 mánudaginn 18. júlí.

#### 4. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 24. stjórnarfundur 18.07. 2011

Haldinn 18. júlí 2011, kl. 9.45 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og C, þau Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Forföll hafði boðað Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins með tölvupósti framkvæmdastjóra 17. júlí, í umboði formanns.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað.

#### 2. Staða verkefna

Ákveðið var að framlengja frest vegna breytingartilagna til hádegis á morgun, þriðjudag, í þeim tilgangi að betra ráðrúm gefist til að bregðast við innkomnum erindum og umsögnum.

Samþykkt að birting á texta ákvæða í drögum að frumvarpi verði kl. 14.00 í dag en skýringar verða ekki birtar fyrr en í lokin. Texti þeirra er enn í vinnslu.

Farvegur fyrir athugasemdir ráðsfulltrúa við drög að skýringum verður í gegnum formann viðkomandi nefndar.

#### 3. Starfið framundan

Ákveðið var að 17. ráðsfundur hefjist kl. 13.00 miðvikudaginn 20. júlí. Þá hefst fyrri umræða um frumvarpsdrög Stjórnlagaráðs og umfjöllun um breytingartillögur við þau. Heppilegt talið að ljúka afgreiðslu á breytingartillögum eftir því sem frekast er kostur en ljóst að einhverjum slíkum verður vísað til nefnda.

Varaformanni og framkvæmdastjóra ráðsins falið að setja upp nánari lýsingu á fyrirkomulagi breytingartilagna og tilhögun fundarins að öðru leyti.

#### 4. Önnur mál

Ákvæði 71. gr. um þingrof í drögum að frumvarpi verður breytt til þess horfs sem það var í eftir samþykkt á 11. ráðsfundi. Orðalagið „Forseti Íslands getur rofið Alþingi að ósk þess.“ fer sem sagt aftur inn í stað orðalagsins „Forseti Íslands skal rjúfa Alþingi að ályktun þess.“ Síðari setningin fór inn í frumvarpsdrögin á föstudaginn, sem lagfæring að ósk B-nefndar, en stjórn telur um efnislega breytingu að ræða sem þurfi að bera upp sérstaklega.

Samþykkt að tillaga frá Erni Bárði Jónssyni um aðfaraorð fari inn í frumvarpsdrög en verði tekin til sérstakrar meðferðar. Pawel Bartoszek lætur færa til bókar efasemdir sínar um að hafa eigi aðfaraorð yfirleitt, enda sé með því vikið frá norrænni lagahefð. Þá lýsti Salvör Nordal þeirri skoðun sinni að aðfaraorð væru þess eðlis að allir ráðsfulltrúar þyrftu helst að vera þar á einu máli.

Samþykkt var að breyta fyrirsögn 12. gr. úr „Upplýsingafrelsi“ í „Upplýsingaréttur“.

Rætt var um kaflaskiptingu með tilliti til ákvæða um mannréttindi, umhverfis- og auðlindamál. Greidd voru atkvæði um hvort hafa ætti tvo sérkafla eða einn sameiginlegan. Fjórir sögðu já og einn sat hjá (SBÓ). Niðurstaðan var því sú að hafa tvo kafla, annan með ákvæðum um mannréttindi og hinn með ákvæðum um umhverfis- og auðlindamál.

Samþykkt var að breyta fyrirsögn III. kafla úr „Náttúra og umhverfi“ í „Náttúra og auðlindir“.

Rætt var um möguleika á að birta frumvarp ráðsins og skýringar með því sem víðast á netinu.

#### 5. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 19. júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 25. stjórnarfundur 19.07. 2011

Haldinn 19. júlí 2011, kl. 16.00 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda B og C, þau Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Forföll hafði boðað Örn Bárður Jónsson, varaformaður verkefnanefndar A. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins samdægurs, með tölvupósti framkvæmdastjóra í umboði formanns.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir síðustu funda  
Frestað.

2. Breytingartillögur

Frestur ráðsfulltrúa til að koma á framfæri breytingartillögum sínum fyrir 17. ráðsfund rann út á hádegi í dag. Tillögurnar voru settar inn í sérstakt skráningarkerfi á innra neti ráðsins. Varaformaður og framkvæmdastjóri hafa unnið að því að flokka tillögurnar og þeirri vinnu er ekki lokið.

Farið var yfir drög varaformanns og framkvæmdastjóra að lýsingu á fyrirkomulagi við meðferð á breytingartillögum og tilhögun 17. ráðsfundar að öðru leyti. Gerðar voru nokkrar breytingar á skjalinu og það samþykkt að svo búnu.

Jafnframt var samþykkt að leggja til breytingu á starfsreglum ráðsins, sbr. fylgiskjal með fundargerð. Haldinn verður óformlegur kynningarfundur um þetta efni í fyrramálið.

Formaður vísaði til samþykktar á síðasta stjórnarfund, þess efnis að hafa annars vegar mannréttindi og hins vegar umhverfis- og auðlindamál í aðskildum köflum. Skjalið var þó ekki birt svo á vef ráðsins heldur voru umrædd atriði saman í einum kafla. Sú birting var á grundvelli ákvörðunar stjórnar utan fundar. Heildarskjal frumvarpsins fór því út í tveimur útgáfum. Ákveðið var að ljúka málinu með því að leggja fyrir næsta ráðsfund tillögu stjórnar þess efnis að umhverfis- og auðlindakafli verði sérkafla undir tiltekinni fyrirsögn.

3. Starfið fram undan

Að loknum fundi stjórnar verður boðað formlega til 17. ráðsfundar, sem hefjast mun kl. 13.00, á morgun miðvikudaginn 20. júlí. Þá mun formaður gera grein fyrir frumvarpsdrögum og leggja þau fram til fyrri umræðu, sbr. 15. gr. starfsreglna ráðsins. Umfjöllun fundarins mun hefjast á ákvæðum varðandi undirstöður. Aðfaraorð eru staðsett framur í skjalinu en tími ráðsfulltrúa til að skoða þann texta hefur verið skammur.

4. Önnur mál

Rætt var um fyrirkomulag á blaðamannafundi næstkomandi föstudag, kl. 10.30.

5. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 26. stjórnarfundur 22.07. 2011

Haldinn 22. júlí 2011, kl. 16.00 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr.

Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Boðað var til fundarins daginn áður, með tölvupósti framkvæmdarstjóra í umboði formanns.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað.

2. Staða nefndastarfa

Á 17. ráðsfundi, sem lauk í gær, kom fram fjöldi breytingartillagna. Margar slíkar tillögur voru samþykktar og öðrum var vísað til nefnda. Rætt var um viðbrögð nefnda og ráðstafanir í framhaldi af þessu.

3. Starfið fram undan

Unnið hefur verið að því að uppfæra texta ákvæða og skýringa út frá samþykktum breytingartillögum. Uppfærð ákvæði þarf að birta sem allra fyrst á heimasíðu ráðsins. Jafnframt verður leitað eftir umsögnum sérfræðinga, eftir því sem tök eru á.

4. Önnur mál

Rætt var um þau ágreiningsefni sem helst eru fyrirsjáanleg á 18. ráðsfundi og möguleika á að ná sátt þar um. Markmiðið er að full samstaða verði um frumvarpið í heild sinni. Varaformanni falið að kanna möguleika á slíkri sátt.

Samþykkt að hafa óformlegan fund á sunnudag í þessu skyni.

5. Næsti fundur

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.14.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 27. stjórnarfundur 27.07. 2011

Haldinn 27. júlí 2011, kl. 9.00 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C (kom á fund kl. 9.22). Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, nánar tiltekið Örn Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri, og Sif Guðjónsdóttir aðallögfræðingur.

Til fundarins var boðað af formanni 26. júlí, í lok fyrra dags 18. ráðsfundar.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað.

2. Staða nefndastarfa  
Fyrirsvarsmenn nefnda gerðu grein fyrir stöðu nefndastarfa og skipulagi áframhaldandi vinnu.

### 3. Málefni 18. ráðsfundar

#### 3.1 Aðfaraorð

Á 18. ráðsfundi, nánar tiltekið í gær 26. júlí, fengu ráðsfulltrúar í hendur eyðublað, án nafngreiningar, fyrir skoðanakönnun um aðfaraorð. Skilafrestur var til næsta dags.

Nefndasvið mun annast talningu, þegar endanleg skil liggja fyrir, og gera formanni grein fyrir niðurstöðum.

#### 3.2 Breytingartillögur nr. 45 og 77 frá 17. ráðsfundi

Á 17. ráðsfundi var breytingartillögum nr. 45 og 77 vísað til nefnda, ótilgreint. Þar sem engin verkefnanefnd tók þær til umfjöllunar samþykktu flutningsmenn þeirra, annars vegar Þorkell Helgason og hins vegar Gísli Tryggvason, að þeim yrði vísað til stjórnar.

Rætt var um tillögurnar og nefndasviði falið að taka þær til athugunar.

### 4. Önnur mál

#### 4.1 Afhending frumvarps

Fjallað var um fyrirkomulag við afhendingu frumvarps Stjórnlagaráðs til forseta Alþingis, í Iðnó, föstudaginn 29. júlí. Jafnframt verður þá haldinn blaðamannafundur.

Haldinn verður fundur ráðsfulltrúa fimmtudaginn 28. júlí og farið yfir drög að bréfi því til Alþingis sem fylgja mun frumvarpinu.

#### 4.2 Lokahóf fulltrúa og starfsfólks

Að kvöldi fimmtudagsins 28. júlí verður haldið hóf fyrir ráðsfulltrúa og starfsfólk, nánar tiltekið kl. 21.00 á Grand Hótel.

#### 4.3 Kynning frumvarps

Rætt var um að þörf þess að kynna frumvarp Stjórnlagaráðs fyrir almenningi og leiðir til þess. Fram kom að fyrirhugað er að vefur Stjórnlagaráðs muni vistast áfram hjá Alþingi og meðal annars verði hægt að nýta hann í þessu skyni.

### 5. Næsti fundur

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.40.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

## 28. stjórnarfundur 27.07. 2011

Haldinn 27. júlí 2011, kl. 13.00 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

### Fundargerð

Mætt voru: Salvör Nordal, formaður Stjórnlagaráðs, Ari Teitsson, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, formaður verkefnanefndar A, Katrín Fjeldsted, formaður verkefnanefndar B, og Pawel Bartoszek, formaður verkefnanefndar C. Auk þess sátu fundinn varaformenn verkefnanefnda A, B og C, þau Örn

Bárður Jónsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Íris Lind Sæmundsdóttir. Þá sátu fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri, Sif Guðjónsdóttir aðal- lögfræðingur og Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur á nefndasviði.

Til fundarins var boðað á 27. stjórnarfundum, fyrr sama dag.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Niðurstöður úr skoðanakönnun um aðfaraorð Starfsmaður nefndasviðs kynnti niðurstöður úr könnun á afstöðu ráðsfulltrúa til aðfaraorða:

*Ég styð aðfaraorð í núverandi mynd: 13*

*Ég mun sitja hjá ef aðfaraorð eru afgreidd í núverandi mynd: 1*

*Ég styð ekki aðfaraorð í núverandi mynd en er tilbúin/n að vinna í þeim: 4*

*Ég styð ekki aðfaraorð við stjórnarskrána: 5*

*Auður seðill: 1*

*Skilaði ekki inn: 1*

*Samtals: 25*

Formaður mun kynna þessar niðurstöður fyrir fulltrúum á ráðsfundi.

2. Breytingartillögur nr. 45 og 77 frá 17. ráðsfundi og tillaga stjórnar að ákvæðum um gildistöku og til bráðabirgða

Fyrir fundinum lá breytingartillaga nr. 77 frá 17. ráðsfundi um gildistöku og ákvæði til bráðabirgða. Flutningsmaður þeirrar tillögu, Þorkell Helgason, samþykkti þá málsmeðferð að stjórn tæki þessa tillögu til umfjöllunar.

Gerð var grein fyrir umsögn nefndasviðs um tillöguna. Samþykkt var að mæla með tillögunni í nokkuð breyttri mynd, meðal annars varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp Stjórnlagaráðs. Um það atriði verður fjallað í bréfi sem fylgja mun frumvarpi Stjórnlagaráðs til Alþingis.

Breytingartillaga nr. 45 kom einnig til stjórnar með sambærilegum hætti en því var hafnað að mæla með henni. Flutningsmaður þeirrar tillögu var Gísli Tryggvason

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.27.

Fundargerð ritaði Sif Guðjónsdóttir.

\* Ósamþykktar fundargerðir stjórnar voru sendar stjórnarmönnum í tölvupósti og samþykktar.

---

# Viðauki

## Stjórnlagaráð, aðdragandi og störf ráðsins

### 1. Lög um stjórnlagabing nr. 90/2010 og aðdragandi þeirra

Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lagði fram á Alþingi frumvarp<sup>1</sup> um ráðgefandi stjórnlagabing, hinn 4. nóvember 2009, sem hefði það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að ástæður þess að hugmyndir um stjórnlagabing hefðu verið endurvaktar mætti einkum rekja til víðtækrar þjóðfélagsmæðu um nauðsyn þess að endurskoða grundvöll íslenska stjórnkerfisins í kjölfar bankahrunsins og þeirra áfalla sem íslenska efnahagskerfið hafði orðið fyrir. Kröfur hefðu komið fram um að endurskoðaðar yrðu ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi, þar á meðal þær sem lytu að skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdbáttá. Hvernig reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti með starfi stjórnvalda væri háttáð og um möguleika þjóðarinnar á því að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þeirri umræðu hefði sjónum verið beint að stjórnarskrá lýðveldisins og þeirri staðreynd að raunveruleg lýðræðisleg umræða hefði aldrei farið fram hér á landi um það hvernig haga bæri þessum málum á Alþingi Íslendinga. Enn væri byggt á því skipulagi sem var við lýði í konungsríkinu Íslandi árið 1874, sem endurspeglaði engan veginn raunveruleika íslenskra stjórn mála. Í frumvarpinu kom enn fremur fram að í ljósi þess að stjórnmalaflokkunum hefði ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á núgildandi stjórnarskrá, væri lagt til að stofnað yrði til sérstaks stjórnlagabings með þjóðkjörnum fulltrúum sem yrði falið þetta mikilvæga verkefni.

Nokkrar breytingar urðu á frumvarpinu sem upphaflega var lagt fram en meginbreytingin fólst í því að þingið sjálft var stytta úr 11 mánuðum í 2–4 mánuði en jafnframt var kveðið á um skipun stjórnlaganefndar, sem forynni sérfræðivinnu. Að auki yrði boðað til 1.000 manna þjóðfundar til að fá sjónarmið þjóðarinnar á grunnildum stjórnarskrár landsins.

Frumvarpið varð að lögum<sup>2</sup> 16. júní 2010. Atkvæði um frumvarpið á Alþingi féllu þannig að 39 samþykktu frumvarpið, 11 greiddu ekki atkvæði, einn greiddi atkvæði á móti og 11 voru fjarverandi. Í lögnum var kveðið á um að ráðgefandi stjórnlagabing skyldi koma saman til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það skyldi skipað minnst 25–31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þinginu var ætlað að undirbúa frumvarp að endurbættri stjórnarskrá og hafa til hliðsjónar við þá vinnu niðurstöður Þjóðfundar 2010. Þingið skyldi koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum 15. apríl 2011. Í hátiðarræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Austurvelli hinn 17. júní 2010 kom fram að hún taldi lögin um stjórnlagabing vera eitt merkasta mál sem afgreitt hefði verið frá Alþingi og að með samþykkt þeirra væri stigið afar stórt skref í lýðræðisátt.

### 2. Skipan tveggja nefnda Undirbúningsnefnd

Í lögum um stjórnlagabing nr. 90/2010 var kveðið á um að tvær nefndir yrðu skipaðar, undirbúningsnefnd og stjórnlaganefnd. Undirbúningsnefndinni var falið að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins ásamt undirbúningi þjóðfundar. Þá var nefndinni falið að ráða framkvæmdastjóra, undirbúa kynningu á starfsemi þingsins, setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Í undirbúningsnefndina voru skipuð þau Þorsteinn Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, formaður nefndarinnar, Sigrún Benediktisdóttir framkvæmdastjóri og Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri löggjafarmála hjá forsætisráðuneytinu. Undirbúningsnefndin réð Þorstein Fr. Sigurðsson sem framkvæmdastjóra undirbúningsnefndar stjórnlagabings í júlí 2010. Berghildur Erla Bernharðsdóttir var ráðinn upplýsingafulltrúi þjóðfundar og síðan stjórnlagabings í ágúst. Ágústa Karlsdóttir var ráðin á skrifstofu stjórnlagabings í október og Finnur Magnússon var ráðinn tæknistjóri þjóðfundar og síðan stjórnlagabings. Skrifstofuaðstaða fyrir starfsfólk undirbúningsnefndar og stjórnlaganefndar var leigð í ágúst að Borgartúni 24 í Reykjavík. Fljótlega var farið að leita að heppilegu húsnæði fyrir þinghaldið. Húsnæðið sem varð fyrir valinu var hluti af húsnæðinu að Ofanleiti 2 í Reykjavík. Skrifstofa þingsins flutti í Ofanleitið í lok desember 2010. Fyrsta verkefnið var undirbúningur fyrir Þjóðfund 2010 og fór hann fram samhliða undirbúningi fyrir stjórnlagabing/Stjórnlagaráð. Upphaflega var áætlað að undirbúningsnefndin starfaði frá júlí 2010 til apríl 2011 en starfstími hennar var framlengdur til fram yfir lok starfstíma Stjórnlagaráðs eftir að þingsályktun um Stjórnlagaráð var samþykkt í mars 2011. Alls voru 37 fundir haldnir í nefndinni.

### Stjórnlaganefnd

Í lögum um stjórnlagabing nr. 90/2010 var kveðið á um kjör og verkefni stjórnlaganefndar. Hlutverk stjórnlaganefndar var að undirbúa og standa að þjóðfundi þar sem leitast ætti við að kalla eftir megin sjónarmiðum og

1 <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0168.html>

2 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010090.html>



---

áherslum almennings um stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni. Vinna úr upplýsingum sem sófnuðust á Þjóðfundinum og safna gögnum og upplýsingum um stjórnarskrármálefni sem nýst gætu stjórnlagabingi. Þá átti nefndin að leggja fram hugmyndir til stjórnlagabings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kæmi saman. Nefndin safnaði enn fremur saman upplýsingum og gögnum um stjórnarskrármálefni í gagnasafni á vef stjórnlagabings, síðar Stjórnlagaráðs. Þá stóð hún fyrir borgarafundum um stjórnarskrármálefni um allt land í tengslum við Þjóðfundinn í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Nefndarfundir urðu alls 40. Í stjórnlaganefndina voru kosin af Alþingi þau Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða, formaður, Aðalheiður Ámundadóttir lögfræðingur, Ágúst Þór Árnason, brautarstjóri grunnskólans við laga-deild Háskólans á Akureyri, Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Njörður P. Njarðvík, prófessor í íslenskum bókmenntum og Skúli Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var Guðbjörg Eva Baldursdóttir lögfræðingur. Stjórnlaganefnd skilaði af sér [skýrslu](#)<sup>3</sup> til Stjórnlagaráðs í tveimur bindum, alls 700 blaðsíðum, hinn 6. apríl 2011. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd Þjóðfundar 2010 og niðurstöðum hans. Fram koma hugmyndir nefndarinnar um breytingar á stjórnarskránni, auk sjálfstæðra úttekta, skýrslna og skýringa á gildandi rétti sem nefndin lét gera í því skyni að auðvelda stjórnlagabingi störf sín. Hægt er að nálgast skýrsluna, [fyrra](#) og [seinna](#) bindi, á vef Stjórnlagaráðs, [stjornlagarad.is](#).

### 3. Þjóðfundurinn 2010

Þjóðfundur um stjórnarskrá Íslands var haldinn í Laugardalshöll laugardaginn 6. nóvember 2010. Þúsund manna slembiúrtak úr þjóðskránni var boðið að taka þátt í fundinum þar sem gætt var að kynjaskiptingu og búsetu. Fundinn sóttu 950 manns af öllu landinu frá 18 ára til 91 árs og var kynjaskiptingin nánast jöfn. Auk þeirra komu um 200 aðstoðarmenn að fundinum. Hugmyndafræðin með fundinum var að gefa almenningi beina aðild að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Á fundinum var kallað eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings um stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni. Leitast var við að tryggja að allir tækju þátt í umræðum og mótun viðhorfa. Í því skyni var gestum skipað til borðs átta saman ásamt sérþjálfuðum leiðbeinanda „lóðs“. Við lok fundarins voru þátttakendur beðnir að meta framkvæmd og áhrif fundarins. Nær allir töldu að niðurstöður hans myndu nýtast stjórnlagabingi og lýstu þátttakendur almennt yfir ánægju með skipulagningu og framkvæmd fundarins. Úrvinnsla á niðurstöðum fundarins hófst á fundinum sjálfum og var síðan framhaldið að fundi loknum og næsta dag. Stjórnlaganefnd kynnti síðan meginviðhorf Þjóðfundar 2010 7. nóvember á blaðamannafundi og voru þau samtímis gerð aðgengileg á vefnum [www.thjodfundur2010.is](#). Frekari úrvinnslu var síðan framhaldið næstu mánuði. Hægt er að nálgast öll gögn og samantekt viðhorfa frá Þjóðfundi 2010 á vefsíðunni, [www.thjodfundur2010.is](#). Þá er einnig að finna samantekt frá fundinum í skýrslu stjórnlaganefndar.

### 4. Framboð og kosningar til stjórnlagabings – fyrstu skrefin

Frestur til að skila inn framboði til stjórnlagabings rann út 26. október 2010. Alls buðu 522 einstaklingar sig fram, konur voru um 30% frambjóðenda en karlar tæplega 70%. Um 9% íslenskra ríkisborgara skrifuðu upp á meðmælalibréframbjóðenda. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið sá um [kynningu á frambjóðendum](#)<sup>4</sup> til stjórnlagabings á vefnum [www.kosning.is](#).<sup>5</sup> Ráðuneytið gaf jafnframt út kynningarbækling um frambjóðendur og kosningarnar sem dreift var í pósti á öll heimili landsmanna. Frambjóðendur áttu þess jafnframt kost að setja inn kynningar um sig á vefsíðunum [dv.is](#), [svipan.is](#), [wikipedia.com](#) og á [facebook.com/stjornlagathing](#). Þá flutti RÚV rúmlega 50 útvarpsþætti þar sem hver einstakur frambjóðandi kynnti sig.

Kosningar til stjórnlagabings fóru fram laugardaginn 27. nóvember 2010. Ýmis nýmæli komu fyrir í kosningunum, kosningakerfið STV var notað í fyrsta skipti hér á landi, þingfulltrúar voru kosnir persónukosningu og var landið eitt kjördæmi. Úrslit kosninganna lágu fyrir hinn 30. nóvember 2010. Til stjórnlagabings voru kjörnir 25 einstaklingar, 15 karlar og 10 konur, og fengu þau afhent kjörbréf 2. desember 2010. Alls greiddu 83.531 atkvæði í kosningunum sem var 35,95% kosningaþátttaka.

#### Eftirtaldir einstaklingar voru kosnir til setu á stjórnlagabingi:

- Andrés Magnússon, læknir
- Ari Teitsson, bóndi
- Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor
- Ástrós Gunnlaugsdóttir nemi, stjórnmálafræðingur
- Dögg Harðardóttir, deildarstjóri

---

3 <http://stjornlagarad.is/gagnasafn/>

4 <http://www.kosning.is/stjornlagathing/>

5 <http://www.kosning.is/stjornlagathing/>

- Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði
- Erlingur Sigurðarson, fv. forstöðumaður Húss skáldsins og kennari við MA
- Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, nemi
- Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda
- Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands
- Illugi Jökulsson, blaðamaður
- Inga Lind Karlsdóttir, fjölmiðlamaður, háskólanemi
- Katrín Fjelsted, læknir
- Katrín Oddsdóttir, lögfræðingur
- Lýður Árnason, læknir, kvikmyndagerðarmaður
- Ómar Þorfinnur Ragnarsson, fjölmiðlamaður
- Pawel Bartoszek, stærðfræðingur
- Pétur Gunnlaugsson, lögmaður, útvarpsmaður
- Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ
- Silja Bára Ómarsdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur, aðjúntkt við HÍ
- Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP
- Þorkell Helgason, stærðfræðingur
- Þorvaldur Gylfason, prófessor
- Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri
- Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur

Undirbúningsnefnd stjórnlagabings stóð fyrir upplýsingafundi fyrir nýkjörna þingfulltrúa laugardaginn 4. desember 2010. Á fundinn mættu 22 þingfulltrúar (þeir áttu þess ekki kost að mæta) ásamt meðlimum undirbúningsnefndar, stjórnlaganefndar og starfsfólki þingsins. Á fundinum var farið yfir starfsreglur stjórnlagabings, starfskjör þingfulltrúa, starfsaðstöðuna í Ofanleiti 2 (fyrirhugaður þingstaður), tæknumhverfi þingsins, mál-efnaskil stjórnlaganefndar og gagnasafn á vefsíðu þingsins, og almennar umræður um starfið fram undan.

Þá var haldinn fræðslufundur fyrir þingfulltrúa á stjórnlagabingi 8. janúar 2011. Ragnhildur Helgadóttir prófessor hélt örnámskeið um stjórnarskrá Íslands. Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, kynnti vinnu nefndarinnar og hvernig hún hygðist skila sínum niðurstöðum til stjórnlagabings. Aðalsteinn Rúnar Óttarsson, framleiðslustjóri hjá CCP, kynnti ákvörðunar- og vinnuferli sem nefnist Agile Scrum og hefur verið nýtt í hugbúnaðargeiranum með góðum árangri. Þá hélt Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri IBT á Íslandi, hópeflisæfingu fyrir þingfulltrúa.

Þeir einstaklingar kærðu kosningar til stjórnlagabings til Hæstaréttar í desember 2010 og kröfðust ógildingar þeirra. Munnlegur málflutningur um kærurnar fór fram í Hæstarétti 12. janúar 2011. Tveir kæranda fluttu þar mál sitt og formaður landskjörstjórnar og skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu tjáðu sig um efni kæranna af hálfu stjórnvalda. Þá fengu kjörnir þingfulltrúar tækifæri til að tjá sig og nýttu tveir þeirra sér það. Tæpum hálfum mánuði síðar, eða hinn 25. janúar 2011, úrskurðaði Hæstiréttur kosningarnar ógildar. Í ákvörðun Hæstaréttar<sup>6</sup> kom m.a. fram að verulegur annmarki hafi verið að kjörseðlar voru strikamerktir og tölumerktir og því auðvelt að rekja hver fyllti út hvern seðil. Þá hafi á sumum kjörstöðum verið notuð pappaskilrúm í stað hefðbundinna kjörklefa, þar sem hægt hefði verið að sjá á kjörseðil kjósandans með því að standa fyrir aftan hann. Meirihluti dómenda taldi það einnig hafa verið andstætt lagafyrirmælum að bannað var að brjóta kjörseðilinn saman, en tveir dómara af sex töldu þetta tiltekna atriði þó ekki annmarka. Kjörkassarnir voru ekki taldir fullnægjandi þar sem ekki var hægt að læsa þeim og auðvelt að taka þá í sundur og komast í atkvæðin. Þá hafi talningin ekki farið fram fyrir opnum tjöldum. Hæstiréttur taldi það jafnframt verulegan annmarka að fulltrúar frambjóðenda fengu ekki að vera viðstaddir kosningarnar og talninguna. Dómurinn mat annmarkana á framkvæmd kosninganna heildstætt og því hafi ekki verið komist hjá því að ógilda hana.

## 5. Skipan Stjórnlagaráðs

Í kjölfar ógildingar kosninga til stjórnlagabings skipaði forsætisráðherra, að höfðu samráði við formenn þeirra stjórnmálaflokka sem sæti áttu á Alþingi, samráðshóp um viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar. Var hópnum falið að greina stöðuna sem ógildingin skapaði og koma með tillögu um hvernig bregðast ætti við svo ljúka mætti við að endurskoða stjórnarskrána. Samráðshópurinn skilaði niðurstöðu sinni til Alþingis 24. febrúar 2011 og lagði þar til að Alþingi skipaði ráðgefandi stjórnlagaráð með þingsályktun. Þann 14. mars 2011 lagði síðan meirihluti Allsherjarnefndar Alþingis fram á þingi þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að Alþingi setji á stofn stjórnlagaráð sem skipað verði þeim 25 einstaklingum sem voru efst í kosningunum til stjórnlagabings (nefndarálitid)<sup>7</sup>

<sup>6</sup> <http://haestirettur.is/control/index?pid=1109>

<sup>7</sup> <http://www.althingi.is/altext/139/s/1028.html>

Þann 24. mars 2011 samþykkti Alþingi síðan ráðgefandi stjórnlagaráð með þingsályktun<sup>8</sup> sem samþykkt var á Alþingi 24. mars 2011. Við skipun í ráðið væri þeim sem hlutu mestan stuðning í kosningum til stjórnlagabings boðið að taka sæti í ráðinu. Verkefni þess væri að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögu um breytingar á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og leggja fram frumvarp til stjórnarskipunarlaganna til Alþingis. Með þessu nýttist jafnframt sá undirbúningur sem lagt hefði verið í og tafir á endurskoðunarferlinu yrðu litlar sem engar. Að álitinu stóðu nefndarfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í samráðshópnum skilaði séráliti. Allir sem kosnir voru á stjórnlagabing utan einn þáðu skipan í Stjórnlagaráð. Inga Lind Karlsdóttir þáði ekki sæti og tók Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur hennar sæti, en hún var númer 26 í kosningum til stjórnlagabings.

Eftirtaldir einstaklingar voru með þingsályktunartillögu Alþingis 24. mars 2011 skipaðir í Stjórnlagaráð:

- Andrés Magnússon, læknir
- Ari Teitsson, bóndi
- Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor
- Ástrós Signýjardóttir, nemi, stjórn málafræðingur
- Dögg Harðardóttir, deildarstjóri
- Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórn málafræði
- Erlingur Sigurðarson, fv. forstöðumaður Húss skáldsins og kennari við MA
- Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, nemi
- Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda
- Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands
- Illugi Jökulsson, blaðamaður
- Íris Lind Sæmundsdóttir, lögfræðingur
- Katrín Fjeldsted, læknir
- Katrín Oddsdóttir, lögfræðingur
- Lýður Árnason, læknir, kvikmyndagerðarmaður
- Ómar Þorfinnur Ragnarsson, fjölmiðlamaður
- Pawel Bartoszek, stærðfræðingur
- Pétur Gunnlaugsson, lögmaður, útvarpsmaður
- Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ
- Silja Bára Ómarsdóttir, alþjóðastjórn málafræðingur, aðjúntkt við HÍ
- Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP
- Þorkell Helgason, stærðfræðingur
- Þorvaldur Gylfason, prófessor
- Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri
- Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur

## 6. Lýsing á starfsumhverfi Stjórnlagaráðs

Skrifstofa stjórnlagabings - Þjóðfundar 2010 flutti frá Borgartúni 24 í Reykjavík, þar sem hún hafði verið frá ágúst 2010, í Ofanleiti 2 í Reykjavík, í lok desember 2010, en teknar voru á leigu tvær hæðir í annarri álmu hússins, sem hafði áður verið húsakynni Háskólans í Reykjavík. Lagt var upp með að hafa alla aðstöðu eins þægilega og unnt var, en stilla kostnaði í hóf þar sem um mjög tímabundna starfsemi var að ræða. Þingsalur var settur upp á 2. hæð hússins og á þeirri hæð voru einnig útbúin 3 herbergi fyrir nefndarfundi og eitt herbergi sem starfsaðstaða fyrir nefndarritara. Í fundarsal ráðsins sátu fulltrúarnir við fundarborð í breiðri gleðri skeifu og gegnt þeim í öndvegi sátu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri ráðsins og þar var jafnframt ræðustóll. Fulltrúarnir ræddu mest úr sætum sínum og var hljóðnemi hjá hverjum og einum og hljóðinu varpað í hátalara í salnum. Einnig var myndupptökukerfi sem tók mynd af ræðumanni hverju sinni og varpaði myndinni beint á vefsíðu ráðsins meðan á ráðsfundum stóð. Á tveimur stórum tjöldum sást mælendaskráin sem framkvæmdastjóri hélt utan um og tveir myndaskjái voru einnig hvor sínum megin í salnum þannig að áhorfendur sem sátu fyrir aftan fulltrúana gátu séð framan í ræðumenn er þeir töluðu úr sætum sínum. Þá var tæknirými í enda salarins þar sem tæknistjóri og myndastjóri sátu og tryggðu hljóð- og myndstýringu meðan á fundi stóð.

Starfsaðstaða starfsfólks og fulltrúa var sett upp á 5. hæð, sem samanstóð af stórum opnum sal, 11 litlum skrifstofum og einu rúmgóðu fundarherbergi. Helmingur skrifstofuherbergjanna voru nýtt sem slík og hinn helmingurinn undir fundaraðstöðu fyrir minni fundi. Smíðaðar voru einfaldar opnar starfseiningar í salnum fyrir hvern ráðsfulltrúa en ásamt starfsaðstöðunni fengu þeir tölvubúnað og allan nauðsynlegan skrifstofubúnað. Á hæðinni var jafnframt sett upp einföld mötuneytis- og kaffiaðstaða, en heitur tilbúinn matur kom á staðinn í hádeginu. Fyrsti fundur Stjórnlagaráðs var settur þann 6. apríl 2011 í þingsal ráðsins á 2. hæð að Ofanleiti 2.

8 <http://www.althingi.is/alttext/139/s/1120.html>

## 7. Lýsing á tækniumhverfi Stjórnlagaráðs

Sett voru þau markmið að bjóða upp á bestu mögulegu vinnuástöðu og tækniumhverfi og kostur væri á miðað við stuttan starfstíma og hafa að leiðarljósi hagkvæma uppsetningu og lágan kostnað. Öll skjalavinnsla og útgáfa var veflæg og hannað var sérstakt vefkerfi og innranet þar sem öll skjöl ráðsins voru vistuð. Sama kerfi sá um að birta skjölin á vefnum. Starfsfólk ritaði fundargerðir, las próförk og stjórnaði birtingu gegnum vefviðmót á innra netinu.

Eftir að hafa leitað tilboða var ákveðið að leigja fartölvur, stærri skjái og öflugan miðlægan prentara sem jafnframt var ljósritunarvél. Nokkrir fulltrúar afþökkuðu fartölvu og notuðu eigin tölvur.

Allur tölvupóstur og nokkurt magn vinnuskjala var hýst hjá Google Apps þjónustunni. Fulltrúar notuðu ýmist Outlook eða vefviðmót til að lesa og svara tölvupósti.

Upptaka á ráðsfundum og vefútsending frá þeim var í höndum fyrirtækisins Sense ehf. og voru myndavélar og upptökubúnaður leigð af þeim og var tæknimaður frá þeim viðstaddur alla ráðsfundi og stýrði myndaupptökunni og vefútsendingunni. Á síðasta stigi ráðsfunda, við fyrri og síðari umræðu, var leigt sérstakt atkvæðagreiðsluferfi þar sem hver fulltrúi hafði sérstakt tæki til að greiða atkvæði sitt með. Búnaðurinn hélt síðan utan um hverja atkvæðagreiðslu og niðurstöðu þeirra og var mikill tímasparnaður við notkun þess, en fram að því hafði verið notast við handauppréttingar og handskráningu niðurstöðu.

Ráðsfundunum var varpað út á vef Stjórnlagaráðs og á Facebook-síðu ráðsins. Þá var notast við samfélagsmiðla eins og Facebook, Flickr, Youtube og Mailchimp og sá upplýsingafulltrúi um að skrifa reglulega fréttir, fréttabréf og upplýsingar á miðlanna, taka myndir og stutt myndbönd, vinna þau og setja efni á Facebook og vefsíðuna.

Stjórnlagaráð leigði því sem næst allan tæknibúnað og notaði opinn og ókeypis hugbúnað eða vefþjónustur þar sem því var komið við. Þetta leiddi af sér að kostnaður við tæknimál varð töluvert undir kostnaðaráætlun sem gerð hafði verið við undirbúning starfsins.

Tækniundirbúningur, uppsetning og viðhald var í höndum tæknistjóra. Honum til aðstoðar var ráðinn tæknifulltrúi sem annaðist alla notendabjónustu við fulltrúa og starfsfólk og önnur störf á þessu sviði. Tækniumgjörðin gekk í meginatriðum mjög vel upp miðað við breytingu frá stjórnlagapingi yfir í Stjórnlagaráð, en við það breyttist umgjörðin (starfsreglurnar) umtalsvert. Því var verið að smíða vefumhverfið nokkuð jöfnum höndum og á köflum var innrakerfið einhverjum skrefum á eftir starfinu. Margir þurftu að kynnast nýju tækniumhverfi og hugbúnaði en á heildina litið gekk það mjög vel upp og flýtti verkferlinu töluvert.

## 8. Starfshættir Stjórnlagaráðs

Samkvæmt þingsályktuninni um Stjórnlagaráð bar ráðinu að setja sér sínar eigin starfsreglur. Ráðið birti [starfsreglur](#)<sup>9</sup> sínar rúmri viku eftir að það kom fyrst saman, eða 13. apríl 2011. Þar er kveðið á um að á ráðsfundi ætti að kjósa formann og varaformann, nefndarformenn og varamenn þeirra. Á 2. ráðsfundi var Salvör Nordal kosin formaður ráðsins og Ari Teitsson varaformaður þess. Ákveðið var að skipta málefnavinnunni á þrjár nefndir, A, B og C, skipta málefnum milli nefndanna og kjósa síðan formann og varaformann fyrir hverja nefnd fyrir sig eftir framboð í embættin og var það gert á 5. ráðsfundi. Formaður og varaformaður Stjórnlagaráðs og formenn og varaformenn nefnda mynduðu stjórn ráðsins. Þá var fulltrúum gefinn kostur á að velja sér nefndir eftir áhugasviði og varð skipting fulltrúa milli nefnda nokkuð jöfn, en formaður ráðsins átti ekki sæti í nefnd.

Silja Bára Ómarsdóttir var kosin formaður A-nefndar og Örn Bárður Jónsson varaformaður. Aðrir nefndarmenn í A-nefnd voru: Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir og Þorvaldur Gylfason. Ritari nefndarinnar var Andrés Ingi Jónsson. Katrín Fjeldsted var kosin formaður B-nefndar og Vilhjálmur Þorsteinsson varaformaður. Aðrir nefndarmenn B-nefndar voru Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Þórhildur Þorleifsdóttir. Ritari nefndarinnar var Guðbjörg Eva Baldursdóttir. Pawel Bartoszek var kosinn formaður C-nefndar og Íris Lind Sæmundsdóttir varaformaður. Aðrir nefndarmenn C-nefndar voru: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Guðmundur Gunnarsson, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Þorkell Helgason. Ritari nefndarinnar var Agnar Bragason.

A-nefnd Stjórnlagaráðs fékk það verkefni að fjalla um grunngildi, ríkisborgararétt og þjóðtungu, uppbyggingu og kaflaskipan stjórnarskrárinnar, náttúruauðlindir og umhverfismál og mannréttindi, þ.á.m. þjóðkirkjuna. B-nefnd Stjórnlagaráðs fékk það verkefni að fjalla um undirstöðu íslenskrar stjórnskipunar, hlutverk og stöðu forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra og verkefni framkvæmdarvaldsins og stöðu

9 <http://stjornlagarad.is/starfid/starfsreglur-stjornlagarads/>

sveitarfélaga. C-nefnd Stjórnlagaráðs fékk það verkefni að fjalla um Stjórnlagaráð, lýðræðislega þátttöku almennings (þ.á m. stjórnarskrárþreyingar), sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds, alþingiskosningar, kjördæmaskipan og alþingismenn, samninga við önnur ríki og utanríkismál. Auk hugmynda og umræðna fulltrúa á nefndarfundum var skýrsla stjórnlaganefndarinnar<sup>10</sup> höfð til hliðsjónar í tillögugerðinni. Á síðari stigum starfsins fengu nefndirnar jafnframt til sín sérfræðinga í tilteknum málum. Þá fóru þær yfir innsend erindi frá almenningi og hagsmunasamtökum og voru í samskiptum við almenning á vefnum.

Nefndirnar funduðu vanalega hver fyrir sig á mánudögum og þriðjudögum. Á miðvikudögum var deginum skipt milli nefndanna þriggja og hafði þá hver nefnd opinn nefndarfund (fyrir aðra fulltrúa) þar sem nefndin kynnti tillögur sínar fyrir fulltrúum úr hinum nefndunum. Að því loknu fóru nefndir yfir athugasemdir annarra fulltrúa og lögðu síðan fram tillögur sínar, ýmist til kynningar eða afgreiðslu inn í [áfangaskjal](#)<sup>11</sup> á opnum ráðsfundum sem voru venjulega haldnir síðdegis á fimmtudögum. Föstudagarnir voru síðan hafðir opnir ef ráðsfundur yrði það langur að honum var framhaldið á föstudegi, annars var dagurinn nýttur fyrir nefndarstörf. Einstaka sinnum voru haldnir óformlegir fundir allra ráðsfulltrúa þar sem tekin voru fyrir einhver ákveðin málefni eða starfshættir nefndanna eða ráðsins. Ráðsfundir voru alltaf opnir almenningi og sýndir í beinni útsendingu á [vef ráðsins](#).<sup>12</sup>

Stjórn Stjórnlagaráðs hittist að jafnaði einu sinni í viku og oftast ef þörf var á. Stjórnarfundir sátu formaður, varaformaður, og formenn og varaformenn nefndanna þriggja. Jafnframt sátu alla stjórnarfundir framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs og aðallögfræðingur þess sem ritaði fundargerðir. Helstu verkefni stjórnar var að hafa yfirumsjón með framgangi verksins, samræma störf nefndanna, gera verkáætlanir, passa tímamörkin og afgreiða önnur þau málefni sem til hennar var vísað. Stjórnin hélt 28 formlega stjórnarfundum og voru fundargerðir stjórnarfunda birtar á vefsíðu ráðsins.

Ráðsfundur var æðsta vald Stjórnlagaráðs og stýrði formaður þeim fundum og varaformaður í hans fjarveru. Þeim til liðsinnis sat framkvæmdastjóri ráðsins með þeim í öndvegi og annaðist m.a. mælendaskrána og fundarsköp. Ýmist aðallögfræðingur eða einn nefndarritaranna sátu í salnum og önnuðust fundargerðaritun, atkvæðatalningu og veittu aðra málefnatengda aðstoð meðan á ráðsfundum stóð. Fulltrúar sátu við fundarborð sem raðað var í gleiða skeifu í lögum fundarsalnum. Ákveðið var að vinnan færi fram í vikulotum þar sem vikulegur ráðsfundur væri enda- og uppgjörspunktur vikustarfsins. Tillögum frá nefndunum að ákvæðum í nýja stjórnarská voru kynntar á ráðsfundi og svo samþykktar inn í svokallað áfangaskjal á vefsíðu ráðsins. Smám saman söfnuðust svo upp í áfangaskjalið ákvæði nýrrar stjórnarskrár, en ekki var um endanlegar útfærslur á ákvæðunum að ræða og tóku þau breytingum eftir því sem leið á starfið.

Ferill tillagna í áfangaskjali ráðsins var þannig að fyrst kynntu nefndir tillögur sínar um breytingar á ákvæðum í núverandi stjórnarskrá eða kafla innan hennar eða ný ákvæði á einum ráðsfundi. Umræður urðu þá um tillögurnar og komu fram viðhorf annarra fulltrúa og jafnvel breytingartillögur. Tillögurnar fóru síðan aftur til nefndar ásamt breytingartillögum. Í næstu yfirferð nefndanna um tillögurnar sem lagðar höfðu verið fram, var tekið tillit til umræðna á ráðsfundi, breytingartillagna ef fram höfðu komið, umræðna í nefndinni, og til erinda frá almenningi og athugasemda við áfangaskjalið. Að því loknu voru tillögurnar aftur lagðar fram á einhverjum ráðsfundi síðar til formlegrar samþykktar inn í áfangaskjalið og höfðu tillögurnar oftast tekið einhverjum breytingum frá því þær voru fyrst kynntar. Nokkuð var síðan um að ákvæði breyttust enn frekar á síðara stigi, og þá sérstaklega eftir yfirlestur og ábendingar frá sérfræðingum, enda var áfangaskjalið lifandi skjal. Rammi skjalsins var samþykktur á 4. ráðsfundi, en fyrstu tillögurnar um texta í skjalið voru fyrst samþykktar á 7. ráðsfundi. Þegar allar tillögur nefnda höfðu verið afgreiddar inn í áfangaskjalið eftir 16 ráðsfundi, tók stjórn ráðsins við skjalinu og undirbjó [frumvarpsdrög](#)<sup>13</sup> sem voru kynnt 18. júlí 2011. Frumvarpsdrögin voru rædd á 17. ráðsfundi 20. júlí en þá fór fyrri umræða um frumvarpsdrögin fram. Á fundinum voru jafnframt greidd atkvæði um stóran hluta breytingartillagna sem lagðar höfðu verið fram af nefndum og einstaka ráðsfulltrúum. Viku síðar, eða á 18. ráðsfundi 26. júlí, fór fram síðari umræða og þá voru greidd atkvæði um hvert og eitt einstakt ákvæði ásamt þeim breytingartillögum sem ekki höfðu verið afgreiddar í fyrri umferð. Að lokum voru svo greidd atkvæði um frumvarpið í heild sinni með samþykktum breytingum og var það samþykkt einróma með 25 atkvæðum allra fulltrúanna.

## 9. Opnir ráðsfundir og samskipti við almenning

Í lögnum um stjórnlagabætur kom fram að þinghald ætti að vera opið og ætti að hafa samskipti við almenning m.a. með þjóðfundi. Stjórnlagaráð tók þessa stefnu og lagði þá línu frá upphafi að hafa störf sín eins gagnsæ og kostur væri ásamt því að leggja áherslu á gagnvirk samskipti við almenning meðan á störfum ráðsins varði. Fulltrúar í ráðinu töldu mikilvægt að almenningur væri meðvitaður um störf og tillögur ráðsins og hefði um leið tækifæri til að taka þátt í ferlinu. Í þessu skyni var ákveðið að hafa formlega ráðsfundi opna fyrir almenning

10 <http://stjornlagarad.is/gagnasafn/>

11 <http://stjornlagarad.is/starfid/afangaskjal/oll/>

12 <http://stjornlagarad.is/>

13 <http://stjornlagarad.is/starfid/frumvarp/>

og senda þá beint út á vefsíðu ráðsins og á Facebook-síðu þess. Á vefsíðu ráðsins var jafnframt hægt að nálgast vídeómyndupptökur frá fyrri fundum. Þá voru allar tillögur nefnda settar inn í áfangaskjal um leið og ráðsfundir voru haldnir og því var hægt að fylgjast jafnt og þétt með undirbúningi ráðsins eftir því sem leið á tíma ráðsins og frumvarpið mótaðist í áfangaskjalinu. Í áfangaskjalinu kom fram að allar kynntar tillögur gætu tekið breytingum allt þar til frumvarp að nýrri stjórnarskrá væri lagt fram í lok júlí. Áfangaskjalið birtist á vefsíðu Stjórnlagaráðs fyrst á 4. ráðsfundi 14. apríl sem tillaga og fljótlega eftir það var almenningi boðið að gera athugasemdir við drögin að ákvæðum sem birtust vikulega frá því í skjalinu.

Almenningur gekkst undir samskiptasáttmála áður en hann tók þátt í umræðum um tillögurnar á vefnum. Mikil og góð umræða varð um tillögurnar og í heild birtust um 3.600 athugasemdir við áfangaskjalið og síðar frumvarpið og voru fulltrúar í Stjórnlagaráði einnig virkir í umræðunni þar. Til þess að geta gert athugasemdir þurftu viðkomendur að vera skráðir á Facebook og birtist því nafn og mynd af viðkomandi við hans athugasemd sem varð m.a. til þess að umræðurnar urðu almennt mjög málefnalegar og afar sjaldgæft var að fjarlægja þyrfti athugasemd vegna brota á samskiptasáttmála. Það var almennt mat fulltrúa að athugasemdakerfið hefði verið gagnlegt í tillögugerðinni.

Stjórnlagaráð ákvað jafnframt að bjóða almenningi, félögum og hagsmunasamtökum að senda inn formleg erindi<sup>14</sup> undir fullu nafni og heimilisfangi. Fyrsta erindið barst í byrjun apríl og bárust alls 323 formleg erindi þegar lokað var fyrir móttöku þeirra um miðjan júlí, þar sem þá var starfið það langt komið að ekki var lengur tækifæri til að fjalla efnislega um innsend erindi í nefndunum. Ferli innsendra erinda var þannig að nefndarritarar tóku við þeim, fóru yfir þau, samþykktu og flokkuðu og sendu svo til viðeigandi nefndar þar sem þau voru kynnt og skráð í fundargerð. Fulltrúar í ráðinu sögðu erindin gagnleg, kynntu sér þau almennt og nýttu sér þau að hluta í tillögugerðinni. Öll innsend erindi voru svo birt jöfnum höndum á vefsíðu ráðsins undir nafni sendanda og var jafnframt gefinn kostur á að bregðast strax við þeim og gera athugasemdir og tóku ráðsfulltrúar þátt í opinni og uppbyggilegri umræðu á þeim vettvangi.

Auk þess að halda úti eigin vefsvæði nýtti ráðið sér hina ýmsu samfélagsmiðla til að koma tillögum sínum og störfum á framfæri og vera í beinum samskiptum við almenning. Útbúnar voru blaðaauglýsingar sem birtar voru í öllum dagblöðum landsins (Fréttablaðið, Morgunblaðið, DV og Fréttatíminn), skjáauglýsingar á RÚV og Stöð 2 og lesnar útvarpsauglýsingar á RÚV, Bylgjunni og Útvarpi Sögu í maímánuði þar sem almenningur var hvattur til að fylgjast með störfum Stjórnlagaráðs og svo var bent á vefsíðu ráðsins. Myndbrotum og ræðum fulltrúa var hlaðið inn á Youtube.com,<sup>15</sup> og voru þar m.a. birt 51 vídeó sem skoðuð voru um 5.000 sinnum alls. Mikið var tekið af ljósmyndum frá starfi ráðsins og var þeim hlaðið á opna myndasíðu á netinu (Flickr.com)<sup>16</sup>. Facebook síða<sup>17</sup> var opnuð og voru þar skráðir rúmlega 4.600 aðilar sem þá fylgdust með störfum ráðsins og varð þar töluverð umræða sem og á Twitter-síðu ráðsins. Eftir að Guardian, Mashable, AP fréttastofan og fleiri erlendir fjölmiðlar fjölluðu um opin vinnubrögð ráðsins jókst áhugi erlendis frá verulega og voru miðlarnir uppfærðir jafnt með íslenskum og enskum færslum. Í kjölfarið bárust ráðinu einnig nokkur erindi á ensku.

## 10. Fjölmiðlun

Í öllu starfi Stjórnlagaráðs var lögð áhersla á að miðla upplýsingum hratt og vel til fjölmiðla og almennings og var þetta á sviði fjölmiðlafulltrúa ráðsins. Fréttatilkynningar voru sendar fyrir alla ráðsfundi til fjölmiðla og að þeim loknum voru einnig sendar fréttir af fundunum. Þá fengu fjölmiðlar ásamt þeim sem höfðu skráð sig fyrir því sent eintak af rafrænu fréttabréfi Stjórnlagaráðs einu sinni í viku og urðu þessi fréttabréf alls þrettán. Í upphafi starfsins var samið við dagskrárgerðarmenn í þremur dægurmálaþáttum um að fulltrúar mættu vikulega í viðtöl til að ræða um tillögur ráðsins. Þetta voru þættirnir Síðdegisútvarpið á Rás 2, Í bítíð á Bylgjunni og Síðdegisútvarp Útvarps Sögu. Meðan á starfinu stóð voru jafnframt gerðir nokkrir þættir um störf ráðsins, Ævar Kjartansson á Rás 1 fjallaði um Stjórnlagaráð í tæplega klukkutíma í þætti á Rás 1 hinn 17. júní 2011. Lísa Pálsdóttir fjallaði einnig um Stjórnlagaráð í þætti sínum, Flakkið á Rás 1, og Kastljós fjallaði um ráðið í innslagi í júní 2011. Starfsfólk ráðsins safnaði saman helstu umfjöllunum fjölmiðla um Stjórnlagaráð á vefsíðu þess, en hægt er að nálgast það undir hnappnum „Umfjöllun”<sup>18</sup>. Þá voru allir helstu samfélagsmiðlar notaðir til að miðla upplýsingum um starfið. Tvær vefsíður og Facebook-síður voru stofnaðar í þeim tilgangi. Fyrri síðurnar voru með nafni stjornlagabings og þurftu að skipta þeim út eftir ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosningar til þingsins. Vefsíða Stjórnlagaráðs var sett í loftið þegar Stjórnlagaráð tók til starfa og ný Facebook-síða.

Mikill áhugi fjölmiðla var á störfum Stjórnlagaráðs frá upphafi (fyrst stjornlagabings og þar með Þjóðfundar 2010). Fylgst var með fjölmiðlaumræðunni með samningi við Fjölmiðlavaktina þessa 14 mánuði frá því að undir-

14 <http://stjornlagarad.is/erindi/>

15 <http://www.youtube.com/stjornlagarad>

16 <http://www.flickr.com/photos/stjornlagarad>

17 <http://www.facebook.com/stjornlagarad>

18 <http://stjornlagarad.is/upplýsingar/umfjallanir/>

---

búningur hófst í júlí 2010 og til loka ágúst 2011. Leitarorðin sem leitað var eftir í öllum fjölmiðlum landsins voru *Þjóðfundur, stjórnlagabing og Stjórnlagaráð*. Alls voru umfjallanirnar 3521 á þessu tímabili, 1224 í dagblöðum, 779 í útvarpi eða sjónvarpi, og 1518 sinnum í netmiðlum. Þetta þýðir að á tímabilinu var að jafnaði einhverjar 8 umfjallanir um málefnið daglega á þessu tímabili.

Nánast daglega voru skrifaðar fréttir af starfi Stjórnlagaráðs á vefsíðu ráðsins og þær voru jafnframt settar á Facebook-síðu þess. Tala fylgjenda á Facebook óx jafnt og þétt einkum eftir að erlendir fjölmiðlar hófu að fjalla um störf þess. [Youtube.com](http://www.youtube.com) var einnig notað til að kynna störf Stjórnlagaráðs og í hverri viku voru sett þar inn myndbönd frá starfinu eða viðtöl við fulltrúa, starfsmenn eða aðra. Jafnframt var stofnuð [Flickr.com](http://www.flickr.com)-síða fyrir Stjórnlagaráð þar sem settar voru inn fjölmargar myndir úr starfinu, sem almenningur og fjölmiðlar höfðu aðgang að. Loks var Twitter notaður til að miðla upplýsingum um starfið. Frumvarpið var afhent forseta Alþingis, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, við sérstaka athöfn í Iðnó að morgni 29. júlí 2011 og að því loknu var blaðamannafundur sem allir fulltrúar Stjórnlagaráðs tóku þátt í.

Stefnt er að því að vefsíðu Stjórnlagaráðs verði haldið opinna áfram og þar með aðgangur almennings að öllum gögnum Stjórnlagaráðs. Tengill verður væntanlega settur á vefsíðu Alþingis og tryggt að síðan verði opin einhver næstu ár.

Erlendir fjölmiðlar sýndu störfum Stjórnlagaráðs mikinn áhuga og vakti aðferðafræðin og það að almenningur fengi að fylgjast með þróun nýrrar stjórnarskrár verða til sérstaka athygli. Það var t.d. fjallað um ráðið í [nokkrum frönskum](#)<sup>19</sup> fjölmiðlum, [þýskum](#),<sup>20</sup> spænskum, [dönskum](#), [breskum](#),<sup>21</sup> finnskum, [bandarískum](#)<sup>22</sup> og [kólumbískum](#).<sup>23</sup> Þá fjallaði fréttastofan [Aljazeera](#)<sup>24</sup> um störf ráðsins og viðamikil umfjöllun kom fram í fréttabætti á [CNN](#).<sup>25</sup> Loks er fyrirhugað að fjalla um störf Stjórnlagaráðs í 4-5 erlendum heimildarmyndum. Eins og áður sagði vakti einkum athygli erlendra fjölmiðla gagnvirkni Stjórnlagaráðs við almenning á vefnum og að ráðið birti vikulega allar tillögur nefnda á vefsíðunni um leið og þær komu fram m.a. til að fá viðbrögð við þeim. Þá vakti vinnulag ráðsins almennt athygli þ.e. hversu störf þess voru opin og gagnsæ. Víða kom fram að líklega hefði hvergi í veröldinni jafn lýðræðisleg vinnubrögð verið viðhöfð. Margir erlendir ríkisborgarar hvöttu ráðið til dáða á Facebook-síðu þess eftir umfjöllun erlendra miðla. Eftirfarandi skilaboð frá einum notanda lýsa innihaldi þeirra flestra eða: „This is a real democracy“.

## 11. Starfsfólk Stjórnlagaráðs

Eins og áður hefur komið fram var fyrsta starfsfólk ráðið að undirbúningi stjórnlagabings, síðar Stjórnlagaráðs, í júlímánuði 2010 og hóf framkvæmdastjóri störf 1. ágúst 2010. Síðan var ráðinn fjölmiðlafulltrúi, svo skrifstofu-fulltrúi og jafnframt var þá kominn til starfa starfsmaður stjórnlaganefndar, og var skrifstofan fyrst til húsa að Borgartúni 24 í Reykjavík. Í desember bættist tæknistjóri í hópinn, en hann hafði verið tæknistjóri Þjóðfundar 2010 sem verktaki. Þetta teymi hélst þar til gengið var frá ráðningum í önnur störf í lok marsmánaðar 2011, en störfin höfðu verið auglýst til umsóknar í desember. Starfsmannafjöldinn var 15 manns í fullu starfi og á síðustu metrunum bættust við nokkrir hlutastarfsmenn. Eftirtalin voru starfsfólk Stjórnlagaráðs:

Agnar Bragi Bragason, nefndarritari C-nefndar  
Andrés Ingi Jónsson, nefndarritari A-nefndar  
Ágústa Karlsdóttir, þjónustufulltrúi  
Ásgerður Einarsdóttir, ræðuritari og yfirlestur  
Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi  
Brynjar Örn Ragnarsson, umsjónarmaður  
Finnur Pálmi Magnússon, tæknistjóri  
Friðrik Atlason, umsjónarmaður  
Guðbjörg Eva Baldursdóttir, nefndarritari B-nefndar  
Guðrún Björk Kristjánsdóttir, skjalalesari  
Marta Kristjánsson, matráður  
Sif Guðjónsdóttir, aðallögfræðingur  
Snæbjörn Aðils, tækni-fulltrúi  
Svanhvít Bragadóttir, þjónustufulltrúi  
Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs

---

19 <http://www.liberation.fr/>

20 [http://www.tagesschau.de/multimedia/video/ondemand100\\_id-video938616.html](http://www.tagesschau.de/multimedia/video/ondemand100_id-video938616.html)

21 <http://www.guardian.co.uk/world/2011/jun/09/iceland-crowdsourcing-constitution-facebook?INTCMP=SRCH>

22 <http://abcnews.go.com/Technology/wireStory?id=13798721>

23 [http://www.elcolombiano.com/BancoConocimiento/l/islandia\\_crea\\_sus\\_leyes\\_con\\_un\\_click/islandia\\_crea\\_sus\\_leye](http://www.elcolombiano.com/BancoConocimiento/l/islandia_crea_sus_leyes_con_un_click/islandia_crea_sus_leye)

24 <http://www.stream.aljazeera.com/>

25 <http://edition.cnn.com/video/?/video/bestoftv/2011/06/19/exp.witw.zakaria.constitution.cnn>

---

Eftirtalin komu til hlutastarfa eða verktöku síðustu vikunnar:

Ásgerður Bergsdóttir, skjalalesari  
Berglind Steinsdóttir, ræðuritari og yfirlestur  
Egill Arnarsson, ræðuritari og yfirlestur  
Valborg Steingrimsdóttir, nefndarritun


## 12. Starfslok Stjórnlagaráðs

Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, afhenti frumvarp Stjórnlagaráðs til stjórnarskipunarlaga forseta Alþingis við sérstaka athöfn í Iðnó föstudaginn 29. júlí kl. 10.30 að viðstöddum öllum fulltrúum Stjórnlagaráðs, starfsfólki ráðsins og nokkrum gestum. Athöfnin markaði jafnframt lok starfa Stjórnlagaráðs. Fulltrúar Stjórnlagaráðs höfðu þar með lokið sínum störfum og jafnframt var þetta síðasti starfsdagur nær alls starfsfólks ráðsins.

Nefndarsviðið starfaði þó áfram fram í ágústmánuð við endanlegan frágang greinargerðarinnar og var henni lokið um miðjan mánuðinn og var þá frumvarpið ásamt skýringum gefið út í hefti. Í starfsreglum Stjórnlagaráðs kemur fram að gefin verði út Stjórnlagaráðstíðindi að loknu starfi ráðsins og vann framkvæmdastjóri ráðsins að þeirri samantekt og útgáfu ásamt öðrum frágangi Stjórnlagaráðs fram í októbermánuð.







Þjóð til þings